# Hæstaréttardómar 1957

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

**Takmörkun ábyrgðar**
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

**Höfundaréttur**
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

**Athugasemdir um þessa útgáfu**
Minniháttar gallar á bls. 379 og 380 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# EFNISSKRÁ

*til bráðabirgða um hæstaréttardóma 1957*


Ábyrgð ..... 89
Áfengislagabrot ..... 206, 222, 436, 511, 586
Barn. Umráð ..... 426
Bifreiðamál:
1. Opinber mál .... 11, 23, 107, 111, 158, 229, 372, 436, 476, 544, 586
2. Skaðabótamál ..... 38, 158, 200, 309, 393
Bókhaldslög ..... 628
Botnvörpuveiðabrot ..... 74, 78, 176, 241, 248, 318, 407, 487
Dánarbætur. Sjá Skaðabætur.
Dómarar ..... 348
Eignarréttur ..... 226, 501, 514, 708, 727
Farmflutningar ..... 89, 330
Fasteignagjald ..... 420
Fasteignamál ..... 501, 514, 708, 727
Fiskveiðabrot. Sjá botnvörpuveiðabrot.
Fjárfesting ..... 459
Fjárnám ..... 335, 380, 559
Félagsdómur ..... 185
Framfærsla ..... 482
Frávísun:
1. Frá héraðsdómi ..... 30, 33, 35, 140, 233, 290, 351, 354, 356, 359, 362, 365, 495, 498, 508, 520, 550, 555, 595, 718
2. Frá Hæstarétti ..... 100, 101, 145, 276, 280, 346
Frestir ..... 28, 277, 346, 456, 466
Gjafir ..... 607
Gjaldeyrisbrot ..... 151, 628
Gæzluvarðhald ..... 350
Heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur ..... 722
Hlutafélag ..... 564
Hreppsfélag ..... 482
Innsetningarmál ..... 189
Kaup og sala ..... 56, 259, 701
Kvörtun (Reklamation) ..... 56
Lax- og silungsveiði ..... 338, 342
Leiga ..... 56
Líkamsáverkar ..... 117, 229, 436, 476, 525
Manndráp ..... 11, 47, 229, 476
Málflutningur ..... 26, 701
Málskostnaður ..... 431, 472
Niðurfall máls ..... 275

Ómerking:
1. Einkamál .. 35, 155, 290, 351, 354, 356, 359, 362, 365, 520, 555, 687
2. Opinber mál ..... 16
Sameign ..... 514, 708, 727
Samningar ..... 259, 284, 295, 390
Sératkvæði ..... 117, 259, 372, 393, 414, 476, 534, 586, 708
Siðferðismál ..... 111
Skaðabætur ..... 1, 38, 56, 102, 158, 166, 194, 200, 295, 309, 330, 372, 383, 393, 414, 444, 525, 534, 577, 602, 667, 674, 697
Skattar:
1. Til ríkissjóðs:
a. Tollgjald ..... 368
b. Söluskattur ..... 314, 368
2. Til sveitarfélags:
Útsvör ..... 236, 682
Skipsforðalisti ..... 597
Skýrslugjöf til yfirvalda ..... 628
Sönnun ..... 117, 166, 226, 284, 701
Tómlætisverkun ..... 85, 368, 697
Umboð ..... 81
Umboðslaun ..... 314
Úrskurðir ..... 406, 435, 627
Vátrygging ..... 94
Vitni ..... 170, 173
Vörumerki ..... 591
Þjófnaður ..... 71
Yfirvöld ..... 628

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXVIII. BINDI
1957

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F
MCMLVII

## Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1957:

Jón Ásbjörnsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason
Gizur Bergsteinsson
Þórður Eyjólfsson.

# Registur.

## I. Málaskrá.


1. Gunnar Bjarnason gegn Sigríði Pálsdóttur og gagnsök. Skaðabætur vegna umferðarslyss. ..... 16/1 1
2. Ákæruvaldið gegn Ólafi Jónssyni. Umferðarslys. Manndráp af gáleysi. ..... 16/1 11
3. Ákæruvaldið gegn Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen. Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls. ..... 16/1 16
4. Ákæruvaldið gegn Gísla Kristjáni Guðmundssyni. Ölvun við bifreiðarakstur ..... 16/1 23
5. Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað, gegn Bjólfi h/f. Kærumál. Ákveðinn skriflegur málflutningur. 16/1 26
6. Ragnar Björnsson gegn Einari Gunnari Einarssyni. Kærumál. Frests synjað. ..... 16/1 28
7. Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar gegn Ingólfi G. S. Esphólin. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi ..... 16/1 30
8. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn Ragnari Halldórssyni. Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi. ..... 16/1 33
9. Sumarliði Betúelsson gegn Kristjáni Gíslasyni og Halldóru Stefánsdóttur. Héraðsdómur og málsmeðferð dæmd ómerk vegna vanreifunar ..... 23/1 35
10. Landssími Íslands gegn Magnúsi Ólafssyni og gagnsök. Skaðabætur vegna umferðarslyss dæmdar af hluta. ..... 23/1 38
11. Ákæruvaldið gegn Halldóri Kristjáni Kristjánssyni. Sýknað af ákæru fyrir manndráp af gáleysi. ..... 23/1 47
12. Guðmundur H. Þórðarson gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur. ..... 30/1 55
13. Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur. .. 30/1 56

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 14. | Kristín Sveinbjörnsdóttir gegn Davíð Ó. Grímssyni og gagnsök. Sýknað af kröfu um skaðabætur vegna galla á seldu húsi og fylgifé. Vöntun á kvörtun. Krafa um greiðslu fyrir hita og ljós í leiguíbúð tekin til greina. | ½ | 56 |
| 15. | Snorri Magnússon gegn Kristni Helgasyni. Útivistardómur. | ½ | 71 |
| 16. | Ákæruvaldið gegn Finnboga Guðmundssyni. Þjófnaður. | 6½ | 71 |
| 17. | Ákæruvaldið gegn Frederic Harold Pidgen. Botnvörpuveiðar í landhelgi. | 6½ | 74 |
| 18. | Ákæruvaldið gegn Jakobi Vigtý Leó Ólafssyni. Botnvörpuveiðar í landhelgi. | 6½ | 78 |
| 19. | Efnalaug Hafnarfjarðar h/f gegn Jóni Guðmundssyni. Vöntun umboðs til að skuldbinda fyrirtæki með áritun samþykkis á víxil. | 8½ | 81 |
| 20. | Magnús Thorlacius gegn Bengtu Andersen. Krafa niður fallin vegna tómlætis. | 11½ | 85 |
| 21. | Haukur Pétursson gegn Bifreiðastöðinni Stefni s/f. Um ábyrgð farmflytjanda. | 13½ | 89 |
| 22. | Geir Borg gegn Gunnlaugi Guðjónssyni og Barða Barðasyni og gagnsök. Um rétt til vátryggingarfjár | 15½ | 94 |
| 23. | Ákæruvaldið gegn Gísla Þorvaldssyni og Runólfi Sölvasyni. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. | 15½ | 100 |
| 24. | Ákæruvaldið gegn Gísla Þorvaldssyni og Runólfi Sölvasyni. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. | 15½ | 101 |
| 25. | Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabótamál. | 20½ | 102 |
| 26. | Ákæruvaldið gegn Vilhjálmi Eliasi Þórhallssyni. Ölvun við bifreiðarakstur. | 22½ | 107 |
| 27. | Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðjónssyni. Skilyrði til refsingar samkvæmt 2. mgr. 200. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, talin eigi vera fyrir hendi. Umferðarbrot. | 22½ | 111 |
| 28. | Ákæruvaldið gegn Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni. Líkamsárás. Sönnunaratriði. Sératkvæði. | 22½ | 117 |
| 29. | Árni Guðmundsson gegn Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga. Kærumál. Kröfur um frávísun frá héraðsdómi hrundið | 25½ | 140 |
| 30. | Helgi Benediktsson gegn Teiti Bjarnasyni og gagnsök. Útivistardómur. | 27½ | 144 |
| 31. | Pétur Sveinsson gegn Þór Jóhannssyni. Útivistardómur. | 27½ | 145 |
| 32. | X gegn Y. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti | ⅓ | 145 |
| 33. | Ákæruvaldið gegn Einari Júlíussyni. Sýknað af | | |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | ákæru fyrir brot á gjaldeyrislöggjöf. ..... | 1/3 | 151 |
| 34. | Tollstjórinn í Reykjavík f. h. Tryggingastofnunar ríkisins gegn Sportvöruhúsi Reykjavíkur, Einari Björnssyni & Co., Einari Björnssyni og Guðmundi M. Björnssyni. Ómerking og heimvísun máls. .... | 4/3 | 155 |
| 35. | Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Stefaníu Lóu Valentínusdóttur f. h. sjálfrar sín og ólögráða barna sinna, Bjarna Ragnars Magnússonar og Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, og gagnsök. Dánarbætur vegna umferðarslyss. ..... | 4/3 | 158 |
| 36. | Kjartan Bjarnason gegn Jóel Jónassyni. Sýknað í skaðabótamáli vegna skorts á sönnun. ..... | 4/3 | 166 |
| 37. | Robert P. Walsh gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Rétt talið að spyrja vitni ..... | 6/3 | 170 |
| 38. | Robert P. Walsh gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Rétt talið að spyrja vitni ..... | 6/3 | 173 |
| 39. | Ákæruvaldið gegn Frans Hallemeesch. Botnvörpuveiðar í landhelgi. ..... | 8/3 | 176 |
| 40. | Vinnumálasamband samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vörubifreiðarstjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals. Kærumál. Hrundið kröfu um frávísun máls frá Félagsdómi ..... | 8/3 | 185 |
| 41. | Þorvaldur Steinason gegn Finnboga Guðmundssyni. Aðgangur veittur með fógetagerð að miðstöðvarklefa, þvottahúsi og raftöflu ..... | 8/3 | 189 |
| 42. | Almennar tryggingar h.f. gegn Magnúsi Árnasyni og gagnsök. Skaðabótamál. Felld niður skaðabótaábyrgð samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954. Sératkvæði. ..... | 13/3 | 194 |
| 43. | William Breiðfjörð gegn Þorsteini Einarssyni persónulega og vegna Einars sonar hans og gagnsök. Umferðarslys. Skaðabótamál ..... | 15/3 | 200 |
| 44. | Ákæruvaldið gegn Jóni Ísak Magnússyni. Brot gegn áfengislögum ..... | 18/3 | 206 |
| 45. | Ákæruvaldið gegn Jóni Ísak Magnússyni. Vörzlur áfengis frá Áfengisverzlun ríkisins eigi taldar varða við lög ..... | 18/3 | 222 |
| 46. | Páll Eyjólfsson gegn Sigurði Péturssyni. Um eignarrétt að gjaldmæli í bifreið. Sönnunarbyrði .... | 20/3 | 226 |
| 47. | Ákæruvaldið gegn Gunnari Valdimar Hjartarsyni. Manndráp af gáleysi og líkamsáverkar, brot á bifreiðalögum og umferðarlögum ..... | 20/3 | 229 |
| 48. | Þorvaldur Stephensen gegn Oddi Helgasyni. Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi ..... | 20/3 | 233 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 49. | Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál | 2⅔ | 236 |
| 50. | Ákæruvaldið gegn Henri Devriendt. Botnvörpuveiðar í landhelgi | 2⅔ | 241 |
| 51. | Guðlaugur Ásgeirsson gegn Bæjarsjóði Reykjavíkur. Útivistarmál | 2⅔ | 247 |
| 52. | Oddur Helgason gegn Guðmundi Benediktssyni. Útivistarmál | 2⅔ | 247 |
| 53. | Ákæruvaldið gegn Karel Bondvelle. Botnvörpuveiðabrot | ¼ | 248 |
| 54. | Ísfell h/f gegn Helga Guðmundssyni og gagnsök. Riftun samnings og endurheimt kaupverðs. Sératkvæði | ¾ | 259 |
| 55. | Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum gegn skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Guðvarðs Vilmundarsonar, Jóni Hjaltasyni fyrir eigin hönd og vegna Veiðarfæragerðar Vestmannaeyja, Rafgeyma h/f, Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja og Guðjóns Steingrímssonar og Jóni Eiríkssyni. Mál niður fellt | ¼ | 275 |
| 56. | Vigfús Einarsson gegn Sverri Aðalbjörnssyni. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti | ¼ | 276 |
| 57. | Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde gegn Sveinbirni Þorsteinssyni. Kærumál. Synjað var frests | ¼ | 277 |
| 58. | Fiskimjöl h/f gegn Fiskiðju Sauðárkróks h/f. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti | ¼ | 280 |
| 59. | Elías Benediktsson gegn Bæjarstjórn Akraness f. h. Akraneskaupstaðar. Gerð starfssamnings eigi sönnuð | ¼ | 284 |
| 60. | Skipaútgerð ríkisins gegn Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps. Ómerking máls og frávísun frá héraðsdómi | 1¾ | 290 |
| 61. | Litla Skógerðin h/f gegn Harry A. Jensen og Lilly Th. Jensen og Harry A. Jensen gegn Litlu Skógerðinni h/f. Vanefndir starfssamnings. Skaðabætur | 1¾ | 295 |
| 62. | Stefán Bergmann gegn Ingvari G. Oddssyni og gagnsök. Skaðabótamál út af árekstri bifreiða | 1¾ | 309 |
| 63. | Kristinn Helgason gegn Hannesi Hreinssyni. Útivistardómur | 2¾ | 314 |
| 64. | Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Gunnari Guðjónssyni. Skipamiðlara eigi skylt að greiða söluskatt af umboðslaunum. Endurheimta | ⅕ | 314 |
| 65. | Ákæruvaldið gegn Henricus Boeyden. Botnvörpuveiðibrot | ⅘ | 318 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 66. | Dvergur h/f gegn Johan Andreas Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs O.Y.T.V. og gagnsök. Útgerð skips dæmd til greiðslu skaðabóta vegna spjalla á farmi | 8/5 | 330 |
| 67. | Guðmundur Benediktsson gegn Oddi Helgasyni. Áfrýjun til staðfestingar | 8/5 | 335 |
| 68. | Ákæruvaldið gegn Jóhanni Símonarsyni og Sigurgeiri Jóhannssyni. Ólögleg laxveiði | 10/5 | 338 |
| 69. | Ákæruvaldið gegn Gísla Gíslasyni. Ólögleg laxveiði | 10/5 | 342 |
| 70. | Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur gegn Þórði Teitssyni. Kærumál. Úrskurður um frest, er var að renna út, kærður. Frávísun frá Hæstarétti | 10/5 | 346 |
| 71. | Ákæruvaldið gegn Margréti Ingimarsdóttur. Kærumál. Kröfu hrundið um, að héraðsdómari víki sæti | 15/5 | 348 |
| 72. | Ákæruvaldið gegn Björgvin Hafsteini Hjartarsyni. Kærumál. Gæzluvarðhald | 15/5 | 350 |
| 73. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Magnúsi Albertssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 351 |
| 74. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Sigurði Sveinbjörnssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 354 |
| 75. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Hauki Egilssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 356 |
| 76. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Hjalta Einarssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 359 |
| 77. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Friðriki Friðrikssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 362 |
| 78. | Útgerðarfélag Grindavíkur h/f gegn Málfreð Friðrikssyni. Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi | 15/5 | 365 |
| 79. | Axel Halldórsson gegn þrotabúi Magnúsar Thorbergs. Vankrafinn tollur og söluskattur eigi heimtanlegur síðar | 15/5 | 368 |
| 80. | Ólafur Ingimar Ögmundsson gegn Jóni Björgvin Sveinssyni og gagnsök. Umferðarslys. Skaðabætur. Sératkvæði | 20/5 | 372 |
| 81. | Brandur Brynjólfsson gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f. Staðfesting fjárnámsgerðar | 22/5 | 380 |
| 82. | Mjölnir h/f gegn Baldri Guðjónssyni. Skaðabætur | 22/5 | 383 |
| 83. | Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Kristínu Brynjólfsdóttur og gagnsök. Heimt greiðsla fyrir verk | 28/5 | 390 |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| 84. | Stephan Stephensen gegn Önnu Kristjánsdóttur og gagnsök. Umferðarslys. Dánarbætur. Sératkvæði .. | 29/5 | 393 |
| 85. | Árnason, Pálsson & Co. gegn Sæmundi Þórðarsyni. Útivistardómur ..... | 31/5 | 405 |
| 86. | Valdimar Björnsson gegn Steini Jónssyni. Útivistardómur ..... | 3/6 | 405 |
| 87. | Ákæruvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni, Grétari Emil Ingvasyni, Kristjáni Ágústssyni, Stefáni Ólafi Gíslasyni, Tómasi Kristjánssyni, Leifi Böðvarssyni, Jónasi Thoroddsen, Einari Egilssyni, Pétri Hafliða Ólafssyni, Magnúsi Bjarnasyni, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur, Gerhard Olsen og Edward Kristni Olsen. Framhaldsrannsókn ..... | 5/6 | 406 |
| 88. | Ákæruvaldið gegn Albert Vanneuville. Botnvörpuveiðabrot ..... | 7/6 | 407 |
| 89. | Knattspyrnufélag Reykjavíkur gegn Jóni Á. Ketilssyni. Skaðabótamál. Sératkvæði ..... | 12/6 | 414 |
| 90. | Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Áburðarverksmiðjunni h/f. Um fasteignagjald .... | 12/6 | 420 |
| 91. | María Hugrún Ólafsdóttir Jensen gegn Ósvaldi Knudsen. Umráð barns ..... | 12/6 | 426 |
| 92. | Grettir Lárusson og Oddur Helgason gegn Gunnari Scheving Sigurðssyni. Kærumál. Málskostnaður .. | 12/6 | 431 |
| 93. | Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjóndóttir f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar gegn Kristjáni Bjarnasyni og gagnsök. Um öflun skýrslna og gagna ..... ..... | 19/6 | 435 |
| 94. | Ákæruvaldið gegn Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergard Jörgensen. Brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt ..... | 19/6 | 436 |
| 95. | Eimskipafélag Íslands h/f gegn Almennum tryggingum h/f og gagnsök. Skaðabótamál ..... | 21/6 | 444 |
| 96. | Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur ..... | 21/6 | 455 |
| 97. | Útgerðarfélag S.Í.S., Reyðarfirði, og vátryggjandi v/s Jökulfells gegn Eysteini Jóhannssyni. Útivistardómur ..... | 21/6 | 455 |
| 98. | Eysteinn Jóhannsson gegn Útgerðarfélagi S.Í.S., Reyðarfirði, og Trolle & Rothe h/f vegna vátryggingarfélagsins Skuldar. Útivistardómur ..... | 21/6 | 456 |
| 99. | Hólmfríður Kristjánsdóttir gegn Högna Jónssyni. Kærumál. Frests synjað ..... | 22/6 | 456 |
| 100. | Ákæruvaldið gegn Ingveldi Ólafsdóttur og Helga Trausta Hjartarsyni. Brot gegn 2. mgr. 8. gr. laga | | |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | nr. 88/1953 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Sýknað af ákæru fyrir brot á 2. sbr. 4. gr. laga nr. 63/1950 | 2⅙ | 459 |
| 101. | Jón E. Waage og Þórunn Waage gegn Kristjáni Guðlaugssyni. Kærumál. Synjun frests | 3⅑ | 466 |
| 102. | Kristjana Ísleifsdóttir gegn Lofti Jens Magnússyni og Björgvin Kr. Friðsteinssyni. Útivistardómur | 3⅑ | 470 |
| 103. | Guðmundur Guðmundsson og Kristinn Kristinsson gegn Jóni Jónssyni. Útivistardómur | 3⅑ | 470 |
| 104. | Brandur Brynjólfsson gegn Stefáni Valgeirssyni. Útivistardómur | 3⅑ | 471 |
| 105. | Agnar Bogason gegn Hafþór Guðmundssyni. Útivistardómur | 3⅑ | 471 |
| 106. | Hjálmar Þorsteinsson & Co. gegn Kristjáni Sigurmundssyni. Málskostnaðarákvæði dóms kært | 2/10 | 472 |
| 107. | Ákæruvaldið gegn Kristjáni Gestssyni. Manndráp og líkamsmeiðing af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum. Sératkvæði | 4/10 | 476 |
| 108. | Hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins gegn Stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Um skyldu sveitarfélags að framfæra mann | 7/10 | 482 |
| 109. | Ákæruvaldið gegn Henry Saunderson. Botnvörpuveiðar í landhelgi | 7/10 | 487 |
| 110. | Eigendur v/b Jörundar Bjarnasonar gegn Ingólfi G. S. Espholin. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi vegna vanreifunar | 7/10 | 495 |
| 111. | Kópanes h/f gegn Ingólfi G. S. Espholin. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi vegna vanreifunar | 7/10 | 498 |
| 112. | Jóhann Sveinbjörnsson, Njáll Sveinbjörnsson og Halldór Matthíasson gegn Stýrimannafélagi Íslands og gagnsök. Deila um legu seldrar landspildu | 8/10 | 501 |
| 113. | Almennar tryggingar gegn Tryggva Ófeigssyni. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi | 10/10 | 508 |
| 114. | Ákæruvaldið gegn Agli Þorgilssyni. Ólöglegur innflutningur áfengis | 10/10 | 511 |
| 115. | Vigdís Kristjánsdóttir og Leifur Erlendsson gegn Dánarbúi Gísla Björnssonar og gagnsök. Um afnotarétt af húsi í sameign | 15/10 | 514 |
| 116. | Baldur Jónsson og Egill Benediktsson gegn Magnúsi Gunnarssyni. Ómerking dóms og málsmeðferðar og frávísun máls frá héraðsdómi | 15/10 | 520 |
| 117. | Sameinaðir verktakar gegn Inga Sigurjóni Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl af slysi | 16/10 | 525 |
| 118. | Fiskveiðahlutafélagið Njáll gegn Gunnari Guðjóns- | | |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | syni og gagnsök. Skaðabótamál vegna slyss. Sératkvæði | 18/10 | 534 |
| 119. | Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Bjarnasyni. Manni dæmd refsing fyrir að aka bifreið miður sín og gálaust | 21/10 | 544 |
| 120. | Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson gegn stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi | 22/10 | 550 |
| 121. | Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd. gegn Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinssyni. Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi | 22/10 | 555 |
| 122. | Guðmundur Magnússon gegn Vagni E. Jónssyni og gagnsök. Fjárnám samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 | 23/10 | 559 |
| 123. | Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason gegn bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Loforð stjórnar hlutafélags um sölu hlutabréfa dæmt ógilt | 25/10 | 564 |
| 124. | Júpiter h/f gegn Tómasi Ólafssyni og gagnsök. Skaðabætur fyrir líkamsmeiðsl | 30/10 | 577 |
| 125. | Ákæruvaldið gegn Jóni Hermanni Jónssyni. Ölvun við akstur. Sératkvæði | 11/11 | 586 |
| 126. | Efnagerð Reykjavíkur h/f gegn P. Beiersdorf & Co. A/G. Brot gegn lögum nr. 14/1903 og lögum nr. 84/1933 | 13/11 | 591 |
| 127. | Helgi Benediktsson gegn Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum. Kærumál. Frávísun kröfu frá héraðsdómi | 18/11 | 595 |
| 128. | Ákæruvaldið gegn Ingólfi Stefánssyni. Vanræksla að færa varning á skipsforðalista | 18/11 | 597 |
| 129. | Guðmundur Tryggvason gegn Jarðakaupasjóði ríkisins og ríkissjóði. Skaðabótamál | 18/11 | 602 |
| 130. | Lárus Sigurbjörnsson og Sigríður Árnadóttir gegn Þjóðleikhúsinu og gagnsök. Bókagjöf til Þjóðleikhússins og skilyrði hennar. Sératkvæði | 19/11 | 607 |
| 131. | Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt i Eckernförde gegn Sveinbirni Þorsteinssyni og gagnsök og Sigríður Sigurjónsdóttir og Bjarni Þorsteinsson gegn Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde. Um öflun gagna | 22/11 | 627 |
| 132. | Ákæruvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni, Grétari Emil Ingvasyni, Kristjáni Ágústssyni, Stefáni Ólafi Gíslasyni, Tómasi Kristjánssyni, Leifi Böðvarsyni, Pétri Hafliða Ólafssyni, Gerhard Olsen, Edward Kristni Olsen, Magnúsi Bjarnasyni, Mar- | | |

| | | Dómur | Bls. |
|---|---|---|---|
| | gréti Dagbjörtu Bjarnadóttur, Jónasi Thoroddsen og Einari Egilssyni. Brot á gjaldeyrislögum, bókhaldslögum og 1. mgr. 146. gr. laga nr. 19/1940 .. | 25/11 | 628 |
| 133. | Jóhann og Hans Steinasynir gegn dánarbúi Sigurðar Oddssonar. Útivistardómur ..... | 29/11 | 666 |
| 134. | Gunnar Jónsson gegn Ís h.f., Kópavogi. Útivistardómur ..... | 29/11 | 666 |
| 135. | Jens Runólfsson gegn Jóni Jóhannessyni f. h. Birgis Jónssonar. Útivistardómur ..... | 29/11 | 667 |
| 136. | Sigurður Ófeigsson gegn H/f Eimkipafélagi Íslands og gagnsök. Skaðabótamál ..... | 4/12 | 667 |
| 137. | Hans Petersen h/f gegn Þór E. Sandholt og gagnsök. Skaðabótamál ..... | 6/12 | 674 |
| 138. | Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Agli Vilhjálmssyni h/f og gagnsök. Veltuútsvar réttilega á lagt. Endurheimtu synjað ..... | 9/12 | 682 |
| 139. | Eigendur v/b Orra, SH 95, þeir Lúðvík Kristjánsson, Sigurður Kristjónsson og Víglundur Jónsson, og Bátatrygging Breiðafjarðar gegn eigendum v/s Odds, VE 353, þeim Guðmundi H. Oddssyni og Helga Benediktssyni, og gagnsök. Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls ..... | 10/12 | 687 |
| 140. | Pétur Pálsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Skaðabótamál. Tómlætisverkun | 12/12 | 697 |
| 141. | Ingólfur G. S. Espholin gegn Icelandic Marketing Company. Kaup á varningi gerð ..... | 16/12 | 701 |
| 142. | Aðalheiður Jónsdóttir gegn Þóri Jónssyni og Ragnheiði Magnúsdóttur. Um heimild eiganda kjallaraíbúðar í húsi til að gera breytingar á inngangi í miðstöð. Sératkvæði ..... | 16/12 | 708 |
| 143. | Andrés Þorsteinsson gegn Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi ..... | 16/12 | 718 |
| 144. | Ákæruvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni. Sýknað af ákæru um brot á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur ..... | 18/12 | 722 |
| 145. | Pétur Fr. Sigurðsson gegn Einari Sigurðssyni f. h. Jóns Rafns Einarssonar og Móses Guðmundssyni. Um eignarrétt að geymslu ..... | 20/12 | 727 |
| 146. | Brandur Brynjólfsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur ..... | 20/12 | 731 |
| 147. | Helgi Benediktsson gegn Almennum tryggingum h/f. Útivistardómur ..... | 20/12 | 732 |

# Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXVIII. árgangur. 1957

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 83/1956. **Gunnar Bjarnason**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
**Sigríði Pálsdóttur og gagnsök**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Skaðabætur vegna umferðarslyss.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1956 og krefst þess, að skaðabætur og málskostnaður verði færð niður til muna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. júní 1956 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Bjarnason, greiði gagnáfrýjanda, Sigríði Pálsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Sigríður Pálsdóttir, Njálsgötu 75 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí 1955, gegn Gunnari Bjarnasyni, Suðurgötu 49, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 52.116.00 með 6% ársvöxtum af kr. 85.741.00 frá 14. febrúar 1953 til 8. febrúar 1954 og af kr. 52.116.00 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni G 559 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og hæfilegs málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Almennum tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en bifreiðin G 559 var vátryggð hjá því tryggingarfélagi. Engar kröfur hafa þó verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 14. febrúar 1953, kl. 19.40, varð stefnandi fyrir bifreiðinni G 559 á Snorrabraut hér í bæ með þeim afleiðingum, að hún hlaut allmikil meiðsli.

Ökumaður bifreiðarinnar hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið norður Snorrabraut með um 30—35 km hraða, miðað við klukkustund, að hann telur. Er hann kom á gatnamót Snorrabrautar og Bergþórugötu, hafi hann veitt athygli konu, er gengið hafi frá austri út á vestari akbraut Snorrabrautar og stefnt þvert yfir hana, en svo hagar til á Snorrabraut, að götunni er skipt í tvær akbrautir, og er einstefnuakstur um hvora. Er hvor akbraut um 6 metrar á breidd, en á milli þeirra er bifreiðastæði, og er það jafnbreitt. Vestan megin vestari akbrautarinnar er gangstétt, um þrír metrar á breidd, en meðfram henni er samfelld húsaröð. Ökumaður G 559 gizkar á, að um 20 til 30 metrar hafi verið milli konunnar, sem reyndist vera stefnandi, og bifreiðarinnar, er hann fyrst sá til ferða hennar. Kveðst hann þá

strax hafa hemlað og sveigt bifreiðina til vinstri, en honum hafi virzt hemilsfetillinn gefa eftir og hemlarnir ekki verka fullkomlega. Bifreiðin hafi ekki stöðvazt, en þó dregið úr hraðanum. Er hér var komið, hafi honum virzt stefnandi nema staðar, og hafi hann haldið, að hún myndi snúa við. Hafi hann því gefið upp hemilsfetilinn, en um leið hafi bifreiðin runnið upp á gangstéttina vestan akbrautarinnar. Ökumaður bifreiðarinnar kveður mikið fát hafa gripið sig, er hann sá stefnanda ganga út á akbrautina, og sé af þeim sökum allt óljóst fyrir sér um, hvað gerzt hafi, eftir að bifreiðin rann upp á gangstéttina.

Hann getur ekki sagt um, hve langt bifreiðin rann, eftir að hún hafði rekizt á stefnanda, en telur sig þó geta fullyrt, að ekkert hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir stefnanda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hún gekk frá austri yfir vestari akbraut Snorrabrautar, hafi G 559 verið nokkurn spöl sunnan gatnamóta Snorrabrautar og Bergþórugötu. Er hún var komin á gangstéttina vestan akbrautarinnar, hafi henni fundizt óeðlilega bjart umhverfis sig. Hafi hún þá litið við og séð bifreiðina nálgast sig á „fullri ferð". Hafi hún þá verið á miðri gangstéttinni og ætlað að fara að hlaupa upp að húsinu, sem næst var meðfram gangstéttinni, en áður en henni tækist það, hafi bifreiðin rekizt á vinstri fót hennar og hún fallið á gangstéttina. Bifreiðin hafi síðan numið staðar við bak hennar, þar sem hún lá á gangstéttarbrúninni.

Skömmu eftir slysið komu löggæzlumenn á vettvang, og var gerður uppdráttur af slysstaðnum. Eru hjólför G 559 eftir gangstéttinni mörkuð á uppdráttinn, en af þeim verður eigi annað ráðið en að bifreiðin hafi öll verið á gangstéttinni, er slysið varð, enda hefur maður einn, sem kom á slysstaðinn skömmu eftir slysið og meðan bifreiðin var þar enn, borið, að svo hafi verið.

Sama kvöldið og slysið varð, var bifreiðin G 559 skoðuð af tveimur sérfróðum mönnum. Samkvæmt vottorði þeirra var ekki hægt að stöðva bifreiðina þegar í stað, er ekið var á láréttri malbikaðri götu með um 15 til 20 km hraða, miðað við klukkustund, enda þótt beitt væri fullu átaki á fóthemla. Og eigi sáust hemlaför.

Dómarinn hefur kynnt sér staðhætti á slysstaðnum.

Stefndi, sem er eigandi greindrar bifreiðar, hefur viðurkennt, að hann beri óskoraða fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við umrætt slys. Hins vegar greinir aðiljana á um fjárhæð

þeirra bóta, er stefnandi eigi rétt til. Hefur stefnandi þegar fengið greiddar kr. 36.000.00, og telur stefndi, að tjón hennar sé þar með að fullu bætt. Reisir hann á því sýknukröfu sína.

Verður nú stefnukrafan athuguð nánar, en hana hefur stefnandi sundurliðað þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Atvinnutjón vegna örorku ..... | kr. | 62.791.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum ..... | — | 20.000.00 |
| 3. Fatatjón ..... | — | 1.500.00 |
| 4. Lækniskostnaður ..... | — | 800.00 |
| 5. Örorkumat o. fl. ..... | — | 650.00 |
| | Kr. | 85.741.00 |
| Frá þeirri fjárhæð eru dregnar kr. 36.000.00 ÷ innheimtulaun, kr. 2.375.00 ..... | — | 33.625.00 |
| | Kr. | 52.116.00 |

Kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Um 1. Stefnandi var flutt í Landspítalann þegar eftir slysið. Í vottorði Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis, dags. 25. september 1953, segir á þessa leið um meiðsli hennar: „Við komuna var hún við meðvitund. Hún kvartaði um verk í v. fæti og h. mjaðmarhnútu. Við skoðun kom í ljós, að v. fótleggur var snúinn út á við og dinglaði máttlaus. Tibia var tvíbrotin, efra brotið var rúmri þverhönd neðan við hnéliðinn og hið neðra rétt neðan við mitt beinið. Fibula var brotin á einum stað. Brotendarnir voru mjög úr lagi færðir. Framan- og utantil á v. fótlegg er 10 cm langt sár, sem gengur inn að brotendunum. Talsverð eymsli eru yfir h. mjaðmarspaða og mjóhrygg, en þar eru ekki merki um áberandi áverka að sjá. Fleiður er framan á v. hné. Þar eð um comminut brot var að ræða, var sýnilegt, að ekki var hægt að koma því eða halda því í góðri stellingu án skurðaðgerðar, og var því þegar í stað eftir komuna brotið lagfært með skurðaðgerð, og var það gert með því að reka küntschersnagla gegnum tuberositas tibiae og niður eftir endilangri tibia. Sárin greru complicationslaust, og sjúklingurinn útskrifaðist af deildinni þ. 15/6 þ. á. Sjúklingurinn hefur síðan æft sig í að ganga. Hún hefur verið dugleg og henni farið vel fram. Fóturinn bólgnar enn nokkuð að deginum til, og hún fær þreytuverk í hné og ökla, þegar hún

reynir verulega á hann. Við skoðun í gær kvartaði hún yfir þreytuverk í baki, sem hún hefur haft, allt frá því slysið vildi til. Röntgenskoðun á mjóhrygg sýndi ekkert sérstakt pathologiskt. Hreyfingar í mjóhrygg eru eðlilegar, en sjúklingurinn kvartar yfir sársauka við beygingu fram á við og aftur á við. Brotin á v. tibia virðast nú að fullu gróin, en nokkur sveigja á leggnum í valgus og distalíendi tibia er roteraður ca 25° út á við. Küntschersnaglinn er enn á sínum stað. Efri endi hans stendur nokkuð upp úr tuberositas tibiae. Líklegt er, að það geti valdið henni óþægindum síðar meir og að nauðsynlegt reynist að fjarlægja naglann. Það er þó ekki tímabært enn. Sigríður hefur, frá því slysið vildi til, verið algerlega óvinnufær, en mun innan skamms geta byrjað að stunda léttari störf. Hún er nú til meðferðar hjá nuddlækni vegna þrautanna í bakinu".

Hinn 3. október 1953 var stefnandi skoðuð af Þórarni Sveinssyni lækni, sem jafnframt mat örorku hennar vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 4. október 1953, segir m. a. á þessa leið:

„Skoðun: Grannholda kona. Heyrnarlaus frá 16 ára aldri, er hún fékk heilahimnubólgu að dómi dr. Helga Tómassonar, að því er frú Ólöf Árnadóttir segir. Slasaða talar hins vegar mikið og veður á henni. Talar hún sig fljótt upp í æsing og titrar þá öll á eftir. Málfærið er þó meira hálfgert kokhvískur. Við höfuðið var annars ekkert sérlegt að finna. Sjón er eins og fyrir slysið, að því er hún telur. Við brjóst og bol var ekkert sérlegt að finna. Blóðþrýstingurinn mældist 140/75. Hjartastarfsemi var eðlileg. Upplimir voru einnig eðlilegir.

Ganglimir eru óvenju rýrir beggja vegna, og þó er sá vinstri heldur holdrýrari. Munar um 1 cm um miðjan legg, borið saman við þann hægri. Vinstri mjaðmarspaðinn er aðeins hærri en sá hægri, þegar slasaða stendur upprétt. Við mælingu er ekki unnt að finna styttingu á vinstri fætinum, en hann snýr út á við (útskeif) meira en eðlilegt telst (ca 25°). Framan á fótleggnum eru þrjú ör, það efsta er krónupeningsstórt ör rétt neðst á hnéskel, næsta er 7 cm langt og það neðsta um mjóalegginn er 13 cm á lengd, og sjást þar ennþá saumför. Ör þessi munu standa í sambandi við skurðaðgerðina á brotstaðnum. Hreyfingar í hnélið og öklalið eru eðlilegar.

Við athugun á vinstri fætinum sést, að litla táin hefur verið numin burt, og skurður er ofan á stóru tánni eftir smáaðgerð þar. Stóra táin er kreppt (hamartá). Nokkuð ber á holil á báðum fótum.

Gangurinn er dálítið haltrandi og einna líkast því, að hún

gangi með staurfætur, og ber einkum á því á vinstri fætinum, vegna þess hve hún er útskeif. Auk þess er sveigja á vinstri ganglim um hnéliðinn inn á við. Reflexar eru yfirleitt auknir á útlimum.

Ályktun: Um er að ræða mjög slæmt fótbrot, sem hefur verið spengt saman með löngum stálnagla og skrúfu. Útlit er fyrir, að slasaða hafi einhver ónot í fætinum um hnéliðinn frá naglanum, sem aðeins gengur út úr beininu (tuberositas tibiae). Sennilega þarf að nema naglann í burtu síðar.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fyrir | 4 mánuði fyrst eftir slysið ..... | 100% | örorka |
| — | 1 mánuð þar á eftir ..... | 80% | — |
| — | 1 — — - — ..... | 60% | — |
| — | 1 — — - — ..... | 50% | — |
| — | 1 — — - — ..... | 35% | — |

Úr því má ætla, að framhaldsörorka verði hæfilega metin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fyrir | 1 mánuð þar á eftir ..... | 25% | — |
| — | 2 mánuði — - — ..... | 20% | — |
| — | 3 — — - — ..... | 15% | — |
| — | 4 — — - — ..... | 10% | — |

Úr því 8% varanleg örorka.

Það verður að taka það fram, að mat þetta raskast eðlilega þann tíma, sem tekur að ná naglanum burtu, ef þess yrði þörf".

Hinn 18. nóvember 1954 var stefnandi skoðuð af Snorra Hallgrímssyni yfirlækni. Í vottorði hans, dags. sama dag, segir svo:

„Við skoðun í dag upplýsir sjúklingurinn eftirfarandi: Hún þreytist fljótt í vinstri fæti og henni finnst hún vera þróttminni í allri vinstri hlið en fyrir slysið. Vegna skekkjunnar í fætinum á hún erfitt með að ganga stiga, og fær hún þá þreytuverki upp í mjöðmina, af því að hún þarf að beita fætinum á annarlegan hátt.

Á síðastliðnum vetri byrjaði hún að vinna, en þreyttist það fljótt, að hún átti erfitt með að inna af hendi sín venjulegu störf og gat aðeins unnið hálfan daginn.

Undanfarna mánuði hefur hún haft nokkur óþægindi út frá málmskrúfu, sem notuð var til þess að festa brotið saman með, og var því sú skrúfa tekin með skurðaðgerð fyrir tæpum 3 vikum. Í því sambandi var hún algerlega óvinnufær um hálfs mánaðar tíma.

Sjúklingur hefur kvartað um þreytuverk í baki, síðan slysið vildi til. Við skoðun hinn 11. þ. m. kom eftirfarandi í ljós:

Eins og lýst er í vottorðinu frá 25. september 1953, er nokkur skekkja á brotstaðnum á vinstri legg, þannig að um 20 gr. valgussveigja er á brotstaðnum, og neðri hluti leggsins er snúinn út á við um 25 gr. Eðlileg hreyfing er í hné- og öklalið, en grófur vöðvakraftur er nokkru minni í vinstri ganglim heldur en í þeim hægri. Rýrnun á vinstri læri nemur 2½ cm og á vinstri kálfa 3 cm. Framan á sköflungnum er vel gróið ör eftir sárið, sem myndaðist, þegar hún brotnaði, og fyrir neðan hnéð er ör eftir skurðaðgerðina svo og tiltölulega ferskt ör á ofan- og innanverðum leggnum eftir aðgerðina, þegar skrúfan var tekin burtu. Öll eru þessi ör frekar lítið áberandi.

Stálnaglinn, sem settur var niður eftir endilöngu mergholi sköflungsins, þegar gert var að brotinu, er enn á sínum stað. Eins og er, virðist hann ekki valda neinum óþægindum, og þar eð það mundi kosta meiri háttar skurðaðgerð að fjarlægja naglann, þykir ekki rétt að gera það, nema hann fari að valda óþægindum. Líklegast er, að hann komi ekki að sök, en hins vegar ekki útilokað, að nauðsynlegt reynist að fjarlægja hann."

Með hliðsjón af síðastgreindu læknisvottorði var Þórarinn Sveinsson læknir fenginn til að meta varanlega örorku stefnanda að nýju. Í vottorði hans, dags. 20. janúar 1955, segir svo:

„Samkvæmt vottorði prófessors Snorra hefur verið gerð skurðaðgerð vegna málmskrúfu, er notuð var til að festa brotið saman og slasaða taldi sig hafa óþægindi af. Í fyrrgreindu vottorði er talið, að slasaða hafi verið óvinnufær um hálfsmánaðar tíma, á meðan hún var að gróa. Af sama vottorði verður ekki annað ráðið en að bati slösuðu hafi gengið miður en skyldi. Enn fremur er stálnaglinn, sem rekinn var niður merghol sköflungsins, enn á sínum stað.

Slasaða er talin þreytast enn við áreynslustörf, og er vindingur á fætinum talinn orsök þess. Enn fremur er nú talað um 20° valgussveigju á brotstaðnum, og mun það einkum hafa komið fram — sennilega smátt og smátt — á tímabilinu, frá því er hún var skoðuð af mér þann 3. október 1953.

Við samanburð á þessum tveimur vottorðum, sem fyrir liggja, verður að álíta, að fyrrnefnt varanlegt örorkumat sé of lágt. Má ætla, að nær lagi sé að ályktа, að 15% varanleg örorka sé hæfilegt mat. Einnig verður að taka fram, að mat þetta raskast, ef taka þarf stálnaglann úr sköflungnum, og verður að taka tillit til þess, ef með þarf".

Að lokum liggur fyrir í málinu vottorð Snorra Hallgrímssonar, dags. 15. þ. m. Segir þar m. a.:

„Sigríður hefur aldrei að fullu náð sér eftir þetta slys. Nokkur sveigja er á vinstri fótlegg og nokkur snúningur á fætinum út á við, en hvort tveggja orsakast af skekkju á brotstaðnum. Skekkja þessi á fætinum veldur því, að Sigríður á nokkuð óhægt um gang, fóturinn vill rekast í, og hún á erfitt með að beita fætinum, sérstaklega við gang í tröppum og á ósléttu.

Hinn 12/1 1955 datt Sigríður og rak niður hægri hönd með þeim afleiðingum, að hún hlaut brot á framhandleggsbeinum rétt fyrir ofan úlnlið. Sigríður telur, að byltan hafi orsakazt af því, að hún hafi ekki réttilega getað beitt vinstri fæti, og þykir ekki ólíklegt, að það sé rétt.

Sigríður mun hafa verið óvinnufær í nær 3 mánuði vegna síðastnefnds brots."

Stefnandi er talin fædd 21. maí 1911 og var því 41 árs gömul, er slysið varð.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út verðmæti áætlaðs atvinnutjóns stefnanda, miðað við slysdag og 15% varanlega örorku. Nemur vinnutekjutjónið eftir útreikningi hans kr. 62.791.00. Við útreikning þenna hefur tryggingafræðingurinn haft hliðsjón af skattframtölum stefnanda fyrir tekjuárin 1951 til 1953 svo og kaupgjaldsskrá Iðju félags verksmiðjufólks, en stefnandi hafði unnið í sælgætisgerð einni hér í bænum í 18 ár, er slysið varð. Grundvöllur útreikningsins að öðru leyti er 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt íslenzkri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að ætla megi, að líkurnar fyrir missi starfsorku í lifanda lífi séu heldur meiri hjá heyrnarlausu fólki en þeim, sem fulla heyrn hafa, einkum vegna slysahættu. Af sömu ástæðum megi ætla, að lífslíkur heyrnarlausra séu heldur minni en almennt gerist. Hins vegar kveðst hann ekki hafa tekið tillit til þessara atriða við útreikninginn.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem hreinni fjarstæðu. Vefengir hann, að grundvöllur hafi verið fyrir því að hækka varanlega örorku stefnanda úr 8% í 15%, þar sem eigi verði séð, að afleiðingar slyssins fyrir stefnanda hafi orðið alvarlegri en við hafi mátt búast í fyrstu. Þá bendir hann á, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé enginn frádráttur gerður vegna opinberra gjalda, og mótmælir því, að við ákvörðun áætlaðs atvinnutjóns stefnanda sé einungis miðað við 4% ársvexti. Telur

hann hæfilegt, að kröfuliður þessi verði tekinn til greina með kr. 20.000.00.

Við ákvörðun örorkubóta stefnanda þykir verða að fallast á, að útreikningur áætlaðs atvinnutjóns hennar sé miðaður við 15% varanlega örorku, enda hefur því örorkumati ekki verið hnekkt né sýnt fram á, að það sé óeðlilega hátt.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, og meðal annars haft í huga, að vextir hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a. og dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem óhæfilega háum. Telur hann, að ekki geti verið um hærri bætur að ræða samkvæmt honum en kr. 10.000.00.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hennar rakin. Þegar það er virt, sem þar greinir, ásamt öðrum þeim atriðum, sem máli skipta við ákvörðun bóta þessara, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 18.000.00.

Um 3. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við slysið hafi kápa hennar rifnað, pils hennar höggizt sundur hér og þar, sokkar, hanzkar og undirföt eyðilagzt og jakki glatazt.

Stefndi fellst á, að liður þessi verði tekinn til greina með kr. 800.00.

Sýnt þykir, að föt stefnanda hafi spillzt við slysið, og þar sem fjárhæð þessa kröfuliðs þykir í hóf stillt, verður hún tekin til greina að fullu.

Um 4. og 5. Þessir liðir eru viðurkenndir og verða teknir til greina að fullu.

Þess var áður getið, að stefnandi hefur fengið greiddar kr. 36.000.00 upp í tjón sitt. Af þeirri fjárhæð hefur lögmaður hennar reiknað sér kr. 2.375.00 í innheimtulaun. Hefur stefndi mótmælt því, að lögmaðurinn hafi haft heimild til þessa, og bendir á í því sambandi, að stefnandi hafi hvorki snúið sér til hans né réttargæzlustefnda til heimtu bóta vegna slyssins, og sé ljóst, að eigi beri að greiða innheimtulaun, er svo standi á. Af gögnum málsins kemur í ljós, að lögmaður stefnanda hefur hinn 18. janúar 1954 krafið réttargæzlustefnda um bætur, að fjárhæð kr. 72.307.50, vegna oftnefnds slyss. Þeirri málaleitan svarar réttargæzlustefndi í bréfi, dags. 8. febrúar 1954, og lætur fylgja með ávísun, að fjárhæð kr. 36.000.00, sem fullnaðargreiðslu til stefnanda. Að svo

vöxnu máli verður að telja, að lögmanni stefnanda hafi verið rétt að reikna sér þóknun af þeirri fjárhæð, og kemur einungis mismunurinn, kr. 33.625.00, til frádráttar þeirri fjárhæð, sem tjón stefnanda samkvæmt framansögðu er talið nema.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 37.325.00 (kr. 50.000.00 + kr. 18.000.00 + kr. 1.500.00 + kr. 800.00 + kr. 650.00, allt að frádregnum kr. 33.625.00) með 6% ársvöxtum af kr. 70.950.00 frá slysdegi til 8. febrúar 1954, en af kr. 37.325.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Að lokum ber með vísun til 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaga að viðurkenna lögveðrétt stefnanda í bifreiðinni G 559 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Bjarnason, greiði stefnanda, Sigríði Pálsdóttur, kr. 37.325.00 með 6% ársvöxtum af kr. 70.950.00 frá 14. febrúar 1953 til 8. febrúar 1954, en af kr. 37.325.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað. Stefnandi á lögveð í bifreiðinni G 559 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 134/1956. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
**Ólafi Jónssyni** (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Umferðarslys. Manndráp af gáleysi.

## Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði brotið gegn ákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og sviptingu ökuleyfis ákærða staðfestast.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undir höfuð leggjast að heitfesta vitni og kveða á um málsvarnarlaun í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Jónsson, greiði 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og sviptingu ökuleyfis ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í

Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1200 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 26. júlí 1956.**

Ár 1956, fimmtudaginn 26. júlí, var í sakadómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Ísafirði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 20. júlí s.l.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. september 1955, gegn Ólafi Jónssyni, símstjóra á Þingeyri, fyrir að hafa um kl. 12.30 miðvikudaginn 24. ágúst 1955 ekið bifreið sinni, Í-261, eftir atvikum of hratt og ógætilega suður Hafnarstræti á Þingeyri með þeim afleiðingum, að telpan Jóvína Sveinbjörnsdóttir, Þingeyri, sem kom út á götuna vestan úr sundi sunnan við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, varð fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hún beið bana af.

Brot þessi eru talin varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. ágúst 1955, um kl. 12.30, var ákærði, Ólafur Jónsson símstjóri, Þingeyri, að aka í bifreið sinni, Í-261, gegnum Þingeyrarkauptún. Tvær konur voru í bifreiðinni, en ákærði hafði sótt þær að Múla í Kirkjubólsdal. Ætlaði hann að aka þeim að Kjaransstöðum í Þingeyrarhreppi. Þegar ákærði ók suður Hafnarstræti á móts við húsið nr. 32, kom stúlkubarn hlaupandi út úr húsasundi og hljóp fyrir bifreiðina með þeim afleiðingum, að það slasaðist alvarlega. Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina, lá barnið aftan við hana. Ákærði ók barninu strax á sjúkrahús, en þar lézt það síðdegis þenna sama dag.

Barnið var sex ára að aldri, hét Jóvína og var dóttir hjónanna Sveinbjörns Samsonarsonar og Bjarnfríðar Símonsens, er áttu heima í húsinu Hafnarstræti 32 á Þingeyri.

Ákærði hefur lýst atvikum að slysinu á þá leið, að hann hafi ekið í þriðja gangstigi og hafi hraðinn verið 10—12 mílur, eða

16—18 km, miðað við klukkustund. Þegar ákærði sá stúlkuna, sem hljóp hratt út á götuna þvert fyrir bifreiðina, hemlaði hann strax og stöðvaði hana eins fljótt og hann gat. Taldi ákærði, að framvari bifreiðarinnar hefði lent á vinstri hlið barnsins, og það kastazt í götuna, en farið á milli hjólanna, því að hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að hjólin rynnu yfir barnið.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið neitt óvenjulega þreyttur eða syfjaður eða hafa neytt áfengis, er þetta átti sér stað. Hann kvaðst ekki hafa misst stjórn á bifreiðinni. Hann hafði þá nýlega athugað hemla bifreiðarinnar og taldi hana þá í góðu lagi, enda verkuðu þeir vel í þetta sinn, og stöðvaðist bifreiðin mjög fljótt.

Vegurinn var harður, malborinn og næstum sléttur, þar sem slysið varð, en dálítið blautur, því að rignt hafði um daginn. Blotnuðu rúður bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst hafa haft þurrkurnar í gangi og því haft gott útsýni úr bifreiðinni. Ákærði skýrði frá því, að hann sjái ekki vel frá sér gleraugnalaust, en hafi fulla sjón með gleraugu, og með þau var hann, er hann ók bifreiðinni í þetta sinn. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni öðru hverju, síðan hann tók bifreiðarstjórapróf, en ökuskírteini hans er útgefið af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu 31. maí 1951.

Ákærði er fæddur 12. 5. 1892 að Dalkoti á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu og hefur ekki sætt kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Skulu nú raktir framburðir vitna í máli þessu:

Vitnið Ragnheiður Guðjónsdóttir sat í framsæti bifreiðarinnar vinstra megin, en í henni er hægri handar stýri. Þegar bifreiðin var á móts við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, sá vitnið allt í einu stúlkubarn framan við bifreiðina, nokkuð til hægri. Á því augnabliki, er hún tók eftir barninu, hemlaði ákærði, og stöðvaðist bifreiðin á mjög stuttum tíma. Hún sá, að barnið féll í götuna, en varð ekki vör við, að hjólin rynnu yfir það. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekið fremur hægt og í mesta lagi á 20 km hraða, en hún kvaðst þó vera óvön bifreiðum og ekki geta með neinni vissu gizkað á hraða bifreiðarinnar. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni. Engin umferð var á götunni, og útsýni út úr bifreiðinni var gott.

Vitnið Jóhanna Guðfinna Jónsdóttir sat í aftursæti vinstra megin. Þegar bifreiðin kom á móts við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, sá vitnið barn framan við bifreiðina, við hægra aurbrettið. Í sama mund hemlaði bifreiðarstjórinn, og stöðvaðist bifreiðin litlu síðar. Vitnið kvaðst hafa kippzt til í sætinu, þegar ákærði hemlaði. Vitnið sagði, að ákærði hefði yfirleitt ekið gætilega í

þessari ferð og hafi hann ekið í mesta lagi á um 20 km hraða, er slysið varð. Hún kvaðst þó ekki treysta sér til að gizka nákvæmlega á, hvað hraðinn var mikill. Hún varð ekki vör við, að verulegt fát kæmi á ákærða eða að hann missti stjórn á bifreiðinni um leið og hann sá barnið.

Vitnið Guðmunda Ágústa Jónsdóttir á heima í húsinu Hafnarstræti 32. Hún var um kl. 12.40 stödd í eldhúsinu, en það snýr út að sundinu sunnan megin við húsið og liggur niður á Hafnarstrætið. Heyrði hún, að bifreið fór um götuna. Er hún leit út um gluggann, sá hún bifreið, er fór eftir götunni, og kvaðst hún hafa séð greinilega, að hægra afturhjól bifreiðarinnar fór yfir stúlkubarnið, er hún þekkti og átti heima í sama húsi og hún. Bifreiðin stöðvaðist skömmu á eftir, og lá þá barnið um það bil 1 metra fyrir aftan bifreiðina. Vitnið sá, að ákærði tók barnið og setti það inn í bifreiðina og ók síðan burtu.

Vitnið Árni Stefánsson hreppstjóri kvaðst hafa komið á slysstaðinn með ákærða um kl. 13.20. Hann athugaði veginn og sagði, að hann hefði verið sléttur, malborinn og lítilsháttar blautur, því að rignt hafði fyrir hádegi. Á veginum, lítið eitt vinstra megin, voru augljós hemlaför, og mældust þau 5 m löng.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason yfirlögregluþjónn athugaði slysstaðinn og gerði uppdrátt af honum tveimur dögum eftir slysið, eða 26. ágúst. Sagði hann, að þá hefði yfirborð vegarins verið fast, malborið og næstum slétt. Þá reyndust hemlar bifreiðarinnar vera í góðu lagi. Vitnið reyndi hemla bifreiðarinnar á 17 mílna hraða, eða 27.353 km, og sáust þá greinilega hemlaför, er mældust 5.10 metrar. Vitnið merkti á uppdráttinn staðinn, þar sem barnið lá eftir slysið samkvæmt frásögn vitnisins Guðmundu Ágústu Jónsdóttur. Sá staður er um 17 m sunnan við húsið Hafnarstræti 32. Ákærði taldi, að barnið hefði ekki legið svo sunnarlega á götunni og bifreiðin hafi stöðvazt í mesta lagi 10 m frá syðra horni hússins nr. 32. Sagði hann, að bifreið sín hefði verið á móts við húsið nr. 32 sunnanvert, þegar hann sá barnið, og hafi bifreiðin rekizt á barnið beint út af sundinu sunnan við húsið.

Vitnið Árni Stefánsson kvaðst ekki hafa athugað að merkja, hvar hemlaförin hafi verið á götunni, en taldi, að þau hefðu verið frá húshorninu sunnanverðu, eða frá miðju sundinu og 5 m þar frá í suður.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Þingeyri var Jóvína lögð inn á sjúkraskýlið um kl. 13. Barnið var með meðvitund, mundi heiti sitt og aldur og veit, hvar hún er stödd. Hún kvartar ekki um sársauka neins staðar, nema fyrir hjarta, og er ekki aum við-

komu annars staðar en á brjósti framanverðu og vinstra megin. Við skoðun komu í ljós afrifur á enni og vinstri vanga. Enn fremur voru marblettir á báðum olnbogum, og á hægra hné var dálítil afrifa. Engar blæðingar voru úr nefi eða eyrum, en töluvert blæddi úr lungum. Hlustun leiddi í ljós mjög vot og gróf slímhljóð. Kl. 16.40 var barnið meðvitundarlaust. Þá gekk upp mikið af blóði og blóðlitaðri froðu. Kl. 17.10 andaðist barnið. Líkið var ekki krufið.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, er upplýst, að barn það, er varð fyrir slysinu, kom hlaupandi út úr sundi sunnan við gafl hússins Hafnarstræti 32 í veg fyrir bifreiðina Í-261. Barnið lenti á framvara bifreiðarinnar og féll á götuna, en ekki er komin fram sönnun fyrir því, að bifreiðin hafi runnið yfir það, þó ráða megi af áverkum samkvæmt læknisvottorði og vætti Guðmundu Ágústu, að miklar líkur séu fyrir því. Ákærði sá til ferða barnsins, er það kom út úr sundinu, og rakst bifreiðin á það í síðasta lagi út af miðju sundinu. Ákærði hemlar þegar, en bifreiðin stanzaði þó ekki fyrr en barnið var um 1 metra fyrir aftan hana, enda þótt bifreiðin væri ekki nema á 18—20 km hraða að sögn ákærða og hemlar í fullkomnu lagi. Virðist þó samkvæmt uppdrættinum á dómskjali nr. 3, að barnið hafi dregizt um 9 m með bifreiðinni, ef gert er ráð fyrir, að það hafi legið, eins og ákærði virðist hafa fallizt á, á stað, merktum F á uppdrættinum.

Eftir bifreiðina sáust um 5 m hemlaför frá húshorninu sunnanverðu (Hafnarstræti 32) eða miðju sundinu sunnan við það.

Ákærði beygði ekki til vinstri til þess að reyna að forðast slysið, enda þótt það væri hægt.

Þykir ákærði með aðgæzluskorti og of hröðum akstri eftir atvikum vera samvaldur að dauðaslysi Jóvínu Sveinbjörnsdóttur, þar eð hann sýndi ekki þá varkárni, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum, sem aka eftir vegum, þar sem búast má við börnum á ferli.

Með framangreindu hátterni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Jónsson, sæti varðhaldi í 60 daga. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 149/1956. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

**Egon Hornshöj Hansen**

og

**Bent Östergaard Jörgensen**

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.**

Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eins og lýst er í héraðsdómi, er ákærði Egon Hornshöj Hansen samkvæmt ákæruskjali í máli þessu m. a. sóttur til sakar fyrir brot gegn 217. gr. laga nr. 19/1940. Héraðsdómari hefur eigi lagt dóm á þetta ákæruatriði. Þá hefur héraðsdómari látið undan falla nauðsynlega rannsókn á tjóni Friðriks Steinars Axelssonar, einkum að því er varðar 2. og 3. lið skaðabótakröfu hans, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951. Að svo vöxnu máli verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. okt. 1956.**

Ár 1956, þriðjudaginn 9. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4188—9/1956: Ákæruvaldið gegn Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 2. þ. m., er opinbert mál höfðað gegn þeim Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen verkamönnum, til heimilis að Kirkjustræti 2, en nú gæzluföngum í hegningarhúsinu hér í bæ.

I. Gegn ákærða Bent Östergaard Jörgensen er málið höfðað fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 20. sept. s. l. keypt um borð í m/s Dronning Alexandrine, sem lá í höfninni hér í bæ, sex flöskur af áfengum bjór, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 35. gr. og 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Gegn ákærða Egon Hornshöj Hansen er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 21. september s. l. ráðizt á Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, til heimilis á Suðureyri við Súgandafjörð, í garði við Aðalstræti og Kirkjustræti hér í bæ og barið hann, svo að hann hlaut af talsverða áverka í andliti, auk þess sem efri gervigómur brotnaði. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

III. Gegn báðum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt greinds föstudags í heimildarleysi tekið bifreiðina G 226, þar sem hún stóð við Sólvallagötu 5A hér í bæ, og ekið í henni víðsvegar hér um bæinn. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1956 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

IV. Loks er málið höfðað gegn ákærða Egon Hornshöj Hansen fyrir að hafa aðfaranótt áðurgreinds föstudags með áhrifum áfengis og án þess að hafa bifreiðarstjóraréttindi ekið greindri bifreið ljóslausri, hratt og ógætilega víðsvegar hér um bæinn, m. a. gegnt einstefnuakstri eftir Hverfisgötu, svo og fyrir að hafa í ökuferð þessari eigi sinnt stöðvunarmerkjum lögreglumanna. Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, þykja varða við 1. mgr. 7. gr.,

1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 1. mgr. 28. gr., 43. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, sbr. II 16 í auglýsingu um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Þess er krafizt:

1) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar.
2) Að ákærði Egon Hornshöj Hansen verður sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga.
3) Að ákærði Bent Östergaard Jörgensen verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
4) Að ákærði Egon Hornshöj Hansen verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.
5) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Hansen er talinn fæddur 25. október 1935 í Herning í Danmörku, og ákærði Jörgensen er talinn fæddur 22. janúar 1937 í Vejle í Danmörku. Þeir hafa, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu, að því undanteknu, að 14. maí s. l. var ákærði Hansen sektaður í Reykjavík um 200 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Fimmtudagskvöldið 20. f. m. voru ákærðu á gangi hér í miðbænum, og höfðu þeir báðir neytt áfengis. Þeir hittu í Hafnarstræti Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, Suðureyri, Súgandafirði, sem ákærði Hansen kannaðist við frá því á s. l. vetri. Friðrik Steinar var ölvaður og var með lítið átekna ákavítisflösku. Bauð hann þeim félögum að súpa á flöskunni, og þágu þeir það. Friðrik Steinar stakk upp á því, að þeir færu allir um borð í m/s „Dronning Alexandrine", sem var þá í Reykjavíkurhöfn, til að fá þar erlendan bjór, og féllust hinir á það. Þeir fóru um borð í skipið, og keypti ákærði Jörgensen þar sex flöskur af erlendum bjór fyrir 60 krónur íslenzkar, sem hann átti. Síðan héldu þeir í land. Ákærði Jörgensen lét hvorn hinna fá tvær bjórflöskur og tók upp hinar tvær. Drukku þeir þrír úr þeim og dreyptu um leið á ákavítisflöskunni.

Þeir gengu síðan að gistihúsi Hjálpræðishersins í Kirkjustræti 2, þar sem ákærðu bjuggu, en búið var að loka húsinu. Gengu þeir þá út í Bæjarfógetagarðinn svonefnda hinum megin við götuna. Sló ákærði Hansen þá Friðrik Steinar allt í einu, án þess að segja eitt einasta orð, hnefahögg í andlitið. Féll Friðrik Steinar á jörðina við höggið. Sló ákærði Hansen hann síðan tvö högg enn í andlitið, eftir að hann var fallinn. Friðrik Steinar sló ákærða Hansen ekkert á móti. Ákærði Hansen hefur borið það, að áður en hann sló Friðrik Steinar, hafi hann (Friðrik Steinar) þrifið í jakkaboðung hans, og hafi ákærði Hansen haldið, að hann ætlaði að slá hann. Hafi ákærði Hansen viljað verða fyrri til og slegið Friðrik Steinar hnefahögg í andlitið. Friðrik Steinar hefur hins vegar eindregið neitað því að hafa tekið í jakkaboðung ákærða Hansens eða gert sig líklegan til að slá hann og kveður, að árásin hafi verið algerlega tilefnislaus. Ákærði Jörgensen hefur ekkert getað um mál þetta borið.

Ákærðu héldu síðan í burtu frá Friðriki Steinari, þar sem hann lá á jörðinni, en hann reis svo á fætur og fór á lögreglustöðina. Var hann þá blóðugur, bólginn, og gervitennur hans voru brotnar. Frá lögreglustöðinni fór hann á slysavarðstofuna til athugunar. Hefir Eiríkur Bjarnason cand. med. í slysavarðstofunni gefið svohljóðandi vottorð um meiðsli Friðriks Steinars:

„Í nótt, kl. 2, kom hingað í fylgd lögreglunnar maður, sem segist heita Steinar Axelsson, fæddur 4. apríl 1925, til heimilis á Suðureyri við Súgandafjörð. Kom hann inn á lögreglustöðina rétt áður með brot af tveimur tanngörðum í lúkunum. Sjúklingurinn segist hafa verið barinn í andlitið. Við skoðun kemur í ljós, að sjúklingurinn er mikið þrútinn í andliti. Smáskráma er á höku, einnig smávægileg flumbra á vinstri augabrún. Nefrótin er bólgin og marin. Varir eru mjög þrútnar og bólgnar, svo að manninum er af þeim sökum erfitt um mál. Innan á neðri vör er sundurtætt sár, sem sauma verður saman.

Maðurinn var drukkinn."

Ákærðu héldu áfram að ganga um bæinn og neyta áfengis. Nokkru síðar um nóttina urðu þeir sammála um að taka einhverja bifreið í heimildarleysi og aka í henni. Kveðst ákærði Hansen hafa átt uppástunguna að þessu, en ákærði Jörgensen man ekki, hvor þeirra átti hana. Ákærðu sáu, hvar jeppabifreiðin G 226 var fyrir utan húsið nr. 5A við Sólvallagötu hér í bæ. Fóru þeir inn í bifreiðina, sem var ólæst. Ákærði Hansen sleit þræði úr sambandi og tengdi beint samband við rafgeymi bifreiðarinnar og kom á þann hátt vél hennar í gang. Hann settist síðan undir

stýri bifreiðarinnar og ákærði Jörgensen við hlið hans og ók svo í henni um bæinn. Hefir ákærði Hansen viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærðu óku m. a. norður Snorrabraut, og þar gaf lögreglumaður þeim stöðvunarmerki, sakir þess að bifreiðin var ljóslaus. Ákærði Hansen sinnti þó ekki stöðvunarmerkinu, heldur ók áfram og beygði vestur Hverfisgötu á móti einstefnuakstri um þá götu. Rétt á eftir sáu lögreglumenn, sem staddir voru við Hlemmtorg, hvar ákærðu óku í greindri bifreið á miklum hraða austur Hverfisgötu. Veittu þeir bifreiðinni eftirför og komust að hlið hennar og gáfu stöðvunarmerki, en ákærði Hansen sinnti því ekki, heldur ók áfram austur Suðurlandsbraut. Lögreglumennirnir settu þá „sírenu" í gang og kveiktu á rauðu blikkljósi, en ákærði Hansen sinnti því heldur ekki og dró ekki úr hinum mikla hraða bifreiðarinnar, þó að hann væri tilneyddur að aka henni fyrir utan malbik Suðurlandsbrautar. Hann ók áfram á miklum hraða norður Múlaveg, austur Laugarásveg og Sunnutorg, norður Langholtsveg, vestur Kleppsveg og suður Laugarnesveg, en á mótum þess vegar og Sundlaugavegar neyddist hann til að nema staðar, þar sem lögreglubifreið hafði verið lagt þar þvert yfir götuna. Lögreglumennirnir handtóku síðan ákærðu og færðu þá í varðhald.

Ákærðu eru danskir ríkisborgarar og hafa dvalið hér á landi síðan 14. nóvember f. á., en áður hafði ákærði Egon Hornshöj Hansen dvalið hér á landi frá 27. maí 1954 til 14. september f. á.

Ákærðu hafa með heimildarlausri notkun sinni á bifreiðinni G 226 gerzt brotlegir gegn 259. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1. marz 1956 um breytingu á þeim lögum.

Þá hefir ákærði Egon Hornshöj Hansen með því að aka nefndri bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur gegn 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 29. janúar 1951 um breyting á þeim lögum og gegn 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 svo og gegn 24. gr., 1. mgr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954. Hann hefur enn fremur með því að aka bifreiðinni án bifreiðarstjóraréttinda brotið gegn 20. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 45. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Með því að aka bifreiðinni ljóslausri í umrætt skipti hefir hann brotið gegn 7. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 43. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, og með því að aka bifreiðinni hratt og ógætilega, eins og að framan er lýst, hefir

hann brotið gegn 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna svo og gegn 46. gr. sbr. 96. gr. 1. mgr. lögreglusamþykktarinnar. Þá hefir hann með því að sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumanns brotið gegn 2. gr. sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar. Loks hefir ákærði Egon Hornshöj Hansen með því að aka bifreið gegnt einstefnuakstursreglum um Hverfisgötu gerzt brotlegur gegn 5. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, sbr. II. kafla, 16. tl., auglýsingar um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53 1955.

Loks hefir ákærði Bent Östergaard Jörgensen með bjórkaupum sínum gerzt brotlegur gegn 6. gr., 1. mgr., sbr. 35. gr., 1. mgr., og 33. gr., a. tl., áfengislaganna.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Refsing ákærða Bents Östergaards Jörgensens þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Ákærðu hafa setið í gæzluvarðhaldi síðan 21. september s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist þeirra að koma með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Friðrik Steinar Axelsson hefir krafizt þess, að ákærði Egon Hornshöj Hansen verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.335.00 í bætur fyrir líkamsárásina. Hefir Friðrik Steinar sundurliðað bótakröfu sína þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Læknishjálp, vottorð, akstur ..... | kr. | 150.00 |
| Gervitennur ..... | — | 1800.00 |
| Föt ..... | — | 1385.00 |
| Miska- og þjáningabætur ..... | — | 4000.00 |
| | Samtals kr. | 7335.00 |

Ákærði Egon Hornshöj Hansen hefir mótmælt bótakröfu þessari og ekki viljað samþykkja að greiða Friðrik Steinari eyri í bætur, en með því að telja verður kröfuna réttmæta, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 39. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna ber að svipta ákærða Egon Hornshöj Hansen

rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða Bent Östergaard Jörgensen rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði Egon Hornshöj Hansen sæti varðhaldi í 4 mánuði og ákærði Bent Östergaard Jörgensen varðhaldi í 45 daga.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu síðan 21. september 1956 komi með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen greiði Friðrik Steinari Axelssyni kr. 7335.00.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Bent Östergaard Jörgensen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 144/1956. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Gísla Kristjáni Guðmundssyni**
(Magnús Thorlacius hrl.).

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ölvun við bifreiðarakstur.

## Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gísli Kristján Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1954.**

Ár 1954, laugardaginn 4. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6507/1954: Ákæruvaldið gegn Gísla Kristjáni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 20. nóvember s. l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. júlí s. l., gegn Gísla Kristjáni Guðmundssyni skipasmið, Sörlaskjóli 5 hér í bæ, fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengis-

laga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að hafa hinn 4. júní 1953, um kl. 06.00, ekið bifreiðinni G 366 frá veðurathugunarstöðinni á Keflavíkurflugvelli eftir vegum á Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis, til vara samkvæmt 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna fyrir að aka nefndri bifreið, er hann var haldinn slíkri þreytu og sljóleika, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærist því nefndur Gísli Kristján Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954, 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. janúar 1915 að Glæsistöðum í Vestur-Landeyjum, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1946, 4/9. Reykjavík. Sátt: 125 kr. sekt fyrir brot gegn 17. gr. bifreiðalaga.

1946, 18/10. Reykjavík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.

1947, 14/3. Reykjavík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga og 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga.

1947, 24/3. Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1948, Reykjavík. Kærður fyrir ölvun við bifreiðarstjórn. Sent Dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar 4/11 '48. Svar barst ekki, og er málið því fyrnt.

1951, 1/9. Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1952, 10/12. Reykjavík. 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 4. júní s. l., kl. 06.00, voru lögreglumenn á ferð á Keflavíkurflugvelli. Er þeir voru komnir rétt upp fyrir lögreglustöðina, mættu þeir vörubifreiðinni G 366. Var henni ekið all einkennilega, bæði hlykkjótt og skrykkjótt. Lögreglumennirnir veittu bifreiðinni eftirför, og tókst þeim að stöðva hana. Undir stýri sat ákærði í máli þessu, Gísli Kristján Guðmundsson. Reyndist hann ölvaður, og var farið með hann til læknis til blóðtöku.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til áhrifa áfengis við

aksturinn, en það hafi þó ekki haft áhrif á akstursháefni sína. Áfengis kveðst hann hafa neytt milli kl. 05.00 og 06.00 um morguninn, sem svarar einum tvöföldum „sjúss". Ástæðuna til þess, að bifreiðin rykktist til í akstri, kveður ákærði hafa verið þá, að benzínstífla hafi verið í henni.

Báðir lögreglumennirnir, er yfirheyrðir hafa verið í máli þessu, hafa borið, að ákærði hafi verið greinilega með áhrifum áfengis, og staðfest þann framburð sinn með eiði.

Í blóðsýnishorninu úr ákærða fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.40‰ af alkóhóli.

Það er nægilega sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði ók bifreiðinni G 366 með áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Um ítrekað brot ákærða er að ræða, með því að 10 daga varðhaldi því, sem hann var dæmdur í 24/3 1947, var ekki breytt í sekt fyrr en 17/11 1949. Þykir því refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Af framangreindri ástæðu ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Kristján Guðmundsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Hann skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 8/1957. **Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað**

gegn

**Bjólfi h/f.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Ákveðinn skriflegur málflutningur.

## Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp í sjó- og verzlunardómi Seyðisfjarðar af formanni dómsins, Erlendi Björnssyni bæjarfógeta, og samdómsmönnunum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni Hólm.

Sóknaraðili hefur hinn 31. desember 1956 kært til Hæstaréttar úrskurð sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar, sem upp var kveðinn 28. s. m., en með úrskurði þessum var ákveðið, að mál sóknaraðilja gegn varnaraðilja skyldi skriflega flutt. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og munnlegur flutningur málsins ákveðinn. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað, greiði varnaraðilja, Bjólfi h/f, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 28. desember 1956.**

Í þinghaldi sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 30. nóvember 1956 í málinu: Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað, gegn Bjólfi h.f. óskaði fyrirsvarsmaður varnaraðilja þess, að málflutningur yrði ákveðinn skriflegur, en fyrirsvarsmaður sóknaraðilja andmælti því, og halda þeir sér enn fast við þetta.

Sóknaraðili hefur höfðað mál þetta til greiðslu skaðabóta fyrir bryggjuskemmdir, sem hann telur hafa orðið af völdum togarans Ísólfs, sem er eign varnaraðilja. Hefur varnaraðili aðallega krafizt sýknu og talið sér nauðsynlegt að fá lögfræðing til að annast vörn málsins. Hann skýrir svo frá, að verjandinn, Ágúst Fjeldsted hrl., Reykjavík, geti ekki komið því við að ferðast til Seyðisfjarðar til þess að flytja málið, og kveður það ástæðu þess, að hann óskar skriflegs málflutnings.

Fyrirsvarsmaður sóknaraðilja hefur bent á það, að óeðlilegt sé, að lögfræðingar geti flutt mál, án þess að þurfa nokkurn tíma að mæta í þeim.

Dómurinn telur líkur til þess, að málsútlistun í máli sem þessu muni verða gleggri, ef lögfræðingar annast málflutning. Augljóslega er erfiðleikum bundið fyrir málflutningsmann í Reykjavík að ferðast til Seyðisfjarðar að vetrarlagi. Eru því fyrir hendi skilyrði bæði 1. og 2. töluliðs 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936 til þess að leyfa skriflegan málflutning.

Enginn ónauðsynlegur dráttur hafði orðið á málinu, þegar ákvörðun skyldi taka um málflutninginn. Er því ekki af þeim sökum ástæða til að neita um skriflegan málflutning. Verða andmæli fyrirsvarsmanns sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal skriflega flutt.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 171/1956. **Ragnar Björnsson**

gegn

**Einari Gunnari Einarssyni.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Frests synjað.

## Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. desember f. á., er barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, honum veittur framhaldsfrestur til 8. janúar þ. á. og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem telst eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Björnsson, greiði varnaraðilja, Einari Gunnari Einarssyni, kr. 1500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. þ. m., hefur Einar Gunnar Einarsson héraðsdómslögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. f. m., gegn Ragnari Björnssyni, Blönduhlíð 24, og Jóni Ingimundarsyni, Holtsgötu 1, báðum

hér í bænum, til greiðslu á víxli, að fjárhæð kr. 102.251.50, sem útgefinn var 5. október 1955 af stefnda Jóni Ingimundarsyni og samþykktur af stefnda Ragnari Björnssyni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands h. f. hér í bæ, en víxill þessi var afsagður vegna greiðslufalls 4. október s. l.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 102.251.50 með 7% ársvöxtum frá 4. október 1956 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. 247.20 í stimpilkostnað, 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, eða kr. 340.80, og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefndu byggja kröfu sína á víxli þeim, sem hér að framan er getið og lagður hefur verið fram í málinu. Er víxillinn ábektur af útgefanda.

Mál þetta var þingfest 27. f. m. Af hálfu stefnda Jóns var þá ekki sótt dómþing. Af hálfu stefnda Ragnars var mætt, og fékk hann frest í eina viku til ritunar greinargerðar. Er málið kom fyrir þann 4. þ. m., skilaði stefndi Ragnar ekki greinargerð, en lagði fram tvær ljósmyndir af kvittunum og fékk bókað eftirfarandi:

„Eg legg fram ljósmynduð afrit af kvittunum, er sýna, að hinn umstefndi víxill er þegar að fullu greiddur meðstefnda Jóni Ingimundarsyni.

Svo lítur út sem meðstefndi Jón Ingimundarson hafi framselt víxilinn þriðja manni, eftir að hann móttók greiðslu á víxlinum. Umbjóðandi minn telur nauðsynlegt að fá þetta athæfi upplýst með rannsókn hjá sakadómara. Eg bið því um frest til 8. janúar n. k.“

Umboðsmaður stefnanda mótmælti bókuninni og hinum framlögðu skjölum sem röngum og málinu óviðkomandi og neitaði að veita frekari frest. Atriðið var þá tekið til úrskurðar.

Kvittanir þær, sem af hálfu stefnda Ragnars hafa verið lagðar fram, eru dagsettar 21. júlí 1955 og 25. september s. á., önnur að fjárhæð kr. 120.000.00, en hin að fjárhæð kr. 25.000.00. Fjárhæðum kvittananna ber því ekki heim við fjárhæð víxilsins í máli þessu, og þar sem kvittanirnar eru báðar dagsettar, áður en víxillinn var gefinn út, þykir nokkuð vafasamt, að þær geti við hann átt.

Stefndi Ragnar byggir varnir sínar á því, að víxillinn sé greiddur. Með því að víxillinn ber það á engan hátt með sér, að hann hafi verið greiddur, verður að líta svo á með skírskotun til 208. gr. laga nr. 85/1936, að vörn þessi komizt ekki að í máli þessu,

sem er víxilmál. Með hliðsjón af framangreindu og þar sem stefndi hefur þegar haft tækifæri til að tjá sig um málið að öðru leyti, verður synjað um hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

---

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 6/1957. **Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar**

gegn

**Ingólfi G. S. Espholin.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1956, er barst Hæstarétti hinn 9. janúar 1957, og krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar, greiði varnaraðilja, Ingólfi G. S. Espholin, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 13. desember 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sæmundur Ólafsson útgerðarmaður, Bíldudal, f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar, Bíldudal, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Espholin forstjóra, Höfða hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 72.916.35 með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Málið var flutt frá bæjarþingi fyrir sjó- og verzlunardóminn hinn 5. þ. m.

Málsatvik eru þessi:

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 15. október 1953, lagði lögmaður stefnanda fram stefnu, yfirlitsreikning, greinargerð og afrit kröfubréfs. Í stefnunni segir ekki annað um tilefni og aðdraganda málsins en þetta: „Krafa þessi er samkvæmt yfirlitsreikningi m/b „Sigurðar Stefánssonar". Yfirlitsreikningurinn var svohljóðandi:

Yfirlitsreikningur 5/10 1953
Frystihúsið Bíldudal
m/b Sigurður Stefánsson

| 1953 | Kr. au. |
|---|---|
| Júní 9 Pro: Inneign | 122916.35 |
| | Kr. 122916.35 |

f. h.
Frystihúsið Bíldudal
Páll Ágústsson".

Í greinargerðinni er ekki annað til skýringar á málavöxtum en þetta:

Með því að yfirlitsreikningurinn á dskj. 2 stafar frá stefnda

og krafan því virðist viðurkennd, sýnist ekki þörf á að skýra þetta mál nánar.

En í júlímánuði síðastliðnum galt stefndi í hlaupareikning Sæmundar Ólafssonar kr. 25.000.00 og jafn háa fjárhæð í ágúst þ. á., þannig að fjárhæð reikningsins lækkar um kr. 50.000.00.

Hinn 5. nóvember 1953 lagði lögmaður stefnda fram greinargerð sína. Er í henni mótmælt því, að framangreindur reikningur sé gerður í umboði stefnda, enda sé reikningurinn ósundurliðaður, rangur og órökstuddur. Enn fremur er því haldið fram í greinargerð stefnda, að hann hafi þegar goldið rúmlega 42 þúsund krónur af stefnukröfunni og hann telji sig eiga gagnkröfur á hendur fyrirsvarsmanni stefnanda og séu þær allmiklu hærri en eftirstöðvar stefnukröfunnar.

Í þinghaldi á bæjarþinginu 18. febrúar 1954 var lögð fram af hálfu stefnda áskorun til stefnanda um að leggja fram sundurliðaðan reikning yfir viðskipti þau, sem stefnandi telur stefnukröfuna reista á.

Með stefnu, útgefinni 19. september 1955, höfðaði stefndi gagnsök í málinu. Gagnstefndi krafðist þess, að gagnsökinni yrði vísað frá dómi, og var sú krafa tekin til greina með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 12. marz s. l.

Við dómtöku máls þessa hér fyrir dómi studdi lögmaður stefnanda dómkröfur sínar við hin sömu gögn sem í upphafi, en mótmælti frávísunarkröfu stefnda sem of seint fram kominni.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Sæmundur Ólafsson, kom fyrir dóm hinn 25. maí 1954 á bæjarþinginu. Skýrði hann m. a. svo frá, að til væri ársreikningur m/b Sigurðar Stefánssonar um árið 1953, og kvað hann upphæðina á framangreindum yfirlitsreikningi vera í samræmi við ársreikning bátsins, en jafnframt taldi hann ekki þörf á að leggja fram þann reikning, þar sem skuldin sé viðurkennd samkvæmt yfirlitsreikningnum og með tilliti til innborgana þeirra, sem getið var í greinargerð stefnanda.

Þess var þegar getið, að réttmæti yfirlitsreikningsins var véfengt í greinargerð stefnda, en auk þess eru í ýmsum gögnum málsins ákveðin andmæli gegn honum. Þá er þess og getið, að stefndi skoraði á stefnanda að rökstyðja og sundurliða kröfu sína, og var sú áskorun gerð, áður en fyrirsvarsmaður þeirra kom fyrir dóm. Að þessu athuguðu verður ekki séð, að stefnandi fái talið margnefndan yfirlitsreikning jafngildan skuldarviðurkenningu stefnda. Eru kröfur stefnanda því svo mjög vanreifaðar, að ekki verður hjá því komizt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnanda til að

greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dóminn hafa upp kveðið þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Jóhann Ólafsson forstjórar.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar, greiði stefnda, Ingólfi G. S. Espholin, kr. 2500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 2/1957. **Elli- og hjúkrunarheimilið Grund**

gegn

**Ragnari Halldórssyni.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Frávísun máls frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. f. m. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur, að frestur sá, er í héraðsdómi greinir, verði veittur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði varnaraðilja, Ragnari Halldórssyni, kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar í gær, höfðaði Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. þ. m., gegn Ragnari Halldórssyni tollþjóni, Kirkjubrú, Álftanesi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.843.30 með 6% ársvöxtum frá 23. nóvember 1956 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest í gær á hinu venjulega bæjarþingi. Lagði umboðsmaður stefnanda þá aðeins fram stefnuna, áritaða af stefnuvottum. Stefndi sótti sjálfur dómþing. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir viku fresti til að skrifa greinargerð og leggja fram skjöl. Stefndi neitaði um frest. Krafðist hann þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi eða það hafið og sér tildæmd ómakslaun, en til vara, að sér yrðu dæmd ómakslaun. Var málið þá tekið til dóms eða úrskurðar.

Um málsatvik stendur ekki annað í stefnu en: „Krafa þessi er vegna dvalar Halldóru Halldórsdóttur á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund". Stefnanda bar hins vegar við þingfestingu málsins að gera ýtarlega grein fyrir kröfum sínum og leggja fram þau skjöl, er hann byggir kröfur sínar á. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að málið sé vanreifað af hans hálfu og með skírskotun til 105. gr. laga nr. 85/1936 þykir verða að vísa því frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnda, Ragnari Halldórssyni, kr. 100.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 23. janúar 1957.

Nr. 146/1955. **Sumarliði Betúelsson**
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
**Kristjáni Gíslasyni og Halldóru Stefánsdóttur**
(Sigurður Ólason hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Héraðsdómur og málsmeðferð dæmd ómerk vegna vanreifunar.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. september 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á.

Fyrir héraðsdómi lágu eigi fyrir gögn um það, hvaða rétt stefndi Halldóra Stefánsdóttir hafði yfir landi því, sem stefndu afsöluðu áfrýjanda. Eigi komu heldur fram í héraði skýrslur um það, með hvaða heimild land þetta var aftur tekið af áfrýjanda né hvernig hann snerist við þeirri töku. Er málið því svo vanreifað, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Stefndu hafa krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og ber eftir úrslitum málsins að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Sumarliði Betúelsson, greiði stefndu, Kristjáni Gíslasyni og Halldóru Stefánsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 1. marz 1955.**

Ár 1955, þriðjudaginn 1. marz, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 11. febrúar síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 24. marz 1954, af Sumarliða Betúelssyni, Grundarstíg 15 B, Reykjavík, gegn Kristjáni Gíslasyni bifreiðarstjóra og frú Halldóru Stefánsdóttur, báðum til heimilis að Kópavogsbletti 45, Kópavogi, til solidariskrar greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Mál þetta var flutt í bæjarþingi Hafnarfjarðar og dæmt þar.

Málavextir eru þessir:

Með yfirlýsingu, sem dagsett er 16. maí 1951, hafði stefndi Kristján Gíslason afsalað Sumarliða Betúelssyni lóð úr stykki sínu, allt að þúsund fermetrum, eða eins og skipulagið ákveður, og kvittar hann jafnframt fyrir, að það sé að fullu greitt, en kaupverð var kr. 3000.00.

Stykki það, sem hér er um að ræða, var Kópavogsblettur 45, en land þetta var erfðafestuland, er kona Kristjáns, meðstefnd frú Halldóra Stefánsdóttir, hafði haft réttindi að. Erfðaleigusamningur þessi hafði verið staðfestur af ráðuneytinu 25. júlí 1946, en sagt upp aftur með bréfi, dags. 25. sept. 1951, og var þá jafnframt leyft „að ráðstafa byggingarlóðum úr landinu samkvæmt skipulagi", eins og þetta er orðað í bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 7. apríl 1954 (framlagt sem dómsskj. 9). Leyfi þetta hafi þótt eftir atvikum rétt að veita vegna þeirra umbóta, sem gerðar hefðu verið á landinu.

Þegar stefnandinn taldi sig vera orðinn eiganda að umræddu landi, flutti hann á það timburskúr, sem hann átti. Ekki virðist stefnandinn hafa sótt um formlega útmælingu landsins, eftir því sem byggingarfulltrúi Kópavogshrepps segir, en látið umræddan skúr vera á lóðinni í trássi við byggingarnefnd, unz skúrinn brann.

Þar sem nú tvö ár hafi liðið, frá því að stefnandinn fékk afsal fyrir áðurgreindri lóð, hafi byggingarnefnd ekki séð sér fært annað en úthluta lóðinni til annars, enda margir verið á biðlista.

Eftir að húsið brann, kveðst stefnandinn hafa farið að hugsa verulega til athafna, en komið í ljós, að stefndu hefðu selt öðr-

um téða lóð. Því hafa stefndu neitað, og virðist það ekki hafa við rök að styðjast.

Stefnandinn kveðst hafa látið gera teikningu af húsbyggingu á lóðinni, gert ráðstafanir til að fá fjárfestingarleyfi o. fl., en útkoman orðið sú, eins og áður er getið, að lóðin var af honum tekin og úthlutuð öðrum. Telur stefnandinn tjón sitt af þessum sökum kaupverð lóðarinnar, kr. 3000.00, andvirði hústeikningar, kr. 1000.00, og skaðabætur vegna óþæginda, kr. 2000.00, eða samtals kr. 6000.00, sem er stefnukrafa í málinu.

Stefndu halda fram, að þau hafi aðeins framselt þann rétt, er þau höfðu, og slík sala „leiguréttar" sé algeng í Kópavogshreppi. Hefði stefnandanum verið fullkunnugt um, hvað hann keypti, og það sé sjálfs hans sök að reyna ekki í tæka tíð að fá sér lóðina úthlutaða og heimild til byggingar á henni hjá hlutaðeigandi yfirvöldum, en þetta hefði hann vanrækt og þess vegna misst lóðina.

Dómurinn verður að telja, að ekki brjóti í bága við lög að selja umráð yfir lóð, eins og stefndu gerðu, og ekki heldur verði talið, að þau hafi gert það í heimildarleysi, enda muni það ekki ótítt.

Enn fremur verður ekki talið sannað í málinu, að stefndu verði um það kennt, að stefnandinn missti af lóðinni, né að þau á annan hátt beri ábyrgð á tjóni því, er stefnandinn telur sig hafa orðið fyrir af þeim sökum.

Með vísan til þessa ber að sýkna stefndu af kröfum stefnandans í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Kristján Gíslason og Halldóra Stefánsdóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Sumarliða Betúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. janúar 1957.

Nr. 56/1956. **Landssîmi Íslands** (Einar B. Guðmundsson hrl)
gegn
**Magnúsi Ólafssyni og gagnsök**
(Ragnar Ólafsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabætur vegna umferðarslyss dæmdar af hluta.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1956 og krafizt þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að dæmdar fjárhæðir í héraði verði færðar niður til muna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1956 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 90.839.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þá er slys það varð, sem í málinu greinir, ók gagnáfrýjandi of hratt, hélt sig röngu megin á veginum og ók allt of nálægt bifreiðinni R 3818, sem á undan honum var. Hann átti því meginsök á því, að hann rakst á bifreiðina, þá er hún beygði af Laugavegi og niður á Vatnsstíg. Hins vegar ók ökumaður bifreiðarinnar þá í of stuttum boga, og sýnt er, að hann hefur ekið of hratt í beygjunni. Gagnáfrýjandi þykir, að öllum atvikum athuguðum, hafa átt sök á slysinu að 4/5 hlutum, en ökumaður bifreiðarinnar að 1/5.

Mat héraðsdómara á einstökum liðum bótakröfunnar telst hæfilegt. Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýj-

anda til að greiða 1/5 af kr. 73.825.00, þ. e. kr. 14.765.00, með vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Landssími Íslands, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Ólafssyni, kr. 14.765.00 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Magnús Ólafsson, Kirkjuteigi 16 hér í bæ, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. desember 1954, gegn Guðmundi Hlíðdal póst- og símamálastjóra f. h. Landssíma Íslands til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 97.289.00 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1952 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og vextir einungis reiknaðir frá útgáfudegi stefnu, 15. desember 1954.

Almennum tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, R-3818, var vátryggð hjá félaginu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefndu, og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 13. ágúst 1952, kl. 09.25, varð stefnandi fyrir bifreiðinni R-3818 á mótum Laugavegar og Vatnsstígs hér í bæ með þeim afleiðingum, að hann hlaut opið brot á vinstra fæti. Bifreið þessi er eign stefnda.

Ökumaður R-3818 hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni vestur Laugaveg í umrætt skipti með um 25 km hraða, miðað við klst. Er hann kom að umræddum gatnamótum, hafi hann sveigt bifreiðina til hægri og ætlað að aka inn á Vatnsstíg, en áður hafi hann litið í spegil, er situr á nokkuð löngum armi, sem festur er á hurð bifreiðarinnar vinstra megin, og gengið úr skugga um, að engin umferð væri á eftir. Beygjuna hafi hann

tekið nokkuð fljótt, en þó á „rólegri ferð". Skyndilega hafi maður á bifhjóli komið á talsvert mikilli ferð, að honum hafi virzt, og lent á hægra framhorni bifreiðarinnar. Kveðst hann samstundis hafa hemlað og hafi bifreiðin fljótlega numið staðar. Við árekstur inn hafi bæði hjól og maður fallið á hægri hliðina og dregizt með bifreiðinni, unz hún nam staðar. Er hann hafi komið út úr bifreiðinni, hafi bifhjólið legið á hliðinni við hægra horn framvarans og maðurinn, er reyndist vera stefnandi, setið á því. Hafi vinstri fótur hans fyrir neðan hnéð verið klemmdur milli horns framvarans og bifhjólsins. Kveðst vitnið því hafa stigið upp í bifreiðina aftur og ekið henni aftur á bak til að losa um fót stefnanda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er að umræddum gatnamótum kom, hafi hann verið búinn að aka nokkurn spöl á eftir R-3818. Kveðst hann hafa ekið nokkuð nálægt bifreiðinni, og er henni var sveigt til hægri, hafi hann einnig sveigt hjólið í þá stefnu til þess að forða því, að hann rækist á bifreiðina. Bifreiðin hafi verið sveigð í kröppum boga, og hafi bifhjólið runnið fram með hægri hlið hennar. Það hafi síðan engum togum skipt, að er bifhjólið var komið fram fyrir hægra horn framvarans, hafi endi hans skollið á vinstri fæti stefnanda og vinstri hlið bifhjólsins, er ásamt honum hafi fallið á hægri hliðina. Bifreiðin hafi síðan ýtt bæði honum og hjólinu spöl á undan sér, áður en hún nam staðar. Stefnandi kveðst ekki hafa haft ráðrúm til að gefa hljóðmerki, en leggur áherzlu á, að hann hafi ekki ætlað sér að aka fram úr bifreiðinni á gatnamótunum, og telur sig geta fullyrt, að hann hafi ekki, svo teljandi sé, ekið hraðar en bifreiðin, er að gatnamótunum kom.

Maður nokkur, sem sat í bifreið á Laugaveginum rétt austan við ofangreind gatnamót, hefur skýrt svo frá, að R-3818 hafi verið ekið með um 25 km hraða, miðað við klukkustund. Bifreiðin hafi verið sveigð frekar snöggt inn á Vatnsstíg og án þess að dregið væri úr hraða hennar. Um leið og bifreiðin var sveigð, hafi bifhjólið verið komið móts við hægri hlið hennar og í um eins metra fjarlægð frá bifreiðinni. Um leið og bifhjólið komst fram fyrir bifreiðina, hafi framvari hennar lent á því, en við það hafi maður og hjól fallið til hægri og bifreiðin ýtt hjólinu með stefnanda á um þrjá metra á undan sér, unz hún nam staðar. Vitnið kveður hraða bifhjólsins hafa verið um 30 til 35 km, miðað við klukkustund.

Eigi er vitað um aðra sjónarvotta að slysinu.

Skömmu eftir slysið komu löggæzlumenn á vettvang. Var upp-

dráttur gerður af slysstaðnum, þar sem sýnd er staða R-3818 eftir slysið, svo og voru myndir teknar af vettvangi. Hefur hvort tveggja verið lagt fram í málinu.

Bifreiðin R-3818 er lítil vörubifreið af Ford-gerð, smíðuð 1949. Er stýrisbúnaður vinstra megin í bifreiðinni. Á palli bifreiðarinnar er skýli, sem er að nokkru leyti úr tré, en strengt yfir með segldúk. Er skýli þetta jafnhátt stýrishúsi bifreiðarinnar og nær yfir pallinn allan. Á bakgafli skýlisins er tvöföld hurð með tveimur fremur litlum gluggum. Mun útsýn gegnum afturglugga stýrishúss alveg birgð af þessum sökum, og getur ökumaðurinn ekki fylgzt með farartækjum, sem á eftir eru, nema að því leyti, sem þau kunna að sjást í fyrrgreindum hliðarspegli.

Sama morgun og slysið varð, var bifreiðin skoðuð og reynd í akstri af tveimur bifreiðaeftirlitsmönnum. Óku þeir bifreiðinni á malbikaðri, láréttri götu með um 40 km hraða, miðað við klukkustund, og stöðvaðist hún á um 9.5 metra vegalengd, er hemlum var beitt, en einungis sáust hemlaför eftir hægra afturhjól. Handhemill reyndist óvirkur, en stýri og flauta í lagi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ökumaður R-3818 hafi átt sök á slysinu bæði vegna ógætilegs aksturs og þess, að hemlar bifreiðarinnar hafi ekki verið í lagi. Bendir hann á, að af gögnum málsins virðist orsök slyssins sú, að ökumaður R-3818 hafi sveigt bifreiðina snögglega til hægri án þess að draga úr hraðanum og án þess að gefa merki, þannig að stefnanda hafi ekki gefizt ráðrúm til að koma í veg fyrir árekstur. Er slysið varð, hafi veður verið bjart, dagsbirta og gatan malbikuð. Ökumaður R-3818 hefði því átt að geta stöðvað bifreiðina þegar í stað, er stefnandi skall utan í hana. Hann virðist að vísu hafa beitt hemlum þegar í stað, en hemlarnir hins vegar ekki verkað nægilega fljótt. Þá hafi honum borið að sýna sérstaka varúð, er hann beygði, þar sem viðurkennt sé, að hann hafi ekki séð aftur fyrir bifreiðina vegna skýlisins á palli hennar. Með skírskotun til alls þessa beri stefndi samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að stjórnandi R-3818 hafi sýnt fyllstu aðgæzlu, og beri að leggja sökina á slysinu óskipta á stefnanda sjálfan, en sannað sé, að hann hafi brotið gegn hinum veigamestu skyldum, sem lagðar séu á stjórnendur farartækja, þar sem hann hafi ekið á ólöglegum hraða, haldið farartæki sínu allt of nærri bifreiðinni og ekið síðan fram með bifreiðinni á fjölförnum gatnamótum og án þess að gefa nokkurt hljóðmerki. Bendir hann á, að það virðist öldungis vafalaust, að

stefnandi hafi ætlað að aka fram úr bifreiðinni á gatnamótunum. Hafi stefnandi sýnt stórfellt gáleysi. Stjórnandi R-3818 hafi hins vegar ekið með löglegum hraða og litið í hliðarspegil bifreiðarinnar, áður en hann sveigði bifreiðina til hægri, og ekki orðið var nokkurs farartækis á eftir sér. Þá hafi bifreiðin verið í fullkomnu lagi, og þótt hemlar hafi verið ójafnir að einhverju leyti, hafi það ekki átt nokkurn þátt í slysinu. Varakröfuna styður stefndi m. a. einnig þeim rökum, að stefnandi verði sjálfur að bera langmestan hluta tjónsins vegna hins stórfellda gáleysis, er hann hafi sýnt.

Slys það, sem hér um ræðir, varð á einni mestu umferðargötu borgarinnar. Útsýn ökumanns R-3818 aftur fyrir bifreiðina var, eins og áður sagði, mjög takmörkuð, og torveldaði það honum að hafa gát á umferðinni að baki sér. Þá virðist bifreiðin ekki hafa verið búin stefnuljósum eða öðrum slíkum öryggisbúnaði, er gerði ökumanninum kleift að gefa til kynna, að hann hyggðist breyta um stefnu og aka inn á hliðargötu. Við þessar aðstæður bar honum að sýna sérstaklega mikla aðgæzlu og vera við því búinn að þurfa að stöðva bifreiðina þegar í stað, sbr. 26. gr., 5. mgr., bifreiðalaga. Á þetta þykir hafa skort, enda er upp komið í málinu, að bifreiðin rann nokkurn spöl, eftir að hemlum var beitt. Var þó yfirborð götunnar malbikað. Þá þykir sýnt af aðstöðuuppdrætti þeim og myndum, sem áður var getið, sbr. og framburðina, sem raktir voru hér að framan, að ökumaður R-3818 hafi tekið beygjuna inn á Vatnsstíg of krappa, sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öllu þessu athuguðu, verður að telja, að ökumaður R- 3818 hafi átt nokkra sök á oftnefndu slysi, sbr. 34. gr. bifreiðalaga.

Gegn eindregnum andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að hann hafi ætlað að aka fram úr R-3818 á gatnamótunum, enda þótt margt bendi til þess. En af atvikum öllum er ljóst, að hann hefur ekið mun hraðar en varlegt gat talizt og alltof nálægt bifreiðinni. Mátti hann þó gera ráð fyrir, að bifreiðin yrði snögghemluð eða sveigð þvert yfir akbrautina, eins og raun varð á, og bar honum því að vera við því búinn að þurfa að stöðva bifhjólið snögglega. Með þessum mjög gálausa akstri varð stefnandi að megin-hluta meðvaldur að slysinu.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir stefnandi sjálfur hafa átt sök á slysinu að ⅔ hlutum, en stefndi að ⅓ hluta. Ber stefndi samkvæmt 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaga fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að því leyti.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Örorkubætur | kr. | 81.264.00 |
| 2. Þjáningabætur | — | 15.000.00 |
| 3. Fatatjón | — | 500.00 |
| 4. Læknisvottorð | — | 200.00 |
| 5. Útreikningur örorkubóta | — | 250.00 |
| 6. Kostnaður við myndatöku | — | 75.00 |
| Samtals | kr. | 97.289.00 |

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum hans til bráðabirgða, en bæði sköflungur og sperrileggur vinstri fótar höfðu brotnað. Samdægurs var hann fluttur í Landakotsspítala, og þar lá hann til 27. janúar 1951, eða um 5½ mánuð.

Í vottorði Bjarna Jónssonar læknis, dags. 17. maí 1953, er sjúkrasaga stefnanda rakin. Segir þar orðrétt á þessa leið:

„... Við komu í Landakotsspítala voru brotin í sæmilegum skorðum, en sár á legg.

Brotin héldust ekki í skorðum og gengu jafnan úr lagi, þó að reynt væri að koma þeim í lag. Sárið greri.

Þann 21/10—'52 var því farið inn á brotið, beinendar voru særðir saman og festir með spöng.

Þann 27/1—'53 fór sjúklingurinn úr spítalanum í göngugipsi.

Þann 16/2—'53 var göngugipsið tekið, og sýndi röntgenskoðun, að brotið var gróið.

Skoðun þann 9/5—'53: Sjúklingurinn gengur eðlilega, óhaltur. Vinstri ganglimur er 2 cm styttri en sá hægri. Framan á sköflung er 18 cm langt ör, vel gróið. Enginn bjúgur á fæti. Vinstri ganglimur er lítið eitt rýrari en sá hægri.

| Ummál | H. | V. |
|---|---|---|
| Kálfi | 36 cm | 34 cm |
| 10 cm ofan hnéskeljar | 46 — | 44 — |

Hreyfingar í hné og mjaðmarlið eðlilegar.

| Hreyfingar í öklum: | H. | V. |
|---|---|---|
| Hjarahreyfing | 70°/120° | 80°/110° |
| rétthverfing (supinatio) | 65° | 30° |
| ranghverfing (pronatio) | 30° | 10° |

Röntgenskoðun í Landakotsspítala þann 15/4—'53:

Marka sést fyrir brotlínu í vinstri sköflung 18 cm ofan ökla. Málmspöng liggur yfir brotlínuna, og er hún fest með fjórum

skrúfum. Engin skekkja er á sköflung, hvorki til hliða né fram og aftur. Góð beinmyndun er í kringum brotið, og sýnist það vel gróið, þó að ekki sé það fullsterkt enn. Beinflaski hefur losnað úr sköflung utan til, og hefur sú flís ekki gróið vel við enn. Dálkur (fibula) hefur brotnað 5 cm ofar en brotlínan er í sköflung. Hafa brotin gengið á misvíxl, en liggja saman hlið við hlið og efra brotið utar. Það brot er vel gróið.

Skyggning á fætinum þann 18/4—'53 sýndi enga veilu í beinörinu og staðfesti í öllu skoðunina þann 15/4—'53.

Hér er um að ræða níu mánaða gamalt fótbrot, sem þurfti að lagfæra með skurðaðgerð liðlega tveimur mánuðum eftir slysið. Var sjúklingurinn í sjúkrahúsi frá miðjum ágúst 1952 þar til í janúarlok 1953, en var síðan í gipsumbúðum þar til um miðjan febrúar. Um miðjan apríl sýndist brotið vera gróið, þó að enn sjái móta fyrir brotinu á röntgenmynd, og megi af því ráða, að beinið hafi ekki náð fullum styrkleika.

Öklahreyfingar eru enn nokkuð stirðar, og má búast við, að alllangur tími líði, þar til þær eru orðnar alveg jafngóðar, en ekki háir stirðleikinn sjúklingnum lengur við gang á sléttri grund".

Hinn 22. maí 1953 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans. Í vottorði læknis þessa, dags. 28. s. m., segir á þessa leið:

„... Skoðun 22. maí 1953: Gangur eðlilegur. Vinstri ganglimur er 2 cm styttri en hægri og lítið eitt rýrari. Enginn bjúgur. Framan á fætinum er 18 cm langt, vel gróið ör.

Hreyfingar í ökla eru nokkuð stirðar bæði hjarahreyfing og hverfihreyfingar.

Niðurstaða: Ástæða þykir til þess að ætla, að slasaði hafi ekki í framtíðinni nein þau óþægindi í fætinum, er slasaðist, að það hái honum við algenga vinnu.

Einnig þykir ástæða til að ætla, að hreyfingar í öklalið lagfærist verulega og verði eðlilegar eða því sem næst.

Hins vegar hefur ganglimur styzt um 2 cm. Verður því ekki hjá því komizt að meta varanlega örorku hans vegna nefnds slyss, og telst hún hæfilega metin 8%." Og í vottorði sama læknis, dags. 21. september 1953, er yfirlit yfir örorku stefnanda allt frá slysdegi. Segir þar:

„... Örorka slasaða telst hæfilega metin sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Frá slysdegi til 31. jan. '53 ..... | 100% |
| Frá 1.—28. febr. ..... | 90% |
| Frá 1.—31. marz ..... | 70% |

Frá 1.—30. apríl ..... 40%
Frá 1.—31. maí ..... 20%
Úr því varanleg örorka 8%".

Stefnandi hefur fengið K. G. Guðmundsson tryggingafræðing til að reikna út atvinnutjón sitt á grundvelli framangreinds örorkumats. Samkvæmt útreikningi hans, dags. 15. október 1953, er stefnandi talinn fæddur 28. október 1922, og var því 29 ára, er slysið varð. Stefnandi er húsgagnasmiður, og er upp komið í málinu, að hann hefur dvalizt talsvert erlendis á síðustu árum fyrir slysið. Með tilliti til þess hafa skattframtöl hans þau ár ekki verið notuð sem grundvöllur að áætlun um atvinnutjón hans vegna örorkunnar, heldur hefur áætlunin verið byggð á kaupgjaldsskrá húsgagnasmiða. Kaupgjaldsskrá þessi er tvenns konar. Er gerður greinarmunur á því, hvort um er að ræða svonefnda bekkvinnu eða vélavinnu, og er kaup fyrir vélavinnu tæpum 10% hærra. Þá er og munur á eftir því, hvort um vikukaup eða tímakaup er að ræða. Er vikukaupið 4% lægra, miðað við 48 stunda vinnuviku. Mun algengast, að vikukauptaxti við bekkvinnu sé notaður, og er útreikningurinn á honum byggður. Reiknar tryggingafræðingurinn með 48 vinnuvikum á ári og kr. 569.73 í grunnkaup á viku að viðbættri vísitöluuppbót og orlofsfé eftir venjulegum reglum. Með því að miða við þenna vinnuvikufjölda er gert ráð fyrir orlofi, svo og fyrir veikindum, en helgidagar dragast ekki frá, þegar um vikukaup er að ræða. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir atvinnuleysi, en á móti því telur tryggingafræðingurinn, að vegi það, að reiknað er með þeim kauptaxta, sem gefur lægst tímakaup, og að ekkert tillit er heldur tekið til eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu. Að þessu athuguðu telur tryggingafræðingurinn, að lítinn frádrátt þurfi að gera vegna atvinnuleysis, vart meira en 5%, en í mesta lagi 10%. Af kaupinu, reiknuðu eins og að framan greinir, er síðan dreginn sami hundraðshluti og örorkan nemur á hverjum tíma. Fæst þá áætlað vinnutekjutjón, en það reiknast tryggingafræðingnum kr. 27.741.60 fyrsta árið eftir slysið, en síðan kr. 3419.49 árlega. Samkvæmt því nemur verðmæti vinnutekjutjónsins á slysdegi kr. 81.264.00.

Grundvöllur þessa útreiknings er 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt íslenzkri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans næstu árin fyrir og eftir slysið verið sem hér segir: Árið 1951 kr. 8710.00; árið 1952 kr. 20.289.00; árið 1953 kr. 24.945.93 og árið 1954 kr. 45.758.00.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi hlotið varanlega örorku af meiðslum þeim, er hann hlaut við oftnefnt slys. Samkvæmt því komi einungis til álita atvinnutjón hans einhvern takmarkaðan tíma. Telur hann, að fjárhæð þessa kröfuliðs geti ekki farið fram úr kr. 15.000.00.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hafa stefnanda verið greiddar kr. 6444.98 vegna slyssins. Sundurliðast fjárhæð sú þannig:

1. Dagpeningar frá 20/8—'52 til 17/2—'53 .... kr. 6249.98
2. Sjúkrahjálp ..... — 195.00

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð þessa kröfuliðs með tilliti til þessa í kr. 75.014.02.

Þegar framangreind atriði eru virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, og meðal annars höfð hliðsjón af því, að vextir hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a., að dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars svo og að verðlag í landinu hefur mjög hækkað, frá því áætlað atvinnutjón stefnanda var reiknað út, þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 60.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem óhæfilega háum og telur, að kr. 6000.00 sé hámark bóta samkvæmt honum.

Hér að framan var meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans rakin. Með skírskotun til þess, sem þar segir, svo og þegar virt er annað það, sem hér skiptir máli, þykja bætur handa stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 13.000.00.

Um 3.

Við málflutninginn varð að samkomulagi með aðiljum, að fjárhæð þessa kröfuliðs væri hæfilega áætluð kr. 300.00.

Um 4, 5 og 6.

Fjárhæðum þessara kröfuliða hefur ekki verið mótmælt, og verða þeir teknir til greina að fullu.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 24.608.33 (⅓ af kr. 60.000.00 + kr. 13.000.00 + kr. 300.00 + kr. 200.00 + kr. 250.00 + kr. 75.00) ásamt vöxtum eins og krafizt er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Hlíðdal f. h. Landssíma Íslands, greiði stefnanda, Magnúsi Ólafssyni, kr. 24.608.33 með 6% ársvöxtum frá 13. ágúst 1952 til greiðsludags og kr. 3200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. janúar 1957.

Nr. 112/1956. **Ákæruvaldið**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hdl.)

gegn

**Halldóri Kristjáni Kristjánssyni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.**

Sýknað af ákæru fyrir manndráp af gáleysi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur farið fram frekari rannsókn um nokkur atriði málsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefssonar héraðsdómslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1956.**

Ár 1956, miðvikudaginn 13. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2701/1956: Ákæruvaldið gegn Halldóri Kristjáni Kristjánssyni, en mál þetta var að loknum munnlegum flutningi þess tekið til dóms hinn 11. júní s.l.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. apríl s.l., höfðað gegn ákærða, Halldóri Kristjáni Kristjánssyni sjómanni, til heimilis að Felli í Grindavík, fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir ákærði hafa framið téð brot með því að slá eða hrinda frá sér Ingva Hraunfjörð Péturssyni, Heimahvammi í Blesugróf, er þeir voru í áflogum á veginum nálægt húsinu Völlum í Blesugróf um kl. 2 aðfaranótt 8. okt. 1955, með þeim afleiðingum, að Ingvi féll afturábak á götuna, en hann andaðist um kl. 2 daginn eftir af völdum höfuðkúpubrots.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt nefndri hegningarlagagrein, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er eftir gefnum skýrslum fæddur í Reykjavík 6. júlí 1936. Hann hefir aldrei áður sætt kærum eða refsingum, svo vitað sé.

Málsatvik eru þau, sem nú skal greina:

Ákærði, Halldór Kristján Kristjánsson sjómaður í Grindavík, fór á dansleik, sem haldinn var í Vetrargarðinum hér í Reykjavík föstudaginn 7. október s.l. Hafði hann með sér 1½ pelaflösku með aqua vitae, sem hann neytti af þar á dansleiknum, og þó ekki nema lítils magns að eigin sögn, þar sem hann kveðst hafa veitt mikinn hluta þess mönnum, er hann hitti þar. Kveðst hann þó aðeins hafa kennt lítilla áfengisáhrifa. Er dansleik var lokið, eða eftir klukkan eitt um nóttina, tók ákærði á leigu bifreiðina G-1528, en stjórnandi hennar var þá Karl Gunnarsson bifreiðarstjóri, Kársnesbraut 12 í Kópavogi. Ók ákærði síðan í bæinn í bifreiðinni og þar tvo hringi í miðbænum og síðan aftur að Vetrargarðinum. Gestir voru þá allir farnir þaðan, en ákærði hitti þar dyravörð hússins, Sigurjón Maríusson, til heimilis að C-götu 12 í Blesugróf.

Tóku þeir tal saman, enda kannaðist ákærði við Sigurjón, og varð síðan úr, að ákærði lét bifreiðarstjórann aka Sigurjóni heim til hans. Segir síðan ekki af þeirra för, fyrr en þeir voru komnir í Blesugróf og áttu aðeins skamman spöl eftir ófarinn heim til Sigurjóns. Urðu þá tveir menn, sýnilega allölvaðir, á vegi bifreiðarinnar. Gekk annar mannanna vinstra megin við vegarmiðju frá

bifreiðinni séð, en hinn hægra megin. Gerði sá, er vinstra megin var, sig líklegan til þess að hefta för bifreiðarinnar og fá stjórnandann til að nema staðar. Dró Karl þá mjög úr ferð bifreiðarinnar, þar sem hann óttaðist, að mennirnir gætu orðið fyrir bifreiðinni. Kveðst Karl hafa hægt ferðina svo, að hann hafi verið algerlega öruggur um að aka fram hjá mönnunum.

Var Sigurjóni nú ekið heim og bifreiðinni snúið við og ekið aftur sömu leið til baka. Mennirnir tveir urðu enn á vegi þeirra, og var annar þeirra 8—10 metra á undan hinum. Þeir gengu nú nálægt miðju vegarins. Þegar Karl bílstjóri nálgaðist þann aftari, dró hann mjög úr ferð bifreiðarinnar, þar sem hann óttaðist enn, að maðurinn myndi sakir ölvunar sinnar slangra fyrir bifreiðina. Gekk þá maðurinn alveg í veg fyrir bifreiðina og horfði í ljós hennar án þess að hreyfa sig, og stóð hann þannig um stund án þess að þoka frá bifreiðinni, sem Karl hafði orðið að stöðva. Ákærði fór nú úr bílnum til þess að fá manninn, sem var Ingvi Hraunfjörð Pétursson, Heimahvammi í Blesugróf, til þess að færa sig úr vegi bifreiðarinnar. Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekki blakað hendi við manninum, og er sú staðhæfing studd framburði eina vitnisins um upphaf skiptanna, Karls bílstjóra, en hann hefur staðfest framburð sinn með eiði. Ákærði segir, að strax eftir að hann hafði beðið Ingva um að víkja, hafi hann rokið á sig, þrifið í hálsbindi sitt og hert að. Mun Ingvi síðan hafa hrakið ákærða út á vegjaðarinn, og urðu þar smávegis átök á milli þeirra, og mun þó hvorugur hafa slegið hinn.

Maður sá, er gekk á veginum á undan Ingva, var bróðir hans, Pétur Hraunfjörð Pétursson. Þeir höfðu setið að drykkju um kvöldið heima hjá Ingva og höfðu drukkið úr einni flösku af koníaki saman, bræðurnir, og lokið úr flöskunni frá því um klukkan 23 um kvöldið fram til klukkan að ganga tvö um nóttina, en kona Ingva, Guðrún Hallfríður Pétursdóttir, drakk eitt eða tvö glös af blöndu. Þeir ætluðu um nóttina að heimsækja foreldra þeirra að Rauðagerði 17, og voru þeir kenndir af víni. Pétur Hraunfjörð gekk sem fyrr segir á undan bróður sínum. Hann varð þess var, að dregið var úr ferð bifreiðarinnar og hún síðan stöðvuð, en hann segir, að þeir bræður hafi af rælni gengið í veg bifreiðarinnar áður og tafið för hennar. Pétur kveðst ekki hafa litið til baka fyrr en nokkru eftir, að hann heyrði, að bifreiðin hafði stöðvað. Sá hann þá, að bróðir hans Ingvi var í einhverjum stimpingum við mann vinstra megin við bifreiðina. Hann hafði ekki séð upphaf átakanna og vissi ekki ástæðu þeirra, en taldi, að bróðir hans hefði orðið fyrir árás. Hann sá ekki, að mennirnir slægjust með hnefum,

en fannst þeir vera að tuskast. Í því skyni að bægja manninum frá bróður sínum kveðst Pétur hafa hlaupið til mannanna, en á leiðinni hafi hann tekið upp koníaksflöskuna, sem hann var með tóma í vasa sínum. Gekk hann nú að ákærða og reiddi flöskuna til höggs yfir höfði hans. Hins vegar kveðst Pétur ekki minnast þess, að hann hafi barið ákærða með flöskunni, en segir, að einmitt þarna hafi gripið sig hræðsla við að nota flöskuna sem barefli, og því hafi hann látið hana falla í götuna, og hafi hann ekki séð flöskuna síðan.

Ákærði staðhæfir, að Pétur hafi, þegar eftir að hann var kominn til þeirra, reitt flöskuna til höggs og slegið sig með henni, og hafi höggið komið aftan á hnakkann og á vinstri öxl, og kenndi ákærði allmikils sársauka af höggunum þá þegar.

Vitnið Karl bílstjóri hefir enn fremur staðhæft í eiðfestum framburði fyrir sakadóminum 10. október, að hann hafi séð Pétur reiða flöskuna til höggs og slá ákærða með henni, og virtist honum höggið lenda á höfði ákærða.

Vitnið Karl og ákærði staðhæfa enn fremur, að Pétur hafi, þegar eftir að hafa lostið ákærða með flöskunni, reitt hana til höggs á ný, og virtist sem hann hefði fullan hug á og væri þess albúinn að slá ákærða með henni aftur. Karl bílstjóri kveðst hafa farið úr bíl sínum, þegar er hann sá Pétur koma með flöskuna reidda til höggs, en varð of seinn að hindra, að hann slægi ákærða með henni í höfuðið, en kveðst þó hafa náð að koma í veg fyrir, að Pétur slægi ákærða öðru sinni með henni. Hafi hann síðan eftir nokkrar sviptingar náð af Pétri flöskunni og varpað henni frá sér inn í garð hússins Velli, en þar framan við munu átökin hafa átt sér stað. Flaskan fannst við leit á túnbletti umhverfis húsið Velli, en tappi hennar, sem var með blýhettu yfir, fannst rétt utan við vegjaðarinn, þar sem telja má, að átökin hafi átt sér stað. Var þá hetta tappans öll snúin og beygluð um tappann, en í 16 metra fjarlægð frá stað þeim, er flaskan fannst á. Styður sú staðreynd og ástand tappans og hettunnar einmitt staðhæfingar vitnisins Karls og ákærða, að Karl hafi með valdi orðið að ná flöskunni af Pétri, auk þess sem læknisvottorð Hauks Kristjánssonar frá 12. október 1955, eða á 5. degi eftir viðureign þessa, staðfestir, að aftantil á höfði ákærða vinstra megin í hársverði finnst ofurlítið þykkni, sem sé aumt viðkomu, en yfir vinstra herðablaði sjáist ca fimmeyringsstór marblettur, en það styrkir staðhæfingar ákærða og vitnisins Karls um, að ákærði hafi orðið fyrir höggi með flöskunni úr hendi Péturs.

Strax eftir að ákærði hafði verið sleginn í höfuðið með flöskunni, kveðst hann hafa kennt allmikils sársauka, eins og fyrr segir. Segir ákærði, að nú hafi gripið sig mikið fát, er hann sá flöskuna enn reidda gegn sér, og ætlaði hann að reyna að verjast árás Péturs, en þar sem Ingvi hélt honum föstum eftir sem áður, kveðst ákærði hafa slegið til Ingva eða hrundið honum frá sér og séð, að hann féll aftur á bak í götuna. Sneri hann sér síðan að Pétri, en þá hafði Karl bílstjóri þegar veitzt að honum og komið í veg fyrir, að hann beitti flöskunni frekar. Sneri ákærði sér þá aftur að Ingva, sem þá var risinn á fætur, og sá ákærði, að hann hafði fengið blóðnasir. Ákærði sá ekki, hvernig Ingvi kom niður í byltunni, né heldur vitnið Karl bílstjóri, sem lýst hefur þessu á sama veg og ákærði.

Ákærði kveðst ekki hafa séð, að Ingva hefði orðið meint af byltunni utan blóðnasirnar. Ingvi gekk nú heim að Völlum, og fór ákærði á eftir honum til þess að aðstoða hann, ef með þyrfti, eftir því, sem hann sjálfur segir. Þeir Pétur og Karl héldu hins vegar átökum sínum áfram um stund, 2—3 mínútur, að því er Karl ætlar. Fylgdust þeir ekki með þeim ákærða og Ingva á meðan og urðu ekki varir við nein átök milli þeirra. Ákærði staðhæfir, að engin átök hafi átt sér stað milli hans og Ingva, eftir að Ingvi féll í götuna, sem fyrr segir, og vitnið Guðný Þórðardóttir húsfreyja á Völlum, sem er timburhús, segir, að útilokað sé annað en að fólk þar í húsinu myndi hafa vaknað, ef átök hefðu átt sér þar stað við húströppurnar, en hún segir engan hafa vaknað fyrr en drepið var þar á dyr, sem mun hafa verið nokkru síðar, sbr. það, sem síðar verður rakið.

Það er því ósannað, að nokkur frekari átök hafi átt sér stað milli ákærða og Ingva en þau, sem þegar hefur verið greint frá.

Ákærði skýrir svo frá, að þeir Ingvi hafi nú gengið heim að Völlum og síðan farið báðir upp á tröppur hússins, en þar kveðst ákærði hafa spurt Ingva, hvort hann hefði meitt sig, en hann bandað frá sér höndum, en engu anzað, nema hvað hann hafi haft á orði, að hann þekkti fólk þar í húsinu, og drap þá jafnframt á dyr, en rétt um þær mundir komu þeir Pétur og Karl. Þeir höfðu ekki áður séð áverka þá, sem Ingvi fékk, er ákærði sló hann eða hratt honum í götuna. Nú sáu þeir hins vegar, að hann var með blóðnasir. Dró Pétur þá ályktun þegar, að ákærði hefði, eftir að bílstjórinn skarst í leikinn, ráðizt að Ingva þar heima við Velli og veitt honum áverkana þar. Réðst hann þá þegar að ákærða, þar sem hann stóð við hlið Ingva og sneri hliðinni að Pétri, og sló ákærða hnefahögg í hnakkann og þreif jafnframt

í föt ákærða, en Karl bílstjóri sagði Pétri að sleppa, og urðu þá ekki frekari átök milli þeirra.

Eftir þetta gengu þeir allir niður tröppurnar og héldu nú að bifreiðinni nema Ingvi, sem hélt nú eftir veginum í öfuga átt við það, sem hann hafði áður farið, er hann varð á vegi þeirra. Þegar þeir voru komnir í bílinn, stakk Karl bílstjóri upp á því, að þeir færu þegar til lögreglunnar og tilkynntu henni um atburðinn, og samþykkti ákærði það þegar, en Pétur andmælti því í fyrstu, en féllst þó á það að lokum. Fór ákærði þá aftur heim að Völlum og kvaddi þar dyra. Kom Guðný húsfreyja til dyra, en ákærði bað hana um að hringja til lögreglunnar, en hún kvað síma ekki vera í húsinu. Ákærði fór þá aftur í bílinn, og varð nú að ráði þeirra að aka niður á lögreglustöð, og féllst nú Pétur á það. Sneri Karl nú bifreiðinni, og var ekið í humátt eftir Ingva. Innti Karl Pétur þá eftir því, hvar Ingvi ætti heima, en Pétur lét sem hann væri ekki viss um það og gaf engar upplýsingar um hann. Óku þeir fyrst nokkurn spöl inn í Blesugróf, en sneru að lokum við og mættu þá Ingva, er þeir höfðu farið nokkurn spöl til baka. Kom hann í bifreiðina til þeirra. Ákærði og Karl bílstjóri spurðu nú Ingva, hvort hann vildi ekki koma með þeim niður á lögreglustöð, en hann svaraði því eindregið neitandi og kvaðst bara mundu halda heim. Ákærði mælti þá: „Við keyrum þig þá heim, vinurinn." Sneru þeir síðan við bifreiðinni og óku aftur að þeim stað, er þeir höfðu áður snúið á, en það er í sandgryfju skammt frá heimili Ingva, en þá hafði hann sagt, að nú væri nógu langt ekið og hann myndi fara þar úr bílnum. Jafnframt spurði hann Pétur að því, hvort hann ætlaði með á lögreglustöðina, og er hann játti því, bað Ingvi hann koma heim til sín á eftir, en Pétur lét í fyrstu sem hann vissi ekki, hvar Ingvi ætti heima, en kvaðst að lokum mundu koma.

Vitninu Karli, ákærða og Pétri virtist ekkert óeðlilegt við Ingva, er þeir skyldu við hann, nema það, að blóðstorka var á andliti hans, en að sögn Péturs átti hann vanda fyrir blóðnösum, en Karli og ákærða virtist háttalag hans svipað fyrir og eftir skipti þeirra.

Ákærði og Pétur héldu nú með Karli í lögreglustöðina, en á leiðinni fannst þeim engin ástæða til að gera neitt veður af skiptum þeirra, en Karl gaf upp bílnúmer sitt, nafn og heimilisfang, ef einhver rekistefna yrði af þessu síðar.

Samkvæmt framburði Guðrúnar Hallfríðar, eiginkonu Ingva, hafði hann haldið að heiman klukkan langt gengin tvö um nóttina. Hann kom heim aftur rétt um klukkan 2.30, og segir kona

hans hann þá hafa verið mjög aðframkominn og illa útleikinn. Hafi hann þá þegar verið alblóðugur í andliti, og virtist blóðið koma úr nefi hans. Auk þess hafi vinstra auga verið sokkið, en áverki efst á gagnauga vinstra megin, en þroti við hægra auga.

Átti Ingvi erfitt með að tala. Hann skýrði frá því, að er þeir bræður hafi verið á leið til foreldra þeirra, hafi bifreið verið ekið fram á þá, úr henni komið maður, sem ráðizt hefði á sig og slegið sig. Pétur væri farinn á lögreglustöðina. Átti hann í erfiðismunum að skýra frá þessu, en gerðist síðan svo óskýr í máli, að ekki var unnt að skilja hann, enda missti hann brátt meðvitund og þekkti ekki aftur Pétur bróður sinn, er hann kom heim um kl. 3.30.

Kl. 4.15 um morguninn var Ingvi fluttur í slysavarðstofuna og þar búið um meiðsli hans til bráðabirgða, en kl. 7 um morguninn var hann fluttur í Landspítalann, og segir svo m. a. í vottorði Friðriks Einarssonar:

„Við komuna hingað á Landspítalann er sjúklingurinn djúpt meðvitundarlaus og reagerar ekki við nálarstungu. Andardráttur er djúpur og tíður, 40/mín. Dálítil vínlykt er úr vitum sjúklingsins. Blóðþrýstingur er 170/95, en hækkar fljótlega upp í 200/105. Hjartsláttur er í fyrstu reglulegur, 76/mín. Sjúklingurinn fær við og við krampadrætti í efri útlimi. Sjúklingurinn er með marblett og hrufl vinstra megin á höfðinu nálægt hvirfli, og finnst þar blæðing undir höfuðleðrinu. Ljósop í augum eru í fyrstu jafnvíð, en reagera ekki fyrir ljósi. Síðar verða ljósopin misvíð, en skiptast á um að vera þrengri og víðari. Reflexar á neðri útlimum eru líflegir, jafnvel auknir. Babinski er + beggja megin.

Sjúklingnum fer hrakandi, og eftir undirbúning er kl. rúmlega 9 í staðdeyfingu gerður uppskurður á höfðinu (Craniotomia cum evacuatione hæmatomatis epidurale). Farið var inn með langskurði niður á við yfir marblettinum og í gegnum blæðinguna, sem áður er lýst undir höfuðleðri. Þegar inn að beininu kom, fannst bogadregið brot á hauskúpunni og var efra hluta brotsins þrýst niður, en þó ekki meira en brot úr mm. Var fyrst borað gat á hauskúpuna þarna, og þrýstist strax út allmikið af blóðlifrum. Borholan var víkkuð út og búið til elipsulaga op, ca 3½×5½ cm á stærð, á hauskúpuna. Var þarna undir mikil blæðing, ca 3—3½ cm á þykkt og 9×11 cm að flatarmáli, og hafði það þrýst heilahimnum og heila inn á við. Eftir að blóðlifrar þessar höfðu verið tæmdar út, kom í ljós blæðandi slagæð í heilahimnunni, og var saumað fyrir hana. Eftir það stöðvaðist blæðingin, og var gengið frá sárinu, svo sem við á.

Sjúklingnum létti talsvert mikið við aðgerðina, blóðþrýstingur lækkaði þegar, andardráttur var betri og reglulegri, og hann tók að hreyfa sig, þótt ekki kæmi hann til meðvitundar, og var nú lagður í rúm á deildinni. Litlu seinna fór honum að hraka mjög aftur, blóðþrýstingur lækkaði niður í 60, en hafðist upp í 80 með blóðgjöf o. fl., en andardráttur varð grynnri og lélegri, og lézt sjúklingurinn kl. 14, án þess að hafa komizt til meðvitundar".

Prófessor Niels Dungal framkvæmdi réttarkrufningu á líki Ingva heitins, og er ályktun prófessorsins þessi:

„Við krufningu fundust auk menja eftir nýafstaðna aðgerð á heilabúi leifar eftir mikla blæðingu, sem hafði verið tæmd út við operationina, og saumur í grein af arteria meningea media, sem hafði rifnað, og var sýnilegt, að blæðingin hafði stafað frá henni. Auk þess fundust blæðingar í heilabrúnni og einnig á öðrum stað vinstra megin í heilanum, og virðist svo sem þessar blæðingar, einkum blæðingarnar í heilabrúnni, hafi valdið dauða mannsins. Dálítill bjúgur var kominn í heilann".

---

Samkvæmt því, sem að framan hefir verið rakið, má telja það miklar líkur fram komnar fyrir því, að jafngildi fullri sönnun, að Ingvi heitinn hafi hlotið þá áverka, er síðar leiddu hann til bana í byltu þeirri, sem hann varð fyrir í lok viðureignar hans og ákærða, er ákærði sló eða hratt honum þannig, að hann féll í götuna.

Telja verður sannað, að bræðurnir Pétur og Ingvi Hraunfjörð hafi í verki sýnt samtök um að tefja fyrir bifreiðum, er leið áttu um Blesugróf í umrætt sinn. Eftir að Ingvi heitinn hafði neytt bifreiðarstjórann til þess að nema staðar, verður ekki talið, að ákærði hafi að ófyrirsynju farið úr bifreiðinni til þess að reyna að fá Ingva til að víkja úr vegi hennar. Það er ósannað, að tilraun ákærða til þess hafi verið fólgin í öðru en því að biðja Ingva um að fara frá bifreiðinni. Telja verður sannað, að Ingvi heitinn hafi átt upptökin að átökum þeirra ákærða með því að ráðast á ákærða án nægilegs tilefnis, eftir að ákærði bað hann að víkja.

Meðan átök þeirra ákærða og Ingva heitins stóðu, er sannað, að Pétur Hraunfjörð sló ákærða með tómri þriggjapelaflösku í höfuð og herðar og hafði reitt hana til höggs að nýju, þegar ákærði sló eða hratt Ingva þannig, að hann féll á götuna og hlaut þá áverka, sem leiddu síðar til dauða hans, enda hafði Ingvi þá ekki sleppt ákærða eða hætt árás sinni á hann, þrátt fyrir byrjaða árás Péturs á ákærða. Eins og á stóð fyrir ákærða, þ. e. meðan hann á yfir höfði sér árás með vopni, sem gat verið lífshættulegt, þykir hann ekki hafa beitt hættulegri vörnum gegn árásarmönnum sín-

um en ástæða var til. Þess verður ekki krafizt, að ákærði hefði átt að sjá fyrir sem sennilegar afleiðingar varnaraðgerða sinna það hörmulega slys, sem þarna varð.

Í samræmi við það, sem nú hefir verið rakið, hlýtur dómurinn og samkvæmt 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að sýkna ákærða af ákærunni fyrir brot á 215. gr. þeirra laga.

Bótakrafa hefur ekki komið fram í máli þessu.

Eftir málalokum ber að greiða allan sakarkostnað af almannafé, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, þeirra Gunnars Þorsteinssonar hrl. og Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Kristján Kristjánsson, á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Gunnars Þorsteinssonar hrl., og skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 2000,00 til hvors, greiðist af almannafé.

---

Miðvikudaginn 30. janúar 1957.

Nr. 126/1956. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

**Brandi Brynjólfssyni.**

Útivistardómur.

**Domur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 30. janúar 1957.

Nr. 131/1956. **Árnason, Pálsson & Co. h/f,**
gegn
**Bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 1. febrúar 1957.

Nr. 63/1954. **Kristín Sveinbjörnsdóttir**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
**Davíð Ó. Grímssyni og gagnsök**
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Sýknað af kröfu um skaðabætur vegna galla á seldu húsi og fylgifé. Vöntun á kvörtun. Krafa um greiðslu fyrir hita og ljós í leiguíbúð tekin til greina.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1954. Krefst hún sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. júní 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að

aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 14.633.10 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 28. september 1950 gerði gagnáfrýjandi kauptilboð í húseign aðaláfrýjanda, nr. 54 við Hjallaveg í Reykjavík. Aðaláfrýjandi samþykkti tilboðið hinn 7. nóvember sama ár. Greiddi gagnáfrýjandi þá hluta af kaupverði hússins og fluttist í það hinn 11. s. m. Aðiljar gerðu svo með sér kaupsamning um húseignina hinn 28. nóvember 1950, en samkvæmt gögnum málsins og yfirlýsingum í málflutningi felldu þeir samninginn úr gildi, áður en til afsals kæmi. Gagnáfrýjandi bjó þó áfram í húsinu. Ekki hefur komið fram í málinu, hverjar ástæður lágu til þess, að samningnum var slitið, og ekki hefur heldur verið frá því greint, hvernig aðiljar luku þeim skuldaskiptum, sem þegar voru á komin þeirra á milli.

Aðaláfrýjandi afsalaði síðan þeim Þorkeli Steinssyni og Hróari Björnssyni greindri húseign með afsalsbréfi, dags. 15. desember 1950 og þinglesnu 16. febrúar 1951. Er því lýst þar, að húseignin sé seld „í núverandi ástandi, sem kaupendur þekkja og hafa sætt sig við“ og að kaupverð sé að fullu greitt.

Þeir Þorkell og Hróar seldu því næst gagnáfrýjanda húseignina með makaskiptasamningi, dags. 12. janúar 1951. Samningur þessi, sem hefur að geyma afsal til gagnáfrýjanda, var þinglesinn 1. marz 1951. Í samningnum er þess getið, að gagnáfrýjandi hafi greitt seljendum kaupverðið og að húseignin sé „seld í núverandi ástandi, sem kaupandi þekkir og hefur sætt sig við“.

Gagnáfrýjandi kveðst hafa séð nokkurn rakavott í húsinu, áður en hann fluttist í það, og fljótlega eftir það hafi komið í ljós raki í því. Hann kveðst hafa kvartað um þetta við aðaláfrýjanda hinn 29. janúar 1951 og síðar, en hún hafi ekki sinnt því. Hins vegar bar hann ekki upp neinar kvartanir við þá Þorkel og Hróar, er honum seldu húsið.

Samkvæmt matsbeiðni, dags. 26. júní 1951, fékk gagnáfrýjandi tvo menn dómkvadda til að meta galla á húsinu. Fór matið fram 15. ágúst s. á., og er matsgerð dagsett 24.

s. m. Ekki fékk aðaláfrýjandi vitneskju um framkvæmd matsins.

Lögmaður gagnáfrýjanda ritaði aðaláfrýjanda bréf hinn 13. nóvember 1951 og krafðist fyrir hönd gagnáfrýjanda greiðslu á kr. 15.351.75 auk vaxta og kostnaðar án þess að lýsa því, hvernig á þeirri kröfu stæði. Er aðaláfrýjandi sinnti ekki kröfu þessari, höfðaði gagnáfrýjandi mál á hendur henni með stefnu, dags. 30. nóvember 1951, til heimtu nefndrar fjárhæðar ásamt vöxtum frá 15. desember 1950. Um tildrög kröfunnar segir þetta eitt í stefnunni: „Krafa þessi er skaðabætur fyrir leyndan löst á húseigninni nr. 54 við Hjallaveg o. fl., en húseign þessa keypti ég af Kristínu greindan dag". Í greinargerð gagnáfrýjanda, sem lögð var fram á dómþingi ásamt stefnunni, er krafan sögð stafa af vanefndum aðaláfrýjanda á fyrrgreindum kaupsamningi aðilja frá 28. nóvember 1950, sem aðiljar höfðu fellt úr gildi, svo sem fyrr segir.

Í greinargerð aðaláfrýjanda, sem lögð var fram á bæjarþinginu 10. janúar 1952, var því lýst, að hún hefði ekki selt gagnáfrýjanda húsið. Krafðist hún af þeim sökum sýknu vegna aðildarskorts.

Hinn 7. febrúar 1952 lagði gagnáfrýjandi fram á bæjarþinginu skjal, dags. 30. október 1951, undirritað af Þorkeli Steinssyni og Hróari Björnssyni. Framselja þeir þar gagnáfrýjanda bótarétt sinn á hendur aðaláfrýjanda „út af leyndum göllum, sem fram hafa komið á húseigninni nr. 54 við Hjallaveg hér í bæ" og „vegna vanefnda á loforðum í sambandi við kaup" þeirra á húseign þessari.

Kröfugerð gagnáfrýjanda í málinu má greina í 4 aðalkröfuliði, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skaðabætur vegna leyndra galla á húsinu samkvæmt matsgerð (6. kröful. í héraði) -- | kr. 12.235.00 |
| 2. | Kostnaður af viðgerð á kyndingartækjum og eldavél og andvirði borðs í eldhúsi (3.—5. kröful. í héraði) ---------- | — 1.450.00 |
| 3. | Kostnaður af raflögn (2. kröful. í héraði) -- | — 750.10 |
| 4. | Endurgjald fyrir hita og ljós (1. kröful. í héraði) ---------- | — 198.00 |
| | | Kr. 14.633.10 |

Um 1. kröfulið. Samkvæmt yfirlýsingu málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti er þessi kröfuliður reistur á framangreindu kröfuframsali frá þeim Þorkeli og Hróari. Kemur því til athugunar, hvort aðaláfrýjandi muni hafa orðið bótaskyld gagnvart þeim vegna sölu hennar á húseigninni til þeirra hinn 15. desember 1950.

Ekki verður séð af gögnum málsins, hvenær þeir Þorkell og Hróar fengu vitneskju um þá galla, sem gagnáfrýjandi taldi vera á húsinu, en það hefur þó ekki verið síðar en 30. október 1951, er þeir framseldu kröfuna. Í rekstri málsins í héraði komu ekki fram neinar skýrslur af þeirra hendi um viðhorf þeirra til bótakröfunnar. Eftir að málinu var áfrýjað, hafa þeir báðir komið fyrir dóm og lýst því, að gagnáfrýjandi hafi aldrei krafið þá um bætur vegna sölu þeirra á húsinu til hans.

Kvaðst Hróar ekkert hafa haft fyrir sér um galla á húsinu, er hann framseldi kröfuna, annað en matsgerðina, sem hann var þó ekki viss um að hafa séð. Þorkell vísaði einnig um framsal kröfunnar til matsgerðarinnar, en kvaðst ekki hafa haft neinar fjárhæðir í huga. Lýsti hann því, að hann hefði aldrei komið í húseignina nr. 54 við Hjallaveg, og taldi hann sig því ekki geta sagt um, hvort gallar hafi verið á henni 15. desember 1950 eða síðar.

Þeir Þorkell og Hróar báru aldrei upp við aðaláfrýjanda neina kvörtun um galla á húsinu, hvorki meðan þeir áttu húsið né síðar, er þeim varð kunnugt um matsgerðina. Verður ekki séð, að aðaláfrýjanda hafi orðið kunnugt um, að þeir hefðu talið sig eiga bótarétt á hendur henni, fyrr en framsalsskjal þeirra var lagt fram á bæjarþingi 7. febrúar 1952. Ef þeir kynnu að hafa átt einhvern rétt til skaðabóta á hendur aðaláfrýjanda, þá verður að telja samkvæmt framansögðu, að þeir hafi ekki haldið honum í gildi, þannig að gagnáfrýjandi geti reist rétt á framsali þeirra. Verður aðaláfrýjandi því sýknuð af þessum kröfulið.

Um 2. kröfulið. Hér krefst gagnáfrýjandi bóta vegna þess, að munir, sem húsinu áttu að fylgja, en matsgerð tók ekki til, hafi verið gallaðir eða ekki komið til skila. Er þessi kröfuliður reistur á framsali þeirra Þorkels og Hróars. Óvíst er,

að framsalið hafi tekið til þessarar kröfu, en þó að svo væri, ber að sýkna aðaláfrýjanda af henni með sömu rökum og greinir um 1. kröfulið.

Um 3. kröfulið. Gagnáfrýjandi kveður sig hafa tengt á sinn kostnað þvottapott í húsinu við raflögn, eftir að hann fluttist í húsið, en áður en gerður var fyrrgreindur kaupsamningur aðilja 28. nóvember 1950. Ekki verður séð, að gagnáfrýjandi hafi haft uppi kröfu út af þessum kostnaði, þegar nefndur samningur var gerður, né heldur síðar, er aðiljar felldu samninginn úr gildi og gerðu upp sakir sínar út af honum. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 4. kröfulið. Aðaláfrýjandi hafði íbúð í húsinu nr. 54 við Hjallaveg til vorsins 1951. Kveður gagnáfrýjandi hana hafa átt ógreiddan kostnað vegna upphitunar í 8 daga, er hún fluttist úr húsinu. Metur hann þann kostnað kr. 48.00. Þá kveður hann aðaláfrýjanda hafa staðið í skuld fyrir rafmagnsnotkun í miðstöð, anddyri og öðru húsnæði, er aðiljar höfðu sameiginleg afnot af veturinn 1950—1951. Gagnáfrýjandi hefur eftir uppsögu héraðsdóms komið fyrir dóm og gert grein fyrir kröfulið þessum. Aðaláfrýjandi hefur og kannazt við, að hún kunni að skulda eitthvað af þessum sökum. Með því að ekki verður séð, að fjárhæð samkvæmt þessum kröfulið sé ósanngjörn, ber að taka kröfu þessa til greina með vöxtum frá stefnudegi, 30. nóvember 1951.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 198.00 með vöxtum, eins og að framan segir, en að öðru leyti verður hún sýknuð af kröfum gagnáfrýjanda. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 4500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristín Sveinbjörnsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Davíð Ó. Grímssyni, kr. 198.00 með 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1951 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1954.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Davíð Ó. Grímsson húsgagnasmíðameistari hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. nóvember 1951, gegn Kristínu Sveinbjörnsdóttur, Snorrabraut 42 hér í bænum. Hefir stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmd til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 14.623,10 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1950 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með málshöfðunartilkynningu, útgefinni 18. apríl 1952, tilkynnti stefndi þeim Birni Þorsteinssyni trésmíðameistara, Þorfinnsgötu 4 hér í bænum, Timburverzlun Árna Jónssonar hér í bænum og Kristjáni Gíslasyni, Heiðarvegi 12, Keflavík, um málsókn þessa. Kveður stefndi, að Björn hafi reist síðargreint hús að Hjallavegi 54, Timburverzlunin hafi selt vikurholstein þann, sem húsið hafi verið byggt úr, en Kristján hafi framleitt holstein þenna. Stefndi hefur engar kröfur gert á hendur mönnum þessum, en áskilið sér rétt til að krefja þessa aðilja síðar um þær bætur, sem hún kynni að verða dæmd til að greiða stefnanda.

Þau Björn og Timburverzlun Árna Jónssonar hafa engar kröfur gert í málinu. Kristján Gíslason hefur látið sækja þing í máli þessu og krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnda.

Stefndi hefur mótmælt málskostnaðarkröfu Kristjáns.

Málsatvik eru þau, að þann 28. september 1950 gerði stefnandi kauptilboð í húsið nr. 54 við Hjallaveg hér í bænum, eign stefnda. Bauðst hann til að kaupa húsið fyrir kr. 185.000.00. Tilboð þetta virðist hafa verið samþykkt. Þann 7. nóvember 1950 ritar umboðsmaður stefnda á tilboðið klausu um breytingu á greiðslufyrirkomulagi og kvittar svo á það um, að fyrsta greiðsla kaupverðsins, kr. 85.000.00, hafi verið innt af hendi af stefnanda. Stefnandi virðist hafa flutt í húsið þann 11. nóv. 1950 og hafa búið þar síðan.

Þann 28. nóvember s. á. undirrituðu aðiljar kaupsamning um húseign þessa. Í kaupsamningi þessum segir, að kaupverðið sé

kr. 185.000.00, sem skuli greiðast þannig: Við undirskrift samningsins kr. 85.000.00. Þann 1. marz 1951 kr. 45.666.67. Þá skyldi stefnandi taka að sér greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 13.333.33, sem á húsinu hvíldi með fyrsta veðrétti, og gefa út skuldabréf til stefnda, að fjárhæð kr. 41.000.00, sem tryggt væri með öðrum veðrétti í húsinu. Í samningnum segir, að húseignin seljist í núverandi ástandi, sem kaupandi þekki og hafi tekið gilt. Þá er þess getið, að seljandi (stefndi) hafi til afnota íbúð í rishæð hússins án endurgjalds til 14. maí 1951, en greiða skyldi hún rafmagns- og hitakostnað að sínum hluta. Ekki er þess getið, hvenær afsal skuli gefa út til stefnanda. Af einhverjum ástæðum var afsal aldrei gefið út til stefnanda. Þann 15. nóvember 1950 afsalaði stefndi húseign þessari til Þorkels nokkurs Sveinssonar og Hróars nokkurs Björnssonar. Í afsali þessu er kaupverð ekki tilgreint að fullu, en að öðru leyti eru þar hin sömu ákvæði og í kaupsamningi þeirra málsaðiljanna, sem að framan hefur verið rakinn. Með makaskiptaafsali, dags. 12. janúar 1951, seldu nefndir Þorkell og Hróar stefnanda húseignina nr. 54 við Hjallaveg. Í afsali þessu er tekið fram, að húseignin seljist í því ástandi, sem hún sé í og kaupandi (stefnandi) þekki og hafi sætt sig við. Þá er þess getið, að íbúð í rishæð hússins sé ekki laus til íbúðar fyrr en 14. maí 1951.

Með yfirlýsingu, dags. 30. okt. 1951, framseldu þeir Þorkell og Hróar stefnanda allan þann rétt, er þeir kynnu að eiga á hendur stefnda vegna þessara húskaupa.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Endurgjald fyrir hita og ljós ..... | kr. | 198.00 |
| 2. Kostnaður af rafmagnslögn ..... | — | 750.10 |
| 3. Kostnaður af viðgerð á miðstöðvarkyndingu .. | — | 550.00 |
| 4. Borð í eldhús ..... | — | 500.00 |
| 5. Viðgerðarkostnaður á rafmagnseldavél ..... | — | 400.00 |
| 6. Skaðabætur vegna leyndra galla á húsinu ..... | — | 12.235.00 |
| | Kr. | 14.633.10 |

Rétt þykir að athuga og afgreiða hvern lið fyrir sig.

Um 1. Eins og áður getur, hafði stefndi til afnota íbúð í rishæð hússins til 14. maí 1951. Skyldi hún enga húsaleigu greiða, en hins vegar skyldi hún greiða fyrir ljós og hita í íbúð sinni. Stefnandi telur, að er stefndi flutti úr íbúðinni, hafi hún skuldað hita fyrir 8 daga, samtals kr. 48.00. Þá hafi hún skuldað að hálfu

rafmagn til ljósa í miðstöð, anddyri, forstofum og rafmagn til kyndingartækja fyrir tímabilið frá 11. nóvember 1950 til 14. maí 1951, alls kr. 150.00.

Stefndi hefur mótmælt reikningi þessum sem röngum og ósundurliðuðum. Fyrir dómi kvaðst stefndi ekki muna, hvort hún hefði verið búin að gera upp hitakostnaðinn að fullu, er hún flutti úr húsinu, verið geti, að eitthvað standi eftir af honum, en uppgjöri frá stefnanda væri hún búin að glata.

Af reikningi stefnanda verður ekki séð, á hvern hátt hann reiknar stefnda kostnað þenna, og hann hefur ekki lagt fram gögn um, á hvern hátt hann hefur gert upp þessi viðskipti við stefnda á þeim tíma, sem hún dvaldi þar. Með vísan til þessa þykir ekki unnt að taka þenna lið til greina gegn mótmælum stefnda.

Um 2. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann ræddi við stefnda um kaup á húsinu, þá hafi borizt í tal, að rafmagnshitaður þvottapottur fylgdi með í kaupunum, og hafi stefndi lofað því, að þvottapotturinn skyldi fylgja með tengdur, en hann hafi þá verið ótengdur við rafmagnslögn hússins. Eftir að hann hafi verið fluttur í húsið, hafi hann fengið rafvirkja til að vinna þetta verk, og hafi það verið gert með samþykki stefnda.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að er hún hafi rætt við stefnanda um kaupin, hafi verið um það rætt, að þvottapotturinn fylgdi með í kaupunum, en ekkert hafi verið rætt um tengingu á honum. Þá hefur stefndi lýst yfir því, að hún minnist þess ekki, að stefnandi hafi nokkuð við hana rætt, áður en hann lét framkvæma tenginguna. Með vísan til þessa hefur stefndi mótmælt þessum lið sem sér óviðkomandi.

Maður, sem var með stefnanda, er hann ræddi við stefnda um húskaupin, hefur borið fyrir dómi, að stefndi hafi getið þess, að þvottapotturinn væri ótengdur, en talið, að þar sem lítið verk væri að tengja hann, væri sama, hvort hún gerði það eða greiddi fyrir það eftir á.

Af reikningum þeim, sem stefnandi hefur lagt fram yfir verk þetta, kemur fram, að það er unnið dagana 25. til 27. nóvember 1950. Í kaupsamningi aðilja, sem fyrr er getið og dagsettur er 28. nóvember 1950, er ekkert um þetta atriði getið. Þegar þetta er virt, verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnda, að hún hafi skuldbundið sig til að greiða fyrir tengingu pottsins. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 3. Stefnandi hefur talið, að eftir að hann flutti í húsið, hafi komið í ljós, að miðstöðvarkatli og kyndingartækjum var

mjög áfátt og þau biluð. Í janúarmánuði 1951 hafi hann fengið mann til að gera við þetta, og krefur hann af því efni stefnda um kr. 550.00 af þeim sökum.

Stefndi hefur mótmælt því, að nokkuð hafi verið athugavert við miðstöðvarketilinn eða olíukyndingartækið, þegar stefnandi flutti í húsið. Hennar samþykkis hafi ekki verið leitað um viðgerðir og hún hafi aldrei verið krafin um kostnað af þessu fyrr en um vorið 1951. Hefur stefndi því mótmælt þessum kröfulið sem röngum og sér alveg óviðkomandi.

Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki leitt sönnur að því, að neinn galli, sem hún beri ábyrgð á, hafi verið á tækjum þessum, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4. Stefnandi skýrir svo frá, að í eldhúsi rishæðar hússins hafi verið laust borð, er átt hafi að fylgja húsinu. Borð þetta hafi verið í vörzlum stefnda til 14. maí 1951 og skemmzt hjá henni. Hún hafi komið því til viðgerðar og lofað að skila því, en af því hafi aldrei orðið. Krefur stefnandi því stefnda um það, sem hann telur verðmæti borðsins.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að umrætt borð hafi átt að fylgja húsinu, enda hafi hún ekki átt það. Þá hefur hún mótmælt því að hafa nokkurn tíma lofað að afhenda stefnanda borðið.

Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi engin rök að því leitt, að honum hafi verið selt umrætt borð, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 5. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann flutti í húsið, hafi komið í ljós, að rafmagnseldavél, sem fylgt hafi með í kaupunum, hafi verið hálfónýt. Hafi hann því fengið mann til að skoða hana. Maður þessi hafi talið, að tvær suðuplötur eldavélarinnar væru ónýtar og auk þess margt fleira að vélinni. Maður þessi, sem sé rafvirki, hafi talið, að viðgerð á eldavélinni myndi kosta um kr. 400.00, en vélin viðgerð myndi vera um 1200.00 króna virði. Samkvæmt þessu hafi hann selt vélina fyrir kr. 800.00 og krefur nú stefnda um kr. 400.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið. Telur hún, að stefnandi hafi aldrei borið undir sig sölu vélarinnar. Stefndi hefur viðurkennt, að næst stærsta suðuhella vélarinnar muni hafa verið ónýt, er stefnandi flutti í húsið, en annað hafi ekki verið að henni.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi eigi sannað frekari galla á eldavél þessari en stefndi hefur talið og að framan er lýst. Telja verður, að stefnandi hafi mátt treysta því, að suðuhellur eldavélarinnar væru í lagi. Þykir því rétt að dæma stefnda til

að greiða stefnanda bætur vegna þessa galla, og þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 80.00.

Um 6. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að áður en hann gerði tilboðið í að kaupa húsið þann 28. september 1950, hafi hann farið ásamt lögmanni þeim, sem hafði húsið til sölu, og litið á það. Við skoðun þessa hafi hann séð slík merki á gólfdúk í stofu einni, að hann hafi spurt, hvort raki væri í húsinu. Því hafi stefndi alveg neitað. Álíka merki hafi hann séð á gólfdúk í eldhúsi og einnig þá fengið þau svör, að alls enginn raki væri í húsinu. Skömmu síðar kvaðst stefnandi enn hafa farið og litið á húsið ásamt konu sinni og öðrum manni og ökumanni þeim, er ók þeim þangað. Einnig í það skipti hafi nefnd merki á gólfdúkum komið til umræðu og hafi stefndi enn fullyrt, að enginn raki væri í húsinu. Hefur stefnandi lýst þessum merkjum svo, að gólfdúkarnir hafi verið blettóttir og með gúlpum við útveggina. Ekki kveðst stefnandi hafa litið inn í eldhússkápa, en líklega hafi kona hans gert það. Skáparnir hafi verið fullir af áhöldum og því ekki hægt að athuga þá vel. Þá kveðst stefnandi hafa gengið í kringum húsið og séð, að niðurföll frá þakrennum vantaði. Hins vegar hafi hann ekki athugað, hvort niðurföll voru með húsinu undir jarðlínu, en reiknað með, að svo væri. Skyggni yfir inngöngudyrum kveðst stefnandi hafa litið á, en enga galla séð á því. Á suðausturvegg hafi hann séð sprungu í múrhúð, lárétta, líklega um 1½ m á lengd og 1 cm á breidd.

Eins og áður getur, flutti stefnandi í húsið þann 11. nóvember 1950. Fljótlega eftir að hann flutti í húsið, hafi hann séð rakamerki í því. Gólfdúkurinn í stofu þeirri, sem áður getur, hafi verið alveg ónýtur, en er rætt hafi verið um það við stefnda, hafi hún talið, að hann hafi eyðilagzt, þegar breytt var skilrúmum í húsinu. Þá kveðst stefnandi hafa séð nokkur rakamerki í eldhússkápum. Hafi hann kvartað yfir þessu bæði við stefnda og lögmann þann, sem hafði með sölu hússins að gera. Ekki hafi borið verulega á raka fyrr en eftir áramót 1950/1951. Þá hafi gert rigningar og vatn streymt inn í eldhús og stofu. Þannig hafi þetta alltaf verið, þegar mikið rigndi og vindur stóð upp á lekastaðina.

Þann 30. júní 1951 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að skoða og meta til fjár galla þá, sem fram hefðu komið á húsinu. Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dags. er 24. ágúst 1951, segir svo: „Neðri hæð hússins við Hjallaveg nr. 54 er hlaðin úr sementshúðuðum vikurholsteini á steyptan sökkul og plötu. Steypt

plata er yfir hæðinni og veggir efri hæðar (portveggir) eru steyptir.

Húsið var, er matið fór fram, nýmálað úr hvítri sementsmálningu, nema norðvesturhorn þess, þar var múrhúðun á 6,3 m löngum kafla ýmist fallin af eða svo laus og sprungin, að hana mátti taka af með berum höndum.

Vikursteinninn, sem þarna er ber, er mjög lélegur að sjá og alls ekki treystandi til þess að bera uppi húsið til frambúðar á þessum kafla. Mátti mylja úr horninu með berum höndum og sums staðar var ytra borð hans brotið inn í holrúm. Teljum við, að ekki sé fært að kasta á hann og húða að nýju, heldur þurfi frekari aðgerðar við, eins og síðar verður á minnzt. Stétt með norðurhlið hússins hafði verið steypt alveg upp að húsinu í sömu hæð og gólfplata kom, svo að vatn, er á hana kom, átti greiðan gang inn í húsið, en gat ekki lekið niður. Hefir það nú verið lagfært.

Eldhús í þessu horni hússins var greinilega merkt af rakaskemmdum, t. d. var dúkur skemmdur og bök í eldhússkápum, þar sem ekki var um bök úr vatnsheldum krossvið að ræða.

Í svefnherbergi í suðurhlið hússins hafði dúkur skemmzt af raka og verið endurnýjaður á hluta af herberginu ($3 \times 3{,}42$ m$^2$). Þrátt fyrir hvíttun hússins voru lóðréttar sprungur sjáanlegar þar í vegg. Skyggni yfir útihurð var okkur tjáð, að hefði brotnað af og hefði nú verið steypt af nýju."

Kostnað við að bæta úr göllum þessum telja matsmennirnir þenna:

| | | |
|---|---|---|
| a. Kostnaður við að gera við suðvesturhlið hússins | kr. | 2.765.00 |
| b. Kostnaður við að brjóta upp stétt meðfram norðurhlið hússins og steypa hana að nýju ..... | — | 575.00 |
| c. Kostnaður við nýjan gólfdúk ..... | — | 465.00 |
| d. Nýtt skyggni yfir inngöngudyr ..... | — | 250.00 |
| e. Kostnaður við að tengja niðurföll við holræsakerfi | — | 900.00 |
| f. Kostnaður af að gera við austurhlið og norðurstafn hússins ..... | — | 7.280.00 |
| | Kr. | 12.235.00 |

Stefndi hefur skýrt svo frá, að er stefnandi skoðaði húsið, hafi hann ekkert minnzt á raka í húsinu. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við raka þar áður, nema lítið eitt í eldhúsi. Um veturinn 1951 muni stefnandi eitthvað hafa talað við hann um raka í eld-

húsinu, en telur sig ekki muna nánar um það. Gólfdúkur í stofu hafi skemmzt, er breytt var innréttingu hússins. Þetta hafi hún bent stefnanda á, áður en kaup voru gerð, og hann sætt sig við það.

Maður sá, er var í fylgd með stefnanda, er hann skoðaði húsið, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki séð nein merki um raka eða vatn í húsinu, er hann skoðaði það. Gólfdúkar hafi verið slitnir og heldur illa um þá gengið. Hafi hann heyrt stefnanda spyrja stefnda að því, hvort raki væri í húsinu, en því hafi hún neitað. Maður þessi kveðst ekki hafa séð neina galla á húsinu að utan, nema smávegis skemmd á múrhúðun fyrir ofan inngöngudyr hússins.

Maður, sem ók þeim stefnanda og konu hans, er þau fóru að skoða húsið, kveðst hafa heyrt, að stefnandi spurði stefnda að því, hvort raki væri í húsinu, og hafi hún neitað því.

Tveir múrsmiðir, er skoðuðu húsið um vorið og sumarið 1951, hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að skyggni yfir dyrum hafi verið sprungið svo frá, að nauðsynlegt hafi verið að brjóta það niður og steypa það aftur. Þá segjast menn þessir hafa skoðað húsið að utan. Á norðvesturhorni hússins hafi vikurholsteinn sá, er húsið var hlaðið úr, verið svo ónýtur, að þeir hafi talið nauðsynlegt að rífa hann niður að utan og hlaða af nýju. Þá hafi þeir tekið eftir því, að múrhúð var víða laus á húsinu og smásprungur í hana.

Hinir dómkvöddu matsmenn hafa ekki treyst sér til að segja um, hvort gallar þeir, sem voru á veggjum hússins og um getur í matsgjörð þeirra, hafi verið komnir fram seint á árinu 1950, en annar taldi þó líklegt, að svo myndi vera um eitthvað af göllunum.

Kona, er bjó í húsinu, hefur skýrt svo frá, að í rigningum hafi vatn streymt inn um suðausturhlið hússins.

Stefnandi telur með vísan til þess, sem að framan getur, að á húsinu hafi verið leyndir gallar, sem stefndi beri ábyrgð á og beri að bæta að fullu. Hefur hann lagt mat hinna dómkvöddu manna til grundvallar að þessu leyti.

Stefndi hefur að nokkru byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi enga kröfu á hendur henni, þar sem hún hafi alls ekki selt honum húsið.

Hér að framan hafa verið rakin skipti öll varðandi hús þetta, sem hér skipta máli. Með vísan til þess, sem þar er rakið og kröfuframsals þeirra Þorkels og Hróars, þá verður að telja, að stefnandi geti krafið stefnda um allt það tjón, sem af því kann að hafa orðið, að leyndir gallar væru á húsinu.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að nokkrir þeir gallar hafi verið, sem ekki hafi verið augsýnilegir hverjum þeim, sem húsið skoðaði. Geti stefnandi því enga kröfu átt af þeim sökum. Enn hefur stefndi talið, að ef svo kunni að verða litið á, að einhverjir þeir gallar væru á húsinu, sem stefndi bæri ábyrgð á, þá hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til að bera þá fyrir sig, þar sem hann hafi eigi kvartað nægilega snemma yfir þeim, enda þótt til þess væru fullt tilefni og tækifæri.

Allar kröfur stefnda að þessu leyti verða afgreiddar, þegar rætt verður um hina einstöku þætti þessa liðar hér síðar.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt mati hinna dómkvöddu manna á þeim grundvelli, að henni hafi ekki gefizt kostur á að vera viðstödd, er það fór fram, og gæta réttar síns.

Í málinu er komið fram, að stefndi var ekki viðstödd, er hinir dómkvöddu menn framkvæmdu mat sitt þann 15. ágúst 1951, og hafði ekki fengið um framkvæmd matsins að vita. Er þessa atriðis varð vart og unnt var að ná til stefnda, kvöddu matsmennirnir aðilja aftur fyrir sig. Lét stefndi umboðsmann sinn mæta, sem hafði engin andmæli uppi um efni matsins. Lýstu matsmennirnir yfir því, að þeir sæu enga ástæðu til neinna breytinga á mati sínu. Mat sitt hafa matsmennirnir staðfest fyrir dómi. Með hliðsjón af þessu öllu þykir eftir atvikum öllum ekki varhugavert að styðjast við mat þetta.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að taka hvern þátt þessa kröfuliðar fyrir sig og er þá byggt á greiningu þeirri, sem hinir dómkvöddu menn notuðu og að framan hefur verið rakin. Hinir byggingafróðu meðdómsmenn hafa farið á vettvang og athugað hús það, sem um er deilt.

Um a. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að á suðvesturhlið hússins væri nauðsynlegt að brjóta niður vikurvegginn inn að miðju og steypa síðan eða hlaða vegginn að nýju milli gólfs og gólfplötu og húða síðan. Kostnað við þetta töldu þeir nema kr. 2.765.00.

Að því er varðar skemmdir á þessum stað, þá þykir verða að leggja til grundvallar lýsingu hinna dómkvöddu manna á þeim, en nú hefur verið úr þeim bætt. Stefnandi hefur viðurkennt, að við athugun á húsinu fyrir kaupin hafi hann séð allstóra sprungu í múrhúðun þar. Honum var kunnugt um, að hús þetta var byggt úr vikurholsteini, og mátti hann því þegar gera ráð fyrir því, að þar væri nokkurrar aðgerðar þörf og rétt væri, að þær væru framkvæmdar hið fyrsta. Þrátt fyrir þetta hafðist hann ekki að um slíkt fyrr en alllöngu síðar. Hins vegar er ljóst, að skemmdirnar

á veggnum eru mun meiri en stefnandi mátti ætla. Þykir verða að telja, að hér hafi verið um hulinn byggingargalla á húsinu að ræða, sem stefndi verði að teljast bera ábyrgð á og beri að bæta. Með vísan til þessa og annars þess, sem hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur til stefnanda að þessu leyti kr. 1700.00, enda verður ekki talið, að hann hafi firrt sig rétti með vangeymslu.

Um b. Stefnandi hefur talið, að stétt meðfram norðurhlið hússins hafi hallað þannig, að vatn hafi staðnæmzt á henni og leitað inn í húsið. Matsmennirnir telja, að kostað hafi kr. 575.00 að bæta úr galla þessum.

Stefnandi skoðaði húsið, áður en hann gekk frá samningum varðandi það, og í öllum samningum um það er tekið fram, að kaupandi sætti sig við ástand þess. Þar sem hér var um sýnilegan galla að ræða, ber stefnanda ekki neinar bætur úr hendi stefnda af þessum sökum.

Um c. Stefnandi telur, að gólfdúkur í svefnherbergi hafi eyðilagzt af raka. Hinir dómkvöddu menn hafa talið, að kosta muni kr. 465,00 að leggja nýjan dúk.

Eins og að framan er rakið, hefir stefnandi viðurkennt, að hann hafi, er hann skoðaði húsið, séð, að gólfdúkur í herbergi þessu var verulega skemmdur, þá verður ekki talið, að hér sé um neinn hulinn galla að ræða, og getur stefnandi því ekki átt neina kröfu um bætur af þeim sökum. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um d. Því er ómótmælt, að um vorið 1951 hafi umrætt skyggni verið svo sprungið frá veggnum, að nauðsynlegt hafi verið að brjóta það niður og steypa það aftur. Gegn mótmælum stefnanda er ósannað, að galli á skyggninu hafi verið sýnilegur, þegar stefnandi skoðaði húsið. Það þykir því mega fallazt á, að hér hafi verið um hulinn galla að ræða, sem stefnda beri að bæta. Eftir atvikum þykir mega fallast á verðákvörðun matsmannanna að þessu leyti og taka þessa kröfu til greina að öllu leyti.

Um e. Því er ómótmælt, að þakrennur hafi ekki verið á húsinu og engin niðurföll neðan jarðlínu með sambandi við holræsakerfi. Er stefnandi skoðaði húsið, sá hann, að þakrennur skorti. Hins vegar verður að telja, að hann hafi mátt treysta því, að venjuleg niðurföll væru í sambandi við holræsakerfi. Þykir hann því geta krafið stefnda um bætur af þessum sökum. Eftir atvikum öllum þykir ekki varhugavert að leggja verðákvörðun matsmanna til grundvallar að þessu leyti og taka þenna kröfulið til greina að öllu leyti.

Um f. Matsmennirnir taka fram, að þeir hafi orðið varir við

lausa múrhúð á austurhlið og norðurstafni hússins, og telja það stafa af því, að vikursteinninn, sem húsið er byggt úr, sé yfirleitt lélegur. Þá segja þeir, að þótt húsið geti enzt um stundarsakir, eftir að gert hafi verið við þá aðra galla, sem þeir telja fram, þá verði það ekki til frambúðar og við eilífar viðgerðir að berjast, þar til úr þessu hafi verið bætt að fullu, en kostnað við það meta þeir á kr. 7.280.00.

Af gögnum þeim, sem að framan hafa verið rakin, og athugun á húsinu, er ljóst, að raki er í veggjum þessum, og auk þess virðast vera þar sprungur, sem vatn fer inn um. Af skýrslu stefnanda er ljóst, að hann sá nokkur merki, er bentu til raka, er hann skoðaði húsið, og gaf það honum aukið tilefni til aðgæzlu, sérstaklega þegar virt er gerð hússins og efni það, sem það er byggt úr. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum stefnda, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á, að húsið væri rakalaust. Með vísan til þessa verður ekki talið, að stefnandi geti heimt úr hendi stefnda bætur vegna þessa atriðis út af fyrir sig. Telja verður á hinn bóginn, að stefnandi hafi mátt treysta því, að eigi væri um lekastaði að ræða á húsinu, og á hann því rétt til bóta, að því leyti sem um slíka galla er að ræða.

Þegar allt þetta er virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykir rétt að gera stefnda að greiða stefnanda nokkrar bætur af þessu efni. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 4200.00, enda verður talið, að stefnandi hafi nægilega snemma hreyft athugasemdum varðandi þetta atriði.

Samkvæmt þessu verða úrslit 6. kröfuliðar þau, að stefndi verður dæmd til að greiða stefnanda alls kr. 7050.00.

Með vísan til framangreinds verða málalok þau, að stefndi verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 7130.00 (80.00+7050.00) með 6% vöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 30. nóvember 1951.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, með kr. 1700.00.

Að því er varðar kröfu Kristjáns Gíslasonar um málskostnað úr hendi stefnda, þá er ekki unnt að taka hana til greina, þar sem nefndum Kristjáni var aðeins tilkynnt um mál þetta, en ekki stefnt inn í það.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Árna Snævarr verkfræðingi og Jóni Bergsteinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Kristín Sveinbjörnsdóttir, greiði stefnanda, Davíð Ó. Grímssyni, kr. 7130.00 með 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 1700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 1. febrúar 1957.

Nr. 102/1956. **Snorri Magnússon**
gegn
**Kristni Helgasyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Snorri Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristni Helgasyni, sem sótt hefur dómþing 4 sinnum og krafizt ómaksbóta, kr. 450.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 13/1957. **Ákæruvaldið** (Jóhannes Elíasson hrl.)
gegn
**Finnboga Guðmundssyni**
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þegar litið er til fortíðar ákærða, þykir refsing hans fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, samkvæmt þar greind-

um lagaákvæðum svo og 72. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Guðmundsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóhannesar Elíassonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. desember 1956.**

Ár 1956, mánudaginn 31. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem var haldinn að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5588/1956: Ákæruvaldið gegn Finnboga Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu 18. þ. m., er Finnbogi Guðmundsson, nú refsifangi í hegningarhúsinu, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 (þjófnað) með því að taka að ófrjálsu hinn 18. júlí s. l., um kl. 17, peningaveski með kr. 1025.00 af Arthúr R. Nielsen inni í áfengisverzluninni við Skúlagötu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og málskostnaðargreiðslu og sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 18. maí 1921 í Reykjavík, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1935 5/1. Kærður fyrir þjófnað á dúfum.

1936 28/2. Kærður fyrir þjófnað. Málið sent barnaverndarnefndinni til frekari meðferðar.

1937 10/8. Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytis í bréfi 10/8 1937.

1940 23/1. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, hylmingu og lögreglubrot.

1943 25/3. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna, 245. gr.

1944 19/2. Dómur sama réttar: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1947 3/7. Dómur aukaréttar: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum. Dómur Hæstaréttar í sama máli 28/5 1948: 10 mánaða fangelsi.

1948 27/1. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 13. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947, 25. gr., 2. og 3. og 7. mgr., sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 1947, 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1949 9/12. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1950 25/5. Reykjavík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1950 18/7. Reykjavík. Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað. Skaðabætur kr. 2800.00 í sama máli.

1953 18/7. Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1954 15/10. Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann síðan 1939 alls 153 sinnum undirgengizt greiðslu sektar fyrir áfengislaga- og lögreglusamþykktarbrot.

Málavextir:

Miðvikudaginn 18. júlí s. l. var ákærði staddur í áfengisverzluninni við Skúlagötu hér í bæ, og var hann ölvaður. Hann veitti því þá athygli, að maður, er var að verzla þarna, hafði allmikla peninga í veski sínu. Ákærði gekk að manni þessum, tók hann tali og tók utan um hann. Maðurinn ýtti ákærða frá sér, en áður hafði ákærða heppnazt að grípa peningaveskið, sem maðurinn

hafði látið í bakvasa sinn. Varð maðurinn þessa ekki var fyrr en nokkru síðar, en leitaði þá aðstoðar lögreglu, og var ákærði handtekinn skömmu síðar. Hafði hann þá á sér 1025 kr., og að því er hann segir, voru þetta allir peningar þeir, er voru í veskinu, en því kvaðst hann hafa hent. Peningunum var skilað til eigandans, Arthurs Reynalds Nielsens, og hefur hann eigi gert bótakröfu.

Ákærði hefur með nefndu atferli brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Hann hefur enn unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Guðmundsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 124/1956. **Ákæruvaldið**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
**Frederic Harold Pidgen**
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómendurnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, athugað staðar-

ákvarðanir yfirmanna varðskipsins Þórs, þegar togarinn Sisapon, G.Y. 381, var tekinn af varðskipinu, er hann var að botnvörpuveiðum úti fyrir Austfjörðum 21. ágúst f. á. Samkvæmt athugun skólastjórans á staðarákvörðun þeirri, er gerð var kl. 20.50 nefndan dag, reyndist togarinn um 0,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir um veiðar togarans, hefur hann þá verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Frederic Harold Pidgen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Seyðisfjarðarkaupstaðar 23. ágúst 1956.**

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Frederic Harold Pidgen, skipstjóra á brezka togaranum Sisapon, G. Y. 381, til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara 21. ágúst 1956

út af Gerpi, innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 21. febrúar 1920. Hann hefir ekki, svo vitað sé, áður sætt refsingu eða ákæru fyrir dómstólum hér.

Í fyrradag var varðskipið Þór á eftirlitsferð norður með Seley. Kl. 20,44 sást togarinn Sisapon, G. Y. 381, halda út og suður frá landi. Skipstjóri togarans, sem er ákærði í máli þessu, viðurkennir, að togarinn hafi þá verið að veiðum og þar til varðskipið hafði staðnæmzt hjá togaranum.

Kl. 20,50 var gerð svofelld staðarákvörðun:

| | | |
|---|---|---|
| Skrúður | | |
| Snæfugl | > | 45°03′ |
| Norðfjarðarhorn | > | 84°52′ |
| Togari | > | 28°19′ |

Fjarlægð í togarann 6.7 sjómílur, er gefur stað hans um 0.4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 20.53 er sett upp stöðvunarmerki.

Kl. 20.59 gerði varðskipið eftirfarandi staðarákvörðun:

| | | |
|---|---|---|
| Skrúður | | |
| Skúmhöttur | > | 55°53′ |
| Norðfjarðarhorn | > | 70°11′ |
| Togari | > | 40°38′ |

Fjarlægð 4.0 sjómílur í togarann.

Kl. 21.14 sást, að togarinn var með bakborðsvörpu í sjó.

Kl. 21.17 var dufl sett út í kjölvatn togarans.

Kl. 21.21 var stöðvað við hlið togarans Sisapon, G.Y. 381, er strax byrjaði að vinda inn vörpu sína. Skipstjóri togarans var sóttur, og farið var að duflinu og gerð við það eftirfarandi staðarákvörðun:

| | | |
|---|---|---|
| Skrúður | | |
| Skúmhöttur | > | 28°07′ |
| Norðfjarðarhorn | > | 63°47′ |

Dýpi 100 metrar.

Kl. 22.05 við duflið:

| | | |
|---|---|---|
| Skrúður | | |
| Sandfell | > | 60°02′ |
| Dalatangaviti | > | 56°39′ |

Ákærði tók þátt í staðarákvörðununum nr. 3 og 4 hér að fram-

an, og er fullt samkomulag milli hans og yfirmanna varðskipsins um, að þær séu réttar. Staðarákvarðanir nr. 1 og 2, sem sýna skip ákærða innan fiskveiðitakmarka á þeim tíma, sem hann var að veiðum, eru hins vegar ekki viðurkenndar af ákærða. Kl. 18.25 kveðst hann hafa gert staðarákvörðun, sem eftir íslenzkri venju mundi rituð þannig:

Skúmhöttur
Norðfjarðarhorn > 46°15′
Dalatangaviti > 35°04′

Staðarákvörðun þessi fær þó ekki staðizt, sé hún borin saman við staðarákvarðanir nr. 3 og 4 hér að framan, sem gerðar voru við dufl, er sett var í kjölvatn togarans kl. 21.17 og ákærði gerði sjálfur og viðurkennir, að væru réttar, því að ef fyrstnefnd staðarákvörðun ákærða væri rétt, hefði togarinn samkvæmt upplýsingum ákærða um hreyfingar hans átt að vera kominn miklu lengra út fyrir fiskveiðitakmörkin kl. 21.17 heldur en hinar óumdeildu staðarákvarðanir nr. 3 og 4 sýna. Með hliðsjón af þessu verður ekki hægt að taka andmæli ákærða til greina. Og þar sem skýrsla skipherrans á varðskipinu Þór er studd eiðfestum vitnisburði 1. og 2. stýrimanns á varðskipinu, verður að teljast fullsannað, að skip ákærða hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna kl. 20.50 og 20.59, þegar staðarákvarðanir nr. 1 og 2 voru gerðar, en þá var skipið að veiðum, eins og áður segir. Ákærði hefur því verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951.

Þar eð skip ákærða, togarinn Sisapon, G.Y. 381, er samkvæmt mælibréfi 581,21 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða, með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Sisapon, G. Y. 381, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Frederic Harold Pidgen, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Sisapon, G.Y. 381, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 161/1956. **Ákæruvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
**Jakobi Vigtý Leó Ólafssyni**
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt stað þann, er ákærði kveður skip sitt hafa verið statt á, er vörpunni var kastað í umrætt skipti. Staðfestir skólastjórinn, að sá staður sé um 6,2 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi. Varðar það brot hans við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var kveðinn upp, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ásmundssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 2. júní 1956.**

Ár 1956, laugardaginn 2. júní, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Patreksfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1956 ákæruvaldið gegn Jakob Vigtý Leó Ólafssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Ákærði er Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, skipstjóri á togbátnum Tálknfirðingi, BA 325, til heimilis að Hraunteigi 22 í Reykjavík. Og er málið höfðað gegn honum samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dagsettu í dag, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 frá 8. des. 1952 um breytingu á þessum lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togbát kl. um 17.15 föstudaginn 1. júní 1956 á Patreksfjarðarflóa um 6.2 sjómílur innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81 frá 1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, svo og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togbáts og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. febrúar 1925 að Bakka í Tálknafjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu, og hefur ekki áður gerzt brotlegur við íslenzku fiskveiðilöggjöfina, svo vitað sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Sæbjörgu, og eiðfestum framburði Jóns Strandbergs, 1. stýrimanns á sama skipi, svo og játningu ákærða eru málavextir þessir:

Föstudaginn 1. júní 1956, klukkan 16.50, fór varðskipið Sæbjörg

frá Patreksfirði og hélt út Patreksfjarðarflóa grunnt með landi að vestanverðu. Klukkan 17.15 var varðskipið út af Ólafsvita. Sást þá bátur í réttvísandi norður frá vitanum. Hélt hann í ca suðaustur og fór hægt. Klukkan 17.30 sást, að báturinn sneri til stjórnborðs og útum. Þótti varðskipstjóranum þá eitthvað grunsamt við bátinn og hélt í áttina til hans. Klukkan 17.40 setur báturinn á ferð inn flóann, og dregur varðskipið þá upp stöðvunarmerki. Klukkan 17.46 skaut varðskipið „lausu skoti". Stanzaði báturinn þá. Klukkan 18.00 kom varðskipið að bátnum, sem reyndist vera togbáturinn Tálknfirðingur, BA 325, frá Tálknafirði. Var hann þá 1.5 sjómílur út af Krossadal. 1. stýrimaður varðskipsins var strax sendur um borð í Tálknfirðing. Er hann kom um borð í bátinn, sá hann, að hlerar og bobbingar bátsins voru fægðir, veiðarfæri í bunka á þilfarinu, óleyst frá poka, og sá stýrimaður lifandi steinbít í honum auk tveggja eða þriggja kola.

Skipstjóri togbátsins var strax fluttur yfir í varðskipið. Viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, þegar varðskipstjórinn kom fyrst auga á bát hans á 19 faðma dýpi, á miðum, sem kallast Legur, og kvaðst hafa togað þar í 20 mínútur.

Skipstjóri varðskipsins merkti veiðistaðinn á sjókortið eftir miðum þeim, sem togbátsstjórinn gaf upp: Tálknin í réttvísandi 140° og Straumnes í réttvísandi 233°, og reyndist staðurinn vera um 6.2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Veður var N 5, sjór N 4, skýjað.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu skipherrans rétta í öllum greinum, hvað brot hans áhrærir.

Það þykir því sannað með eiðfestri skýrslu skipherrans á varðskipinu og eiðfestum vitnisburði 1. stýrimanns varðskipsins, sem er samhljóða skýrslu skipherrans á varðskipinu, svo og með eigin viðurkenningu ákærða, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að veiðum um 6.2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákærunni.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togbátsins, 66 brúttó smálestir, og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7400.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir drag-

strengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dóm þenna kváðu upp Jóhann Skaptason, settur sýslumaður, og meðdómsmennirnir Árni Gunnar Þorsteinsson póstafgreiðslumaður og Gísli Bjarnason fyrrverandi skipstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Vigtýr Leó Ólafsson, greiði 7400.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togbátsins Tálknfirðings, BA 325, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 8. febrúar 1957.

Nr. 42/1956: **Efnalaug Hafnarfjarðar h/f**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
**Jóni Guðmundssyni**
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vöntun umboðs til að skuldbinda fyrirtæki með áritun samþykkis á víxil.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gegn andmælum áfrýjanda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að Georg Hólm, er samþykkti víxil þann f. h. áfrýjanda, sem stefnt er út af, hafi haft umboð til að skuldbinda áfrýjanda á þenna hátt. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, er greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Efnalaug Hafnarfjarðar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Guðmundssonar í máli þessu, og greiði stefndi áfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. janúar 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefir Jón Guðmundsson, Njálsgötu 40 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. janúar 1955, gegn Efnalaug Hafnarfjarðar h. f., Hafnarfirði, og Emanúel Morthens, Skipasundi 56 hér í bænum, **aðallega**, en **til vara** gegn Emanúel Morthens og Georg Hólm, Vitastíg 7, Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á víxilskuld, að fjárhæð kr. 16.025.00 með 7% ársvöxtum frá 16. desember 1954 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. 40.40 í stimpilkostnað, 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að mati dómarans svo og 7% ársvöxtum af málskostnaðarfjárhæð frá dómsbirtingardegi til greiðsludags.

Stefndi Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. hefir krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Stefndi Emanúel Morthens hefur ekki sótt þing í málinu.

Varastefndi Georg Hólm hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara sýknu og að málskostnaður falli þá niður.

Framangreindur víxill er útgefinn af stefnda Emanúel Morthens 16. nóvember 1954 og samþykktur til greiðslu af varastefnda Georg Hólm f. h. Efnalaugar Hafnarfjarðar h.f. hinn 16. desember 1954.

Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 18. desember 1954.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargjörð, og byggir hann kröfur sínar á því.

Aðalstefndi Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. byggir sýknukröfu sína á því, að Georg Hólm hafi ekki haft umboð til að samþykkja hinn umstefnda víxil. Hann hafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en ekki prókúristi og gat því ekki skuldbundið fyrirtækið. Enn fremur hafi Georg Hólm, er hann samþykkti hinn umstefnda víxil, verið að greiða eldri víxil, sem kominn var í vanskil, en á þeim víxli hafi Georg Hólm verið skuldari persónulega.

Varastefndi Georg Hólm byggir kröfur sínar á því, að hann hafi haft umboð til að samþykkja víxla fyrir hönd fyrirtækisins, svo skuldbindandi væri fyrir það, enda hafi hann margoft gert slíkt án nokkurra athugasemda, hvorki frá fyrirtækinu sjálfu né viðskiptamönnum.

Stefán Guðjón Sigurðsson, formaður Efnalaugar Hafnarfjarðar h. f., hefir skýrt svo frá fyrir dómi, að Georg Hólm hafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en hafi aldrei haft prókúruumboð. Með bréfi til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðar, dags. 5. janúar 1954, birtri 22. janúar, hafi verið tilkynnt, að Georg Hólm væri genginn úr hlutafélaginu Efnalaug Hafnarfjarðar. Georg Hólm hafi haft fjárreiður félagsins árið 1954, þar til hann hætti störfum hinn 4. desember 1954. Stefán kvaðst vera kunnugt um, að Georg Hólm hafi samþykkt víxla fyrir hönd fyrirtækisins, en það hafi Georg gert að honum fornspurðum. Kvaðst Stefán hafa bent Georg á, að honum væri það óheimilt, en Georg ekki látið sér segjast, og engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir það. Stefán kvaðst hafa rekizt á víxil í skjölum fyrirtækisins, eftir að Georg hafi hætt störfum, að fjárhæð kr. 15.000.00, útgefinn 5. október 1954 og samþykktan til greiðslu af Georg 5. nóvember 1954. Kvaðst Stefán hafa átt tal við Georg út af þessu, og hann þá tjáð honum, að víxillinn tilheyrði sér persónulega. Kvaðst Stefán telja hinn umstefnda víxil vera framlengingarvíxil fyrrgreinds víxils og byggir það álit sitt á fjárhæðum og dagsetningum víxlanna.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá Vélsmiðju Hafnarfjarðar h.f. og Þorsteini Bergmann heildsala, þess efnis, að víxlum, samþykktum af Georg Hólm f. h. Efnalaugar Hafnarfjarðar h. f., hafi fyrirtæki þeirra tekið við sem greiðslu vegna viðskipta þeirra við Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og framselt þá án nokkurra athugasemda.

Kvað Stefán Sigurðsson fyrir dómi, að vottorð þessi væru rétt.

Stefndi Emanúel Morthens hefir komið fyrir dóm. Kvaðst hann ekki mundu taka til varna í málinu. Hann kvað Georg Hólm hafa tjáð sér, að hann hefði prókúruumboð fyrir Efnalaug Hafnarfjarðar h.f. jafnframt því að vera framkvæmdastjóri, og hafi hann gefið út víxilinn í trausti þess. Emanúel kvaðst áður hafa keypt gufuketil af Efnalaug Hafnarfjarðar h.f. og þá átt tal við Stefán Sigurðsson, sem hafi tjáð sér, að Georg Hólm væri framkvæmdastjóri fyrirtækisins og sæi um þau kaup að öllu leyti.

Stefndi Georg Hólm hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi hætt störfum hjá Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. um miðjan desember 1954. Kvaðst hann hafa haft prókúruumboð fyrir fyrirtækið, en kvaðst ekki geta fullyrt, hvort það hefði verið tilkynnt til skráningar. Georg kvaðst hafa samþykkt hinn umstefnda víxil fyrir hönd Efnalaugarinnar vegna lántöku fyrir fyrirtækið, sem varið var til greiðslu á vinnulaunum o. fl. Georg kvaðst hafa haft fjárreiður fyrirtækisins á hendi að minnsta kosti síðustu þrjú ár starfstíma síns og kvaðst minna, að hann hefði haft prókúruumboð um svipaðan tíma, og hafi honum verið veitt prókúruumboð á stjórnarfundi í fyrirtækinu. Georg kvað Stefán Sigurðsson aldrei hafa haft orð á því, að sér væri óheimilt að samþykkja víxla fyrir hönd fyrirtækisins.

Eins og hér að framan hefir verið rakið, var stefndi Georg Hólm framkvæmdastjóri stefnds fyrirtækis, þegar umstefndur víxill var samþykktur, en ekki er upplýst, að prókúruumboð honum til handa hafi verið tilkynnt. Eins og fram kemur í málinu, hefur Georg Hólm samþykkt víxla fyrir hönd fyrirtækisins, og hefur verið tekið við þeim víxlum af viðskiptamönnum fyrirtækisins án nokkurs fyrirvara. Enn fremur hefur slíkt verið látið viðgangast af stjórn fyrirtækisins, og eins hafa slíkir víxlar verið framlengdir, eftir að Georg Hólm lét af starfi hjá fyrirtækinu.

Þykir því verða að telja, að stjórn fyrirtækisins hafi með því samþykkt þær skuldbindingar, sem Georg Hólm gerði fyrir hönd fyrirtækisins, og þar sem ekki þykir annað sannað í málinu en að umstefndur víxill hafi verið samþykktur vegna fyrirtækisins, þykir bera að telja það skuldbundið samkvæmt honum.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina og Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og Emanúel Morthens in solidum dæmdir til greiðslu hinna stefndu fjárhæða, enda hefur stefndi Emanúel lýst yfir því fyrir dómi, að hann hefði ekki uppi varnir í málinu.

Þá ber og að dæma aðalstefndu til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1735.00. Stefnandi gerði kröfu um greiðslu vaxta af málskostnaðarfjárhæðinni frá birtingardegi dóms til greiðsludags, en hefur síðan fallið frá þeirri kröfu.

Ekki þykja efni standa til að dæma varastefnda málskostnað í máli þessu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og Emanúel Morthens, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 16.025.00 með 7% ársvöxtum frá 16. desember 1954 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. kr. 40.40 í stimpilkostnað, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 1735.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 11. febrúar 1957.

Nr. 4/1956. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

**Bengtu Andersen** (Ólafur Þorgrímsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa niður fallin vegna tómlætis.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1956. Hann krefst sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi fékk hinn 12. febrúar 1951 í hendur reikning áfrýjanda, þar sem glöggt er greint, hverja þóknun áfrýjandi hafði reiknað sér fyrir málflutningsstörf, sem lýst er í héraðsdómi. Jafnframt veitti stefndi viðtöku og kvittaði fyrir

innstæðufé sínu samkvæmt reikningnum. Hinn 20. marz 1953 ritaði stjórn Lögmannafélags Íslands áfrýjanda og tilkynnti honum, að stefndi hefði krafizt úrskurðar félagsstjórnarinnar um greinda málflutningsþóknun. Er ekki sannað, að áfrýjandi hafi fyrr fengið vitneskju um, að stefndi vildi eigi una reikningsskilum hans. Að svo vöxnu máli þykir stefndi eigi geta haft uppi kröfu um frekari greiðslu úr hendi áfrýjanda. Verður áfrýjandi því sýknaður, en eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bengtu Andersens, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Franz A. Andersen, löggiltur endurskoðandi, Nesvegi 65 hér í bæ, f. h. systur sinnar, Bengtu K. Andersens, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 7. september 1954, gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Ásvallagötu 7 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 18. janúar 1951 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Hver sem úrslit málsins verða, krefst stefndi málskostnaðar að mati dómarans.

Hinn 29. nóvember 1954 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. desember s. á., var frávísunarkröfunni hrundið.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1948 tók stefndi að sér flutning skaðabótamáls fyrir stefnanda. Var mál þetta höfðað til greiðslu dánarbóta o. fl. vegna andláts Sigurðar Guðlaugssonar, manns hennar. Var dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar, og urðu

úrslit málsins þar þau, að stefnanda voru dæmdar kr. 40.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi veitti fjárhæðum þessum viðtöku, er þær voru greiddar, en er gert var upp, reiknaði hann sér kr. 10.000.00 í málflutningslaun auk útlagðs kostnaðar, kr. 2770.20.

Franz A. Andersen, er höfðað hefur mál þetta f. h. systur sinnar, Bengtu, hefur skýrt svo frá, að svo hafi verið um talað milli hans og stefnda, að stefndi miðaði málflutningslaun sín við þá bótafjárhæð, sem endanlega fengist greidd. Hafi Bengtu því fundizt þóknun sú, er stefndi reiknaði sér, of há og því falið sér að fá úr því atriði skorið. Með bréfi, dags. 18. marz 1953, sneri Franz sér síðan til stjórnar Lögmannafélags Íslands og beiddist úrskurðar hennar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir flutning greinds máls í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krafðist hann og sundurliðunar og fylgiskjala fyrir hinum útlagða kostnaði. Stjórn L.M.F.Í. taldi sig bresta heimild til að skylda stefnda til að sýna sundurliðun og fylgiskjöl fyrir hinum útlagða kostnaði, en úrskurðaði hins vegar, að hæfileg þóknun honum til handa fyrir flutning umræddra máls fyrir báðum dómum væri kr. 8000.00. Stefndi vildi eigi una úrskurði þessum og kærði hann til Hæstaréttar, en með dómi, uppkveðnum 23. júní 1953, var kærumálinu vísað frá Hæstarétti, þar eð greind úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands „verður einungis skoðuð sem álitsgerð, en ekki úrskurður samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, er kærður verði til Hæstaréttar."

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á álitsgerð þessari, og er stefnufjárhæðin mismunur þeirrar fjárhæðar, er stjórn Lögmannafélags Íslands taldi hæfileg málflutningslaun stefnda til handa, og fjárhæðar þeirrar, er hann reiknaði sér í þóknun.

Stefndi hefur í greinargerð sinni að mestu vísað í framlögð skjöl varðandi málsástæður þær, er hann reisir sýknukröfu sína á. Bendir hann á, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri kvittun hinn 12. febrúar 1951, er uppgjör fór fram þeirra í milli út af áðurnefndu skaðabótamáli, fallizt á málflutningslaun þau, er hann reiknaði sér. Hafi síðan eigi verið á það minnzt við hann, hvorki af stefnanda né Franz A. Andersen, að hún væri óánægð með þessi málalok í skiptum þeirra. Hann hafi eigi orðið þess áskynja fyrr en rúmum tveimur árum síðar, er honum barst bréf stjórnar L.M.F.Í. um, að stefnandi hefði borið undir úrskurð stjórnarinnar, hver málflutningslaun honum hafi verið rétt að áskilja sér. Í þessu sambandi hefur stefndi eindregið mót-

mælt því, að hann hafi á það fallizt, er hann tók að sér flutning umrædds máls, að málflutningslaun hans yrðu lægri en raun varð á, svo og að það hafi nokkurn tíma komið til tals milli hans annars vegar og stefnanda eða Franz A. Andersens hins vegar.

Virðist stefndi reisa sýknukröfu sína á eftirfarandi: 1) Málflutningslaun þau, er hann reiknaði sér, séu hæfileg. 2) Yrði svo eigi talið, hefði stefnandi með fyrirvaralausri kvittun, er þau gerðu upp skipti sín út af umræddu máli 12. febrúar 1951 (dskj. 15), firrt sig öllum rétti til að bera fyrir sig síðar, að málflutningsþóknun sú, er stefndi áskildi sér, væri of há. 3) Þótt talið yrði, að hún hefði átt rétt til endurgreiðslu að einhverju leyti, hefði hún allt að einu fyrirgert þeim rétti með aðgerðaleysi.

Um 1. Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnanda eigi tekizt að sanna þá staðhæfingu, að svo hafi verið um talað, er stefndi tókst á hendur flutning umrædds máls, að málflutningslaun hans skyldu miðast við fjárhæð þá, er endanlega fengist viðurkennd, né heldur að þetta hafi borizt í tal síðar. Hins vegar verður á það fallizt með stefnanda, þegar virt er saga umrædds máls, allt frá því er það var höfðað til þess, er dómur í því gengur í Hæstarétti 22. des. 1950, sbr. dómasafn Hæstaréttar, XXI. bindi, bls. 477, að málflutningsþóknun sú, er stefndi reiknaði sér, hafi verið of há, miðað við núgildandi gjaldskrá L.M.F.Í. Verður þessi sýknuástæða því eigi tekin til greina.

Um 2 og 3. Enda þótt stefnandi hafi fyrirvaralaust kvittað á uppgjör það, er stefndi lagði fyrir hana til samþykkis, er umrætt mál hafði verið til lykta leitt, verður eigi talið, að hún hafi með því firrt sig rétti til að bera fyrir sig síðar, að málflutningslaun þau, er stefndi reiknaði sér, væru of há, enda mátti hún, sem er ólöglærð og lítt vön viðskiptum, treysta því, að stefndi, sem var trúnaðarmaður hennar, myndi gæta hagsmuna hennar í hvívetna og eigi áskilja sér hærri þóknun en sanngjarnt varð talið. Með skírskotun til þessara raka verður heldur eigi á þá málsvörn stefnda fallizt, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi firrt sig þessum rétti, enda þótt alllangur tími, eða eitt ár og rúmir níu mánuðir, hafi liðið frá því stefnandi gaf umrædda kvittun, til þess er sannanlega var hafizt handa af hennar hálfu um leiðréttingu í bréfi til gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands, dags. 26. nóv. 1952. Þessari málaleitan stefnanda vísaði gjaldskrárnefndin frá sér, og sneri stefnandi sér þá til stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem taldi, að hæfileg málflutningslaun til stefnda væru kr. 8000.00, eins og fyrr segir.

Að öllu þessu athuguðu, sem að framan er greint, þykir stefn-

andi eiga rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda. Með hliðsjón af áliti stjórnar Lögmannafélags Íslands og öllum atvikum málsins telst málflutningsþóknun stefnda hæfilega ákveðin kr. 8000.00.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá birtingardegi sáttakæru, 3. sept. 1954, og rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius, greiði stefnanda, Bengtu K. Andersen, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1954 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

---

Miðvikudaginn 13. febrúar 1957.

Nr. 54/1955. **Haukur Pétursson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
**Bifreiðastöðinni Stefni s/f**
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um ábyrgð farmflytjanda.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1955 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi tókst á hendur flutning á varningi þeim, sem í málinu greinir, gegn flutningsgjaldi. Varningurinn spilltist af bruna, meðan stóð á þeim flutningi, og hefur áfrýjandi eigi leitt sönnur að því, að bruninn hafi orðið, án þess að vanrækslu eða mistökum af hans hendi væri um að kenna. Ber hann því skaðabótaábyrgð á tjóni því, sem á varningnum varð, sbr. meginreglu í 147. gr. laga nr. 56/1914 og 18. sbr. 20. gr., 1. mgr., laga nr. 41/1949.

Stefndi hafði á hendi afgreiðslu fyrir bifreið áfrýjanda og tók á sig gegnt tjónþolanda að greiða skaðabætur vegna brunans, að því leyti sem vátryggingarfé hrökk eigi til. Þar sem áfrýjandi er ábyrgur vegna brunatjónsins og stefndi innti skaðabæturnar af hendi í sambandi við fyrirsvar sitt fyrir áfrýjanda, á stefndi framkröfu á hendur áfrýjanda til greiðslu skaðabótanna. Samkvæmt því, er nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson, greiði stefnda, Bifreiðastöðinni Stefni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 19. janúar 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 14. þ. m., hefur stefnandi Júlíus Bogason framkvæmdastjóri f. h. Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s.f., Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. sept. s. l., á hendur þeim Hauki Péturssyni, Hringbraut 106, Keflavík, og Erni Péturssyni lögregluþjóni, Hafnarstræti 47, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að sumarið 1951 hafi stefndi Haukur, sem þá var búsettur hér í bænum, stundað akstur frá stöð stefnanda á bifreiðinni A 935, sem var vöruflutningabifreið, skráð eign stefnda Arnar. Hinn 7. júní það ár, er stefndi Haukur ók bifreiðinni með vörufarm frá Akureyri áleiðis til Reykjavíkur, kom upp eldur í farmi hennar, svo að hann varð ónýtur að mestu. Ókunnugt er um upptök eldsins, og leiddi sakadómsrannsókn ekki í ljós, hver þau hefðu verið. Brunatjónið á vörunum varð yfir 48 þúsund krónur. Skyldutrygging bifreiðarinnar var aðeins 30 þúsund krónur, og greiddi vátryggjandi hennar þá upphæð til farmeigenda, sem voru Sápuverksmiðjan Sjöfn og verksmiðjur S.Í.S. á Akureyri. Af vátryggingarupphæðinni fékk Sápuverksmiðjan Sjöfn kr. 18.460.00, en verksmiðjur S.Í.S. það, sem umfram var. Annað vátryggingarfélag greiddi það, sem á vantaði, að verksmiðjur S.Í.S. fengju tjón sitt fullbætt.

Verðmæti varnings þess, sem Sápuverksmiðjan Sjöfn átti á bifreiðinni, nam kr. 35.303.90. Þar af björguðust verðmæti, sem metin voru á kr. 5.500.00 með samkomulagi Sápuverksmiðjunnar Sjafnar og stefnanda, og samþykktu báðir stefndu mat þetta. Óbætt tjón hennar nam því kr. 11.343.90, en upphæð þessa lækkaði hún til samkomulags í kr. 8000.00, og greiddi stefnandi þá upphæð hinn 10. febrúar 1954. Bætur þessar kveðst stefnandi hafa greitt farmeiganda, sökum þess að hann hafi verið bundinn loforði um, að bifreiðar, sem önnuðust flutninga frá stöð hans, væru nægilega hátt tryggðar fyrir tjóni, er verða kynni á farminum í flutningnum.

Stefnandi telur stefndu bera bótaábyrgð á tjóni þessu og hefur því höfðað mál þetta til endurgreiðslu á framangreindri upphæð úr höndum þeirra. Heldur hann því fram, að stefndu hafi borið ábyrgð á tjóni, er verða kynni á farminum, meðan hann var í vörzlum þeirra, auk ábyrgðar samkvæmt bifreiðalögum. Enn fremur hafi stefndi Haukur viðurkennt skyldu sína til þess að bæta tjónið með því að undirrita án nokkurs fyrirvara fundargerð stjórnar stefnanda frá 21. júlí 1952, en í fundargerð þessari er bókuð svofelld ályktun, sem samþykkt var á fundinum:

„Þar sem Haukur Pétursson hefur lofað, að haldið skuli eftir af launum hans hverju sinni eftir samkomulagi upp í kostnað þann, er verða kann af brunatjóni því, er varð 7. júní 1951, samþykkir fundurinn, að honum verði greitt að fullu það, sem hann á inni hjá stöðinni."

Stefndi Örn skýrir svo frá, að upphaflega hafi þeir þrír bræður,

Jón Pétursson og stefndu, Örn og Haukur, verið sameigendur bifreiðarinnar A 935, en bifreiðin var þó skráð eign Arnar eins. Síðar, en löngu áður en fyrrgreindur farmur brann, seldi stefndi Örn Jóni bróður sínum sinn hluta, en eigendaskiptin voru ekki tilkynnt til bifreiðaskrár. Sýknukröfu sína byggir stefndi Örn aðallega á því, að hann sé ekki aðili að máli þessu, en meðstefndi Haukur sé raunverulegur eigandi bifreiðarinnar og hafi einn umráð hennar og arð. Til vara byggir hann kröfu um sýknu sér til handa á sömu ástæðum og meðstefndi Haukur og enn verður sagt.

Stefndi Haukur viðurkennir, að hann beri eigandaábyrgð á bifreiðinni, en telur, að tjónið hafi ekki orðið með þeim hætti, að slík ábyrgð komi til samkvæmt 34. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna, þar sem tjónið hafi ekki orðið af völdum hættueiginleika bifreiðarinnar, en við þessa háttar tjón eigi grein þessi einungis. Vátryggjendur bifreiðarinnar hafi því greitt vátryggingarfé, án þess þeim bæri skylda til, en viðskipta- og samkeppnissjónarmið hafi legið að baki greiðslunnar. Hann kveðst heldur ekki hafa skuldbundið sig til að greiða tjónbætur með loforði eða samningi og kveðst stöðugt hafa haldið því fram, að hvorki hann né stefnandi væri ábyrgur fyrir tjóninu. Hins vegar hafi forráðamenn stefnanda virzt hafa tilhneigingu til að bæta tjónið og hafi sjálfsagt viðskiptaástæður legið því til grundvallar. Kveðst hann hafa sagt, að þyrfti stefnandi nauðsynlega að greiða bætur, vildi hann reyna að taka einhvern þátt í því eftir nánara samkomulagi, ef kringumstæður hans leyfðu. Þannig beri að skoða undirskrift hans undir fyrrgreinda fundargerð. Hann kveðst og aldrei hafa lofað að annast vátryggingu farms umfram skyldutryggingu og aldrei fengið tilmæli um slíka vátryggingu.

Hafa nú verið raktar sýknuástæður stefnda Hauks.

Af því, sem fram er komið í málinu, verður ráðið, að stefndi Haukur var eigandi bifreiðarinnar A 935 og hafði einn umráð hennar og arð. Ber að fallast á það með stefnda Erni, að hann beri ekki ábyrgð á henni samkvæmt 35. gr. bifreiðalaga, og á hann því að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður þykir mega falla niður, að því er hann snertir.

Í ferð þeirri, sem um ræðir í máli þessu, hafði stefndi Haukur tafizt í sólarhring á Blönduósi vegna viðgerðar á bifreiðinni. Hann fór þaðan að áliðnu kvöldi, en bifreiðarstjóri, sem kom á móti honum, gaf honum stöðvunarmerki 40 mínútum síðar. Var þá eldur í farmi bifreiðarinnar. Umbúnaður um farminn var með þeim hætti, að metersháar hliðargrindur voru á pallinum, og yfir

farminn var breitt tvöfalt segl. Farmurinn var aðallega þvottaduft, sápa, júgursmyrsl og tóvara. Þegar stefndi Haukur nam staðar, var seglið alveg brunnið og eldur kominn í farminn allt í kring á pallinum og í hliðarborðin. Bifreiðaeftirlitsmenn, sem skoðað hafa bifreiðina, telja útilokað, að eldur hafi kviknað frá bifreiðinni sjálfri, en benda á þá möguleika, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða í vörunum eða að vindlingaeldur hafi komizt að þeim. Stefndi Haukur hefur skýrt svo frá, að hann geri ráð fyrir, að hann hafi reykt við aksturinn, en kveðst venjulega slökkva í vindlingum, áður en hann kastar þeim út. Virðist það, hvernig eldurinn hagaði sér, að seglið brann og eldurinn breiddist út utan með farminum, benda í þá átt, að um utanaðkomandi eld hafi verið að ræða. Hvort sem það hafi verið eldur frá vindlingabút eða annar eldsneisti, sem festst hefði í seglinu, mundi loftstraumurinn af hraða bifreiðarinnar hafa örvað eldinn og að líkindum valdið því, að kviknaði í seglinu og farminum. Með hliðsjón af þessu þykir ekki sannað, að tjónið hafi stafað af öðru en hættueiginleikum bifreiðarinnar. Kemur því hér til greina ábyrgðarregla 34. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna. Þar sem ekki þykir leitt í ljós, að tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi Haukur hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og bifreiðin hefði verið í lagi, ber þegar af þeirri ástæðu að leggja bótaskyldu á herðar honum samkvæmt greindri ábyrgðarreglu. Leiðir það til þess að taka ber til greina kröfu stefnanda á hendur honum um greiðslu á kr. 8000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.300.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Örn Pétursson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s. f., í máli þessu, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndi Haukur Pétursson greiði stefnanda, Bifreiðastöðinni Stefni s.f., kr. 8000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1957.

Nr. 58/1956. **Geir Borg** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Gunnlaugi Guðjónssyni og Barða Barðasyni og gagnsök**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um rétt til vátryggingarfjár.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júlí 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

V/s Sæfari, S.I. 91, var árið 1945 í eign h/f Sæfara á Siglufirði, en framkvæmdastjóri og aðalhluthafi þess félags var Egill Ragnars. Aðaláfrýjandi, sem er mágur Egils, lét honum þá í té dýptarmæli, sem settur var í nefnt skip 25. október 1945. Áskildi aðaláfrýjandi sér eignarrétt að mælinum, meðan andvirði hans væri ekki að fullu greitt. Dóttir Egils eignaðist síðar skipið, og hlaut það þá nafnið Ragnar, S.I. 91. Var hún eigandi skipsins, er gagnáfrýjendur tóku það á leigu í júní 1947. Aðaláfrýjandi hefur staðhæft, að mælirinn hafi jafnan fylgt skipinu, eftir að hann var í það settur, og týnzt með því, er það fórst hinn 30. júlí 1947. Kveðst hann þá ekki enn hafa fengið neitt greitt upp í andvirði mælisins.

Þegar gagnáfrýjendur tóku skipið á leigu, var þess ekki getið sérstaklega í leigusamningnum, að dýptarmælir væri í skipinu, og hafa þeir í flutningi máls þessa vefengt, að svo hafi verið. Það er þó komið fram í málinu, að þeir vátryggðu dýptarmæli í skipinu hinn 26. júlí 1947 og að þeir veittu við-

töku vátryggingarfénu fyrir þann dýptarmæli, eftir að skipið fórst. Nú hafa gagnáfrýjendur ekki haldið því fram, að þeir hafi lagt til dýptarmæli í skipið, né yfirleitt sýnt fram á, að í það hafi annar dýptarmælir komið en sá, sem aðaláfrýjandi átti og fyrr var getið. Verður því að leggja til grundvallar, að dýptarmælir sá, sem þeir vátryggðu, hafi verið eign aðaláfrýjanda og týnzt með skipinu. En af því leiðir, að gagnáfrýjendum bar að halda sérgreindu vátryggingarfé því, sem fyrir dýptarmælinn kom, og skila aðaláfrýjanda því. Þar sem skyldu gagnáfrýjenda var þannig háttað, sætir krafa aðaláfrýjanda ekki fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905.

Gagnáfrýjendur vátryggðu dýptarmælinn ásamt talstöð í skipinu fyrir samtals kr. 30.000.00, og galt vátryggingarfélagið þeim þá fjárhæð. Þeir hafa greitt eiganda talstöðvarinnar kr. 5100.00 af vátryggingarfénu, og hefur aðaláfrýjandi ekki véfengt, að vátryggingarfénu væri rétt skipt með þeim hætti milli hinna tryggðu verðmæta. Koma þá í hans hlut kr. 24.900.00, enda er ekki í ljós leitt, að sú fjárhæð fari fram úr verði dýptarmælisins á þeim tíma, er skipið fórst. Ber að dæma gagnáfrýjendur til að greiða in solidum aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafizt er, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Samkvæmt þessum úrslitum ber gagnáfrýjendum in solidum að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Gunnlaugur Guðjónsson og Barði Barðason, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Geir Borg, kr. 24.900.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júlí 1947 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Siglufjarðar 5. október 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. september s. l., hefur Geir Borg framkvæmdastjóri, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. október 1953, á hendur þeim

Gunnlaugi Guðjónssyni framkvæmdastjóra, Aðalgötu 6, Siglufirði, og Barða Barðasyni skipstjóra, Lækjargötu 11, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta, kr. 25.000.00 auk 6% ársvaxta frá 30. júlí 1947 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1945 leitaði Egill Ragnars, útgerðarmaður og framkvæmdastjóri h/f Sæfara, eiganda v/s Sæfara, til stefnanda um lán til kaupa á dýptarmæli til að setja í skipið. Kveðst stefnandi hafa orðið við þessari beiðni og greitt fyrirtæki Guðmundar Sigmundssonar, Reykjavík, andvirði mælisins og afhent Agli hann, en þeir gert með sér samning, þar sem stefnandi hafi áskilið sér eignarrétt að mælinum, unz hann væri að fullu greiddur af h/f Sæfara. Var dýptarmælirinn síðan settur í skipið Sæfara 25. október 1945 samkvæmt tilkynningu til framleiðanda mælisins, sem lögð hefur verið fram í málinu. Í þeirri tilkynningu er eigandi mælisins talinn h/f Sæfari, Siglufirði.

Hinn 25. febrúar 1946 er v/s Sæfari, S.I. 91, seldur á nauðungaruppboði á Akureyri. Dýptarmælirinn virðist þá eigi hafa verið tekinn úr skipinu. Á uppboðsþinginu lá fyrir skeyti frá stefnanda, þess efnis, að hann ætti dýptarmæli í v/s Sæfara. Var samþykkt í uppboðsréttinum, að bjóða mæli þenna og fleiri muni ekki upp með skipinu, heldur síðan á lausafjáruppboði og yrði þá gert út um eignarrétt á þeim. Lausafjáruppboð þetta mun aldrei hafa farið fram. Uppboðið á skipinu fór þannig, að Egill Ragnars varð hæstbjóðandi fyrir hönd dóttur sinnar Guðrúnar Ragnars, og var honum slegið skipið. Var nú breytt um nafn á skipinu og hlaut það nafnið Ragnar, S. I. 91.

Liggur nú skipið þar til í júní 1947, að Útvegsbankinn á Akureyri fær umboð Egils Ragnars f. h. Guðrúnar Ragnars til að leigja skipið stefndu í máli þessu. Samkvæmt samningi, sem gerðist milli þessara aðilja og lagður hefur verið fram, var skipið leigt ásamt veiðarfærum, en ekki minnzt einu orði á, hvort dýptarmælir sá, er að framan greinir, var leigður með í því. Fór skipið síðan á síldveiðar, eftir að stefndu höfðu ráðið á það skipshöfn; en 30. júlí 1947 fórst skipið fyrir handvömm skipstjórans. Týndust þá og veiðarfæri öll, og auk þess telur stefnandi, að dýptarmælir, sá er hann lét Egil Ragnars hafa, hafi og farizt með skipinu, en stefndu telja, að enginn dýptarmælir hafi verið í því.

Fjórum dögum áður en skipið fórst, virðast stefndu hafa beðið um vátryggingu á farangri skipverja v/s Ragnars og öryggistækjum skipsins.

Voru þann 31. júlí gefin út tvö vátryggingarskírteini, og sýnir annað, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, að dýptarmælir og talstöð hafa verið vátryggð sameiginlega fyrir kr. 30.000.00.

Kveðst stefnandi hafa talið, að dýptarmælirinn hefði farizt óvátryggður, enda hafi mágur hans Egill Ragnars tjáð honum, að hann hefði eigi vegna fjárskorts getað haft mælinn vátryggðan, eins og þeir segja þó báðir, að hafi verið skylda Egils. Síðan hafi hann komizt að því, að stefndu hefðu haft mælinn vátyggðan fyrir kr. 25.000.00 og fengið þá upphæð greidda.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með þeim rökum, að skipið Ragnar, S. I. 91, hafi farizt fyrir handvömm skipstjórans, sem hafi verið í þjónustu stefndu og beri þeir skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem hann olli með gáleysi sínu. Beri þeim því að greiða honum skaðabætur fyrir dýptarmælinn, sem farizt hafi með skipinu. Þannig rökstudd er krafa hans skaðabótakrafa.

Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á því, að hinn 26. nóvember 1947 hafi stefndu fengið greitt vátryggingarfé út á dýptarmæli hans og fengju þeir að halda fé þessu, myndu þeir auðgast ranglega á kostnað hans. Þannig rökstudd er krafan auðgunarkrafa.

Telur stefnandi, að á hvorn rökstuðninginn sem yrði fallizt, bæri að dæma stefndu til að greiða honum andvirði mælisins, kr. 25.000.00, er hann telur sannvirði hans.

Stefndu hafa í fyrsta lagi krafizt sýknu vegna aðildarskorts stefnanda. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi aldrei átt dýptarmæli þann, sem hér er um að ræða, heldur h/f Sæfari, Egill eða Guðrún Ragnars. Hafa þeir bent á, að í tilkynningu til framleiðenda mælisins er eigandi talinn h/f Sæfari og að Ríkarður Sigmundsson, starfsmaður við fyrirtæki Guðmundar Sigmundssonar, en það fyrirtæki afhenti mælinn og sá um niðursetningu hans, hafi sem vitni borið, að samkvæmt gögnum fyrirtækisins sé Egill Ragnars skráður kaupandi hans.

Stefnandi segir hins vegar, að hann hafi upphaflega greitt mælinn vegna fjárskorts Egils Ragnars framkvæmdastjóra h/f Sæfara. Hafi Egill síðan fengið hann og ætlunin verið að setja hann í v/s Sæfara, en hann (stefnandi) hafi áskilið sér eignarrétt að honum, unz hann væri að fullu greiddur. Egill Ragnars hefur sem vitni lýst því yfir, að stefnandi hafi upphaflega greitt kaupverð mælisins, en h/f Sæfari síðan fengið hann og þegar átt hafi að

setja hann í v/s Sæfara, hafi stefnandi áskilið sér eignarrétt að honum, þar sem hann hefði greitt hann.

Þá hafa bæði stefnandi og Egill Ragnars lýst yfir því, að þeir hafi 13. júlí 1945 gert með sér samning um „leigu" á dýptarmælinum til h/f Sæfara. Þrátt fyrir áskoranir stefndu hefur stefnandi eigi lagt fram frumrit samnings þessa, og kveður hann það glatað, en hann er tekinn upp í símskeyti það, sem stefnandi sendi uppboðsréttinum á Akureyri, er v/s Sæfari var boðinn upp í febrúar 1946. (dskj. nr. 2). Hefur Egill borið, að samningurinn sé rétt tekinn upp í símskeytið.

Eftir þessum framburðum þeirra virðist stefnandi þegar hafa orðið eigandi mælisins, er hann greiddi hann, en ekki að um lán hafi verið að ræða. Síðan hafi h/f Sæfara verið afhentur mælirinn og ætlunin verið, að hann yrði þess eign, er hann væri að fullu greiddur. Ekki virðist h/f Sæfari þó hafa greitt neitt upp í kaupverð mælisins.

Telja verður, að þeim, sem selur hlut með eignarréttarfyrirvara, eins og hér virðist vera um að ræða, sé heimilt að hafa uppi kröfur á hendur þeim aðiljum, sem ábyrgð bera á skemmdum eða eyðileggingu á hlutnum, enda hirði kaupandi ekki um að koma fram ábyrgð á hendur þeim. Verður því að telja stefnanda réttan aðilja máls þessa. Hins vegar verður stefnandi ekki talinn eiga kröfu til vátryggingarfjár þess, sem greitt var út á dýptarmælinn. Verður því krafa stefnanda á hendur stefndu einungis skaðabótakrafa, en eins og síðar verður getið, teljast stefndu bera fébótaábyrgð á tortímingu dýptarmælisins.

Þá hafa stefndu mótmælt því, að dýptarmælirinn hafi verið í skipinu, sem fórst. Telja þeir, að það hafi verið mistök manns þess, er gekk frá tryggingu á farangri skipverja og öryggistækjum skipsins v/s Ragnars eða tryggingarfélagsins, að dýptarmælir var ásamt talstöð sérstaklega vátryggður á nafni skipsins. Þar sem þeir hafi eigi til þess vitað, að slíkt tæki væri í skipinu, hafi þeir eigi beðið um vátryggingu á því. Segir stefndi Gunnlaugur, að hann hafi einungis beðið starfsmann sinn, Gunnar Thordarson, að tryggja farangur skipverja og öryggistæki skipsins í einu lagi fyrir kr. 120.000.00.

Svo sem greint var frá hér að framan, var eigi á það minnzt, er stefndu tóku v/s Ragnar á leigu, hvort dýptarmælir var þá í skipinu eða eigi. Skipstjóri sá, er var með skipið á síldveiðum sumarið 1947, hefur sem vitni borið, að hann muni eigi, hvort dýptarmælir var þá í því eða eigi, en Ásgrímur Sigurðsson skipstjóri, Siglufirði, sem var skipverji á v/s Ragnari sumarið 1947,

minnist þess eigi, að slíkt tæki væri þá í skipinu, og minnist þess, að dýpi hafi verið mælt með handlóði. Þá hefur Gunnar Thordarson, maður sá, sem gekk frá vátryggingu öryggistækja skipsins og farangurs skipverja, lýst því yfir, að honum hafi eigi verið það kunnugt, hvaða öryggistæki það voru, sem tryggja átti, er Gunnlaugur Guðjónsson hafi beðið hann að ganga frá tryggingu farangurs skipverja og öryggistækja v/s Ragnars. Stefnandi hefur mótmælt framburðum þessara vitna og vottorði Gunnars Thordarsonar sem röngu og vilhöllu, en hann kom aldrei fyrir dóm. Stefndu telja, að mótmæli stefnanda við vottorði Gunnars séu of seint fram komin, en þau komu fyrst fram í framhaldsrannsókn. Enda þótt telja verði, að svo sé, verður sönnunargildi vottorðs þessa lítið, þar sem það er fyrst gefið rúmum 7 árum eftir að gengið var frá tryggingunni.

Þrátt fyrir þessa framburði verður að telja það, að dýptarmælirinn var vátryggður ásamt því, að stefndu taka við vátryggingarfé hans án athugasemda, veita fulla sönnun þess, að slíkt tæki hafi verið í skipinu, er það fórst, og um annan dýptarmæli en mæli stefnanda virðist ekki hafa verið að ræða.

Þriðja varnarástæða stefndu er sú, að krafan sé fyrnd. Telja þeir hana út af leigu á skipi og leigu á dýptarmæli og fyrnast á 4 árum. Stefnandi telur hins vegar, að krafa hans sé ekki út af leigu dýptarmælisins og fyrnist á 10 árum samkvæmt hinu almenna ákvæði 4. gr., 2. tl., laga nr. 14 frá 1905.

Það verður að telja fram komið, að stefndu fengu umræddan dýptarmæli leigðan með v/s Ragnari, enda þótt hans sé hvergi getið í samningi Útvegsbankans á Akureyri f. h. Guðrúnar Ragnars og stefndu. Þeir réðu áhöfn á skipið og bera því fébótaábyrgð á því tjóni, sem skipsmennirnir hafa valdið með gáleysisverkum sínum, en skipið fórst fyrir gáleysi skipstjórans 30. júlí 1947.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnast á 4 árum allar kröfur út af leigu á fasteignum og lausafé. Telja verður, að bótakröfur vegna skemmda eða algerrar tortímingar leiguhlutar falli undir ákvæði þetta. Er krafa stefnanda því fyrnd, er mál þetta var höfðað hinn 30. október 1953. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna mikilla embættisanna hefur dregizt að kveða upp dóm í málinu. Ófeigur Eiríksson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnlaugur Guðjónsson framkvæmdastjóri, Siglufirði, og Barði Barðason skipstjóri, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda, Geirs Borg, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 15. febrúar 1957.

Nr. 24/1957. **Ákæruvaldið**

gegn

**Gísla Þorvaldssyni og Runólfi Sölvasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Á dómþingi í sakadómi Keflavíkur 6. þ. m., er rannsókn var háð út af grun um brot gegn áfengislögum nr. 58/1954, krafðist Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, er var réttargæzlumaður nokkurra þeirra manna, sem við rannsóknina voru riðnir, þess, að Sigtryggur Árnason yfirlögreglumaður, Keflavík, yrði settur í gæzluvarðhald, á meðan rannsókn málsins færi fram. Rannsóknardómarinn ákvað, að krafa þessi skyldi ekki tekin til greina. Þessa ákvörðun rannsóknardómarans, Alfreðs Gíslasonar, bæjarfógeta í Keflavík, kærði réttargæzlumaðurinn samstundis til Hæstaréttar, og barst kæran hingað 11. þ. m.

Lagaheimild brestur til að kæra framangreinda ákvörðun héraðsdómarans til Hæstaréttar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá dómi.

Kröfu réttargæzlumannsins um kærumálskostnað fyrir Hæstarétti er ekki unnt að taka til greina.

Krafa sú, er að framan greinir, um að yfirlögreglumaður Keflavíkur yrði settur í gæzluvarðhald, var fjarri sanni. Þykir því rétt samkvæmt 6. mgr. 174. gr. laga nr. 27/1951, að fyrrgreindur réttargæzlumaður sæti 500 króna sekt til ríkis-

sjóðs fyrir tilefnislausa kæru til Hæstaréttar, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður sæti 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 15. febrúar 1957.

Nr. 27/1957. **Ákæruvaldið**
gegn
**Gísla Þorvaldssyni og Runólfi Sölvasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, réttargæzlumaður varnaraðilja, hefur skotið úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar með kæru 5. þ. m., er hingað barst 11. þ. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Krafa kæranda um kærumálskostnað fyrir Hæstarétti verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

**Úrskurður sakadóms Keflavíkur 5. febrúar 1957.**

Í 3. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála er svo sagt, að kjósi sökunautur að svara spurningu dómara, skuli bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli.

Dómurinn lítur svo á, að þar sem talvél sé nauðsynleg eða kunni að vera nauðsynleg, sé fyrst og fremst ætlazt til, að það sé talvél embættisins og stjórnað af þeim, er dómarinn setur til þess. Hins vegar kemur nú réttargæzlumaðurinn sjálfur með eigin talvél og spólur, og kann enginn hér við embættið á slíkar vélar.

Þá telur dómurinn, að notkun talvélar í þessu tilfelli sé allsendis óþörf og ónauðsynleg, þar sem hér sé að ræða um vitni, sem ástæðulaust sé að ætla, að geti ekki komið hugsunum sínum skýrt fram, og enn fremur með tilliti til þess, að réttargæzlumaður þeirra er staddur við vitnaleiðslurnar einmitt til þess að gæta þess, að orðalag þeirra sé ekki misskilið.

Því úrskurðast:

Notkun talvélar réttargæzlumannsins skal ekki leyfð í þessu réttarhaldi.

---

Miðvikudaginn 20. febrúar 1957.

Nr. 80/1956. **Elli- og hjúkrunarheimilið Grund**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.**

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1956. Hinn 9. október 1956 fékk hann gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Hann

krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 69.915.12 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun til talsmanns síns fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Atvinnurekandi er skyldur til að ganga af sjálfsdáðum svo frá vélum sínum og búnaði þeirra, að öryggi starfsmanna hans sé tryggt, svo sem kostur er, og ber atvinnurekandinn því ábyrgð til skaðabóta á slysum, sem hljótast af ónógri rækslu þessarar skyldu. Ákvæði laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum miða að því að efla almennt öryggi á vinnustöðum, en draga á engan hátt úr skyldum atvinnurekanda. Áfrýjandi getur því eigi framkrafið ríkissjóð um skaðabætur, sem hann hefur orðið að greiða vegna mistaka um umbúnað véla sinna, þótt eftirlit af hendi ríkisins með vélunum kunni eigi að hafa verið framkvæmt með þeirri kostgæfni, sem skyldi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja greiði sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Elli- og hjúkrunarheimilið Grund hér í bæ höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 19. janúar s.l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 69.915.12 auk

6% ársvaxta frá 1. apríl 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð til verulegra muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hefur stefndi mótmælt sérstaklega kröfum stefnanda um vexti nema frá stefnudegi.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1947 réðst stúlkan Áslaug Valdimarsdóttir frá Hellissandi til vinnu hjá stefnanda. Starfaði hún í þvottahúsi stefnanda meðal annars við það að slétta þvott í strokvindu. Hinn 13. febrúar 1948 vann hún að því að slétta vasaklúta o. fl. í vindu einni, frekar lítilli. Vinda þessi var knúin rafmagni, og undir vinnuborði hennar var hreyfiás einn óvarinn, sem snerist hratt. Samkvæmt teikningu, sem lögð hefur verið fram af vindunni, var hreyfiásinn í um 70 cm hæð frá gólfi. Hann var um 10 cm inn undir brún vinnuborðs vindunnar og um 12 cm fyrir neðan borðið. Meðan stúlkan var að starfi þessu, missti hún nokkra vasaklúta á gólfið og beygði sig niður til að taka þá upp. Þegar hún beygði sig, vafðist hár hennar, sem var óvarið, utan um nefndan hreyfiás. Stúlkan gat ekki stöðvað vinduna, þegar svona var komið, þar sem straumrofi fyrir hana var uppi á vegg, og skipti það engum togum, að hluti af húðinni á höfði hennar flettist af með hárinu frá hægri augabrún og aftur fyrir miðjan hvirfil, en þar slitnaði höfuðleðrið alveg frá höfðinu, og losnaði þá stúlkan um leið. Hún var síðan flutt í sjúkrahús til aðgerðar. Lá hún þar fram í aprílmánuð 1948, en fór þá heim til sín og dvaldi þar um nokkurt skeið. Vinnu hóf hún aftur í októbermánuði 1948, en á árinu 1951 sigldi hún til Danmerkur til þess að fá lagfæringu á lýtum þeim, sem hún hafði hlotið við meiðslin. Þar var gert að örum hennar, og fékk hún nokkurn bata, að því er lýtin varðaði.

Með stefnu, útgefinni 25. september 1952, höfðaði stúlka þessi síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnanda til greiðslu skaðabóta sér til handa vegna slyssins. Þeirri málsókn lauk með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 1. október 1954, þar sem stefnandi var dæmdur til að greiða stúlkunni kr. 56.161.13 með 6% ársvöxtum frá 5. september 1952 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað. Dómi þessum var eigi áfrýjað, og greiddi stefnandi hann að fullu 1. apríl 1955. Í forsendum dómsins er komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrrnefndur hreyfiás hafi verið hættulegur því fólki, sem við vinduna vann, þar sem hann var óvarinn, en auðvelt hafi verið að setja um hann öryggishlíf. Var vanbúnaður

ássins talinn meginorsök slyssins að því viðbættu, að ekki hafi verið gengið nægilega eftir því af fyrirsvarsmönnum stefnanda, að stúlkan, sem fyrir slysinu varð, notaði höfuðklút eða annan umbúnað um hár sitt til öryggis. Hins vegar var og talið, að stúlkan hefði sýnt nokkra vangæzlu við starfið, og var sök á slysinu því skipt þannig, að stefnandi bæri gagnvart stúlkunni fébótaábyrgð á slysinu að ¾ hlutum.

Samkvæmt skoðunarvottorðum Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins fór fram skoðun á vélakosti stefnanda hinn 18. ágúst og 1. október 1947. Eftir fyrri skoðunina krafðist Verksmiðju- og vélaeftirlitið tiltekinna lagfæringa, en eftir síðari skoðunina gaf það út vottorð þess efnis, að umbúnaður væri góður.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi mátt treysta réttmæti vottorðs þessa. Hann hafi því verið grandlaus um, að umbúnaður strokvindunnar væri á allan hátt löglegur. Hins vegar hafi eftir umrætt slys komið á daginn, að vottorðið hafi verið rangt og löglaust, þar sem í 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 og 1. málsgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, en þessi ákvæði giltu um öryggiseftirlit á þeim tíma, er slysið varð, sé beint boðið, að hreyfihlutar véla, sem mönnum geti stafað hætta af að nálgast, skuli vera varðir af hlífum eða girðingum, en ás strokvindunnar, sem hár stúlkunnar lenti í og slysinu olli, hafi reynzt óvarinn. Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins eigi því sök á því tjóni, sem honum hafi verið gert að greiða með fyrrgreindum bæjarþingsdómi, en ríkissjóður beri að sjálfsögðu ábyrgð á starfsmönnum Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins og sé því málinu beint að fjármálaráðherra fyrir ríkissjóðs hönd, enda sé og greitt í ríkissjóð sérstakt gjald fyrir þjónustu Verksmiðju- og vélaeftirlitsins.

Hefur stefnandi sundurliðað stefnukröfuna svo:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Höfuðstóll fébótanna | kr. | 56.161.13 |
| 2. 6% ársvextir frá 5. september 1952 til greiðsludags | — | 8.677.91 |
| 3. Málskostnaður | — | 5.000.00 |
| 4. Endurrit dóms | — | 45.00 |
| 5. Birting dóms | — | 31.08 |
| Samtals | kr. | 69.915.12 |

Stefndi reisir í fyrsta lagi sýknukröfuna á því, að forsvaranlegt hafi verið að hafa umræddan ás óvarinn, og styður það við umsagnir forstjóra og starfsmanna Verksmiðju- og vélaeftirlitsins í bréfum til lögmanns stefnanda, dags. 11. og 13. nóvember 1952.

Í bréfi forstjórans segir meðal annars, að þar sem ásinn hafi verið undir borði strokvindunnar hafi hann verið talinn nægilega varinn af borðinu og því hættulaus, miðað við það, að sá, sem við vinduna ynni, gætti þeirrar aðgæzlu, er ávallt sé sjálfsögð í nálægð véla. Telur forstjórinn, að slysið hefði ekki orðið, ef stúlkan hefði stöðvað vinduna, áður en hún beygði sig undir hana, og heldur ekki, ef hún hefði haft hárhlíf, enda þótt vindan hefði verið í gangi. Sé því óaðgæzlu stúlkunnar sjálfrar um að kenna, hafi henni verið bent á hættu þá, sem vinnu hennar gat verið samfara, eða fyrir hana lagt að hafa hárhlíf, en að öðrum kosti sé um að kenna vanrækslu þess, sem verkstjórn hafði á hendi, hafi hann ekki varað stúlkuna við hættunni og gefið henni fyrirmæli um að nota hárhlíf og fylgzt með því, að þeim fyrirmælum væri hlýtt. Þá segir m. a. í bréfi starfsmannsins, að umræddur ás hafi talizt mjög ólíklegur slysstaður, þótt hann væri hlífarlaus, vegna þess að hann var inn undir vinduborðinu og naumast hægt að gera ráð fyrir nokkrum athöfnum þar, svo geri og eftirlitið ráð fyrir, að farið sé eftir ítrekuðum áminningum þess um það, að kvenfólk, sem við vélar vinni, hafi klút eða net til hlífðar hári sínu. Hins vegar telur starfsmaðurinn það augljóst, að hlíf um ásinn hefði hindrað slysið.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að þótt starfsmönnum Verksmiðju- og vélaeftirlitsins kunni að hafa skjátlazt við mat sitt á hættumöguleikum af umræddum ás, og því ekki talið þörf á að setja um hann hlíf, þá geti slíkt ekki orðið grundvöllur kröfu til fébóta vegna starfs þeirra. Telur stefndi, að enda þótt skoðun Verksmiðju- og vélaeftirlitsins hafi farið fram á tilteknum skoðunarskyldum tækjum og það síðan vottað, að umbúnaður þeirra væri fullnægjandi, þá eigi það ekki að leysa atvinnurekendur undan ábyrgð á því, að umbúnaðurinn sé raunverulega í lagi, þar eð ella megi við því búast, að þeir slökuðu á eftirliti með öryggisbúnaði tækja sinna, en slíkt færi í bága við markmiðið með þjónustu Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins.

Niðurstöðu fyrrgreinds bæjarþingsdóms, sem ekki hefur verið hnekkt, þykir verða að leggja til grundvallar um það, að meginorsök slyss þess, sem stúlkan Áslaug Valdimarsdóttir varð fyrir við vinnu sína hjá stefnanda hinn 13. febrúar 1948, hafi verið sú, að oftnefndur ás var óvarinn, enda var þegar eftir slysið sett hlíf á hann. Þykir Verksmiðju- og vélaeftirlitið því hafa vanmetið hættumöguleika þá, sem af ásnum óvörðum gátu stafað.

Að sjálfsögðu er þjónusta Verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins fyrst og fremst í té látin til þess að tryggja, eftir því sem við verð-

ur komið, öryggi þeirra, sem við vélar og önnur hættuleg tæki vinna. Hlýtur oft að koma til greina í starfi starfsmanna Verksmiðju- og vélaeftirlitsins mat á því, hvort tiltekinn umbúnaður eða frágangur tækja sé fullnægjandi. Og þó að starfsmönnum kunni að skjátlast í mati sínu á hættumöguleikum, verður að telja, að slíkt eigi ekki að draga úr eða leysa atvinnurekendur undan ábyrgð á tækjum sínum og umbúnaði þeirra.

Að þessu athuguðu og þar sem ekki verður annað séð en áður greint vottorð Verksmiðju- og vélaeftirlitsins varðandi umbúnaðinn hjá stefnanda hafi verið gefið í góðri trú um það, að umræddur ás væri, eftir því sem á stóð, hættulaus, þykja ekki nægileg rök hníga að því að leggja fébótaábyrgð á stefnda af þessu efni.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 49/1956. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

**Vilhjálmi Elíasi Þórhallssyni**

(Ragnar Jónsson hrl.).

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ölvun við bifreiðarakstur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Elías Þórhallsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Akureyrar 24. janúar 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, dags. sama dag, gegn ákærða, Vilhjálmi Elíasi Þórhallssyni bifreiðarstjóra, Þórunnarstræti 121 hér í bæ, fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 26. janúar s. l. ekið bifreiðinni A 848 frá Hafnarstræti 98 hér í bæ upp í Þórunnarstræti og að mótum þeirrar götu og Hamarstígs í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og fyrir að vera undir áhrifum áfengis við aksturinn í greint sinn. Telst þetta varða við ákvæði 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951 um breyting á þeim lögum, og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941. — Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuréttinda samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Finnastöðum í Grýtubakkahreppi 7. ágúst 1929. Hann var á Akureyri dæmdur 31. desember 1953 í 1000 króna sekt og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum. Að öðru leyti hefur hann ekki fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir. Aðfaranótt mánudagsins 26. desember s. l. kom Sigurður Eiríksson lögregluþjónn að í lögreglubifreiðinni,

þar sem ákærði hafði fest bifreið sína, A 848, sem er nýleg fólksflutningabifreið, í snjónum, en mikil fannkoma hafði verið um nóttina. Bað ákærði lögreglumanninn að kippa í bifreiðina fyrir sig, en þar sem hann þótti sýnilega ölvaður, var hann fluttur í lögregluvarðstofuna. Gísli Ólafsson varðstjóri á heima þarna skammt frá, og náði Sigurður til hans, og kom hann á staðinn og fylgdi þeim ákærða og Sigurði í varðstofuna og tók skýrslu af ákærða, eftir því sem hægt var, en hann reyndist mjög ruglingslegur í framburði sínum. Fenginn var læknir til að taka blóð úr ákærða, en hann þverneitaði því, og varð eigi úr blóðtökunni.

Ákærði hefur sjálfur skýrt þannig frá málsatvikum: Hann hafði um kvöldið verið heima hjá Þorleifi Sigurbjörnssyni í Gránufélagsgötu 41, og spilaði hann á hljóðfæri fyrir heimilisfólkið og gesti, er þar voru. Hann fór svo, að því er hann áleit, á síðari tímanum í 2.00 ásamt Eini Þorleifssyni, syni fyrrnefnds Þorleifs, og fóru þeir í herbergi Einis, Hafnarstræti 98. Hann dvaldist þarna dálitla stund, en fór svo út, en mundi ekki, hvort Einir hafði þá farið með honum eða ekki. Bifreið ákærða, A 848, hafði staðið á bak við síðastnefnt hús allt þetta kvöld, og fór hann fljótlega í hana, eftir að hann kom út, og ók svo stytztu leið til þess staðar, er hann festist á, enda var hann á heimleið. Ekki mundi hann, hvort Einir hafði komið með sér í bifreiðinni, en sagði lögreglunni, að hann hefði ekki verið með, þegar bifreiðin varð föst.

Varðandi áfengisneyzlu um kvöldið og nóttina sagði ákærði, að Þorleifur hefði haft áfengisblöndu á boðstólum, og sagðist hann hafa drukkið svipað af henni og aðrir, en tók fram, að það hefði allt verið í hófi. Aðspurður um, hvort þetta hefði eitthvað svifið á hann, sagði ákærði, að hann teldi, að það hafi ekki verið mikið. Þá hefur ákærði borið það í rétti, að hann áliti, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar bíllinn festist, en sagðist hafa haft fulla stjórn á bifreiðinni. Ekki kvað hann þá Eini hafa haft neitt vín, eftir að þeir fóru frá Þorleifi Sigurbjörnssyni. Enga ástæðu færði ákærði fyrir synjun á blóðtöku, hvorki hjá lögreglunni eða í rétti.

Vitnið Þorleifur Sigurbjörnsson hefur skýrt svo frá því, að ákærði hafi komið heim til hans greint kvöld með syni vitnisins og hafi þeir dvalizt þar fram um miðnætti ásamt fleiri gestum, en þá hafi fólk þetta farið og hafi hann ekkert fylgzt með ákærða eftir það. Þá skýrði vitnið frá því, að vín hefði verið haft um hönd hjá honum þetta kvöld og hafi ákærði tekið þátt í neyzlu þess eins og aðrir, og jafnframt sagði vitnið, að því hefði virzt sem

ákærði hefði neytt áfengis, áður en hann kom. Vitnið sagði, að því hefði eigi virzt ákærði vera mikið drukkinn, þegar hann fór, en það hafi mátt sjá það á honum. — Vitnið Einir Þorleifsson hefur borið eins og ákærði og Þorleifur um dvöl þeirra ákærða á heimili Þorleifs og sagði, að Þorleifur hefði verið með létta vínblöndu heima og hefði ákærði tekið þátt í neyzlu þess eins og aðrir. Einnig sagði vitnið, að þeir hefðu verið búnir að smakka lítilsháttar vín, áður en þeir hefðu komið til Þorleifs. Vitnið hélt, að klukkan hefði verið milli 1 og 2 um nóttina, þegar þeir fóru frá Þorleifi, og hafi þeir farið upp að Hafnarstræti 98 og hafi vitnið farið þar inn og hafi þá skilizt leiðir með þeim, og sagðist vitnið búast við, að Vilhjálmur hafi þá farið í bifreið sína, sem verið hafði þar bak við húsið, en vitnið sagðist þá hafa varað hann við því. Vitnið sagði, að ákærði hafi í þetta sinn verið eitthvað kenndur, en það hafi ekki verið mikið. — Vitnið Gísli Ólafsson varðstjóri, sem tók skýrslu af ákærða um nóttina, hefur borið, að hann hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis og hafi það einkum lýst sér í ógreinilegu málfari, endurtekningum og að framburður hans hafi verið mjög á reiki og að ákærði hafi ekki virzt taka eftir því, að vél bifreiðarinnar væri í gangi, þótt allir mættu heyra, að svo væri. — Vitnið Sigurður Eiríksson lögregluþjónn hefur borið svohljóðandi: Vitnið kom að bíl ákærða í Þórunnarstræti, þar sem hann hafði fest bílinn við að lenda út úr aðalhjólförunum á götunni. Vitnið sagði, að augljóst hafi verið, að ákærði hafi verið mikið drukkinn í þetta sinn, enda hafi hann verið mjög óstyrkur á fótunum, og þegar vitnið spurði hann, hvernig hann hefði gengið frá bílnum, sagði hann, að hann hefði slökkt og sett bílinn í gír, en við athugun reyndist hann vera í gangi. Enn fremur var skýrsla hans sífelldar endurtekningar og mjög ruglingsleg.

Eins og gögnum máls þessa hefur nú verið lýst, telur rétturinn, að upplýst sé með játningu ákærða og skýrslum vitna, að ákærði hafi í greint sinn ekið bifreiðinni A 848 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og að hann hafi verið ölvaður, þegar hann var að keyra bifreiðina greinda nótt, og varðar atferli þetta við lagaákvæði þau, er í ákæru greinir og að framan eru rakin. Þykir refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951 og 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941 með tilliti til þess, að um ítrekun er að ræða, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá þykir rétt með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, að dæma ákærða til

sviptingar bifreiðarstjóraréttinda ævilangt. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Elías Þórhallsson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá 28. desember 1955. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 300.00 í talsmannslaun til Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 160/1956 **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Guðjónssyni**

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skilyrði til refsingar samkvæmt 2. mgr. 200. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, talin eigi vera fyrir hendi. Umferðarbrot.

## Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða fyrir brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur ákveðst 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði greiði ⅓ hluta og ríkissjóður ⅔ hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði ⅓ hluta og ríkissjóður ⅔ hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. október 1956.**

Ár 1956, fimmtudaginn 11. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4194/1956: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðjónssyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 20. september s. l.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 6. desember 1954, höfðað gegn ákærða Guðmundi Guðjónssyni bílstjóra frá Hermundarstöðum í Þverárhlíð fyrir að hafa miðvikudagskvöldið 22. september s. l. gert tilraun til að tæla stúlkuna X, fædda 23. desember 1939, til samræðis við sig, þar sem þau voru stödd í bifreiðinni R 6404 við Þverárrétt í Mýrasýslu, en brot þetta telst varða við 2. mgr. 200. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með ákæruskjali 22. júlí 1955 er nefndur Guðmundur jafnframt ákærður fyrir að hafa laugardaginn 30. október 1954, um kl. 20.20, ekið bifreiðinni R 6404 norður Lækjargötu í Reykjavík og beygt vestur Austurstræti gegnt rauðu ljósi á götuvita við nefnd gatnamót, en brot þetta telst varða við 5. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. um-

ferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Hermundarstöðum í Þverárhlíð 5. janúar 1929. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1949 26/7 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1951 22/4 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1952 18/6 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1952 12/11 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1953 2/3 Reykjavík. Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðherra 14/3 1953, en má taka málið upp aftur í 5 ár.

1953 15/9 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og bifreiðalögum.

1954 20/1 Reykjavík. Sátt: 80 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og bifreiðalögum.

1954 22/2 Reykjavík. Dómur: 800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Málsatvik eru þessi:

I.

Miðvikudaginn 22. september 1954 var réttardansleikur þreyttur við Þverárrétt í Borgarfirði. Ákærði var á skemmtun þessari. Þar var og stúlkan X, fædd 23. desember 1939. Ekki þekktust þau áður, en munu þó hafa sézt, en ekki talazt við fyrr. Þau dönsuðu saman á dansleiknum. Ákærði var lítið eitt með áfengisáhrifum. Eftir að þau ákærði og X höfðu dansað nokkra dansa, fóru þau ásamt bróður X og öðrum manni þaðan úr sveitinni í bifreið ákærða, en ákærði hafði annars falið hinum síðastnefnda umsjá bifreiðarinnar. Sátu þau nú öll um hríð í bílnum, og dró ekki til tíðinda. Þau ákærði og stúlkan X sátu í aftursæti, en mennirnir tveir í framsæti.

Bróðir X vildi nú, að þau systkin byggjust til heimferðar og fór að huga að hestum þeirra. Samtímis fór umsjármaður bílsins úr bílnum. Voru þau nú ein saman í bílnum, stúlkan X og ákærði. Ákærði tók þá að gera sér dælt við stúlkuna. Kveðst hann hafa kysst hana nokkuð og þuklað hana, enda segir hann, að stúlkan

hafi verið fús til fylgilags við sig. Stúlkan X kveðst þó í sjálfu sér hafa verið mótfallin atlotum ákærða og reynt að stugga honum frá sér, þó að þau hafi þó einnig haft þau áhrif á sig, að hún hafi viljað vera kyrr með honum. Þess ber að geta, að fólk mun hafa verið þarna á næsta leiti, bifreiðin ólæst og því ærin tækifæri fyrir stúlkuna að komast frá ákærða, ef hún vildi ekki þýðast hann, en stúlkan kveðst hvorki hafa reynt að komast frá ákærða eða kalla á hjálp.

Er nú ákærði hafði sýnt stúlkunni blíðuhót um stund, segir hún, að hann hafi fært þau bæði úr buxunum og reynt að eiga við sig mök, en ekki tekizt. Ákærði neitar þessu og telur, að stúlkan muni sjálf hafa fært sig úr buxum sínum, en heldur sýnist það vera ólíklegt. Ákærði neitar því einnig, að hann hafi farið úr sínum buxum, en telur þó möguleika á því, að ytri buxur sínar, sem verið hafi of stórar sér, hafi getað runnið niður. Hins vegar kvaðst hann ekki geta sagt um það í fyrsta þinghaldi málsins, hvort hann hefði ætlað að hafa samfarir við stúlkuna, en í síðara réttarhaldi kvaðst hann ekki hafa ætlað sér það og ekki hafa reynt það, en við lögreglumenn þá, sem þegar komu á staðinn, virðist ákærði hafa sagt, að hann hafi ætlað að eiga samfarir við stúlkuna.

Það segir nú af bróður stúlkunnar X, að hann fór frá bílnum til þess að handsama hesta þeirra systkina. Kom hann aftur að bílnum að vörmu spori með hesta þeirra. Hann settist sem snöggvast í framsæti. Systir hans, X, talaði ekkert til hans, og hann gat ekkert merkt, sem benti til þess, að hún vildi ekki vera hjá ákærða. Hestarnir hlupu hins vegar frá bílnum, og elti bróðir X þá, en kveðst þá ekki hafa haft tækifæri til að athuga, hvað þau aðhöfðust í aftursætinu, enda var dimmt. Bróðir X kom að vörmu spori aftur að bílnum. Þá var búið að læsa öllum hurðum bílsins, og komst hann því ekki inn, og ekki var honum sinnt, þó að hann berði á hurðir. Ákærði mun þá hafa beðið hann að ganga á brott. Ákærði segir stúlkuna hafa beðið bróður sinn að fara, en hún hefur mótmælt því, en bróðir hennar segir, að hún hafi þá sagt, að hún skyldi koma rétt strax eða eitthvað í þá átt. Þegar bróðir X sá, að þau myndu ekki ljúka upp fyrir sér, kveðst hann hafa farið til nærstaddra lögregluþjóna, þeirra Þorvarðs Trausta Eyjólfssonar og Jóhannesar Björgvinssonar, og fengið þá í lið með sér.

Þeir fóru að bílnum og lýstu með vasaljósi um glugga og sáu, að þau ákærði og stúlkan X voru þar, nakin að neðan, en ákærði var þá, að sögn Þorvarðs Trausta, ofan á stúlkunni. Vitnið Jóhannes Björgvinsson, sem þarna kom að um líkt leyti, staðfestir, að

stúlkan hafi verið að taka upp buxur sínar, er hann kom að, en veitti ekki athygli útliti eða klæðaburði ákærða.

Stúlkan var skömmu síðar sama kvöld athuguð af Þórði Oddssyni héraðslækni, sem segir í vottorði sínu, að hún hafi engin merki samfara borið.

Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekkert vitað um aldur stúlkunnar, hann hafi ekkert spurt hana um aldur og hún ekkert upplýst sig þar um. Er það og staðfest af stúlkunni. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi vitað aldur hennar eða átt að hafa ástæðu til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að teljast fullsannað, að sá hafi verið tilgangur ákærða, eftir að hann var orðinn einn með stúlkunni X í bílnum, að eiga við hana samfarir, og með kossum sínum og þukli og með því að afklæða þau þykir hann eindregið hafa sýnt ásetning þar í verki.

Þegar hins vegar eru virt þau atriði, að ákærði hefur fyrir veru þeirra tveggja í bílnum engin blíðuhót sýnt stúlkunni X né hafzt að nokkuð það, er benti til þess, að hann hyggði á samfarir við hana, að hann reynir ekki á annan hátt að fá stúlkuna til fylgilags við sig en með atlotum sínum, að stúlkan virðist ekki vera mótfallin atlotum ákærða, þar sem hún hafði næg tækifæri til þess að komast hjá þeim, gerir ekki tilraun til að komast úr bílnum né heldur til þess að opna fyrir bróður sínum, eftir að dyrum bílsins hafði verið læst, heldur gefur beinlínis í skyn, að hún vilji ekki fara frá ákærða strax, þá þykir þó þrátt fyrir bersýnilega yfirburði aldurs og reynslu ákærða varhugavert að telja sannað, að sú andúð hafi verið fyrir hendi hjá stúlkunni X á athöfnum ákærða, að stúlkan þyrfti að verða fyrir þeim sálrænu áhrifum fyrir hans tilstilli, sem bældu niður andúð hennar á athöfnunum. Þykir því bresta skilyrði þess, að talið verði, að ákærði hafi gert tilraun til þess að „tæla stúlkuna X til samræðis við sig" í skilningi 2. mgr. 200. gr. hinna almennu hegningarlaga, þannig að refsivert sé, þó að athæfi hans kunni á hinn bóginn að sýnast vítavert frá siðferðilegu sjónarmiði.

Telur dómurinn því eftir atvikum rétt að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 2. mgr. 200. gr. hegningarlaganna, sbr. ákæruskjal 6. desember 1954, og þeim kröfum, sem þar eru gerðar.

II.

Hinn 30. október 1954 ók ákærði bifreið sinni, R 6404, norður Lækjargötu í Reykjavík. Þrír farþegar voru í aftursæti bifreiðar hans.

Umferðarviti er á mótum Lækjargötu og Bankastrætis.

Þrír lögreglumenn, sem komu akandi niður Bankastræti í sömu mund og ákærði ók um umrædd gatnamót, staðhæfa, að ákærði hafi ekið á móti rauðu ljósi umferðarvitans, en það er merki þess, að honum bar að halda kyrru fyrir. Því hefur ákærði mótmælt, en engu að síður verður það talið sannað með eiðfestum framburði Jóns Þorgríms Jóhannssonar og Borgþórs Þórhallssonar lögreglumanna og framburði Guðmundar Hermannssonar lögregluþjóns, en farþegar í bifreið ákærða munu ekki hafa veitt þessu athygli.

Varðar brot þetta við 5. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

III.

Refsing ákærða samkvæmt 14. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, en vararefsing varðhald í 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðlaugs Einarssonar hdl., þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00. Eftir atvikum og með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma ákærða til þess að greiða einn þriðja hluta sakarkostnaðar, en tveir þriðju hlutar skulu greiðast af almannafé.

Dráttur á máli þessu stafar af því, að eftir þingfestingu þess var óskað framhaldsrannsóknar. Var málið sent til rannsóknar í Keflavík og kom ei þaðan fyrr en vorið 1955. Þá var það sent til Borgarness, en vitni, sem þar skyldi yfirheyrt, fannst ekki, og um síðir fréttist, að það væri ekki á landinu. Ákæruskjal, dags. 22. júlí 1955, barst dómara þeim, er dóminn kvað upp, eigi fyrr en s.l. vetur, en þá var ákærði eigi í bænum, og tókst dómara ekki að hafa samband við ákærða fyrr en 31. maí til birtingar ákærunnar. Sakir fjarveru verjanda og síðan dómara dróst málið þar til í september s.l., að það var dómtekið hinn 19. þess mánaðar, og að lokum hefur dómsuppsaga dregizt dag umfram það, er lög ætlast til, vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðlaugs Einars-

sonar hdl., ákveðast kr. 1500.00. Ákærði greiði einn þriðja, en ríkissjóður tvo þriðju hluta sakarkostnaðar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 122/1956. **Ákæruvaldið** (Jón Bjarnason hdl.)

gegn

**Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni**

(Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Sönnunaratriði. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið eiðfest og nokkur framhaldspróf verið háð í málinu.

I. Líkamsárás á Jón Björnsson.

Í prófum málsins hafa komið fram nokkur atriði, sem veita allmiklar líkur fyrir því, að ákærði sé valdur að áverkum þeim, er Jón Björnsson hlaut umrædda nótt. Ber þar að nefna för ákærða á eftir Jóni Björnssyni, eftir að Jón fór úr húsi ákærða um nóttina, návist ákærða við árásarstaðinn skömmu eftir árásina svo og það, að ákærði, sem var drukkinn, hefur reynzt ofstopamaður við vín. Þá hefur og vitnið Kristín Magnúsdóttir borið, að hún hafi einhverntíma eftir klukkan tvö nefnda nótt séð tvo menn vera í stimpingum fyrir framan húsið nr. 94 við Hafnargötu og hafi annar þeirra verið ljósklæddur að ofan, en sú lýsing getur átt við búnað ákærða, er hann fór að heiman á eftir Jóni Björnssyni.

Á hinn bóginn ber og að líta til þess, er nú skal greina: Ákærði hefur ekki kannazt við að hafa framið árásina. Ekki verður séð af prófum málsins, að ákærði hafi nefnda nótt sýnt neina áreitni eða ofbeldi né verið í árásarhug, og var hann þó búinn að neyta áfengis um nokkurn tíma. Jón

Björnsson, sem er nákunnugur ákærða og lýst hefur því fyrir dómi, að hann hafi séð árásarmanninn og yrt á hann, hefur samt ekki talið sig geta veitt neina vitneskju um, hver árásarmaðurinn hafi verið. Ekki er í ljós leitt, að neinn sjónarvottur hafi verið að árásinni. Fyrrgreint vitni, Kristín Magnúsdóttir, kveðst ekki hafa þekkt menn þá, er hún sá vera í stimpingum á götunni, og ekki hafi hún séð neitt högg vera greitt né neinn falla í götuna. Þá telur hún sig ekki geta greint nánar, hvenær nætur þetta var, og er því ofsagt í héraðsdómi, að vitni þetta telji eigi ósennilegt, að viðureign þessi hafi gerzt um klukkan fjögur um nóttina. Þá kemur ekki fram, að framkvæmd hafi verið athugun á ákærða sjálfum eða fatnaði hans eftir árásina né athugað um verksummerki á stað þeim, þar sem ætla má, að árásin hafi verið framin. Loks er þess að geta, að umrædda nótt var haldinn dansleikur í Bolungavík, og var þá talsverður drykkjuskapur í bænum, eftir því sem ráða má af prófum málsins.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði sé sekur um líkamsárásina á Jón Björnsson, og ber því að sýkna hann af þessum hluta ákæruunnar.

II. Líkamsárás á Þórð Hermann Kristmundsson.

Samkvæmt því, er greinir í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um líkamsárásina á Þórð Hermann Kristmundsson. Hefur ákærði með henni brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans fyrir þá hættulegu líkamsárás hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Ákærða verður ekki dæmd réttindasvipting, þar sem þess er eigi krafizt í ákæruskjali.

Dæma ber ákærða til að greiða Þórði Hermanni Kristmundssyni skaðabætur vegna árásarinnar. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um bætur fyrir sjúkrakostnað, kr. 1460.00, og atvinnutjón, kr. 2500.00. Bætur fyrir þjáningar og lýti þykja hins vegar hæfilega ákveðnar kr. 5000.00.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutnings-

laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn út af árásinni í Bolungavík hófst ekki þegar í stað, að rannsókn á vettvangi og ákærða var látin undir höfuð leggjast, að eigi voru yfirheyrðir allir þeir, sem verið höfðu með ákærða og Jóni Björnssyni umrædda nótt og kvöldið áður, svo og að Jón Björnsson var eigi heitfestur.

Dómsorð:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Hann greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 8960.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Jóns Bjarnasonar og Jónasar Thoroddsens, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.**

Svo sem í héraðsdómi greinir, hlaut Jón Björnsson, verkstjóri frá Sauðárkróki, mikla áverka, er hann var á leið frá heimili ákærða, Hafnargötu 64, að Hafnargötu 107 aðfaranótt 7. ágúst 1955. Fannst hann liggjandi meðvitundarlaus við Kaupfélagshúsið við Hafnargötu. Lýsir héraðslæknirinn í Bolungavík, Henrik Linnet, höfuðáverkunum svo, að í boga meðfram vinstri augntóftarbrún hafi verið stórt flakandi skurðsár, um 2 þumlungar á lengd og 1—1½ á dýpt, og augað legið til hálfs út úr tóftinni. Í öðru lagi var nokkur bólga á hægri kjálka framan eyrans. Taldi héraðslæknirinn fyrrgreinda meiðslið bersýnilega stafa af „hvössum áverka", en hið síðargreinda vera eftir „ávalan áverka".

Ákærði í máli þessu var þegar í stað grunaður um að hafa valdið áverkum þessum. Höfðu þeir Jón Björnsson setið að

drykkju saman öðru hverju um kvöldið fyrir og um nóttina og loks farið heim til ákærða ásamt nokkrum mönnum öðrum, að afloknum dansleik þar í kauptúninu. Voru þeir þá báðir talsvert ölvaðir, en Jón þó meira, að því er vætti vitna bendir til. Var hann orðinn allmjög drukkinn, þegar hann hélt af stað frá heimili ákærða um kl. 4 umrædda nótt. Hefur kona ákærða, Kristjana Magnea Rósmundsdóttir, borið, að Jón hafi þá haft í frammi illyrði, talað um „að berja og rota alla". En um kvöldið fyrr hafi hann tvívegis viljað berja ákærða, en hún gengið á milli þeirra.

Af ákærða er það nú að segja, að á meðan kona hans var að fylgja Jóni Björnssyni út fyrir dyrnar, klæddi hann sig úr jakka og ytri skyrtu og hélt síðan á nærskyrtunni einni út á eftir Jóni Björnssyni. Kona ákærða veitti honum litlu síðar eftirför út Hafnargötu og hafði með sér jakka hans. Kveðst hún hafa náð honum í nánd við húsið 79 eða 81 við Hafnargötu og klætt hann í jakkann. Hafi ákærði þá verið slangrandi á götunni og hvorki á innleið né útleið. Kveður hún hann þá hafa bent sér á Jón Björnsson, þar sem hann lá í blóði sínu við Kaupfélagshúsið. Hélt hún þangað og hagræddi Jóni, en ákærði beið spölkorn frá á meðan. Héldu þau því næst inn Hafnargötu og mættu þá vitninu Gesti Oddleifs Kolbeins Pálmasyni, sem hefur borið, að ákærði hafi þá verið grátandi, en kona hans kveður hann aðeins hafa verið klökkvan. Segir vitni þetta þau hafa viljað snúa sér við, sagt, að það væri meiddur maður þarna úti frá, en kona ákærða kveðst ekki minnast þessa. Hélt vitnið áfram og fann Jón Björnsson meðvitundarlausan og stórslasaðan. Kvaddi vitnið Gestur menn honum til hjálpar og sá um, að læknir var sóttur, sem gerði að sárum hans.

Þau ákærði og kona hans héldu áfram inn Hafnargötu, eftir að þau mættu vitninu Gesti. Virðist ákærði hafa numið staðar við heimili þeirra, en kona hans hélt áfram inn götuna að húsinu nr. 50 við Hafnargötu. Þar vakti hún upp vitnið Magnús Ágúst Haraldsson. Kveðst vitnið hafa spurt hana, hvort nokkuð væri að, en hún hafi neitað því, sagt, „að þeim hafi bara orðið sundurorða Jóni Björnssyni og Friðgeiri" (þ. e. ákærða). Hafi hún beðið vitnið að ganga með sér út að

Kaupfélagshúsi. Kona ákærða neitar að hafa sagt framangreind orð, kveðst ekki vita til, að þeim hafi orðið sundurorða Jóni Björnssyni og ákærða.

Þá hefur vitnið Kristín Magnúsdóttir skýrt frá því, að henni hafi einhverntíma umrædda nótt, að því er virðist alllöngu eftir kl. 2, orðið litið út um glugga heima hjá sér í Hafnargötu 110 og hafi hún þá séð tvo menn í stimpingum fyrir framan húsið Hafnargötu 94, en það hús er gegnt Kaupfélagshúsinu. Ekki kvaðst hún hafa þekkt mennina, en annar þeirra hefði verið á skyrtunni. Veitti hún þessu ekki frekari athygli, en hugði síðar, að þarna hefði verið um Jón Björnsson og ákærða að ræða.

Verður nú vikið að framburði Jóns Björnssonar.

Hann hefur skýrt svo frá, að er hann á leið sinni að Hafnargötu 107 var kominn á móts við Kaupfélagshúsið, sem er við Hafnargötu nokkurn spöl frá heimili ákærða, hafi maður komið á eftir sér og slegið sig aftan frá á hægri vanga. Er hann sneri sér við, sýndist honum maður þessi halda á steini. Eftir þetta kvaðst hann ekkert muna eftir sér þar til næsta morgun. Ekki kvaðst hann vera öruggur um að vita, hver árásarmaðurinn var, enda var Jón Björnsson drukkinn, svo sem áður segir.

Vætti Magnúsar Ágústs um ummæli konu ákærða, er hún vakti hann upp, svo og vætti hennar um reiðiyrði Jóns Björnssonar, er hann um nóttina fór út af heimili þeirra hjóna, ásamt þeirri staðreynd, að ákærði kastaði af sér jakka og ytri skyrtu og hélt síðan út á eftir honum á nærskyrtunni einni, þykir benda til þess, að á milli þeirra hafi risið nokkurir úfar í þeim svifum, er Jón Björnsson hélt á burt, og að ákærði hafi verið í árásarhug gagnvart Jóni, er hann veitti honum eftirför út Hafnargötu.

Leitt er í ljós, að örfáum mínútum síðar finnst Jón Björnsson stórmeiddur liggjandi á götunni, og virðist augljóst af áverkum hans, sbr. framangreint læknisvottorð, að hann hafi orðið fyrir árás og verið sleginn a. m. k. tvö högg í andlitið. Var ákærði þá staddur örskammt frá, þar sem Jón lá slasaður, en ekki sást til annarra mannaferða. Jón Björnsson skýrir svo frá, að maður hafi komið á eftir sér og slegið sig,

bersýnilega aftan frá, á hægri vanga. Kristín Magnúsdóttir ber, að hún hafi um nóttina, a. m. k. þó nokkru eftir kl. 2, að því er ráða má af vætti hennar, séð mann á ljósri skyrtu í stimpingum við annan mann alveg á sömu stöðum og Jón Björnsson fannst slasaður. Þykir það, sem nú var rakið, veita sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi verið árásarmaðurinn. Gæti og varla hjá því farið, að ákærði hefði séð, ef annar maður hefði veitzt að Jóni og þá sagt konu sinni frá því, er hann benti henni á, hvar Jón lá slasaður. Þá þykir það styrkja þessar líkur, að ákærði fylgdist ekki með konu sinni, þangað sem Jón Björnsson lá til þess að aðstoða hana við að veita honum hjálp. Verður eigi séð, að hann hafi hirt um að hafast neitt að honum til bjargar. Loks sýnir hinn heiftarlegi áverki, sem ákærði veitti Þórði Hermanni Kristmundssyni nokkru síðar, svo sem frá er skýrt í málinu, að af ákærða er einskis örvænt, er hann reiðist og er með áhrifum áfengis eins og þessa nótt.

Þykir mér þetta allt veita nægar líkur fyrir því, að ákærði sé valdur að árás þeirri á Jón Björnsson, er hann varð fyrir umrædda nótt.

Um önnur atriði málsins, að undanskilinni ákvörðun refsingar, er ég sammála meiri hluta dómenda.

Samkvæmt framanskráðu tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Hann greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 8960.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Jóns Bjarnasonar og Jónasar Thoroddsens, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Bolungavíkur 23. júlí 1956.**

Ár 1956, mánudaginn 23. júlí, kl. 2, var í sakadómi Bolungavíkur, sem haldinn var í skrifstofu lögreglustjóra af hinum reglulega dómara, Friðriki Sigurbjörnssyni lögreglustjóra, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 6/1955 úr Bolungavík og nr. 9/1956 frá Ísafirði:

Ákæruvaldið gegn Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni sjómanni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn sama dag, er af hálfu ákæruvaldsins höfðað gegn Friðgeiri Ragnari Guðmundssyni sjómanni, til heimilis Hafnargötu 64 í Bolungavík, fyrir brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar svo og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Ísafirði 1. ágúst 1925, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

| | | |
|---|---|---|
| 1941 | 21/3 | Áminntur á Ísafirði fyrir brot á 17. gr., 1. mgr., laga nr. 33/1935. |
| 1942 | 24/2 | Ísafirði. Sátt: 15 króna sekt fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar. |
| 1943 | 9/10 | Ísafirði. Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 18. gr. laga nr. 33/1935. |
| 1947 | 19/9 | Reykjavík: Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður. |
| 1947 | 21/12 | Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 25/2 | Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 30/10 | Ísafirði. Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 200 króna skaðabætur í sama máli. |
| 1948 | 26/7 | Reykjavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna. |
| 1948 | | Reykjavík. Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1948 | 2/12 | Ísafirði. Sátt: 75 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 17/12 | Reykjavík. Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 8/1 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 2/6 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1950 | 23/6 | Bolungavík. Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri og 200 króna skaðabætur fyrir spellvirki. |

Svo sem fram kemur í ákæruskjali dómsmálaráðherra, ber að höfða opinbert mál gegn ákærða fyrir líkamsárásir samkvæmt

218. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir ákærði hafa brotið af sér með því:

1) að ráðast á Jón Björnsson verkstjóra aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst s. l. fyrir utan kaupfélagshúsið í Bolungavík og veita honum áverka á höfði, svo að hann hlaut m. a. varanlega blindu á vinstri auga.

2) að ráðast á Þórð H. Kristmundsson sjómann miðvikudagskvöldið 11. janúar s. l. eða aðfaranótt fimmtudagsins, þar sem þeir voru báðir staddir í húsinu Skipagötu 14 á Ísafirði og stinga hann tvívegis í bakið með hníf.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Verða nú málavextir þessara mála raktir.

I. Árásin á Jón Björnsson.

Laugardagskvöldið 6. ágúst s.l. var haldinn dansleikur í Félagsheimilinu í Bolungavík. Á dansleik þeim var ákærði staddur undir áhrifum áfengis, og hefur ákærði sjálfur viðurkennt í rannsókn málsins, að hann hafi drukkið „ákavíti" með stuttum hléum frá því kl. 7 um kvöldið, en áfengisdrykkjuna hafði hann hafið heima hjá sér með Jóni Björnssyni verkstjóra frá Sauðárkróki, en undir stjórn hans hafði ákærði unnið við viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Síðar um kvöldið fór ákærði heim til Jóns tvívegis og bætir þar enn á sig áfengi, „koníaki og ákavíti". Borðar hann lítið um kvöldið, „fisk, frekar lítið" kl. 7 heima hjá sér.

Ákærði fer á dansleikinn um kl. 11, og hafði hann áður fengið sér áfengi úr ákavítisflösku heima hjá sér, en með sér á dansleikinn hafði hann fulla flösku af ákavíti og 1 pela að auki.

Á dansleiknum gerðist fátt sögulegt. Þegar honum lýkur, mun klukkan hafa verið eitthvað á milli 2 og 3 um nóttina. Heldur ákærði með Magnúsi Ágústi Haraldssyni sjómanni burt úr Félagsheimilinu og heim til ákærða, en þegar hér er komið sögu, eru áfengisáhrif ákærða komin á svo hátt stig, að minnið hverfur, og hann man ekki einu sinni sjálfur, hver hafi fylgt honum heim, en hefur það eftir Magnúsi Ágústi, að hann hafi fylgt ákærða heim, og hefur vitnið Magnús Ágúst einnig borið svo.

Kona ákærða, Kristjana Magnea Rósmundsdóttir, var heima á Hafnargötu 64, og hafði hún ekki farið á dansleikinn með ákærða.

Kveður hún þá félaga, ákærða og Magnús Ágúst, hafa stanzað heima nokkurn tíma, en síðan hafi þeir ásamt henni gengið út og

heim til Jóns Björnssonar verkstjóra, Hafnargötu 107, en stanzað þar lítið, því að Ragnar Pétursson, fóstursonur húsfreyjunnar, sem þar rekur matsölu og gistingu, hafi beðið fólkið að fara út.

Ganga þau nú 4, ákærði, Kristjana Magnea, Magnús Ágúst og Jón verkstjóri, inn Hafnargötu og heim til ákærða. Kona ákærða, Kristjana Magnea, er þá eina manneskjan, sem ekki hefur bragðað áfengi, en telja verður, að allir hinir hafi verið þarna meira eða minna undir áhrifum áfengis. Fær Jón verkstjóri að borða hjá ákærða, og um sama leyti fjölgar þarna, því að hálfbróðir ákærða, Magnús Bjarni Ragnarsson sjómaður, og Gestur Oddleifs Kolbeins Pálmason trésmiður bætast í hópinn, og höfðu báðir verið á dansleiknum.

Ber Kristjana Magnea það, að „engin læti hafi verið í þessum mönnum, aðeins söngur og samræður".

Rétt fyrir kl. 4 um nóttina fer samkvæmið að leysast upp. Magnús Ágúst fer fyrstur, því næst Gestur Oddleifs Kolbeins, og litlu síðar fylgir Kristjana Magnea Jóni verkstjóra út, og kveður hún hann þá hafa verið mjög drukkinn og „var að tala um að berja og rota alla".

Meðan Kristjana Magnea fór út að dyrunum með Jóni verkstjóra, hafði ákærði, maður hennar, klætt sig úr jakka og skyrtu, og fer ákærði á nærskyrtunni eftir nokkra stund á eftir þeim, sem undan voru farnir.

Kristjana Magnea heldur fyrst í humátt á eftir ákærða, en sneri við og sótti jakka hans. Var þá Magnús Bjarni eftir inni, og hafði hún hann út með sér og sá á eftir honum upp Bárðarstíg, en það er leiðin heim til hans.

Skundaði Kristjana Magnea nú út Hafnargötu og náði ákærða innantil eða utanvert við Hafnargötu 81 og klæddi hann í jakkann. Kveður hún ákærða þá hafa orðið varan við, að Jón Björnsson lá í götunni við ytra horn kaupfélagshússins, og gengu þau bæði þangað. Lá Jón þar á grúfu meðvitundarlaus, og reisti Kristjana Magnea hann upp, og sneri honum við, þannig að hann lá á bakinu.

Ákærði hafði á meðan staðið álengdar, en nú héldu hjónin inn Hafnargötu aftur, og var það ætlan þeirra að sækja Magnús Ágúst til hjálpar.

Allt þetta er eftir frásögn Kristjönu Magneu, en ákærði hefur neitað að muna eftir öðrum atburðum næturinnar, frá því hann fór út af dansleiknum, en þeim, að hann kveðst minnast þess, að hafa séð Jón verkstjóra liggja á grúfu í götunni einhvern tíma um

nóttina. Kveðst ákærði ekkert annað muna frá atburðum þessum. Síðar undir rannsókninni breytti ákærði þessu svo, að hann hefði fyrst séð Jón verkstjóra, þegar kona ákærða var að stumra yfir honum.

Þegar þau hjónin koma inn á móts við Bárðarstíg, mæta þau Gesti Oddleifs Kolbeins og hafa orð á því, að Jón verkstjóri liggi út frá.

Ber Gestur Oddleifs Kolbeins það, að þá hafi ákærði verið grátandi, og hafi hjónin bæði viljað snúa honum við og sagt, að það væri „meiddur maður" út frá.

Um skipti Gests Oddleifs Kolbeins og hjónanna þarna við Bárðarstíginn er Kristjana Magnea ein til frásagnar að auki vegna minnisleysis ákærða, og neitar hún því, að þau hjónin hafi reynt að snúa Gesti við og fá hann til að hætta við að fara út eftir. Kveður hún ákærða ekki heldur hafa verið grátandi, en hann hafi verið mjög klökkur.

Kristjana Magnea ber það, að Gestur Oddleifs Kolbeins hafi sagt við þau hjónin, að þau skyldu fara heim, „hann skyldi fara til Jóns Björnssonar og sjá um manninn".

Gestur Oddleifs Kolbeins heldur nú áfram á slysstaðinn, en þau hjónin áfram inneftir, og Kristjana Magnea alla leið til Magnúsar Ágústar, en á meðan slangrar ákærði aftur út götu.

Kveðst Magnús Ágúst hafa litið á úr sitt, þegar Kristjana Magnea hafi vakið hann, og hafi klukkan þá verið 15 mínútur yfir 4 um nóttina, og hafi þá verið liðnar 15 mínútur, frá því hann hafi farið út úr húsi ákærða.

Þeim ber ekki saman, Kristjönu Magneu og Magnúsi Ágústi, um, hvað Kristjana Magnea hafi sagt, þegar hún vakti Magnús Ágúst.

Ber Magnús Ágúst það, að hún hafi svarað þeirri spurningu hans, hvort nokkuð væri að, neitandi, „þeim hafði aðeins orðið sundurorða, Jóni Björnssyni og Friðgeiri", og bað hún Magnús Ágúst að ganga með sér út að kaupfélagi.

Þessum framburði neitar Kristjana Magnea sem alröngum varðandi „sunduryrði" Jóns og ákærða. Við samprófun náðist ekkert frekara samræmi í framburðina. Kristjana Magnea tók þá fram, að „henni hafi alls ekki verið kunnugt um, að Jóni og Friðgeiri hafi orðið sundurorða", og alls ekki kallað á Magnús Ágúst í þeim tilgangi að skilja þá Jón og ákærða.

Magnús Ágúst fullyrðir hins vegar, að Kristjana Magnea hafi talað um, að Jóni verkstjóra og ákærða hafi orðið sundurorða.

Víkur nú sögunni að Jóni verkstjóra Björnssyni. Hann er á um-

ræddum dansleik í Félagsheimilinu. Fer þaðan heim til sín ásamt Per Sulebust sjómanni. Þangað koma, sem áður segir, ákærði og kona hans ásamt Magnúsi Ágústi. Skilja þeir Jón og Per Sulebust við svo búið, en Jón verkstjóri fer heim með þeim þremur til ákærða. Eftir að hafa verið þar nokkra stund, finnst honum hann vera að veikjast og hélt af stað heim einsamall.

Þegar hann kom á móts við kaupfélagshúsið, kom maður á eftir honum og sló hann á hægri vangann. Jón verkstjóri sneri sér þá að manninum og sér, að hann var með stein í hendinni, og ber Jón það, að hann hafi sagt við manninn, að „hann tryði því ekki, að hann væri svo mikil skepna að berja með eða kasta grjóti".

Eftir þetta man Jón verkstjóri alls ekkert eftir sér, fyrr en klukkan að ganga 9 að morgni sunnudagsins. Hann kveðst ekki vera öruggur um að vita, hver maðurinn hafi verið, og vill ekkert um það fullyrða þess vegna. Áfengisástand sitt kveður Jón verkstjóri hafa verið með versta móti. Hann hafi verið töluvert undir áhrifum víns á versta stigi, þar sem hann hafi fundið, að hann var að veikjast.

Þegar hann er nánar spurður um aðdraganda árásarinnar, segist hann muna það fyrir víst, að maður hafi komið á eftir honum, en honum hafi „sýnzt" maðurinn halda á steini. Hann getur enga grein gert sér fyrir því, hver árásarmaður hafi verið, man heldur ekkert um það, hvort árásarmaðurinn hafi verið ljósklæddur eða dökkklæddur, kveður þetta hafa gerzt svo snöggt, og honum finnst minni sínu hafa hrakað eftir árásina. Jón Björnsson ber það og, að hann eigi ekkert sökótt við neinn þeirra manna, sem með honum voru við skál þessa nótt, né heldur, að hann eigi eða hafi átt í útistöðum við nokkurn mann í Bolungavík.

Í þessu sambandi er rétt að víkja að hug ákærða til Jóns verkstjóra. Ákærði ber það, um leið og hann „segist ekki geta sagt neitt um, hvort hann hafi veitt Jóni Björnssyni áverka þann, sem hann fékk, þykir honum það mjög ótrúlegt, þar sem þeir hafi undanfarið verið góðir vinir". Og síðar ber hann það, „að það geti vel verið rétt, að þetta kvöld (þ. e. umrætt laugardagskvöld) hafi hann (þ. e. ákærði) átt 5 flöskur af „ákavíti", sem hann kveður þá Jón hafa ætlað að eiga í „slúttið", þegar vinnunni við brimbrjótinn lyki", en þar vann ákærði, sem fyrr segir, þetta sumar undir verkstjórn Jóns.

Þessu næst er að segja frá því, að Jóni Björnssyni er nú komið undir læknishendur Henriks Linnets héraðslæknis í Bolungavík, og gengur fram í því Gestur Oddleifs Kolbeins, sem fer til Þórðar Hjaltasonar símstjóra, sem heima á þar rétt hjá, og hringir hann

í lækninn, er kemur svo ásamt fleira fólki, sem hjá honum var statt, og er Jón verkstjóri borinn í teppi af þeim heim til hans að Hafnargötu 107. Auk þess kemur þarna Magnús Ágúst og gengur fram í því að flýta fyrir því, að læknirinn komi á vettvang.

Er þá næst að lýsa áverkum Jóns verkstjóra, eins og þeim er lýst í áverkavottorði á dskj. nr. 1, útgefnu af Henrik Linnet héraðslækni.

I. Stórt flakandi skurðsár var í boga meðfram vinstri augntóttarbrún, um 2 þumlunga á lengd og 1—1½ á dýpt. Rendur þess voru tiltölulega sléttar, og er því berlega hvössum áverka um að kenna. Augað lá til hálfs út úr tóttinni, og við nánari prófun sá slasaði ekkert með því, og aðgerðir augnlæknis hafa ekki megnað bjarga því. Nokkuð mar eftir blæðingu kom út á efri augnloki, en ekkert eða nær ekkert í kringum sjálft sárið, enda greri það á vikutíma.

II. 2 smáfleiður á höfði, er ekki tók að búa um.

III. Nokkur bólga á hægri kjálka, framan eyrans, eftir ávalan áverka, en mar að ráði kom þar ekki fram, en stríðleiki og eymsli.

IV. Merki um léttan heilahristing komu fram, en hurfu fljótlega.

Í vottorði Úlfars Þórðarsonar augnlæknis á dskj. nr. 2 segir svo m. a.:

„Slasaði hefur að mínum dómi orðið fyrir áverka af sljóu áhaldi með þeim afleiðingum, að augað fylltist af blóði, þannig að augað eyðilagðist að öllu leyti og er varanlega blint".

Ákærði í máli þessu heldur því fram, að hann muni ekkert um atburðarás næturinnar, eftir að hann kom af dansleiknum margnefnda nótt, þrátt fyrir ítrekaðar yfirheyrslur.

Sá, sem varð fyrir árásinni, treystir sér ekki til að vita, hver árásarmaðurinn var, þótt hann muni, að maður hafi komið á eftir honum, og hafi „sýnzt" hann vera með stein í hendinni, sem virðist líklegt, eftir læknisvottorðunum að dæma. Eini sjónarvotturinn, sem til hefur náðst, er Kristín Magnúsdóttir verzlunarmær. Hún ber það, að hún hafi komið af margnefndum dansleik í Félagsheimilinu ásamt unnusta sínum, Sigurjóni Sveinbjörnssyni. Kveðst vitnið hafa vakað lengur en unnusti þess m. a. til að bíða eftir föður þess, sem er húsvörður í Félagsheimilinu og kemur af þeim sökum seint heim eftir dansleiki. Vitnið getur ekki tilgreint nákvæmlega tímann, þegar það var statt í eldhúsinu heima hjá sér um nóttina, en telur ekki ósennilegt, að það geti hafa verið um kl. 4 um nóttina. Hafi vitnið verið eitt í eldhúsinu. Hafi því þá orðið litið út um gluggann inn Hafnargötu, og hafi það þá séð

tvo menn vera í stimpingum á götunni fyrir framan húsið Hafnargötu 94, en það er andspænis Kaupfélagshúsinu.

Kveður vitnið nokkuð hafa verið skuggsýnt, en vel mátt sjá mennina. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt þá, en einungis dottið í hug daginn eftir, þegar það heyrði um atburði næturinnar, að þar hefði verið um ákærða og Jón verkstjóra að ræða.

Hins vegar kveðst vitnið muna greinilega, að annar mannanna hafi verið á skyrtunni. Kveðst vitnið muna það svo greinilega, að það kveðst geta unnið eið að þeim framburði sínum.

II. Árásin á Þórð Hermann Kristmundsson.

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson sjómaður, kveðst hafa verið staddur á Ísafirði 11. janúar s.l. Var hann þá skipverji á v/b Víking úr Bolungavík, sem hafði bilað í róðri og verið dreginn til Ísafjarðar. Kveðst ákærði hafa dvalizt á Ísafirði hjá móður sinni að Þvergötu 4.

Hann kveðst á 10. tímanum hinn 11. janúar að kvöldi hafa farið að Skipagötu 14 á Ísafirði og ætlað að hitta þar Sumarlínu Laufeyju Elíasdóttur, sem hann hafi kannazt við úr Bolungavík og hann vissi, að dvaldist þar.

Kveðst ákærði hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis, þegar hann kom heim til Sumarlínu Laufeyjar.

Sumarlína Laufey bjó vel og átti allstórt glas fullt af brennsluspíritus, og drukku þau úr því út í kaffi, sem húsráðandi, Anna Óladóttir, hafi komið með handa þeim.

Kveður ákærði þau hafa drukkið þetta mjög ört. Þá segir ákærði einnig, að Sumarlína Laufey hafi verið með á glasi litlar, hvítar töflur, og hafi hún sagt, að þær hefðu sömu áhrif á menn og áfengi. Ákærði segir Sumarlínu Laufeyju hafa sagt áhrif þeirra vara í fimm klukkustundir. Ákærði tók inn 2 töflur og Sumarlína Laufey sama magn.

Kveðst ákærði hafa orðið fljótlega mjög drukkinn af spíritusnum og töflunum, og hann minnir, að Sumarlína Laufey hafi einnig orðið mjög ölvuð. Leið þannig tíminn hjá þeim við spjall og söng.

Þá kemur inn í herbergið Þórður Hermann Kristmundsson, en ekki man ákærði, hvenær það var. Settist hann á dívaninn og neitaði að verða burtu úr herberginu, þótt bæði ákærði og Sumarlína Laufey bæði hann þess.

Kveðst ákærði þá hafa ætlað að láta hann út, en Þórður Hermann hafi þá slegið til ákærða, og lenti höggið á nefinu.

Hófust nú slagsmál, og bárust átökin um herbergið. Kveðst

ákærði muna, að Þórður Hermann hafi komið honum undir og legið ofan á honum og hafi haldið fyrir kverkar ákærða.

Dettur þá ákærða í hug skeiðahnífur, sem hann hafði keypt kvöldið áður hjá Örnólfi Hálfdánarsyni, Sundstræti 14, Ísafirði. Kveðst ákærði hafa fallizt á það sjónarmið kaupmannsins, að það væri gott fyrir sjómenn að eiga svona hníf, sem hægt væri að festa við sig, og keypt hnífinn.

Dró hann nú hnífinn úr slíðrum og rak hann, að hann minnir, tvisvar sinnum með hægri hendi í bakið á Þórði Hermanni. Losaði Þórður Hermann þá takið á hálsi ákærða. Ákærði man eftir því, að Þórður Hermann hafi spurt hann, hvort hann væri með hníf.

Húsráðandi, Anna Halldóra Ólafsdóttir, kom nú inn í herbergið, og stóð ákærði þá upp og settist á dívaninn.

Sá hann þá blóð renna úr baki Þórðar Hermanns, og brá ákærða mjög við það. Ákærði man óljóst, hvað síðan gerðist, en Þórður Hermann var borinn út úr herberginu, en lögreglan hafi fylgt ákærða heim til móður hans, þar sem hann fór að sofa.

Hnífur sá, sem ákærði notaði, fannst síðar í herberginu af Sumarlínu Laufeyju, sem afhenti hann húsráðanda, Önnu Halldóru, og hún lögreglunni, og viðurkenndi ákærði í dóminum, að það væri sá rétti hnífur.

Sá, sem fyrir árásinni varð, Þórður Hermann Kristmundsson, kveðst hafa á s.l. hausti ráðizt vélstjóri á v/b Freyju frá Suðureyri, en hafi síðan um áramót dvalizt á Ísafirði og leigt herbergi og verið í fæði hjá Önnu Óladóttur, Skipagötu 14.

Kveðst hann um kvöldið 11. janúar s.l. hafa neytt áfengis heima hjá sér ásamt öðrum manni og kveðst hafa orðið nokkuð ölvaður. Þórður Hermann segist hafa kynnzt Sumarlínu Laufeyju nokkuð, og segir hana hafa haft herbergi á sömu hæð og hann.

Þetta kvöld hafi hann farið inn í herbergi hennar og hafi þá verið nývaknaður. Hafði sofið um kvöldið. Í herbergi hennar hafi verið maður, sem hann þekkti ekki, en sá maður kvaðst vera úr Bolungavík. Þórður Hermann kveður þau öll hafa farið að spjalla saman og hafi farið vel á með þeim.

Þau, sem fyrir voru í herberginu, hafi verið að drekka brennsluspíritus og gáfu Þórði. Hann kveðst ekki hafa heimtað af þeim áfengi, heldur hafi þau boðið honum brennsluspíritus og Sumarlína Laufey hellt út í glasið. Ekki man Þórður Hermann eftir því, að þau hafi beðið hann að fara út úr herberginu. Kveðst hann ekki hafa verið ókurteis eða hrottalegur í orðum, eftir að hann kom inn í herbergið, eins og Sumarlína Laufey ber.

Þórði Hermanni virtist ákærði vera lítið undir áhrifum áfengis,

en Sumarlína Laufey virtist vera allmikið ölvuð. Þá kveður Þórður Hermann ákærða hafa allt í einu staðið upp og beðið hann að fara út úr herberginu. Þórður Hermann sagði það vera sjálfsagt, en hann ætlaði fyrst að klára úr glasinu.

Meðan á því hafi staðið, hafi ákærði slegið hann í andlitið og Þórður Hermann slegið aftur til ákærða, og hófust þá ryskingar milli þeirra. Ætlaði Þórður Hermann þá að forða sér út úr herberginu, en það hafi ekki tekizt. Hann man ekki, hvernig viðureign þeirra var háttað, þegar ákærði stakk hann í bakið, en hann kveðst hvorki hafa lagzt ofan á ákærða nú haldið fyrir kverkar honum. Ekki man hann heldur til þess að hafa slegið til ákærða að fyrra bragði.

Lengur man Þórður Hermann ekki, hvað gerist, nema það, að hann er borinn út úr húsinu.

Vitnið Sumarlína Laufey segir frá atvikum að heimsókn ákærða á sama hátt og hann. Kveðst hún hafa spurt húsráðanda, Önnu Halldóru, hvort ákærði mætti koma upp á herbergi til sín, og hún sagt það vera velkomið. Kveður Sumarlína Laufey ákærða ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, þegar hann kom, en vill þó ekki fullyrða það. Kveðst hún hafa átt brennsluspíritus á glasi, sem hún hafði keypt í apótekinu á Ísafirði, og tekur fram, að hún hafi keypt hann vegna þess, að hún hafi verið með svolítið sár á hægri úlnlið. Hún kveður Önnu Halldóru hafa komið með kaffi upp í herbergið til hennar og ákærða, og greiddi ákærði kaffið. Þau hafi síðan hellt brennsluspíritusnum út í kaffið. Kveðst Sumarlína Laufey hafa fundið lítillega til áfengisáhrifa. Ekki kvaðst hún hafa veitt því athygli, að ákærði væri mikið ölvaður.

Hún segir þau ákærða hafa verið að spjalla saman og syngja, þegar Þórður Hermann hafi ruðzt inn í herbergið til þeirra, og segir hún hann hafa verið mjög undir áhrifum áfengis. Hún segir Þórð Hermann hafa spurt þau, hvort þau ættu ekki eitthvað að drekka, en hún svarar, að þau ættu ekkert. Segir hún Önnu Halldóru hafa komið inn í herbergið í þeim svifum og beðið Þórð Hermann að fara út og láta þau ákærða í friði, en hann hafi ekki sinnt því. Síðan hafi Anna Halldóra farið út úr herberginu aftur.

Kveðst Sumarlína Laufey hafa beðið hann hins sama og sömuleiðis ákærði, en engu þessu hafi Þórður Hermann sinnt, en var mjög hrottalegur í orðum og ókurteis, og kvað það lygi, að þau ættu ekki vín, og „þau skyldu halda kjafti".

Kveðst Sumarlína Laufey halda, að klukkan hafi verið um 23.30, þegar Þórður Hermann kom inn í herbergið. Skipti það nú engum togum, að þeir ákærði og Þórður Hermann ruku saman og

byrjuðu að slást. Kveðst hún ekki geta sagt um, hvor fyrr hafi byrjað slagsmálin. Þeir hafi slegizt nokkra stund og viðureign þeirra borizt fram og aftur um herbergið, og kveðst hún hafa átt fullt í fangi með að verja sig og þess vegna ekki veitt viðureign þeirra nánar athygli. Kveðst hún fyrst hafa, eftir að Anna Halldóra hafi verið komin inn í herbergið, veitt því athygli, að Þórður Hermann hafi legið á bakinu á gólfinu og ákærði ofan á honum, og kveðst hafa séð, að þeir voru báðir blóðugir um höfuð og hendur, og tók hún þá eftir því, að Þórður Hermann hreyfði sig ekki og kveðst fyrst hafa haldið, að þeir hefðu fengið áverka við að rekast á borð og miðstöðvarofn og gluggakistu, en það hafi hún séð þá gera.

Síðar í rannsókninni og nánar aðspurð, segist hún ekki hafa tekið eftir því, að Þórður Hermann lægi ofan á ákærða á gólfinu og tæki fyrir kverkar honum. Hún hafi ekki séð ákærða með hníf eða að hann hafi beitt honum. Kveðst hún ekki geta munað þetta. Tók hún fram, að hún hafi setið við drykkju nóttina áður með öðrum manni, og hafi hún ekkert sofið. Sama dag og ákærði kom, hafi hún haldið áfram að drekka, og hafi hún ekkert verið farin að sofa, er hann kom. Kveðst hafa verið drukkin og syfjuð þetta kvöld.

Þegar Anna Halldóra kom inn í herbergið, hafi ákærði staðið upp. Hún hafi síðan aðstoðað Önnu Halldóru við að bera Þórð Hermann fram á ganginn. Hafi þá lekið blóð úr skyrtu hans, einkum á bakinu. Hann hafi verið með lokuð augun og ekki sagt neitt við þær, og kveðst hún ekki hafa getað gert sér grein fyrir, hvort hann væri í yfirliði eða ekki. Anna Halldóra hafi strax sent eftir lögreglunni, og hafi hún komið skömmu síðar.

Sumarlína Laufey skýrði frá því, að hún hafi kvöldið áður fengið lánaðan vasahníf hjá Þórði Hermanni til að gera við sígarettukveikjara. Ákærði hafi að beiðni hennar reynt að laga kveikjarann með hnífnum, sem hún kveðst halda, að hún hafi fengið aftur í hendurnar, alllöngu áður en Þórður Hermann kom inn í herbergið. Lögreglan fann vasahníf undir legubekk í herberginu, og lýsti Sumarlína Laufey yfir því, þegar henni var sýndur hann, að það væri sami hnífurinn.

Varðandi töflur þær, sem hún hafi gefið ákærða, kveður hún þær vera svefntöflur, sem hún hafi keypt í lyfjabúðinni eftir lyfseðli frá lækni. Kveðst Sumarlína Laufey hafa keypt þær að beiðni Þórðar Hermanns og hann fengið henni peninga til þess. Hún hafi svo fengið nokkrar töflur frá Þórði Hermanni. Hún heldur því fram, að Þórður Hermann hafi látið ákærða

hafa töflurnar. Man þó ekki vel, hvort svo hafi raunverulega verið. Þórður Hermann segir hins vegar, að Sumarlína Laufey hafi beðið hann um peninga daginn áður til að kaupa einhverjar töflur, sem Sumarlína Laufey sagðist verða að nota og hafa notað s. l. átta ár. Lánaði Þórður Hermann henni 30 krónur, en fékk ekkert af töflunum.

Vitnið Anna Halldóra ber líkt þeim ákærða og Sumarlínu Laufeyju um komu ákærða í húsið. Kveðst hún að beiðni Sumarlínu Laufeyjar hafa farið með kaffi upp á herbergi hennar, en sjálf hafi Sumarlína Laufey áður farið með kaffi upp á hitageymi.

Þegar Anna Halldóra hafi komið upp í herbergið með kaffið, hafi Þórður Hermann verið þar fyrir, og Sumarlína Laufey verið að biðja hann að fara út úr herberginu. Kveður hún Þórð Hermann hafa verið drukkinn þenna dag, en hann myndi eitthvað hafa sofið um kvöldið, en hann hafi verið mjög ölvaður, er hún kom upp. Ekki kveðst Anna Halldóra hafa séð áfengisáhrif á ákærða, þegar hann kom fyrst í húsið, og ekki heldur veitt því athygli, hvort ákærði hafi verið ölvaður, þegar hún hafi komið upp í herbergið. Ákærði hafi þá setið á legubekk og verið að tala við Þórð Hermann. Þar eð Anna Halldóra kveðst hafa vitað, að ákærði og Sumarlína Laufey vildu koma honum út úr herberginu, hafi hún beðið hann um að fara. Hafi hann tekið því mjög fjarri og spurt, hvort hann mætti ekki rabba við kunningja sinn.

Anna Halldóra kveðst hafa beðið þau þrjú að vera róleg, farið út og inn í herbergi sitt og háttað. Hafi hún legið nokkra stund út af, í mesta lagi 15—20 mínútur, en þá hafi hún heyrt einhvern hávaða úr herbergi Sumarlínu Laufeyjar, sem var næsta herbergi. Fór Anna Halldóra framúr og í skó og slopp og hélt yfir um til herbergis Sumarlínu Laufeyjar. Þegar Anna Halldóra opnaði dyrnar, hafi Þórður Hermann legið á bakinu á gólfinu og ákærði að nokkru ofan á honum, og hafi þeir haldið báðir tökum hvor á öðrum. Blóð hafi verið á gólfinu hjá þeim og eins í fötum þeirra.

Kveðst Anna Halldóra hafa heyrt Þórð Hermann segja, um leið og hún hafi komið inn: „Hefur hann hníf“ eða „er hann með hníf, helvítis maðurinn“.

Hafi hún þá séð, þegar hún kom nær, að slíður af skeiðahníf hafi staðið út undan fótum þeirra. Hafi hún tekið þetta upp og haldið fyrst, að þetta væri hnífurinn. Hnífinn hafi hún svo fundið hinum megin í herberginu undir borði, og hafi hann verið blóðugur, bæði skaftið og blaðið. Rétt á eftir hafi gamall maður,

Guðmundur Guðbrandsson, sem leigir hjá vitninu, komið í herbergisdyrnar og spurt, hvað um væri að vera. Hafi Guðmundur gengið til Þórðar Hermanns og beðið hann að koma með sér. Um sama leyti segir vitnið, að ákærði hafi staðið upp og setzt á legubekkinn.

Hafi þau reynt að reisa Þórð Hermann upp, en hann hafi hnigið niður aftur, enda mikið blætt úr baki hans. Hafi þau ætlað að koma honum í rúm hans, en ekki getað borið hann nema fram á ganginn.

Anna Halldóra sendi Guðmund strax til að kalla á lögregluna, og hafi lögregluþjónar komið litlu síðar.

Guðmundur Guðbrandsson, sem áður segir, að leigir hjá Önnu Halldóru, Skipagötu 14, ber það, að hann hafi umrætt kvöld verið að líta eftir í miðstöðinni í kjallaranum, um klukkan 23.30. Hafi hann þá heyrt einhvern hávaða ofan úr húsinu. Taldi hann þá víst, að einhverjar ryskingar hefðu orðið uppi.

Guðmundur kveðst hafa vitað, að Þórður Hermann hafi verið ölvaður þenna dag, en muni hafa sofnað um kvöldið. Einnig kveðst Guðmundur hafa orðið var við, að maður hafi komið í húsið kl. 9.30 þetta kvöld og spurt eftir Sumarlínu Laufeyju.

Guðmundur heldur nú upp á loft og leit inn í herbergi Sumarlínu. Voru þeir þá í áflogum, Þórður Hermann og ákærði.

Bárust átök þeirra um herbergið og hafi þeir fallið á gólfið, skömmu eftir að Guðmundur kom inn, og undir borð, er stóð í horni við gluggann. Guðmundur kveðst ekki hafa séð þá koma höggi hvor á annan, þótt þeir reyndu til þess, og hann kveðst ekki hafa séð, að þeir væru blóðugir, þegar hann kom inn. Minnir hann, að þeir hafi legið hlið við hlið undir borðinu. Sá hann þá þó ekki nema upp að mitti, því að borðið skyggði á.

Rétt á eftir heyrir hann Þórð Hermann segja: „Ertu með hníf" eða eitthvað í þá átt.

Kom nú Anna Halldóra inn í herbergið. Tók hún upp slíður af hníf, sem lá á gólfinu, og sá Guðmundur það, en ekki hnífinn. Sá hann nú ákærða standa upp og setjast á svefnsófa. Hafi blætt mikið úr baki Þórðar Hermanns, sem hafi árangurslaust reynt að setjast upp. Hafi Guðmundur og Anna Halldóra borið hann fram á gang, en Guðmundur síðan hringt á lögregluna.

Guðmundur kveður ákærða ekki hafa verið mikið ölvaðan, en hann hafi virzt mjög æstur.

Lögregluþjónarnir, sem á vettvang voru kallaðir, þeir Halldór Jónmundsson og Kristján Kristjánsson, segja, að klukkan hafi verið 12 á miðnætti, þegar hringt var á lögreglustöðina og beðið

um lögregluaðstoð að Skipagötu 14. Hafi þeir séð Þórð Hermann liggja á ganginum mjög ölvaðan og máttfarinn. Talaði hann eitthvað óskýrt, og föt hans voru öll ötuð blóði.

Var farið með hann inn í herbergi og haft samband við næturlækni, Ólaf Sveinsson, og síðar sjúkrahúslækninn, Úlf Gunnarsson, sem báðir hafi komið á vettvang, en Þórður Hermann hafi svo verið fluttur í sjúkrastofu í sjúkrahúsið.

Ákærði hafi setið á svefnsófa, blóðugur í andliti, hægri hönd og föt hans hægra megin, ósærður. Leitað var eftir hníf í fötum ákærða, en enginn fannst. Gólf í herberginu og húsgögn allt atað blóði. Húsgögn hafi færzt til, og auðséð var, að miklar ryskingar höfðu orðið þar inni. Með ákærða var farið heim til móður hans, að Þvergötu 4, að fyrirlagi sýslufulltrúa, en lögreglan sá um, að hann færi ekki úr bænum.

Ákærði var áberandi ölvaður, en sýndi engan mótþróa við lögregluna.

Er þá lokið við að rekja frásagnir um atburðinn.

Varðandi líkamsmeiðsli Þórðar Hermanns segir svo í vottorði sjúkrahúslæknis, Úlfs Gunnarssonar, dags. 25. jan. s. l.

„Að hann hafi verið rænulaus við komuna á sjúkrahúsið, allur útsteyptur í blóði, náfölur með litlum, lélegum púls, og greinilegt, að hann hafi misst mikið blóð. Talsverð vínlykt fannst af Þórði Hermanni.

Við nánari skoðun fundust 2 sár á baki, annað 3 cm breitt, rétt vinstra megin við hrygginn, um það bil 7 cm djúpt og endaði í millirifjabili. Um þetta sár fór loft út og inn við öndun, og sýnir þetta, að brjósthimnan er særð. Hitt sárið situr dálítið neðar, hægra megin á bakinu, er 5 cm breitt og 9 cm djúpt, og endar það á rifi. Þar að auki finnst smáskurður yfir vinstri augabrún.

Ástand Þórðar er gott núna, og mun hann ekki fá varanlegt mein af þessum áverka."

Um þetta leyti segir dómarinn Þórð Hermann farinn af sjúkrahúsinu og kominn til Súgandafjarðar, þar sem hann verður á vélbát í vetur.

III. Er nú lokið við að rekja málavexti og komið að því að lýsa geðheilbrigðisrannsókn, sem gerð var á ákærða.

Eftir komu ákæruskjals í lok marz 1956 fór ákærði sjálfviljugur að beiðni dómarans í geðheilbrigðisrannsókn að Kleppi til dr. Helga Tómassonar og dvaldist þar í 10 daga.

Dr. Helgi Tómasson segir svo í niðurstöðu álitsgerðar sinnar:

„Álit mitt á Friðgeiri Guðmundssyni er þetta: Hann er krón-

iskur alkoholisti, en hvorki fáviti né geðveill. Það er um að ræða 30 ára gamlan, giftan sjómann úr Bolungavík. Hann hefur verið mikið og sífellt veikur af berklum frá 4 mánaða til 4 ára, og eftir það síveill, með króniska hálseitlabólgu til 17 ára. Hann varð fyrir meiri háttar slysum 7 ára og 11 ára.

Af einhverjum ástæðum er ákveðið að skipta um nafn á honum, er hann er 4 ára, en það dregst þó endanlega til þess, að hann er fermdur.

Fyrstu 4 árin er hann mikið án móðurumhyggju, þar sem hann er mikið á spítala. Foreldrarnir skilja endanlega, er hann er 4 ára.

Elst svo upp hjá móður og stjúpa, en tekur ástfóstri við hálfblinda, gamla konu, sem deyr vofeiflega á jólunum, er hann er 8 ára. Tekur sér það afar nærri. Lagður í einelti, er hann byrjar í skóla, og er uppnefndur, og loðir uppnefnið við hann alla tíð, á meðan hann er á æskustöðvunum. Hefur hann tekið sér það afar nærri.

Þegar eftir fermingu byrjar hann að vinna fyrir sér, en lendir ári síðar til sjós með drykkjurafti, sem kemur honum upp á að drekka allskyns ólyfjan, með þeim afleiðingum, að eftir tvö ár hefur hann fengið svæsna magabólgu, sem svo smálagast. Trúlofast 18 ára gamall konu 7 árum eldri, ágætismanneskju að manni skilst, en getur svo húsnæðisleysis vegna ekki verið samvistum með henni í 2 ár eftir fyrsta búskaparár þeirra.

Byrjar svo að smádrekka á ný, en drykkjuskapurinn ágerist mjög seinni árin. Hann drekkur eins og svoli og verður oft hinn dólgslegasti. Er margsektaður fyrir óspektir. Í janúar s.l. stingur hann mann, sem hann er í slagsmálum við, með hníf í bakið og særir hann nokkuð. Þótt hann bíði dóms í því máli, hefur hann samt lent tvisvar á fylleríi síðan.

Þrátt fyrir drykkjuskapinn er hann sagður skilamaður á fé, atorkusamur og áreiðanlegur og hugsunarsamur við fjölskyldu sína.

Heilarit hans er ekki eðlilegt, en verður ekki með vissu sagt endanlega um, hvað breytingarnar í því bendi á. Enginn geðveikiseinkenni eru önnur en kroniskur alkoholismi, sem virðist tilkominn hjá líkamlega veilum, dulhrjáðum, ungum dreng, sem strax eftir fermingu er dreginn út í drykkjuskap, svo að hann veikist mikið af honum. Örlögin gera honum erfitt fyrir að fá að vera með heitmey sinni um nokkurn tíma, en síðan virðast þau standa saman, þrátt fyrir drykkjuskap hans, með

5 ung börn þeirra, sem honum hefur tekizt að sjá nokkurn veginn farborða til þessa.

Maðurinn er á þeirri braut drykkjuskaparins, að óhjákvæmilegt er fyrir hann að hætta algerlega neyzlu áfengra drykkja ævilangt."

Á framanskráðri álitsgerð er ljóst, að hneigð ákærða til ofstopa og árása má rekja til orsaka, sem stafa kunna frá óheppilegu uppeldi og umhverfi og hegðun samborgara hans í æsku. Ljóst er og, að drykkjuhneigð hans getur valdið algeru óminni hjá honum og einnig aukið afbrotahneigð þá, sem stundum birtist í fari hans. Dagfar hans venjulega er mjög ólíkt því, sem birtist, þegar hann neytir áfengis. Þó verður ekki talið, að ákærða bresti sakhæfi af þessum sökum, en með tilvísun til álitsgerðar dr. Helga, verður að telja, að minnisleysi ákærða við ofnotkun áfengis valdi því, að ákærði verði ekki að öllu leyti talinn sjálfráður gerða sinna.

IV. Í málinu vegna árásar á Jón Björnsson verkstjóra hefur ákærði neitað því staðfastlega að muna eftir atvikum að árásinni. Hann virðist hafa verið á því stigi ölvunar, sem hann er haldinn því algera minnisleysi, sem dr. Helgi talar um í álitsgerð sinni.

Fullsannað er í málinu, að ákærði hefur setið að drykkju með Jóni heima hjá ákærða. Það verður og að teljast sannað með framburði ákærða og konu hans, Kristjönu Magneu, að ákærði hafi klætt sig úr jakka og skyrtu heima hjá sér um nóttina, um kl. 4, og að hann hafi þá hlaupið út úr húsinu, eftir að Jón verkstjóri fór burt þaðan, enda ber Kristjana Magnea það, að hún hafi hlaupið á eftir ákærða skömmu síðar með jakka, sem hún hafi klætt ákærða í, eftir að ákærði „hafði orðið var við, að Jón lá á götunni við ytra horn kaupfélagshússins", svo sem fram kemur í framburði hennar. Tíminn, sem líður, frá því að Jón verkstjóri og ákærði fara út úr húsi ákærða, og þar til Kristjana Magnea vekur Magnús Ágúst til hjálpar, vegna þess, sem hann segir, að þeim ákærða og Jóni hafi orðið sundurorða, er svo stuttur, eða um 15 mínútur, að því er næst verður komizt, að tæpast getur verið um annan mann að ræða en ákærða, sem sézt gæti „á skyrtunni í stimpingum við annan mann á árásarstaðnum", eins og fram kemur í vitnisburði sjónarvotts, Kristínar Magnúsdóttur.

Ákærði hefur og sjálfur viðurkennt, að hann hafi séð Jón verkstjóra liggja á götunni, og kona hans, Kristjana Magnea, mætir honum rétt í námunda við slysstaðinn, og er hann þá á skyrtunni.

Eitt vitni ber það, að rétt á eftir hafi ákærði verið „grátandi", og kona hans viðurkennir, að hann hafi verið „mjög klökkur".

Við þessi atriði bætist sú staðreynd, að ákærði er mikill drykkjumaður, sem haldinn er ofstopa- og árásarhneigð, þegar hann er undir áhrifum áfengis, sbr. margnefnda álitsgerð dr. Helga Tómassonar.

Þá er Ísafjarðarmálið þessu til viðbótar.

Telja verður framkomnar nægilega sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi valdið árásinni á Jón Björnsson og afleiðingum hennar.

V. Í málinu vegna árásar á Þórð Hermann Kristmundsson er framkomin játning ákærða sjálfs um það, að hafa stungið Þórð Hermann með hnífi, ásamt framburði vitna, sem allir ganga í sömu átt. Verður að telja fullsannað, að ákærði sé að árásinni valdur og afleiðingum hennar.

VI. Ákærði var í báðum þessum framangreindu árásum undir áhrifum áfengis, og þeir, sem hann hefur á ráðizt, hafa verið að drykkju með honum. Í seinna skiptið er það vitað, að brotið er framið, meðan standa yfir slagsmál milli ákærða og þess manns, sem fyrir brotinu varð, og ekki verður fullyrt, að ákærði hafi átt meiri þátt í að hefja þau slagsmál en hinn maðurinn.

Ekki verður það séð á málavöxtum, að um beinan ásetning til líkamsmeiðinganna hafi verið um að ræða hjá ákærða, eða komið auga á neina huglæga ástæðu til þeirra, samanber framburði Jóns verkstjóra og ákærða um samband þeirra, sem báðir telja, að hafi verið gott.

Með heimild í 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður refsing tiltekin í einu lagi fyrir bæði brotin. Varanlegt tjón hefur samkvæmt læknisvottorðum hlotizt af árás ákærða á Jón Björnsson, þar sem annað auga hans er með öllu ónýtt.

Eftir framanskráðum atvikalýsingum verður að telja, að ákærði hafi með framferði sínu gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. En með tilliti til framlagðrar álitsgerðar dr. Helga Tómassonar um eðli drykkjuskapar ákærða svo og með tilliti til þess, að hann játar greiðlega seinna brotið, þar sem óminni af völdum drykkjunnar háði honum ekki, og enn fremur vegna þess, að hér er um fyrsta dóm, sem ákærði hefur hlotið, að ræða, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Svipta ber ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jón Björnsson verkstjóri hefur lýst yfir því, samanber dskj. nr. 11, að hann muni höfða einkamál á hendur ákærða til greiðslu skaðabóta vegna afleiðinga árásarinnar, og verða honum því eigi tildæmdar bætur í máli þessu.

Þórður Hermann Kristmundsson hefur hins vegar gert skaðabótakröfu, að upphæð kr. 20.000,00, sem sundurliðast þannig samkvæmt dskj. nr. 14:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sjúkrahúslega og önnur læknishjálp .... | kr. 3.500.00 |
| 2. | Atvinnutjón ..... | — 6.500.00 |
| 3. | Líkamsmeiðsli, varanleg ör og drápstilraun | — 10.000.00 |
| | | Samtals kr. 20.000.00 |

Engin gögn fylgdu kröfu þessari, og verður hún því tekin fyrir að mati dómsins:

1) Kostnaður vegna sjúkrahúslegu og annarrar læknishjálpar reyndist samkvæmt staðfestum upplýsingum frá Sjúkrahúsi Ísafjarðar kr. 1460.00. Réttmætt þykir að taka þá upphæð alla til greina.

2) Samkvæmt vottorði sjúkrahúslæknisins á Ísafirði, Úlfs Gunnarssonar, kom Þórður Hermann þangað hinn 12. janúar og dvelst þar til 22. janúar, og samkvæmt yfirlýsingu rannsóknardómarans á Ísafirði var Þórður Hermann kominn til Súgandafjarðar til að stunda þar sjóróðra hinn 25. janúar. Er hér því um tæplega ½ mánuð að ræða, sem Þórður Hermann missir af tíma, og ætti hæfilegt atvinnutjón að miðast við tímabilið 12. janúar til 25. janúar 1956.

Miðað við það, að aflamagn línubáta hér um slóðir var sérlega rýrt í janúarmánuði þessum, svo og með hliðsjón af því, að bátur sá, sem Þórður Hermann var ráðinn á, Freyja frá Súgandafirði, var í viðgerð hinn 12. janúar og ósjófær þá um sinn, þykir atvinnutjón hans hæfilega metið á kr. 2500.00, og ber að dæma ákærða til að greiða það.

3) Með tilliti til vottorðs sjúkrahúslæknisins, þar sem ástand Þórðar Hermanns var talið gott, þegar hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu, og læknirinn taldi, að hann myndi ekki hljóta varanlegt mein af þessum áverka, svo og vegna þess að ekki þykir rétt að telja hann með öllu saklausan af upphafi ryskinga þeirra milli

hans og ákærða, sem leiddu til líkamsmeiðinganna, þykja bætur til hans vegna þessa liðs kröfunnar hæfilega metnar á kr. 2500.00, og ber að dæma ákærða til að greiða honum þá upphæð. Alls ber því að dæma ákærða til að greiða Þórði Hermanni kr. 6460.00. Vaxta af upphæð þessari hefur ekki verið krafizt.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í máli þessu.

Rekstur máls þessa hefur tafizt nokkuð vegna annríkis dómarans og af miklum fjarvistum ákærða vegna sjómennsku.

Dómsorð:

Ákærði, Friðgeir Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Þórði Hermanni Kristmundssyni kr. 6460.00 innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 25. febrúar 1957.

Nr. 26/1957. **Árni Guðmundsson**

gegn

**Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 21. janúar þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu 5. desember 1956, en úrskurður þessi, sem hratt frávísunarkröfu sóknaraðilja, var birtur honum 19. f. m. Virðist sóknaraðili vilja krefjast þess,

að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja verði vísað frá sjó- og verzlunardóminum. Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Frávísunarkröfu sína í héraði hefur sóknaraðili stutt þeim rökum, að fjárkrafa varnaraðilja, sú sem stefnt er út af, sé sér óviðkomandi og hefði varnaraðili átt að beina kröfu sinni gegn öðrum manni. En þótt þetta væri rétt, leiðir það ekki til frávísunar málsins. Ber því að staðfesta úrskurð sjó- og verzlunardómsins að niðurstöðu til.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að leiðbeina umboðsmanni sóknaraðilja, sem er ólöglærður, um kröfugerð af sinni hálfu í málinu, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Svo bar honum og á fyrsta dómþingi, er ólöglærður maður kom fyrir dóm af hálfu varnaraðilja, að leiðbeina honum um að afla glöggra gagna fyrir kröfu sinni og fjárhæð hennar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sjó- og verzlunardóms Ísafjarðarsýslu 5. desember 1956.**

Ár 1956, miðvikudaginn 5. desember, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Ísafirði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, formanni dómsins, ásamt sjódómsmönnunum Halldóri Guðmundssyni og Bjarna Hjaltasyni, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 6. nóv. s.l.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 12. nóv. 1953, af Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga, Súðavík, gegn Árna Guðmundssyni skipstjóra, Súðavík, til greiðslu á aflahlut Þorgils Þorsteinssonar, Súðavík, að fjárhæð kr. 4400.00, auk 2.5% orlofsfjár, ásamt 6% ársvöxtum frá 8. maí 1953 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Val, Í.S. 420, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda hefur þess verið krafizt, að málinu verði vísað frá dómi. Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni.

Eftir skriflegan flutning um þá kröfu lögðu aðiljar málið undir úrskurð dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á vetrarvertíð 1953, en hún var frá áramótum til 31. maí, var Kjartan Geir K. Karlsson sjómaður, Súðavík, ráðinn á m/b Val, Í.S. 420, en hann er eign stefnda í máli þessu, og var hann skipverji á bátnum.

Um mánaðamótin marz-apríl fór Kjartan úr skiprúmi, en að beiðni hans kom í hans stað Þorgils Þorsteinsson. Þorgils vann síðan við bátinn frá 7. apríl til 7. maí. Þann dag ætlaði stefndi að greiða Þorgilsi kauptryggingu fyrir mánuðinn, sem hann hafði þá unnið við bátinn.

Þenna mánuð var afli það mikill, að aflahlutur skipverja var allmiklu hærri en kauptryggingin. Taldi Þorgils, að stefndi ætti að greiða sér aflahlut, en ekki kauptryggingu fyrir þetta tímabil. Þegar stefndi vildi ekki greiða nema kauptrygginguna, fór Þorgils úr skiprúmi 7. maí, og síðar framseldi hann kröfu sína á hendur stefnda til stefnanda til innheimtu, og höfðaði það þá mál þetta á hendur stefnda.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að hann sé ekki réttur aðili málsins og hafi stefnandi átt að beina því gegn Kjartani Geir Karlssyni, þar sem hann hafi ráðið Þorgils Þorsteinsson í sinn stað og borið ábyrgð á ráðningu hans.

Stefndi kvaðst ekki hafa gefið samþykki sitt til þess, að Kjartan Geir Karlsson færi úr skiprúmi, enda hafi ráðningarskilmálar hans verið á þá lund, að hann ætti að vera á bátnum, meðan hægt væri að halda honum út.

Stefndi kvaðst hafa átt tal við Kjartan Geir um miðjan marz, þar sem hann hefði heyrt, að hann ætlaði að fara úr skiprúmi um páska.

Stefndi sagði Kjartani Geir þá, að hann skyldi reyna að fá Ragnar Þorbergsson fyrir sig og skyldu þeir svo koma og ræða við sig. En þeir komu aldrei. Þann 4. apríl greiddi stefndi Kjartani Geir kr. 2,700.00 upp í kauptryggingu hans og sagði þá við hann, að hann gæti verið út aprílmánuð, en þá skyldi stefndi gefa hann eftir. Þá sagði Kjartan Geir, að hann ætlaði að vera áfram.

Annan í páskum vann Kjartan við að koma lóðunum um borð í bátinn. En þegar stefndi kom úr þeirri legu, var Þorgils Þorsteinsson farinn að vinna við bátinn. Skýrði hann stefnda frá því, að Kjartan hefði beðið hann að vinna fyrir sig. Kvaðst stefndi þá hafa sagt, að Kjartan Geir yrði að bera ábyrgð á því.

Telur stefndi, að Kjartan Geir hafi ráðið Þorgils án sinnar vitundar og samþykkis, því að hvorugur þeirra hafi minnzt á það við sig. Þorgils hafi því að öllu leyti gengið inn í ráðningu

Kjartans Geirs, hvað kjör snerti, því að þeir hafi ekki rætt við sig um ráðningarkjör.

Þorgils Þorsteinsson hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi hitt Kjartan Geir á götu annan í páskum og hafi hann þá beðið sig að fara á v/b Val fyrir sig. Sagðist Kjartan Geir vera búinn að fá samþykki Árna fyrir þessum mannaskiptum. Var ekkert rætt um kaup þeirra í milli. Þorgils vann við bátinn frá 7. apríl til 7. maí.

Ræddi hann ekki við stefnda um ráðningarkjör fyrr en 7. maí, en þá ætlaði stefndi að greiða Þorgils kauptryggingu fyrir það tímabil. En Þorgils krafðist þess að fá hlutinn greiddan og fór úr skiprúminu, er stefndi synjaði.

Kjartan Geir Karlsson hefur borið vitni í málinu. Kvaðst hann á vertíðinni hafa meiðzt í hnélið og hafi þá ekki treyst sér til að róa lengur, og því unnið í landi við v/b Val. Vann hann síðast við bátinn á annan í páskum eða 6. apríl. Kvaðst hann ekki hafa ætlað sér að vera lengur á bátnum en til páska. Þetta hefði stefndi frétt og beðið hann að tala við sig. Sagði stefndi þá, að það væri í lagi, þó hann færi, ef hann útvegaði mann í staðinn fyrir sig á bátinn.

Kjartan Geir kvaðst ekki hafa leitað samþykkis stefnda fyrir því, að Þorgils kæmi í sinn stað, en gert ráð fyrir því, að stefndi léti hann fara, ef hann væri ekki ánægður með manninn. Kjartan Geir kvaðst alltaf hafa litið svo á, að honum væri heimilt að víkja úr skiprúmi um páska, en hafi gert það fyrir stefnda að útvega mann í sinn stað. Kjartan Geir kvað stefnda aldrei hafa sett það skilyrði, að hann ætti að greiða kaup þeim manni, er hann fengi fyrir sig, enda hafi hann alltaf litið svo á, að hann bæri ekki ábyrgð á kaupgreiðslu til Þorgils Þorsteinssonar, heldur stefndi.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda. Telur hann, að sannað sé með vætti Kjartans Geirs Karlssonar, að stefndi hafi samþykkt, að hann færi úr skiprúmi, ef hann útvegaði mann í sinn stað og hafi hann í því sambandi minnzt á ákveðinn mann, Ragnar Þorbergsson.

Kjartan Geir hafi síðan ráðið Þorgils Þorsteinsson f. h. stefnda í staðinn fyrir sig. Telur stefnandi, að ekki hafi verið ástæða til þess fyrir Kjartan Geir eða Þorgils að tala um ráðninguna frekar við stefnda, þar sem hann hafi þegar gefið Kjartani brottfararleyfi. Þorgils hafi einnig verið fullgildur verkamaður, enda hafi því verið margyfirlýst af stefnda, að út á verk hans hafi ekkert verið að setja.

Þorgils hafi því unnið hjá stefnda í þeirri trú, að hann væri ráðinn hjá honum samkvæmt gildandi kjarasamningum frá 31. des. 1952. Aðrir samningar um ráðningarkjör Þorgils hafi ekki komið til greina, þar sem þetta séu heildarsamningar og því aðrir samningar um kaup ógildir. Og þó að stefndi hafi ekki lýst því yfir, að hann hafi tekið við Þorgilsi í skiprúm samkvæmt gildandi samningum, þá hafi hann viðurkennt það í verki með því að láta hann vinna við bátinn og greiða honum upp í kaup hans kr. 500.00.

Það er óumdeilt í máli þessu, að Þorgils Þorsteinsson vann við bát stefnda frá 7. apríl til 7. maí 1953. Stefndi greiddi honum kr. 500.00 upp í kaup fyrir það tímabil og bauðst til að greiða honum kauptryggingu samkvæmt þágildandi samningum.

Hefur stefndi þannig skuldbundið sig til að greiða Þorgilsi Þorsteinssyni kaup fyrir þetta tímabil, þó að þeim komi eigi saman um, hve hátt það skuli vera. En vegna þess ágreinings virðist mál þetta höfðað.

Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

---

Miðvikudaginn 27. febrúar 1957.

Nr. 113/1955. **Helgi Benediktsson**

gegn

**Teiti Bjarnasyni og gagnsök**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í Hæstarétti, greiði kr. 200.00 til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Teitur Bjarnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 27. febrúar 1957.

Nr. 7/1957. **Pétur Sveinsson**
gegn
**Þór Jóhannssyni**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 1. marz 1957.

Nr. 29/1957. **X**
gegn
**Y**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 1. þ. m., sem barst Hæstarétti 14. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar dóm bæjarþings Reykjavíkur í barnsfaðernismáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Z. Krefst sóknaraðili þess, að máli varnaraðilja, að því er hann varðar, verði vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður, þar með talinn kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, aðallega að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í hinum kærða dómi hefur héraðsdómari, jafnframt því að hrinda frávísunarkröfu sóknaraðilja, veitt efnisúrlausn í málinu. Að svo vöxnu máli verður dóminum ekki haggað

með kæru. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Átelja ber sýnilega þýðingarlausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, X, greiði varnaraðilja, Y, kr. 500.00 i kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1957.**

Ár 1957, miðvikudaginn 23. janúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 15/1956: Y gegn Z og X, sem tekið var til dóms hinn 22. sama mánaðar.

Hinn 13. september 1952 ól kærandi, Y, fullburða sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið R. Föður að barninu hefur hún lýst kærða Z, en hann hefur eigi við faðernið kannazt. Hefur hún, að fengnu leyfi Dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 211. gr., 6. mgr., laga nr. 85 1936 höfðað mál þetta gegn honum, og eru dómkröfur af hennar hálfu þær, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess og til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir fæðingarár barnsins, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún þess, að framangreindar kröfur á hendur kærða Z verði teknar til greina, ef hún vinnur að því fyllingareið, að hún hafi eigi haft samfarir við aðra menn á tímabilinu frá 25. október 1951 til 13. janúar 1952. Til þrautavara krefst hún þess, að kærðu verði in solidum dæmdir meðlagsskyldir með barninu. Hvernig sem málið fer, krefst hún málskostnaðar að skaðlausu úr hendi kærðu in solidum.

Kærði Z hefur krafizt sýknu af kröfum kæranda, en til vara, að hann verði dæmdur aðeins meðlagsskyldur ásamt meðstefnda, X. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi kæranda eftir mati dómsins.

Kærði X, sem dreginn er inn í mál þetta samkvæmt 211. gr., 3. mgr., laga nr. 85 1936, hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara hefur hann krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Upplýst er, að kærandi og M bjuggu saman, þegar barnið fædd-

ist, og höfðu þá búið saman nokkurn tíma. Hins vegar eru þau sammála um, að M sé ekki faðir barnsins. Kærandi kveðst hafa verið komin 4 mánuði á leið, þegar hún kynntist M, og hann kveðst hafa kynnzt henni í fyrsta lagi í marz 1952. Seinna á árinu hófu þau sambúð, sem stóð í um tvö ár. Meðan sambúðin stóð, var drengurinn kallaður sonur M, og lét M það afskiptalaust. Drengurinn var færður til skírnar í Laugarneskirkju 25. apríl 1953, þar sem sóknarprestur Laugarnessóknar skírði hann. Viðstödd voru kærandi, M og amma hennar. Þau kærandi og M eru á einu máli um það, að við þessa athöfn hafi amma kæranda haft orð fyrir henni og sagt prestinum, að M væri faðir drengsins, og hafi M enga athugasemd gert við það. Eigi kveðst presturinn muna þetta, svo óyggjandi sé, en kveðst þykjast muna, að M hafi verið viðstaddur skírnina og að hann hafi ekki hreyft mótmælum, þegar hann samkvæmt spurningu prestsins var tilnefndur faðir barnsins. Ástæðan til þessarar afstöðu M við skírnina var sú að hans sögn, að á þessum tíma hafi verið horfur á því að minnsta kosti af sinni hálfu, að sambúð hans og kæranda yrði til frambúðar, og vegna þess hafi hann látið gott heita að vera talinn faðir barnsins. Þau bjuggu saman fram á árið 1954, en eftir að upp úr sambúðinni slitnaði, hafa þau bæði haldið því eindregið fram, að M sé ekki faðir drengsins. Af hálfu kærða X er krafizt frávísunar málsins á þeim grundvelli, að drengurinn sé að lögum sonur M, sbr. 3. gr. laga nr. 87 1947, þar sem M hafi við skírnina engum mótmælum hreyft gegn því, að svo væri.

Eins og sambandi kæranda og M var háttað, þegar skírnin fór fram, þykir þögn hans við frásögn ömmu drengsins um faðernið eigi verða metin sem óyggjandi faðernisjátning, og verður frávísunarkrafan því eigi tekin til greina.

Um samband sitt við kærða Z skýrir kærandi svo frá, að þau hafi oft haft samfarir saman á árunum 1950—1954, þar á meðal á getnaðartíma barnsins, oftast í bíl kærða, og hefur kærði Z enga athugasemd gert við þessa frásögn kæranda. Ástæðan til þess, að hann hefur samt sem áður eigi viljað viðurkenna faðerni barnsins, er sú, að hann álítur kæranda hafa haft holdleg mök við fleiri en sig á getnaðartíma barnsins, en í því sambandi er upplýst, að kærandi hefur verið mjög óreglusöm, einkum þó eftir fæðingu barnsins. Hefur kærði Z bent á nokkur atriði þessu áliti sínu til stuðnings, en ekkert þeirra kemur hér til álita annað en það, sem af þessa kærða hálfu var bent á um samband kæranda við kærða X. Í Morgunblaðinu 9. nóvember 1951 birtist frétt um, að kærandi og kærði X, sem þá átti heima á Leifsgötu 4 hér í

bæ, hefðu þá fyrr í mánuðinum opinberað trúlofun sína. Varð þetta m. a. til þess, að rannsókn beindist að sambandi þeirra, og kom þá í ljós, að þau höfðu á tímabili átt vingott saman, enda þótt trúlofunarfréttin hefði ekki átt við rök að styðjast. Skýrði kærði X svo frá, að hann hefði í fáein skipti haft samfarir við kæranda í herbergi sínu á Leifsgötu 4 og í eitt skipti heima hjá henni og hefði þetta síðast gerzt í herbergi sínu nótt eina eftir ferð á dansleik í Sandgerði ásamt fleira fólki í gömlum strætisvagni, sem faðir kærða X átti. Telur hann þetta hafa gerzt skömmu eftir birtingu trúlofunarfréttarinnar, en eigi kveðst hann muna nánar, hve löngu eftir birtingu fréttarinnar þetta gerðist, hvort það skipti dögum eða vikum.

Kærandi kveðst tvisvar hafa haft samfarir við kærða X og hafi hinar síðari gerzt 24. október 1951 heima hjá honum eftir Sandgerðisferð þá, er nefnd var. Hún kveðst muna þessa dagsetningu, en eigi vita, hvers vegna hún muni hana svo gjörla.

Tvö vitni, sem voru í Sandgerðisferðinni, hafa skýrt frá henni, eftir því sem þau muna, og staðfest skýrslur sínar með eiði. Annað þeirra er Karl Sigþórsson bifreiðarstjóri, Miðtúni 86. Við fyrri yfirheyrslu kvaðst hann ekki muna, hvaða ár þetta gerðist, en það hefði verið að vetrarlagi, fyrir jól, að hann minnti. Kvaðst hann þó áreiðanlega mundu geta gruflað þetta nánar upp með því að ráðfæra sig við foreldra sína. Þegar hann hafði gert það, skýrði hann svo frá, að þessi atburður hefði gerzt í ársbyrjun 1952, eftir því sem hann bezt muni.

Hitt vitnið er Líney Hulda Gestsdóttir Jensen frú, Brautarholti í Sandgerði. Hún minnist þess, að atburður þessi gerðist, meðan hún og frænka hennar, sem nú er búsett vestanhafs, bjuggu í Blönduhlíð 1 hér í bæ, en samkvæmt manntali var það á tímabilinu frá 3. október 1951 til 20. janúar 1952. Kveðst hún eigi þora að fullyrða, hvenær á þessu tímabili atburðurinn gerðist, en þó vera næstum því örugg um, að hann hafi gerzt eftir afmæli sitt, 3. nóvember, en fyrir jólin eða a. m. k. fyrir áramótin.

Þriðja vitnið úr Sandgerðisferðinni, Guðmar Elvar Tyrfingsson bifreiðarstjóri, Langeyrarvegi 15 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið herbergisfélagi kærða X á Leifsgötu 4 um tíma, man ekki, hvenær ferðin var farin að öðru leyti en því, að hann minni, að það hafi gerzt fremur að haustlagi en að vori til. Hann skýrir svo frá, að upp úr kunningsskap sínum og kærða hafi slitnað um áramótin 1951 og 1952, en þá hafi verið liðinn talsverður tími, frá því kærði hætti að vera með kæranda.

Bróðir kærða, Jón Þór Friðsteinsson bifreiðarstjóri, Bræðra-

borgarstíg 21, fór skipverji á b/v Skúla Magnússon 15. febrúar 1952. Hann hefur borið, að Sandgerðisferðin hafi verið farin haustið áður, sennilega í október.

Húsráðandinn á Leifsgötu 4, Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson bókbindari, hefur skýrt svo frá, að hann hafi á undanförnum árum leigt ýmsum einhleypum mönnum herbergi á efstu hæð hússins, og man hann, að Guðmar Elvar Tyrfingsson bjó þar í um það bil 2 ár einhvern tíma á tímabilinu 1949—1952, en nánar getur hann eigi ákvarðað tímann, og manntalið hefur eigi heldur getað upplýst þetta. Hins vegar minnist hann ekki veru kærða X í húsinu og telur, að hann hafi ekki haft þar herbergi á leigu, en vera megi, að hann hafi búið þar í skjóli Guðmars Elvars.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi sannað með neinni nákvæmni, hvenær Sandgerðisferðin var farin að öðru leyti en því, að öruggt má telja, að það hafi verið einhvern tíma á síðasta fjórðungi ársins 1951 eða í byrjun ársins 1952.

Rannsóknastofa Háskólans hefur rannsakað blóðflokka aðilja og barnsins og vottað, að hvorugur hinna kærðu útilokist frá faðerninu með þeirri rannsókn. Leitað hefur verið álits borgarlæknis um mögulegan getnaðartíma barnsins, og er það álit hans, að mestar líkur séu til þess, að barnið hafi verið getið um 14. desember 1951, en möguleikar séu þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952.

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, verður hvorugur hinna kærðu dæmdur faðir barnsins. Kærða Z ber að dæma meðlagsskyldan með barninu, en úrslitin um meðlagsskyldu kærða X hljóta vegna óvissunnar um tímasetningu síðustu samfara hans við kæranda að velta á eiði. Vegna ósannsögli kæranda í máli þessu og sannaðs óreiðulífernis hennar verður henni eigi veittur eiðurinn, og hljóta því úrslitin varðandi kærða X að velta á synjunareiði hans, þannig að ef hann innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir lögmætan undirbúning synjar með eiði á lögmætu varnarþingi fyrir að hafa haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952, skal hann vera sýkn af meðlagsskyldu með barninu. Verði honum eiðfall, skal hann in solidum með kærða Z vera meðlagsskyldur með barninu. Skulu þeir þá in solidum greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald kæranda fyrir fæðingarár barnsins, árið 1952, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði, en vinni kærði X eiðinn, skal kærði Z einn inna greiðslur þessar af hendi.

Kærði Z greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, hdl. Sigurðar Baldurssonar, kr. 800.00.

Kærði X greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, hdl. Jóhanns Steinasonar, kr. 800.00.

Málskostnað þann, sem ríkissjóður leggur út, kr. 1328.00, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns kæranda, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00, greiði kærðu ríkissjóði in solidum, ef kærða X verður eiðfall, en ella kærði Z einn.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Kærði Z skal vera meðlagsskyldur með drengnum R, sem kærandi, Y, ól 13. september 1952. Skal hann greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald kæranda árið 1952, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Synji kærði X fyrir það með eiði innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi eftir lögmætan undirbúning, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu 25. október 1951 til 13. janúar 1952, skal hann vera sýkn af meðlagsskyldu með barninu, en verði honum eiðfall, skal hann vera meðlagsskyldur með því in solidum með kærða Z, og inni þeir þá samkvæmt því af höndum framangreindar greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði.

Kærði Z greiði málsvarnarlaun talsmanns síns, hdl. Sigurðar Baldurssonar, kr. 800.00.

Kærði X greiði málflutningslaun talsmanns síns, hdl. Jóhanns Steinasonar, kr. 800.00.

Málskostnað þann, sem ríkissjóður leggur út, kr. 1328.00, þar með talin málflutningslaun hrl. Magnúsar Thorlacius, skipaðs talsmanns kæranda, kr. 1000.00, greiði kærðu, Z og X, ríkissjóði in solidum, ef kærða X verður eiðfall, en ella kærði Z einn.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. marz 1957.

Nr. 20/1957. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
**Einari Júlíussyni**
(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru fyrir brot á gjaldeyrislöggjöf.

**Dómur Hæstaréttar.**

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eins og í héraðsdómi greinir, kveðst ákærði hinn 29. september 1956 hafa tekið við 20 dollurum sem greiðslu ökugjalds. Með þessu hefur ákærði eigi brotið gegn 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 né neinu öðru lagaboði. Lögreglan tók dollara þessa í sínar vörzlur hinn 5. október s. á. Eigi verður talið, að þá hafi verið orðinn óeðlilegur dráttur af hendi ákærða, sem búsettur er í Keflavík, á skilum þessa gjaldeyris til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Er því eigi heldur um að tefla brot gegn þeim ákvæðum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins og leggja á ríkissjóð allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Júlíusson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr.

1500.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2300.00.

**Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 31. desember 1956.**

Mál þetta, er dómtekið var 29. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Einari Júlíussyni bifreiðarstjóra, Hafnargötu 82, Keflavík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins, dags. 7. nóvember s. l., fyrir að hafa gerzt sekur um gjaldeyrislagabrot samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. með því að hafa laugardaginn 29. september 1956 veitt viðtöku 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds frá 3 erlendum flugmönnum á Keflavíkurflugvelli.

Ákærist nefndur Einar Júlíusson til þess að sæta refsingu og upptöku hinna 20 bandaríkjadollara samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Hinn 12. desember 1956 var gefið út framhaldsákæruskjal í máli þessu, þar sem segir, „að til leiðréttingar samkvæmt 118. gr. laga nr. 27/1951 og með tilvísun til ákæruskjals, dags. 7. nóvember 1956, í máli ákæruvaldsins gegn Einari Júlíussyni, ber aðallega að höfða opinbert mál gegn Einari Júlíussyni bifreiðarstjóra, Hafnargötu 82, Keflavík, sem er fæddur 29. nóvember 1918 í Keflavík, fyrir að hafa gerzt sekur um gjaldeyrislagabrot samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 13. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. með því að hafa laugardaginn 29. september 1956 veitt viðtöku 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds frá 3 erlendum flugmönnum á Keflavíkurflugvelli, til vara fyrir að hafa vanrækt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. áðurnefnda 20 bandaríkjadollara, en það varðar við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953 og 4. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyris-

mála, fjárfestingarmála o. fl. Að öðru leyti vísast til ákæruskjals 7. f. m.“

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 9. nóvember 1918 í Keflavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt 40.00 króna sekt fyrir bifreiðalagabrot þann 26. apríl 1935 í Hafnarfirði.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 5. október s. l., kl. 22.50, veitti lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli því athygli, að farþegi, sem sat í aftursæti í bifreiðinni Ö 90, þar sem hún stóð við blokk 744 í Meeks, henti peningaseðli, sem lögreglumanninum fannst vera hermannagjaldeyrir, í bifreiðarstjórann, en farþeginn stígur síðan út og hleypur inn í blokkina.

Bifreiðarstjórinn, ákærði í máli þessu, fékk lögreglumanninum strax hermannagjaldeyrinn, sem fleygt var, og var það einn dollar. Þá leyfði ákærði lögreglumanninum að leita á sér, og fundust við þá leit $20.00 í Bandaríkjadollurum, sem lögreglumaðurinn tók í sína vörzlu.

Ákærði hefur komið sjálfur fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi laugardaginn 29. september s. l. ekið þremur erlendum flugmönnum frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur og til baka. Ákærði segir, að menn þessir hafi verið flugmenn á flugvél, sem var biluð hér og verið var að gera við. Er til baka kom, segir ákærði, að menn þessir hafi ekki haft annað en bandarísk dollara til þess að greiða ökugjaldið með, sem var 335.00 krónur, og kveðst ákærði hafa samþykkt að taka $20.00 sem greiðslu ökugjaldsins.

Vitnið Björn Albert Bjarnason lögregluþjónn, segir, að ákærði hafi fúslega leyft sér að leita í veski sínu umrætt sinn, og við þá leit kveðst vitnið hafa fundið $20.00 í bandarískum gjaldeyri. Vitnið hefur sagt, að ákærði hafi tjáð sér, að hann hefði móttekið dollara þessa sem greiðslu fyrir ökuferð nokkrum dögum áður af bandarískum mönnum, sem hér hefðu verið á snöggri ferð og ekki haft aðra peninga til þess að greiða með.

Af gögnum málsins, sem rakin voru, þykir ákærði hafa brotið laga- og reglugerðarákvæði, sem í aðalákæru framhaldsákæruskjals greinir, með því að hafa veitt viðtöku laugardaginn 29. september 1956 20 bandarískum dollurum sem greiðslu ökugjalds.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 frá 28. desember 1953 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3

daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. heimild í 11. gr. laga nr. 88/1953, ber að gera umrædda 20 bandaríska dollara upptæka til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800.00.

Ákærði hefur óskað að gera réttarsátt vegna $1.00 í hermannagjaldeyri, sem getið er í lögregluskýrslu, og féllst dómarinn á það.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Júlíusson, greiði 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækir skulu til ríkissjóðs 20 bandarískir dollarar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. marz 1957.

Nr. 185/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. Tryggingastofnunar ríkisins** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

**Sportvöruhúsi Reykjavíkur, Einari Björnssyni & Co, Einari Björnssyni og Guðmundi M. Björnssyni** (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Ómerking og heimvísun máls.

## Dómur Hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í héraði 1. september 1953 lögðu aðiljar fram yfirlýsingu um, að sátt fyrir sáttamönnum kæmi ekki til greina. Bar því héraðsdómara samkvæmt 15. tölulið 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita um sættir með aðiljum, þegar stefndi í þinghaldi 3. nóvember 1953 hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. framangreindra laga. En ósannað er, að héraðsdómari hafi þá eða síðar leitað sátta í málinu. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, að sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu þeim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda, sem var stefnandi málsins í héraði, til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá 3. nóvember 1953 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. Trygginga-

stofnunar ríkisins, greiði stefnda, Sportvöruhúsi Reykjavíkur, Einari Björnssyni & Co., málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. marz 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. júlí 1953, gegn Einari Björnssyni og Guðmundi M. Björnssyni f. h. Sportvöruhúss Reykjavíkur hér í bænum til greiðslu tryggingarsjóðsgjalda, að fjárhæð kr. 1285.40 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 5. desember 1921 stofnuðu þeir bræður Einar Björnsson og Guðmundur M. Björnsson firma hér í bænum undir nafninu „Sportvöruhús Reykjavíkur, Einar Björnsson & Co.“ Skyldi firma þetta reka verzlun hér í bænum og eigendur báðir bera ábyrgð á skuldbindingum þess. Hafa menn þessir rekið firma þetta síðan, og munu stofnendur einir hafa starfað að því. Umrætt firma hefur talið sjálfstætt fram til skatts undir nafninu Sportvöruhús Reykjavíkur. Samkvæmt framtali stefnda á árinu 1949 var talið, að fyrirtækið hefði greitt þeim Einari og Guðmundi M. Björnssonum kr. 12.000.00 í laun hvorum, og var það í samræmi við þeirra eigin skattaframtöl. Skattayfirvöldin töldu, að stefnda bæri að greiða iðgjöld samkvæmt ákvæðum 112. og 113. gr. laga nr. 50 frá 1946 vegna þessara starfsmanna sinna, og gerðu stefnda samkvæmt því að greiða alls kr. 598.40 í iðgjöld. Samkvæmt framtali stefnda á árinu 1950 var talið, að fyrirtækið hefði greitt þeim Einari og Guðmundi kr. 15.000.00 hvorum í laun á árinu 1949. Gerðu skattayfirvöldin því stefnda að greiða iðgjöld vegna þessa, að fjárhæð kr. 588.00. Samkvæmt framtali stefnda á árinu 1951 var talið, að fyrirtækið hefði greitt þeim Guðmundi og Einari kr. 7000.00 í laun hvorum á árinu 1950, og gerðu skattayfirvöldin stefnda að greiða kr. 99.90 í iðgjöld vegna þessara starfsmanna sinna.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefnda beri að greiða gjöld þessi vegna fyrrgreindra starfsmanna sinna. Ekki skipti neinu máli í þessu sambandi, þótt þeir séu eigendur fyrirtækisins, því þeir séu launþegar þess í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar. Komi þetta enda skýrt fram í framkomu eigendanna sjálfra,

þar sem þeir telji sérstaklega fram launagreiðslurnar sjálfir, bæði í framtölum fyrirtækisins og sínum eigin framtölum. Þá sé ljóst, að fjárhagur fyrirtækisins og þeirra persónulega sé skýrt aðgreindur.

Af hálfu stefnda hefur því algerlega verið mótmælt, að hægt sé að líta á fyrirtækið sem atvinnurekanda, að því er varði þá bræður. Þeir séu einkaeigendur fyrirtækisins og beri alla ábyrgð á skuldbindingum þess. Stefndi verði alls ekki talinn sjálfstæður aðili í þessu sambandi, heldur sé þar aðeins um þeirra eigin rekstur að ræða. Þeir verði því alls ekki taldir launþegar í þjónustu stefnda í þessu sambandi.

Í 112. gr. sbr. 113. gr. laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar segir, að hver sá, sem hafi í þjónustu sinni launþega, skuli greiða iðgjald fyrir þá. Þá segir í 46. gr. laga þessara, að launþegi teljist samkvæmt lögum þessum hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi, án þess að vera sjálfur atvinnurekandi.

Eins og áður getur, eru þeir bræður, Einar og Guðmundur, einkaeigendur hins stefnda fyrirtækis og bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Þá starfa þeir báðir að rekstri fyrirtækisins, og allur hagnaður af honum er eign þeirra. Þegar til þessa er litið, verða þeir ekki taldir launþegar hjá fyrirtækinu, enda verður ekki talið skipta hér máli, þótt fyrirtækið sé skráð í firmaskrá og sé skattlagt sjálfstætt, að því er varðar tekju- og eignarskatt, og þótt eigendurnir telji í skattaframtölum sínum hagnaðarhluta sinn sem laun.

Með vísan til þessa þykir verða að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Björnsson og Guðmundur M. Björnsson f. h. Sportvöruhúss Reykjavíkur, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, tollstjórans í Reykjavík, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. marz 1957.

Nr. 84/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Stefaníu Lóu Valentínusdóttur f. h. sjálfrar sín og ólögráða barna sinna, Bjarna Ragnars Magnússonar og Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, og gagnsök**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dánarbætur vegna umferðarslyss.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1956, gerir aðallega þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og hvorum aðilja um sig dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 315.121.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 70.274.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 73.687.00 ásamt 6% ársvöxtum af dæmdum fjárhæðum frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags. Enn fremur krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ekki er í ljós leitt, að bifreiðarslys það, sem í málinu greinir, hefði orðið, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt

fulla aðgæzlu og varkárni. Má því staðfesta úrlausn héraðsdóms um sakarskiptingu.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má fallast á, að gagnáfrýjandi, Stefanía Lóa Valentínusdóttir, eigi rétt á bótum eftir hinn látna, Magnús Karl Þorsteinsson. En þar sem sambandi þeirra verður þó ekki jafnað til hjúskapar, þykja bætur henni til handa fyrir missi fyrirvinnu og röskun á högum, þegar litið er til framangreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu, hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Börn gagnáfrýjanda og Magnúsar Karls Þorsteinssonar hafa notið óendurkræfs lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar frá næstu mánaðamótum, eftir að slysið varð, og haldast þær greiðslur til 16 ára aldurs þeirra. Bætur fyrir missi fyrirvinnu og röskun á högum úr hendi aðaláfrýjanda til Bjarna Ragnars Magnússonar þykja hæfilega ákveðnar kr. 24.000.00 og til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur kr. 26.000.00.

Af dæmdum fjárhæðum ber aðaláfrýjanda að greiða 6% ársvexti frá 12. ágúst 1955, svo sem krafizt er.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.000.00, þar af kr. 10.000.00 til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Stefaníu Lóu Valentínusdóttur, sjálfri kr. 60.000.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 24.000.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 26.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.000.00, þar af kr. 10.000.00 til málflutningsmanns hennar í Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. maí 1956.**

Ár 1956, þriðjudaginn 8. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 21. apríl síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu með stefnu, birtri 22. október f. á., af Stefaníu Lóu Valentínusdóttur, Múlakampi 12, Reykjavík, f. h. sjálfrar sín og ólögráða barna sinna, Bjarna Ragnars Magnússonar og Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta vegna láts Magnúsar Karls Þorsteinssonar, að fjárhæð kr. 459.082.00 auk 7% ársvaxta frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru gerðar þessar réttarkröfur:

1. Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

2. Til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Þá er og stefnt til réttargæzlu Brynjólfi Stefánssyni forstjóra f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h. f., án þess að sérstakar kröfur séu gerðar á hendur því félagi, en upplýst er, að bifreiðin VL 274 var tryggð þar fyrir 300 þúsund krónur.

Máli þessu er beint gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs samkvæmt heimild í 2. mgr. 12. gr. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjamanna og eigna þeirra hér á landi, sbr. lög nr. 110/1951, með því að bifreiðin, sem tjóninu olli, VL 274 (ND 671), var eign Hamilton-verktakafélagsins á Keflavíkurflugvelli og bifreiðarstjórinn í þjónustu þess félags, sbr. og 34. og 35. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Málið var flutt í bæjarþingi Hafnarfjarðar og rekið þar með samkomulagi umboðsmanna aðilja.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. september 1954 varð dauðaslys á Reykjanesbraut á móts við Engidal, rétt norðan við kaupstaðarmörk Hafnarfjarðarbæjar. Bifreiðin VL 274, sem er eign Hamiltonfélagsins á Keflavíkurflugvelli, var í áætlunarferð frá Reykjavík þangað suður, og ók henni Sigurður Steindórsson bifreiðarstjóri, Austurgötu 16, Keflavík, sem var í þjónustu fyrrgreinds félags. Í bifreiðinni voru 25—30 farþegar, og var hún komin niður í lægðina við hraunbrúnina við Engidal um nóttina kl. 3.15. Ók bifreiðarstjórinn þá

með 25 mílna hraða, miðað við klukkustund, eftir því sem hann gizkaði á, en hraðamælirinn var óvirkur.

Skemmtun hafði verið í Engidal um kvöldið og fram á nótt, en var nú lokið fyrir skömmu. Á þessum slóðum mætti bifreiðin VL 274 öðrum bíl, og skipti því bifreiðarstjórinn niður á lægri ljós, en var ekki búinn að skipta upp aftur, er slysið varð.

Ofantil við miðja brekkuna, sem þarna var skammt framundan, sá bifreiðarstjórinn bíl standa með fullum ljósum á hægri vegarbrún, frá honum séð, og sneri til Reykjavíkur. Bifreiðarstjórinn á VL 274 kveðst nú hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar, þar sem hann taldi líklegt, að um væri að ræða mannaferðir í sambandi við stöðu þessarar bifreiðar. Í þeim svifum kvaðst hann hafa séð mann koma af mikilli ferð hratandi áfram stjórnlítið móti bifreiðinni og stefna framan á hana. Kveðst þá bifreiðarstjórinn hafa snarhemlað og reynt að sveigja til vinstri og forða árekstri, en um það bil, er bifreiðin hafi verið að stöðvast, hafi maður þessi lent á bifreiðinni, en kastazt til baka við höggið, og féll hann á götuna ca 2½ metra framan við bifreiðina á vegarjaðrinum vinstra megin.

Maðurinn, sem fyrir slysinu varð, hét Magnús Karl Líndal Þorsteinsson, talinn til heimilis Hamarsbraut 9 í Hafnarfirði, og lézt hann þegar eftir áreksturinn. Við krufningu á líkinu kom í ljós, að vinstri lærleggur og fjögur rif vinstra megin voru brotin, og sömuleiðis var höfuðkúpan mikið brotin. Í blóði hans fundust reducerandi efni, er svöruðu til 2.08‰ alkoholinnihalds, enda upplýst, að maðurinn hefði verið mikið drukkinn.

Þessa nótt hafði veður verið ágætt, svo til logn, en talsvert myrkur, enda tunglskinslaust. Vegurinn, þar sem slysið skeði, er um sjö metra breið malbikuð braut, en meðfram syðri vegarbrún er um metersbreið malarræma, óslétt, en meðfram nyrðri brún hans er viðbótarræma, malborin, um 3.30 metra breið til jafnaðar.

Bifreiðin VL 274 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni strax eftir slysið. Reyndist þá, að þegar henni var ekið með ca 25—30 mílna hraða, stöðvaðist hún á 9 metra vegarlengd á malbikuðum vegi, er beitt var fóthemlum, en þá markaði ekki fyrir hemlaförum eftir framhjólin. Ljósin að framan vísuðu skakkt, þ. e. fyrir hægri akstur. Flauta og hraðamælir voru óvirk, hurðir undnar og lokuðust illa.

Bifreiðarstjórinn á VL 274 hefur fullyrt, að gallar þeir, sem samkvæmt framansögðu voru á bifreiðinni, hafi engan þátt átt í slysinu og sjálfur hafi hann að öllu leyti verið vel fyrir kallaður.

Hann hafði ekið bifreið þessari í ca 3 mánuði, áður en slysið varð, og átti því að vera kunnugt um fyrrgreinda galla og þeirra vegna að gæta aukinnar varúðar.

Með dómi, uppkveðnum í sakadómi Keflavíkur 17. marz s. l. í málinu ákæruvaldið gegn Sigurði Steindórssyni, er ákærði dæmdur í 2000 króna sekt vegna fyrrgreinds áreksturs.

Í forsendum dómsins segir meðal annars, að vegna mannaferða, er ákærði hafi orðið var við, rétt áður en hann kom á slysstaðinn, hefði honum borið að sýna sérstaka aðgæzlu og varúð í akstri sínum og aka ekki hraðar en það, að stöðva mætti bifreiðina á stundinni, enda þótt hann hefði ekki átt að þurfa að gera ráð fyrir, að menn þeir, er þarna kynnu að vera á ferð, sýndu af sér sérlega frábrugðin viðbrögð. Þessarar auknu aðgæzlu og varúðarskyldu virtist ákærði ekki hafa gætt, sem skyldi, og þætti hann þess vegna hafa orðið að nokkru samvaldur Magnúsi Karli að slysinu, sem þó að langmestu leyti verði rakið til atvika, sem ekki verði unnt að telja ákærða eiga nokkra sök á.

Í máli þessu hefur fyrst og fremst orðið ágreiningur um bótaskylduna, og skal það nú tekið til athugunar.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að slys þetta sé bótaskylt samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gr. 264, 2. mgr., og bifreiðalaga nr. 23/1941 og almennum reglum skaðabótaréttarins. Bifreiðarstjórinn á VL 274 eigi alla sök á slysinu og skipting ábyrgðar komi þá ekki til greina.

Af hálfu stefnda er á hinn bóginn haldið fram, að ökumanni VL 274 verði á engan hátt gefin sök á slysi þessu, heldur sé um að kenna framkomu Magnúsar Karls, sem verið hafi að slangra inni á akbrautinni ofurölvi með viðbrögðum, sem bifreiðarstjórinn hefði ekki haft aðstöðu til að búast við, og slysinu hefði af þeim sökum ekki orðið afstýrt.

Dómarinn verður að telja með vísun til þess, sem að framan hefur verið rakið um atvik að slysinu, og galla þá, sem voru á útbúnaði bifreiðarinnar VL 274, að bifreiðarstjórinn, Sigurður Steindórsson, og maður sá, sem beið bana, Magnús Karl Þorsteinsson, hafi báðir átt þannig sök á slysinu, að skipta beri ábyrgðinni til helminga.

Magnús Karl Líndal Þorsteinsson var fæddur 28. júní 1923, en unnusta hans, Stefanía Lóa Valentínusdóttir, stefnandi í máli þessu, er fædd 17. júní 1932. Hafði hún alið honum tvö börn, Bjarna Ragnar, fæddan 28. september 1951, og Sólveigu Sigríði, fædda 4. marz 1954.

Bótakröfur sínar í málinu sundurliðar stefnandi, eins og hér

segir, samkvæmt útreikningi tryggingafræðings um missi fyrirvinnu og framfæranda, en áætlunarupphæðin er vegna röskunar á stöðu og högum:

1. Bætur til Stefaníu Lóu Valentínusdóttur:
   a. Bætur fyrir missi framfæranda ..... kr. 290.121.00
   b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .... — 25.000.00
   kr. 315.121.00
2. Bætur til Bjarna Ragnars Magnússonar:
   a. Bætur fyrir missi framfæranda ..... kr. 35.274.00
   b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .... — 35.000.00
   kr. 70.274.00
3. Bætur til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur:
   a. Bætur fyrir missi framfæranda ..... kr. 38.687.00
   b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .... — 35.000.00
   kr. 73.687.00

Alls kr. 459.082.00

Um lið 1, a—b.

Af hálfu stefnanda er upplýst, að kynni þeirra Stefaníu Lóu og Magnúsar Karls hafi hafizt, er hún var 17 ára gömul. Eftir fæðingu fyrra barnsins hefðu þau reynt að afla sér íbúðar, en ekki tekizt, en byrjað þó búskap í Selbykamp 24 í Reykjavík hjá móður hennar og búið hjá henni í Múlakamp 12 í janúar 1953 og síðan.

Þau hefðu heitbundizt um haustið 1950 og opinberað með hringum 4. ágúst 1954. Hefðu þau gert margar tilraunir til að útvega sér íbúð til að geta stofnað bú, en ekki heppnazt.

Magnús Karl stundaði sjómennsku frá Hafnarfirði og skrifaði sig þar, eins og áður segir, þó hann hefði þar hvorki húsnæði eða fæði, en gerði þetta vegna atvinnu sinnar hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, en Hafnfirðingar ganga þar fyrir utanbæjarmönnum um atvinnu. Þegar hann var í landi, bjó hann alltaf hjá heitmey sinni.

Hún hafði heimild til að taka kaup hans hjá útgerðinni og notaði sér það strax, eftir að fyrra barnið fæddist, og oft síðan, enda hafi hún ekki haft neinar tekjur sjálf til framfærslu heimilis þeirra.

Samkvæmt vottorði læknis hafði Stefanía Lóa haft epilepsi um mörg ár, án þess að það háði henni mjög, en þó versnað eftir

lát kærastans. Þegar vottorð þetta var gefið 2. september 1955, er talið, að hún sé nokkurn veginn búin að ná heilsu, sem hún hafði áður.

Í málinu er lagður fram útreikningur tryggingafræðings, þar sem byggt er á skattaframtali Magnúsar Karls 1953 og 1954 og bréfi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 11/2 1955 um vinnutekjur hans árin 1952, 1953 og til 5/9 1954. Er þar gengið út frá, að Stefanía Lóa hafi notið þess hluta vinnutekna hans, sem afgangs væri framfærslu barnanna, til jafns við hann, svo sem um eiginkonu væri að ræða og framfærsla barnanna reiknuð það, sem lögákveðið meðlag er með óskilgetnum börnum til 16 ára aldurs.

Af hálfu stefndu er ekki mótmælt tölulegum útreikningi tryggingafræðingsins. Hins vegar er haldið fram, að þau Stefanía Lóa og Karl Magnús muni ekki hafa búið saman og allt samband þeirra virzt vera svo laust, að á engan hátt verði jafnað til hjúskapar. Hann hafi ekki veitt henni fjárstyrk sér til framfærslu, nema ef til vill meðlag með börnum þeirra, og því verði ekki talið, að hún hafi verið á hans framfæri né átt neina von þess að verða það. Geti stefnandi því ekki átt kröfu á neinum fjárhagstjónsbótum og beri því að sýkna stefnda af þessum kröfulið. Verði ekki á þetta fallizt, beri að stórlækka bætur til stefnanda af þessum sökum, og jafnframt bent á, að útreikningur tryggingafræðings sé miðaður við 4% vexti p. a., sem sé allmiklu of lágt, og ekki tekið tillit til, að bætur sem þessar séu skattfrjálsar og þessi atriði eigi bæði að koma hér til lækkunar.

Það verður að teljast nægilega sannað í málinu, að Stefanía Lóa Valentínusdóttir og Magnús Karl Þorsteinsson hafi búið saman ógift, frá því seint á árinu 1951 og þar til hann lézt, og heimili þeirra hafi verið á hans framfæri. Ekkert hefur komið fram, er bendi til þess, að breyting væri í vændum á sambúð þessari, sem leiða kynni til slita, heldur frekar það gagnstæða, þar sem þau höfðu nýlega opinberað með hringum hjúskaparheit sín og enn fremur gert ítrekaðar tilraunir til að ná sér í íbúð í því skyni að stofna til hjúskapar.

Með vísun til þess, sem hér er fram tekið, verður að fallast á, að stefnandi, Stefanía Lóa Valentínusdóttir, eigi rétt til bóta fyrir missi framfærslu við dauða Magnúsar Karls Þorsteinssonar samkvæmt 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 58. gr. laga um almennar tryggingar.

Við ákvörðun bótanna verður sambandi þeirra þó ekki að fullu jafnað til hjúskapar.

Stefnandi hefur engar greiðslur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir sjálfa sig.

Auk téðrar kröfu um bætur fyrir missi fyrirvinnu krefst stefnandi fyrir sig vegna röskunar á stöðu hennar og högum kr. 25.000.00, og er sú fjárhæð áætluð án frekari gagna.

Bótaupphæð samkvæmt þessum lið, bæði á fyrirvinnumissi og röskun á högum stefnanda og stöðu, þykir hæfilega ákveðin kr. 200.000.00.

Um lið 2—3, a—b.

Bótakröfur barnanna fyrir missi framfæranda eru gerðar eftir útreikningi tryggingafræðings. Af hálfu stefnanda er á það bent, að leiða eigi af aðferð tryggingafræðingsins við skiptingu vinnutekna Magnúsar Karls, að hlutur barnanna af þeim ætti að vaxa að sama skapi og hlutur móður þeirra væri minnkaður.

Af hálfu stefnda er útreikningi þessara kröfuliða út af fyrir sig ekki mótmælt tölulega, en á það bent, að vextir eru þar 4% p. a., en almennt séu vextir hærri en það. Þá muni bæði börnin njóta framfærslueyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sem muni vera jafnhár árlega og krafa þessi sé, og hafi bæði börnin í þessu efni lítið sem ekkert tjón beðið. Beri því að sýkna stefnda af þessum kröfuliðum.

Kröfur barnanna um bætur fyrir röskun á stöðu og högum eru áætlunarupphæðir, og er af hálfu stefnda krafizt, að þeir kröfuliðir verði lækkaðir.

Samkvæmt vottorði Tryggingastofnunar ríkisins hafa börnin hvort um sig notið óendurkræfs barnalífeyris, 200 króna á mánuði auk verðlagsuppbótar, frá því að slysið varð til 31. desember 1955, og haldast þær greiðslur væntanlega til 16 ára aldurs barnanna.

Með hliðsjón af því, sem hér er fram tekið, þykja bætur fyrir missi framfæranda og röskun á högum til handa börnunum hæfilega ákveðnar eins og hér segir:

Til Bjarna Ragnars Magnússonar kr. 60.000.00 og til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur kr. 63.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til greiðslu tjónbóta, að helmingi á samtals kr. 323.000.00, eða á krónum 161.500.00.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína úr 7% í 6% vexti p. a., og ber að taka það til greina og að öðru leyti eins og krafizt er í stefnu.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 15.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Stefaníu Lóu Valentínusdóttur, vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 30.000.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 31.500 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 4. marz 1957.

Nr. 116/1954. **Kjartan Bjarnason** (Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
**Jóel Jónassyni** (Kristján Guðlaugsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað í skaðabótamáli vegna skorts á sönnun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þar sem stefndi, Jóel Jónasson, hefur ekki gagnáfrýjað málinu, kemur hér einungis til álita, hvort hann eigi rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda, Kjartans Bjarnasonar, fyrir missi lambs þess, er hann kveður hund hafa bitið til skemmda hinn 23. júlí 1950.

Hreppstjóri Gerðahrepps kom á heimili stefnda samkvæmt beiðni hans um kl. 17.00 nefndan dag, 23. júlí 1950, til að

taka skýrslu um atburð þenna. Skoðaði hreppstjórinn umrætt lamb, sem var mjög sært á hálsi, enda varð að aflífa það. Skráði hreppstjórinn síðan í gerðabók sína sameiginlega skýrslu fólks, sem statt var á heimili stefnda, en bókaði ekki framburð hvers um sig sérstaklega. Samkvæmt sameiginlegri frásögn stefnda sjálfs, Ásgeirs sonar hans og manns, að nafni Björn Guðjónsson, sem var gestkomandi á heimili stefnda, hafði þess orðið vart kl. rúmlega 14.00 þá um daginn, að „hundur Kjartans á Stóra Hólmi" var að fást við lamb þar í grenndinni. Kváðust þeir þá hafa farið að athuga þetta, en er þeir komu á staðinn, hafi hundurinn sleppt lambinu, sem reyndist vera eign stefnda. Eftir það hafi þeir farið með lambið til áfrýjanda, sem var að vinnu þar skammt frá, og tjáð honum, að hundur frá honum hefði sært lambið, en því hafi áfrýjandi litlu svarað. Þá skráði hreppstjórinn sameiginlega frásögn eiginkonu stefnda og tveggja dætra þeirra um, að þær hefðu horft á, er hundurinn var að fást við lambið. Eftir að hreppstjóri hafði tekið framangreinda skýrslu, fór hann til heimilis áfrýjanda og átti tal við hann. Samkvæmt bókun í gerðabók hreppstjórans skýrði áfrýjandi honum frá því, „að hann hefði þegar drepið hundinn, er beit lambið". Þegar hreppstjórinn kom síðar fyrir dóm til að staðfesta skýrslu sína, leiðrétti hann síðastgreinda bókun á þá leið, að áfrýjandi hefði sagt, „að hann hefði drepið hundinn, sem Jóel hefði talið, að bitið hefði lambið".

Í máli þessu hefur áfrýjandi mótmælt því ákveðið, að hann hafi átt hund þann, sem beit umrætt lamb stefnda, og kveðst hann ekki hafa kannazt við slíkt fyrir hreppstjóra. Eins og skýrslu hreppstjóra er háttað, eftir að hann leiðrétti hana fyrir dómi, þykir hún ekki veita sönnun fyrir því, að áfrýjandi hafi viðurennt fyrir honum umræddan dag, að hundur sá, sem hann lógaði, hefði bitið lamb stefnda.

Áfrýjandi hefur mótmælt frásögn fólks þess, sem hreppstjóri tók skýrslu af hinn 23. júlí 1950, sem rangri og óstaðfestri. Þrátt fyrir það hefur stefndi ekki kvatt neinn af mönnum þessum fyrir dóm til að bera vitni um atvik málsins og staðfesta vætti sitt, eftir því sem efni hefðu staðið til. En slíkt var m. a. nauðsynlegt til að leiða í ljós, hvort skýrslugef-

endur hefðu, hver um sig, þekkt hundinn og vitað um, hver var eigandi hans. Þar sem stefndi hefur látið þetta undir höfuð leggjast, enda þótt honum hefði átt að vera innan handar að láta vitnaleiðslu fram fara, kemur ekki til greina að leggja skýrslur þær, sem hreppstjóri tók af fólki þessu, til grundvallar við úrlausn málsins.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki komin fram næg sönnun fyrir því, að áfrýjandi hafi átt hund þann, sem varð umræddu lambi stefnda að fjörtjóni. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1200.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kjartan Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóels Jónassonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 1200.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 21. apríl 1954.**

Ár 1954, miðvikudaginn 21. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 16. marz s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 25. marz 1953, af Jóel Jónassyni bónda, Kötluhóli í Leiru, gegn Kjartani Bjarnasyni bónda, Stóra-Hólmi í Leiru, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. febr. 1951 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar til handa stefnda.

Málið var með samþykki aðilja flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar og rekið og dæmt þar.

Málavextir eru þessir:

Stefndi, Kjartan Bjarnason, Stóra-Hólmi, hefur undanfarin ár alið hjá sér hundakyn, sem stefnandi, Jóel Jónasson, er býr á

næsta bæ við Kjartan, telur, að hafi þráfaldlega orðið að tjóni sauðfé, sem bæði stefnandi og aðrir búendur í nágrenninu hafa átt. Heldur stefnandi fram, að þannig hafi einn hunda stefnda þann 29. maí 1948 drepið lamb, sem stefnandi átti, og aftur 13. júní 1950 og loks þriðja lambið þann 23. júlí 1950. Reiknar stefnandi skaða sinn 200 krónur fyrir hvert lamb, eða samtals 600 krónur, en auk þess krefst hann bóta fyrir aukin störf, óhagræði og kostnað, sem leitt hafi af hátterni hundanna, kr. 1000.00, eða samtals kr. 1600.00, sem er stefnukrafa í málinu.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi hefur á undanförnum árum alið upp og haft marga hunda á heimili sínu, Stóra-Hólmi. Það er enn fremur vitað, að nokkur lömb hafa verið drepin af hundum þarna í nágrenninu. Ekki hafa þó komið fram í málinu nægar sannanir fyrir því, að lömb þau, er drepin voru af hundum fyrir stefnanda 29. maí 1948 og 13. júní 1950, hafi verið drepin af hundum stefnda. Hins vegar verður að telja nægilega sannað með skýrslu hreppstjórans Sigurbergs Þorleifssonar, sem tekin var sama dag og þetta átti sér stað, 23. júlí 1950, og staðfest síðar í rétti, að umrætt lamb hafi verið drepið af hundi, sem var eign stefnda, enda upplýst, að stefndi hafi þá þegar fargað hundinum, sem var kennt um að vera valdur að þessu.

Með því að fallast verður á, að stefndi sé skyldur að bæta tjón, er hundur í eign hans hefur þannig unnið, ber að taka til greina kröfu stefnanda að þessu leyti og leggja til grundvallar mat stefnanda á lambinu, kr. 200.00, með því að sú upphæð hefur ekki verið véfengd sérstaklega. Að öðru leyti ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, með því að telja verður ósannað, að hundar stefnanda hafi drepið fleiri lömb fyrir stefnda, og hinn liður skaðabótakröfunnar, 1000.00 krónur vegna aukinna starfa og óhagræðis, er algerlega órökstuddur.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, er þykir hæfilega metinn kr. 700.00. Vextir falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Kjartan Bjarnason, greiði stefnanda, Jóel Jónassyni, kr. 200.00 og kr. 700.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1957.

Nr. 30/1957. **Robert P. Walsh**
gegn
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Rétt talið að spyrja vitni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 18. janúar 1957, sem hingað barst 14. f. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar þ. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að neitað verði um að leggja spurningu þá, sem í úrskurðinum greinir, fyrir vitnið Björn Sveinbjörnsson. Enn fremur krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Robert P. Walsh, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. janúar 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 14. desember s.l., hefur Robert P. Walsh, Bandaríkjum, Norður-Ameríku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. maí 1956, gegn Ey-

steini Jónssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. október 1955, og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. ríkisvaldsins til réttargæzlu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Af hálfu réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Stefnandi kveður málavexti þessa:

Síðari hluta dags hinn 12. október 1955 börðu tveir ókunnir menn, er kváðust vera starfsmenn rannsóknarlögreglunnar hér í bænum, að dyrum á heimili hans. Tjáðu þeir stefnanda, að þeir hefðu fengið fyrirskipun um að handtaka hann og koma honum þá þegar undir læknishendur til rannsóknar. Mótmælti stefnandi þessu þegar í stað og vildi fá að hafa samband við sendiráð lands síns, en mennirnir tjáðu stefnanda, að sendiráðinu hefði verið gert aðvart um atburð þenna. Samþykkti stefnandi þá að fara með mönnunum. Var nú farið með stefnanda á lögreglustöðina hér í bænum og honum tjáð, að þar yrði honum haldið til næsta morguns, en þá yrði hann færður til læknis til rannsóknar. Þessu mótmælti stefnandi, og var hann þá fluttur í byggingu eina fyrir utan bæinn, er hann síðar kveðst hafa komizt að raun um, að væri geðveikrasjúkrahúsið Kleppur. Óskaði stefnandi nú eftir að fá að hafa samband við sendiráð lands síns, en án árangurs. Var nú stefnandi látinn hátta og honum jafnframt tjáð, að sjúkrahússlæknirinn mundi koma og tala við hann um kl. 9 þá um kvöldið. Í herberginu með sér kveður stefnandi hafa verið 20—35 sjúklinga. Um kl. 9 sama kvöld kom svo sjúkrahússlæknirinn til stefnanda. Kvaðst hann hafa verið beðinn af skrifstofu sakadómara að geyma stefnanda yfir nóttina og rannsaka hann. Spurði hann stefnanda, hvort hann hefði nokkuð á móti því að vera í sjúkrahúsinu, þar til hann hefði fengið í sínar hendur bréf, sem honum skildist vera „hótunarbréf", er stefnandi hefði átt að hafa skrifað. Samþykkti stefnandi þetta, enda gerði hann ráð fyrir, að neitun væri þýðingarlaus, þar sem hann hefði verið fluttur með valdi á staðinn. Næsta morgun kom hjúkrunarkona til stefnanda og óskaði þess, að hann fylgdi henni á skrifstofu læknisins. Að nokkurri stundu liðinni kom síðan læknirinn, en á meðan hafði hjúkrunarkona tekið blóðsýnishorn af stefnanda, sem læknirinn mun hafa rannsakað. Læknirinn sýndi nú stefnanda bréf það, er stefnandi hafði skrifað, og kvaðst verða að láta hann fara, þar sem

rannsókn þessi og aðfarir virtust algerlega að óþörfu gerðar. Töluðu þeir síðan saman í um hálfa klst., en eftir það voru stefnanda fengin föt hans, og fór hann að svo búnu heim. Strax eftir atburð þenna átti stefnandi tal við lögfræðing sinn um málið, en hann aflaði skýrslu sakadómara um málið. Af skýrslu þessari kveður stefnandi greinilega koma í ljós, að handtaka þessi, sem sé ólögleg og refsiverð, eigi rót sína að rekja til tilmæla lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli til sakadómarans í Reykjavík.

Hinn 14. desember s.l. kom fyrir dóminn sem vitni Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Í réttarhaldi þessu óskaði umboðsmaður stefnda vitnið spurt að því, hvað það þekkti til atburða þeirra, sem um getur á dskj. nr. 11.

Í máli þessu hefur af hálfu stefnda verið lagt fram sem dskj. nr. 11, endurrit úr lögregluþingbók Gullbringu- og Kjósarsýslu varðandi rannsókn, er framkvæmd var í febrúar 1950 í tilefni af því meintu atferli stefnanda máls þessa, að hafa ógnað manni nokkrum á Keflavíkurflugvelli með skammbyssu. Við rannsókn þessa fannst skammbyssa í húsakynnum stefnanda, en hann neitaði því, að hann væri eigandi byssunnar.

Vitnið, sem þá var fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hafði með höndum framangreinda rannsókn.

Í framangreindu réttarhaldi hinn 14. desember s.l. mótmælti umboðsmaður stefnanda því, að umrædd spurning yrði lögð fyrir vitnið. Taldi hann spurningu þessa, sem varðaði atburð 5 árum eldri en atburður sá, sem mál þetta fjallar um, málinu óviðkomandi og þýðingarlausa samkvæmt 133. gr. einkamálalaganna.

Umboðsmaður stefnda krafðist þess, að vitninu yrði heimilað að svara framangreindri spurningu, þar sem hann teldi allan feril stefnanda hafa þýðingu fyrir mál þetta.

Var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Að svo vöxnu máli þykir ekki verða fullyrt, að svar við umræddri spurningu sé þýðingarlaust fyrir úrlausn máls þessa. Þykir því rétt að heimila, að spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Því úrskurðast:

Framangreind spurning verður lögð fyrir vitnið Björn Sveinbjörnsson.

Miðvikudaginn 6. marz 1957.

Nr. 39/1957. **Robert P. Walsh**
gegn
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Rétt talið að spyrja vitni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 18. janúar 1957, sem hingað barst 14. f. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar þ. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að neitað verði um að leggja spurningu þá, sem í úrskurðinum greinir, fyrir vitnið Sigurð Jónsson. Enn fremur krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Robert P. Walsh, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. janúar 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 14. desember s.l., hefur Robert P. Walsh, Bandaríkjum, Norður-Ameríku, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. maí 1956, gegn Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaða-

bóta, að fjárhæð kr. 100.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 22. október 1955, og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. ríkisvaldsins til réttargæzlu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Af hálfu réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Stefnandi kveður málavexti þessa:

Síðari hluta dags hinn 12. október 1955 börðu tveir ókunnir menn, er kváðust vera starfsmenn rannsóknarlögreglunnar hér í bænum, að dyrum á heimili hans. Tjáðu þeir stefnanda, að þeir hefðu fengið fyrirskipun um að handtaka hann og koma honum þá þegar undir læknishendur til rannsóknar. Mótmælti stefnandi þessu þegar í stað og vildi fá að hafa samband við sendiráð lands síns, en mennirnir tjáðu stefnanda, að sendiráðinu hefði verið gert aðvart um atburð þenna. Samþykkti stefnandi þá að fara með mönnunum. Var nú farið með stefnanda á lögreglustöðina hér í bænum og honum tjáð, að þar yrði honum haldið til næsta morguns, en þá yrði hann færður til læknis til rannsóknar. Þessu mótmælti stefnandi, og var hann þá fluttur í byggingu eina fyrir utan bæinn, er hann síðar kveðst hafa komizt að raun um, að væri geðveikrasjúkrahúsið Kleppur. Óskaði stefnandi nú eftir að fá að hafa samband við sendiráð lands síns, en án árangurs. Var nú stefnandi látinn hátta og honum jafnframt tjáð, að sjúkrahússlæknirinn mundi koma og tala við hann um kl. 9 þá um kvöldið. Í herberginu með sér kveður stefnandi hafa verið 20—35 sjúklinga. Um kl. 9 sama kvöld kom svo sjúkrahússlæknirinn til stefnanda. Kvaðst hann hafa verið beðinn af skrifstofu sakadómara að geyma stefnanda yfir nóttina og rannsaka hann. Spurði hann stefnanda, hvort hann hefði nokkuð á móti því að vera í sjúkrahúsinu, þar til hann hefði fengið í sínar hendur bréf, sem honum skildist vera „hótunarbréf", er stefnandi hefði átt að hafa skrifað. Samþykkti stefnandi þetta, enda gerði hann ráð fyrir, að neitun væri þýðingarlaus, þar sem hann hefði verið fluttur með valdi á staðinn. Næsta morgun kom hjúkrunarkona til stefnanda og óskaði þess, að hann fylgdi henni á skrifstofu læknisins. Að nokkurri stundu liðinni kom síðan læknirinn, en á meðan hafði hjúkrunarkona tekið blóðsýnishorn af stefnanda, sem læknirinn mun hafa rannsakað. Læknirinn sýndi nú stefnanda bréf það, er stefnandi hafði skrifað, og kvaðst verða að láta hann fara, þar sem rannsókn þessi og aðfarir virtust algerlega að óþörfu gerðar. Töl-

uðu þeir síðan saman í um hálfa klst., en eftir það voru stefnanda fengin föt hans, og fór hann að svo búnu heim. Strax eftir atburð þenna átti stefnandi tal við lögfræðing sinn um málið, en hann aflaði skýrslu sakadómara um málið. Af skýrslu þessari kveður stefnandi greinilega koma í ljós, að handtaka þessi, sem sé ólögleg og refsiverð, eigi rót sína að rekja til tilmæla lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli til sakadómarans í Reykjavík.

Hinn 14. desember s.l. kom fyrir dóminn sem vitni Sigurður Jónsson, sem verið hafði lögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli frá því snemma á árinu 1947 og þar til 30. maí 1951.

Í réttarhaldi þessu óskaði umboðsmaður stefnda vitnið spurt að því, hvað það þekkti til stefnanda máls þessa í sambandi við atburði þá, sem um getur á dskj. nr. 11.

Í máli þessu hefur af hálfu stefnda verið lagt fram sem dskj. nr. 11, endurrit úr lögregluþingbók Gullbringu- og Kjósarsýslu varðandi rannsókn, er framkvæmd var í febrúar 1950 í tilefni af því meintu atferli stefnanda máls þessa, að hafa ógnað manni nokkrum á Keflavíkurflugvelli með skammbyssu. Við rannsókn þessa fannst skammbyssa í húsakynnum stefnanda, en hann neitaði því, að hann væri eigandi byssunnar.

Í framangreindu réttarhaldi hinn 14. desember s.l. mótmælti umboðsmaður stefnanda því, að umrædd spurning yrði lögð fyrir vitnið. Taldi hann spurningu þessa, sem varðaði atburð 5 árum eldri en atburður sá, sem mál þetta fjallar um, málinu óviðkomandi og þýðingarlausa samkvæmt 133. gr. einkamálalaganna.

Umboðsmaður stefnda krafðist þess, að vitninu yrði heimilað að svara framangreindri spurningu, þar sem hann teldi allan feril stefnanda hafa þýðingu fyrir mál þetta.

Var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Að svo vöxnu máli þykir ekki verða fullyrt, að svar við umræddri spurningu sé þýðingarlaust fyrir úrlausn máls þessa. Þykir því rétt að heimila, að spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Því úrskurðast:

Framangreind spurning verður lögð fyrir vitnið Sigurð Jónsson.

Föstudaginn 8. marz 1957.

Nr. 67/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
**Frans Hallemeesch** (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, og Jos. Legrand siglingafræðingur hafa gefið álitsgerðir í málinu. Þeir Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann, og Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, hafa eftir dómkvaðningu framkvæmt ýmsar athuganir um málið og ritað um það álitsgerð.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir flugvélar Landhelgisgæzlunnar, TF-ISB, yfir togara ákærða hinn 12. apríl 1954, og reyndust staðir togarans vera: Kl. 17.54 um 1.2 sm innan fiskveiðimarkanna, kl. 17.58 um 0.9 sm innan sömu marka og kl. 18.20 um fiskveiðimörkin. Mörkun þessara staða í sjóuppdráttinn var gerð á venjulegan hátt með staðarvísi. Vegna gagnrýni Jos. Legrands siglingafræðings á staðsetningu mælinganna hefur skólastjórinn fundið legu staða togarans á nefndum tímum með útreikningi. Var niðurstaðan mjög hin sama og áður, staðirnir þó örlítið nær landi. Loks hafa hinir dómkvöddu sérfræðingar markað á sérstakan uppdrátt í stórum mælikvarða staði togarans þannig: Kl. 17.54 1.41 sm innan fiskveiðimarkanna, kl. 17.58 1.16 sm innan sömu marka og kl. 18.20 0.19 sm innan nefndra marka. Þessar staðarákvarðanir þeirra eru mjög nærri hinum reiknuðu stöðum Friðriks V. Ólafssonar skólastjóra.

Verjandi ákærða hefur með tilvísun til umsagnar Jos. Legrands siglingafræðings véfengt staðarákvarðanir gæzlu-

flugvélarinnar. Telur hann, að hraði flugvélarinnar, nálægð og afstaða mælistaðanna hafi gert gæzlumönnunum ókleift að mæla með þeirri nákvæmni, sem krefjast verður í sakamáli.

Hinir dómkvöddu sérfræðingar hafa prófað nákvæmni mælinga sem þessara með sextant úr flugvél með því að fljúga yfir skip, sem hélt kyrru fyrir, ákveða stað þess með sextantmælingum og bera niðurstöðuna saman við sextantmælingar, sem gerðar voru á skipinu. Þá ákváðu þeir einnig með sextantmælingum stað vita á landi með því að fljúga yfir hann. Niðurstaða þeirra varð sú, að staðsetja megi skip með hornamælingum úr flugvél með 0,1—0,2 sm nákvæmni. Breytingar horna í aðflugi við þessar mælingar voru frá 3 og upp í 12 bogamínútur á tímasekúndu.

Þá hefur verjandi með tilvísun til umsagnar Jos. Legrands siglingafræðings staðhæft, að mælingastaðurinn Lómagnúpur, sem eigi er þríhyrningamælistaður, hafi getað valdið slíkri skekkju í mælingum gæzluflugvélarinnar, að þær verði eigi lagðar til grundvallar dómi í máli þessu. Hinir dómkvöddu sérfræðingar hafa komizt að raun um, að mælingastaðurinn Lómagnúpur geti valdið skekkju í staðsetningu flugvélarinnar, er nemur allt að 0,1 sm.

Niðurstaða hinna dómkvöddu sérfræðinga um nákvæmni staðarákvörðunarinnar kl. 17.54 er sú, að skekkja í þeirri staðarákvörðun ætti eigi að fara **fram úr um 0,3 sm.**

Í lok álitsgerðar sinnar segja þeir:

„Að öllu þessu athuguðu virðist okkur sem staðarákvarðanir landhelgisgæzlumanna standi óhaggaðar innan vissra nákvæmnistakmarka, sem við höfum bent á.

Byggjum við þetta álit okkar m. a. á því, að mælingarnar voru endurteknar þrisvar sinnum með aðferð, sem viðurkennd er sem örugg til staðarákvarðana á sjó, og að gott samræmi virðist vera á milli þeirra. Auk þess var mælingin gerð af tveimur mönnum, sem skiptust á að mæla hornin og lásu báðir af sextöntunum í hvert skipti. Mælitækin voru nákvæm, skyggni ágætt og mælistaðir auðþekkjanlegir. Innbyrðis afstaða mælipunkta sæmileg og engin þau ytri skilyrði fyrir hendi, sem ætla má, að hefðu getað hindrað

fyllilega nógu nákvæmar staðsetningar togarans á umræddum tímum til þess að ganga örugglega úr skugga um, hvort hann hefði verið fyrir innan eða utan við fiskveiðitakmörkin."

Samkvæmt því, sem að framan er greint, þykir fullsannað, að ákærði hafi verið að veiðum í landhelgi, frá því gæzluflugvélin sá togara hans kl. 17.51 og fram undir kl. 18.20.

Gæzluflugvélin flaug yfir togara ákærða og kringum hann í landhelgi frá því kl. 17.52. Eigi getur hjá því farið, að ákærða, sem á þessum tíma var að veiðum í landhelgi, hafi verið ljóst, að flugvélin var gæzluflugvél og var þarna að hefja aðgerðir gegn honum, enda hraðaði hann sér á haf út sem mest hann mátti. Að svo vöxnu máli verður að telja, að íslenzk lögsaga taki til ákærða, þótt honum kunni eigi að hafa verið gefin formleg merki um að nema staðar, fyrr en hann var um það bil kominn út úr landhelginni, en honum var veitt stöðug eftirför, fyrst af gæzluflugvélinni og síðar af varðskipinu Þór, unz hann var stöðvaður um kl. 23.00.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Frans Hallemeesch, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðs-

sonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1954.**

Ár 1954, fimmtudaginn 15. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1486/1954: Ákæruvaldið gegn Frans Hallemeesch, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er Frans Hallemeesch, skipstjóri á belgiska togaranum Belgian Skipper, O. 316, frá Ostende, til heimilis í Elisabethlaan 242 í Ostende, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara mánudaginn 12. þ. m. síðdegis úti af Ingólfshöfða innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952 og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. janúar 1912 í Ostende, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Mánudaginn 12. þ. m. var flugvélin TF-ISB í gæzluflugi við suðurströnd Íslands, og voru í henni frá Landhelgisgæzlunni Guðmundur Kjærnested skipstjóri, Þorfinnsgötu 8, og Hörður Þórhallsson stýrimaður, Fjölnisvegi 18. Flugstjóri var Björn Guðmundsson, Hofteigi 52, og aðstoðarflugmaður Kristján Nikulás Mikaelsson, Eskihlíð 12.

Samkvæmt skýrslu landhelgisgæzlumannanna var flugvélin yfir Ingólfshöfða kl. 17.51, og sást þá togari allnærri landi, og hélt hann í austlæga stefnu. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kjærnesteds var flogið í misvísandi stefnu 145° frá Ingólfshöfðavita að togaranum á 120 sjómílna hraða, miðað við klukkustund, í 400 feta hæð. Flugtíminn var 1 mínúta og 20 sekúndur, mældur með skeiðklukku, og gaf þetta brýnt tilefni til að athuga nánar stað skipsins. Báðir landhelgisgæzlumennirnir skýra nú svo frá, að þegar komið var að togaranum, hafi hann verið að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Þar sem gott skyggni var, voru gerðar þrjár

hornamælingar til að ákvarða staði togarans. Kl. 17.54 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Lómagnúpur, V.K. (vesturkantur) $> 45°31'$
Salthöfði △
Rákartindur △ $> 28°33'$,

sem gefur stað togarans 1,2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Um þetta leyti sneri togarinn á stjórnborða og hélt út frá landinu.

Kl. 17.58 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Lómagnúpur, V.K. $> 43°22'$
Salthöfði △
Rákartindur △ $> 29°42'$,

sem gefur stað togarans 0,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 18.05 var haft talsamband við varðskipið Þór, sem var á gæzluferð í nánd við Hrolllaugseyjar, og því tilkynnt, að togarinn hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna úti af Ingólfshöfða og að flugvélin mundi verða yfir togaranum, þar til varðskipið kæmi á vettvang. Enn fremur voru varðskipinu gefnar upp áðurnefndar hornamælingar.

Kl. 18.20 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir togaranum, þar sem hann var að draga inn vörpuna:

Lómagnúpur, V.K. $> 37°44'$
Salthöfði △
Rákartindur △ $> 31°40'$,

sem gefur stað togarans utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. um 18.40 setti togarinn á fulla ferð og hélt til hafs í stefnuna um 145° misvísandi. Eftir kl. 18.05 hafði flugvélin öðru hverju talsamband við varðskipið og tilkynnti því um ferðir togarans þar til um kl. 23.00, að varðskipið var komið að hlið hans, en þá var varðskipinu tilkynnt, að flugvélin færi til Hornafjarðar. Veður var Sv, 4 til 5 vindstig, léttskýjað og ágætt skyggni. Hornamælingarnar gerðu báðir landhelgisgæzlumennirnir samtímis, hvor með sínum sextant, og lásu þeir báðir af báðum sextöntunum. Mælingarnar voru gerðar út um framrúður í stýrisklefa flugvélarinnar, en samkvæmt skýrslu dómkvaddra skoðunarmanna virðast áhrif rúðanna vera lítil sem engin á horn, sem mæld eru í gegnum þær. Við allar mælingarnar gaf flugstjórinn

landhelgisgæzlumönnunum merki, þegar flugvélin var beint uppi yfir skipinu.

Milli kl. 17.52 og 18.00 tók Guðmundur Kjærnested nokkrar ljósmyndir af togaranum, og sézt greinilega á þremur framlögðum myndum, að hann er á veiðum. Þegar landhelgisgæzlumennirnir í flugvélinni áttu fyrst tal við skipherra varðskipsins um togarann, fór skipherra fram á, að togaranum yrði gefið stöðvunarmerki úr flugvélinni með ljósmerkjum. Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir borið, að það hafi verið gert tvisvar, flugvélin hafi flogið lágt beint framan að togaranum og morsað með lendingarljósum sínum stafinn K, sem er alþjóðlegt stöðvunarmerki, en ekkert svar barst frá togaranum. Vitnið Hörður Þórhallsson segir þetta hafa verið gert skömmu eftir síðustu staðarákvörðunina, þegar togarinn hafi dregið inn vörpuna og var kominn á ferð út frá landi. Vitnið Guðmundur Kjærnested man ekki með vissu, hvort stöðvunarmerkið var gefið strax að loknu samtalinu við varðskipsforingjann um það eða ekki fyrr en togarinn hafði dregið inn vörpuna.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, hélt varðskipið af stað í áttina til togarans strax að loknu fyrsta samtali milli varðskipsins og flugvélarinnar. Sást þá hvorki togarinn né flugvélin, en þegar komið var rétt framhjá Tvískerjum, sást flugvélin, og úr því sást hún samfleytt frá varðskipinu, þar til hún hætti eftirförinni. Þá hafði togarinn sézt frá varðskipinu í um hálfa þriðju klukkustund, en kominn var hann út fyrir fiskveiðitakmörkin, þegar hann sást fyrst frá varðskipinu.

Varðskipið veitti nú togaranum eftirför á haf út í suðaustlæga stefnu. Kl. 21.40 var dregið upp stöðvunarmerki á varðskipinu og skotið þremur púðurskotum, en eigi skeytti togarinn þessu. Kl. 22.38 var fjarlægð milli skipanna hálf sjómíla. Þá var skotið átta púðurskotum með mjög stuttu millibili, en togarinn skeytti því ekki. Kl. 22.49 sigldi varðskipið samsíða togaranum, eins nálægt honum og vogandi var, og kallaði III. stýrimaður varðskipsins þá þrisvar í hátalara á ensku yfir til togarans. Í tvö fyrri skiptin kallaði hann fyrirmæli um, að togarinn næmi staðar, því ella mundi verða skotið á hann kúluskoti, en í síðasta skiptið kallaði hann tilmæli til áhafnarinnar um að yfirgefa stjórnpall og standa ekki nálægt reykháf. Svör heyrðust engin við þessu frá togaranum. Kl. 22.50 og 22.57 skaut varðskipið kúluskotum milli stýrishúss og framsiglu togarans. Kl. 23.08 og 23.11 var skotið kúluskotum, sem miðað var á reykháf togarans, en

þau hæfðu ekki. Kl. 23.15 var síðasta kúluskotinu skotið, og kom það í togarann. Nam hann þá staðar kl. 23.16 og varðskipið hjá honum. Ákærði var sóttur á bát varðskipsins og fluttur yfir í það og tilkynnt, að hann hefði verið stöðvaður vegna meints fiskveiðibrots, og einnig, að vegna mótþróa hans yrði honum haldið í varðskipinu. Ákærði mótmælti því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en mótmælti því ekki að verða kyrr í varðskipinu til hafnar. Um kl. 23.00 fór togarinn ýmsa króka, sitt á hvað, en allt til þess tíma var flugvélin á sveimi yfir honum. Stöðvunarstaður togarans var 63°5'5 norðurbreiddar og 14°46'8 vesturlengdar. Veður V 4—5, sjór V 4, skyggni allgott. Kl. 00.06 hinn 13. þ. m. héldu skipin af stað til Reykjavíkur og komu hingað um næsta miðnætti.

Ákærði skýrir svo frá, að þegar flugvélin kom fyrst yfir togarann, hafi hann verið á botnvörpuveiðum úti af Ingólfshöfða. Ákærði gerði engar staðarákvarðanir, þegar flugvélin kom og eftir það, en þegar hún kom, var hann að snúa skipinu í togi og telur stefnu þess þá hafa verið til NA. Um það bil 3—5 mínútum áður en flugvélin kom, var stefna togarans beint á Ingólfshöfðavitann, og var vitinn þá eftir kompásmiðun ákærða í NVaN, og samkvæmt bergmálsdýptarmæli togarans var dýpið 46 faðmar. Aðrar athuganir um stað togarans gerði ákærði ekki, og sextant hafði hann engan. Af 15 ára reynslu sinni á veiðum á þessum slóðum taldi ákærði sig vita, að dýpið í áðurnefndu miði gæfi stað togarans 5¼—5⅜₁₀ sjómílur frá landi. Þegar ákærði gerði þessa athugun á stað skipsins, var hann einn á stjórnpalli, og samkvæmt upplýsingum hans getur enginn skipverja hans borið um þessa athugun.

Stýrimaður togarans hefur engar upplýsingar getað gefið um stað togarans, miðað við fiskveiðitakmörkin. Þegar flugvélin kom fyrst að togaranum, segir ákærði skyggni hafa verið gott, dálitla öldu af vestri og straum frá V-NV. Þegar ákærða voru kunngerðar mælingar landhelgisgæzlumanna í flugvélinni, kvaðst hann ekkert geta um þær sagt, en taldi sig samkvæmt áðurnefndri athugun sinni hafa verið að veiðum utan fiskveiðitakmarkanna. Á þessum tíma hafði ákærði verið að veiðum í fimm daga og hafði lítinn afla, 500—600 kítt. Hann kveðst þó hafa verið að leggja af stað til Aberdeen til að selja aflann, og vegna markaðarins þar kveðst hann hafa ætlað að fara þangað með svo lítinn afla. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því á neinu stigi atburðanna, að flugvélin væri viðkomandi íslenzku landhelgisgæzlunni, og eigi sá hann hana gefa sér nein stöðvunar-

merki, svo sem með ljósmerkjum. Það kveðst stýrimaður togarans eigi heldur hafa séð. Ákærði sá varðskipið sigla lengi á eftir sér, og kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, að um varðskip var að ræða, fyrr en það var komið á hlið við togarann og byrjaði að skjóta, en ástæðuna til þess, að hann nam ekki staðar þá, segir hann hafa verið þá, að hann hafi ekki álitið sig hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann kveðst aðeins hafa heyrt tvö skot á undan skotinu, sem hæfði skipið, og engin köll kveðst hann hafa heyrt frá varðskipinu. Stýrimaður togarans kveðst hafa heyrt síðustu „5 eða 6" skotin, en engin köll hafa heyrt frá varðskipinu, áður en skotið var. Ákærði skýrir svo frá, að síðasta skotið hafi farið gegnum káetu sína, sem er í sömu hæð og stýrishúsið og úr timbri. Dálitlar skemmdir segir hann hafa orðið þar inni, m. a. á útvarpsviðtæki. Þegar þessu skoti hafði verið skotið, stöðvaði ákærði togarann, og urðu síðan atburðir svo sem áður er rakið eftir skýrslu skipherra varðskipsins. Ákærði hefur upplýst, að ganghraði togarans sé 12½—13 sjómílur á klukkustund, en meðalhraði milli landa 12½ sjómíla. Meðan varðskipið veitti togaranum eftirför, kveður ákærði ganghraða hans hafa verið 14 sjómílur á klukkustund eða rúmlega það, og segir hann hraðann hafa verið svo mikinn, vegna þess að ákærði var að flýta sér á fiskmarkaðinn í Aberdeen.

Þrátt fyrir frásögn ákærða um ástæðurnar til siglingarinnar frá landi og að hann hafi ekki gert sér grein fyrir, hvernig stóð á eftirför flugvélarinnar og varðskipsins, þykir augljóst, að hann hafi vitað, hvað var að gerast og að hann hafi freistað að komast undan, meðan nokkur tök virtust á því vera.

Allir þrír stýrimenn varðskipsins hafa staðfest skýrslu skipherrans, og hefur III. stýrimaður sérstaklega skýrt frá aðvörunarköllunum til togarans.

Öll þau vitni, sem nefnd hafa verið, hafa staðfest skýrslur sínar með eiði, að stýrimanni togarans undanskildum.

Dómurinn lítur svo á, að sannað sé með eiðfestum skýrslum landhelgisgæzlumannanna, Guðmundar Kjærnesteds og Harðar Þórhallssonar, studdum eiðfestri skýrslu flugstjórans um flugið og að hann hafi tilkynnt, þegar flugvélin var beint uppi yfir togaranum, að togarinn hafi verið á botnvörpuveiðum á þeim stöðum, sem landhelgisgæzlumennirnir mældu. b. e. a. s. 1,2 og 0,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem í ákæru eru talin.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem í ákæru eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 334 brúttó smálestir,

og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Belgian Skipper, O. 316, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Frans Hallemeesch, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Belgian Skipper, O. 316, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. marz 1957.

Nr. 35/1957. **Vinnumálasamband samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga**

gegn

**Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vörubifreiðarstjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Hrundið var kröfu um frávísun máls frá Félagsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 14. febrúar 1957, sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í Félagsdómi 7. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja verði vísað frá Félagsdómi. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Vinnumálasamband samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, greiði varnaraðilja, Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vörubifreiðarstjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals, kr. 600.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður Félagsdóms 7. febrúar 1957.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands vöru-

bifreiðarstjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri gegn Vinnumálasambandi samvinnufélaganna vegna Kaupfélags Eyfirðinga. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að stefndi hafi gerzt brotlegur við 6. gr. kaup- og kjarasamninga málsaðilja, dags. 13. september 1954 og 10. júní 1955, og sé skaðabótaskyldur gagnvart Vörubílstjórafélaginu Val vegna félagsmanna þess félags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara hefur hann krafizt sýknu. Þá hefur hann gert kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málið hefur verið flutt munnlega, sérstaklega að því er frávísunarkröfuna varðar, og kemur hún ein til álita að þessu sinni.

Málavextir eru þeir, að hinn 13. september 1954 var gerður samningur milli aðilja máls þessa um kaup og kjör vörubílaeigenda á Akureyri. Samkvæmt 6. gr. þess samnings skuldbatt stefndi sig til þess að „láta fullgilda meðlimi Vals hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með vörubifreiðum ... á félagssvæði Vals ...“ Þessi samningur var síðar framlengdur með samningi, dags. 10. júní 1955, og eru ofangreind ákvæði tekin orðrétt upp í 6. gr. hans.

Stefndi byggir kröfu sína um vísun málsins frá Félagsdómi á því, að Vörubílstjórafélagið Valur sé ekki stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og framangreindir samningar hans við stefnanda (Val) því ekki þess konar vinnusamningar, sem 2. mgr. 44. gr. nefndra laga taki til. Hafi og við undirritun þeirra beggja verið gerður sá fyrirvari af hálfu vinnuveitenda, þar á meðal stefnda, að samningsgerðin fæli ekki í sér viðurkenningu á því, að Valur væri stéttarfélag í merkingu nefndra laga.

Framangreindar staðhæfingar sínar styður stefndi þeim rökum, að samkvæmt lögum nr. 80/1938 og skýringum Félagsdóms á þeim séu stéttarfélög í merkingu nefndra laga félagsskapur fólks, sem sé í þjónustu annarra og þiggi laun fyrir vinnu sína. Þessi skýrgreining eigi hins vegar ekki við um félagsmenn Vörubílstjórafélagsins Vals, því það verði hvorki sagt um þá, að þeir séu í þjónustu annarra í starfi sínu né heldur, að þeir taki laun fyrir vinnu sína. Hér sé þvert á móti um að ræða menn, sem eigi dýrt tæki, vörubifreið, og reki þá starfsemi að selja not þessa tækis. Aðaltekjur þeirra séu afraksturinn af því fjármagni, sem í tækinu sé fólgið, en vinnan eða launin fyrir hana algert aukaatriði. Af

þessu leiði, að félagsmenn Vals verði síður en svo taldir andstæða atvinnurekenda, heldur séu þeir þvert á móti hliðstæðir þeim um starfsaðstöðu. Þá bendir stefndi einnig á það, að á Norðurlöndum séu sjálfseignarvörubifreiðarstjórar yfirleitt taldir sér í flokki sem atvinnurekendur, er ekki geti verið aðiljar að verklýðssamtökum. Í samræmi við þessa skoðun sína telur stefndi, að samningar Vals við hann séu ekki vinnusamningar í skilningi framangreindra laga, nr. 80/1938, jafnvel þótt þeir fjalli um kaup og kjör, þar sem ákvæði laganna eigi aðeins við um vinnusamninga, sem stéttarfélög eru aðiljar að. Þetta hafi það í för með sér, að þeir samningar málsaðilja, sem um ræðir í þessu máli, séu aðeins almennir viðskiptasamningar. Eigi Félagsdómur því ekki að skera úr ágreiningi um skilning á þeim, heldur hinir almennu dómstólar, og beri því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Stefnandi hefur ekki neitað því, að stefndi hafi undirritað framangreinda kjarasamninga með þeim fyrirvara, sem að framan getur. Hins vegar telur hann, að sá fyrirvari hafi verið algerlega þýðingarlaus, þar sem enginn vafi leiki á því, að félagsmenn Vals séu launþegar samkvæmt lögum nr. 80/1938, er stofnað geti stéttarfélag með réttindum og skyldum samkvæmt þeim lögum. Kveður hann, að það hafi frá öndverðu verið ríkjandi skoðun hér á landi, að sjálfseignarvörubifreiðarstjórar ættu samstöðu með verkafólki í hagsmunabaráttu þess, enda hefðu þeir frá upphafi ýmist verið í verkalýðsfélögum landsins eða stofnað sínar eigin félagsdeildir innan stéttarfélaganna og síðar stéttarfélög. Komi viðurkenning á lögmæti þessa fram í ýmsum dómum Félagsdóms í málum, sem þar hafi verið rekin milli samtaka sjálfseignarvörubifreiðarstjóra annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Það verði því ekki á nokkurn hátt véfengt, að Valur sé stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og framangreindir samningar þess við stefnda vinnusamningar í skilningi sömu laga, er Félagsdómur eigi að fjalla um samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laganna.

Þegar notkun vörubifreiða hófst hér á landi, varð þróunin strax sú, að þeir sjálfseignarvörubifreiðarstjórar, sem óku bifreið sinni sjálfir, gerðust beinir félagsmenn í verkalýðsfélögum og lutu reglum þeirra og samningum við atvinnurekendur. Var sá háttur kominn á, þegar lög nr. 80/1938 voru sett. Þá er sjálfseignarvörubifreiðarstjórum fjölgaði, mynduðu þeir fyrst sérstakar deildir innan verkalýðsfélaganna og stóðu að öllu leyti við hlið verkamanna og annarra launþega í hagsmunabaráttunni við atvinnurekendur. Síðar gerðust þessar deildir sjálfstæð félög sjálfseignarvörubifreiðarstjóra og mynduðu sérstakt Landssamband. Það sam-

band gekk strax í Alþýðusamband Íslands, og standa sjálfseignarvörubifreiðarstjórar þannig ennþá í svipuðu sambandi við verkalýðshreyfinguna og áður var, meðan þeir voru beinir félagsmenn í verkalýðsfélögunum. Það mun hafa verið regla, að þeir sjálfseignarvörubifreiðarstjórar, sem í verkalýðsfélögunum voru, eða í sérstökum deildum innan þeirra, ættu aðeins eina vörubifreið og ækju henni sjálfir.

Eftir að sá háttur var upp tekinn, að stofnaðar voru sérstakar deildir sjálfseignarvörubifreiðarstjóra innan verkalýðsfélaganna og síðar sjálfstæð félög, sömdu deildirnar eða félögin við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna. Hefur ágreiningur um skilning á slíkum samningum eða gildi þeirra nokkrum sinnum verið borinn undir Félagsdóm til úrlausnar og með þau mál farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938, án þess að atvinnurekendur hreyfðu nokkrum athugasemdum við þá málsmeðferð eða áfrýjuðu dómum Félagsdóms í þeim málum til Hæstaréttar til frávísunar frá Félagsdómi samkvæmt 67. gr. nefndra laga.

Samkvæmt samþykktum Vörubílstjórafélagsins Vals er tilgangur félagsins að efla samvinnu og hag sjálfseignarvörubifreiðarstjóra á félagssvæði þess, Akureyri, með því m. a. að gera samninga við atvinnurekendur um kaup og kjör. Rétt til inngöngu í félagið og að vera félagsmaður í því hafa allir sjálfseignarvörubifreiðarstjórar á félagssvæðinu, sem eiga aðeins eina vörubifreið, enda hafi þeir að aðalatvinnu að aka henni sjálfir. Enginn getur sagt sig úr félaginu, eftir að tillaga um vinnustöðvun hefur komið fram á félagsfundi eða í trúnaðarmannaráði, þar til vinnustöðvuninni hefur verið aflýst, ef hún kom til framkvæmda. Enginn getur sagt sig úr félaginu til þess að taka upp vinnu, sem félagsmenn í félögum innan Landssambands vörubifreiðarstjóra eða Alþýðusambands Íslands hafa lagt niður vegna deilu. Trúnaðarmannaráð félagsins hefur vald til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Félagið er í Landssambandi vörubifreiðarstjóra, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

Af þessum ákvæðum samþykkta Vals er ljóst, að félagið er opið öllum sjálfseignarvörubifreiðarstjórum á félagssvæðinu og að félagsmenn þess vinna sjálfir í þeirri starfsgrein, sem félagið er stofnað til hagsbóta fyrir. Félagsmenn Vals stunda að vísu vinnu sína, bifreiðarakstur, með tiltölulega dýru tæki. En á það ber að líta, að starfsorka þeirra sjálfra er bundin stjórn þessa tækis, bifreiðarinnar, og starfslaun þeirra að öllu leyti falin í því endurgjaldi, sem þeir fá fyrir þá þjónustu, sem þeir að jafnaði láta persónulega í té með bifreið sinni. Jafnframt er ljóst, að þeir hljóta

um fjölmargt að vera háðir fyrirmælum þess, sem kaupir þjónustu þeirra, þótt það fari að sjálfsögðu nokkuð eftir atvikum hverju sinni, hversu sambandið milli bifreiðarstjórans og vinnuveitandans er náið.

Þegar virt eru öll þessi atriði og jafnframt litið til framangreindrar þróunar um stéttarlega afstöðu sjálfseignarvörubifreiðarstjóra hér á landi, sem og þeirra dóma, sem dæmdir hafa verið af Félagsdómi í málefnum sjálfseignarvörubifreiðarstjórafélaga, þá verður að telja, að framangreindir samningar Vörubílstjórafélagsins Vals við stefnda séu vinnusamningar milli stéttarfélags og atvinnurekenda í merkingu laga nr. 80/1938. Er mál þetta því réttilega lagt fyrir Félagsdóm samkvæmt 2. mgr. 44. gr. sömu laga, og verður frávísunarkrafa stefnda samkvæmt þessu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er mál þetta verður dæmt að efni til.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi verður ekki tekin til greina.

---

Föstudaginn 8. marz 1957.

Nr. 114/1956. **Þorvaldur Steinason** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
**Finnboga Guðmundssyni**
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðgangur veittur með fógetagerð að miðstöðvarklefa, þvottahúsi og raftöflu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1956. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd innsetningargerðar. Svo krefst hann og málskostn-

aðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber samkvæmt þessari niðurstöðu að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Áfrýjun máls þessa var tilefnislaus.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Steinason, greiði stefnda, Finnboga Guðmundssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Akraness 24. ágúst 1956.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Finnbogi Guðmundsson, Bárugötu 18, Akranesi, krafizt þess, að honum verði heimilaður með beinni fógetagerð aðgangur að þvottahúsi, miðstöðvarklefa og rafmagnstöflu á neðri hæð hússins Bárugötu 18, Akranesi, gegnum anddyri íbúðar á neðri hæð hússins, eign gerðarþola í máli þessu, Þorvalds Steinasonar, er þar býr. Enn fremur krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, þ. á. m. málflutningslauna samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gjörðar og krafizt málflutningslauna sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór 18. þ. m.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Akraness 1. þ. m. og var þá frestað til 8. þ. m. Kvað hinn reglulegi fógeti þá upp úrskurð þess efnis, að hann viki sæti í málinu, en krafa hafði komið fram um það frá gerðarþola. Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. þ. m., dskj. nr. 6 í máli þessu, var Gunnar Jónsson hdl. skipaður til að fara með og úrskurða mál þetta. Hefur hann og kveðið upp úrskurð þenna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Með kaupsamningi, dags. 10. júní 1947, samdi gerðarbeiðandi um kaup á efri hæð hússins Bárugötu 18, Akranesi, og gerðarþoli um kaup á neðri hæð hússins. Fengu þeir báðir afsöl, hvor fyrir sínum eignarhluta, 11. desember s. á. Seljandi var Axel Eyjólfsson húsgagnasmiður.

Í kaupsamningi gerðarbeiðanda segir, að hann kaupi efri hæð og ris nefnds húss ásamt ½ þvottahúsi og ½ miðstöðvarherbergi og hálfum miðstöðvarkatli svo og ásamt 16/25 eignarlóðar þeirrar, er húseigninni fylgi. Í kaupsamningi gerðarþola segir, að hann kaupi neðri hæð nefnds húss, að undanskildu ½ þvottahúsi, ½ miðstöðvarherbergi og hálfum miðstöðvarkatli, en ásamt 9/25 hlutum eignarlóðar, sem nefndri húseign fylgi.

Er kaupsamningur var gerður um efri hæð hússins, var hún múrhúðuð og nýuppgerð að innan. Flutti gerðarbeiðandi í íbúðina haustið 1947. Neðri hæð hússins var aftur á móti að mestu leyti óinnréttuð, er kaupsamningur var gerður um hana.

Á húsinu voru 2 inngangar á norðurvegg. Sá vestari var og er inngangur efri hæðar, en sá eystri var inngangur neðri hæðar. Var það eini inngangur neðri hæðar hússins, utan einar dyr í vestari inngang inn í eitt herbergi neðri hæðar, en ekki virðist sá inngangur hafa verið notaður af eiganda neðri hæðar.

Eina leiðin fyrir íbúendur efri hæðar til að komast í þvottaherbergið, sem jafnframt er kyndingarklefi, var að ganga gegnum eystri inngang hússins. Í geymsluherbergi, sem farið er í gegnum til að komast í þvottahúsið, er rafmagnstafla hússins.

Gerðarbeiðandi og fólk hans notaði nefndan inngang til að komast í þvottahúsið, frá því hann flutti í húsið og þar til í ágúst eða september 1954, að gerðarþoli múraði upp í nefndar útidyr og setti nýjar útidyr á austurhlið hússins, án þess að séð verði, að gerðarbeiðandi hafi hreyft neinum athugasemdum við því.

Með bréfi, dags. 21. júlí 1954, er gerðarbeiðandi móttók 6. september, tilkynnti Jóhann Steinason hdl. f. h. gerðarþola, að gerðarþoli, sem einn ætti innganginn að þvottahúsinu, hefði í hyggju að leggja þann inngang niður og færa inngang neðri hæðar, og hann teldi sér ekki fært að leyfa gerðarbeiðanda án samninga og endurgjalds afnot af hinum nýja gangi.

Þessu bréfi gerðarþola svaraði Jón Sigurðsson hrl. f. h. gerðarbeiðanda með bréfi, dags. 11. september 1954. Segir í því bréfi varðandi innganginn í þvottahúsið, að gerðarbeiðandi geti fallizt á, að gerðarþoli loki þeirri leið, er hann (gerðarbeiðandi) hafi haft aðgang um að þvottahúsinu, að því tilskildu, að gerðarþoli

útvegi honum annan og ekki verri aðgang, sem gerðarbeiðandi gæti sætt sig við og honum sé að kostnaðarlausu.

Ýmislegt fleira er í nefndum bréfum, er ekki þykir skipta máli í þessu sambandi.

Um sumarið 1954 talaði gerðarþoli við gerðarbeiðanda, að þeir í sameiningu kostuðu að jöfnu að setja nýjar útidyr á þvottahúsið. Neitaði gerðarbeiðandi því.

Er nýr inngangur var kominn á austurhlið hússins, notaði gerðarbeiðandi og fólk hans þann inngang ávallt, er það þurfti að komast í þvottahúsið eða að rafmagnstöflunni. Segir gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi aldrei amazt við því, en gerðarþoli segist hafa látið í ljós óánægju út af því, án þess að banna það. Notaði gerðarbeiðandi þenna inngang, þar til gerðarþoli með bréfi, dags. 28. júní s.l., tilkynnti gerðarbeiðanda, að þar sem gerðarþoli hafi ekki getað fengið gerðarbeiðanda til að taka þátt í kostnaði við að setja nýjar útidyr á þvotta- og miðstöðvarherbergið, þá banni hann gerðarbeiðanda alla umferð um inngang að sinni íbúð. Nokkru áður en gerðarþoli sendi gerðarbeiðanda bréf þetta, hafði hann tjáð gerðarbeiðanda munnlega, að hann mundi banna honum umgang um nefndan inngang.

25. f. m. sendi svo gerðarbeiðandi beiðni til bæjarfógeta Akraness um, að sér yrði með beinni fógetagerð heimilaður aðgangur að þvottahúsi og miðstöðvarklefa og rafmagnstöflu gegnum anddyri íbúðar gerðarþola.

Gerðarbeiðandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að er hann keypti efri hæð hússins ásamt ½ þvottahúsi og kyndingarklefa á neðri hæð, hafi verið sérstaklega um það talað milli hans og seljanda, Axels Eyjólfssonar, að gerðarbeiðandi hefði umferðarrétt um neðri hæð hússins að þvottahúsinu, og hafi gerðarþola hlotið að vera það ljóst, enda ekki önnur leið fyrir íbúendur efri hæðar til að komast í þvottahúsið. Hafi gerðarbeiðandi og hans fjölskylda síðan ávallt gengið gegnum eystri útidyr til að komast í þvottahúsið, án þess að gerðarþoli hreyfði nokkrum athugasemdum. Eftir að gerðarþoli breytti um inngang, hafi gerðarbeiðandi gengið um innganginn á austurhlið hússins, er hann þurfti að komast í þvottahúsið, án mótmæla gerðarþola, enda hafi gerðarþola verið óheimilt að taka af hinn upphaflega inngang án þess að skaffa honum um leið annan inngang í þvottahúsið. Þar sem ekki sé nú um annan inngang að ræða en gegnum anddyri íbúðar gerðarþola, verði gerðarbeiðandi til að geta hagnýtt sér þvottahúsið og séð um kyndingu að ganga gegnum nefnt anddyri.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar gegn framgangi gerðarinnar á

því, að hann hafi keypt á sínum tíma alla neðri hæð hússins að undanskildu ½ þvottahúsi og kyndingarklefa og hvergi sé, hvorki í kaupsamningi hans né gerðarbeiðanda, minnzt á neinn umferðarrétt gerðarbeiðanda um neðri hæðina. Sér hafi og verið ljóst, að til þess að neðri hæðin kæmi að fullum notum, yrði að færa innganginn í íbúðina svo og setja sérstakar útidyr á þvotta- og miðstöðvarherbergið. Hafi seljandi og sagt, að eigandi efri hæðar mundi að sjálfsögðu bera kostnað að jöfnu við gerðarþola við að setja sérstakar útidyr á þvottahúsið. Hafi þeim öllum, sér, gerðarbeiðanda, seljanda og bæjarfógeta Akraness, er gengið hafi frá samningunum, verið ljóst, að gerðarþoli keypti alla neðri hæð hússins án nokkurar umferðarkvaðar. Eins og nú sé háttað, sé sér lítils virði herbergi, sem er við hliðina á þvottahúsinu og ganga verði í gegnum til að komast í þvottaherbergið. Geti hann aðeins notað það sem geymslu. Hafi hann hug á að loka dyrum milli þess herbergis og þvottahússins og fá sérstakan inngang beint inn í þvottahúsið að utan.

Gerðarþoli kveðst ekki meina gerðarbeiðanda aðgang að rafmagnstöflu hússins.

Seljandi hússins Bárugötu 18, Axel Eyjólfsson húsgagnasmiður, Stigahlíð 4, Reykjavík, hefur gefið vottorð og mætt sem vitni í vitnamáli, sem rekið var í bæjarþingi Reykjavíkur.

Segir vitnið í vottorði sínu, að er það seldi gerðarþola neðri hæð hússins Bárugötu 18, hafi verið um það rætt og af báðum aðiljum vitað, að gerðarbeiðandi, er á sama tíma hafi keypt efri íbúðarhæðina, eignaðist umferðarrétt um neðri hæðina að þvotta- og miðstöðvarherbergi.

Vottorðunum og framburði vitnisins hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt sem röngum.

Í kaupsamningi gerðarbeiðanda, rskj. 5, segir, að hann kaupi hálft þvottahús og miðstöðvarklefa.

Þó ekki sé sérstaklega rætt um það í kaupsamningi, að gerðarbeiðandi skuli hafa umferðarrétt um neðri hæðina til þess að komast að þvottahúsi og miðstöð, virðist liggja í augum uppi, að hann skuli hafa slíkan rétt til þess að geta notað sér rétt sinn að nefndu þvottahúsi og miðstöð. Virðist gerðarþola óheimilt að torvelda gerðarbeiðanda umferðarrétt þenna með þeim hætti, sem að framan greinir, og verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu fógetagerðar.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1200.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Þorvaldur Steinason, Bárugötu 18, Akranesi, greiði gerðarbeiðanda, Finnboga Guðmundssyni s. st., kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 13. marz 1957.

Nr. 166/1955. **Almennar tryggingar h/f**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
**Magnúsi Árnasyni og gagnsök**
(**Benedikt** Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Felld niður skaðabótaábyrgð samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1955, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 11.128.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 19. marz 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að vextir reiknist 6% p. a. og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu í héraði. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er varðar kröfur aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda, að öðru en því, að vexti ber að dæma 6% p. a., svo sem aðaláfrýjandi hefur krafizt hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Magnús Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 750.00.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.**

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda um annað en málskostnað. Ég tel þau vafaatriði vera í málinu, að rétt sé, að hvor aðilja beri málskostnað sinn bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Sératkvæði**
**Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.**

Gagnáfrýjandi tókst á hendur með samningi að inna af hendi verk það, sem í málinu greinir, en setti starfsmann sinn til að vinna það. Starfsmaðurinn gerði sig sekan um stórfellt gáleysi í starfanum og varð með því valdur að tjóni því, sem aðaláfrýjandi sækir gagnáfrýjanda til greiðslu á. Gagnáfrýjandi ber ábyrgð á skaðaverki starfsmannsins, en athugamál er, hvort fella skuli niður skaðabótaskyldu hans samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um þann hluta tjónsins, sem vátryggður var af aðaláfrýjanda. Út frá sjónarmiðum

almennrar varnarviðleitni gegn skaðaverkum þykir varhugavert að fella niður skaðabótaábyrgð aðilja vegna mikilla mistaka við kunnáttuverk, er hann hefur tekið að sér með samningi og gegn greiðslu, þótt hann vinni verkið eigi sjálfur, heldur láti starfsmann sinn vinna það. Eru því eigi heldur efni til að fella niður skaðabótaskyldu gagnáfrýjanda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, að því leyti sem tjónið var vátryggt. Ber samkvæmt þessu að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 11.128.50 með vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð mitt er því:

Gagnáfrýjandi, Magnús Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 11.128.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags og kr. 3500.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 13. október 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur stefnandi Stefán Árnason framkvæmdastjóri f. h. Almennra trygginga h/f, umboðsins á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. febrúar s.l., á hendur þeim Hrólfi Sturlaugssyni, rafvirkjameistara, Strandgötu 35, og Magnúsi Árnasyni vélsmið, Grænugötu 8, báðum á Akureyri, og gerir þær dómkröfur í málinu, að stefndu verði annar fyrir báða og báðir fyrir annan dæmdir til að greiða kr. 11.128.50 auk 7% ársvaxta frá 20. október 1954 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefjast þeir þess, að stefnukrafan verði lækkuð og málskostnaður felldur niður eða hæfilega ákveðinn af dóminum.

Málavextir eru þeir, að í vikunni 10.—17. október 1954 lét stefndi Hrólfur Sturlaugsson rafvirkjameistari, sem er eigandi hússins nr. 35 við Strandgötu að nokkrum hluta, útbúa baðherbergi í íbúð sinni í húsinu. Stefndi Magnús Árnason annaðist lagnir á vatnspípum til baðherbergisins og lét einn af starfsmönnum sínum vinna verkið. Í kjallara hússins eru geymsluherbergi, sem samvinnufélagið Bækur hafði á leigu, og voru þar geymd bókaupplög, sem félagið átti. Til þess að leiða heita vatnið í baðher-

bergið þurfti að tengja vatnspípu við vatnsæð frá heitavatnsgeymi í þvottahúsi í kjallara. Þaðan var vatnspípan lögð gegnum bókageymsluna og upp á næstu hæð fyrir ofan, en þar er baðherbergið. Einnig var tengt við kaldavatnskerfið í þvottahúsinu, og lögð var kaldavatnspípa samhliða hinni heitu upp í baðherbergið.

Er starfsmaður stefnda Magnúsar hóf verkið, gerði hann ráðstafanir til þess að tæma vatnsæðakerfi það, er hann þurfti að tengja hinar nýju lagnir við. Var það gert m. a. með þeim hætti, að loka fyrir aðstreymi að kaldavatnsæðinni með þar til gerðum loka og fyrir aðrennsli að heitavatnsæðinni með krana við heitavatnsgeymi og opna krana við sama geymi, til þess að heita vatnið rynni af. Að tveimur dögum liðnum var verkinu ekki lokið, og skildi pípulagningamaðurinn við opnar vatnsæðar við loft bókageymslunnar og hafði loka og krana með sömu ummerkjum og verið höfðu, meðan hann starfaði við verkið. Að kvöldi fyrsta dags tjáði pípulagningamaðurinn stefnda Hrólfi og konu hans, að ekki mætti hreyfa við loka þeim og krönum, er áður getur. Hefur stefndi Hrólfur kannazt við, að hann hafi aðvarað sig og konu sína um að hreyfa ekki við krönum við heitavatnsgeyminn, en ekki minnzt á lokann á kaldavatnsleiðslunni, enda verður sá loki ekki hreyfður nema með skrúflykli, og stefndi Hrólfur vissi ekki til, að hann hefði verið hreyfður þau ár, sem hann hefur búið í húsinu. Hins vegar kveðst hann eiga einn nefndan heitavatnsgeymi og leiðslur að honum og frá, og hafi engir aðrir rétt til að nota tæki þessi en hans fjölskylda. Hafi því verið ástæðulaust að aðvara aðrar fjölskyldur í húsinu að þessu leyti, enda hafi ekki borið á góma, að slíkt skyldi gert. Að morgni þriðja dags, er pípulagningamaðurinn kom að, sá hann, að vatn hafði runnið ofan á efstu bókahilluna, að því er virtist úr hinum opnu vatnspípum. Hafði það síðan runnið niður í hillurnar, sem neðar voru, og valdið skemmdum á bókastöflum, sem þar voru. Ekkert rennsli var þó úr pípunum, er hann kom að, og sjáanlegt var, að vatn það, er runnið hafði niður, var ekki mjög mikið, því að lítið vatn var á gólfinu. Var það álit manns þessa, sem hefur borið vitni fyrir dómi um atvik málsins, að svo hafi litið út sem skrúfað hefði verið stutta stund frá krana á vatnsæðinni, en kranar við heitavatnsgeyminn og loki á kaldavatnsleiðslu voru í réttu horfi, er hann aðgætti það þá þegar.

Bækur þær, sem skemmdust, voru eign samvinnufélagsins Bóka, eins og fyrr var sagt, en voru vátryggðar fyrir tjóni af völdum vatns hjá stefnanda. Útsöluverð bóka þeirra, sem skemmdust,

nam kr. 25.243.00. Samkomulag varð um það milli eigenda bókanna og stefnanda að meta vátryggt tjón eigendanna á kr. 13.300.00, þar af voru þó kr. 2000.00 á ábyrgð eigenda, og greiddi stefnandi því kr. 11.300.00 í bætur. Stefnandi eignaðist hinar skemmdu bækur, og mátu dómkvaddir matsmenn þær, að frádregnum matskostnaði, á kr. 2171.50. Er tjón stefnanda því samtals kr. 9128.50. S/v Bækur hefur framselt stefnanda skaðabótarétt sinn fyrir tjón, sem var í sjálfsábyrgð þess samkvæmt vátryggingarsamningnum, kr. 2000.00. Er þeirri upphæð er bætt við tjónsupphæð stefnanda, kemur út stefnukrafan, kr. 11.128.50.

Stefnandi telur, að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á tjóni þessu og séu bótaskyldir fyrir það. Stefndi Magnús sem verktaki ber ábyrgð á tjóni, sem handvömm starfsmanns hans hafi valdið, því að ekki sé forsvaranlegt að skilja við opna pípuenda, heldur hefði verið sjálfsögð öryggisráðstöfun að loka þeim með þar til gerðum járntöppum. Stefnda Hrólfi, sem verkið var unnið fyrir, hafi og borið skylda til að hlutast til um, að ekki yrði tjón af framkvæmd þess og hafi hann vanrækt að aðvara íbúa hússins um að hreyfa ekki við loka þeim og krönum, sem að framan getur.

Stefndi Hrólfur byggir sýknukröfu sína á því, að stefndi Magnús beri einn bótaábyrgð á tjóni af völdum starfsmanns síns, og ekki sé í ljós leitt, að hann eða íbúar hússins hafi valdið tjóninu. Stefndi Magnús byggir hins vegar sýknukröfu sína á því, að umbúnaður sá, er starfsmaður hans viðhafði, hafi verið tryggilegur og stefnda Hrólfi hafi borið skylda til að aðvara íbúa hússins um að hrófla ekki við honum.

Varakröfu sína byggja hinir stefndu á því, að tjónið á bókunum hafi ekki verið líkt því eins mikið og upphæð sú, sem greidd var sem bætur fyrir það.

Ekki hafa verið í ljós leidd nánari atvik að því, hvernig það vildi til, að vatn komst í bækurnar. Hinir stefndu hafa báðir mótmælt því, að sannað sé nægilega, að vatnið hafi komið úr pípuendunum. Hinir sérfróðu menn í dóminum, sem skoðað hafa vatnskerfi hússins, telja þó útilokað annað en svo hafi verið. Kemur það og heim við álit starfsmanns stefnda Magnúsar, er setti upp hina nýju lögn. Það er og álit hinna sérfróðu manna í dóminum, að ekki sé forsvaranlegt að skilja við opnar vatnspípur í vatnsveitukerfi húss, heldur beri að tryggja það með járntöppum eða jafngildum umbúnaði, að vatn geti ekki runnið út um opin og valdið tjóni. Telst því tjón það, sem af þessu hlauzt, hafa orðið fyrir gáleysi pípulagningamannsins, sem stefndi Magnús bar ábyrgð á. Hins vegar þykir, eins og á stendur, og með tilliti til þess, að hér

er um að ræða tjón af völdum yfirsjónar starfsmanns stefnda Magnúsar, rétt að fella niður bótaábyrgð hans samkvæmt 25. gr. laga nr. 20 1954, að því leyti sem tjónið var vátryggt. Annað tjón, sem af þessu hlauzt, ber honum að bæta með fé, en það eru fyrrgreindar 2000 kr., sem voru í sjálfsábyrgð eigenda bókanna og stefnandi hefur fengið framseldan rétt til.

Þá þykir og rétt, að hann greiði stefnanda hluta af málskostnaði, og telst sú upphæð hæfilega ákveðin kr. 750.00.

Stefnda Hrólfi verður ekki talið til vangæzlu, þótt hann aðvaraði ekki aðrar fjölskyldur í húsinu um að hreyfa ekki krana við oftnefndan heitavatnsgeymi, þar sem hann einn átti hann og aðeins hans fjölskylda hafði afnot af honum. Honum var og rétt að treysta því, að sérkunnáttumaður sá, er hann fól framkvæmd verksins, sæi um, að þannig væri um búið, að ekki hlytist tjón af því.

Málalok verða því þau, að sýkna ber stefnda Hrólf Sturlaugsson af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður hans falli niður. Hins vegar ber að dæma stefnda Magnús Árnason til þess að greiða stefnanda kr. 2000.00 auk vaxta, eins og krafizt er, og kr. 750.00 upp í málskostnað.

Dóm þenna kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt meðdómendum Ásgeiri Valdemarssyni verkfræðingi og Ólafi Magnússyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndi Hrólfur Sturlaugsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Almennra trygginga h/f, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndi Magnús Árnason greiði stefnanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 2000.00 auk 7% ársvaxta frá 20. október 1954 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. marz 1957.

Nr. 154/1956. **William Breiðfjörð** (Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

**Þorsteini Einarssyni persónulega og vegna Einars sonar hans og gagnsök**

(Gunnar Jónsson hdl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umferðarslys. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1956, gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 28. nóvember 1956, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 24.614.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, William Breiðfjörð, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Einarssyni persónulega og vegna Einars sonar hans, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Þorsteinn Einarsson verkamaður, Bræðraborgarstíg 31 hér í bæ, vegna sín og ófjárráða sonar síns Einars, sama stað, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. nóvember 1955, gegn William Breiðfjörð bifreiðarstjóra, Birkimel 8 B hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 24.614.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hér í bæ hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Skömmu fyrir kl. 8 að morgni föstudagsins 14. janúar 1955 ók stefnandinn Einar að heiman, sem leið liggur austur Hringbraut. Var hann á leið til vinnu og ók bifreiðinni R 5009, sem er jeppi, eign föður hans. Var Einar einn í bifreiðinni. Er hann var kominn skammt austur fyrir gatnamót Hringbrautar og Bjarkargötu, ók hann á hægra afturhorn vörubifreiðar, er stóð kyrr vinstra megin á nyrðri akbraut Hringbrautar. Við áreksturinn, sem var harður, brotnaði yfirbygging R 5009 mikið, og mikill hluti hennar losnaði af bifreiðinni og féll á götuna, en bifreiðin rann áfram stjórnlaus og nam staðar í um 80 metra fjarlægð með hægra fram- og afturhjól upp á grasflöt þeirri, sem liggur á milli akbrautanna. Er að var komið, lá ökumaður R 5009 meðvitundarlaus í bifreiðinni. Hafði hann hlotið mikil meiðsli og var þegar fluttur á Landspítalann.

Vörubifreiðin, sem R 5009 var ekið á, er eign stefnda. Er hún af Austin-gerð, smíðaár 1947. Hefur stefndi skýrt svo frá, að kvöldið áður en slysið varð, hafi hann lagt bifreiðinni á nyrðri vegjaðar Hringbrautar, rétt austan við gatnamót Tjarnargötu. Mun hann hafa gert þetta til að freista þess að láta bifreiðina „renna í gang", sem kallað er, en undanfarna morgna hafði verið erfitt að ræsa vélina vegna mikilla kulda. Umræddan morgun kveðst stefndi í fyrstu hafa reynt að ræsa vélina á venjulegan hátt, en þar eð það hafi ekki tekizt, hafi hann látið hana renna austur götuna. Er vélin fór ekki í gang að heldur, hafi hann stöðvað bifreiðina austan við gatnamót Hringbrautar og Bjarkargötu, um 4 metra austan við ljósastaur, sem er þarna skammt

frá gatnamótunum. Bifreiðin hafi staðið vinstra megin á akbrautinni og hafi vinstra framhjól verið um 1 fet frá gangstéttarbrún, en vinstra ytra afturhjól um 2 fet. Engin ljós hafi verið tendruð á bifreiðinni. Stefndi kveðst hafa stigið út úr bifreiðinni, er hún hafði numið staðar, og tekið sér stöðu framan við hana, þar sem hann hafi haft í huga að fá stóra bifreið, er kynni að aka þarna um, til að draga bifreið sína. Hafi hann þá séð til ferða R 5009, er ekið hafi verið allgreitt, eða „hraðar en bifreiðum almennt er ekið þarna". Skyndilega hafi bifreið þessi horfið aftan við bifreið hans og rekizt síðan á hana. Áreksturinn hafi verið mjög harður og hafi bifreið hans kastazt aðeins áfram, enda hafi hún ekki verið tengd í gír. Kveðst stefndi hafa fallið aftur fyrir sig á götuna, er bifreið hans lenti á honum. Eigi hafi hann þó orðið undir bifreiðinni, enda hafi hún stöðvazt þegar. Er ekki vitað, að stefndi hafi hlotið meiðsli við byltuna, og um skemmdir á bifreið hans af völdum árekstursins mun ekki hafa verið að ræða aðrar en þær, að hjólbarðinn á ytra afturhjóli hægra megin mun hafa ónýtzt. Að sögn stefnda voru ljós tendruð á R 5009.

Vitnið Bragi Óskarsson hefur skýrt svo frá, að umræddan morgun hafi hann ekið af Bræðraborgarstíg inn á Hringbraut og austur þá götu. Kalt hafi verið í veðri og móða safnazt á rúður bifreiðarinnar. Vitnið kveðst hafa ekið með um 25 km hraða, miðað við klst. Er hann nálgaðist gatnamót Hringbrautar og Ljósvallagötu, hafi R 5009 verið sveigð af þeirri götu inn á Hringbraut, og er R 5009 var komin inn á Hringbraut, hafi verið um 5 metra bil á milli bifreiðanna. R 5009 hafi verið ekið á allgreiðri ferð, og kveður vitnið bilið milli bifreiðanna hafa lengzt, þótt hann æki á sama hraða og áður, þar til R 5009 hafi horfið honum sjónum. Vitnið kveðst hafa komið auga á bifreiðina R 4332, er hann hafi átt ófarnar um 3 til 4 bíllengdir að henni. Er hann nálgaðist bifreið þessa, hafi hann orðið þess var, að alls konar brak lá á götunni við hægra afturhorn hennar. Hafi hann því numið staðar, en um leið hafi hann séð R 5009 renna í krákustígum austur götuna, algjörlega stjórnlausa, að því er virtist. Vitnið kvaðst hafa séð ökumann R 5009 eftir slysið. Hafi hann legið á bakinu í bifreið sinni, með höfuðið í hægra framsæti, en fæturnir aftur í bifreiðinni vinstra megin. Að sögn vitnis þessa var óvenju dimmt yfir umræddan morgun og því vont að aka.

Vitnið Eiríkur Jónsson hefur skýrt svo frá, að skömmu fyrir kl. 08.00 þenna morgun hafi hann ekið bifreið sinni austur Hringbraut. Er hann var kominn austur fyrir gatnamót Hringbrautar og Bjarkargötu, hafi hann skyndilega séð bifreiðina R 4332, er

staðið hafi algerlega ljóslaus vinstra megin á götunni. Hafi hann ekki átt ófarnar nema um 2 bíllengdir að bifreið þessari, er hann sá hana. Hafi honum brugðið mjög, en þó tekizt að sveigja bifreið sína til hægri og forða árekstri.

Í málinu nýtur ekki frásagnar stefnandans Einars um slysið né tildrög þess. Var ætlunin, að rannsóknarlögreglumaður sá, er rannsókn slyssins hafði á hendi, tæki af honum skýrslu tæpum mánuði síðar, en hann kvaðst þá ekkert muna um slysið né aðdraganda þess.

Skömmu eftir slysið komu menn frá götulögreglu og rannsóknarlögreglu á vettvang. Voru ljósmyndir teknar af R 5009 og uppdráttur gerður af slysstaðnum, þar sem sýnd er staða bifreiðanna eftir slysið. Hvor tveggja þessi gögn liggja frammi í málinu. Samkvæmt uppdrættinum er breidd akbrautarinnar, þar sem slysið varð, 7 metrar, en hægri pallbrún R 4332 nær um 2.5 metra út í götuna. Samkvæmt því hefur breidd akbrautarinnar meðfram R 4332 verið um 4.5 metrar. Í skýrslu lögreglunnar er þess getið, að á þeim slóðum, er slysið varð, hafi götulýsing verið slæm.

Þrír menn, sem voru að starfi í Hljómskálagarðinum skammt frá slysstaðnum, komu á vettvang skömmu eftir slysið. Enginn þessara manna varð sjónarvottur að slysinu, en allir sáu þeir verksummerki á slysstaðnum. Var greindur uppdráttur borinn undir þá, og virtist þeim öllum, að hann væri réttur. Hefur hann og ekki verið vefengdur af stefnda.

Samdægurs var R 5009 skoðuð af tveimur mönnum frá bifreiðaeftirlitinu, en samkvæmt vottorði þeirra var hún svo mikið skemmd, að ekki reyndist unnt að aka henni. Lýsa þeir skemmdum á bifreiðinni svo:

„Húsið er brotið af. Stýrishjól er brotið af. Vinstra frambretti o. fl. er skemmt."

Kröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að stefndi hafi átt alla sök á slysinu. Beri honum því að bæta allt það tjón, er þeir hafi beðið.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að þar sem bifreið hans hafi staðið kyrr á vel upplýstum stað, sé ljóst, að stefnandinn Einar hafi átt alla sök á slysinu, en að því er virðist, hafi hann ekki gætt þess að hafa nægilega útsýn úr bifreið sinni.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 26. júní 1940 og 5. september 1940 er bannað að leggja bifreiðum vinstra megin á einstefnuakstursgötum nema til afgreiðslu þegar í stað. Er öll bið þeim megin á slíkum götum bönnuð. Gegn ákvæði

þessu braut stefndi. Var og óvarlegt af honum að láta bifreið sína standa, svo sem hann gerði, á einni fjölförnustu götu bæjarins, án þess að nokkur ljós væru tendruð á henni, enda þótt myrkur væri.

Á hinn bóginn þykir sýnt af gögnum málsins, að stefnandinn Einar hafi sjálfur að allverulegu leyti átt sök á slysinu með ógætni sinni og óhæfilega hröðum akstri.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að stefndi bæti stefnendum tjón þeirra að ⅓ hluta.

Stefnendur hafa sundurliðað kröfu sína þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Nýtt bílhús | kr. | 8.000.00 |
| 2. | Rétting og smíði á brettum | — | 1.466.00 |
| 3. | Nýtt stýri | — | 148.00 |
| 4. | Þjáningar, óþægindi, lýti o. fl. | — | 15.000.00 |
| | Samtals kr. | | 24.614.00 |

Um 1—3.

Fjárhæðum þessara þriggja liða er ekki mótmælt. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 4.

Þess var áður getið, að stefnandinn Einar var fluttur í Landspítalann þegar eftir slysið. Lá hann þar í rúman mánuð. Í vottorði Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis, dags. 31. 12. 1955, er meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans stuttlega rakin til þess, er hann fór af sjúkrahúsinu. Segir á þessa leið í vottorði yfirlæknisins:

„Við komuna er sjúklingurinn meðvitundarlaus, höfuð alblóðugt, á vinstri kinn er 10—12 cm langur skurður, og gengur skurðurinn alla leið inn í bein. Þá er annar skurður vinstra megin á hökunni, og nær hann frá því fyrir neðan kjálkabarðið og upp í gegnum neðri vörina, og er þar opið inn í munninn. Þá er brot bæði á efri og neðri kjálka svo og brot á höfuðkúpu. Þá er vinstri upphandleggur þverbrotinn um miðju, og voru brotendarnir mjög úr lægi færðir.

Skömmu eftir komuna kom í ljós blæðing undir húð, kringum bæði augu, sem mun hafa komið frá broti á höfuðkúpubotni.

Auk áður nefndra sára á andlitinu var smáskurður á vinstri augabrún og hruflsár í kringum munninn.

Strax eftir komuna var gert að sárunum í andlitinu og kjálkabrotið fest með vírtannsaum, en vegna þess hve ástand sjúklingsins var slæmt, þótti ekki rétt að gera nema til bráðabirgða við

handleggsbrotið, en það var síðar, eða 5. 2. s. á., lagfært með skurðaðgerð.

Fyrstu 2 dagana eftir komuna var sjúklingurinn alveg meðvitundarlaus og mjög órólegur, en fór svo batnandi upp úr því, en var þó ruglaður í nokkrar vikur.

Er hann útskrifaðist af deildinni hinn 17. 2. '55, virtist hann bera búinn að ná sér allsæmilega andlega, en nokkuð bar þó á minnisleysi. Ekki var þó hægt að dæma um, að hve miklu leyti hann myndi ná sér eftir slysið."

Þá liggur og frammi í málinu vottorð Jóns Sigtryggssonar tannlæknis, dags. 25. janúar 1956. Segir þar, að við skoðun á stefnandanum Einari eftir slysið hafi fundizt 2 framtennur svo illa brotnar, að orðið hafi að nema þær brott. Kostnaður við 2 gullbrýr í skörðin hafi numið kr. 2700.00. Er kostnaður þessi innifalinn í þessum kröfulið.

Lagðar hafa verið fram í málinu tvær andlitsmyndir af stefnanda. Sést á þeim alllangt ör á vinstri kinn og annað meira áberandi vinstra megin á hökunni. Eru af örum þessum auðsæ lýti.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem alltof háum.

Þegar það er virt, sem að framan greinir um meiðsli stefnanda og lýti þau, sem hann ber, þykir bera að leggja fjárhæð þessa kröfuliðs til grundvallar að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 8204.67, ⅓ af kr. 8000.00 + ⅓ af kr. 1466.00 + ⅓ af kr. 148.00 + ⅓ af kr. 15.000.00, ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 1.250.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, William Breiðfjörð, greiði stefnanda, Þorsteini Einarssyni persónulega og vegna sonar hans Einars, kr. 8.204.67 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1955 til greiðsludags og kr. 1.250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marz 1957.

Nr. 62/1956. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson hrl.)
gegn
**Jóni Ísak Magnússyni**
(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eins og í héraðsdómi greinir, hefur ákærði eigi fært sönnur á, hvernig hann hafi fengið smyglað áfengi, sem hann hefur selt, né sams konar áfengi, er hjá honum fannst og telja verður hann hafa ætlað til sölu. Hefur ákærði því brotið gegn 14. gr. sbr. 1. tl. 27. gr. laga nr. 33/1935, sbr. nú 17. gr. og 1. tl. 33. gr. laga nr. 58/1954.

Hinn 9. febrúar 1956 gaf héraðsdómari út framhaldsákæru í máli þessu, þar sem ákærði er sakaður um að hafa brotið gegn áfengislöggjöfinni með því að selja Leifi Guðmundi Pálssyni sjómanni vín. Ákærði hefur neitað sakburði þessum, og brast héraðsdómara því heimild til ákæru, sbr. 114. og 118. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að ómerkja þessa ákæru héraðsdómarans. Kjartan Pétursson fiskreykingamaður brauzt aðfaranótt 10. desember 1954 inn í geymsluhús ákærða á Ísafirði og hafði þaðan á brott allmiklar vínbirgðir. Í sambandi við rannsókn út af þessu misferli Kjartans skýrði hann svo frá, að hann hefði dagana 14. og 15. nóvember 1954 keypt samtals 3 vínflöskur af ákærða. Óvarlegt þykir gegn neitun ákærða að leggja þessa skýrslu Kjartans til grundvallar dómi í málinu. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti þykir mega fallast á það með héraðsdómaranum, að ákærði sé sannur að sök um sölu áfengis í atvinnuskyni, eins og í héraðsdómi greinir, og varðar það atferli ákærða við 15. gr. sbr. 1. og 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. og 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 58/1954.

Samkvæmt greindum lagaboðum og 1. gr. laga nr. 14/1948 þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða

að öðru en því, að í stað sektar komi fangelsi 50 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ber að staðfesta, að því er varðar 4 flöskur smyglaðs vínanda, er fundust við húsleit hjá ákærða hinn 21. desember 1952, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 33/1935 og nú 2. mgr. 33. gr. laga nr. 58/1954. Hins vegar brestur heimild í 69. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum til upptöku vínfanga á vegum ákærða frá Áfengisverzlun ríkisins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Dómsorð:

Framangreind ákæra héraðsdómara á að vera ómerk.

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi 30 daga og 10.000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi fangelsi 50 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi er upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 7000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Ísafjarðar 26. marz 1956.**

Ár 1956, mánudaginn 26. marz, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var fyrst 3. marz s.l., en tekið upp aftur 22. marz s.l. og síðan dómtekið aftur sama dag.

Mál þetta var af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjölum dómsmálaráðherra, dags. 27. maí 1953, 20. maí og 31. ágúst og 29.

desember 1955, og ákæruskjali dómarans, dags. 9. febrúar 1956, gegn Jóni Ísak Magnússyni smið, til heimilis að Silfurgötu 4, Ísafirði.

Hann er í ákæruskjali, dags. 27. maí 1953, ákærður fyrir áfengissmygl og áfengissölu samkvæmt áfengislögum nr. 33/1935, 14. og 15. gr., sbr. 27. og 33. gr. Þykir ákæröi hafa brotið þau lagaákvæði með því:

1. að hafa í vörzlum sínum á heimili sínu, smíðaverkstæði og geymslum í Silfurgötu 4, er húsleit var framkvæmd á þessum stöðum 21. desember 1952, þrjár flöskur af spíritus, sem eru ekki frá Áfengisverzlun ríkisins og ákærði hefur ekki gert grein fyrir, hvaðan hann hefur fengið, svo og selja ýmsum mönnum ólöglega innfluttan spíritus.

2. að selja Jóni K. Símonarsyni, Silfurgötu 12, síðari hluta sumars 1952 og haust, í þrjú eða fjögur skipti, áfengi, ½ flösku af spíritusblöndu í hvert sinn, svo og fyrir að selja sama manni eitt sinn í júlí 1952 fimm flöskur af áfengi og selja honum oft áfengi endranær á s.l. 2 árum.

3. að selja Gunnari Leóssyni, Bolungavík, 4. október 1952 eða um miðjan desember 1952, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

4. að selja Herði Guðjónssyni, Kirkjubóli í Eyrarhreppi, um kvöldið 2. nóvember 1952 eða aðfaranótt 3. nóvember eina flösku af aqua vitae.

5. að selja Höskuldi Agnarssyni, Fjarðarstræti 18, Ísafirði, eitt sinn um miðjan desember 1952, eina flösku af aqua vitae.

6. að selja Ásmundi Jóhannessyni, Silfurgötu 12, Ísafirði, laugardaginn 20. desember 1952 eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

7. að selja sama dag Einari Kristjáni Ólafssyni, Tangagötu 10, Ísafirði, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus og að kvöldi sama dags að selja sama manni aftur eina flösku af spíritus.

8. að selja sama dag Hákoni Bjarnasyni, Aðalstræti 11, Ísafirði, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

Kröfur ákæruvaldsins eru þær í ákæruskjali þessu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til upptöku þess áfengis, er fannst við húsleit á heimili hans, smíðaverkstæði og geymslum í Silfurgötu 4 21. desember 1952, samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er með framhaldsákæruskjali, dags. 20. maí 1955, ákærður fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, með því að hafa selt Kjartani Péturssyni, Hjálpræðis-

hernum, Ísafirði, tvær flöskur af áfengi (whisky) hinn 14. nóvember 1954 og eina flösku af áfengi (cognac) hinn 15. sama mánaðar. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með framhaldsákæruskjali, dags. 31. ágúst 1955, er ákærði kærður fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Þykir ákærði hafa brotið þau lagaákvæði með því:

1. að hafa nokkrum sinnum haustið og fyrri hluta vetrar 1952 selt Karli Adolfssyni sjómanni, Ísafirði, áfengi.

2. að hafa í desembermánuði 1953, rétt fyrir jólin, selt Hilmari Arnórssyni, Smiðjugötu 1, Ísafirði, eina flösku af aqua vitae.

3. að hafa hinn 23. desember 1952 selt Garðari Jónssyni, Sólgötu 8, Ísafirði, og nokkrum mönnum með honum 3 flöskur af pólskum spíritus, en af flöskum þessum keypti Garðar eina.

Í ákæruskjali þessu er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935.

Þá er þess krafizt í öllum ákæruskjölunum, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Með framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 29. desember 1955, framhaldsákærist ákærði með tilvísun til 69. gr., 1. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áfengislög nr. 58/1954, 19. gr. og 42. gr. i. f., til þess að þola upptöku áfengis, er fundizt hefur við húsleit hjá ákærða 10. desember 1954 eða komið úr vörzlu hans með öðrum hætti.

Með framhaldsákæruskjali dómarans, dags. 9. febrúar 1956, ákærist ákærði fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935, með því að selja Leifi Guðmundi Pálssyni sjómanni, Hnífsdal, áfengi. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingum samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, og greiði allan sakarkostnað.

Ákærði er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði.

Hann hefur sætt þessum refsingum:

1926 14/6 150 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 samkvæmt sætt. Smyglun áfengis.

1927 9/11 400 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn lögum nr. 15/1925 samkvæmt dómi lögregluréttar. Smyglun áfengis.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í sakadómi Ísafjarðar 28. desember 1953. Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi

Hæstaréttar 19. nóvember 1954 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Síðan hefur farið fram framhaldsrannsókn í málinu og sakadómsmál nr. 48/1954 verið sameinað málinu. Fjögur ákæruskjöl hafa verið gefin út til viðbótar, dags. 20. maí, 31. ágúst og 29. desember 1955 og 9. febrúar 1956, og hefur efni þeirra verið rakið.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. desember 1952 fór fram samkvæmt úrskurði dómarans leit að smygluðu og öðru ólöglegu áfengi í húsakynnum ákærða, Jóns Ísaks Magnússonar, í Silfurgötu 4 og í Soffíubúð við Silfurtorg, vegna gruns, sem á honum lá um sölu áfengis.

Við leitina, sem lögregluþjónarnir og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í íbúð ákærða: 1 flaska af ákavíti og 1 flaska af gin
Í kjallara: 1 flaska af pólskum spíritus
Í vinnustofu undir gólfi: 2 flöskur af pólskum spíritus, 3 flöskur af ákavíti og 3 flöskur af brennivíni
Í herbergi fram af vinnustofu 2 ⅓ flaska af brennivíni, 2 flöskur af ákavíti og 1 ákavítisflaska með spíritus.

Einnig fundust þar 2 tómar flöskur undan pólskum spíritus og 14 tómar flöskur undan dönskum bjór. Þannig fundust alls 16 ⅓ flaska af áfengi, þar af 4 flöskur með pólskum spíritus, en 12 ⅓ flaska af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins. Í Soffíubúð fannst ekkert áfengi.

Þann 10. desember 1954 fór fram samkvæmt úrskurði dómarans leit að áfengi í húsakynnum ákærða að Silfurgötu 4 og Soffíubúð vegna gruns um, að hann seldi áfengi. Við leitina, sem lögregluþjónar og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í geymsluherbergi inn af verkstæði ákærða í Sifurgötu 4 22 flöskur af gini, 19 flöskur af ákavíti, 2 flöskur af koníaki, 12 flöskur af ákavíti í Soffíubúð og 12 flöskur af koníaki í Soffíubúð.

Alls fundust 67 flöskur, og voru þær allar merktar Áfengisverzlun ríkisins.

Þenna sama morgun afhenti maður nokkur, Kjartan Pétursson að nafni, þá til heimilis Hjálpræðishernum, 53 áfengisflöskur, 36 flöskur af ákavíti og 17 flöskur af gin, sem hann kvaðst hafa tekið nóttina áður frá ákærða úr Soffíubúð. Hann skýrði frá því, að meðan áfengið var í hans vörzlu, hafi verulegum hluta af því, sem hann tók, verið stolið frá sér. Síðar sama dag viðurkenndu tveir

menn að hafa tekið áfengi þetta frá Kjartani. Fannst það áfengi sama kvöldið og reyndist vera 21 flaska af ákavíti og 2 af sherry. Annar þessara manna viðurkenndi, að hann hefði drukkið þenna sama dag úr tveimur sherryflöskum, sem hann tók frá Kjartani.

Það kom í ljós þenna dag, að í vörzlu ákærða höfðu verið 143 flöskur af áfengi.

Ákærði hafði þenna sama morgun kært fyrir dómaranum innbrot í Soffíubúð og þjófnað á áfengi.

Ákærði hefur stöðugt neitað því að hafa selt áfengi og haldið því fram, að áfengisverzlunarvín það, sem fannst við húsleitina hjá honum 21. desember 1952, hafi hann keypt til eigin neyzlu. En þá grein hefur hann gert fyrir smyglaða áfenginu, að ýmsir menn af botnvörpungunum Sólborg og Ísborg frá Ísafirði hafi fært honum að gjöf flöskur þær, sem hjá honum fundust. Komu þeir til hans og veittu honum vín, en skildu eftir heilar og hálfar flöskur og slatta í flöskum. Sama kvað hann gilda um tómu flöskurnar undan dönskum bjór, sem fundust við húsleitina. Ákærði kveðst ekki muna, hverjir gáfu honum vínið, en þeir hafi verið margir.

Ákærði hefur gert þá grein fyrir áfenginu, sem fannst hjá honum við húsleitina 10. desember 1954 og tekið var úr Soffíubúð nóttina áður, að hann hafi sjálfur átt allt áfengið, er fannst í Silfurgötu 4, og sherryflöskur í Soffíubúð. Hitt áfengið í Soffíubúð, alls 74 flöskur, kvaðst hann hafa geymt fyrir þá Magnús Eiríksson og Ellert Eiríksson, Ísafirði. Menn þessir hafa lýst yfir því fyrir sakadóminum, að þeir hafi beðið ákærða að geyma fyrir þá 60 flöskur af ákavíti, sem þeir og Magnús Þ. Helgason hafi átt. Hefur Magnús staðfest þá frásögn fyrir dóminum. Þessir þrír menn hafa staðfest framburð sinn með eiði. Verður því að telja sannað, að þeir hafi ekki átt meira áfengi í vörzlum ákærða. Hitt hafi verið eign hans.

Í málinu hafa verið leidd allmörg vitni, og hafa mörg þeirra haldið því fram, að ákærði hafi selt þeim og öðrum áfengi.

Skulu nú raktir framburðir vitna í málinu:

Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst 20. desember 1952 hafa keypt af ákærða eina flösku af pólskum spíritus fyrir 300 krónur ásamt Hákoni Bjarnasyni. Hákon fór inn til ákærða, en vitnið beið utan við næsta hús á meðan. Viku áður fór vitnið til ákærða og keypti af honum eina flösku af ákavíti fyrir 125 krónur. Var vitnið þá einn, og fór afhendingin fram í verkstæði ákærða. Vitnið hefur borið það, að hann vissi til þess, að Pétur Blöndal Snæbjörnsson keypti eina flösku af pólskum spíritus af ákærða 20.

desember 1952 fyrir 300 krónur og hafi Finnbirni (Bjössa) Finnbjörnssyni verið kunnugt um það. Þá sagði vitnið, að Gabríel Syre hafi keypt spíritus af ákærða. Vitnið sagði í réttarhaldi 21. desember 1952, að ýmsir menn hefðu á undanförnum árum keypt fyrir hann áfengi hjá ákærða, t. d. Guðbrandur Kristinsson, Bjarni Ásgeirsson, Gabríel Syre o. fl., og hafi brennivínsflaskan kostað 120 krónur og meira af dýrari tegundunum. Vitnið vissi til þess, að Leifur Pálsson keypti 6 flöskur af spíritus af ákærða þá fyrir nokkrum dögum. Einnig keypti Garðar Jónsson spíritus af ákærða. Vitnið kveðst vita, að Guðmundur Sigurðsson járnsmiður og Friðrik Bjarnason hafi þá undanfarið keypt vín af ákærða. Vitnið skýrði frá því, að Jón Þorleifsson, matsveinn á b/v Gylli frá Flateyri, hafi sagt sér, að skipverjar á togaranum hafi þá fyrir tíu eða tólf dögum keypt af ákærða 8 flöskur af brennivíni og ákavíti. Kvaðst vitnið hafa séð kassana, er áfengið var í. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Hermann Guðmundsson og Ásmundur Jóhannesson hafi þá daginn áður keypt spíritus af ákærða. Vitnið hefur unnið eið að framburði sínum.

Allir þessir menn hafa borið vætti fyrir sakadóminum nema Jón Þorleifsson, sem ekki hefur fundizt þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan dómarans.

Vitnin Pétur Blöndal Snæbjörnsson, Finnbogi Finnbjörnsson, Bjarni Ásgeirsson, Gabríel Syre, Guðmundur J. Sigurðsson, Friðrik Bjarnason og Guðbrandur Kristinsson hafa skýrt frá því, að þeir hafi aldrei keypt áfengi af ákærða, hvorki fyrir sig né aðra. Þann framburð hafa þeir staðfest með eiði og drengskaparheiti.

Vitnið Leifur Guðmundur Pálsson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt vín af ákærða, en ekki gat hann gert grein fyrir, hve mikið magn hann hefði keypt eða hvenær þau kaup hefðu farið fram. Hann kveðst aldrei hafa keypt spíritus af ákærða. Hann mundi ekki, hvort hann keypti vín af ákærða fyrir 23. desember 1952, en eftir þann tíma keypti hann eitthvað vín af honum. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Hákon Bjarnason kvaðst 20. desember 1952 hafa ásamt Höskuldi Agnarssyni keypt 1 flösku af pólskum spíritus af ákærða fyrir 300 krónur. Seldi ákærði vitninu flöskuna í vinnustofunni. Höskuldur vissi, þegar vitnið fór inn til ákærða. Vitnið kvaðst áður hafa keypt áfengisverzlunarvín af ákærða.

Vitnið Ásmundur Jóhannesson kvaðst 20. desember 1952 hafa ásamt Hermanni Guðmundssyni keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða og greitt fyrir hana kr. 300.00, sem Hermann lagði til.

Vitnið Hermann Guðmundsson skýrði frá því, að 20. desember

1952 hefði Ásmundur Jóhannesson keypt fyrir hann 1 flösku af erlendum spíritus hjá ákærða fyrir 300 krónur. Sá vitnið Ásmund fara inn í vinnustofu ákærða og koma þaðan út aftur með flöskuna.

Hákon, Ásmundur og Hermann hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Garðar Jónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi 23. desember 1952 keypt ásamt fleiri mönnum 3 flöskur af pólskum spíritus af ákærða. Keyptu þeir vínið hver í sínu lagi. Í önnur skipti kvaðst vitnið ekki hafa keypt áfengi af ákærða. Vitnið hefur unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Pétur Haraldsson skýrði frá því, að laugardagskvöldið 4. október 1952 hafi hann verið á gangi í Silfurgötu ásamt Þorsteini Jónssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Var það um kl. 11 að kvöldi. Sá vitnið og þeir félagar mann nokkurn fara inn til ákærða. Kom þeim þá saman um að njósna um brennivínssölu ákærða og stönzuðu við gluggann á vinnustofu hans. Eftir örstutta stund sáu þeir manninn, sem inn hafði farið, koma út, og sýndist þeim hann vera með áfengisflösku í jakkavasanum. Nokkru síðar fór annar maður, Gunnar að nafni, úr Bolungavík, inn til ákærða. Þegar hann kom út aftur, sagði hann þeim félögum, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærða. Sagði hann þeim, að gin kostaði hjá ákærða 160 krónur. Síðan fóru þrír menn, hver eftir annan inn til ákærða. Þegar þeir komu út aftur, taldi vitnið og félagar hans, að tveir þeirra hefðu verið með áfengisflösku, sem þeir voru ekki með, þegar þeir fóru inn, enda sýndi einn þeirra þeim brennivínsflöskuna, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærða. Menn þessir voru: Friðrik Bjarnason, Garðar Jónsson og Jón Kr. Símonarson. Þá kvaðst vitnið fyrir rúmu ári hafa hitt á götunni Gísla Guðmundsson frá Súgandafirði, og var hann ölvaður. Bað Gísli vitnið að koma með sér til ákærða til að kaupa vín af honum. Gerði vitnið það og beið fyrir utan, meðan Gísli fór inn til ákærða. Þegar Gísli kom út aftur, var hann með tvær brennivínsflöskur, sem hann sagði vitninu, að hann hefði fengið hjá ákærða. Vitnið kvaðst margoft hafa heyrt um það talað, að ákærði gerði mikið að því að selja áfengi.

Vitnið Þorsteinn Jónsson var þann 4. október 1952 staddur á Silfurgötu með þeim Pétri Haraldssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sáu þeir 5 menn fara inn til ákærða, og komu þeir út aftur eftir stutta viðdvöl. Tveir þeirra, Garðar Jónsson, og maður, að nafni Gunnar, úr Bolungavík, sýndu vitninu vínflöskur, þegar þeir komu út aftur, og sögðust hafa keypt þær af ákærða. Vitnið

skýrði frá því, að hann vissi til þess, að Jón Símonarson hafi keypt flösku af gini af ákærða vorið 1952 fyrir Pétur Ingvarsson. Vitnið var hjá Pétri, er hann kom með flöskuna, og sá hana. Vitnið sagði, að Jón Símonarson hefði sagt sér, að hann hefði oft keypt vín af ákærða. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Hólmberg Arason hafi keypt 3 flöskur af brennivíni hjá ákærða, og kvaðst vitnið hafa séð flöskurnar. Kostaði hver flaska 120 krónur. Vitnið Jón Snorri Bjarnason var 4. október 1952 staddur á Silfurgötu með Pétri Haraldssyni og Þorsteini Jónssyni. Stönzuðu þeir við vinnustofu ákærða til að forvitnast um, hverjir færu til hans. Var þeim kunnugt um, að það orð lá á, að ákærði seldi mönnum áfengi. Skýrði vitnið frá, að þeir hefðu staðið um 8 mínútur við vinnustofuna og hefðu á þeim tíma 5 menn farið inn til ákærða. Einn þeirra stanzaði hjá vitninu og félögum hans, þegar hann kom út aftur, og dró hann ekki dul á, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærða.

Vitnin Pétur Haraldsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Snorri Bjarnason hafa unnið eið að framburði sínum.

Frá vitnisburði Friðriks Bjarnasonar og Garðars Jónssonar hefur áður verið skýrt. Hefur Garðar í vætti sínu, sem hann hefur staðfest með eiði, neitað því, að hann hafi komið í Silfurgötu þetta kvöld.

Vitnið Gísli Guðmundsson skýrði frá því, að hann hefði aldrei keypt vín af ákærða. Hann kvaðst eitt sinn á gamlárskvöld hafa fengið lánaða flösku hjá ákærða með því skilyrði, að hann léti ákærða fá sams konar flösku aftur, og hefði hann gert það. Vitnið muni ekki eftir því atviki, sem vitnið Pétur Haraldsson skýrði frá, en kvaðst fara þungt í það, þegar hann smakki vín, og ekki muna oft og einatt, hvað þá beri við.

Vitnið Hólmberg Arason sagði, að hann myndi ekki eftir því, að hann hefði nokkru sinni keypt vín af ákærða. Hann lýsti yfir, að hann hafi nokkrum sinnum, þegar hann hafi verið undir áhrifum áfengis, gleymt athöfnum sínum og þá m. a. því, hvar hann hafi náð sér í áfengi.

Vitnið Pétur Ingvarsson hefur haldið því fram, að Jón Símonarson hafi aldrei keypt fyrir hann áfengi.

Þrjú síðasttalin vitni hafa staðfest vætti sitt með eiði.

Vitnið Jón Kristján Símonarson kvaðst í 3 eða 4 skipti hafa keypt pólskan spíritus af ákærða. Salan fór ætíð fram í vinnustofu ákærða, og var venjulega um hálfflöskur að ræða. Verðið á flöskunum var 120 krónur, og var spíritusinn blandaður. Í eitt skiptið var áfengið á heilflösku undan pólskum spíritus. Þessi

áfengiskaup vitnisins fóru fram um sumarið og haustið 1952. Í sakadómi 9. marz 1953 lýsti vitnið yfir því, að hann hefði á s.l. tveimur árum oft keypt vín af ákærða, brennivín, ákavíti og einu sinni gin. Hafi afhendingin alltaf farið fram í vinnustofu ákærða. Brennivínið hafi kostað 120 krónur og ákavítið verið 5 krónum dýrara, og ginið 150 krónur. Í eitt skipti í júlímánuði 1952 kvaðst vitnið hafa keypt af ákærða 5 áfengisflöskur í einu, 4 flöskur af brennivíni og ákavíti og eina af gini.

Tveir menn úr Bolungavík, Ágúst Ólafsson og annar, sem vitnið þekkti ekki, voru í félagi með vitninu um þessi kaup, og neyttu þeir þess í Súgandafirði á dansleik sama dag. Þá skýrði vitnið frá því, að hann vissi til þess, að Karl Adolfsson hafi oft keypt áfengi af ákærða og einnig Höskuldur Agnarsson. Í eitt skipti var Karl Adolfsson með vitninu inni á verkstæði ákærða og sá, er hann afhenti vitninu áfengi, og keypti Karl þá einnig áfengi af ákærða.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Gunnar Leósson, Bolungavík, kvaðst hafa 4. október 1952 keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða. Greiddi hann 280 krónur fyrir flöskuna, en átti að greiða 20 krónur síðar. Kaupin fóru fram í vinnustofu ákærða. Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Antonsson, Bolungavík, voru í félagi um kaup þessi með vitninu. Vitnið fór einn inn til ákærða. Þegar hann ætlaði að greiða ákærða þessar 20 krónur, sem eftir stóðu, var hann kominn í geymslu sína við Silfurtorg eða Soffíubúð. Virtist vitninu þar vera stöðugur straumur manna, sem áttu erindi við ákærða, og gafst hann upp á að greiða honum upphæðina, og hurfu þeir félagar á brott. Meðal þeirra, sem fóru á fund ákærða þá, var Karl Adolfsson. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Einar, sonur bræðslumannsins á b/v Ísborg, hafi þenna sama dag keypt 2 flöskur af spíritus hjá ákærða. Vitnið lýsti því yfir, að hann hafi fáeinum sinnum áður keypt brennivín af ákærða.

Vitnið Jón Valgeir Guðmundsson sagðist hafa tekið þátt í vínkaupunum hjá ákærða með Gunnari Leóssyni og Reinald Antonssyni. Mundi vitnið, að það hefði verið laugardaginn 13. desember 1952. Fór Gunnar Leósson inn á verkstæði ákærða og kom þaðan út með eina flösku af spíritus, en Gunnar hafði ekkert áfengi, er hann fór inn.

Vitnið kvaðst í eitt eða tvö skipti haustið 1952 hafa tekið þátt í kaupum á áfengi, sem hann taldi, að hefði verið keypt hjá ákærða, en vitnið mundi ekki, hverjir gerðu kaupin.

Vitnið Reinald Sævar Antonsson kvaðst hafa lagt peninga í að kaupa áfengi hjá ákærða með þeim Gunnari Leóssyni og Jóni

Valgeir Guðmundssyni. Taldi vitnið, að þetta hefði verið viku eða tíu dögum fyrir síðustu jól. Keypti Gunnar flöskuna, sem var þriggja pela flaska af spíritus. Vitnið var ekki viðstatt, er kaupin gerðust.

Vitnin Gunnar Leósson, Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Sævar Antonsson hafa allir unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Karl Adolfsson skýrði frá því, að hann hefði um haustið eða fyrri part vetrar 1952 oftar en einu sinni keypt áfengi af ákærða. Vitnið mundi ekki verðið á áfenginu, en sagði, að það hefði verið eitthvað hærra en áfengisverð var þá. Vitnið kvaðst einu sinni hafa verið í félagi með Jóni Símonarsyni um áfengiskaup, en vitnið mundi ekki nánar frá því atviki. Framburður vitnisins var staðfestur með eiði.

Vitnið Einar Kristján Ólafsson kvaðst 20. desember 1952 hafa keypt af ákærða tvær flöskur af spíritusi á 300 krónur hvora. Aðra keypti hann kl. 17 þann sama dag, en hina kl. 23, og fór afhendingin fram í Soffíubúð. Var Gunnar Líkafrónsson í félagi við hann um kaupin. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði gerði mikið að því að selja áfengi. Vitnið hefur ekki unnið eið að framburði sínum. Hann drukknaði 28. október 1953.

Vitnið Gunnar Einar Líkafrónsson sagðist hafa verið í félagi með Einari K. Ólafssyni, er hann keypti tvær flöskur af pólskum spíritus af ákærða 20. desember 1952. Einar K. Ólafsson fór til ákærða og sótti flöskurnar. Þá kvaðst vitnið áður um haustið hafa keypt brennivín af ákærða í félagi við Hilmar Arnórsson, og kostaði flaskan 120 krónur. Hilmar fór og keypti flöskuna. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði seldi mikið af áfengi. Vitnið staðfesti vætti sitt með eiði.

Vitnið Hilmar Arnórsson hefur lýst yfir því, að hann hafi rétt fyrir jólin 1953 keypt eina flösku af ákavíti af ákærða á 120 krónur. Vitnið neitaði því hins vegar að hafa nokkru sinni keypt áfengi af ákærða í félagi við Gunnar Líkafrónsson. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Vitnið Hörður Guðjónsson kvaðst eftir dansleik í Alþýðuhúsinu á Ísafirði 2. nóvember 1952 hafa hitt þá Halldór Sveinbjörnsson og Gabríel Syre í Hafnarstræti. Kom þeim saman um að kaupa eina flösku af áfengi. Fór vitnið til ákærða og keypti eina flösku af honum á 125 krónur. Vitnið staðfesti þenna framburð sinn með eiði.

Vitnið Kjartan Pétursson hefur borið, að hann hafi í þrjú skipti keypt áfengi af ákærða. Í fyrsta skipti 14. nóvember 1954, er hann keypti eina flösku af whisky á 200 krónur. Síðari hluta sama dags

keypti vitnið aftur eina flösku af whisky fyrir sama verð. Flöskurnar afhenti ákærði í herbergi inn af vinnustofu sinni. Næsta dag, 15. nóvember, keypti vitnið eina flösku af koníaki fyrir 200 krónur. Þá flösku afhenti ákærði í Soffíubúð. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Skal nú greint, hvert refsivert atferli telst sannað á ákærða og við hver lagaákvæði varði.

Verða ákæruatriðin rakin hvert fyrir sig í sömu röð og hér að framan.

1. Í málinu er sannað, að ákærði hafði í vörzlum sínum, þegar húsleitin fór fram 21. desember 1952, smyglað áfengi, 4 flöskur af spíritus, sem hann hefur ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt. Enn fremur hefur sannazt í málinu, að ákærði hefur selt ýmsum mönnum smyglað áfengi, samtals allt að 10 flöskur.

Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 14. gr. sbr. 27. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú áfengislög nr. 58/1954, 17. gr.

2. Vitnið Jón Kr. Símonarson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt áfengi hjá ákærða, bæði pólskan spíritus og vín frá Áfengisverzlun ríkisins. Kaupin fóru ávallt fram í vinnustofu ákærða. Eitt sinn var vitnið Karl Adolfsson viðstaddur, er kaupin gerðust. Hefur Karl játað að hafa keypt vín af ákærða og hafi hann eitt sinn verið í félagi við Jón Kr. Símonarson um kaup á víni hjá honum. Annars kvaðst Karl ekki muna eftir þessu atviki.

Það er upplýst í málinu, að ákærði átti 21. desember 1952 í vörzlum sínum pólskan spíritus og einnig allmikið af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins.

Við húsleit 10. desember 1954 kom í ljós, að í vörzlum ákærða voru um það leyti 143 flöskur af áfengi. Þótt aðrir ættu eitthvað af áfengi þessu, verður að telja, að áfengismagn þetta í eigu og vörzlu ákærða hafi verið óeðlilega mikið. Hann hefur ekki gert aðra grein fyrir áfengiskaupum þessum en að hann neyti þess sjálfur og aðrir ættu hluta þess, og raunar meira en þeir hafa viljað við kannast. Mörg vitni skýra frá orðrómi um áfengissölu ákærða.

Vitnin Pétur Haraldsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Snorri Bjarnason skýrðu frá því, að þeir hafi verið staddir laugardagskvöldið 4. október 1952, um kl. 23, fyrir utan vinnustofu ákærða. Sáu þeir nokkra menn fara inn til ákærða og koma þaðan eftir stutta viðdvöl, og töldu vitnin, að þeir hefðu verið að kaupa áfengi af ákærða.

Vitnið Gunnar Leósson kvaðst hafa keypt um kl. 12 á miðnætti

4. október 1952 eina flösku af spíritus af ákærða í vinnustofu hans. Litlu síðar sömu nótt ætlaði vitnið aftur að hitta ákærða, og var hann þá í vörugeymslu sinni í Soffíubúð. Virtist vitninu þá vera stöðugur straumur manna til ákærða, og áttu þeir eitthvert erindi við hann. Hefur ákærði ekki gefið sennilega skýringu á því, hvers vegna hann dveldi í vinnustofu sinni á þessum tíma sólarhrings, og hvaða erindi menn ættu við hann á þeim tíma.

Þegar þessar staðreyndir eru virtar, hið óeðlilega áfengismagn í vörzlum ákærða, dvöl hans í vinnustofu seint um kvöld eða að nóttu og heimsóknir ýmissa manna til hans á þeim tíma, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun hans, með eiðfestum framburði vitnanna Karls Adolfssonar og Jóns Kr. Símonarsonar, að ákærði hafi selt Jóni síðari hluta sumars 1952 og um haustið í þrjú eða fjögur skipti áfengi, hálfa flösku af spíritusblöndu í hvert sinn, og í júlímánuði sama ár að hafa selt sama manni fimm flöskur af áfengi og að hafa selt honum áfengi oftar á árunum 1952 og 1953. Hefur ákærði með þessu atferli gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú áfengislög nr. 58/1954, 18. gr.

3. Vitnin Gunnar Leósson, Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Sævar Antonsson sögðust hafa í sameiningu keypt af ákærða eina flösku af spíritus. Fór Gunnar inn til ákærða og keypti flöskuna. Taldi hann þetta hafa gerzt 4. október 1952, en hinir um miðjan desember 1952. Þrátt fyrir þetta ósamræmi í framburði vitna þessara um það, hvenær kaupin hafi farið fram, og neitun ákærða þykir sannað með eiðfestum framburði þessara þriggja vitna og með öðrum atvikum um áfengissölu ákærða, að hann hafi selt Gunnari Leóssyni 4. október 1952 eða um miðjan desember það ár eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

4. Vitnið Hörður Guðjónsson kvaðst hafa í félagi við vitnin Halldór Sveinbjörnsson og Gabríel Syre keypt eina flösku af ákavíti af ákærða 2. nóvember 1952. Hafa þeir Halldór og Gabríel ekki viljað við þetta kannast og minnast ekki þessa atviks. Verður því gegn neitun ákærða ekki talið sannað, að hann hafi selt Herði áfengi að kvöldi 2. nóvember 1952, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði.

5. Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst hafa um miðjan desember 1952 keypt eina flösku af ákavíti af ákærða í vinnustofu hans. Hefur vitnið bent á 11 menn, sem hann kvaðst hafa vitað til, að keypt hefðu vín af ákærða. Hafa 7 þessara vitna ekki viljað kannast við að hafa keypt áfengi af ákærða og unnið eið að þeim

framburði. Þrjú þessara vitna kváðust hafa keypt vín af ákærða, en eitt hefur ekki fundizt. Þrátt fyrir neitun ákærða að hafa selt Höskuldi eina ákavítisflösku um miðjan desember 1952, verður eftir atvikum að telja sannað, að þessi kaup hafi gerzt. Það atferli ákærða varðar við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

6. Vitnið Ásmundur Jóhannesson kvaðst hafa keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða 20. desember 1952. Vitnið Hermann Guðmundsson, sem var í félagi við Ásmund um kaupin og lagði til fé, sá hann fara inn í vinnustofu ákærða og koma þaðan út aftur með flöskuna.

Með samhljóða eiðfestum framburði þessara vitna, svo og öðrum líkum fyrir áfengissölu ákærða, svo sem rakið er að framan, er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi selt Ásmundi Jóhannessyni 20. desember 1952 eina flösku af spíritus. Með því atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

7. Vitnið Einar Kristján Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði 20. desember 1952 keypt tvær flöskur af spíritus af ákærða. Aðra flöskuna keypti hann kl. 17, en hina kl. 23. Í félagi um kaupin var vitnið Gunnar Líkafrónsson. Einar fór einn inn til ákærða, en Gunnar beið fyrir utan á meðan. Framburður Einars hefur ekki verið staðfestur, en Gunnar hefur staðfest framburð sinn með eiði. Með samhljóða framburði þessara vitna og líkum, sem fram hafa komið um áfengissölu ákærða, verður að telja sannað, að hann hafi þann 20. desember 1952 selt Einari Kristjáni Ólafssyni tvær flöskur af ólöglega innfluttum spíritus. Með því atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

8. Vitnin Hákon Bjarnason og Höskuldur Agnarsson hafa borið, að þeir hafi keypt 20. desember 1952 eina flösku af pólskum spíritus af ákærða. Hákon fór inn til ákærða og keypti flöskuna. Með samhljóða, eiðfestum vitnisburði þessara vitna og framkomnum líkum fyrir áfengissölu ákærða er sannað, að ákærði hefur þann 20. desember 1952 selt Hákoni Bjarnasyni eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

9. Vitnið Kjartan Pétursson kvaðst hafa keypt tvær flöskur af whisky af ákærða hinn 14. nóvember 1954 og eina flösku af koníaki 15. sama mánaðar. Af hálfu ákærða hefur vitnisburði þessa manns sérstaklega verið mótmælt, sökum þess að hann

bæri persónulega óvild til ákærða. Engar líkur hefur hann þó fært fyrir því, að svo væri. Verður að telja sannað með eiðfestum framburði Kjartans og öðrum atvikum, að ákærði hafi selt honum áfengi í þessi skipti. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

10. Vitnið Karl Adolfsson kvaðst nokkrum sinnum haustið eða fyrri hluta vetrar 1952 hafa keypt áfengi af ákærða. Hann var einn, er þessi kaup gerðust, nema í eitt skipti, er hann var í félagi við Jón Kr. Símonarson um kaupin. Vitnisburður Jóns er samhljóða, og kvaðst hann einu sinni hafa séð ákærða selja Karli áfengi. Verður því að telja sannað með samhljóða, eiðfestum framburði þessara vitna og líkum, er fram hafa komið um áfengissölu ákærða, að hann hafi nokkrum sinnum haustið og fyrra hluta vetrar 1952 selt Karli Adolfssyni áfengi. Hefur ákærði gerzt með því brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

11. Vitnið Hilmar Arnórsson kvaðst hafa keypt af ákærða rétt fyrir jólin 1953 eina flösku af ákavíti. Var hann einn um þessi kaup. Með tilliti til annarra atvika í málinu verður að telja sannað, að þessi sala hafi farið fram. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

12. Vitnið Garðar Jónsson kvaðst hafa keypt 23. desember 1952 af ákærða ásamt nokkrum mönnum þrjár flöskur af pólskum spíritus. Keyptu þeir áfengið hver í sínu lagi, og keypti Garðar eina flösku. Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst vita til, að Garðar hefði keypt áfengi af ákærða. Vitnið Pétur Haraldsson hefur skýrt frá því, að hann hafi séð Garðar Jónsson fara inn til ákærða um kl. 23 4. október 1952 og koma síðan út aftur, og sýndi hann Pétri brennivínsflösku, sem hann sagðist hafa keypt af ákærða. Samhljóða þessu er framburður vitnanna Þorsteins Jónssonar og Jóns Snorra Bjarnasonar, er voru með Pétri Haraldssyni, en Jón Snorri gat þess ekki, að Garðar hefði sýnt þeim flöskuna. Garðar sagðist hins vegar ekki hafa keypt áfengi í önnur skipti og ekki hafa komið til ákærða í Silfurgötu 4 4. október, þrátt fyrir andstæðan vitnisburð þessara þriggja vitna, sem er eiðfestur og samhljóða.

Verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi selt Garðari Jónssyni og tveimur öðrum mönnum þrjár flöskur af pólskum spíritus 23. desember 1952. Styðja þessa niðurstöðu önnur atvik málsins. Önnur sala á áfengi til Garðars telst ekki nægilega sönnuð. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt

brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

13. Vitnið Leifur Guðmundur Pálsson sagðist hafa keypt áfengi af ákærða, en kvaðst ekki geta skýrt frá því, hvenær þau kaup hefðu farið fram eða hve oft eða hve mikið magn hann hefði keypt. Verður að telja nægilega sannað með framburði vitnisins og öðrum atvikum, að ákærði hafi selt Leifi áfengi. Með því atferli hefur hann gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

Telja verður sannað, að ákærði hafi gert sér að atvinnu sölu áfengis. Þá verður að telja sannað, að þeir Magnús Eiríksson, Magnús Þ. Helgason og Ellert Eiríksson hafi átt í vörzlum ákærða 60 flöskur af áfengi. Það áfengi ber að afhenda þeim.

Ákærði setti fram í málinu þær kröfur, að þeir, sem sannir reyndust að því að hafa farið inn í Soffíubúð og að þjófnaði á áfengi frá honum, yrðu dæmdir til að greiða honum eða eigendum hins stolna áfengis fullar bætur og ákærða 5000 króna bætur fyrir skemmdir á húsi hans og miskabætur. Þá krafðist hann þess, að allir hinir seku yrðu dæmdir til refsingar fyrir innbrotið og þjófnaðinn lögum samkvæmt. Mál þeirra manna, sem hér um ræðir, hafa verið tekin til úrlausnar sérstaklega. Bótakröfum sínum verður ákærði sjálfur að beina gegn þeim. Kröfum ákærða er því vísað frá dómi.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 27. og 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. lög nr. 58/1954, hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga og 10.000 króna sekt til menningarsjóðs, þar með talið lítragjald, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Áfengi það, sem fannst við húsleitirnar hjá ákærða og leit í Ásúlfi og hann átti sjálfur, eða samtals 99⅓ flaska með áfengi, skal gert upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Þá greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar, er þykja hæfilega ákveðin 1500 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefur á málinu, stafar aðallega af því, hve erfitt hefur verið að ná til vitna, sem stundað hafa sjómennsku víðsvegar á landinu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi í 30 daga og og greiði 10.000.00 króna sekt til menningarsjóðs. Verði sekt-

in ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar.

Áfengi það, sem fannst við húsleitir hjá ákærða og við leit í m/s Ásúlfi og var eign ákærða, alls 99 ⅓ flaska með áfengi, skal gert upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar, 1500 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 18. marz 1957.

Nr. 1/1957. **Ákæruvaldið**
(Þórólfur Ólafsson hrl.)
gegn
**Jóni Ísak Magnússyni**
(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vörzlur áfengis frá Áfengisverzlun ríkisins eigi taldar varða við lög.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði hefur eigi brotið gegn neinu ákvæði í lögum með því að hafa í vörzlum sínum vínföng þau frá Áfengisverzlun ríkisins, er í héraðsdómi greinir. Engin heimild er í lögum til að gera áfengi þetta upptækt til ríkissjóðs. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist

úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Jóns Grímssonar, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

**Dómur sakadóms Ísafjarðar 14. desember 1956.**

Ár 1956, föstudaginn 14. desember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 8. desember s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 10. október s. l., gegn Jóni Ísak Magnússyni smið, Silfurgötu 4, Ísafirði, fyrir að hafa föstudaginn 28. september s.l. geymt ólöglega í verkstæði sínu að Silfurgötu 4 og í efnisgeymslu sinni í Soffíubúð alls 30 flöskur af ýmsum tegundum áfengis, sem telja verður, að hann hafi ætlað til sölu.

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 19. gr. sbr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Í ákæruskjali er þess og krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að framangreindar 30 áfengisflöskur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengislaga analogice og 69. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði og hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1926 14/6 150 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 samkvæmt sætt.

1927 9/11 400 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn lögum nr. 15/1925 samkvæmt dómi lögregluréttar.

1956 26/3 Dómur í sakadómi Ísafjarðar: Fangelsi í 30 daga og 10 þús. króna sekt til menningarsjóðs, vararefsing 40 daga varðhald, upptækt vín 99 ⅓ flaska og dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Áfrýjað til Hæstaréttar, en málið enn óútkljáð.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 28. september s.l. var í sakadómi kveðinn upp úrskurður um húsleit hjá Jóni Ísak Magnússyni í verkstæði hans, Silfurgötu 4, og efnisgeymslu í Soffíubúð eftir smygluðu áfengi eða öðru áfengi.

Þrír lögregluþjónar ásamt tollverðinum hér í bæ framkvæmdu

húsleitina að viðstöddum ákærða, og fundust við leitina 30 flöskur af víni, merktar Áfengisverzlun ríkisins, og ein flaska af Old Scotch Whisky, sem var ekki merkt Á.V.R.

Í Soffíubúð fundust 7 flöskur af víni milli lofta, en í Silfurgötu 4, 6 flöskur undir gólfi í vinnustofu ákærða. En í litlu herbergi inn af vinnustofunni var hitt áfengið. Lögreglan tók áfengið, sem fannst við leitina, í vörzlur sínar.

Tilefni húsleitarinnar var það, að fimmtudaginn 27. september var Bogi Benediktsson, skipverji á b/v Þorsteini Ingólfssyni, látinn dauðadrukkinn í fangahúsið, og hafði hann eina flösku af smygluðu áfengi meðferðis, sem hann kvaðst hafa látið kaupa hjá ákærða, og kvaðst hann einnig vita til, að fleiri menn af b/v Þorsteini Ingólfssyni hefðu keypt vín hjá ákærða. Þegar hann kom fyrir sakadóm allsgáður, kvaðst hann hins vegar ekki hafa keypt vínið hjá ákærða, en sagðist lítið muna, hvað fór milli hans og lögregluþjónanna.

Ákærði hefur gert þá grein fyrir áfengi því, er fannst hjá honum við húsleitina, að það væri allt ætlað til eigin neyzlu og hefði hann ætlað að geyma það „vegna þess að afmælið sitt sé bráðlega."

Ákærði hélt því einnig fram, að hann hefði ekkert smyglað áfengi átt og ekki selt áfengi, hvorki smyglað né ósmyglað. Fyrir sakadómi 3. október svaraði ákærði því, þegar hann var um það spurður, hvers vegna hann hefði geymt áfengi sitt falið undir gólfi og milli lofta, að hann gerði það vegna þess, að margir gangi um verkstæði sitt og efnisgeymsluna í Soffíubúð. Vilji hann ekki, að menn, sem komi til hans í margvíslegum erindum, sjái hjá honum vín.

Verjandi ákærða heldur því fram í vörn sinni, að hann hafi ekki falið áfengið a. m. k. fyrir lögreglunni. Hann hélt því fram, að ákærði hefði full borgaraleg réttindi til að kaupa áfengi frá áfengisverzluninni. Þá hefur hann fært fram þá ástæðu fyrir því, að ákærði geymi áfengi sitt í vinnustofu og efnisgeymslu, að kona ákærða sé mjög veikluð og þoli ekki áfengi á heimilinu.

Ákærði verði því, þar sem hann neyti talsverðs víns, að geyma það utan heimilis. Þá hefur verjandi haldið því fram, að ákærði hafi falið áfengið, þar eð innbrot hafi verið framið í Soffíubúð fyrir tveimur árum.

Hafi ákærði orðið að fela áfengið, fyrst hann lét það í húsið á annað borð. Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann 26. marz s.l. dæmdur í sakadómi fyrir áfengissmygl og áfengissölu, og var þá gert upptækt hjá honum vín, samtals 99 ⅓ flaska. Dómi þess-

um var áfrýjað til Hæstaréttar, en málið hefur ekki ennþá verið dæmt þar.

Áfengi það, er fannst hjá ákærða við húsleitina 28. september s.l., verður að telja óeðlilega mikið, ef það hefði verið ætlað til eigin neyzlu. Þá var geymslu áfengisins þannig háttað, að óeðlilegt verður að teljast.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað þrátt fyrir mótmæli ákærða, að hann hafi geymt fyrrnefnt vín ólöglega og að hann hafi ætlað það til sölu. Hefur ákærði með því atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða samkvæmt 42. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 35 daga fangelsi og 8000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga analogice og 69. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að gera upptækar til ríkissjóðs þær 30 áfengisflöskur, sem fundust hjá ákærða við húsleit 28. september s.l.

Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar málflutningsmanns, kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi í 35 daga og greiði 8000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Áfengi það, er fannst við húsleit hjá ákærða 28. september s.l., alls 30 flöskur, skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar málflutningsmanns, kr. 800.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 108/1954. **Páll Eyjólfsson** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
**Sigurði Péturssyni**
(Kristján Guðlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um eignarrétt að gjaldmæli í bifreið. Sönnunarbyrði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Eyjólfsson, greiði stefnda, Sigurði Péturssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1954.**

Mál þetta, sem dómtekið var 30. marz s.l., hefur Sigurður Pétursson bifreiðarstjóri, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 7. október 1952, gegn Páli Eyjólfssyni bifreiðarstjóra, Miðtúni 60 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 2148.00 ásamt 6%

ársvöxtum frá 1. október 1952 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru sem hér segir:

Með samningi, dagsettum 13. maí 1948, keypti stefnandi bifreiðina R 4302 af stefnda. Kaupverð bifreiðarinnar var ákveðið kr. 41.000.00. Samkvæmt samningnum skyldu fylgja bifreiðinni tveir varahjólbarðar á felgum, ýmis áhöld og benzínskammtur fyrir atvinnubifreiðar. Seljandi tók að sér að greiða áfallinn bifreiðaskatt. Samkvæmt samningnum og afsalsbréfi, dagsettu 14. maí, sem seljandi gaf út, er kaupverðið hafði verið greitt, lýsti hann því yfir, að engar kvaðir hvíldu á bifreiðinni. Er kaupin fóru fram, var í bifreiðinni gjaldmælir. Þenna gjaldmæli leigði stefndi af bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli samkvæmt samningi, dags. 22. október 1947. Stefnandi kveðst hafa talið fullvíst, að nefndur gjaldmælir væri í eign stefnda, þar eð stefndi var eigandi bifreiðarinnar, enda hafi stefndi ekki minnzt á annað og ekki getið þess á neinn hátt, að hann var ekki eigandi gjaldmælisins. Stefnandi hafði gjaldmæli þenna í bifreiðinni þar til sumarið 1952, er hann afhenti hann bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli. Hafði formaður félagsins tjáð stefnanda, að ekki þýddi að halda mælinum, enda var þá búið að biðja um innsetningargerð í gjaldmælinn af hálfu félagsins.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að gjaldmælirinn hafi verið tengdur við bifreiðina og seldur honum sem hluti úr bifreiðinni og verð hans innifalið í kaupverði bifreiðarinnar sjálfrar, enda hafi ekkert það, sem bifreiðinni fylgdi, verið undanskilið í kaupunum. Síðar hafi komið í ljós, að stefnanda hafi brostið heimild til að selja mælinn, og beri honum því að endurgreiða andvirði mælisins. Fjárhæð kröfu sinnar, kr. 2148.00, kveður stefnandi vera verð mælisins, eins og hann hafi verið metinn við kaupin.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að gjaldmælirinn var eign bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Kveðst hann hafa skýrt stefnanda frá því við kaupin, að gjaldmælirinn fylgdi ekki með, þar eð hann væri eign félagsins. Stefnandi hafi þá óskað eftir að fá mælinn lánaðan, ef stefndi þyrfti ekki að nota hann, og kveðst hann hafa samþykkt að lána stefnanda mælinn um mánaðarskeið. Að þeim tíma loknum, hafi hann krafið stefnanda um mælinn, en hann neitað að afhenda hann og sagt, að hann hefði fylgt með í kaupunum, sem og ætíð síðan, er hann krafði stefnanda um mælinn. Kveðst stefndi ekki

hafa gert frekar í því, á meðan ekki var skylda að hafa gjaldmæla í bifreiðum. Einnig kveður stefndi stefnanda hafa verið bifreiðarstjóra í mörg ár og vita allt um þessa mæla, þar á meðal, að þeir séu ekki eign bifreiðarstjóranna, og sé það alkunna innan stéttarinnar, enda hafi gjaldmælar aldrei verið í frjálsri sölu hér á landi. Varðandi þetta atriði kveðst stefnandi hafa vitað, að bifreiðarstjórafélagið Hreyfill afhenti alla gjaldmæla, en ekki vitað, með hvaða kjörum, en taldi víst, að þeir væru seldir, enda hefðu bifreiðarstjórar í Hafnarfirði sagt honum, að þeir hefðu keypt mæla sína.

Varðandi það atriði í samningi og afsali, að engar kvaðir hvíldu á bifreiðinni, kveður stefndi, að þar hafi verið átt við, að engar skuldir hvíldu á bifreiðinni, enda hafi hann tekið að sér að greiða áfallinn bifreiðaskatt.

Vitnið Jón Þorbergur Jóhannesson, Þingholtsstræti 13, sem kveðst hafa haft milligöngu um sölu bifreiðarinnar og ritaði undir afsalsbréfið sem vottur, hefur gefið skýrslu fyrir dómi. Hann kveðst hafa átt samtal við stefnanda, að stefnda viðstöddum, kvöldið áður en kaupsamningurinn var gerður og skýrt honum frá, að stefndi ætti ekki gjaldmælinn í bifreiðinni og fylgdi hann því ekki með í kaupunum. Vætti þetta hefur vitnið staðfest með eiði.

Lagt hefur verið fram vottorð lögfræðings þess, er ritaði kaupsamninginn, Friðjóns Skarphéðinssonar, núverandi bæjarfógeta á Akureyri. Hann kveðst ekki minnast þess, að neitt bæri á góma um gjaldmælinn í bifreiðinni, en telur ólíklegt, að hann hefði ekki látið þess getið í kaupsamningnum, ef gjaldmælirinn hefði ekki átt að fylgja með í kaupunum.

Þá hafa verið lögð fram vottorð þeirra Bjarna Björnssonar og Péturs Valdimarssonar. Báðum var þeim kunnugt, að útvarpstæki og miðstöð voru í bifreiðinni, er stefnandi keypti hana af stefnda. Bjarni, sem var með Sigurði, er hann skoðaði bifreiðina, og ók með í reynsluferð, kveðst aldrei hafa heyrt á annað minnzt en að bifreiðin seldist í því ástandi, sem hún var í, og varð þess ekki var, að stefndi minntist á, að gjaldmælir ætti ekki að fylgja með. Pétur kveður sér hafa verið kunnugt, að gjaldmælir var í bifreiðinni, er kaupin fóru fram, og kveðst ekki hafa heyrt á annað minnzt en að gjaldmælirinn hefði átt að fylgja með í kaupunum.

Þegar þetta er virt, þykir stefndi ekki hafa fært nægilegar sönnur að því gegn mótmælum stefnanda, að stefnanda hafi verið

það kunnugt, að nefndur gjaldmælir skyldi ekki fylgja með, er stefnandi keypti bifreiðina R 4302 af stefnda.

Stefndi hefur mótmælt stefnukröfunni sem of hárri og telur sér ekki skylt að greiða hærri upphæð en sem svarar verði gjaldmæla á þeim tíma, er kaupin fóru fram. Að þessu hefur stefndi þó ekki leitt frekari rök.

Samkvæmt þessu verður að taka kröfu stefnanda til greina með vöxtum, eins og krafizt er. Málskostnaður til handa stefnanda telst hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Eyjólfsson, greiði stefnanda, Sigurði Péturssyni, kr. 2148.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1952 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 157/1956. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Gunnari Valdimar Hjartarsyni**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi og líkamsáverkar, brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sakaratriðum máls þessa er rétt lýst í héraðsdómi, og varða brot ákærða við refsiákvæði, sem þar eru greind. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valdimar Hjartarson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 8. september 1956.**

Ár 1956, laugardaginn 8. september, klukkan 10, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af settum sýslumanni, Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 8/1955, ákæruvaldið gegn Gunnari Valdimar Hjartarsyni, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans gegn Gunnari Valdimar Hjartarsyni vinnumanni, til heimilis að Hærra-Rauðsdal, fyrir brot, er varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa þriðjudaginn 12. júlí 1955 ekið bifreiðinni B 170 hratt og ógætilega frá Hamri á Barðaströnd áleiðis að Hvammi með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt skammt frá Hamri og tvær konur, sem í henni voru, slösuðust, önnur, Ólöf Guðmundsdóttir, Hvammi, svo mjög, að hún lézt, en hin Hákonía Jóhanna Gísladóttir, húsfreyja að Hvammi, skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í greindu tilfelli flutt alls 6 farþega í bifreiðinni, þar af tvo í framsæti, þótt eigi sé heimilt að flytja í henni fleiri en þrjá farþega auk ökumanns og þar af eingöngu einn farþega hjá honum.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum og til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Hærra-Rauðsdal 17. janúar 1923. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 12. júní 1955, um kl. 18, ók ákærði bifreiðinni B 170, sem er jeppabifreið, skráð fyrir 3 farþega, frá Hamri á Barðaströnd áleiðis að Hvammi, sem er næsti bær innan við Hamar. Hjá honum í framsæti voru tvær fullorðnar konur, Hákonía Jóhanna Gísladóttir og Ólöf Guðmundsdóttir, en í aftursætinu var ein 18 ára stúlka, Þuríður Matthildur Karlsdóttir, og 3 stálpuð börn. Skammt fyrir innan Hamar beygir vegurinn lítilsháttar til vinstri, miðað við inneftir ferð. Á þessum stað virðist bifreiðin hafa steypzt með þeim afleiðingum, að húsið brotnaði af henni og farþegarnir hentust allir úr henni og hún snerist við á veginum og stöðvaðist þar á hjólunum og sneri í gagnstæða átt við það, sem henni hafði verið ekið í. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, sat þar í henni við stýrið, er hann rankaði við sér eftir slysið.

Við þenna atburð meiddist farþeginn Ólöf Guðmundsdóttir svo, að hún andaðist rétt á eftir. Hákonía Jóhanna Gísladóttir skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost. Aðrir farþegar virðast hafa meiðzt lítið eða ekkert. Sjálfur meiddist ökumaður nokkuð á höfði.

Upplýst virðist, að ökumaðurinn hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann kveðst hafa verið vel sofinn og að öllu leyti vel fyrir kallaður, en fremur óvanur akstri.

Hann telur, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 23—25 enskar mílur, miðað við klukkustund, er slysið varð, og hafi bifreiðin verið í þriðja ganghraðastigi.

Hann lýsir atburðinum á þessa leið:

„Rétt eftir að hann hafði komið yfir dálitla beygju á veginum, hafi bifreiðin lent í holu eftir stein, sem hefillinn hafi fært til. Hafi bifreiðin þá orðið óstöðug í rásinni og farið eins og að hoppa og kastast til. Kveðst hann þá hafa stigið á hemlana með þeim afleiðingum, að bifreiðin steyptist."

Hann segir, að vegurinn hafi verið þurr malarvegur, nýheflaður og þar af leiðandi mjög laus.

Vitnið Hákonía Jóhanna Gísladóttir segir, að sér hafi ekki fundizt ekið hart. Henni fannst bíllinn óstöðugur á veginum, rétt áður en slysið varð, og segir, að ökumaður hafi þá snúið snöggt til vinstri. Henni fannst bílstjórinn ekki ráða við bílinn. Hún telur líklegt, að bílstjórinn hafi hemlað. Hún skynjaði ekki, hvernig bíllinn valt, og telur líklegt, að yfir sig hafi liðið.

Vitninu Þuríði Matthildi Karlsdóttur, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, fannst ekki ekið mjög hratt. Hún skynjaði ekki, hvernig bíllinn steyptist.

Vitnið Samúel Bjarnason, 17 ára, sem horfði á aksturinn inn Hamarshlíðina og inn um beygjuna, kveðst hafa gizkað á, að ökuhraðinn hafi ekki verið mikið yfir 30—40 km á klukkustund. Hann sá ekki slysið.

Dómarinn athugaði veginn daginn eftir slysið. Hann er ca 5 metra breiður, upphleyptur malarvegur, sléttur og láréttur, nýheflaður, en virðist ekki mjög laus. Á einstaka stað voru lausir smásteinar, og sjá mátti smáójöfnur á stöku stað, þar sem steinn hafði dregizt til undir hefiltönninni. Að áliti dómarans var vegurinn góður til aksturs. Beygjan á veginum er svo lítil, að auðvelt er að aka hana á allmiklum hraða.

Það er útlit fyrir, að bifreiðin hafi ekki verið í góðu lagi. Bifreiðaskoðunarmaðurinn Árni Bæringsson kemst að þeirri niðurstöðu, að mikið slit hafi verið í stýrisgangi hennar. Honum virðist, að á vinstri afturhjóli hafi verið of laust hertar saman burðarlegur, og þar af leiðandi muni hafa getað verið eitthvað lítið kast á hjólinu.

Viðgerðarmaðurinn Erlendur Magnús Hjartarson telur líklegt, að stýrisútbúnaður bifreiðarinnar hafi ekki verið góður fyrir slysið.

Þar sem húsið brotnar alveg af bifreiðinni og hendist alllangt í burtu, en bifreiðin stendur öfug á veginum eftir slysið, virðist augljóst, að hún hefur steypzt á veginum og síðan oltið á hjólin, um leið og húsið þeyttist af henni. Er það álit dómarans, að þetta hefði ekki getað skeð með tilliti til hleðslu bifreiðarinnar, nema hún hefði verið á mikilli ferð, og þar sem ökuskilyrðin virðast hafa verið góð og engin sú misfella á veginum, sem við eðlilegan akstur gat valdið slysinu, verður að telja víst, að of hart hafi verið ekið eftir aðstæðum og hæfni ökumanns, og mjög líklegt, að ökumanni hafi fatazt stjórnin verulega.

Þar að auki virðist upplýst, að bifreiðin hafi ekki verið í fullkomnu lagi fyrir slysið.

Þetta athæfi varðar við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Í bifreiðinni voru of margir farþegar, og varðar það við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 38. gr. sömu laga.

Þar sem konan Ólöf Guðmundsdóttir beið bana af völdum slyssins, hefur ákæruvald gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, en þar sem Hákonía Jóhanna Gísladóttir skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost, þá þykir ákærði einnig hafa gerzt brotlegur við 219. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða varðhald.

Þá þykir og rétt með hliðsjón af 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrl., kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Valdimar Hjartarson, sæti 4 mánaða varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 40/1957. **Þorvaldur Stephensen**

gegn

**Oddi Helgasyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 25. f. m., sem barst Hæstarétti 7. þ. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, enda verður málskostnaðarákvæði hans eigi haggað, þar sem það hefur eigi verið kært með löglegum hætti.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja málskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorvaldur Stephensen, greiði varnaraðilja, Oddi Helgasyni, kr. 500.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., hefur Þorvaldur Stephensen, Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 13. apríl 1956, gegn Oddi Helgasyni, Þingholtsstræti 34, Reykjavík.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að gefa sér fullnægjandi reikningsskil vegna viðskipta aðilja frá árinu 1947 til útgáfudags stefnunnar, 7. maí 1956, að viðlögðum dagsektum, svo og til að greiða sér þá fjárhæð, sem fullnægjandi reikningsskil sanna, að hann eigi inni hjá stefnda, ásamt vöxtum svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt þess, aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá hefur hann einnig krafizt málskostnaðar eftir mati dómarans.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að stefnukröfur stefnanda séu ekki nægilega ákveðnar.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í þessum þætti málsins.

Stefnandi hefur skýrt frá málavöxtum í sáttakæru á þessa leið:

„Viðskipti okkar Odds hófust aðallega á árinu 1947, og hafði hann þá með höndum ýmsar greiðslur mín vegna, þar eð ég dvaldi erlendis, sem ég innti svo aftur af höndum til hans gegnum margs konar viðskipti, auk þess sem ég lánaði honum fé til tryggingar

vegna togarakaupa o. fl., sem hann hefur ekki fengizt til að greiða mér vexti af. Enn fremur hafði ég umboð fyrir Boston Deepsea Fishing and Ice Co. Ltd í Fleetwood, þannig að félagið greiddi mér umboðslaun af fiskförmum íslenzkra botnvörpunga og annarra fiskflutningaskipa, sem seldir voru í Bretlandi á vegum félagsins, enda hafði ég milligöngu um þau viðskipti. Samdist svo um með okkur Oddi á árinu 1948, að hann tæki við milliliðastarfi mínu vegna brottfarar minnar af landinu, enda fengi hann 55% af umboðslaununum, en ég 45% af þeim. Fullnægjandi reikningsskil hef ég aldrei fengið vegna þessara viðskipta, en mér er kunnugt um, að Oddur telur inneign mína nema vegna allra viðskipta okkar ca kr. 10 þúsund, en hefur þá skuldað mig fyrir ýmsum liðum ranglega, svo sem kr. 30 þúsund vegna trollhlera, sem á sínum tíma voru fluttir til Færeyja með b/v Forseta, er Kristján nokkur Lárusson átti, en hlerana keypti ég aldrei, og munu þeir liggja ennþá í Færeyjum, þar sem Oddur bað mig um að reyna að selja þá, sem ekki tókst.

Ég geymi mér allan rétt til að gagnrýna einstaka liði á fullnægjandi reikningsyfirliti, sem lagt kann að vera fram af hálfu Odds, svo sem ýmsar greiðslur, sem ég kann að vera skuldaður fyrir í heimildarleysi.

Ég seldi togarann Viðey á árinu 1947 Odds vegna til Stykkishólms, fór þangað vestur og greiddi kostnað af ferðinni. Til þess að greiða fyrir sölunni tók ég kr. 10.000.00 hlut í því félagi, sem togarann keypti, og gerði ég það til þess eins að greiða fyrir sölunni. Dreg ég í vafa, að ég hafi fengið reiknuð eðlileg sölulaun og kostnað vegna sölunnar, nema því aðeins, að mér sé reiknaður fullur hlutur, sá er að ofan greinir, og þannig mætti lengi telja."

Frekari grein fyrir viðskiptum aðilja hefur stefnandi ekki gert.

Í málavaxtalýsingu sinni kveður stefnandi viðskipti aðilja aðallega hafa hafizt á árinu 1947 og hafi stefndi þá haft með höndum ýmsar greiðslur fyrir sig. Auk þess kveðst hann hafa selt togara á árinu 1947 á vegum stefnda. Í sáttakæru, stefnu og greinargerð krefst stefnandi reikningsskila „frá árinu 1947" án þess að greina það nánar. Af skjölum þessum verður hins vegar ekki ráðið, svo öruggt sé, við hvaða tímamark stefnandi á, þegar hann talar um „reikningsskil frá árinu 1947". Bar honum þó að tilgreina tímamark þetta eins nákvæmlega og hann gat.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði skyldaður til að gefa reikningsskilin að viðlögðum dagsektum. Ekki tilgreinir hann þó fjárhæð dagsektanna né, hvert þær eigi að renna.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða

sér þá fjárhæð, sem „fullnægjandi" reikningsskil sanna, að hann eigi inni hjá stefnda. Vaxta krefst hann af fjárhæðinni, en getur þess hvorki í sáttakæru né stefnu, frá hvaða tíma hann krefst þeirra eða hversu háa vexti hann vill fá tildæmda. Það er fyrst í greinargerð, sem hann tiltekur þetta.

Þessi fjárkrafa stefnanda er skilyrt og svo óákveðin, að ekki þykir unnt að leggja dóm á hana.

Þegar málatilbúnaður stefnanda er virtur í heild, verður að telja kröfur hans svo óljósar og málsútlistun hans svo ófullkomna, að ekki verður hjá því komizt að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum málalokum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mikilla anna við borgardómaraembættið.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þorvaldur Stephensen, greiði stefnda, Oddi Helgasyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 31/1957. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði

úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þannig að lögtak verði heimilað til tryggingar útsvari áfrýjanda árið 1954, að eftirstöðvum kr. 397.756.31, ásamt dráttarvöxtum lögum samkvæmt frá 1. september 1956 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður áfrýjanda hefur lýst því hér fyrir dómi, að af hans hálfu hafi verið viðurkennt í flutningi málsins í héraði, að arður áfrýjanda af skiptum við utanfélagsmenn hafi í Reykjavík árið 1953 numið kr. 726.941.43, en að hann hafi haldið því fram, að frá þeirri fjárhæð beri að draga, áður en útsvar væri á lagt, tap af sams konar viðskiptum útibús eða útibúa áfrýjanda á Akureyri sama ár, kr. 399.697.74. Sé því ofsagt í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, að ekki hafi verið mótmælt af hálfu áfrýjanda, að útsvarsskyldar tekjur hans árið 1953 hafi í Reykjavík numið kr. 726.941.43. Í Hæstarétti hefur og málflutningur, eins og í héraði, snúizt um það, hvort framangreindur frádráttur væri heimill.

Þegar atvinnurekandi hefur útibú utan heimilissveitar sinnar, má samkvæmt a-lið 3. mgr. 8. gr. útsvarslaga nr. 66/1945 leggja útsvar á útibúið í því sveitarfélagi, þar sem það er staðsett, enda má þá ekki leggja útsvar að því leyti á atvinnurekandann í heimilissveit hans. Af ákvæði þessu leiðir, að álagning útsvars á atvinnurekandann annars vegar og útibúið hins vegar verður að ákveða af útsvarsyfirvöldum á hvorum stað, miðað við rekstur og aðrar ástæður þessara útsvarsaðilja hvors um sig á útsvarsárinu. Í 6. gr. A II 2. tölulið greindra útsvarslaga segir, að samvinnufélög greiði útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Tekur því fyrrgreint ákvæði í a-lið 3. mgr. 8. gr. laganna um sjálfstæða álagningu útsvars á atvinnurekanda og útibú hans einnig til samvinnufélaga, en þó með þeirri takmörkun, að útsvar má á hvorugum staðn-

um fara fram úr arði, sem leitt hefur af skiptum útsvarsaðiljans við utanfélagsmenn á útsvarsárinu. Samkvæmt þessu var heimilt, eins og á stóð, að ákveða útsvar áfrýjanda í Reykjavík án tillits til þess taps, sem varð á rekstri útibús hans eða útibúa á Akureyri útsvarsárið 1953. Og þar sem ekki er ágreiningur að öðru leyti um ákvörðun útsvarsins, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Framkvæmd lögtaks er heimiluð fyrir kr. 397.756.31 ásamt lögmæltum dráttarvöxtum frá 1. september 1956 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað í Hæstarétti, kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 1. febrúar 1957.**

Við aukaniðurjöfnun í desembermánuði 1955 var gjörðarþola, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga hér í bæ, gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1954 kr. 998.560.00. Gjörðarþoli kærði útsvarsálagningu þessa, og lækkaði ríkisskattanefnd útsvarið með úrskurði 6. ágúst 1956 í kr. 725.000.00. Á árinu 1954 hafði gjörðarþoli greitt upp í útsvar þess árs með skuldajöfnuði kr. 301.699.70, og var því útsvarið að eftirstöðvum kr. 423.300.30. Þar eð gjörðarþoli hefur neitað að greiða útsvarsskuld þessa, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara í eignum gjörðarþola til tryggingar ofangreindri útsvarsskuld ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Gjörðarþoli hefur mótmælt útsvarskröfu gjörðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gjörðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir gjörðarþoli á því, að útsvarið sé of hátt, miðað við tekjur hans af utanfélagsviðskiptum á árinu 1953, og að þær greiðslur, sem hann þegar hafi innt af hendi upp í útsvar 1954, væru full greiðsla á útsvarinu, ef það hefði verið réttilega ákvarðað, miðað við raunverulegar tekjur S.Í.S. á umræddu ári af utanfélagsviðskiptum. Ríkisskattanefnd hafi, er hún úrskurðaði útsvarsupphæðina, kr. 725.000.00, miðað eingöngu við tekjur gjörðarþola af utanfélagsviðskiptum hér í bæ á árinu 1953, er voru kr. 726.941.43, en ekki, eins og nefndinni hefði þó borið, dregið frá þeirri upphæð tap gjörðarþola á sams konar viðskiptum á Akureyri á því ári, en það hafi numið kr. 399.697.74. Hinar raunverulegu tekjur gjörðarþola, sem heimilt hafi verið að leggja á, hafi því verið kr. 327.243.69. Og þar eð gjörðarþoli hafi áður greitt upp í útsvar 1954 kr. 301.699.70 og nú til viðbótar kr. 25.543.90, eða samtals kr. 327.243.69, þá sé að fullu greidd hin löglega útsvarsupphæð í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 29. nóvember 1955. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar. Telur gjörðarþoli, að sá skilningur ríkisskattanefndar, að tap hans á utanfélagsviðskiptum á Akureyri eigi ekki að koma hér til frádráttar, sé bersýnilega rangur, því að ef útsvar samvinnufélags fari fram úr hreinum arði félagsins af viðskiptum við utanfélagsmenn, sé verið að skerða eign félagsins eða skerða arð þess af félagsmannaviðskiptum, en slíkt sé fortakslaust óheimilt samkvæmt áðurgreindum hæstaréttardómi. Skipti að sjálfsögðu engu máli, hvar á landinu tap kunni að vera á utanfélagsmannaviðskiptum. Það eigi að koma til frádráttar ágóða, sem kunni að verða annars staðar, þegar til uppgjörs komi og hreinn arður slíkra viðskipta sé fundinn.

Gjörðarbeiðandi hefur eindregið mótmælt framangreindum sjónarmiðum gjörðarþola. Hefur hann við munnlegan flutning málsins haldið því fram og því ekki verið mótmælt af gjörðarþola, að útsvarsskyldar tekjur gjörðarþola hér í bæ árið 1953 hafi numið kr. 726.941.43. Hafi ríkisskattanefndin því haldið sér innan löglegra marka samkvæmt áðurgreindum hæstaréttardómi, er hún ákvarðaði útsvar gjörðarþola kr. 725.000.00, enda fái það ekki staðizt, er gjörðarþoli dragi frá tekjum sínum hér af utanfélagsviðskiptum á árinu 1953 tap sitt á sams konar viðskiptum fyrirtækja sinna á Akureyri á sama ári, þar eð þau fyrirtæki séu sjálfstæður útsvarsgjaldandi á Akureyri, eins og sjá megi af gögnum málsins, og hafi verið það lengi. Sá skilningur ríkisskattanefndar, að tap á fyrirtækjum gjörðarþola á Akureyri eigi ekki að koma til frádráttar við ákvörðun útsvars gjörðarþola hér,

sé því réttur, enda eigi hann ótvíræða stoð í 8. gr., 3. mgr., a., útsvarslaganna um útibú. Ríkisskattanefnd hafi því ákvarðað útsvar gjörðarþola síður en svo of hátt, heldur nokkru lægra en nemur útsvarsskyldum tekjum gjörðarþola af skiptum hans við utanfélagsmenn hér. Beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Eins og fram kemur af því, sem sagt hefur verið hér að framan, er það in confesso í máli þessu, að tekjur gjörðarþola af skiptum hans hér í bæ við utanfélagsmenn námu á árinu 1953 kr. 726.941.43, og er ekki um það deilt, að útsvar það, er um ræðir, hafi verið ákvarðað innan löglegra marka, ef við þessa upphæð er miðað. Hins vegar hefur gjörðarþoli haldið því fram, að er ríkisskattanefnd ákvarðaði útsvarið, hafi henni borið að draga frá ofangreindum tekjum tap gjörðarþola á sams konar viðskiptum hans á Akureyri á sama ári, en það hafi numið kr. 399.697.74. Hinar raunverulegu tekjur gjörðarþola, sem heimilt hafi verið að leggja á hér, hafi því eigi numið meiru en kr. 327.243.69. Útsvarið fari því fram úr hreinum arði gjörðarþola af viðskiptum við utanfélagsmenn, en slíkt sé fortakslaust óheimilt samkvæmt hæstaréttardóminum 29. nóvember 1955. Á þetta sjónarmið gjörðarþola getur rétturinn eigi fallizt. Eins og gögn málsins bera ótvírætt með sér, eru fyrirtæki gjörðarþola á Akureyri sjálfstæður útsvarsgjaldandi þar á staðnum, enda gert að greiða þar útsvar fyrir ár 1954. Við ákvörðun útsvars þessa gjaldanda á Akureyri hefur að sjálfsögðu, sem annars staðar, verið farið eftir hinum almennu reglum í 4. gr. útsvarslaganna um fjárhagsafkomu gjaldanda á árinu áður, meðal annars gróða eða tap, og útsvarsupphæðin farið eftir því. Það fær því eigi staðizt að áliti réttarins, að tap fyrirtækja gjörðarþola á Akureyri hefði átt að koma til frádráttar tekjum gjörðarþola af utanfélagsviðskiptum hans hér. Enda er réttinum ekki kunnugt neitt fordæmi slíkrar millifærslu, hvorki um tap eða ágóða í svipuðum tilfellum og hér er um að ræða. Rétturinn verður því að fallast á það sjónarmið gjörðarbeiðanda, að ríkisskattanefnd hafi ákvarðað umrætt útsvar innan réttra marka að lögum og að það hafi því réttilega verið á lagt. Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar á ábyrgð gjörðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gjörðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Málskostnaðarkrafa gjörðarþola er eigi tekin til greina.

---

Mánudaginn 25. marz 1957.

Nr. 183/1953. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Henri Devriendt** (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson bæjarfógeti og samdómendurnir Páll Þorbjarnarson og Þorsteinn Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð. Álitsgerð hefur gefið í málinu Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans. Álitsgerð hefur og gefið Jos. Legrand siglingafræðingur. Loks hafa dómkvaddir menn, þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari, Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, og Jóhannes Snorrason yfirflugstjóri, samið álitsgerð um málið.

Svo sem í héraðsdómi greinir, voru gerðar tvær staðarákvarðanir yfir togara ákærða hinn 22. júlí 1953. Hin fyrri var framkvæmd kl. 20,35. Flaug þá löggæzluvélin frá togaranum og til lands í miðinu Hofsfjall ber um Salthöfða, og var um leið mældur tíminn, sem flugið tók frá togaranum og upp að ströndinni. Reyndist staður togarans samkvæmt því vera um 2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin. Síðari staðarákvörðunin var gerð kl. 20,45. Var staður togarans þá fundinn með tveimur staðarlínum, miði og láréttri hornmælingu, en þessar tvær aðferðir eru taldar öruggar.

Sem mið notuðu gæzlumennirnir tvo þríhyrningamælistaði, Hofsfjall fyrir bakpunkt og Salthöfða fyrir forpunkt miðsins. Þríhyrningamerkin (hátindana) bar eigi nákvæm-

lega saman, en hátindinn á Hofsfjalli bar um sjálfan Salthöfðann. Frá því gæzlumenn sáu fyrst togara ákærða í miðinu, hafði hann siglt suðaustlæga stefnu. Hefur nú Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og svo hinir dómkvöddu menn markað á sjóuppdrætti staðarákvörðun togarans á tvennan hátt, í fyrsta lagi þannig, að hátindana ber saman í miðinu og í öðru lagi þannig, að hátindinn á Hofsfjalli beri um austurrætur Salthöfða, en það verður að telja yztu takmörk miðsins. Milli þessara tveggja staða hlýtur skipið samkvæmt mælingu gæzlumanna hafa verið statt kl. 20,45. Samkvæmt afmörkun Friðriks V. Ólafssonar skólastjóra er fyrrnefndi staðurinn 1,5 sm og hinn síðari 1,1 sm innan við fiskveiðimörkin, og samkvæmt afmörkun hinna dómkvöddu manna er fyrrnefndi staðurinn 2,0 sm og hinn síðari 1,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Hinir dómkvöddu menn telja mismun þann, sem er á afmörkun þeirra og skólastjórans, stafa sennilega af mismunandi gerð sjókorta.

Bæði skólastjórinn og hinir dómkvöddu menn telja, að staðarákvörðunin, sem gerð var með flugi til strandarinnar kl. 20,35, styðji niðurstöðu mælinganna kl. 20,45, þótt aðferðin kl. 20,35 sé eigi eins traust og aðferðir þær, sem notaðar voru við staðarákvörðunina kl. 20,45.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi.

Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum.

Ákærði hefur því gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur var uppkveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Það athugast, að réttara hefði verið af löggæzlumönnum að endurtaka staðarákvarðanirnar og skiptast á um að framkvæma þær.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Henri Devriendt, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 8000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyjakaupstaðar 3. október 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 1. þ. m., höfðað gegn Henri Devriendt, fyrrverandi skipstjóra, nú stýrimanni í Ostende, fyrir meint brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum miðvikudaginn 22. júlí s.l., milli klukkan 20 og 21, út og austur af Ingólfshöfða, 1,3 sjómílur innan fiskveiðimarkalínunnar, samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/ 1920, sbr. lög nr. 5/1951, og verði jafnframt dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Henri Devriendt, er fæddur í Ostende 8. maí 1928 og hefur ekki sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi, svo kunnugt sé.

Á áliðnum degi, á þriðjudag hinn 29. f. m., bárust Landhelgisgæzlunni fréttir um, að togarinn Van Dyck, O. 298, myndi leita til hafnar í Vestmannaeyjum þá um daginn með veikan mann, er hann hefði um borð. Lét Landhelgisgæzlan á fimmta tímanum umræddan dag tilkynna lögreglustjóra, að togarans væri að vænta, og óskaði jafnframt eftir, að togarinn yrði kyrrsettur vegna 3ja óafgreiddra kæra, er lægju fyrir á togara þenna. Í samráði við Dómsmálaráðuneytið var síðan ákveðið að kyrrsetja skipið, ef

það kynni að leita hér hafnar. Kl. um 5 e. h. kom skipið á víkina og lagðist við bryggju kl. um 6 e. h. Var skipið þá þegar kyrrsett og skipstjóra tilkynnt, að réttarrannsókn yrði hafin út af kærum á nefnt skip vegna landhelgisbrota. Skipstjóri og stýrimaður komu fyrir dóm þá um kvöldið, og kom þá í ljós, samkvæmt frásögn þeirra, að engin dagbók var til um borð í skipinu. Hins vegar afhentu þeir skipshafnarskrá, er hófst 8. júní s.l., og sýndi hún, að frá þeim tíma og þangað til 5. ágúst hafði ákærði í máli þessu gegnt skipstjórn á skipinu, en nú gegndi hann stýrimannsstöðu. Hins vegar hafði skipstjórinn, Henricus Boeyden, gegnt stýrimannsstörfum, meðan ákærði var skipstjóri.

Ein af ákærum Landhelgisgæzlunnar snerist um landhelgisbrot, sem átti að hafa verið framið 22. júlí s.l., eða meðan ákærði var skipstjóri á skipinu, og skal hún nú rakin nánar.

Miðvikudaginn 22. júlí 1953, kl. 18.29, var farið í gæzluflug með flugvélinni TF-ISH, Gljáfaxa, frá Reykjavík. Með flugvélinni voru af hálfu Landhelgisgæzlunnar þeir Þórarinn Björnsson skipherra og Guðmundur Kjærnested stýrimaður. Flogið var austur með landi út og austur af Ingólfshöfða. Sást togari grunsamlega nærri landi. Kl. 20.35 var flogið yfir togarann, sem var að toga með stjórnborðsvörpu í sjó og hélt í suðaustlæga stefnu. Var hann í miðinu Hofsfjall $\neq$ $\triangle$ Salthöfða. Í þessu miði var flogið upp á land með 115 sjómílna hraða á klukkustund, og reyndist flugtíminn frá togaranum að fjöruborði 2 mínútur og 1 sekúnda, og gefur það stað togarans 2,0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Var nú snúið við og haldið aftur út að togaranum og eftirfarandi staðarákvörðun gerð kl. 20,45 yfir honum, en hann hélt svipaðri stefnu og áður.

Hofsfjall rétt laust við $\triangle$ Salthöfða, og
Hofsfjall
Rákartindur, $> 41^\circ\ 43'$

og gefur þetta stað togarans 1,3 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Voru síðan nokkrar myndir teknar af togaranum.

Athuganirnar og mælingarnar voru gerðar af Guðmundi Kjærnested stýrimanni undir umsjá og með aðstoð Þórarins Björnssonar skipherra. Báðir hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest ofanritaða skýrslu, og báðir tóku þeir fram fyrir dóminum, að þeir hafi auðveldlega greint númer togarans, og hafi það verið O. 298. Einnig hafa báðir staðfest það fyrir dómi, að þeir hafi séð togvíra togarans stjórnborðsmegin. Annað vitnið, Guðmundur Kjærnested, kvaðst hafa greint stafina NV á reykháf skipsins.

Ákærði hélt því fram, að verið gæti, að hann hefði verið að veiðum á togaranum Van Dyck, O. 298, á þessum slóðum hinn 22. júlí s.l. Hins vegar neitaði hann því eindregið, að hann hafi verið að fiska með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna. Og byggði hann það á ratsjármælingum sínum, er hefðu sýnt, að hann hefði jafnan verið að toga utan landhelgi. Auk þess bendir ákærði á, að milli staðarins, sem flugvélin athugaði kl. 20,35, og staðarins, sem hún athugaði kl. 20,45, sé 9/10 hluti úr sjómílu, en skip sitt gangi í hæsta lagi 4 sjómílur á klukkustund undir togi, og geti það því ekki farið þessa vegalengd á 10 mínútum, hafi það verið að toga. Hljóti þarafleiðandi, að um annað skip hafi verið að ræða, er flugvélin hafði séð. Tvær af myndunum úr flugvélinni lágu frammi í réttinum og voru sýndar ákærða, og kvaðst hann ekki þekkja skipið og tók fram, að mörg skip væru af líkri gerð. Kvaðst hann einnig ekki sjá neina upphafsstafi á myndunum.

Að gefnu tilefni tók ákærði fram, að engin dagbók væri um borð í skipinu frá þessum tíma.

Núverandi skipstjóri, Henricus Boeyden, sem hafði verið stýrimaður skipsins hinn 22. júlí, kom fyrir dóm sem vitni. Aðspurður kvaðst hann fyrst ekki muna, hvar skipið hefði verið statt þenna dag, en síðar, eftir að hafa skoðað sjókort, taldi hann, að skipið hefði verið statt útundan Alviðru, en síðar kvaðst hann ekki viss um, að hann hefði verið á þeim stað þenna dag. Honum voru sýndar myndirnar af skipinu, og sagði hann, að þær væru af skipi af sömu gerð og sitt skip, en lét þess jafnframt getið, að mörg skip væru til af sömu gerð. Vitnisburð sinn vildi hann ekki staðfesta með eiði.

Vélstjóri skipsins, André Schallier, kom einnig fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið vélstjóri á togaranum 22. júlí s.l. Upplýsti hann, að samkvæmt véladagbók skipsins, sem lá frammi í réttinum, að hinn 22. júlí s.l. hefði verið togað í 23 tíma og 1 tíma legið kyrrt. Honum voru sýndar myndirnar, sem flugvélin tók af togaranum, og kveður hann myndirnar vera af skipi af sömu gerð og Van Dyck, en útgerðarfélag þeirra eigi 4 slík skip, og fleiri af sömu gerð væru til í Englandi. Hann sagði, að skipið gengi 12 sjómílur á klukkustund, er það væri laust, en um toghraða vissi hann ekki, og tók fram, að honum réði skipstjórinn.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hafa tvö vitni, sem bæði eru starfsmenn Landhelgisgæzlunnar, borið það, að þau hafi séð greinilega umdæmisbókstafi togarans, og hafi þeir verið O. 298, og virðist þar með sannað, að um skip ákærða var að ræða, enda

hefur hann ekki mótmælt því, að skip sitt hafi verið á veiðum á þessum slóðum, þótt hann hins vegar hafi haldið því fram, að skipið hafi áreiðanlega verið utan fiskveiðitakmarkanna. Framburður umræddra vitna er einnig styrktur með myndunum, sem fyrir liggja af skipinu. Bæði þessi vitni báru það einnig, að togarinn hafi verið að botnvörpuveiðum, og hafi þau séð togvírana stjórnborðsmegin. Engin ástæða sýnist til að véfengja framburð þeirra að þessu leyti. Mælingarnar, sem staðarákvarðanirnar eru byggðar á, voru framkvæmdar af vönum mönnum, en ljóst er, að fyrri staðurinn er ekki jafnnákvæmur og sá síðari, þar eð fyrri staðurinn er ákveðinn af flughraða og klukku, en sá síðari með miði og horni, mældu með sextant, og verður hann að teljast örugg staðarákvörðun.

Með hliðsjón til framanritaðs verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á togaranum Van Dyck, O. 298, miðvikudaginn 22. júlí s.l. innan fiskveiðitakmarkanna. Hefur hann þar með brotið gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952. Togarinn Van Dyck, O. 298, er að stærð 567,87 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 pappírskrónum. Þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 80.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er greiðast skal innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómsorð:

Ákærði, Henri Devriendt, greiði kr. 80.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa og sæti ella 7 mánaða varðhaldi.

Svo greiði og ákærði allan kostnað sakarinnar, og þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 400.00, til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. marz 1957.

Nr. 189/1955. **Guðlaugur Ásgeirsson**

gegn

**Bæjarsjóði Reykjavíkur.**

Útivistarmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 29. marz 1957.

Nr. 33/1957. **Oddur Helgason**

gegn

**Guðmundi Benediktssyni.**

Útivistarmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Oddur Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðmundi Benediktssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 1. apríl 1957.

Nr. 86/1953. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)
gegn
**Karel Bondvelle** (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Botnvörpuveiðabrot.

## Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð. Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur gefið álitsgerð í málinu. Álitsgerð hefur og gefið Jos. Legrand siglingafræðingur. Loks hafa dómkvaddir menn, þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari, Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, og Jóhannes Snorrason yfirflugstjóri, samið álitsgerð um málið.

I.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf forstjóra Landhelgisgæzlunnar til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 1953, þar sem segir, að togarinn O. 297 hafi hinn 30. janúar s. á. verið að togveiðum á 63° 45'2 n. br. og 17° 18'4 v.lg., en það sé um 3.8 sm innan fiskveiðitakmarkanna á þeim stað. Þá segir og í bréfinu, að nákvæm skýrsla um athugun og staðsetningu togarans liggi fyrir, ef á þurfi að halda. Skýrsla þessi var lögð fram í héraðsdómi. Samkvæmt henni var staður löggæzluvélarinnar yfir togara ákærða kl. 16.10 nefndan dag ákvarðaður með kompásmiðun af Súlnatindi og hornmælingu milli Lómagnúps og Knappa í Öræfajökli, sem hvort tveggja eru þríhyrningamælistaðir. Kompásmiðunina framkvæmdi forstjóri Landhelgisgæzlunnar, en mælinguna þaulæfður mælingamaður. Friðrik V. Ólafsson skóla-

stjóri hefur markað þessar mælingar á sjókort, og reyndist staður togarans samkvæmt því um 4.3—4.4 sm innan fiskveiðimarkanna. Hinir dómkvöddu menn hafa einnig markað staðinn á sjókort, og er hann eftir þeirri mörkun um 4.4 sm innan fiskveiðimarkanna. Bæði skólastjórinn og hinir dómkvöddu menn hafa dregið í sjókort hringferil, sem samsvarar horni því, sem mælt var, og liggur hann allur innan fiskveiðimarkanna. Þar sem hringferillinn er næst fiskveiðimörkunum er fjarlægð hans frá þeim 1.5 sm samkvæmt mörkun skólastjórans og 1.8 sm samkvæmt mörkun hinna dómkvöddu manna.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvörðun löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum. Með þessum verknaði hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

II.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og hinir dómkvöddu menn hafa markað á sjókort stað varðskipsins Þórs kl. 12.10 hinn 25. apríl 1953 samkvæmt mælingum yfirmanna varðskipsins og komizt að raun um, að hann var alllangt innan fiskveiðimarkanna vestan Ingólfshöfða. Á nefndum tíma var togari ákærða staddur landmegin við beina línu frá varðskipinu í Ingólfshöfða og því einnig innan fiskveiðimarkanna.

Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna segir enn, að þrátt fyrir það þótt mælingar varðskipsmanna kl. 12.18 téðan dag sýni eigi nákvæmlega stöðu varðskipsins á þeim tíma, liggi hringferlar þeirra horna, sem þá voru mæld, allir innan fiskveiðimarkanna og sýni, að varðskipið hefur verið þá innan nefndra marka og togarinn einnig innan sömu marka, þar sem hann bar í Ingólfshöfða frá varðskipinu.

Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi verið innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, er undir II segir, en neitar, að hann hafi verið þar að veiðum, heldur hafi hann farið þangað til að gera við botnvörpu og gera að fiski. Eigi er

sannað, að hann hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna á nefndum tíma, og ber því einungis að dæma honum refsingu samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920.

III.

Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra vegna brots ákærða 30. janúar 1953 og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Það athugast, að réttara hefði verið af löggæzlumönnum að endurtaka staðarákvarðanirnar 30. janúar 1953 og skiptast á að framkvæma þær.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karel Bondvelle, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. apríl 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Karel Bondvelle, skipstjóra á belgiska botnvörpuskipinu Rubens, O. 297, frá Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 28. apríl s.l. fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara 30. janúar 1953 út af Vestari Melós, um 3,8 sm innan markalínunnar, samkvæmt 1. gr.

reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, svo og fyrir brot á framangreindum lagagreinum, en til vara brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum eða með ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgislínu 25. þ. m., kl. 11.00 til 12.00, undan Skeiðarárósum. Er þess krafizt, að nefndur ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Karel Bondvelle, skipstjóri á b/v Rubens, O. 297, er kominn á sakhæfisaldur, fæddur 17. maí 1914, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt neinni kæru eða refsingu áður hér á landi.

Atvik málsins eru sem hér segir:

1.

Föstudaginn 30. janúar 1953 tilkynnti stöðvarstjórinn í Höfn í Hornafirði Landhelgisgæzlunni, að Gunnar Fredriksen, flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands, hefði kl. 11.28 sama dag séð tvo belgiska togara, O. 298 og O. 297, að veiðum í landhelgi út af Skaftafellsfjörum. Togarann O. 298 kvað hann hafa verið 1¾ sjómílu suður af Hvalsíki, en togarann O. 297 eina sjómílu NA af honum, eða 1¼ sjómílu frá ströndinni. Með eiðfestum framburði sínum hefur Gunnar Fredriksen staðfest, að hafa séð ofangreind skip að veiðum á þeim stöðum og tíma er greint var. Flaug vitnið flugvél sinni mjög lágt, og kveðst það hafa séð greinilega einkennisstafi beggja þessara skipa og einnig, að fiskur hafi verið á þilfari, en botnvörpurnar í sjó. Vegalengd O. 298 frá landi segir vitnið hafa verið 1¾ sjómílu í hásuður frá Hvalsíki, en vitnið kveðst hafa mælt þessa vegalengd með því að fljúga í hásuður frá landi til skipsins. Tók vitnið tímann, þegar það flaug fyrir fjöruborð, og einnig, þegar það flaug yfir skipið, þá mældi vitnið einnig flughraðann. Botnvörpuskipið, er bar einkennisstafina O. 297, var þá um það bil 1¼ sm suðvestur af Nýja-Ósi, og kveðst vitnið hafa mælt stað skipsins á sama hátt og þess fyrra.

Aðstoðarflugmaðurinn í ferð þessari segir vitnið, að hafi verið Björn Guðmundsson, og hafi hann aðstoðað vitnið við athuganir þess, en Björn hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm til þess að bera um framangreint.

Af því tilefni, er nú var lýst, var af forstöðumanni Landhelgisgæzlunnar þegar ákveðið að senda menn í flugvél til þess að athuga nefnda togara nánar og gera á þeim staðarákvarðanir, ef hægt væri.

Klukkan 14.10 þenna sama dag var haldið af stað frá Reykja-

víkurflugvelli með flugvélinni „Glófaxa“ TF-ISA, og var vitnið Sigurður Ólafsson flugstjóri, en auk hans og áhafnar hans voru eftirtaldir menn frá Landhelgisgæzlunni og sjómælingunum með í flugvélinni:

Vitnið Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, vitnið Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður, vitnið Guðmundur Kjærnested, starfsmaður Landhelgisgæzlunnar, vitnið Ríkharð Páll Ragnarsson sjómælingamaður, vitnið Árni Eyþórs Valdimarsson stýrimaður og vitnið Hörður Þórhallsson stýrimaður, en öll hafa vitni þessi staðfest framburði sína með eiði.

Í skýrslu af flugi þessu, undirritaðri af þeim vitnunum Pétri Sigurðssyni, Ríkharði Páli og Gunnari Bergsteinssyni segir m. a.: „Út af Skaftafellsfjöru voru tveir belgískir togarar, O. 297 og O. 298, að veiðum grunsamlega nærri landi. Voru þeir athugaðir sérstaklega og eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar við þá: Staðarákvörðun við togarann O. 297 kl. 16.10: Súlnatindur (765 m.) misvísandi 17.5°, réttvísandi 355.5°, Lómagnúpur △—Knappar △ 75° 30′. Ath. staður: 63° 45′2 n. br., 17° 18′4 v. lg., sem er 3.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum“, og enn segir í sömu skýrslunni: „Togararnir voru báðir allstórir, gráir á lit, á austlægri stefnu og með vörpuna úti, O. 297 á hægri ferð, en O. 298 að byrja að hífa upp.

Veður: Allhvass norðan, léttskýjað, skyggni ágætt.

Mælingar gerði Páll Ragnarsson, og aðstoðaði Pétur Sigurðsson hann við þær. Hinir athuguðu sérstaklega skipin og tóku númer þeirra. Flogið var þrisvar sinnum yfir hvorn togara og yfirleitt í um 500 feta hæð. Ekkert samband var haft við skipin“.

Vitnið Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, hefur með eiðfestum framburði staðfest ofanritaða skýrslu.

Vitnið Ríkharð Páll Ragnarsson kveðst hafa unnið að mælingum þeim, er gerðar voru í ferð þeirri, er hér um ræðir, en kveðst ekki hafa séð einkennisstafi skipanna, en vitnið staðfesti annars skýrsluna að öllu leyti.

Vitnið Gunnar Bergsteinsson kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en aðgætti togarana sérstaklega og klukkuna í ferðinni og tímamörk, og hefur það staðfest skýrsluna sem rétta, að því er það geti um borið.

Vitnið Sigurður Ólafsson flugstjóri kveðst hafa hagað gæzlufluginu eftir fyrirmælum forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og kveðst það hafa séð númer skipanna, O. 297 og O. 298, á bógum þeirra, en nöfn hins vegar ekki. Vitnið kveðst ekki hafa gert mælingar

á skipinu, en að öðru leyti hefur það staðfest skýrsluna með eiðfestum framburði.

Vitnið Guðmundur Kjærnested, sem var þátttakandi í gæzluflugunni, kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en var við einn glugga vélarinnar til þess að hafa gætur á skipum, er sæjust. Vestur við Ingólfshöfða segir vitnið, að hafi verið flogið lágt í björtu veðri yfir 2 togurum, sem vitnið sá greinilega, að voru á botnvörpuveiðum, og einnig sá vitnið greinilega einkennisstafi þeirra, en í réttarhaldinu 26. apríl kvaðst vitnið þá ekki muna, hverjir stafirnir væru, en það kveðst hafa skrifað stafina hjá sér til minnis strax á staðnum og gaf þá upp forstjóra Landhelgisgæzlunnar strax að flugunni loknu. Vitnið segir, að 2 eða 3 aðrir hafi aðgætt einkennisstafi skipa þessara, og hafi vitninu og þeim öllum borið saman um, hverjir stafirnir voru, en vitnið kveðst hafa athugað einkennisstafi skipanna í hvert sinn og flogið var yfir hvort skip.

Vitnið Árni Eyþórs Valdimarsson kveðst engar mælingar hafa gert í margnefndu gæzluflugi, en hafi það átt að gæta þess, hvaða skip sæjust úr flugvélinni og hvað þau væru að gera. Skammt vestan við Ingólfshöfða segir vitnið, að flogið hafi verið í björtu veðri og góðu skyggni yfir tveimur togurum, er greinilega hafi verið að veiðum. Hafi verið flogið mjög nálægt togurunum og sveimað yfir þeim. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi skipanna greinilega og muna, að þeir byrjuðu á O., en af því kveðst vitnið hafa ráðið það, að þau væru belgisk frá Ostende. Á eftir stafnum O segir vitnið, að hafi komið 3 tölustafir, sem vitnið kveðst þá í réttarhaldi 26. apríl ekki muna, hverjir voru, en fleiri hafi verið í flugvélinni, er aðgættu stafina, og hafi vitninu borið saman við þá menn um, hverjir stafirnir væru.

Vitnið Hörður Þórhallsson kveðst hafa haft því hlutverki að gegna í margnefndri ferð, að gæta að, hvaða skip sæjust og hvað þau væru að gera, en hins vegar hafi það ekki gert neinar mælingar í ferðinni. Kveðst vitnið hafa séð tvo togara, sem greinilega voru að veiðum, er flogið var lágt yfir þá í björtu veðri og góðu skyggni. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi beggja þessara skipa, og man vitnið í réttarhaldi 26. apríl, að annað skipanna bar einkennisstafina O. 298 og að einkennisstafir hins byrjuðu einnig á O, en töluna man vitnið þá ekki. Vitnið kveðst hafa skrifað einkennisstafina hjá sér strax á staðnum, og hafi það borið saman við það, er aðrir höfðu séð, og hafi allir verið sammála um, hverjir stafirnir væru.

Ákærði í máli þessu, Karel Bondvelle, hefur viðurkennt að hafa

verið skipstjóri á b/v Rubens, O. 297, hinn 30. janúar s.l. og hafa þá verið að veiðum hér við land, og er það og staðreynt af skjölum skipsins, sem hér hafa verið í réttinum. Í réttarhaldi hinn 27. apríl s.l. segir ákærði, að hugsanlegt sé, að hann hafi þenna dag verið á þeim stað, er skýrslan um gæzluflugið greinir, en hvort hann hafi þá verið að fiska eða „steama" kveðst hann ekki vita, en tekur fram, að samkvæmt logbók sinni hafi hann „steamað" tvo tíma þenna dag, og jafnframt tekur hann þá og fram, að hann haldi, að hann hafi ekki verið að veiðum á þessum slóðum. Aðspurður í sama réttarhaldi, hvort hann véfengi mælingar starfsmanna strandgæzlunnar, kvaðst ákærði ekki vita, hvort hægt væri að gera svo nákvæmar mælingar úr flugvélum.

Í réttarhaldi 28. apríl viðurkennir ákærði að hafa verið að veiðum í nágrenni við þann stað, er greindur er í framannefndri skýrslu forstjóra Landhelgisgæzlunnar, en ekki eins nálægt landi og skýrslan greinir, og lýsti ákærði því þá jafnframt yfir, að hann hafi aldrei fiskað í landhelgi. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því, hvort veiðarfæri þau, er hann nú er með á skipi sínu, séu hin sömu og hann hafði meðferðis 30. janúar s.l., en segir þó, að netin séu ábyggilega ekki þau sömu og hann var með þá.

Hinn skipaði verjandi ákærða, Theódór Georgsson cand. juris., hefur gert þær kröfur, að ákærði verði algerlega sýknaður af kröfum ákæruvaldsins um refsingu fyrir landhelgisbrot 30. janúar s.l. og upptöku afla og veiðarfæra. Telur hinn skipaði verjandi allsendis ósannað, að ákærði hafi framið ofangreint brot 30. janúar s.l., þrátt fyrir skýrslu um gæzluflug starfsmanna Landhelgisgæzlunnar hinn 30. janúar s.l. og hina eiðfestu vitnaframburði þeirra, er tóku þátt í nefndu gæzluflugi.

Gegn mótmælum ákærða um að hafa veitt í landhelgi lítur dómurinn svo á, að þrátt fyrir eiðfestan framburð Gunnars Fredriksens flugstjóra verði ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, b/v Rubens, O. 297, hinn 30. janúar s.l., klukkan um 11.28, í landhelgi Íslands, um 1¼ sjómílu suðvestur af Nýja-Ósi, til þess að ákærða verði gerð refsing fyrir það.

Hvað snertir skýrslu þá, er gerð var um framannefnt gæzluflug, telur hinn skipaði verjandi, að meta verði hana með hliðsjón af því, að hún sé ódagsett, og geti því verið allt að þremur mánuðum eftir athugun. Yfirskrift nefndrar skýrslu er þannig:

„Skýrsla
um gæzluflug með suðurströnd Íslands
30. janúar 1953",

og þykir það þegar benda til þess, að skýrslan sé gerð þegar eftir gæzluflugið, en auk þess tekur dómurinn fram, að það sé alkunna, að fréttir hafi komið frá stjórn Landhelgisgæzlunnar um gæzluflug þetta bæði í blöðum og útvarpi þegar eftir flugið og þyki það einnig styðja það, að skýrslan hafi þá þegar verið gerð.

Að lokum er skýrslan staðfest af þremur vitnum með eiðfestum framburði þeirra, og ber að meta sönnunargildi hennar með hliðsjón af því.

Þá hefur hinn skipaði verjandi mótmælt því, að staðarákvörðun sú, er gerð var í flugvélinni á skipi ákærða, geti verið grundvöllur til dómfellingar. Telur hinn skipaði verjandi, að aðeins einn maður, Ríkharð Páll Ragnarsson, hafi framkvæmt mælingar, og styður þá staðhæfingu sína með því, að í vitnisburði eins vitnisins, Guðmundar Kjærnesteds, segi orðrétt: „og var forstjóri Landhelgisgæzlunnar hjá honum", þ. e. Ríkharði Páli, en í skýrslunni af gæzlufluginu segi, að Páll Ragnarsson hafi gert mælingarnar, en forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar hafi aðstoðað hann, en hvergi kom fram, í hverju þessi aðstoð sé fólgin, en að þessu athuguðu telur verjandinn, að beri að álíta, að þáttur forstjóra Landhelgisgæzlunnar hafi verið næsta lítill.

Þegar staðarákvörðun er gerð við b/v Rubens, O. 297, í umræddu skipti, segir í margnefndri skýrslu, að flogið hafi verið þrisvar sinnum yfir hvort skip, Páll Ragnarsson hafi gert mælingar, en Pétur Sigurðsson aðstoðað hann við þær. Ekkert hefur komið fram, er gefi neina bendingu í þá átt, að aðstoð forstöðumanns Landhelgisgæzlunnar hafi ekki verið virk, og verður dómurinn því að telja, að hinn síðarnefndi, sem stjórnaði leiðangri þessum, hafi veitt virka aðstoð við mælingarnar og hafi haft hönd í bagga með þeim og getað sannreynt, að þær væru réttar, og þar sem þær þannig séu sannreyndar og staðfestar með eiðfestum framburði beggja vitnanna, sem báðir eru sérkunnáttumenn um slíkar mælingar, beri að leggja þær til grundvallar í máli þessu.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, verður þrátt fyrir mótmæli ákærða að telja sannað, að hann hafi föstudaginn 30. janúar 1953, kl. 16.10, verið að botnvörpuveiðum í landhelgi Íslands út af Vestri Melós á stað 63° 45'2 n. br., 17° 18'4 v. lg., sem er 3.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög 44/1948 og lög nr. 81/1952, og með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það.

2.

Laugardaginn 25. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð austur með landi undan Skeiðarársandi. Kl. 11.47 sást togari bera innan við Ingólfshöfða, og virtist hann vera mjög nærri landi. Var þá ferð varðskipsins aukin og haldið í áttina til hans. Kl. 12.00 kveða varðskipsmenn sig hafa séð, að togaranum var snúið, og kl. 12.10 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð um borð í varðskipinu:

| | |
|---|---|
| Vesturkantur Lómagnúps | |
| Hvannadalshnjúkur | > 69° 32′ |
| Ingólfshöfðaviti | > 33° 23′ |

Vegmælir sýndi 66.7. Dýpi 115 m.

Sást þá togarinn bera innan við línu, dregna beint til Ingólfshöfða, og sneri hann þá ca SA og setur á mikla ferð, og dró varðskipið þá upp stöðvunarmerki.

Kl. 12.18 var gerð staðarákvörðun að nýju, og var hún þessi:

| | |
|---|---|
| V.K. Lómagnúps | > 43° 30′ |
| Þumall | > 47° 15′ |
| Salthöfði | |

Dýpið var 122 m.

Var togarinn þá í línu beint til Ingólfshöfða.

Kl. 12.20 kveðast varðskipsmenn hafa séð hlera á síðu togarans. Var síðan skotið púðurskotum kl. 12.20, 12.25, 12.30 og 12.31, en þá var gerð eftirfarandi staðarathugun:

| | |
|---|---|
| V.K. Lómagnúps | > 44° 12′ |
| Þumall | > 46° 36′ |
| Salthöfði | > 48° 50′ |
| Togari | |

Fjarlægð frá togaranum var þá 2.4 sjómílur. Klukkan 12.38 og 12.43 var skotið kúluskotum, og kl. 13.16 var skotið púðurskoti á togarann, sem þá var í ca 50 metra fjarlægð við hlið togarans, og var samtímis kallað í gjallarhorn til togarans að stöðva, en enn skeytti hann því eigi. Kl. 13.20 var enn skotið púðurskoti á brú togarans, og fór hann þá að sigla í króka og stöðvaði kl. 13.27. Var þá settur út bátur og skipstjóri togarans sóttur.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við hlið togarans kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| V.K. Lómagnúps | > 44° 15′ |
| Ingólfshöfðaviti | > 31° 07′ |
| Fellsfjall | |

Skipstjóri togarans taldi sig ekki hafa verið að veiðum, en kannaðist hins vegar við að hafa unnið að veiðarfærum og fiskaðgerð, og kvaðst hann hafa leitað vars undir landi vegna veðurs.

Botnvarpa var laus á þilfari og lásað í hlera togarans. Nokkur fiskur var á þilfari togarans.

Veðrið var NA 1, sjór 1.

Var síðan farið með togarann til Vestmannaeyja og verðir settir um borð í hann. Togarinn reyndist vera belgískur togari, Rubens, O. 297, frá Ostende, og skipstjóri á honum ákærði í máli þessu.

Ákærði hefur hér fyrir dómnum harðlega neitað því að hafa verið að botnvörpuveiðum þarna, er varðskipið kom að honum. Kvaðst hann hafa togað utan landhelgi út af Ingólfshöfða og hafi hann dregið upp vörpu sína kl. 08.30 samkvæmt sinni klukku, sem er einum klukkutíma á undan íslenzkum sumartíma. Skýrir hann svo frá, að varpan hafi rifnað í síðasta togi og að veður hafi verið vont, vindur hafi verið ANA, 7—9 vindstig og skyggni slæmt. Hafi hann þá siglt upp undir landið til þess að gera við botnvörpuna og til þess að gera að fiskinum, og telur hann sig hafa verið 2½—3 mílur frá landi í ca 9—10 mílna fjarlægð frá Ingólfshöfða í VNV-læga átt, hafi sér verið ljóst, að hann hafi þá verið kominn inn í landhelgi, en telur sig ekki hafa vitað, að óheimilt væri að gera við veiðarfæri og gera að afla í landhelgi. Ákærði hefur enn fremur kannazt við, að lásað hafi verið í hlerana og þeir hafi hangið í gálgunum, en tekur fram, að þeir hafi verið innan borðs, en ekki utan. Heldur ákærði því fram, að hann hafi ekki séð varðskipið, fyrr en það var komið fast að skipi hans, og ekki heyrt neitt skot frá því, fyrr en það var í ca tveggja skipslengda fjarlægð.

Leiddir hafa verið sem vitni í málinu 1. stýrimaður af v/s Þór, og hefur hann ásamt skipherra staðfest skýrslu skipherra hér fyrir dómi. Enn fremur hafa verið leiddir sem vitni stýrimaður, loftskeytamaður, fyrsti og annar vélstjóri og einn háseti af togaranum. Allir hafa þeir borið um það, að þeir hafi ekki heyrt skotin til varðskipsins og ekki séð til varðskipsins, nema stýrimaður, er kveðst hafa séð það, er hann kom upp úr lestinni og í tveggja mílna fjarlægð, og strax séð, að það var varðskip, og hafi séð, að það hafði flaggmerki uppi. Kveður stýrimaður, að háseti hafi kallað til sín niður í lest og sagt sér að koma upp til þess að horfa á skip, sem væri að elta þá. Háseti þessi, sem leiddur hefur verið sem vitni í málinu, hefur algjörlega neitað því að hafa kallað stýrimanninn upp til þess að skoða skipið, heldur eingöngu til að líta eftir vinnu á þilfari.

Þrátt fyrir að ýmsu leyti ósamhljóða og ósennilega framburði skipverja b/v Rubens, O. 297, þykja þó ekki hafa komið nægileg

gögn fram í málinu til þess að telja sannað, að b/v Rubens, O. 297, hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á þeim tíma, er hér um ræðir, og ber því að sýkna ákærða af ákæru þar fyrir.

Hins vegar þykir með eigin játningu ákærða og öðru því, er fram hefur komið í málinu, þar á meðal skýrslu skipherra á v/s Þór, sem staðfest er af 1. stýrimanni hans, fullsannað, að ákærði, Karel Bondvelle, hafi laugardaginn 25. apríl s.l., milli kl. 11 og 12 fyrir hádegi, verið með ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgislínu undan Skeiðarárósum á skipi sínu, b/v Rubens, O. 297, frá Ostende, og þykir hann með því hafa brotið 2. gr. laga nr. 5/1920, og ber að gera ákærða refsingu fyrir það.

Refsing hins ákærða þykir með tilliti til þess, er að framan var sagt, og með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, en b/v Rubens, O. 297, skip hins ákærða, er samkvæmt mælibréfi þess, er sýnt var í dómnum, 523 brúttórúmlestir, hæfilega ákveðin með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 kr. 100.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hvað viðvíkur upptöku afla og veiðarfæra, skal tekið fram, að að sjálfsögðu er afli sá, er var í skipinu hinn 30. janúar s.l., ekki lengur í því, og ósannað er, að nokkuð af þeim veiðarfærum, er þá voru í skipinu, sé þar enn, og með því að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir fiskveiðabrot, verður krafa ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra ekki tekin til greina.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar cand. juris, kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karel Bondvelle, greiði kr. 100.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 9 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Theodórs Georgssonar cand. juris, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1957.

Nr. 65/1956. **Ísfell h/f** (Gústaf Ólafsson hdl.)

gegn

**Helga Guðmundssyni og gagnsök**

(Geir Hallgrímsson hdl.).

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Riftun samnings og endurheimt kaupverðs. Sératkvæði.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum í gagnsök í héraði kr. 47.850.00, ½% af kr. 35.000.00 í þóknun og kr. 70.00 í stimpilgjald ásamt 6% ársvöxtum af dæmdum fjárhæðum frá 1. marz 1951 til greiðsludags gegn afhendingu umsaminna steinbíts- og hlýraroða. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hefur hann uppi þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum í aðalsök í héraði kr. 90.225.99 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1952 til greiðsludags, en að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði. Svo krefst hann og, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um málskostnað í aðalsök í héraði og að honum verði einnig dæmdur málskostnaður í gagnsök í héraði. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Viðskipti aðilja máls þessa hófust með því, að í ársbyrjun 1948 æskti gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi, sem m. a. rak bátaútveg á Flateyri, seldi honum steinbíts- og hlýraroð, sem til féllu á næstu vertíð. Aðaláfrýjandi veitti vilyrði fyrir sölu roðanna, án þess að um það væri þá þegar gerður samningur. Aðaláfrýjandi hafði árið áður verkað steinbítsroð og

selt þau bróður gagnáfrýjanda. Kveður framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda, að svo hafi talazt til milli sín og gagnáfrýjanda, að roð þau, sem gagnáfrýjandi falaðist eftir, skyldu verkuð að mestu með sama hætti og árið áður. Aðaláfrýjandi lét síðan verka þau steinbíts- og hlýraroð, sem til féllu af veiði í febrúar-júní 1948. Sumarið 1948 afhenti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda fyrirmæli um verkun og stærðarflokkun roðanna, er prentuð höfðu verið í júní 1948. Eru ákvæði þessara fyrirmæla um verkun og gæði roðanna í aðalatriðum hin sömu og í prentuðum fyrirmælum frá 1947, sem aðaláfrýjandi virðist hafa lagt til grundvallar við verkun roðanna það ár, en hins vegar eru ákvæði um stærðarflokkun með öðrum hætti.

Hinn 9. september 1948 var framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda staddur á Ísafirði. Var þá endanlega samið um roðakaupin, en þó ekki gerður skriflegur samningur. Efni hins munnlega samnings var í aðalatriðum það, að aðaláfrýjandi lofaði að afhenda tiltekna tölu steinbítsroða í tveimur stærðarflokkum samkvæmt hinum prentuðu fyrirmælum frá 1948 og auk þess tiltekna tölu hlýraroða. Um gæði og verkun roðanna skyldi og fara eftir hinum prentuðu fyrirmælum frá 1948, en þar segir m. a.: „Engar rispur eða skurðir mega vera á roðunum. Roðin verða að vera vandlega hreinsuð, enginn fiskur, blóð, slor eða önnur óhreinindi mega vera í roðunum, þegar þau eru lögð í saltið. Roðin á að þurrsalta með hreinu salti, og gæta verður þess að breiða sem bezt úr þeim, þannig að þau liggi hvergi samanbrotin“. Sams konar ákvæði um verkun og gæði voru í hinum prentuðu fyrirmælum frá 1947. Um verð á hinum seldu roðum í heild eru aðiljar ekki að öllu leyti sammála. Gagnáfrýjandi kveður það hafa verið kr. 107.637.50. Samkvæmt reikningi aðaláfrýjanda, er hann lagði fram í málinu, nam hins vegar magn og verð hinnar seldu vöru því, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 93750 síður steinbítsroð, | 70 cm og yfir, | Kr. 93750.00 |
| 20500 „ „ | 60-70 cm | „ 17425.00 |
| 825 heil hlýraroð | | „ 2475.00 |
| | Alls 115075 stk. fyrir | kr. 113650.00 |

Um leið og kaupin voru fastráðin hinn 9. september 1948, greiddi gagnáfrýjandi kr. 50.000.00 upp í andvirði roðanna. Jafnframt lofaði aðaláfrýjandi að geyma roðin fyrir gagnáfrýjanda endurgjaldslaust um óákveðinn tíma, en þó svo, að þau væru í ábyrgð gagnáfrýjanda.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi haldið því fram, að kaupin hafi verið bundin því skilyrði af sinni hendi, að aðaláfrýjandi léti honum í té matsvottorð um roðin. Framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda hefur andmælt því, að slíkt skilyrði hafi verið sett í upphafi, en hann kveðst í samtali við gagnáfrýjanda í marzmánuði 1949 hafa lofað honum matsvottorði. Telur hann sig hafa nokkrum dögum síðar sent gagnáfrýjanda í almennu bréfi matsvottorð Sveins Kr. Jónssonar fiskimatsmanns, dags. 30. nóvember 1948, en það bréf kveðst gagnáfrýjandi aldrei hafa fengið í hendur. Í bréfi til aðaláfrýjanda, dags. 28. júní 1949, mæltist gagnáfrýjandi til þess, að honum yrði sent matsvottorð samkvæmt áður gefnu loforði, enda kvaðst hann þá vera orðinn í vafa um, að gæði roðanna svari til þess, sem um var samið. Er aðaláfrýjandi sinnti þessu ekki, krafðist gagnáfrýjandi þess margsinnis að fá matsvottorðið, unz aðaláfrýjandi lét honum í té afrit af greindu matsvottorði Sveins Kr. Jónssonar. Kveðst gagnáfrýjandi hafa fengið það í hendur hinn 5. desember 1949. Matsvottorð þetta er svohljóðandi:

„Undirritaður fiskimatsmaður hefir metið steinbítsroð fyrir Ísfell h.f., Flateyri, samkvæmt útgefnum lista frá Haftúna h.f. og Fiskroð h.f., Reykjavík. Reyndist þetta vera 93750 síður steinbítsroð nr. 1 og 20500 síður nr. 2 og enn fremur 825 stykki heil hlýraroð. Öll roðin litu vel út og reyndust góð vara.

Flateyri, 30. nóvember 1948
Sveinn Kr. Jónsson".

Það er óumdeilt í málinu, að „listi" sá, sem fiskimatsmaðurinn kveðst hafa metið roðin eftir, er hin prentuðu fyrirmæli frá júní 1948, sem fyrr var getið.

Um sama leyti og aðaláfrýjandi kveðst hafa lofað matsvottorðinu, greiddi gagnáfrýjandi honum til viðbótar kr. 50.000.00 upp í andvirði vörunnar, þannig að hann gaf út

eiginvíxil, dags. 1. apríl 1949, sem seldur var útibúi Landsbankans á Ísafirði, en andvirðið rann til aðaláfrýjanda. Af víxli þessum greiddi gagnáfrýjandi afborgun, kr. 10.000.00, hinn 8. marz 1950 og aðra afborgun, kr. 5000.00, hinn 2. september 1950. Vexti af víxli þessum greiddi gagnáfrýjandi til 1. marz 1951, en þá tók aðaláfrýjandi að sér greiðslu eftirstöðvanna, kr. 35.000.00.

Eftir að gagnáfrýjandi fékk matsvottorðið í hendur hinn 5. desember 1949, hafði hann í hyggju að láta fara fram skoðun á roðunum af sinni hendi, en hófst þó ekki handa um það fyrr en 6. september 1950, er sýslumaður skipaði samkvæmt beiðni hans tvo menn til að meta steinbítsroðin. Hinn 14. nóvember sama ár skipaði sýslumaður einn matsmann til viðbótar. Matsgerð þessara þriggja matsmanna er dagsett 15. desember 1950. Höfðu þeir þá metið 24 roðapakka af um 460 pökkum alls, en 250 roð áttu að vera í hverjum pakka. Hinir metnu pakkar höfðu allir verið merktir sem I. stærðarflokkur, þ. e. roð, sem voru að lengd 70 sm eða meira. Samkvæmt matinu komu úr pökkum þessum 1018 roð, sem töldust til I. flokks, 1015 roð, sem hæf voru í II. flokk, en 3921 roð fóru í úrkast. Kveða matsmennirnir roðin yfirleitt hafa verið mjög böggluð og samanbrotin, mörg þeirra rifin, stungin og hrufluð og með meira eða minna af fiski innan í. Þá hafi og yfirleitt verið mikið slor á roðunum. Hins vegar hafi þau verið nægilega söltuð og þolað geymsluna vel.

Þegar gagnáfrýjandi hafði fengið í hendur skýrslu um matið, ritaði hann aðaláfrýjanda bréf, dags. 19. desember 1950, þar sem hann lýsir því, að hann telji vöruna algerlega ósamningshæfa og að hann geymi sér rétt til að rifta kaupunum, krefjast endurgreiðslu á andvirði vörunnar og greiðslu alls kostnaðar. Þessu andmælti aðaláfrýjandi í bréfi til gagnáfrýjanda, dags. 25. febrúar 1951. Í máli þessu er það sammæli málsaðilja, að miða beri við, að riftunarkrafa hafi fram komið í nefndu bréfi gagnáfrýjanda frá 19. desember 1950.

Með bréfi, dags. 21. marz 1951, krafði lögmaður gagnáfrýjanda aðaláfrýjanda um endurgreiðslu á kr. 65.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Þessu sinnti aðaláfrýjandi ekki,

en hinn 8. maí 1951 voru samkvæmt beiðni hans dómkvaddir 4 yfirmatsmenn til að meta roðin. Frestuðust aðgerðir, meðan beðið var eftir yfirmatinu, en í marz 1952 hætti aðaláfrýjandi endanlega við að láta yfirmat fram fara. Í stað þess fékk hann dómkvadda tvo undirmatsmenn hinn 5. apríl 1952 til að meta vöruna. Höfðaði þá gagnáfrýjandi mál það, sem hér er til úrlausnar, með stefnu 16. apríl 1952. Aðaláfrýjandi höfðaði gagnsök í málinu með gagnstefnu 24. júní 1952.

Matsgerð matsmanna þeirra, sem dómkvaddir voru hinn 5. apríl 1952, er dagsett 5. september sama ár. Niðurstaða þeirra er sú, að söluhæf hafi reynzt 99750 steinbítsroð. Þar af séu 61250 roð í I. stærðarflokki, en 38500 í II. stærðarflokki. Þá eru og metin gild 331 heil hlýraroð og 176 stakar síður hlýraroða. Afgangur roðanna, um 14800 að tölu, hafa samkvæmt þessu farið í úrkast. Við mat þetta er þó það að athuga, að við framkvæmd þess fékk aðaláfrýjandi tækifæri til að bæta úr göllum á roðum, svo sem með því að hreinsa úr þeim fisk og slor, og voru þau síðan tekin gild af matsmönnum og talin með hinum söluhæfu roðum. Gizkar annar matsmaðurinn á, að þannig hafi verið hreinsuð um 2500-3000 roð. Þegar matsmennirnir komu fyrir dóm, lýsti annar þeirra því, að roðin hafi verið mjög böggluð og samanbrotin í pökkunum, og þeir eru sammála um, að helztu gallar hafi verið gogggöt, skurðir, rispur, undirmál og slor.

Sveinn Kr. Jónsson, sem gaf fyrrgreint matsvottorð frá 30. nóvember 1948, var á því ári fastráðinn verkstjóri hjá aðaláfrýjanda. Þegar hann kom fyrir dóm, lýsti hann því, „að hann hafi ekki metið steinbítsroð þau, sem um ræðir, enda þótt svo standi í vottorði hans ... heldur hafi hann aðeins látið telja þau og pakka". Síðar skýrði hann nánar svo frá, að hann hafi ekki sjálfur handfarið roðin, heldur gefið starfsfólki fyrirmæli um val þeirra og verkun og treyst því, að þeim fyrirmælum yrði hlýtt.

Með matsgerðum þeim, sem að framan greinir, er leitt í ljós, að umrædd vara hefur verið svo stórlega gölluð, þegar samningur var gerður, að mjög hefur á það skort, að hún svaraði að gæðum til þess, sem um var samið. Var gagnáfrýjanda því heimilt að rifta samningnum samkvæmt á-

kvæðum 43. gr. laga nr. 39/1922. Aðaláfrýjandi hefur m. a. stutt sýknukröfu sína við það, að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert riftunarheimild með því að bera ekki fyrir sig í tæka tíð, að vörunni væri ábótavant, sbr. 52. og 54. gr. greindra laga. Í málinu hafa verið leiddar sönnur að því, að við verkun og flokkun roðanna var ekki gætt fyrirmæla þeirra, sem lögð voru til grundvallar við söluna, en gagnáfrýjanda hins vegar afhent rangt matsvottorð, gefið út af starfsmanni aðaláfrýjanda, sem hann ber ábyrgð á. Þar sem svo var ástatt, verður gagnáfrýjandi ekki talinn hafa glatað riftunarheimild sinni, sbr. niðurlagsákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að taka riftunarkröfuna til greina.

Samkvæmt framansögðu á gagnáfrýjandi rétt til að fá endurgreitt úr hendi aðaláfrýjanda fé það, sem hann hefur greitt upp í andvirði vörunnar, ásamt vöxtum. Vextir frá 9. september 1948 til 1. apríl 1952 eru innifaldir í aðaldómkröfu hans. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 65.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 9. september 1948 til 1. apríl 1949, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1949 til 1. marz 1951 og af kr. 65.000.00 frá 1. marz 1951 til greiðsludags.

Að því er tekur til annarra liða í dómkröfu gagnáfrýjanda, sem raktir eru í héraðsdómi, þá ber að sýkna aðaláfrýjanda af 2. og 6. kröfulið svo og kröfu um vaxtavexti og stimpilgjald. Við ákvörðun málskostnaðar verður höfð hliðsjón af öðrum kröfuliðum.

Eftir þessum úrslitum ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraði fór fram munnlegur málflutningur 8. og 13. desember 1954. Eftir það fór fram vitnaleiðsla á Ísafirði hinn 17. febrúar 1955. Hinn 15. júní 1955 var málið endurupptekið og dómsgerðir í vitnamáli þessu lagðar fram. Hinn 2. september 1955 var málið enn upp tekið, og veitti þá dómari málflutningsmönnum aðilja kost á að flytja málið af nýju, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, en þeir töldu þess ekki þörf. Þar sem svo stóð á og málið

liggur nú fyrir fullreifað, þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn, en víta ber drátt þann, sem orðið hefur á dómsuppsögu í héraði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ísfell h/f, greiði gagnáfrýjanda, Helga Guðmundssyni, kr. 65.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 9. september 1948 til 1. apríl 1949, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1949 til 1. marz 1951 og af kr. 65.000.00 frá 1. marz 1951 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.**

I. Um form málsins.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fram í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 8. og 13. desember 1954. Hinn 28. sama mánaðar kvað dómurinn upp úrskurð um öflun nýrra gagna í málinu. Fór því næst fram vitnaleiðsla á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 17. febrúar 1955. Endurrit af vitnaleiðslu þessari ásamt 2 skjölum öðrum sendi málflutningsmaður aðalstefnanda formanni sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur með bréfi 22. s. m. Verður ekki séð, að nú hafi neitt gerzt í málinu fyrr en 15. júní 1955, að þingað var í því í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og skjöl þessi lögð þar fram. Er þá bókað, að lögmenn aðilja hafi endurtekið kröfur þær, er uppi voru hafðar við flutning málsins 8. og 13. desember 1954, en eigi hafi þeir óskað að reifa málið frekar og dómendur eigi talið þess þörf. Við framangreinda vitnaleiðslu hafði þó atriði verið leitt í ljós, sem

miklu skipti fyrir úrslit málsins. Virðist hafa verið full ástæða til frekari reifunar málsins af þeim sökum auk þess, að röskir 6 mánuðir voru liðnir, frá því að munnlegur málflutningur fór fram. Var málið nú dómtekið. Eigi reyndist þó unnt að dæma málið á næstu mánuðum, og 2. september 1955 veitti sjó- og verzlunardómur lögmönnum aðilja kost á að flytja málið af nýju, en þeir óskuðu þess ekki. Dómur í málinu var svo kveðinn upp 7. september 1955. Voru þá liðnir nærfellt 9 mánuðir, frá því að munnlegur málflutningur fór fram.

Ljóst er, að munnlegur málflutningur getur ekki komið að því gagni, sem til er ætlazt, þegar dómsuppsaga dregst svo óhæfilega lengi. Er hér um að ræða mjög stórfellt brot á 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936, sbr. einnig 44. gr. laga nr. 112/1935. Þá er í héraðsdómi ekki tekin afstaða til þeirrar málsástæðu gagnstefnanda í héraði, að aðalstefnandi hafi kvartað og riftað of seint, en sú málsástæða hafði komið fram í hinum skriflega málflutningi. Sökum þess, sem nú hefur verið rakið, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá framlagningu áðurgreindra skjala á dómþingi 15. júní 1955 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

Dómsorð okkar um form málsins hljóðar því svo:

Héraðsdómur og málsmeðferð, eins og að framan greinir, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

II. Um efni málsins.

Þar sem atkvæði þetta hefur ekki náð samþykki meirihluta dómenda, munum við greiða atkvæði um efni málsins, sbr. 47. gr. laga nr. 112/1935:

Gagnáfrýjandi hefur í bréfum til aðaláfrýjanda og málflutningsmanns síns margsinnis lýst því, að það hafi verið tilætlun aðilja, að hann, þ. e. gagnáfrýjandi, léti meta roðin, áður en hann tæki við þeim úr vörzlum aðaláfrýjanda. Gagn-

áfrýjandi kveðst og hafa snemma verið hræddur um, að frá roðunum „mundi dragast einhver hluti vegna gogggata og annarra galla", og tjáð fyrirsvarsmanni aðaláfrýjanda það í marz 1949. Ætlun sína um þetta kveðst hann hafa reist „á útkomu á roðum", sem bróðir sinn „hafði keypt árinu áður frá hraðfrystihúsum á Ísafirði og frá Ísfelli h.f., Flateyri," „en sú útkoma var 25 til 30 eða jafnvel 33% gölluð roð". Ákvæði um mat á roðunum, áður en þau voru afhent, og um afslátt vegna gallaðra roða var mjög eðlilegt um sérstæða vöru sem þessa, er seljandi framleiddi eftir sérstakri pöntun. Þrátt fyrir það þótt gagnáfrýjandi teldi, að sér bæri að láta meta roðin, og gerði ráð fyrir, að talsverður hluti þeirra kynni að vera gallaður, hófst hann eigi handa um slíkt mat fyrr en 6. september 1950. Niðurstaða matsgerða var sú, sem í atkvæði meiri hluta dómenda segir. Þegar litið er til þess, sem hér var rakið að framan, heimiluðu gallar þeir, sem á roðunum reyndust samkvæmt matsgerðinni 5. september 1952, einir út af fyrir sig, gagnáfrýjanda eigi riftun, heldur einungis afslátt af kaupverði. En nú fólst í fiskimatsvottorði því, sem starfsmaður aðaláfrýjanda gaf hinn 30. nóvember 1948 og gagnáfrýjanda barst 5. desember 1949, blekking um gæði vörunnar. Af þessari blekkingu leiddi, að gagnáfrýjanda var rétt að rifta kaupin, sbr. 43. gr. laga nr. 39/1922, og að riftunarheimild hans hélzt, þrátt fyrir drátt af hans hendi að bera hana fyrir sig, sbr. niðurlagsákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922.

Með framangreindum athugasemdum erum við samþykkir hæstaréttardóminum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. september 1955.**

Mál þetta, sem var dómtekið 2. þ. m., hefir Helgi Guðmundsson bakarameistari á Ísafirði höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 16. apríl 1952, gegn Ísfelli h.f., Flateyri, og haft uppi þessar kröfur.

I. 1. Að því verði slegið föstu með dómi, að stefndi hafi ekki innt af hendi á lögmætan, fullnægjandi hátt þátt sinn í forsamningi að roðakaupum milli aðilja 1948.

2. Til vara, að því verði slegið föstu, að stefnandi hafi haft

lögmæta ástæðu til þess að rifta þeim kaupum, ef rétturinn telur, að kaup hafi gerzt með aðiljum.

II. 1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 90.225.99 í skaðabætur auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1952 til greiðsludags.

2. Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðra, lægri fjárhæð í skaðabætur, að mati dómsins, með vöxtum eins og segir í 1. lið.

III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt reikningi eða að mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 24. júní 1952, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 47.850.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1951 til greiðsludags, 1/3% þóknun af kr. 35.000.00, kr. 70.00 í stimpilgjald svo og málskostnað að mati dómsins. Kröfur gagnstefnanda í báðum sökum eru bundnar því, að hann afhendi gagnstefnda umsamin hlýra- og steinbítsroð.

Gagnstefndi hefur krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar í gagnsökinni, en til vara, að krafa gagnstefnanda verði lækkuð um kr. 23.549.75 og til þrautavara, að hún lækki um kr. 19.067.24.

Mál þetta var flutt úr bæjarþinginu fyrir sjó- og verzlunardóminn 8. desember 1954.

Málavextir eru þessir:

Í ársbyrjun 1948 falaði aðalstefnandi til kaups hjá aðalstefnda steinbíts- og hlýraroð. Hann kvaðst vilja greiða kr. 1.00 fyrir hverja steinbítsroðssíðu, er næmi 70 sentimetra lengd, en kr. 0.85 fyrir síðu, en væri 60—70 sentimetra á lengd, og kr. 3.00 fyrir heilt hlýraroð, er næmi 60 sentimetrum. Roðin skyldu vera heil og enginn fiskur í þeim. Ekki var rætt um ákveðið magn né afhendingarstað eða tíma. Aðalstefndi átti engin roð, þegar þetta gerðist, en aðiljar virðast hafa gert ráð fyrir, að aðalstefnandi fengi roð af þeim fiski, sem veiddur yrði á komandi vertíð. Eftir þetta samtal, sem átti sér stað símleiðis milli aðalstefnanda og framkvæmdastjóra gagnstefnanda, gerði aðalstefnandi ráð fyrir, að hann fengi roð hjá gagnstefnanda, en samt kveður hann framkvæmdastjórann ekki hafa gefið ákveðið loforð um söluna í í þessu fyrsta samtali né heldur næst, er þeir áttu tal saman, en það var í júnímánuði 1948. Framkvæmdastjóri gagnstefnanda kveðst hins vegar hafa samþykkt pöntun aðalstefnanda þegar í upphafi. Í ágúst og september áttu aðalstefnandi og framkvæmdastjórinn enn tal saman, og hermir aðalstefnandi, að þá fyrst hafi

hann fengið ákveðin svör um það, að honum yrðu seld roðin. Um þessar mundir greiddi hann og kr. 50.000.00 upp í andvirði roðanna, en framkvæmdastjórinn taldi þau rösklega 100.000 talsins og kvað kaupverðið nema kr. 107.637.50. Virðist aðiljum ekki hafa farið neitt á milli fyrr en í marzmánuði 1949, er framkvæmdastjóri aðalstefnda krafði aðalstefnanda um eftirstöðvar andvirðisins. Varð þá að samkomulagi, að aðalstefnandi gaf út eigin víxil, að fjárhæð kr. 50.000.00. Skýrir aðalstefnandi svo frá, að hann hafi tjáð framkvæmdastjóranum, að hann vildi síður inna af hendi svo háa greiðslu, fyrr en séð væri, hvort svo mikið roðamagn, ógallað, væri fyrir hendi, en framkvæmdastjórinn hafi sagt, að til væri matsvottorð, er sýndi þetta. Framkvæmdastjórinn hefur skýrt svo frá, að ekki hafi verið minnzt á það, að roðin kynnu að vera gölluð, en hins vegar hafi hann lofað að senda aðalstefnanda matsvottorðið, og kveðst hann hafa gert það skömmu síðar. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa fengið neitt vottorð, áður en framangreindur víxill féll í gjalddaga hinn 1. júlí 1949, og greiddi hann víxilinn ekki, en tjáði framkvæmdastjóranum, er þeir hittust í septembermánuði, að hann myndi ekkert greiða af víxlinum, fyrr en hann fengi í hendur matsvottorðið sem tryggingu þess, að roðin væru samkvæmt samningum aðilja. Framkvæmdastjórinn kvaðst þegar hafa sent vottorð þetta, en féllst á að senda annað eintak þess svo og að stöðva innheimtu víxilsins að svo stöddu. Vottorðið kveðst aðalstefnandi hafa fengið hinn 5. des. 1949, og er það svohljóðandi:

„Undirritaður fiskimatsmaður hefur metið steinbítsroð fyrir Ísfell h.f., Flateyri, samkvæmt útgefnum lista frá Haftúna h.f. og Fiskroð h.f., Reykjavík. Reyndist þetta vera 93750 síður steinbítsroð nr. 1 og 20500 síður nr. 2 og ennfremur 825 stykki heil hlýraroð. Öll litu roðin vel út og reyndust góð vara.

Flateyri, 30. nóvember 1948.

Sveinn Kr. Jónsson".

Aðalstefnandi skýrir svo frá, að sér hafi þótt vottorðið tortryggilegt, bæði dagsetningin og ýmislegt í efni þess, og loks hafi vottorðsgefandinn verið starfsmaður aðalstefnda. Fór hann þess því á leit við framkvæmdastjóra aðalstefnda, að fresta mætti öllum greiðslum samkvæmt fyrrgreindum víxli, þar til óvilhallir menn hefðu skoðað og metið roðin. Samþykki fékkst ekki til þessa, og greiddi aðalstefnandi afborgun af víxlinum í marz og september 1950, samtals kr. 15.000.00, auk vaxta, stimpilgjalds og innheimtulauna. Um haustið lét aðalstefnandi dómkveðja þrjá menn til að meta roðin, er voru enn í vörzlu aðalstefnda, og fór

matið fram dagana 6.—16. nóv. 1950. Var það framkvæmt þannig, að matsmenn opnuðu 24 pakka, sem allir höfðu verið merktir I og voru sagðir geyma 250 roð, 70 sentimetra löng. Skoðun matsmanna leiddi í ljós, að roðafjöldinn í pökkum þessum var 5954, en þeir köstuðu frá 3921 ýmist vegna galla eða vegna þess, að þau náðu ekki 60 sentimetra lengd. Roð þau, sem mældust 70 sm og þar yfir, töldust 1018, en roð af stærðinni 60—70 sm voru 1015. Matsmenn álitu, að roðin hefðu verið nægilega söltuð og þolað geymsluna vel, en þau væru hins vegar mikið böggluð og samanbrotin, og einnig að mikið slor hafi verið á þeim svo og nokkuð af fiski innan í þeim, en ekki töldu þeir það til galla, svo að til úrkasts kæmi.

Þegar er aðalstefnanda var kunnugt um niðurstöðu matsins, skrifaði hann aðalstefnda bréf, dagsett 19. des. 1950, og tilkynnti, að hann teldi vöruna algerlega ósamningshæfa og geymdi sér rétt til að rifta kaupunum og krefja aðalstefnda um endurgreiðslu kaupverðsins auk kostnaðar. Aðalstefndi svaraði með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1951, og taldi matsgerðina og tilkynningu aðalstefnanda sér óviðkomandi, þar eð hann hefði keypt roðin á árinu 1948 og þau síðan verið í hans ábyrgð. Jafnframt skoraði aðalstefndi á hann að greiða eftirstöðvar kaupverðsins. Aðalstefnandi fékk þá hæstaréttarlögmenn í Reykjavík til að annast riftun á roðakaupunum og endurheimtu kaupverðsins og tilkynnti aðalstefnda þá ráðstöfun í bréfi, dags. 30. marz 1951. Hinn 21. s. m. kröfðu lögmenn aðalstefnanda aðalstefnda um endurgreiðslu, og var mál þetta síðan höfðað, eins og fyrr var lýst.

Aðalstefnandi hefur, eins og fyrr var drepið á, haldið því fram, að aðalstefndi hafi ekki samþykkt roðapöntun hans fyrr en í september 1948. Er hann átti tal við framkvæmdastjóra aðalstefnda í júnímánuði það ár, afhenti hann prentuð fyrirmæli um verkun, ásigkomulag og pökkun roða, en þau fyrirmæli voru prentuð í sama mánuði. Svipuð fyrirmæli höfðu verið prentuð í marz 1947, og taldi aðalstefnandi sér kunnugt, að aðalstefndi hefði á því ári verkað roð samkvæmt þeim og selt til Reykjavíkur. Aðalstefnandi telur því, að aðalstefnda hafi átt að vera það fullkomlega ljóst, að það væri ákvörðunarástæða aðalstefnanda fyrir kaupunum, að roðin væru góð vara og gallalaus og að verkun þeirra og umbúnaður væri í samræmi við hin prentuðu fyrirmæli frá 1948.Nú sé það ljóst, að roðin hafi aldrei verið samningshæf, þrátt fyrir ítrekaðar fullyrðingar framkvæmdastjóra aðalstefnda í þá átt, og sýni það, að aðalstefndi hafi ekki á lögmætan hátt innt af hendi eða fullnægt þætti sínum í forsamningi

aðilja um roðakaupin. Telur aðalstefnandi því sýnt, að kaup hafi aldrei gerzt með aðiljum.

Aðalstefnandi lítur svo á, að þótt talið yrði, að kaup hafi verið á komin, hafi hann átt rétt á að rifta þeim. Styður hann þá staðhæfingu sína þeim rökum, að með mati sé sýnt fram á, að vara sú, sem aðalstefndi vildi afhenda honum, sé svo verulega gölluð í öllum aðalatriðum, að hún sé í engu samræmi við þær kröfur, er hann setti fram í upphafi, og því síður í samræmi við hin prentuðu fyrirmæli, er fyrr getur.

Bótakrafa aðalstefnanda er þessi í aðalatriðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Peningagreiðslur upp í kaupverðið ..... | kr. | 65.000.00 |
| 2. | Innheimtulaun af fyrrnefndum víxli ..... | — | 1.840.00 |
| 3. | Stimpilgjöld og vextir til 1. apríl 1952 af víxli og peningagreiðslum ..... | — | 16.866.85 |
| 4. | Þóknun til matsmanna ..... | — | 2.521.56 |
| 5. | Símakostnaður ..... | — | 470.10 |
| 6. | Greitt vegna ferðar eins matsmannanna .... | — | 2.862.46 |
| 7. | Greitt fyrir lögfræðiaðstoð ..... | — | 150.00 |
| 8. | Ferðakostnaður ..... | — | 250.00 |
| 9. | Vextir af 4., 7. og 8. lið til 1. apríl 1952 ..... | — | 265.02 |
| | | Samtals kr. | 90.225.99 |

Aðalstefndi staðhæfir, að pöntun aðalstefnanda í upphafi, sú er fram fór í samtali í ársbyrjun 1948, hafi verið samþykkt og kaup þar með á komin um það roðamagn, sem til félli á næstu vertíð. Fiskurinn hafi verið veiddur á tímabilinu febrúar-júní 1948 og verkun roðanna því lokið, þegar prentuð voru fyrirmælin, er fyrr getur. Þetta hafi aðalstefnanda verið bent á, þegar hann afhenti fyrirmælin, og honum jafnframt tjáð, að ekki væri það loforð af hálfu aðalstefnda, að roðin fullnægðu þessum fyrirmælum, þótt það væri líklegt, en sjálfur gæti hann skoðað roðin. Telur aðalstefndi, að roðin hafi síðan verið í ábyrgð aðalstefnanda og að matsgerðin sé sér óviðkomandi.

Kröfur sínar í gagnsök reisir gagnstefnandi á vottorði Sveins Kr. Jónssonar, dagsettu 30. nóvember 1948, um roðamagnið og telur andvirði roðanna nema kr. 113.650.00. Hann kveður gagnstefnda hafa greitt upp í það kr. 65.800 og krefst því dóms um eftirstöðvarnar, kr. 47.850.00, auk vaxta svo og þóknunar af eftirstöðvum víxilsins, stimpilsgjalds af sama og málskostnaðar.

Sýknukröfuna í gagnsök rökstyður gagnstefndi með vísan til málsskýringa sinna í aðalsök.

Í maímánuði 1951 hafði gagnstefnandi látið dómkveðja fjóra menn til að framkvæma yfirmat á roðunum. Vegna ágreinings aðilja og matsmanna og matsdómara um tilhögun yfirmatsins fór það aldrei fram, og var hætt við að framkvæma yfirmat, en í þess stað fékk gagnstefnandi dómkvadda tvo menn til þess að meta öll roðin. Hinir fyrri matsmenn höfðu aðeins skoðað hluta af magninu, eins og fyrr segir. Hin síðari matsgerð fór fram á tímabilinu frá 6. júní til 2. september 1952, og varð niðurstaðan sú, að steinbítsroð, er náðu 70 sm lengd og þar yfir, voru að tölu 61.250, en roð, er náðu 60—70 sm lengd, 38.500. Þótt roð væri gallað, töldu matsmenn það tækt í fyrri flokkinn, ef 70 sm voru milli galla, og síðari flokkinn, ef 60 sm voru milli galla. Matsmenn merktu sérmerki 12 pakka, þ. e. 3000 roð af fyrri flokknum, er þeir töldu nothæf, þótt örlítið gölluð yrðu að teljast eftir fyrirmælum frá 1948, og sömu aðferð höfðu þeir við 7 pakka, þ. e. 1750 roð af síðari flokknum. Hlýraroð töldu matsmenn svo: Í 1. flokki 176 roð (stakar síður), kápuflegin roð 27 og í 2. flokki 104 kápuflegin roð.

Gagnstefndi byggir varakröfur sínar í gagnsökinni á þessari matsgerð. Fyrri varakrafan er byggð á því, að honum sé óskylt að taka við og greiða framangreinda sérmerkta pakka, 12 í fyrri flokki og 7 í síðari flokki.

| | | |
|---|---|---|
| Andvirði steinbítsroða verði því kr. | | 89.487.50 |
| og andvirði hlýraroða ..... | — | 607.25 |
| Samtals kr. | | 90.095.25 |

í stað kr. 113.650.00, eins og gagnstefnandi krefst. Síðari varakrafan byggist á því, að andvirði heildarmagns roðanna samkvæmt matsgerðinni sé kr. 94.582.75.

Telja verður þrátt fyrir véfenging aðalstefnanda, að hann hafi þegar í ársbyrjun 1948 skuldbundið sig til að kaupa af aðalstefnda það roðamagn, sem til kynni að verða á komandi vertíð, svo fremi þau fullnægðu þeim skilyrðum, sem hann setti um verkun þeirra og frágang í símtali sínu við framkvæmdastjóra aðalstefnda þá. Aðalstefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að hann hafi þá haft fyrir framan sig fyrirmæli um verkun á roðum, dags. 4/3 1947, og tekið upp úr þeim þau skilyrði, er hann setti aðalstefnda, sem hafði árið áður verkað roð og selt til Reykjavíkur. Er hann ítrekaði pöntun sína í júnímánuði 1948, afhenti hann framkvæmdastjóra aðalstefnda fyrirmæli um sama efni, gefin út í þeim

mánuði af fyrirtækjunum Haftúna h/f og Fiskroð h/f, en hvor tveggja þessara fyrirmæla eru samhljóða í aðalatriðum um gæði roðanna. Munar á þeim sem næst eingöngu um verð roða og lengdarmál. Verður ekki séð, að framkvæmdastjóri aðalstefnda hafi brugðizt þannig við, er hann tók við fyrirmælunum, að aðalstefnandi hafi haft ástæðu til að ætla annað en að roð þau, sem honum væru ætluð, fullnægðu kröfum fyrirmælanna um gæði og stærð, jafnvel þótt honum hafi verið tjáð, að þau væru þá þegar verkuð og pökkuð. Vottorð Sveins Kr. Jónssonar frá 30. nóvember 1948 ber það og með sér, að margnefnd fyrirmæli frá 1948 hafi verið talin gilda um þessi viðskipti.

Aðiljar hafa báðir lagt mikla áherzlu á vottorð Sveins Kr. Jónssonar fiskimatsmanns og telja það í rauninni grundvöll þann, sem kaupin voru gerð á. Eftir að mál þetta var fyrst dómtekið, þótti bresta á um skýringar á því, hversu miklu munaði um magn og flokkun roðanna samkvæmt vottorði þessu annars vegar og matsgerðunum báðum hins vegar, og var því hlutazt til um, að fiskimatsmaðurinn kæmi fyrir dóm og gæfi nánari skýringar. Lýsti hann þá yfir því, að hann hefði ekki metið roð þau, sem um ræðir í vottorði hans, þótt svo segi í vottorðinu sjálfu, heldur hafi hann aðeins látið telja roðin og búa um þau í pökkun. Fyrirmælin frá 1948 kvaðst hann ekki hafa séð fyrr en í júní eða júlí það ár, og þá hafi verið búið að telja og pakka nokkuð af roðunum, en ekki vissi hann, hve mikið magn það var. Ummælin í niðurlagi vottorðsins, „öll roðin litu vel út og reyndust góð vara", kvað hann byggð á því, að hann hafi gert ráð fyrir, að svo væri, enda þótt hann væri ekki viss um það og hefði ekki skoðað öll roðin.

Framangreint vottorð, sem eins og fyrr var greint, átti að vera grundvöllur undir viðskiptum aðilja, hefur því reynzt marklaust, og matsgerðin, sú er fram fór í nóvember 1950, leiddi í ljós, að minnsta kosti á þeim sýnishornum, sem skoðuð voru, að roðunum var að verulegu leyti áfátt, bæði að því er varðaði gæði flokkun og frágang. Ekki sést, að aðalstefndi hafi boðizt til að bæta þessa galla á nokkurn hátt, og verður því að líta svo á, með vísun til alls, sem að framan hefur verið rakið, að aðalstefnanda hafi verið rétt að rifta kaupunum, og verður krafa hans að því leyti til greina tekin.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að dæma aðalstefnda til endurgreiðslu á því fé, sem aðalstefnandi hefur greitt upp í kaupverð roðanna, kr. 65.000.00. Um aðra liði í bótakröfu stefnda er það að segja, að 2. liður, innheimtulaun, kr. 1840.00, virðist ekki

standa í slíku sambandi við riftun kaupanna, að unnt sé að taka hann til greina, en 4.—8. liður, að báðum meðtöldum, eru í eðli sínu málskostnaður, og verður tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu. Loks þykja ekki efni til að taka til greina kröfu aðalstefnanda um vexti fyrr en frá útgáfudegi stefnu.

Úrslit aðalsakar verða samkvæmt framanrituðu þau, að viðurkennd verður heimild aðalstefnanda til riftunar kaupsamningi aðilja, er að framan greinir, og að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 65.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1952 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Í gagnsök ber með vísan til framanritaðs að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn hafa uppkveðið Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og Karl Bjarnason erindreki.

Dómsorð:

Í aðalsök er viðurkennd heimild aðalstefnanda, Helga Guðmundssonar, til riftunar á framangreindum kaupsamningi aðilja.

Aðalstefndi, Ísfell h/f, greiði aðalstefnanda kr. 65.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1952 til greiðsludags og kr. 9000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 13/1955. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum**

gegn

**Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Guðvarðs Vilmundarsonar, Jóni Hjaltasyni fyrir eigin hönd og vegna Veiðarfæragerðar Vestmannaeyja, Rafgeyma h/f, Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja og Guðjóns Steingrímssonar og Jóni Eiríkssyni.**

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Mál niður fellt.

## Dómur Hæstaréttar.

Þegar mál þetta kom fyrir dóm, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var krafizt ómaksbóta.

Þegar litið er til þess, að flutningur máls þessa hafði verið ákveðinn framangreindan dag og að stefndu var ekki tilkynnt fyrr en örskömmu áður, að málið yrði hafið, þykja ómaksbætur hæfilega ákveðnar kr. 1200.00 til hvers þeirra um sig.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, greiði skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Guðvarðs Vilmundarsonar, Jóni Hjaltasyni fyrir eigin hönd og vegna Veiðarfæragerðar Vestmannaeyja, Rafgeyma h/f, Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja og Guðjóns Steingrímssonar og Jóni Eiríkssyni, hverjum

um sig, ómaksbætur, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 48/1957. **Vigfús Einarsson**
gegn
**Sverri Aðalbjörnssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð, sem birtur var sóknaraðilja hinn 8. marz s.l.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. f. m., er barst Hæstarétti hinn 21. s. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. a-lið 4. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja samkvæmt kröfu hans málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Vigfús Einarsson, greiði varnaraðilja, Sverri Aðalbjörnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 4. marz 1957.**

Hinn 15. febrúar s.l. var kveðinn upp dómur hér í réttinum í máli Sverris Aðalbjörnssonar gegn Vigfúsi Einarssyni. Var kveðið svo á, að tekin skyldi til greina krafa gerðarbeiðanda um útburðargerð á gerðarþola úr húsnæði því, sem hann hefur haft

til afnota í húsinu nr. 19B við Nýlendugötu. Enn fremur að hann skyldi greiða gerðarbeiðanda kr. 800.00 í málskostnað.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 28. febrúar s.l. krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að útburður yrði framkvæmdur á gerðarþola samkvæmt úrskurði þessum.

Gerðarþoli sýndi þá í réttinum áfrýjunarstefnu, þar sem áfrýjað var til Hæstaréttar framangreindum úrskurði svo og úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 19. september 1956, í öðru máli milli sömu aðilja vegna sama húsnæðis. Áfrýjunarstefna þessi var birt á heimili gerðarbeiðanda hinn 27. febrúar s.l. — Nú krafðist gerðarþoli þess, að útburðargerðin yrði ekki framkvæmd, þar eð úrskurðinum hefði verið áfrýjað og áfrýjun dómsathafnar fresti framkvæmd hennar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti þessari skoðun gerðarþola, og var atriði þetta þegar í stað tekið til úrskurðar.

Telja verður, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd úrskurðar þessa. Verður því ekki annað fyrir hendi en að framkvæma útburðargerð þá, sem ákveðin var með fyrrgreindum úrskurði fógeta, uppkveðnum 15. febrúar s.l.

Því úrskurðast:

Úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum í máli þessu hinn 15. febrúar 1957, skal fullnægt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

---

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 53/1957. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde.**

gegn

**Sveinbirni Þorsteinssyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.**

Synjað var frests.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. marz þ. á., sem barst Hæstarétti 26. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, sem upp var kveðinn 15.

s. m. á bæjarþingi Reykjavíkur í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um frest þann, sem krafizt er. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Ekki eru efni til að fresta meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi, þótt frumvarp það, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, hafi verið lagt fyrir Alþingi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, og skal héraðsdómari halda bæjarþingsmálinu fram lögum samkvæmt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Sveinbjörn Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde, kr. 700.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur G. A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður í Reykjavík vegna Kreisjugendamt í Eckernförde í Schleswig-Holstein í Þýzkalandi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. október 1956, gegn Sveinbirni Þorsteinssyni, Baldursgötu 18, í Reykjavík.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að láta af hendi til stefnanda börnin Gunnar og Thoru Deutschländer, að viðlögðum dagsektum, eigi undir fimm hundruð krónum á dag, sem líður frá birtingu dóms í málinu. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að stefndi hafði um tíma sambúð með Gundela Luise Deutschländer, þýzkri stúlku, en eigi voru þau

gift. Stefndi og Gundela Luise áttu saman 2 börn, Gunnar, fæddan í Schleswig 21. nóvember 1953, og Thoru, fædda í Reykjavík 5. febrúar 1955. Stefndi og Gundela Luise bjuggu síðast saman hér í Reykjavík, og hér andaðist Gundela Luise hinn 12. maí 1956.

Stefnandi byggir kröfur sínar um afhendingu barnanna á því, að börnin séu þýzkir ríkisborgarar, þar sem Gundela Luise hafi verið þýzkur ríkisborgari til dauðadags og börnin hafi verið óskilgetin börn hennar og stefnda.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að honum beri réttur til forræðis barnanna, að látinni móður þeirra, enda framfæri hann börnin.

Er mál þetta var þingfest hinn 11. október 1956, lagði stefnandi fram, auk stefnu, ýmis skjöl varðandi kröfu hans. Stefndi fékk þá tveggja vikna frest til ritunar greinargerðar. Fékk hann síðan framhaldsfresti í sama skyni og lagði fram greinargerð sína hinn 29. nóvember 1956. Stefndi óskaði eftir fresti til gagnaöflunar. Í þeim tilgangi óskaði hann eftir því, að vitnaleiðslur yrðu látnar fara fram. Var frestur í þessu skyni síðast veittur til 14. þ. m. Á þessu tímabili gagnaöflunar leiddi stefndi tvö vitni fyrir dóm. Var þar um að ræða staðfestingu vitnanna á vottorði, er stefndi hafði lagt fram í málinu.

Er málið var tekið fyrir 14. þ. m., óskaði stefndi enn eftir fresti í 6 vikur. Rökstuddi hann þá beiðni sína með því, að allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefði lagt fram breytingartillögu við frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar, er liggur fyrir Alþingi, þar sem lagt er til, að framangreindum börnum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Væri því ástæða til frestunar máli þessu, þar til séð verður fyrir um afgreiðslu Alþingis þetta varðandi.

Stefnandi mótmælti frestbeiðni stefnda og lýsti yfir, að gagnasöfnun væri lokið í málinu. Rökstuddi hann synjun sína með því, að stefndi hafi ekki notað þá fresti, er þegar hafa verið veittir, til annars en að leiða fyrir dóm tvö vitni til staðfestingar vottorði, sem sérstaklega hafði verið tekið fram af hálfu stefnanda, að tekið væri gilt sem staðfest fyrir dómi. Frestbeiðnir stefnda munu því eingöngu vera í þeim tilgangi að draga málið á langinn. Einnig telur stefnandi, að aðgerðir Alþingis eigi ekki að hafa nein áhrif á úrslit máls þessa.

Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Svo sem fram er komið í málinu, hefur Alþingi tekið til meðferðar veitingu íslenzks ríkisborgararéttar til handa framangreindum börnum. Þykir verða að telja, að afgreiðsla Alþingis

á því máli kunni að hafa áhrif á úrslit þessa máls. Samkvæmt því þykir rétt að veita stefnda hinn umbeðna frest.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:
Stefnda veitist hinn umbeðni frestur.

---

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 51/1957. **Fiskimjöl h/f**
gegn
**Fiskiðju Sauðárkróks h/f.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru, dags. 6. marz 1957, sem kom í hendur héraðsdómara 13. s. m. og hingað barst 25. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdóms í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, er upp var kveðinn 1. marz 1957.

Varnaraðili krefst frávísunar máls þessa frá Hæstarétti og kærumálskostnaðar að mati dómsins.

Samkvæmt endurriti úr dómabók Sauðárkrókskaupstaðar voru fyrirsvarsmenn aðilja báðir viðstaddir dómsuppsögu í héraði 1. f. m. Frestur til kæru málskostnaðarákvæðis dómsins samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 var því liðinn, er kæran kom héraðsdómara í hendur, sbr. 199. gr. sömu laga. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Fiskimjöl h/f, greiði varnaraðilja, Fisk-

iðju Sauðárkróks h/f, kærumálskostnað, kr. 700.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Sauðárkróks 1. marz 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. febrúar s.l., hefur Marteinn Friðriksson framkvæmdastjóri f. h. Fiskiðju Sauðárkróks h/f á Sauðárkróki höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. október 1956, gegn Sigurði Sigfússyni framkvæmdastjóra f. h. Fiskimjöls h/f á Sauðárkróki til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 85.948.40 með 7% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi og krafizt þess, að staðfest verði löghald, sem hann lét leggja á eignir stefnda þann 27. september 1956 til tryggingar kröfum þessum. Loks hefur hann krafizt málskostnaðar samkvæmt reikningi eða eftir mati dómara.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda, er nema samtals kr. 14.665.50, og enn fremur krafizt þess, að framangreind löghaldsgerð verði úr gildi felld og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu, eins og að framan greinir, en með samkomulagi dómara og málsaðilja var það flutt fyrir sjó- og verzlunardómi Sauðárkróks þann 17. nóvember síðastliðinn.

Málsatvik eru eins og nú skal lýst:

Samkvæmt skýrslum málsaðilja varð það að samkomulagi þeirra á milli, að stefnandi legði inn til vinnslu karfaúrgang í verksmiðju stefnda hér í bænum. Karfaúrgangi þessum var landað úr togurum, og var stefnda afhent 260523 kg af karfabeinum til vinnslu á tímabilinu frá 26. júlí til 14. ágúst 1956. Enn fremur afhenti stefnandi til vinnslu hjá stefnda 112550 kg af karfabeinum á tímabilinu frá og með 16. til 21. ágúst 1956. Auk þess tók stefndi við til vinnslu 63790 kg af guanókarfa á tímabilinu frá 26. júlí til 21. ágúst 1956. Eru málsaðiljar sammála um magn hins afhenta hráefnis, eins og það er hér tilgreint. Enn fremur er það ágreiningslaust með aðiljum, að ekki var samið um verð á guanókarfanum. Stefnandi hefur gefið þá skýrslu í málinu, að samizt hafi þannig milli hans og stefnda, að verksmiðja stefnda keypti karfabeinin á kr. 350.00 pr. tonn. En verð þetta, sem er lægra en gangverð á karfaúrgangi, hafi verið ákveðið með hliðsjón af því, að verksmiðja stefnda, sem var í smíðum, var þá með öllu óreynd, er hún tók til starfa, og því nokkur óvenjuleg áhætta, sem fylgdi vinnslunni. Hefur stefnandi reiknað sér framangreint

verð fyrir það magn karfabeina, sem afhent var stefnda frá 26. júlí til 14. ágúst. En fyrir það magn karfabeina, sem afhent var stefnda frá og með 16. til 21. ágúst, hafi hann krafizt gangverðs fyrir karfabeinin, þ. e. kr. 0.425 pr. kg. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að svo hafi umsamizt með honum og stefnda, að andvirði karfaúrgangsins skyldi greitt með karfamjöli. Samkvæmt framlögðum reikningi stefnanda, dskj. nr. 4 í málinu, er yfirlit yfir viðskipti málsaðilja þannig:

| | | |
|---|---|---|
| A. Stefnandi færir stefnda til skuldar: | | |
| 1. Söluverð 260523 kg af karfabeinum á kr. 0.35 pr. kg | kr. | 91.183.05 |
| 2. Söluverð 112550 kg karfabeina, er afhent voru frá og með 16. til 21. ágúst, á kr. 0.425 pr. kg | — | 47.833.75 |
| 3. Söluverð guanókarfa 63790 kg á kr. 0.50 pr. kg | — | 31.895.00 |
| 4. Uppskipunarkostnaður | — | 6.863.15 |
| 5. Bifreiðarkostnaður | — | 250.00 |
| Samtals | kr. | 178.024.95 |
| B. Stefnandi færir stefnda til tekna: | | |
| 1. Uppskipunarkostnað | kr. | 63.276.55 |
| 2. Meðtekin 12 tonn af karfamjöli á kr. 2400.00 pr. tonn | — | 28.800.00 |
| Samtals | kr. | 92.076.55 |
| Mismunur er | — | 85.948.40 |

Og fyrir þeirri upphæð hefur stefnandi krafizt dóms í máli þessu.

Stefndi hefur, eins og að framan greinir, krafizt lækkunar á stefnukröfunni, en jafnframt viðurkennt, að hann skuldi stefnanda kr. 71.282.90 í umræddum viðskiptum þeirra. Hefur stefndi borið fyrir sig þau mótmæli í þessu efni, sem nú skulu rakin:

1. Stefndi hefur mótmælt verðauka þeim, er stefnandi hefur krafizt á karfabeinunum, er talin eru undir A-2.tölul. hér að framan. Heldur hann því fram, að stefnanda hafi brostið heimild til að hækka verðið úr kr. 0.35 pr. kg, og ber fyrir sig það samkomulag aðilja, að allt magn karfabeinanna skyldi afhendast fyrir kr. 0.35 pr. kg. Nemur verðauki sá, sem stefndi hefur mótmælt undir þessum tölulið, kr. 8.441.25.

2. Stefndi hefur mótmælt verði því, er stefnandi hefur krafizt fyrir guanokarfann, sbr. A—3. tölul. hér að framan, sem of háu. Rökstyður hann mótmæli sín með því, að enda þótt ekki

hafi verið samið um verð á þessu hráefni, beri stefnanda ekki hærra verð fyrir það en tíðkaðist hér á Norðurlandi, sem sé kr. 0.425 pr. kg, eins og Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði hafi greitt á síðastliðnu sumri. Bendir hann á verðskýrslu þeirra á dskj. nr. 7 þessu til staðfestu. Nemur verðmismunur þessi kr. 4784.25 stefnanda í óhag.

3. Stefndi hefur verðlagt karfamjölið, sem hann afhenti stefnanda sem greiðslu upp í viðskipti þeirra á kr. 2520.00 pr. tonn, en stefnandi hefur verðlagt það með kr. 2400.00 pr. tonn, og er það sama verð og Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði hafa selt karfamjöl við á síðastliðnu hausti. Nemur verðmismunurinn á þessum lið kr. 1440.00 stefnanda í óhag.

Um 1. mótmælaliðinn er þetta álit dómenda: Liður þessi kemur aðeins niður á verði þeirra karfabeina, sem talin eru undir 2. tölulið í framanskráðu yfirliti yfir reikningsviðskipti aðilja, þ. e. verðhækkun, sem stefnandi ákvað á þau 112550 kg karfabeina, er stefnda voru afhent dagana frá og með 16. til 21. ágúst. Verður ekki betur séð en verðhækkun þessi hafi verið einhliða ákveðin af stefnanda og án þess að stefnda hafi verið tilkynnt um hana eða samið um hana við hann, áður en stefnandi ákvað hana. Verður að líta svo á, að stefnanda hafi verið óheimilt að breyta umsömdu verði til hækkunar, að stefnda fornspurðum, þessa fáu daga, sem eftir voru af viðskiptatímanum, hækka það úr kr. 0.35 pr. kg, eins og samið var um, áður en viðskiptin hófust. En stefndi þykir hafa mátt réttilega vænta þess, að það verð héldist, þar til honum væri tilkynnt um verðbreytingu. Þykir því rétt að taka þessa lækkunarkröfu stefnda til greina.

Um 2. mótmælalið stefnda, þ. e. um verðlækkun þá, sem stefndi krefst á guanokarfanum, er þetta álit dómenda: Þar sem ósamið var um verðið á guanokarfa og stefnandi hefur enga grein gert fyrir því, hve mikið hefur verið af heilum karfa í þessum hluta hráefnisins, þykir dómendum rétt og sanngjarnt, að hann sé seldur við gangverði hér á Norðurlandi, sbr. dskj. nr. 7. Þykir því framangreind lækkunarkrafa stefnda, kr. 4784.25, á rökum byggð og verður tekin til greina.

Um 3. kröfulið stefnda, þ. e. verðmismun þann, sem stefndi hefur talið sér til tekna á söluverði karfamjölsins, sem ekki hafði verið samið um verð á, þykir rétt og sanngjarnt, að um verð á þessari vöru fari eins og um verðákvörðun á guanókarfanum, þ. e. að verðið sé ákveðið eftir því, sem telja má gangverð hér á Norðurlandi, sbr. dskj. nr. 7. En af þessu leiðir, að verðhækkun

stefnda, kr. 1440.00 frá verðlagi Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu þykir rétt, að upphæð sú, er stefnandi hefur krafizt dóms fyrir, verði lækkuð um kr. 13225.50. Gegn mótmælum stefnda verða honum heldur ekki dæmdir hærri vextir af skuld stefnda en 6%. Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 72.722.90 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 2. október 1956. Þá ber að staðfesta framangreinda löghaldsgerð, er stefnandi lét leggja á eignir stefnda 27. september 1956.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Sigurður Sigurðsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum, þeim Haraldi Júlíussyni kaupmanni og Valgarði Blöndal sparisjóðsstjóra. Vegna frátafa stafandi af sjúkleika dómsformanns hefur dómur ekki orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Sigurður Sigfússon f. h. Fiskimjöls h.f., greiði stefnandanum, Marteini Friðrikssyni f. h. Fiskiðju Sauðárkróks h.f., kr. 72.722.90 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 156/1955. **Elías Benediktsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Bæjarstjórn Akraness f. h. Akranesskaupstaðar**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gerð starfssamnings eigi sönnuð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1955, gerir þær dómkröfur, að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 17. marz 1955, til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi um vætti vitna, er ljóst, að ósannað er með öllu, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til hins umrædda starfs af þar til bærum aðilja.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Áfrýjun máls þessa var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elías Benediktsson, greiði stefnda, bæjarstjórn Akraness f. h. Akranesskaupstaðar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 26. júlí 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Elíasi Benediktssyni netjagerðarmanni, Suðurgötu 28, Akranesi, gegn bæjarstjórn Akranesskaupstaðar vegna Akranesskaupstaðar með stefnu, útgefinni 17. marz s.l.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi, Akranesskaupstaður, verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur fyrir samningsrof, að upphæð kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 17. marz s.l. til borgunardags, og málskostnað að skaðlausu.

Tildrög málsins tjáir stefnandi þau, að hann hafi á s.l. hausti verið ráðinn forstöðumaður netjagerðarverkstæðis, sem bæjarútgerð Akraness hugðist þá stofnsetja á Akranesi, og hafi mánaðarlaun hans þar átt að verða kr. 4000.00 á mánuði fyrir 8 stunda vinnu á dag. Hafi hann verið beðinn af einum af þremur nefndarmönnum í togaranefnd Akraness, Sigurdóri Sigurðssyni, að taka þetta starf að sér, og þetta verið gert í samráði við þáverandi framkvæmdastjóra bæjarútgerðar Akraness, Karl Jónsson.

Kveðst stefnandi hafa sagt lausu starfi við netjagerð hjá Fiski-

veri h/f á Akranesi þann 5. október 1954 í því skyni að taka við forstöðu netjagerðar bæjarútgerðarinnar þann 10. október 1954. Stefnandi kveðst hafa haft á hendi netjagerðarstörf hjá Fiskiveri h/f á Akranesi frá 10. október 1953, þar til hann sagði því upp og hætti 10. október 1954.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi þannig:

1. Fyrir ráðningu að netjagerð bæjarútgerðarinnar, kaup í tvo mánuði, eða frá 11/10—11/12 1954, kr. 4.000.00 á mánuði ..... kr. 8.000.00
2. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur frá 11/12 1954 með 4.000.00 á mánuði ..... — 12.000.00

Samtals kr. 20.000.00

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að stefnandi hafi verið ráðinn starfsmaður bæjarútgerðar Akraness eða forstöðumaður netjagerðar þess fyrirtækis. Hafi að vísu komið til orða að stofna til netjagerðarverkstæðis fyrir bæjarútgerðina og stefnandi spurður að því af einum togaranefndarmanna, Sigurdóri Sigurðssyni, hvort hann vildi taka forstöðu slíks verkstæðis að sér, ef stofnað yrði, og stefnandi tjáð sig fúsan til þess að takast slíkt á hendur. Til ráðningar hafi aldrei komið, fyrst og fremst vegna þess að togaranefndin á Akranesi felldi með 2 atkvæðum gegn 1 á fundi sínum 8. nóvember 1954 að stofna til slíks netjagerðarverkstæðis fyrir bæjarútgerðina. Um þessa ályktun togaranefndarinnar hafi stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi heyrt „orðafleipur“ um, að fellt hafi verið á fundi þessum að stofna netjagerðarverkstæðið, en tilkynningu um það frá bæjarútgerðinni hafi sér aldrei borizt.

Stefndi telur augljóst mál, að stefnandi hafi fylgzt með því, hvað þessu máli leið og því vitað strax um úrslit máls þessa á fundi togaranefndarinnar 8. nóvember 1954. Hann hafði enga atvinnu misst við uppsögn sína hjá Fiskiveri h.f., því að hann gat unnið við netjagerð heima hjá sér á Suðurgötu 28 á Akranesi og muni hafa gert það.

Framkvæmdastjórinn, Karl Jónsson, sem hætti störfum hjá bæjarútgerðinni 1. janúar 1955, hafi aldrei samþykkt að ráða stefnanda, nema ef til þess kæmi, að netjagerðin yrði sett á stofn.

---

Skulu nú athugaðir vitnaframburðir og annað það, sem fram hefur komið í málinu.

Vitnið Karl Jónsson skýrir svo frá, að strax eftir að það tók við framkvæmdastjórastarfi hjá Bæjarútgerð Akraness um miðjan septembermánuð 1954, hafi það borizt í tal með því og Sigurdóri Sigurðssyni, verkstjóra bæjarútgerðarinnar, hvort ekki væri æskilegt, að bæjarútgerðin stofnaði og starfrækti netjagerðarverkstæði. Hafi talazt svo til með þeim, að Sigurdór skyldi líta í kringum sig eftir heppilegum manni til að veita verkstæðinu forstöðu, ef af stofnun þess yrði. Segir vitnið, að stefnandi, Elías Benediktsson, hafi komið og talað við það, að því er vitnið bezt man, fyrstu dagana í október 1954, enda hafi því verið kunnugt um, að stefnandi og Sigurdór hafi þá þegar átt tal saman um stofnun umrædds netjaverkstæðis.

Vitnið kveðst hafa tjáð stefnanda, er þeir áttu tal saman um þetta í byrjun október, sem fyrr greinir, að ef til þess kæmi að stofna umrætt verkstæði, þá hefði vitnið ekkert við það að athuga, að stefnandi yrði ráðinn forstöðumaður þess. Um það bil hálfum mánuði eftir að vitnið og stefnandi áttu tal saman samkvæmt framangreindu, segir vitnið, að stefnandi hafi komið að máli við það og spurt, hvað málinu liði.

Kveðst vitnið þá hafa tjáð stefnanda, að af þessu hefði ekkert orðið ennþá. Málið hefði verið tekið fyrir í stjórn bæjarútgerðarinnar, frá því að þeir töluðust við í fyrra sinnið, en því hefði verið vísað frá.

Vitnið kveðst hafa fengið bréf frá stefnanda í byrjun nóvembermánaðar 1954 og telur, að rétt kunni að vera, að stefnandi hafi þar meðal annars spurt, hvenær starf hans við netjaverkstæðið ætti að hefjast. Kveðst vitnið hafa svarað bréfi þessu munnlega nokkuð löngu síðar, þar sem það kveðst áður hafa verið búið að tjá stefnanda þegar í fyrsta samtali þeirra, að það myndi láta hann vita, ef eða þegar að því kæmi, að af starfinu yrði.

Vitnið Sigurdór Sigurðsson segir, að það muni hafa verið laust fyrir mánaðamótin sept./okt. 1954, að það átti fyrst tal við stefnanda um það, hvort hann myndi fáanlegur til að vinna sem netjagerðarmaður á netjagerðarverkstæði bæjarútgerðarinnar, ef til þess kæmi, að það yrði stofnað. Segir vitnið, að stefnandi hafi gefið kost á sér til starfsins, en hafi jafnframt tekið fram, að fyrir 10. eða 15. október, vitnið man ekki, hvort heldur, þyrfti hann að fá að vita, hvort nokkuð yrði af þessu. Kveðst vitnið síðan hafa skýrt framkvæmdastjóra bæjarútgerðarinnar frá þessu samtali við stefnanda, en framkvæmdastjórinn hafi sagt vitninu að láta stefnanda koma og tala við sig.

Vitnið segir, að er það hafi dregizt á að verkstæðið yrði stofnað,

hafi stefnandi komið að máli við það oftar en einu sinni til að spyrjast fyrir um, hvernig málið gengi, og kveðst vitnið ávallt hafa tjáð stefnanda, að hann ætti ráðningu sína undir framkvæmdastjóra útgerðarinnar, enda kveðst vitnið hafa tjáð stefnanda, að það hefði enga heimild til að ráða.

Eftir að þetta samtal stefnanda og vitnisins fór fram, kveður vitnið málið hafa verið rætt í útgerðarráði bæjarútgerðarinnar og fellt þar.

Vitnið Þorvaldur Steinason kveður Sigurdór Sigurðsson hafa sagt í samtali við stefnanda, Elías Benediktsson, á heimili vitnisins s.l. vetur, að stefnandi hefði verið ráðinn sem forstjóri við netjagerðarverkstæði Bæjarútgerðar Akraness, og jafnframt hafi Sigurdór sagt, að hann skyldi bera það, hvar sem væri, að stefnandi hefði verið ráðinn að þessu starfi. Segir vitnið samtal þetta hafa átt sér stað um mánaðamótin jan./febr. s.l. Enn fremur segir vitnið, að Jóhann Jóhannsson, Krókatúni 14, hafi fyrst getið um þessa ráðningu við það snemma í október s.l. Kveðst vitnið hafa litið svo á samkvæmt áðurgreindu samtali á heimili þess, að Sigurdór Sigurðsson og Karl Jónsson, forstjóri bæjarútgerðarinnar, hefðu báðir staðið að ráðningu stefnanda.

Vitnið Ásgeir Guðmundsson kveður sér vera kunnugt um, að Sigurdór Sigurðsson hafi átt tal við stefnanda, Elías Benediktsson, í næsta herbergi við vitnið í „Fiskiveri" snemma á s.l. sumri. Kveðst vitnið hafa heyrt „ávæning" af samtalinu yfir í sitt herbergi. Segir vitnið, að Elías hafi, að samtalinu loknu, skýrt sér frá því, að efni þess hefði verið það, að stefnandi, Elías Benediktson, yrði ráðinn að væntanlegri netjagerð bæjarútgerðarinnar. Segir vitnið, að það, sem það hafi heyrt af samtalinu, hafi verið þessu viðvíkjandi, eins og Elías hafi skýrt sér frá. Auk þess hefði stefnandi áður verið búinn að segja vitninu, að málaleitan þessu viðvíkjandi hefði verið í frammi höfð við sig.

Vitnið Hallfreður Guðmundsson segir, að eftir eigin sögn Sigurdórs Sigurðssonar hafi Sigurdór ráðið stefnanda við væntanlega netjagerð, ef upp yrði sett. Þá hafi og Karl Jónsson margtekið fram við vitnið, að hann hafi samþykkt ráðningu stefnanda, Elíasar, á þeim forsendum, ef þetta fyrirtæki yrði stofnsett. Með „forsendum" kveðst vitnið eiga við: „Með því skilyrði, að ef þetta yrði stofnsett, þá yrði Elías ráðinn að því".

Enn fremur segir vitnið, að á fundi í janúarmánuði s.l., er þeir voru mættir á, vitnið, Sigurdór Sigurðsson, Karl Jónsson og stefnandi, Elías Benediktsson, hafi Sigurdór viðurkennt að hafa ráðið Elías, en jafnframt hafi hann tekið fram, að fyrir því væri

hann einn, þ. e. Sigurdór, ábyrgur, enda hefði hann margtekið fram á stjórnarfundum útgerðarinnar, að hann teldi sig persónulega ábyrgan fyrir ráðningunni.

Þá segir og vitnið, að Karl Jónsson hafi tekið fram, að hann myndi standa við öll sín loforð gagnvart stefnandanum, Elíasi, en það hafi ekki virzt koma fram í samtalinu, hver þau voru.

---

Af framangreindum vitnaframburði og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, verður ekki séð þrátt fyrir staðhæfingu stefnanda, Elíasar Benediktssonar, að hann hafi verið fastráðinn við umrætt netjagerðarverkstæði af nokkrum þeim, sem heimild höfðu til að ákveða slíka ráðningu. Enda ávallt sá fyrirvari á hafður, er rætt var við stefnanda um starf þetta, að hann yrði ráðinn til þess, ef til kæmi, að bæjarútgerðin stofnsetti netjagerðarverkstæði.

Þá verður og að ætla, að stefnanda hafi verið kunnugt um þá ákvörðun togaranefndar á fundi hennar 8. nóvember 1954, að umrætt netjagerðarverkstæði yrði ekki sett á stofn, enda þótt honum hafi ekki verið tilkynnt það formlega, því að ætla má, að honum hafi verið það sérstakt áhugamál að fylgjast með endanlegri ákvörðun togaranefndarinnar um þetta, ekki sízt, hafi hann verið búinn að segja upp öðru starfi þess vegna og verið að bíða eftir hinu nýja starfi.

Loks verður ekki talið nægilega sannað, að stefnandi hafi sagt upp eða hætt fastlaunuðu starfi, vegna þess að hann teldi sig vera ráðinn til margumrædds starfs hjá stefnda í máli þessu.

Í vottorði forstjóra Fiskivers h.f. um þetta atriði á dómskjali nr. 8 segir svo:

„Þann 5. október síðastliðinn lét hr. Elías Benediktsson mig vita, að hann mundi hætta störfum við netjagerð hjá Fiskiveri h.f. 10. október. Tilefnið kvað hann vera, að hann væri ráðinn netjagerðarmaður hjá „Bæjarútgerð Akraness", enda hafði ég heyrt það áður, að slíkt stæði til.

Af orðalaginu: „lét hr. Elías Benediktsson mig vita, að hann mundi hætta störfum ..." o. s. frv., verður naumast ráðið, að stefnandi hafi verið fastráðinn hjá Fiskiveri h.f., enda hefði hann þá vafalaust þurft lengri uppsagnarfrest en frá 5. til 10. október. Auk þess hefur komið fram í málinu, að stefnandi hefur unnið meira og minna við netjagerð heima hjá sér, frá því að hann hætti hjá Fiskiveri h.f., og er því með öllu ósannað, að hann hafi orðið fyrir nokkru fjárhagstjóni í sambandi við mál þetta.

Af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda, bæjar-

stjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda, Elías Benediktsson, til að greiða stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Benediktssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Elías Benediktsson, greiði stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 151/1955. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)

gegn

**Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.**

Ómerking máls og frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og

málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur með stefnu til sjó- og verzlunardóms 23. febrúar 1951 höfðað mál þetta „til viðurkenningar á bótaskyldu tjóni, er m.s. Þyrill olli á hafskipabryggju Bíldudals aðfaranótt 21. apríl f. á.“, og svo til viðurkenningar „sjóveðs í m/s Þyrli fyrir væntanlegum bótum“. Í kröfugerð þessari er hvorki tiltekin fjárhæð dómkröfu né tjón það nægilega afmarkað, sem krafizt er bóta fyrir. Eru dómkröfurnar því ódómhæfar, sbr 88. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá sjó- og verzlunardóminum.

Með hliðsjón af því, að stefndi hefur samþykkt framangreindan málatilbúnað, er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og svo málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá sjó- og verzlunardóminum.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps f. h. hreppsins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. febrúar 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins hér í bænum til viðurkenningar skaðabótaskyldu vegna atburðar, sem síðar verður lýst, og gegn Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt föstudagsins 21. apríl 1950 var m/s Þyrli siglt inn Arnarfjörð áleiðis til Bíldudals, en þar átti skipið að losa um 80 smálestir af olíu. Skipstjóri var á stjórnpalli. Um það leyti sem skipið var sveigt af firðinum inn á voginn til Bíldudals, lét skipstjóri gefa hljóðmerki til þess að vekja athygli á ferðum skipsins, því að ekki hafði verið unnt að segja nákvæmlega fyrir um komutíma þess. Á Bíldudal var bryggja, eign Suður-

fjarðarhrepps, er skipstjórinn hugðist leggja skipinu að. Þegar skipið var komið í um það bil 3 til 4 skipslengda fjarlægð frá bryggjunni, lét skipstjórinn ljóskastara skipsins lýsa hana upp. Kveðst hann þá hafa tekið eftir því, að hornstaur hafi vantað í suðvesturhorn bryggjunnar og hornið hangið í lausu lofti. Hafi hann því beðið um, að vél skipsins væri sett á fulla ferð aftur á bak, og hafi skipið þá stöðvazt alveg. Síðan hafi hann látið setja vélina á hæga ferð áfram til þess að fá stefnið fyrir ytra horn bryggjunnar. Þegar því hafi verið náð, hafi hann aftur látið setja vélina á fulla ferð aftur á bak. En í þessum svifum rakst stefni eða bógur skipsins í þriðja staur frá austurhorni bryggjunnar undir bryggjupallinum og fánastöng á stefni skipsins úr 2—2½ þumlunga járnpípu á kanttré bryggjunnar. Við árekstur þenna brotnuðu margir staurar í bryggjunni, hún lét undan síga og fánastöngin bognaði, en í umrætt skipti var m/s Þyrill, sem er að stærð 809 rúmlestir (brúttó), næstum fullhlaðinn. Skipinu var síðan siglt leiðar sinnar, án þess að hafnarnefnd þorpsins væri tilkynnt um atburðinn eða nokkur skoðun færi fram.

Í matsgerð 5 dómkvaddra manna, dags. 28. apríl 1950, segir svo um ásigkomulag bryggjunnar eftir árekturinn: „Skoðunin leiddi í ljós, að árekstur hafði orðið á 3ja staur frá austurhorni bryggjunnar. Bryggjuhausinn hafði færzt í vesturátt um ca 4,5 metra. Af þessum ástæðum hafði landgangur bryggjunnar skekkzt og sligazt í sömu átt á ca 23ja metra lengd. Framhlið bryggjuhaussins hefur sigið um 1,8 metra, og sú hliðin, sem snýr að landi, um ca 3,70 metra svo og framendi landgangsins. Af þessu verður að ályktta, að allir staurar bryggjuhaussins séu brotnir eða dregnir upp. Telja verður líklegt, að neðri bindingur bryggjunnar og skástífur sé meira og minna brotið.

Nokkra staura hefur rekið á land. Mælingar voru gerðar á þeim gagnvart tréætu, og kom í ljós, að rýrnun af völdum hennar var frá 8 cm og allt að 13 cm af þvermáli stauranna. Eina skástífu hafði rekið á land, var neðri endi hennar, sem festur var niður við neðra langband, talsvert skemmdur af tréætu.

Dekk bryggjunnar var farið að fyrnast, og hafa verið settar á nokkurn hluta þess hlífar úr 1,5 tommu borðum, en bitalagið undir dekkinu virðist hafa verið gott, áður en árekturinn varð.

Hornstaur á suðvesturhorni bryggjunnar var brotinn, og var oss tjáð, að það hafi orðið af völdum m/s „Lagarfoss“ þann 6. marz 1950“.

Stefnandi heldur því fram, að við árekturinn hafi oftnefnd

bryggja gjöreyðilagzt. Telur hann, að stefndi, Skipaútgerð ríkisins, sem eigandi og útgerðarmaður m/s Þyrils, beri gagnvart sér skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af bryggjuskemmdunum hafi leitt, og hefur, svo sem í upphafi segir, höfðað mál þetta til viðurkenningar á þeirri bótaskyldu. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar í málinu eftir mati dómsins svo og þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Þyrli til tryggingar væntanlegum skaðabótum. Enn hefur stefnandi stefnt vátryggjanda m/s Þyrils, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Reisir hann sýknukröfu sína á því, að skipstjóri m/s Þyrils hafi sýnt fyllstu aðgæzlu, þegar hann lagði að bryggjunni, enda hafi snerting skipsins við bryggjuna verið svo lítilfjörleg, að sumir skipverjanna hafi aðeins merkt hana, en aðrir ekki orðið hennar varir. Telur stefndi, að bryggjan hafi þegar verið ónýt, er áreksturinn varð. Bendir hann í því sambandi á, að m/s Lagarfoss hafi valdið skemmdum á henni hinn 6. marz 1950. Í skoðunargerð, dags. 4. október 1950, segir svo um þessar skemmdir: „Brotinn hornstaur í suðvesturhorni bryggjunnar, brotinn við langband, sem liggur við stórstraumsfjöruborð. Enn fremur 2 skástífur frá sama staur, önnur í norður, en hin í austurátt. Brotin kanttré á vesturkanti, annað ca 3 metra frá hornstaur en hitt ca 1 metra frá sama staur.

Um aðrar eða meiri skemmdir af völdum m/s Lagarfoss var ekki að ræða. Það skal tekið fram, að brot á hornstaur bryggjunnar ásamt skástífum veikir bryggjuna ekki að öðru leyti en því, sem snertir þann reit, sem staurinn var í".

Heldur stefndi því fram, að bryggjan hafi skemmzt eða reynzt mun meira af völdum m/s Lagarfoss en fram komi í skoðunargerð þessari, þar eð við hana muni aðeins hafa verið athugaðar sýnilegar skemmdir. Í öðru lagi kveður stefndi, að bryggjan hafi verið orðin mjög skemmd af tréætu. Hefur hann því til sönnunar lagt fram allmargar myndir af staurum úr bryggjunni og sýnt dómendum þrjá bryggjustaura, og var einn þeirra mjög étinn. Loks telur stefndi, að fyrirsvarsmönnum bryggjunnar hafi borið að vara menn við hinu lélega ásigkomulagi hennar, en það hafi þeir ekki gert.

Réttargæzlustefndi hefur stutt sýknukröfu stefnda og krafizt hæfilegs málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnanda.

Telja verður, að skipstjóri m/s Þyrils hafi ekki sýnt nægilega aðgætni, er hann hugðist leggja skipinu að bryggjunni á Bíldudal í umrætt skipti. Í málinu liggur fyrir uppdráttur, sem talinn er sýna afstöðu skips og bryggju innbyrðis á því augnabliki, er árekstur inn á bryggjuna varð (dskj. 27). Sýnir uppdrátturinn, að skipið hefur borið mjög óhöndulega að bryggjunni, er verið var að leggja því að henni, og þykir mega til þess rekja, hvernig fór.

Umrædd bryggja var reist árið 1938 og mun frá upphafi hafa verið fremur veikbyggð. Ætla má, að skemmdir m/s Lagarfoss á henni 6. marz 1950 hafi eitthvað veikt hana. Þá kemur fram í málinu, að bryggjan var allmjög skemmd af tréætu. Hins vegar verður ekki annað séð en að bryggjan hafi fyllilega gegnt hlutverki sínu til þess tíma, er m/s Þyrill rakst á hana, svo sem áður er sagt, en eftir það var sá hluti hennar, sem skemmdist við árekstur inn, ónothæfur. Að þessu athuguðu þykir sú staðhæfing stefnda, að bryggjan hafi verið ónýt, þegar umræddur atburður gerðist, ekki fá staðizt, og er þá sýnt, að skemmdir þær, sem hlutust á bryggjunni við árekstur m/s Þyrils á hana, hafa valdið stefnanda einhverju tjóni. Þegar framangreind atriði eru virt, ber því að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu skaðabótaábyrgðar stefnda gagnvart honum á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið vegna skemmda m/s Þyrils á bryggju hans á Bíldudal. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í nefndu skipi til tryggingar fébótunum.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Réttargæzlustefnda hefur ekki verið stefnt að ófyrirsynju til að gæta hagsmuna sinna í málinu, og verður því málskostnaðarkrafa hans ekki tekin til greina.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Valgeiri Björnssyni hafnarstjóra og Þorsteini Daníelssyni skipasmið.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, ber gagnvart stefnanda, Suðurfjarðarhreppi, fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið af skemmdum m/s Þyrils á bryggju hans á Bíldudal hinn 21. apríl 1950, og á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fébótunum.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað innan

15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 14/1955. **Litla Skógerðin h/f** (Marteinn M. Skaftfells)
gegn
**Harry A. Jensen og Lilly Th. Jensen**
(Vilhjálmur Jónsson hrl).
og
**Harry A. Jensen**
gegn
**Litlu Skógerðinni h/f**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vanefndir starfssamnings. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og stefnda í máli þessu. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 39.000.00 og að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 16.000.00 og loks að þeim báðum in solidum verði auk þess dæmt að greiða honum kr. 25.000.00. Enn fremur krefst hann 6% ársvaxta af dæmdum fjárhæðum frá 24. september 1952 og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda og stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 26. apríl 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 61.693.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að

löghaldsgerð sú, sem í héraðsdómi greinir, verði staðfest. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að því er varðar aðalsök í héraði, þó að undanskildu ákvæði um málskostnað. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði héraðsdóms í framhaldssök í héraði um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda. En þegar þess er gætt, að gagnáfrýjandi og kona hans tóku sig upp frá heimili sínu í fjarlægu landi, og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykja bætur þeim til handa hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00 auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og segir í héraðsdómi.

Í gagnsök í héraði og sakaukamáli ber að staðfesta héraðsdóm, að öðru en varðar ákvörðun um málskostnað.

Samkvæmt framanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 4.149.00 + kr. 20.000.00 auk 6% ársvaxta af hinn fyrrgreindu fjárhæð frá 10. september 1952 og og af hinni síðargreindu fjárhæð frá 7. október 1952, hvort tveggja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 8.000.00. Svo greiði hann og stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Harry A. Jensen, og stefndi, Lilly Th. Jensen, eiga að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Litlu Skógerðarinnar h/f, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 24.149.00 auk 6% ársvaxta af kr. 4149.00 frá 10. september 1952 og af kr. 20.000.00 frá 7. október s. á. til greiðsludags.

Hin áfrýjaða löghaldsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00. Svo greiði

hann og stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1954.**

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Harry A. Jensen, Drápuhlíð 41 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. september 1952, gegn Litlu skógerðinni h.f. hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 18.012.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, er hann þann 9. september 1952 lét leggja á eignir stefnda til tryggingar kröfum þessum.

Með stefnu, útgefinni 7. október 1952, höfðaði stefnandi framhaldssök. Gerði hann þar þær dómkröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða kr. 45.500.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og framhaldssök og að framangreint löghald verði úr gildi fellt.

Með stefnu, útgefinni 24. september 1952, höfðaði stefndi gagnsök og sakaukamál gegn eiginkonu gagnstefnda, Lilly Jensen, Drápuhlíð 41 hér í bænum. Gerði gagnstefnandi þær dómkröfur í gagnsökinni og sakaukamáli, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 39.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, að sakaukastefndi, Lilly Jensen, verði dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 16.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og að gagnstefndi og sakaukastefndi verði in solidum dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 27.187.75 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Í öllum tilvikum hefur gagnstefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnstefnda og sakaukastefnda að mati dómarans.

Gagnstefndi og sakaukastefndi hafa krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök og sakaukamáli og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að þann 7. marz 1952 birtist í dagblaðinu „Berlingske Tidende" í Kaupmannahöfn auglýsing frá fyrirtæki einu hér í bæ, sem nefndi sig Elmaro, þess efnis, að skóverksmiðja á Íslandi óskaði eftir að ráða verkstjóra og skósaumakonu

til starfa í verksmiðjunni. Heitið var góðum launum og ókeypis ferðum. Aðalstefnandi gaf sig fram sem umsækjandi um verkstjórastarfið, og eiginkona hans, sakaukastefndi, sem umsækjandi um skósaumakonustarfið. Kvaðst aðalstefnandi vera menntaður og vanur skógerðarmaður og hafa veitt skóverksmiðjum forstöðu. Þá væri kona hans vön skósaumi. Óskaði hann nánari upplýsinga um laun og fleiri atriði. Þann 16. marz 1952 ritaði fyrrgreint firma aðalstefnanda bréf, og eru þar ýmsar upplýsingar varðandi væntanlegt starf aðalstefnanda og konu hans. Um laun þeirra segir, að þau myndu verða kr. 5.000.00 á mánuði fyrir þau bæði hjónin fyrstu tvo til þrjá mánuðina, en síðan hækka eftir nánara samkomulagi. Bréfi þessu svaraði aðalstefnandi með bréfi, dags. 24. marz 1952. Kveðst hann þar hafa áhuga fyrir starfinu og óskar eftir, að honum verði send drög að ráðningarsamningi. Þá kveðst aðalstefnandi ganga út frá því, að vinnuveitandinn greiði ferðakostnað allan. Bréfi þessu svaraði nefnt firma með bréfi, dags. 1. apríl 1952, og tilkynnir honum, að hann myndi verða ráðinn og honum send drög að ráðningarsamningi hið fyrsta. Aðalstefnandi virðist hafa svarað bréfi þessu með bréfi, dags. 5. apríl 1952, og staðfest ráðninguna. Þann 21. apríl ritaði firmað Elmaro aðalstefnanda enn bréf, og er þar fram tekið, að hann verði brátt látinn vita, hvort óskað verði eftir, að hann fari frá Kaupmannahöfn þann 27. apríl eða 3. maí 1952. Þá er tekið fram í bréfi þessu, að drög að ráðningarsamningi verði send með næstu póstferð. Enn ritaði firma þetta aðalstefnanda bréf þann 24. apríl 1952. Í bréfi þessu er tekið fram, að firmað sé reiðubúið að greiða aðalstefnanda kr. 3.000.00 og sakaukastefnda kr. 2.000.00 í laun á mánuði í um það bil þrjá fyrstu mánuðina. Eftir fyrstu þrjá mánuðina vilji firmað hækka launin smám saman (efterhaanden), laun aðalstefnanda í um kr. 4.000.00 og laun sakaukastefnda í um kr. 2.500.00. Þá er þess getið, að hugsanlegt sé að semja um föst laun og ágóðahlut af seldum vörum. Þá er það tekið fram, að firmað muni greiða ferðina hingað til lands og við það sé miðað, að þau hjónin starfi við skóverksmiðjuna í minnst eitt ár. Laun verði greidd mánaðarlega eftir á. Þó muni aðalstefnandi geta fengið fyrirframgreiðslu hinn fyrsta mánuð. Talað er um í bréfinu, að rétt sé að bíða með endanlegan ráðningarsamning, þar til aðalstefnandi sé kominn hingað til lands, en þess er óskað, að þau hjónin leggi af stað frá Kaupmannahöfn þann 3. maí s. á. Þessum síðustu bréfum svaraði aðalstefnandi með bréfi, dags. 28. apríl, og kveðst fallast á, að endanlega verði gengið frá ráðningarsamningi, þegar

hann sé kominn til Íslands, en hann sé reiðubúinn að leggja af stað þann 3. maí. Aðalstefnandi lagði síðan af stað til Íslands þann 3. maí 1952, en kona hans gat þá eigi farið með honum vegna sjúkleika, að því er hún telur. Aðalstefnandi kom hingað til lands þann 8. maí og hóf vinnu í verksmiðju aðalstefnda skömmu síðar, en ómótmælt er, að hann hafi verið ráðinn þangað til starfa og aðalstefndi beri ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem Elmaro kunni að hafa tekið í sambandi við ráðningu aðalstefnanda og sakaukastefnda. Hins vegar var skriflegur ráðningarsamningur aldrei gerður. Eiginkona aðalstefnanda, sakaukastefndi í máli þessu, kom hingað til lands 6. júní 1952 og hóf vinnu í skóverksmiðju aðalstefnda skömmu síðar. Unnu þau hjónin síðan í verksmiðjunni til 12. september 1952, en virðast hafa hætt þar störfum þann dag.

Aðalsök.

Kröfur sínar í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vangreidd laun þeirra hjóna fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. ágúst 1952 ..... | kr. | 15.800.00 |
| 2. Leiga fyrir tæki ..... | „ | 1.000.00 |
| 3. Ferða- og flutningskostnaður frá Sorö til Kaupmannahafar ..... | kr. | 1.212.00 |
| | kr. | 18.012.00 |

Um 1.

Kröfu sína fær aðalstefnandi þannig fram, að hann telur, að honum og konu hans hafi borið laun frá aðalstefnda frá 1. apríl 1952 að telja, en þá hafi þau verið reiðubúin að leggja af stað hingað til lands, hvenær sem þess væri óskað af aðalstefnda eða Elmaro. Að því er launakjör varðar, þá beri honum í laun kr. 3.000.00 á mánuði fyrstu þrjá mánuðina, eða til 30. júní 1952. Eftir þann tíma hafi honum verið lofað kr. 4.000.00 í kaup á mánuði. Konu hans beri hins vegar kr. 2.000.00 í laun fyrstu þrjá mánuðina, en kr. 2.500.00 á mánuði eftir þann tíma. Fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. ágúst beri þeim því alls kr. 28.000.00 í laun. Hins vegar hafi þeim aðeins verið greiddar kr. 12.200.00, þannig að eftir standi af þessum sökum kr. 15.800.00.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að aðalstefnandi og kona hans hafi verið ráðin til starfa frá 1. apríl 1952 að telja. Ekki hafi verið gengið frá samningum fyrr en síðast í aprílmánuði og við það miðað, að þau hjónin legðu af stað til Íslands þann 3. maí. Það hafi aðalstefnandi sjálfur gert

og verið kominn hingað til lands þann 8. maí 1952 og frá þeim tíma beri honum fyrst laun. Að því er varði eiginkonu aðalstefnanda, þá hafi hún fyrst mætt til vinnu þann 8. júní 1952 og eigi ekki rétt á kaupi frá fyrri tíma. Að því er kauphæðina varði, þá hafi verið svo um samið, að aðalstefnandi skyldi hafa kr. 3.000.00 í kaup í ca fyrstu þrjá mánuðina, en hækka síðan smátt og smátt upp í kr. 4.000.00 í laun á mánuði. Eiginkona aðalstefnanda hafi á sama hátt átt að hafa fyrst kr. 2.000.00 í mánaðarlaun, en síðan hækka smátt og smátt upp í kr. 2.500.00 á mánuði. Þessar hækkanir hafi verið við það miðaðar, að rekstur skóverksmiðjunnar gengi vel og aðalstefnandi og kona hans stæðu sig vel í stöðum sínum. Í reyndinni hafi þetta farið öðru vísi. Aðalstefnandi eigi því aðeins rétt á kr. 3.000.00 á mánuði í kaup fyrir tímabilið frá 8. maí 1952 til 8. september sama ár og eiginkona hans eigi á sama hátt aðeins rétt á kr. 2.000.00 í kaup á mánuði fyrir tímabilið frá 8. júní 1952 til 8. september 1952. Alls nemi því laun þeirra hjóna þenna tíma kr. 18.000.00. Hins vegar hafi þeim hjónum verið greitt í reiðufé kr. 12.200.00 í kaup. Þá beri verksmiðjan ábyrgð á sköttum aðalstefnanda og eiginkonu hans og hafi greitt þá að nokkru, og telur aðalstefndi þetta nema kr. 4.000.00. Þá kveðst aðalstefndi hafa greitt farmgjald fyrir muni aðalstefnanda frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, kr. 3.555.75, en þetta hafi henni verið óskylt að greiða og beri aðalstefnanda að endurgreiða það. Þar sem eiginkona aðalstefnanda hafi eigi komið hingað til lands fyrr en í júnímánuði, hafi fargjald fyrir hana orðið kr. 432.00 dýrara en ef hún hefði komið í maímánuði, eins og um hafi verið samið. Fé þetta beri þeim hjónum því að endurgreiða. Af þessu sé ljóst, að miðað við 8. september 1952, hafi aðalstefndi átt kr. 2.187.75 hjá þeim hjónum, aðalstefnanda og sakaukastefnda.

Þegar litið er til bréfaskipta þeirra aðalstefnanda og firmans Elmaro um ráðningu aðalstefnanda og konu hans, sem að framan hafa verið rakin, þá verður eigi talið, að aðalstefnandi hafi mátt líta svo á, að hann skyldi taka kaup frá 1. apríl 1952. Hins vegar þykir rétt að telja, að aðalstefnandi hafi mátt reikna sér laun frá 1. maí 1952, en hann lagði af stað frá Kaupmannahöfn þann 3. maí samkvæmt fyrirskipun frá nefndu firma. Samkvæmt þessu bar aðalstefnanda kaup frá 1. maí 1952, eða alls í 4 mánuði, sem hér koma til álita. Að því er varðar laun aðalstefnanda, þá voru aðiljar sammála um, að honum hafi borið kr. 3.000.00 í kaup fyrstu þrjá mánuðina. Í fyrrgreindum bréfum er ekki fastákveðið, hvenær launahækkun skyldi hefjast né hvern-

ig henni skyldi hagað. Þegar þetta er virt og það, að ekki verður séð, að aðalstefnandi hafi gert neinn reka að því að fá ákveðna samninga um launahækkunina né krafið um launahækkun eftir þriggja mánaða starf, þá verður ekki fallizt á, að hann eigi rétt á slíkri launahækkun fyrir það tímabil, sem hér skiptir máli. Að því er varðar eiginkonu aðalstefnanda, þá var svo til ætlazt, að hún kæmi hingað til lands ásamt aðalstefnanda. Þar sem hún gerði það ekki, getur hún ekki krafið kaup frá sama tíma sem hann, en ósannað er, að sjúkleiki hafi dvalið för hennar. Eiginkona aðalstefnanda lagði hins vegar af stað frá Kaupmannahöfn fyrstu daga júnímánaðar, og þykir hún eftir atvikum eiga rétt á launum frá 1. júní. Aðiljar eru sammála um, að eiginkona aðalstefnanda hafi átt að fá kr. 2.000.00 á mánuði í kaup fyrstu þrjá mánuðina. Verður það lagt til grundvallar hér, en þessi hluti málsins snýst aðeins um tímabilið til 1. september 1952. Með vísan til þessa verður að telja, að þeim aðalstefnanda og eiginkonu hans hafi borið alls kr. 18.000.00 í laun til 1. september 1952.

Eins og áður er getið, eru aðiljar sammála um, að af launum þessum hafi aðalstefnanda og eiginkonu hans þegar verið greiddar kr. 12.200.00 í reiðufé.

Því er ómótmælt af aðalstefnanda og eiginkonu hans, að aðalstefndi hafi greitt þeirra vegna opinber gjöld, að fjárhæð kr. 1.819.00, vegna starfa þeirra hér. Hins vegar er ósannað, að aðalstefndi hafi greitt meira fé af þessum sökum eða sé ábyrgur fyrir því. Samkvæmt þessu þykja kr. 1.819.00 eiga að koma hér til frádráttar launum aðalstefnanda og eiginkonu hans. Að því er varðar flutningsgjald á húsmunum aðalstefnanda, þá er því ómótmælt, að aðalstefndi hafi innt þessar greiðslur af hendi. Hins vegar hefur aðalstefnandi haldið því fram, að aðalstefndi hafi tekið að sér að greiða þenna kostnað. Eins og áður getur, tók aðalstefnandi það fram í bréfi sínu til Elmaro þann 24. marz 1952, að hann reiknaði með, að vinnuveitandinn greiddi allan ferðakostnað. Þá segir í bréfi Elmaro frá 24. apríl 1952, að aðalstefnandi og kona hans muni fá greidda ferðina hingað til lands. Í bréfi þessu er aðalstefnandi hvattur til að taka með húsgögn sín, enda þótt hann gæti ekki flutt þau með sér án þess að greiða farmgjald. Frekar virðist ekki hafa verið um þessi atriði samið. Þegar litið er til atvika allra, þykir aðalstefnandi hafa mátt reikna með því, að aðalstefndi greiddi kostnað af flutningum á húsmunum hans, og þar sem ekki er í ljós leitt, að hér hafi verið um óeðlilega mikinn kostnað að ræða, verður aðal-

stefndi að bera þenna kostnað, og verður þessi liður því ekki dreginn frá launum aðalstefnanda. Eins og áður getur, kom eiginkona aðalstefnanda hingað til lands í byrjun júnímánaðar, en svo hafði verið ráð fyrir gert í upphafi, að hún kæmi með manni sínum og að þau ferðuðust þá á öðru farrými. Eiginkona aðalstefnanda hefur skýrt svo frá, að hún hafi aðeins getað fengið far hingað til lands á fyrsta farrými í júníbyrjun. Hafi hún spurt mann sinn, hvað gera skyldi og hann símsvarað, að hún skyldi koma strax, enda þótt hún þyrfti að ferðast á fyrsta farrými, þar sem lögð var áherzla á, að hún kæmi sem fyrst. Aðalstefndi greiddi fargjaldið, en telur nú, að hún geti endurkrafið um mismun fargjaldsins á fyrsta og öðru farrými á skipi því, er þau hjónin ferðuðust með. Telja verður, að aðalstefndi eigi ekki að bera hallann af því, að eiginkona aðalstefnanda gat eigi komið með þeirri ferð, sem um hafði verið samið, og þar sem ósannað er, að af hálfu aðalstefnda hafi síðar verið samþykkt að greiða hærra gjald fyrir farið en upphaflega skyldi gert, þá verður að telja, að aðalstefnanda beri að endurgreiða fé þetta, en fjárhæðinni út af fyrir sig hefur ekki verið mótmælt. Kemur því fé þetta, kr. 432.00, til frádráttar kaupi aðalstefnanda og eiginkonu hans. Samkvæmt þessu telst aðalstefndi hafa greitt samtals kr. 14.451.00 upp í kaup þeirra hjóna fyrir tímabil það, er hér um ræðir. Ber aðalstefnda því að greiða aðalstefnanda eftirstöðvar launanna, kr. 3.549.00.

Um 2.

Aðalstefnandi skýrir svo frá, að er hann hafi athugað vélar og tæki verksmiðjunnar, hafi komið í ljós, að mikið vantaði af ýmsum smátækjum til þess, að unnt væri að framleiða skó. Kveðst hann hafa rætt þetta við forráðamenn aðalstefnda, sem hafi lofað að bæta úr þessu, án þess þó, að úr því yrði. Þá kveðst aðalstefnandi hafa bent á, að hann ætti úti í Danmörku allmikið af áhöldum og verkfærum, sem hann væri tilleiðanlegur að selja eða leigja aðalstefnda. Hafi hann þá verið beðinn að fá þau tæki hingað og það hafi hann gert. Hafi tæki þessi komið hingað í byrjun júnímánaðar og strax verið tekin í notkun. Hins vegar hafi engin ákveðin svör fengist um það, hvort aðalstefndi vildi kaupa eða leigja tækin. Í júlímánuði hafi hann krafizt ákveðinna svara um þetta, ella myndi hann taka tækin til sín. Hafi þá orðið að samkomulagi, að aðalstefndi greiddi leigu fyrir tækin, sem ákveðin hafi verið kr. 1.000.00 til 31. ágúst 1952. Þá kveðst aðalstefnandi og hafa getið þess, að hann væri tilleiðan-

legur til að leigja tækin frá þeim tíma til áramóta fyrir kr. 1.000.00. Hann hafi hins vegar enga leigu fengið greidda. Af hálfu aðalstefnda hafi boði um leiguna til áramóta verið hafnað og hafi hann því tekið tækin til sín í byrjun septembermánaðar.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að nokkuð hafi verið samið um leigu fyrir tæki þessi og að aðalstefnda beri að greiða nokkra leigu fyrir þau.

Starfsmaður aðalstefnda, sem virðist hafa komið fram sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa sagt aðalstefnanda, að hann mætti vænta þess, að honum yrði greidd leiga fyrir not tækja þessara. Hins vegar hafi ekkert verið ákveðið um leigufjárhæðina. Vitni þetta kveðst hafa rætt við stjórn aðalstefnda um leigufjárhæðina, en engin svör fengið.

Af framangreindu verður að telja ljóst, að aðalstefnandi á rétt á nokkurri þóknun fyrir afnot aðalstefnda af umræddum tækjum. Þegar það er virt, sem fram hefur komið í málinu, að aðalstefndi bauðst til að greiða kr. 200.00 á mánuði í leigu fyrir tæki þessi, þá þykir hæfilegt að ákveða leigu fyrir þann tíma, sem hér skiptir máli, kr. 600.00, sem aðalstefnda ber að greiða.

Um 3.

Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi greitt fyrir ferða- og flutningskostnað frá Sorö til Kaupmannahafnar d. kr. 513.60, eða íslenzkar kr. 1.212.00. Telur aðalstefnandi, að aðalstefnda hafi borið að greiða allan slíkan kostnað, og krefur því um hann í máli þessu.

Af hálfu aðalstefnda hefur þessum kröfulið algjörlega verið mótmælt. Telur aðalstefndi, að henni hafi aðeins borið að greiða flutningskostnað frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Sá kostnaður, sem hér um ræðir, sé því henni óviðkomandi. Þá hefur aðalstefndi mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, verður ekki örugglega séð, hvort aðalstefndi hefur skuldbundið sig til að greiða flutningskostnaðinn frá Sorö til Kaupmannahafnar. Þegar hins vegar litið er til þess, að ekki verður séð, að aðalstefnandi hafi hreyft þessari kröfu fyrr en nú í máli þessu, enda þótt telja verði, að til þess hefði verið ástæða, og að krafa þessi er engum gögnum studd, þá þykir aðalstefnda ekki verða gert að greiða fé þetta.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda kr. 4.149.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 10. september 1952.

Þá þykir rétt eftir þessum málalokum, að aðalstefndi greiði

aðalstefnanda málskostnað í þessum þætti málsins með kr. 700.00.

Eins og áður getur, lét aðalstefnandi þann 9. sept. 1952 leggja löghald á handstanzvél, randsaumavél, fjórar saumavélar og 30 st. leista úr járni og álmi, eign aðalstefnda, til tryggingar kröfum þessum. Löghaldi þessu hefur verið réttilega til laga haldið, og ber því að staðfesta það til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Framhaldssök.

Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann kom hingað til lands og hugðist taka til starfa, þá hafi komið í ljós, að verksmiðja aðalstefnda var lítt búin tækjum og vélum til skógerðar. Hafi verið byrjað á því að lagfæra húsnæði verksmiðjunnar. Síðan hafi komið nýjar vélar, en þær hafi verið óhentugar og margt vantað til þess, að framleiðsla gæti verið í lagi, en þótt hann bæði um ýmsa hluti, hafi þeir ekki verið fengnir. Síðar hafi hann fengið ýmis skógerðartæki, sem hann hafi sjálfur átt og leigt aðalstefnda, eins og áður getur, og hafi þá verið unnt að vinna nokkuð. Starfsfólk hafi verið fátt og algjörlega óvant vinnu sem þessari. Þau hjónin hafi ekki fengið greidd laun sín og allt hafi virzt í óreiðu. Þar sem hann hafi enga leigu fengið greidda fyrir umrædd tæki og samningar hafi ekki náðst um það atriði, hafi hann tekið þau á brott í byrjun septembermánaðar. Um svipað leyti hafi allt starfsfólk þarna hætt störfum. Hann hafi þá höfðað mál gegn aðalstefnda til heimtu þess kaups, sem hann og kona hans hafi átt þar inni. Þann 12. september 1952 hafi maður sá, sem talinn hafi verið framkvæmdastjóri aðalstefnda, afhent honum svonefndan vinnuseðil. Hafi þess þar verið krafizt, að hann saumaði ákveðna skó. Þá hafi þar verið tekið fram, að það hefði sýnt sig, að hann (aðalstefnandi) væri algjörlega óhæfur til þeirra starfa, sem hann hefði tekið að sér fyrir aðalstefnda, og ljóst væri, að segja mætti honum upp starfi án fyrirvara og krefja hann skaðabóta fyrir það tjón, sem hann hefði valdið aðalstefnda. Aðalstefnandi neitaði að vinna verk þessi, sem um var rætt í vinnuseðlinum, þar sem hann væri ekki ráðinn til slíkra starfa. Afhenti aðalstefnandi þá téðum manni lykil sinn að húsnæði verksmiðjunnar og fór á brott ásamt konu sinni. Sama dag ritaði lögmaður aðalstefnanda aðalstefnda bréf. Var þar tekið fram, að aðalstefnandi og kona hans væru reiðubúin að starfa hjá aðalstefnda að þeim störfum, sem þau væru ráðin til að vinna og starfsskilyrði væru til að vinna, en engir starfsmöguleikar væru nú, þar sem bæði skorti efni og starfsfólk. Þá var tekið fram,

að þau hjónin væru reiðubúin að mæta til vinnu, þegar þess væri krafizt. Enn var getið þess, að aðalstefndi hefði rofið vinnusamninginn af sinni hendi með því að veita þeim eigi þær stöður, sem þau voru ráðin til, og að greiða þeim eigi laun, svo sem um hafi verið samið. Bréfi þessu var svarað af aðalstefnda sama dag og þar öllum skýringum og kröfum aðalstefnanda mótmælt. Var þar bent á, að aðalstefnandi hefði reynzt ófær til starfa þeirra, sem hann var ráðinn til. Þá var talið, að þau hjónin hefðu rift ráðningarsamningnum með því að neita að vinna þau verk, sem þeim voru falin, og hlaupa síðan brott úr vinnunni. Aðalstefnandi og kona hans virðast ekki hafa komið til vinnu hjá aðalstefnda eftir þetta. Kröfur sínar í þessum þætti málsins byggir aðalstefnandi á því, að þau hjónin hafi verið ráðin til eins árs til að starfa hjá aðalstefnda. Þann 1. september 1952 hafi verið eftir níu mánuðir af ráðningartíma þeirra. Aðalstefnandi telur, að honum hafi borið kr. 4.000.00 í laun á mánuði þenna tíma og konu hans kr. 2.500.00 í laun á mánuði. Aðalstefndi hafi rofið ráðningarsamninginn bæði með því að greiða þeim hjónum eigi laun á réttum gjalddögum og með því að veita þeim eigi þau störf, sem þau hafi verið ráðin til. Telur aðalstefnandi, að aðalstefnda beri að greiða þeim laun fyrir nefnda 9 mánuði, alls kr. 58.500.00. Af hálfu aðalstefnda hefur því verið algjörlega mótmælt, að hún hafi á nokkurn hátt vanefnt eða rift ráðningarsamning aðalstefnanda og eiginkonu hans. Það hafi einmitt verið þau, sem hafi bæði vanefnt samninginn og að lokum hlaupizt á brott frá vinnu sinni án nokkurrar ástæðu. Það hafi fljótt komið í ljós, eftir að aðalstefnandi var kominn hingað til lands og skyldi hefja vinnu, að hann var alóhæfur til þess starfs, sem hann hafði tekið að sér að vinna. Hafi hann ekkert kunnað til starfa og það, sem hann hafi gert, hafi verið ónýtt verk. Þann 6. september fékk aðalstefndi dómkvadda tvo sérfróða menn til að skoða skósýnishorn, sem aðalstefnandi hafði gert. Samkvæmt álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 13. september 1952, eru hin umræddu sýnishorn ekki söluhæf vara samkvæmt nýtízku kröfum vegna lélegrar vinnu á þeim. Þá hefur af aðalstefnda hálfu verið á það bent, að í bréfaskiptum þeim, sem upphaflega fóru fram milli aðalstefnanda og firmans Elmaro, hafi beint verið tekið fram, að aðalstefnandi yrði að taka að sér að vinna hverskonar störf, sem til féllu í verksmiðjunni. Þetta hafi hann hins vegar neitað að gera. Þannig hafi hann þann 12. september 1952 neitað að framkvæma þau verk, sem framkvæmdastjóri aðalstefnda hafi falið honum skriflega, og þá farið á brott

úr vinnunni og ekki komið þar síðan. Að því er varðar störf eiginkonu aðalstefnanda, þá hefur af hendi aðalstefnda ekki verið sérstaklega að þeim fundið. Hins vegar hefur af aðalstefnda hálfu því verið haldið fram, að hún hafi án ástæðu hlaupizt brott úr vinnunni þann 12. september 1952 og ekki komið til vinnu síðan. Af þessu sé ljóst, að það sé einmitt aðalstefndi, sem eigi kröfu til skaðabóta á hendur aðalstefnanda og konu hans vegna vanefnda þeirra á vinnusamningum.

Af gögnum málsins þykir mega ráða, að útbúnaður og rekstur verksmiðju aðalstefnanda hafi eigi verið slíkur, sem aðalstefnandi mátti búast við, er hann réð sig til starfa hjá aðalstefnda. Þá virðast starfsskilyrði öll hafa verið mjög léleg, og mun það hafa verið aðalorsök þess, hve framleiðslan gekk illa. Í bréfi Elmaro til aðalstefnanda, dags. 24. apríl 1952, er beint tekið fram, að aðalstefnandi muni þurfa að vinna hvers konar vinnu í verksmiðjunni. Með hliðsjón af þessu verður að telja það hafa verið óheimilt af aðalstefnanda að neita að vinna störf þau, er honum voru falin þann 12. september 1952, enda þótt þau geti ekki talizt til venjulegra starfa verkstjóra. Þegar hins vegar litið er til þess, að þau hjónin fengu kaup sitt greitt mjög óreglulega og áttu veruleg laun inni hjá aðalstefnda samkvæmt því, sem greinir í aðalsök, og fengu þau ekki greidd, og þess gætt, að verksmiðjan hafði í raun og veru hætt allri framleiðslu í byrjun septembermánaðar og allt annað starfsfólk hætt þar störfum vegna fjárhagsörðugleika aðalstefnda, þá þykir þeim hafa verið heimilt að líta svo á, að ráðningarsamningur þeirra hafi verið svo verulega vanefndur, að þeim hafi verið heimilt að rifta honum án nokkurs fyrirvara. Þegar þetta er virt og þess gætt, að aðalstefnandi og eiginkona hans höfðu verið ráðin til starfa í eitt ár hjá aðalstefnda, þá þykir mega á það fallast, að þau eigi rétt til nokkurra bóta úr hendi aðalstefnda vegna vanefnda hennar á ráðningarsamningum. Eiginkona aðalstefnanda fór héðan af landi brott seint í októbermánuði 1952, en aðalstefnandi sjálfur um vorið 1953. Ekki er fram komið, að þau hafi haft neinar tekjur þann tíma, sem þau dvöldu hér á landi, eftir að þau hættu störfum hjá aðalstefnda. Þegar allt það er virt, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að ákveða bætur til aðalstefnanda og eiginkonu hans alls kr. 10.000.00, og er þá þar með tekið kaup þeirra þá daga, sem þau unnu í septembermánuði 1952.

Samkvæmt þessu verða málalok framhaldssakar þau, að aðalstefndi verður dæmd til að greiða aðalstefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 7. október 1952, til

greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Gagnsök og sakaukamál.

Kröfur sínar sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Kröfur á hendur gagnstefnda, Harry Jensen.
   a. Skaðabætur vegna ágóðataps ..... kr. 15.000.00
   b. Skaðabætur fyrir riftun á ráðningarsamningi ....— 24.000.00 kr. 39.000.00
2. Krafa á hendur sakaukastefnda, Lilly Jensen. Skaðabætur fyrir riftun á ráðningarsamningi kr. 16.000.00
3. Kröfur á hendur þeim gagnstefnda og sakaukastefnda in solidum.
   a. Skaðabætur vegna ólögmætrar löghaldsgerðar .. kr. 25.000.00
   b. Inneign hjá gagnstefnda og sakaukastefnda fyrir tímabilið frá 8. maí 1952 til 8. september 1952 .... — 2.187.75 kr. 27.187.75

Um 1 a.

Kröfulið þenna fær gagnstefnandi þannig fram, að hún telur, að á tímabilinu frá 8. maí, er gagnstefndi kom til starfa, og til 8. júlí 1952 hafi verið framleiddir í verksmiðjunni alls fimm skór. Hins vegar hafi starfað þarna fimm manns, sem hafi átt að geta framleitt 3 pör af skóm á dag. Söluverð hvers pars sé hæfilega áætlað kr. 100.00 og hreinn hagnaður af framleiðslunni 20%. Umræddra tvo mánuði hafi því hagnaðurinn átt að vera kr. 15.000.00. Ástæðan til þess, að ekkert hafi verið framleitt, hafi verið þekkingarleysi og ódugnaði gagnstefnda að kenna, og beri honum því að bæta það tjón, sem af hafi hlotizt.

Gagnstefndi hefur algjörlega mótmælt þessum málskýringum gagnstefnanda. Hefur hann bent á, að verulegur hluti af þessum tíma, sem hér um ræðir, hafi farið í það að setja upp nýjar vélar í verksmiðjunni og koma húsnæði hennar í viðunandi horf. Þá hafi þurft að reyna vélarnar og annað slíkt. Þá hafi aðeins einn eða tveir menn unnið þarna þenna tíma, en lítið hafi orðið úr verki, vegna þess að hin algengustu tæki hafi vantað.

Af gögnum málsins er ljóst, að á tímabili því, sem hér um ræðir, var verið að undirbúa verksmiðjuna undir framleiðslu og lítið var unnið að skógerð af ástæðum, sem gagnstefndi ber ekki

ábyrgð á, enda ekki fram komið, að starfsfólk hafi verið fleira en gagnstefndi telur. Með vísan til þessa verður ekki talið, að gagnstefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum gagnstefnda að þessu leyti, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 1 b.

Gagnstefnandi telur, að gagnstefndi hafi rift ráðningarsamningi þeirra aðilja að ástæðulausu og beri honum því af þeim sökum að greiða skaðabætur, sem nemi 8 mánaða launum hans, en hann hafi verið ráðinn til eins árs hjá gagnstefnanda.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum lið.

Með vísan til þess, sem segir, þegar rætt var um framhaldssökina, þá verður að telja, að gagnstefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi sínum vegna vanefnda gagnstefnanda, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2.

Sakaukastefnandi telur, að sakaukastefndi hafi rift ráðningarsamningi þeirra aðiljanna án ástæðu og beri því að greiða skaðabætur af þeim sökum, sem svari til 8 mánaða launa hennar.

Sakaukastefndi hefur mótmælt þessum lið.

Með vísan til þess, sem segir um þetta atriði, þegar rætt var um aðalsökina, verður að telja, að sakaukastefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi þeirra aðiljanna vegna vanefnda sakaukastefnanda á honum, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3 a.

Gagnstefnandi krefur hér um bætur vegna löghalds þess, sem gagnstefndi lét leggja á eignir gagnstefnanda til tryggingar kröfum hans og konu hans og um fjallar í aðalsök.

Gagnstefndi og sakaukastefndi hafa mótmælt þessum kröfulið.

Eins og greinir í aðalsök, er löghald þetta staðfest, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3 b.

Eins og þegar hefur verið rakið í aðalsök, átti gagnstefnandi ekki fé hjá gagnstefnda og sakaukastefnda eftir þetta tímabil, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Málalok gagnsakar og sakaukamáls verða því þau, að gagnstefndi og sakaukastefndi verða sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda og sakaukastefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Litla Skógerðin h/f, aðalstefnanda, Harry A. Jensen, kr. 4149.00 með 6% ársvöxtum frá 10. september 1952 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Í framhaldssök greiði aðalstefndi aðalstefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. október 1952 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Í gagnsök og sakaukamáli skulu gagnstefndi, Harry A. Jensen, og sakaukastefndi, Lilly Jensen, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda og sakaukastefnanda, Litlu Skógerðarinnar h/f, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 16/1957. **Stefán Bergmann** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Ingvari G. Oddssyni og gagnsök**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál út af árekstri bifreiða.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1957. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 25. febrúar 1957 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7787.07 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hafði biðskyldu við umrædd vegamót, ók á bifreið aðaláfrýjanda, er hún var komin á vinstri helming Reykjanesvegar á vesturleið, enda þótt nægilegt vegrými væri hægra megin við hana fyrir bifreið gagnáfrýjanda á austurleið. Á gagnáfrýjandi því alla sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjanda og dæma honum úr hendi gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stefán Bergmann, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Ingvars G. Oddssonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. þ. m., hefur Ingvar G. Oddsson, Faxabraut 16, Keflavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. júní 1954, gegn Stefáni M. Bergmann, Hafnargötu 16, Keflavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 7787.07 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið stefnda, Ö 154, var vátryggð hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 3. apríl 1954, kl. 12.45, varð árekstur á vegamótum Reykjanesbrautar og Innri-Njarðvíkurvegar í Gullbringusýslu milli bifreiðanna Ö 23 og Ö 154 með þeim afleiðingum, að báðar skemmdust nokkuð.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið bifreið sinni, Ö 23, sem er fólksbifreið af De Soto gerð, frá Keflavíkurflugvelli áleiðis til Reykjavíkur. Er hann hafi átt ófarna um 35—40 metra að nefndum vegamótum, hafi hann séð til ferða

bifreiðar, er kom norðan Innri-Njarðvíkurveg og ók að vegamótunum. Stefnandi kveðst hafa þá ekið með um 45—50 km hraða. Hafi hann talið sig eiga umferðarrétt við vegamótin og því gert ráð fyrir, að bifreið þessi yrði stöðvuð við þau. Hafi það og verið gert. En er hann átti skammt ófarið að vegamótunum, hafi nefndri bifreið verið ekið inn á Reykjanesbrautina fyrir bifreið hans. Kveðst hann ekki hafa haft svigrúm til að aka framhjá henni, og hafi bifreið hans rekizt á hana fyrir framan miðju.

Bifreið þessi reyndist vera Ö 154, fólksflutningabifreið af Dodge gerð, smíðuð 1940. Eigandi bifreiðarinnar er stefndi, og ók hann henni í umrætt sinn. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið frá Innri-Njarðvík til Keflavíkur. Er hann kom að greindum vegamótum og var að aka inn á Reykjanesbraut, hafi hann séð bifreið stefnanda, er þá hafi verið í um 60 metra fjarlægð. Stefndi kveðst ekki hafa stöðvað bifreið sína við vegamótin, en ekið hiklaust inn á Reykjanesbraut og hafi vinstra framhjól bifreiðar sinnar verið komið inn á vinstri (syðri) vegjaðar Reykjanesbrautar, er áreksturinn varð. Telji hann, að stefnandi hafi haft nægjanlegt svigrúm á sínum vinstri vegarhelmingi til að aka framhjá bifreið hans. Stefndi, sem lengi hefur ekið bifreið á þessum slóðum, kveðst hafa það fyrir reglu, er hann komi að Reykjanesbraut, að vægja fyrir umferð á henni, hvort sem hún komi frá vinstri eða hægri, nema ugglaust sé, að hann komist óhindrað ferða sinna. Sé honum og kunnugt um, að þetta sé venja annarra ökumanna.

Íslenzkur löggæzlumaður frá Keflavíkurflugvelli kom á vettvang skömmu eftir áreksturinn. Gerði hann uppdrátt af vegamótunum, þar sem mörkuð er staða bifreiðanna, eins og hún var eftir áreksturinn. Liggur uppdráttur þessi frammi í málinu. Samkvæmt honum hefur vinstri framendi bifreiðar stefnda verið kominn alveg að syðri brún Reykjanesbrautar, er áreksturinn varð, en frá hægra afturhorni bifreiðar hans að nyrðri brún Reykjanesbrautar mælast rúmir 4 metrar. Virðist áreksturinn hafa orðið með þeim hætti, að hægri framendi Ö 23 hafi rekizt á hægri hlið bifreiðar stefnda nokkru fyrir framan miðju. Kemur það og heim við skemmdir þær, sem á bifreiðunum urðu, en þeirra verður getið síðar. Hvorugur aðilja véfengir, að uppdráttur þessi sé réttur, en stefndi skýrði svo frá, er honum var sýndur uppdrátturinn, að þegar hann stöðvaði bifreið sína í þeirri stöðu, sem þar er sýnd, hafi bifreið stefnanda átt ófarnar um tvær bíllengdir að bifreið hans, en þar eð hún hafi stefnt á hans bifreið,

hafi honum ekki gefizt svigrúm til að ljúka beygjunni, en orðið að nema staðar í þeirri stöðu, sem á uppdrættinum er sýnd.

Í skýrslu um áreksturinn segir löggæzlumaður þessi, að ökumaður Ö 23 muni hafa gert tilraun til að stöðva bifreið sína til að koma í veg fyrir áreksturinn, en það hafi ekki tekizt, vegna þess, hve vegurinn var blautur. Þá getur hann þess enn fremur í skýrslu sinni, að báðir aðiljar hafi tjáð honum þar á staðnum, að hemlaför eftir bifreið stefnanda hafi verið um 10 metrar, en sjálfur hafi hann ekki átt þess kost að mæla þau, þar sem umferð hafi verið mikil á þessum slóðum, frá því áreksturinn varð og þar til hann kom á vettvang.

Framangreinda frásögn löggæzlumannsins hafa aðiljar ekki véfengt.

Eigi urðu slys á mönnum við árekstur inn, en allmiklar skemmdir á bifreiðunum. Skemmdist hægri framaurhlíf á bifreið stefnanda, framvari, kælivatnskassi, hlífin framan á honum, svo og hægra ljósker. Á bifreið stefnda eyðilagðist hægri framaurhlíf, hægri framrúða brotnaði, og hægri framhurð dældaðist og skekktist.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi átt alla sök á árekstrinum með því að gefa honum ástæðu til að ætla, að hann mundi bíða, meðan hann (stefnandi) æki yfir gatnamótin. Þá telji hann, að umferð um Reykjanesbraut njóti forgangsréttar framar umferð frá hliðarvegi, eins og Innri-Njarðvíkurvegur sé.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að hann hafi átt umferðarrétt á vegamótunum og verið að auki kominn nálega að öllu leyti inn á sinn vinstri helming Reykjanesbrautar, er áreksturinn varð. Þá hafi bifreið stefnanda verið ekið alltof hratt. Sé af þessu ljóst, að stefnandi hafi sjálfur átt alla sök á árekstrinum.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var Reykjanesbraut ekki aðalbraut í merkingu 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga. Stefnandi, sem ók austur þann veg, átti því samkvæmt 1. mgr. 7. gr. nefndra laga að víkja fyrir umferð, sem kom norðan Innri-Njarðvíkurveg, svo sem var um stefnda. Þetta gerði stefnandi ekki. Af gögnum málsins er og sýnt, að hann hefur ekið óforsvaranlega hratt, er hann nálgaðist gatnamótin, sbr. 5. mgr. 26. gr. bifreiðalaga. Verður því að telja, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum, enda er sú staðhæfing hans ósönnuð, gegn gagnstæðum framburði stefnda, að stefndi hafi með akstri sínum gefið honum ástæðu til að ætla, að hann myndi bíða, meðan stefnandi æki framhjá.

Á hinn bóginn þykir á það hafa skort, að stefndi gætti fyllstu varúðar í akstri sínum, þar sem hann ók áfram inn á Reykjanes-

braut, enda þótt bifreið stefnanda væri þá ekki allfjarri og nálgaðist vegamótin á allmiklum hraða. Varð stefndi því meðvaldur að árekstrinum.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, þykir rétt að telja, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á árekstrinum að ¾ hlutum, en stefndi að ¼ hluta. Ber stefndi að þeim hluta fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlauzt fyrir stefnanda.

Kemur þá fjárhæð stefnukröfunnar til athugunar, en hana sundurliðar stefnandi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Viðgerðarkostnaður samkvæmt reikningi | kr. | 6.387.07 |
| 2. Atvinnutjón í 7 daga ..... | — | 1.400.00 |
| Samtals | kr. | 7.787.07 |

Kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki mótmælt, og verður hann því lagður til grundvallar að fullu.

Um 2.

Stefndi véfengir ekki dagafjöldann, en telur fjárhæð atvinnutjóns of hátt áætlaða.

Það er upp komið í málinu, að stefnandi var atvinnubifreiðarstjóri á þessum tíma og notaði bifreið sína til leiguaksturs. Að því athuguðu þykir hæfilegt að áætla tjón hans af afnotamissi bifreiðarinnar kr. 150.00 á dag. Samkvæmt því verður þessi liður tekinn til greina með kr. 1050.00 (kr. 150.00×7).

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1859.27 (¼ af kr. 6387.07 og kr. 1050.00) ásamt ársvöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 500.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán M. Bergmann, greiði stefnanda, Ingvari G. Oddssyni, kr. 1859.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1954 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. apríl 1957.

Nr. 23/1957. **Kristinn Helgason**
gegn
**Hannesi Hreinssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi falli niður.

Áfrýjandi, Kristinn Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 1. maí 1957.

Nr. 76/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jóhannes Elíasson hrl.)
gegn
**Gunnari Guðjónssyni**
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipamiðlara eigi skylt að greiða söluskatt af umboðslaunum. Endurheimta.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur ekki borið það fyrir sig, að stefndi hafi greitt án fyrirvara söluskatt þann, sem um getur í málinu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Gunnari Guðjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1956.**

Mál þetta, sem var dómtekið 13. þ. m., hefur Gunnar Guðjónsson skipamiðlari hér í bænum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. febrúar 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á söluskatti, samtals að fjárhæð kr. 23.768.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins hinn 11. f. m. lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 16.088.56.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Skattstjórinn í Reykjavík tilkynnti stefnanda í bréfi, dags. 11. des. 1951, að honum hefði verið gert að greiða söluskatt af viðskiptaveltu ársins 1950, en hún nam kr. 113.646.00, og var söluskattur (3%) því kr. 3.409.00. Stefnandi kærði þessa skattlagningu til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar og taldi sér óskylt að greiða söluskatt af miðlaratekjum fremur en öðrum umboðslaunum, en báðar nefndir létu við svo búið standa. Fyrir árið 1951 var stefnanda gert að greiða kr. 17.533.00 í söluskatt. Féllst hann á, að sér bæri að greiða skatt þenna af farmgjöldum fyrir timbur og sement, er námu kr. 395.009.00, en ekki af klareringu o. fl., er nam kr. 35.493.47, eða erlendum umboðslaunum, að fjárhæð kr. 153.959.00. Kærði hann og álagningu söluskatts, samtals kr. 5.683.56 á tvo síðastnefndu liðina, en kærum hans var ekki sinnt. Á tekjur stefnanda af sama stofni árið 1952, að fjárhæð kr. 240.205.00, var og lagður söluskattur, að fjárhæð kr. 6.996.00. Hann kærði enn og vísaði nú til þess, að með dómi hafði atvinnurekstur lögfræðinga verið undanþeginn söluskatti, en kærum hans var ekki sinnt og ekki talið, að um hliðstæðan atvinnurekstur væri að ræða.

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta til endurheimtu framan-

greindra fjárhæða, kr. 3.409.00 + kr. 5.683.56 + kr. 6.966.00, eða samtals kr. 16.088.56.

Stefnandi skýrir svo frá, að hvarvetna sé það viðtekin regla, að skipamiðlarar taki ákveðna þóknun, 1—2½%, af farmgjöldum, sem greiða ber samkvæmt flutningssamningum, er á komast fyrir atbeina þeirra. Undantekningarlaust sé þóknun þessi greidd af skipseiganda og hér sé í rauninni aðeins um að ræða beinar launagreiðslur, sem reiknaðar séu með þessum sérstaka hætti. Hann telur, að eigi hafi það verið tilgangur löggjafans, er sett voru lög nr. 128 frá 1947 (7. kafli) og lög nr. 100 frá 1948, að söluskattur yrði lagður á laun skattþegna. Tilgangurinn hafi verið sá að leggja söluskatt á viðskiptaveltu og þannig, að skattgreiðandi ætti kost á að innheimta hann hjá þeim aðiljum, er hann seldi vöru, vinnu eða aðra þjónustu, enda sé almennt talið, að skattur þessi sé geymslufé hjá skattgreiðanda, en eign ríkissjóðs. Skipamiðlarar eigi þess hins vegar engan kost að innheimta hjá viðskiptamönnum sínum söluskatt af umboðslaunum þessum. Einnig bendir hann á, að málflutningsmenn séu undanþegnir söluskatti, þótt tekjur þeirra séu reiknaðar á sama hátt, þ. e. ákveðin þóknun af verðmæti eða fjárhæð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi sé skattskyldur atvinnurekandi í merkingu 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 og vinna sú og þjónusta, er hann láti í té, söluskattskyld samkvæmt sömu lagagrein, enda eigi ekkert þeirra undanþáguákvæða, sem talin eru í 23. gr. sömu laga, við um skipamiðlaraþóknun. Hann véfengir þá staðhæfingu stefnanda, að ekki sé unnt að láta viðskiptamenn skipamiðlara greiða söluskatt, og heldur því fram, að ekki sé það forsenda fyrir söluskattsskyldu, að unnt sé að velta skattinum yfir á viðskiptamennina. Þá mótmælir stefndi því, að undanþága málflutningsmanna frá söluskatti af venjulegum atvinnutekjum hafi áhrif á úrlausn þessa máls, enda sé dómur sá, er undanþágan var á reist, á því byggður, að starfsemi málflutningsmanna félli ekki undir ákvæði 41. gr. laga nr. 128 frá 1947. Undir þá grein hafi hins vegar fallið afgreiðslugjöld, og vafalaust sé, að þóknun skipamiðlara, er hér ræðir um, sé í rauninni afgreiðslugjöld. Í lögunum frá 1948 sé að vísu ekki sérstaklega tekið fram, eins og í eldri lögunum, að afgreiðslugjöld skuli vera söluskattsskyld, en engin ástæða sé til að ætla, að tilgangur löggjafans hafi verið að undanþiggja þau gjöld.

Tekjustofnar stefnanda, þeir er hann nefnir miðlaratekjur, virðast aðallega tvennskonar. Annars vegar er það, sem hann nefnir klareringu o. fl., og virðist engum vafa bundið, að hér ræðir um

afgreiðslugjöld, er fallið hefðu undir ákvæði 41. gr. laga nr. 128 frá 1947 og verið söluskattskyld samkvæmt þeim. Fallast verður á það með stefnda, að lög nr. 100 frá 1948 hafi eigi undanþegið þess háttar gjöld söluskatti, og er því eigi unnt að taka til greina kröfur stefnanda, að því er þær taka til söluskatts, sem lagður hefur verið á viðskiptaveltu hans að þessu leyti. Hins vegar ræðir um tekjur, sem stefnandi kallar ýmist „kommission" eða umboðslaun og eru þóknun til hans fyrir það, að flutningssamningar komast á fyrir atbeina hans. Þetta starf stefnanda er þess eðlis, að ekki þykir fært að telja víst, að það beri að telja sölu á vinnu eða þjónustu í merkingu 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, og fyrri lagaákvæði um veltuskatt og söluskatt þykja veita þessari skýringu stuðning. Var því eigi rétt að leggja söluskatt á tekjur stefnanda af þessum stofni, og á hann kröfu til endurgreiðslu þeirra skatta.

Óvéfengt er í málinu, að umboðslaun stefnanda hafi numið kr. 85.326.00 árið 1950, kr. 153.959.00 árið 1951 og kr. 180.347.50 árið 1952. Söluskatturinn var 3%, og nam ofgreiddur skattur stefnanda því kr. 2.559.78 árið 1950, kr. 4.618.77 árið 1951 og kr. 5.410.42 árið 1952. Samkvæmt framanrituðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda samtölu þessara fjárhæða, eða kr. 12.588.97, með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 12.588.97 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1957.

Nr. 177/1953. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

**Henricus Boeyden** (Lárus Fjeldsted hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómarnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Botnvörpuveiðibrot.

## Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð. Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur gefið álitsgerð í málinu og svo Jos. Legrand siglingafræðingur.

### I.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf forstjóra Landhelgisgæzlunnar til Dómsmálaráðuneytis, dags. 2. febrúar 1953, þar sem segir, að togarinn O 298 hafi hinn 30. janúar s. á. verið að togveiðum á 63°45'2 n. br. og 17°17'1 v. lg, en það sé 3,8 sm innan fiskveiðimarkanna á þeim stað. Þá segir í bréfinu, að nákvæm skýrsla um athugun og staðsetningu togarans liggi fyrir, ef á þurfi að halda. Skýrsla þessi var lögð fram í héraðsdómi. Samkvæmt henni var staður löggæzluvélarinnar yfir togara ákærða kl. 16.15 nefndan dag ákvarðaður með tveimur kompásmiðunum, annarri af Lómagnúp og hinni af Súlnatindi, og svo með láréttri hornmælingu milli Lómagnúps og Knappa í Öræfajökli, sem hvort tveggja eru þríhyrningamælistaðir. Kompásmiðanirnar framkvæmdi forstjóri Landhelgisgæzlunnar, en mælinguna þaulæfður mælingamaður. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað mælingar þessar á sjókort. Samkvæmt því liggur staðarlína hornmælingarinnar öll innan fiskveiði-

markanna og 2,2 sm innan þeirra, þar sem hún er næst þeim, en kompásmiðanirnar, sem eiga að skera úr um það, hvar í fyrrnefndri staðarlínu togari ákærða var, sýna í sambandi við hornmælinguna, að togarinn hefur verið 4,2—4,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvörðun löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum.

II.

Með eiðfestum framburði skipshafnar á v/b Íslendingi, Re. 36, þeim sem rakinn er í héraðsdómi, er sannað, að togari ákærða hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna árdegis hinn 3. september 1953 á þeim stað eða rétt við hann, þar sem skipshöfnin setti dufl út. Yfirmenn varðskipsins Sæbjargar gerðu staðarákvörðun við duflið rétt eftir kl. 11.30 sama dag, og var hún gerð með tvöfaldri hornmælingu milli þriggja greinilegra mælistaða. Hefur nú Friðrik V. Ólafsson skólastjóri markað á sjóuppdrátt stað duflsins, og reyndist hann vera um 2.0 sm innan fiskveiðimarkanna.

III.

Með verknuðum þeim, sem greinir í I og II, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924 og 77. gr. laga nr. 19/1940.

Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra vegna brota ákærða, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta refsiákvæði héraðsdómsins að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, kr. 3000.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Refsiákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Henricus Boeyden, greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, Theódórs Georgssonar lögfræðings, kr. 3.000.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyja 3. október 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af ákæruvaldinu samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 1. þ. m., og framhaldsákæruskjali, útgefnu af því 2. þ. m., gegn Henricus Boeyden, skipstjóra á belgíska togaranum Van Dyck, O 298, fyrir meint brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum fimmtudaginn 3. september s. l., kl. um 8 að morgni, í Miðnessjó, 2,3 sjómílur innan landhelgislínu, og enn fremur miðvikudaginn 30. janúar s. l., kl. 16,15, útaf vestri Melós á Skeiðarársandi, 3,8 sjómílur innan landhelgislínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, og auk þess verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Henricus Boeyden, er fæddur í Ostende 4. júní 1912 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi.

Að áliðnum degi þriðjudaginn 29. september s. l. bárust Landhelgisgæzlunni fréttir um, að togarinn Van Dyck, O 298, myndi leita hafnar í Vestmannaeyjum með veikan mann. Þá um daginn, á fimmta tímanum þann dag, lét Landhelgisgæzlan tilkynna skrifstofu lögreglustjóra í Vestmannaeyjum, að togarans væri von, og óskaði jafnframt eftir, að togarinn yrði kyrrsettur vegna þriggja óafgreiddra kæra út af landhelgisbrotum, er lægju fyrir

á togara þenna. Í samráði við Dómsmálaráðuneytið var síðan ákveðið að kyrrsetja skipið, ef það kynni að leita hér hafnar. Um fimmleytið kom togarinn inn á Víkina, og kl. um 6 e. h. lagðist hann við bryggju á innri höfninni í Vestmannaeyjum. Var þá farið um borð í togarann og skipstjóranum tilkynnt, að skip hans yrði kyrrsett vegna rannsóknar út af meintu landhelgisbroti skipstjóra togarans. Neitaði skipstjóri allri sök og kvaðst myndi krefjast skaðabóta fyrir stöðvun skipsins. Skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, var færður fyrir dóm þá um kvöldið og honum skýrt frá því, að kæra hefði borizt um landhelgisveiðar skipsins 30. janúar s. l. Neitaði ákærði því að hafa verið skipstjóri á skipinu í þeim mánuði, og kvaðst hann vita, hver þá hefði verið skipstjórinn, en vildi ekki segja frá því. Var ákærða þá sýnd aðkomuskýrsla skipsins hingað 13. janúar s. l., sem bar með sér, að hann hefði verið skipstjóri þá. Viðurkenndi hann þá að hafa verið skipstjóri á skipinu um áramótin síðustu og kvaðst hafa farið eina veiðiferð í janúar, en kvaðst hafa verið farinn af skipinu 30. janúar. Kvaðst ákærði ekki hafa sjódagbók (logbók) með sér, hefði hún verið skilin eftir til athugunar í heimahöfn. Hins vegar bar skipshafnarskrá skipsins með sér, að hann hefði verið skipstjóri á skipinu frá 5. ágúst s. l.

Daginn eftir að skipið var kyrrsett, komu í dóminn 2 kærur á skipstjóra skipsins fyrir landhelgisbrot hinn 22. júlí og 3. sept. s. l. Beindist rannsóknin í fyrstunni að ákærða fyrir brot þessi, en síðar upplýstist, að stýrimaður togarans var skipstjóri á skipinu, er brotið frá 22. júlí átti að hafa verið framið. Að lokinni rannsókn var því einungis höfðað mál á hendur ákærða fyrir fiskveiðabrot hinn 3. september og síðan með framhaldsákæru fyrir brot hinn 30. janúar s. l., og skulu þau rakin hér á eftir.

I.

Fimmtudaginn 3. september s. l. var varðskipið Sæbjörg statt innan til við Garðskaga. Kl. 08.55 kallaði m. b. Íslendingur, Re 36, og skýrði frá því, að erlendur togari væri að veiðum í landhelgi í Miðnessjó. Lagði varðskipið þegar af stað áleiðis á vettvang og bað skipverja á Íslendingi að setja út dufl í kjölfar togarans og taka af honum nafn og númer. Kl. 11.30 var komið að m. b. Íslendingi, sem skýrði frá því, að skipverjar hefðu sett út dufl í kjölfar togarans og tekið af honum nafn og númer, sem þeir kváðu vera Van Dyke (sic.), O 298. Var þá farið að duflinu, sem Íslendingur hafði sett út, og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Keilir
Reykjanesviti > 22° 10′
Eldeyjarmiðja > 38° 40′

Og gefur það stað skipsins 2.3 sjómílur innan landhelgislínu.

Staðarákvörðun var gerð samtímis af skipstjóra varðskipsins, Eyjólfi Hafstein, og stýrimanni þess, Árna Valdimarssyni.

Þegar Sæbjörg kom að duflinu, var togarinn horfinn sýnum.

Ofanrituð skýrsla hefur verið staðfest með eiði af skipstjóra og stýrimanni varðskipsins.

Skipstjórinn á m/b Íslendingi, Jóhannes Guðjónsson, sem staðfesti framburð sinn með eiði, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á báti sínum í Miðnessjó fimmtudaginn 3. f. m. Hafi hann þá séð togara koma í áttina til bátsins í stefnuna SSA, og er togarinn nálgaðist og var kominn á hlið við bátinn í ca 200 faðma fjær landi en báturinn var, sá hann þá, að togarinn var með stjórnborðsvörpu úti. Vitnið, sem kvaðst vera kunnugt á þessum slóðum, kveður sér hafa verið ljóst, að togarinn hafi verið langt innan við fiskveiðitakmörk, og kallaði því á varðskipið Sæbjörgu í talstöð sinni og skýrði frá því, að erlendur togari myndi vera að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna með botnvörpu. Varðskipið bað vitnið að taka nafn og númer togarans og setja dufl í kjölfar hans. Vitnið lét bát sinn fara á fullri ferð að togaranum, sem þá hafði snúið við og hélt í þveröfuga átt, og setti út dufl í kjölfar togarans, að því er vitnið segir, á að gizka 300 faðma aftan við hann. Vitnið kvaðst að vísu ekki hafa séð kjölfarið, en skýrir frá því, að allir á bátnum hafi horft á togarann sigla yfir þenna stað, eftir að hann hafði beygt út. Hélt báturinn síðan að bakborðshlið togarans, og kveðst vitnið hafa séð númerið, O 298, á bakborðsbógnum og nafnið, Van Dyke (sic), framan á stjórnpalli. Hafi nafn og númer verið málað, númerið með svörtum stöfum og nafnið með dökkum stöfum. Bolur skipsins hafi verið hvítgrár. Báturinn sigldi nú fram með togaranum og aftur með honum stjórnborðsmegin, og flaut þá vörpupokinn uppi með fiskinum í við skipshlið. Kveðst vitnið hafa séð, að á hekki togarans stóð orðið „Ostende". Kvaðst vitnið hafa kallað um borð í togarann og hafi maður komið af stjórnpalli aftur í togarann og talað við vitnið á enskri tungu um aflabrögð. Hafi vitnið spurt um dýpi og fengið það svar, að það væri 74 faðmar. Kveðst vitnið þá hafa spurt, hvort hann vissi, hvað langt hann væri innan við landhelgislínu, en hefði ekki fengið svar. Hélt vitnið síðan aftur að duflinu og var þar, þangað til varðskipið kom. Sá vitnið togarann toga eftir þetta á að gizka 20 mínútur

í stefnuna NV, og hafi hann síðan beygt til vesturs og horfið sýnum.

Skipverjar á m/b Íslendingi, stýrimaðurinn Jón Kristjánsson, hásetinn Kjartan Steinólfsson og vélstjórinn Bjarni G. Guðjónsson, hafa allir gefið skýrslu fyrir dómi og unnið eið að framburði sínum. Ber þeim öllum saman um það, að skipstjóri hafi kallað niður í hásetaklefa um morguninn þess 3. sept. s.l. og skýrt frá því, að togari væri að veiða í landhelgi rétt hjá þeim. Ber þeim öllum saman um það, að siglt hafi verið að togaranum og dufl sett út í grennd við hann. Allir sáu þeir, að togarinn var að toga. Þeir Jón Kristjánsson og Kjartan Steinólfsson kveða duflið hafa verið sett út á stað, sem togarinn hafi farið um, og Bjarni Guðjónsson kveðst hafa séð daufa kjölfarsrák togarans, þar sem duflið var sett út. Vitnið Jón Sveinbjörn Kristjánsson kveðst greinilega hafa séð einkennisbókstafi togarans á bakborðsbóg hans og nafn hans framan á stjórnpalli, og hafi skipstjóri skrifað hvort tveggja hjá sér, en vitnið mundi ekki einkennisstafina, er það kom fyrir rétt. Og nafnið mundi ekki vitnið, að öðru leyti en því, að það voru tvö orð, og var fyrra orðið Van, og hið síðara byrjaði á D. Vitnið Kjartan Steinólfsson kvaðst hafa séð nafn og einkennisstafi togarans og ber, að einkennisstafirnir hafi verið O 298 á bógnum og nafnið Van Dyck málað framan á stjórnpallinn. Aftur á hekkinu hafi verið staðarnafn, sem byrjaði á O, og minnir vitnið, að í nafninu væri „stende", eða eitthvað því um líkt. Vitnið Bjarni Guðjónsson mundi hvorki einkennisstafina né nafnið, en man þó, að nafnið var tvö orð, og var hið fyrra Van. Enginn af skipverjum Íslendings gerði staðarmælingar við duflið.

Ákærði neitar því algjörlega að hafa verið að veiðum í landhelgi umræddan dag. Hins vegar kvaðst hann hafa verið að veiðum á miðunum við Reykjanes. Minnist hann þess, að þenna dag, hinn 3. september s.l., hafi fiskibátur komið að togaranum og spurt um aflabrögð. Hafi hann þá verið að toga. Logbók skipsins frá þeim tíma kvaðst hann ekki hafa undir höndum, því að hún hafi verið skilin eftir í Ostende til eftirlits. Tók hann fram, að fiskibáturinn hafi engin tæki haft til að ákveða staðinn, og að ekkert varðskip hafi verið í nánd. Er fiskibáturinn kom að honum, kvað ákærði, að togarinn hefði verið staddur 14 sjómílur NV ½ N frá Eldey og dýpi hafi verið 82 faðmar. Hafi fjarlægðin verið mæld með ratsjá skipsins. Kveðst hann hafa verið að toga á sömu slóðum í 36 klukkustundir, eftir að hann talaði við fiskibátinn, og aldrei séð neitt varðskip. Véfengdi hann framburð vitnanna, og meðal annars benti hann á, að eitt vitnið hafi borið,

að númer skipsins hafi verið skráð með svörtum stöfum, en á sínu skipi sé númerið skráð með hvítum stöfum á svörtum grunni. Þá benti ákærði á, að samkvæmt véladagbókinni, sem var til staðar í réttinum, hafi hann togað 24 tíma þenna dag, og hafi hann ekki farið þaðan fyrr en kl. 5 daginn eftir. Í véladagbókinni stóð hins vegar, að hann hefði aðeins togað 10 tíma hinn 4. september, en keyrt með fullri ferð í 14, og kvaðst þá ákærði ekki bera ábyrgð á færslu véladagbókarinnar, og hlyti hún því að vera röng, að því er þetta snerti.

Af skipverjum togarans voru leiddir sem vitni stýrimaðurinn Henri Devriendt og bátsmaðurinn Frans Eyland. Bera þeir báðir, að þeir viti til þess, að fiskibátur hafi komið að togaranum í síðustu veiðiferð skipsins og haft tal af skipstjóra. Hvorugt vitnið kveðst hafa séð fiskibátinn setja út duflið. Stýrimaðurinn kvaðst ekki geta sagt um, hvort togarinn hafi verið innan landhelgi eða ekki. Bátsmaðurinn gat ekki, er honum var sýnt sjókort í réttinum, er náði frá Portlandi til Reykjavíkur, sýnt staðinn, þar sem togarinn var, er fiskibáturinn kom að honum. Stýrimaðurinn kvað togarann hafa haldið áfram að toga, er fiskibáturinn fór frá þeim, en bátsmaðurinn kvaðst ekkert muna um það. Loftskeytamaðurinn, Robert Demare, var einnig leiddur sem vitni. Kvaðst hann ekkert muna eftir, að fiskibáturinn hafi komið að þeim í síðustu veiðiferð, en tók fram, að 3. september s.l. hefði togarinn verið að fiska 14—15 sjómílur frá Eldey. Öll þessi vitni tóku það fram, að þau vildu ekki vinna eið að framburði sínum.

Með eiðfestum framburði fjögurra skipverja á m/b Íslendingi þykir verða að líta svo á, að það sé sannað, að dufl það, er varðskipið Sæbjörg gerði mælingar við, hafi verið sett út á þeim stað eða í námunda við þann stað, sem togarinn Van Dyck, O 298, togaði á að morgni þess 3. september s. l. Virðist ljóst, m. a. af framburði ákærða og skipverja hans, að það hafi verið skip hans, sem m/b Íslendingur kom að í umrætt skipti. Staður duflsins samkvæmt mælingum varðskipsins er óvéfengdur, 2,3 sjómílur innan landhelgislínu, og getur því smá áætlunarskekkja um fjarlægð duflsins frá togaranum ekki skipt máli. Smávegis ósamræmi er í framburði skipverja m/b Íslendings um nokkur atriði, sem ekki eru veigamikil og þykja ekki skipta máli í þessu sambandi. Verður samkvæmt framansögðu að telja sannað, að ákærði hafi að morgni þess 3. september s.l. verið að veiðum með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21/1952, sbr. lög 44/1948. Hefur hann þar með gerzt brotlegur

gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, sbr. lög nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það.

II.

Fimmtudaginn 30. janúar s.l. tilkynnti stöðvarstjórinn í Höfn í Hornafirði Landhelgisgæzlunni, að Gunnar Fredriksen flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands hefði kl. 11.28 sama dag séð tvo belgíska togara, O 298 og O 297, að veiðum í landhelgi út af Skaftafellsfjörum. Togarinn O 298 kvað hann hafa verið 1¾ sjómílu suður af Hvalsíki, en togarann O 297 eina sjómílu NA af honum, eða 1¼ sjómílu frá ströndinni. Með eiðfestum vitnisburði sínum hefur Gunnar Frederiksen staðfest að hafa séð ofangreind skip á veiðum á þeim stað og tíma, sem nú hefur verið greint. Kvaðst hann hafa flogið flugvél sinni mjög lágt, niður í 10 metra hæð yfir sjávarflöt, og hafi hann séð greinilega einkennisstafi beggja togaranna og einnig, að fiskur var á þilfari þeirra og botnvörpur þeirra í sjó. Fjarlægð togarans O 298 frá landi kvaðst hann hafa mælt með því að fljúga í hásuður frá landi til skipsins og taka tímann, er hann flaug yfir fjöruborðið, og einnig, er hann flaug yfir skipið. Þá athugaði hann einnig flughraðann. Fjarlægð hins togarans mældi hann á sama hátt. Veður var bjart og skyggni gott. Aðstoðarflugmaður í ferð þessari var Björn Guðmundsson, og aðstoðaði hann vitnið við mælingarnar, en ekki hefur hann verið leiddur sem vitni í máli þessu.

Af því tilefni, sem nú hefur verið lýst, ákvað forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar að senda menn í flugvél til þess að athuga nefnda togara nánar og framkvæma nákvæmar staðarákvarðanir, ef unnt yrði. Klukkan 14,10 þenna sama dag var lagt af stað frá Reykjavíkurflugvelli á flugvélinni Glófaxa, TF-BA. Sigurður Ólafsson var flugstjóri, en auk hans og áhafnar flugvélarinnar voru eftirtaldir menn frá Landhelgisgæzlunni og sjómælingunum með í flugvélinni.

Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar.
Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður.
Guðmundur Kjærnested, starfsmaður Landhelgisgæzlunnar
Richard Páll Ragnarsson sjómælingamaður.
Árni Eyþór Valdimarsson stýrimaður.
Hörður Þórhallsson stýrimaður.

Allir þessir menn svo og flugstjórinn gáfu skýrslu fyrir rétti og staðfestu hana með eiði.

Í skýrslu af flugi þessu, undirritaðri af vitnunum Pétri Sigurðs-

syni, Richardi Páli Ragnarssyni og Gunnari Bergsteinssyni, segir meðal annars:

„Út af Skaftafellsfjöru voru tveir belgískir togarar, O 298 og O 297, að veiðum grunsamlega nærri landi. Voru þeir athugaðir sérstaklega, og eftirfarandi staðarákvarðanir voru gerðar við þá:

Staðarákvörðun við togarann O 298 kl. 16.15:

Lómagnúpur △ misvísandi 358°, réttvísandi 336°, Súlnatindur (765 m.) misvísandi 15°, réttvísandi 353°.

$$\text{Lómagnúpur} \atop \text{Knappar} > 76^\circ\ 38'\text{“}.$$

Og gefur þetta stað togarans 63° 45′ 2 n.br., 17° 17′ l. v. lg., sem er 3.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Og enn fremur segir í sömu skýrslu:

„Togararnir voru allstórir, gráir að lit, á austlægri stefnu og með vörpuna úti, O 297 á hægri ferð, en O 298 að byrja að hífa inn.

Veður: Allhvass norðan, léttskýjað, skyggni ágætt.

Mælingarnar gerði Páll Ragnarsson, og aðstoðaði Pétur Sigurðsson við mælingarnar. Hinir athuguðu sérstaklega skipin og tóku númer þeirra. Flogið var þrisvar sinnum yfir hvorn togara og yfirleitt í um 500 feta hæð.

Ekkert samband var haft við skipin.“

Vitnið Pétur Sigurðsson staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum.

Vitnið Richard Páll Ragnarsson kvaðst hafa unnið að mælingum þeim, er gerðar voru í ferð þessari, en kveðst ekki hafa séð einkennisstafi skipanna, en staðfesti skýrsluna annars að öllu leyti.

Vitnið Gunnar Bergsteinsson kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en aðgætti togarana sérstaklega og einnig klukkuna og tímamerki, og hefur það staðfest skýrsluna rétta, að því er það geti um borið.

Vitnið Sigurður Ólafsson kvaðst hafa hagað fluginu eftir fyrirmælum forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og kvaðst það hafa séð númer skipanna, O 297 og O 298, á bógum þeirra, en nöfn hins vegar ekki. Vitnið kvaðst ekki hafa gert mælingar á skipunum, en að öðru leyti hefur það staðfest skýrsluna með eiðfestum framburði.

Vitnið Guðmundur Kjærnested, sem var þátttakandi í gæzlufluginu, kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en var við einn glugga vélarinnar til þess að hafa gætur á skipum, er sæjust. Segir vitnið, að vestan við Ingólfshöfða hafi verið flogið lágt í björtu veðri yfir tveimur togurum, sem vitnið sá greinilega,

að voru á botnvörpuveiðum, og einnig sá vitnið greinilega einkennisstafi þeirra, en í réttarhaldinu 26. apríl s.l. kvaðst vitnið þó ekki muna, hverjir stafirnir væru, en það kveðst hafa skrifað stafina hjá sér til minnis strax á staðnum og gaf þá upp forstjóra Landhelgisgæzlunnar strax að fluginu loknu. Vitnið segir, að tveir eða þrír aðrir hafi aðgætt einkennisstafi skipa þessara, og hafi vitninu og þeim öllum borið saman um, hverjir stafirnir væru, en vitnið kveðst hafa athugað einkennisstafi skipanna í hvert sinn, sem flogið var yfir hvort skip.

Vitnið Árni Eyþór Valdimarsson kvaðst engar mælingar hafa gert í gæzluflugi þessu, en það hafi átt að gæta þess, hvaða skip sæjust úr flugvélinni og hvað þau væru að gera. Skammt vestan við Ingólfshöfða segir vitnið, að flogið hafi verið í björtu veðri og góðu skyggni yfir tveimur togurum, er greinilega hafi verið að veiðum. Hafi verið flogið mjög nærri togurunum og sveimað yfir þeim. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi skipanna greinilega og muna, að þeir byrjuðu á O, en af því kveðst vitnið hafa ráðið, að þeir væru belgískir og frá Ostende. Á eftir stafnum O, segir vitnið, að hafi komið þrír tölustafir, sem vitnið kveðst í réttarhaldinu 26. apríl s.l. ekki muna, hverjir voru, en fleiri hafi verið í flugvélinni, er aðgættu stafina, og hafi þeim borið saman um, hverjir stafirnir væru.

Vitnið Hörður Þórhallsson kvaðst hafa haft því hlutverki að gegna í gæzlufluginu, að gæta að, hvaða skip sæjust og hvað þau væru að gera, en hins vegar hafi það ekki gert neinar mælingar í ferðinni. Kveðst vitnið hafa séð tvo togara, sem greinilega voru að veiðum, enda var flogið lágt yfir þá í björtu veðri og góðu skyggni. Vitnið sá einkennisstafi skipanna beggja, og mundi vitnið í réttarhaldi 26. apríl s.l., að annað skipanna bar einkennisstafina O 298 og að einkennisstafir hins byrjuðu einnig á O, en töluna mundi vitnið ekki. Vitnið kvaðst hafa skrifað einkennisstafina hjá sér strax á staðnum, og hafi það borið saman við það, er aðrir höfðu séð, og voru allir sammála um, hverjir stafirnir væru.

Rannsókn út af meintu broti togarans O 297 í umrætt skipti fór fram í apríl s.l. og leiddi til þess, að mál var höfðað gegn skipstjóra þess togara og hann dæmdur í sakadómi Vestmannaeyja hinn 30. apríl s.l.

Er ákærði í máli þessu kom fyrir dóm hinn 29. f. m., neitaði hann staðfastlega að hafa verið skipstjóri á skipinu í janúar s.l. Er honum var sýnt fram á, að hann hafi komið hér í höfn hinn 13. janúar s.l. sem skipstjóri á skipinu, kvaðst hann að vísu hafa

verið skipstjóri í janúarbyrjun, en hafi verið farinn af skipinu 30. janúar s.l. Að tilhlutan dómsins var fengin skýrsla frá Commissiarie Maritime í Ostende, sem var þess efnis, að ákærði hefði verið skipstjóri á togaranum Van Dyck 30. janúar s.l. Jafnframt var tekið fram í skýrslunni, að skipstjórinn hefði fengið afhenta sjódagbók skipsins við síðustu brottför skipsins frá Ostende, en því hafði ákærði neitað fyrir dóminum. Að fengnum þessum upplýsingum kannaðist ákærði við að hafa verið skipstjóri á skipinu þenna dag, en dagbókina kvaðst hann ekki vita um, ef hún hefði komið um borð, hlyti hún að vera glötuð. Rétturinn átti því ekki kost á að athuga dagbókina.

Ákærði lýsti því yfir í upphafi, að hann gæti ekkert sagt um, hvort hann hefði fiskað á þessum slóðum, sem um getur í kærunni. Síðar lýsti hann því yfir, að hann hefði aldrei fiskað á þessum stað. Hugsanlegt sé, að hann hafi siglt um þessar slóðir, en hann staðhæfir, að hann hafi aldrei togað þar.

Ákærði skýrir frá því, að tveir af núverandi skipverjum hefðu verið á skipinu 30. janúar s.l. Báðir þessir menn, loftskeytamaðurinn og vélstjórinn, voru leiddir sem vitni. Ýmist kváðust þeir ekki muna um atvik þenna dag eða þeir neituðu að svara spurningum þar að lútandi. Bæði þessi vitni kváðust ekki staðfesta framburð sinn með eiði. Samkvæmt véladagbók skipsins hafði togarinn togað 19½ klukkustund þenna dag.

Af hálfu ákærða hefur því ákveðið verið haldið fram, að ekkert væri leggjandi upp úr staðarákvörðunum Landhelgisgæzlunnar, þar sem þær væru framkvæmdar í flugvél, en útilokað væri, að unnt sé að framkvæma nákvæmar mælingar við þau skilyrði. Þá hefur hann og haldið því fram, að einnig væri útilokað, að unnt væri að sjá úr flugvél, hvort togari sé að toga, og ekki væri heldur unnt að greina umdæmistölur skips úr flugvél. Með tilliti til þess, að veður var bjart og skyggni gott, þykir ekki ástæða til að draga í efa, að staðarákvarðanirnar séu réttar, þar sem þær voru framkvæmdar af vönum mönnum, og ekki þykir heldur ástæða til að rengja, að þeir hafi séð glöggt umdæmistölur skipsins eða að þeir hafi séð togvíra skipsins. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Van Dyck, O 298, út af Vestri Melós, 3,8 sjómílur innan landhelgislínu í umrætt sinn. Hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það brot.

III.

Samkvæmt mælingabréfi togarans, sem lá fyrir í dóminum, er hann að stærð 567.87 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 pappírskrónum.

Með tilvísun til þessa og þess, er að framan er ritað, þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 120.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 mánuði.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Henricus Boeyden, greiði kr. 120.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa og sæti ella varðhaldi í 10 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar og þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1957.

Nr. 151/1956. **Dvergur h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Johan Andreas Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs, O.Y.T.V., og gagnsök.**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

**Dómendur:**
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr og Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður.

Útgerð skips dæmd til greiðslu skaðabóta vegna spjalla á farmi.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1956 og krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.465.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst sjóveðréttar í v/s Lynæs, O.Y.T.V., frá Danmörku til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Hann krefst þess aðallega, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt farmsamningi, dags. 24. apríl 1954, tókst útgerð skipsins Lynæs, O.Y.T.V., á hendur að flytja timbur það, sem í málinu greinir, frá Kotka í Finnlandi til tiltekinna hafna hér á landi. Í farmsamningnum segir, að ferming skuli fara fram samkvæmt sérstökum fyrirmælum farmsamningshafa. Skipstjórinn á v/s Lynæs hefur viðurkennt, að hann hafi fengið í hendur fyrirmæli farmsamningshafa um búlkun farmsins sama dag, sem ferming hófst. Var aðal-

áfrýjandi þar talinn eigandi nokkurs hluta farmsins, og sagði í fyrirmælunum, að meiri hluti af timbri hans skyldi búlkaður í lest. Skipstjórinn átti sem forsjármaður farmsins, eftir að hann var í skip kominn, að láta fara eftir þessum fyrirmælum, sem í engu brutu gegn rétti útgerðar skipsins eftir farmsamningi, enda er eigi í ljós leitt, að vörusendandi eða viðtakandi farmskírteinis hafi haft heimild til að þiggja skipstjóra undan nefndum skyldum. Allt timbur aðaláfrýjanda var andstætt fyrirmælunum sett á þilfar, og spilltist sá hluti þess, sem í lest átti að fara, af ágjöf. Hefur farmsamningshafi framselt aðaláfrýjanda bótarétt á hendur gagnáfrýjanda af þeim sökum.

Gagnáfrýjandi ber ábyrgð á háttsemi skipstjóra og þeirra manna, er störfuðu í þjónustu skipsins að búlkun farmsins, og er því rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda, sem öðlazt hefur rétt farmsamningshafa að þessu leyti, tjón það, sem hann hefur beðið vegna þess, að fyrirmælunum var eigi hlýtt, en það tjón nemur samkvæmt mati dómkvaddra manna, sem eigi er véfengt, kr. 35.465.00. Ber því að dæma aðaláfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00. Loks ber að dæma aðaláfrýjanda samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 sjóveðrétt í v/s Lynæs, O.Y.T.V., til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Johan Andreas Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs, O.Y.T.V., greiði aðaláfrýjanda, H/f Dvergi, kr. 35.465.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og kr. 8000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/s Lynæs, O.Y.T.V., til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. október 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m. hefur Jónas Sveinsson framkvæmdastjóri f. h. h/f Dvergs, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1955, gegn Johan A. Hentye skipstjóra f. h. eigenda v/s Lynæs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 35.465.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Lynæs til tryggingar dæmdum bótum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Vátryggjendum v/s Lynæs, Assuranceforeningen Skuld, Kaupmannahöfn, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 12. maí 1954 kom v/s Lynæs, eign stefnda, til Kotka í Finnlandi til þess að taka timburfarm til Íslands, en með farmsamningi, dags. 24. apríl 1954, hafði Páll Þorgeirsson stórkaupmaður hér í bæ tekið skipið á leigu til flutnings á 210 standördum af timbri, er afferma skyldi á fjórum tilgreindum höfnum hér á landi, og var stefnandi einn af farmeigendum. Fermingu skipsins í Kotka var þannig hagað, að timbrið var flutt að skipshlið í prömmum og ýmist komið fyrir í lestum skipsins eða búlkað á þilfar. Hinn 15. maí var fermingu lokið, og kl. 14.30 hélt skipið af stað áleiðis til Íslands með 190.878 standarda af timbri innanborðs, þar af 52.840 standarda á þilfari. Á leiðinni hreppti skipið norðanvind, og samkvæmt leiðarbók þess mældist vindhraðinn 5 stig, er það var statt milli Linderness og Shetlandseyja. Tók skipið þá á sig sjói, svo að timbur það, sem á þilfari var, blotnaði, einkum það, sem stjórnborðsmegin var, svo og það, sem efst var og yzt, en engar yfirbreiðslur voru á þilfarsfarminum. Af farmi þeim, sem í skipinu var, átti stefnandi 34 standarda, og var sá hluti farmsins allur á þilfari. Var hann affermdur í Hafnarfirði 26. maí. Kom þá í ljós, að nokkur hluti hans var skemmdur af sjó. Var af því tilefni haldið sjópróf í sjódómi Reykjavíkur að tilhlutan stefnanda. Við sjóprófið var lagt fram afrit af bréfi, er Páll Þorgeirsson hafði sent Thomés Skogsbyrå A/B í Helsinki, sem útvegað hafði timbrið frá seljendum í Finnlandi, en í bréfi þessu var skrá yfir allan farminn ásamt fyrirmælum um búlkun hans í

skipinu. Um farmhluta stefnanda segir svo í bréfinu: „Only Vths allowed on deck". Er afrit af bréfi þessu var sýnt skipstjóranum á v/s Lynæs, kannaðist hann við að hafa fengið í Kotka samskonar fyrirmæli um búlkun farmsins, sem greind eru í bréfi þessu. Lagði hann jafnframt fram í dóminum bréf frá Thomés Skogsbyrå A/B, sem hefur að geyma efnislega samhljóða fyrirmæli um búlkun farmsins og fyrrgreint bréf Páls Þorgeirssonar. Kveðst skipstjóri hafa fengið bréf þetta í hendur daginn, sem byrjað var að ferma skipið í Kotka. Segir í því á þessa leið um farmhluta stefnanda: „H. Peura O/Y tillåtes V on deck". Er skipstjóri var inntur eftir því, hvers vegna meira af timbri stefnanda en V. flokkur hefði verið sett á þilfar, svaraði hann því til, að hann hefði ekki þekkt í sundur gæðaflokka timbursins svo og að fermt hefði verið samkvæmt farmskírteini og áætlun 1. stýrimanns um niðurröðun farms í skipið, en sú áætlun hafi verið gerð að lokinni talningu farmsins. Í farmskírteini um farmhluta stefnanda, útgefnu í Kotka af skipstjóranum, eru þessi auðkenni á timbrinu tilgreind undir yfirskriftinni MARKS:

u/s: H db P
5th: H — P

Skipstjórinn kveðst hafa tekið eftir auðkennum þessum á farmskírteininu. Á hinn bóginn hafi hann ekki veitt þeim athygli á timbrinu, enda hafi það verið í verkahring 1. stýrimanns að sjá um farminn. Þá kveðst skipstjóri einnig hafa tekið eftir auðkennum þessum á farmskrá, og hafi hann því gert ráð fyrir því, að þau væru á timbrinu. Síðar við sama sjópróf tók skipstjórinn það fram, að hann hefði ekki tekið vel eftir auðkennunum undir „MARKS" á farmskírteininu. Athygli hans hafi aðallega beinzt að stykkjatölunni og að fermt væri samkvæmt farmskírteininu. Honum hafi að vísu verið ljóst, að timbur það, sem auðkennt var með V á hleðslufyrirmælunum, hafi heyrt til sérstökum gæðaflokki, en á hinn bóginn hafi hann ekki þekkt mun á hinum ýmsu gæðaflokkum.

Fyrsti stýrimaður á v/s Lynæs hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð um fermingu skipsins í samvinnu við afgreiðslumann farmsins í landi. Sérstaklega hafi hann séð um, að allur farmurinn kæmist til skila um borð. Stýrimanni var sýnt fyrrnefnt bréf T. Skogsbyrå A/B til skipstjóra, og kvaðst hann hafa séð samskonar skjal hjá verkstjóra þeim, sem sá um útskipun timbursins. Telji hann (stýrimaður), að eftir þessum fyrirmælum hafi verið farið við hleðslu skipsins. Sem fyrr getur, hafi timbrið verið flutt að skipshlið í prömmum, og hafi það, sem í lest átti

að fara, verið flutt fyrst og aðgreint frá því timbri, sem fara átti á þilfar og flutt hafi verið á eftir. Kveðst stýrimaður hafa fylgzt með því, að hlaðið væri í skipið eftir viðtakendum, en hann viti ekki til þess, að nokkur fyrirmæli hafi verið gefin af farmsendara um hleðslu timbursins í skipinu eftir gæðaflokkum.

Samdægurs og stefnandi veitti viðtöku timbri því, er hann átti í skipinu, útnefndi bæjarfógetinn í Hafnarfirði að beiðni hans tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skemmdir þær, sem á timbrinu höfðu orðið. Samkvæmt matsgjörð þeirra, dags. 28. maí 1954, taldist tjón stefnanda vegna skemmdanna nema kr. 35.465.00, og kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri sem skipseigandi ábyrgð á umræddu tjóni samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, þar sem tjónið sé að rekja til óhlýðilegrar framkvæmdar skipstjóra og skipverja í starfi þeirra, en leitt sé í ljós, að timbrinu hafi verið búlkað á þilfar gagnstætt fyrirmælum sendanda, er hafi verið í samræmi við fyrirskipanir umboðsmanns seljanda og kaupanda. Auk þess sé slík búlkun óvenjuleg um þá tegund timburs, sem um var að ræða.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að skipstjóra hafi ekki verið kunnugt um nein skilyrði þess efnis, að farmur stefnanda ætti að vera í lest, enda hafi hann enga tilkynningu fengið í þá átt. Afgreiðslumenn farmsins í Finnlandi hafi komið með allt timbrið í sama uppskipunarbátnum að skipshlið. Timbrið hafi verið ósundurgreint, og enda þótt einhver merki kunni að hafa verið á einstökum borðum eða plönkum, þá hafi það ekki verið hlutverk starfsmanna hans (stefnda) að gæta þess, þar sem afgreiðslumenn í Finnlandi hafi verið viðstaddir og borið ábyrgð á hleðslu skipsins.

Svo sem að framan greinir, tók Páll Þorgeirsson v/s Lynæs á leigu til umræddrar ferðar. Virðist hann síðan hafa gert bakfarmsamninga við nokkra aðilja hér á landi, m. a. stefnanda, um flutning á timbri því, sem fermt var í Kotka. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að stefnandi geti byggt sjálfstæðan rétt gagnvart stefnda á aðalfarmsamningnum, heldur sé réttur hans gagnvart honum einskorðaður við farmskírteinið, sem skipstjóri gaf út um farmhluta hans, er hann hafði veitt honum viðtöku í Kotka, en í farmskírteininu er m. a. svofellt ákvæði: „.... all pieces on deck at Charterers' risk ....“ Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að stefnandi geti ekki sótt stefnda til greiðslu bóta þeirra, sem krafizt er í málinu, enda þótt tjón það, er varð á timbri því, sem hann átti í skipinu, sé

að rekja til þess, að ekki var farið eftir fyrirmælum frá aðalfarmsendara um búlkun þess.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Pétri Björnssyni skipstjóra. Dráttur á uppsögu dómsins stafar af veikindum eins dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Johan A. Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jónasar Sveinssonar f. h. h/f Dvergs, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Miðvikudaginn 8. maí 1957.

Nr. 45/1957. **Guðmundur Benediktsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

gegn

**Oddi Helgasyni** (Enginn).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.**

Áfrýjun til staðfestingar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1957. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði héraðsdómur og fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Stefndi hafði áfrýjað héraðsdómi og fjárnámsgerð af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hinar áfrýjuðu dómsathafnir undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfestast.

Stefndi, Oddur Helgason, greiði áfrýjanda, Guðmundi Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Guðmundur Benediktsson héraðsdómslögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Oddi Helgasyni, Þingholtsstræti 34, með stefnu, birtri 9. október 1956, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 62.500.00, útgefins hinn 23. ágúst 1955 af Sigurjóni Sigurðssyni og samþykkts af stefnda til greiðslu 23. september 1955 í Landsbankanum hér í bæ.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 62.500.00 með 7% ársvöxtum frá 23. september 1955 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 150.00 í stimpilkostnað og málskostnað að mati dómarans.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað dómkröfu sína og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 31.250.00 með 7% ársvöxtum frá 23. september 1955 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 150.00 í stimpilgjald og málskostnað að mati dómarans.

Af hálfu stefnanda var því lýst yfir, að helmingur víxilfjárhæðarinnar væri greiddur eða eftirgefinn.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá

1936 að dæma málið eftir framkomnum gögnum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín, verða kröfur hans teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.100.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Helgason, greiði stefnanda, Guðmundi Benediktssyni, kr. 31.250.00 með 7% ársvöxtum frá 23. september 1955 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 150.00 í stimpilkostnað og kr. 3.100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 26. janúar 1957.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur framkvæmt þessa fjárnámsgerð:

Gerðarbeiðandi er mættur svo og gerðarþoli.

Gerðarþoli kveðst ekki greiða skuldina. Hann kveðst munu áfrýja dómnum á rskj. 2 og óskar eftir fresti til þess nú í 2 daga. Gerðarbeiðandi mótmælir fresti í málinu.

Gerðarþoli bendir á til fjárnáms skrifborð, peningaskáp, 2 ritvélar, 2 reiknivélar (Calculator). Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í ofangreindum munum, sem geymdir eru á skrifstofu gerðarþola í Hafnarhvoli, og skýrði þýðingu þess fyrir gerðarþola.

---

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 61/1956. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)
gegn
**Jóhanni Símonarsyni og Sigurgeiri Jóhannssyni** (Jóhannes Elíasson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ólögleg laxveiði.

## Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómsmennnirnir dr. Finnur Guðmundsson og Þórir Steinþórsson skólastjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt rökum héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um veiðibrot ákærða Jóhanns Símonarsonar, brottfall refsingar hans og upptöku veiðitækja. Þá þykir og mega fallast á ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar, enda er eigi af prófum málsins glöggt, hvern hlut hann hafi átt að hinni ólöglegu veiði.

Eftir þessum úrslitum ber ríkissjóði að greiða laun verjanda ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00. Ákærði Jóhann Símonarson greiði laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00. Annan kostnað af sökinni, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, greiði ríkissjóður að ¼ hluta og ákærði Jóhann Símonarson að ¾ hlutum.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar, brottfall refsingar ákærða Jóhanns Símonarssonar og upptöku veiðitækja staðfestast.

Laun verjanda ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Eliassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði

Jóhann Símonarson greiði laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00. Annan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiði ríkissjóður að ¼ hluta og ákærði Jóhann Símonarson að ¾ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. febrúar 1956.**

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhanni Símonarsyni, bónda á Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni sama stað með ákæruskjali, útgefnu 19/2. 1954, fyrir að hafa sumarið 1953 og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilamannahreppi, fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots, með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósnum. Telur það brot þessi varða við 4. tölul. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði. Krefst það þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.

Ákærði Jóhann Símonarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur í Bakkakoti í Skorradal 15/7. 1881 og hefur sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1905 10/7. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla: Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson er einnig kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 18/6. 1919 og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 20/6. 1953 kærði veiðieftirlitsmaður, Gestur Kristjánsson í Borgarnesi, yfir því, að ákærði Jóhann Símonarson hefði sett upp laxveiðivél fyrir landi jarðar sinnar Litlu-Fellsaxlar og snúið inngangi hennar móti straumi, enda þótt eftirlitsmaðurinn hefði bent honum á, að það væri ólöglegt.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði Jóhann Símonarson, að hann hefði allt frá árinu 1917, er hann flutti að Litlu-Fellsöxl, stundað lax- og silungsveiði fyrir landi jarðar sinnar. Kveðst hann fyrst

framan af hafa eingöngu veitt í netjalagnir, en eftir 1942 hafi hann notað til veiðanna girðingar með veiðikróm. Sumarið 1953 kveðst hann hafa haft girðingu með veiðikró fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og aðra fyrir landi Fellsaxlarkots. Þá segir hann, að sonur sinn, Sigurgeir, hafi aðallega stundað veiðarnar fyrir sig. Loks segir hann, að gerð veiðigildra þeirra, er hann hefur starfrækt, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi lagt girðingu frá landi, og ofanvert við enda hennar hafi verið veiðikró, og hafi op hennar snúið að landi.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson hefur fyrir sakadómi viðurkennt, að hann hafi starfrækt laxveiði fyrir föður sinn í laxveiðigildrur þær, er hann hafi haft fyrir löndum jarðanna Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots. Neitar hann því, að op veiðikrónna hafi snúið móti straumlínu Urriðaár, því þær hafi snúið upp að landi. Hins vegar segir hann, að opin séu fyrir ofan girðingarnar, og viðurkennir, að lax sá, er veiðist í gildrurnar, sé að ganga með landinu, eftir að hafa farið inn fyrir girðingarnar.

Verjandi ákærðu krefst þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing þeirra verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Kröfu sína um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar byggir verjandi á því, að hann hafi eigi verið eigandi veiðitækja þeirra, er mál þetta er risið út af, heldur starfrækt þau fyrir föður sinn og á hans ábyrgð.

Sýknukröfu vegna ákærða Jóhanns Símonarsonar byggir verjandi á því, að veiðigildrur hans hafi eigi, svo sem í ákæruskjalinu segir, verið í ósi við Urriðaá, heldur á leirusvæðum árinnar. Séu þær því á þurru um fjöru. Þá sé eigi um að ræða hjá þeim straum af völdum árinnar, heldur af völdum sjávarfalla. Loks telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðigildrur ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirvoginn.

Varakröfu sína byggir verjandi ákærða á því, að veiðieftirlitsmanni og veiðimálanefnd hafi um lengri tíma verið kunnugt um starfrækslu veiðigildranna og á hvern hátt þær voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu þeirra. Telur hann, að ákærðu hafi af þessu getað dregið þá ályktun, að gildrurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn lítur svo á, að með mati 22/6. 1934 og yfirmati, er fram fór 19/8. 1934, hafi á fullkomlega lögmætan hátt samkvæmt lögum nr. 61 frá 1932 verið ákveðið, hvernig leirunum við ármót Laxár og Urriðaár skuli skipt. Verður eigi um það deilt, að sam-

kvæmt mati þessu eru veiðitæki þau, er ákærðu hafa starfrækt, á leirusvæði Urriðaár.

Samkvæmt 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna er svo fyrir mælt, að inngangur í veiðikrær skuli vita undan straumi, og jafnframt er lagt bann við því að haga inngangi í veiðikró eða láta leiðara frá girðingu liggja þannig, að hætta sé á, að veiðigildran taki fisk, er leiti út úr á eða árósi. Verður að líta svo á, að fyrirmæli þessi og bann nái jafnframt til veiðitækja, sem eru í sjálfu straumvatninu og á leirusvæði þess. Verður þetta sérstaklega ljóst, er athuguð er greinargerð fyrir frumvarpi því til laga um lax- og silungsveiði, er fram var lagt á Alþingi 1930, en þar segir um 4. tölulið 30. gr. á þessa leið: „Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp ána, svo sem gert er í 4. málsgr. þessarar greinar".

Af þessu leiðir, að aðalstraumstefna hverrar ár verður að ráða því, hvernig op veiðikróa snúa og leiðarar frá girðingum liggja, og það jafnt þó veiðitæki séu staðsett á leirusvæði árinnar, þar sem eigi gætir straums hennar.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekkert sé fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærði Sigurgeir Jóhannsson hafi átt veiðigildrur þær, er mál þetta er risið út af, heldur hafi hann aðeins starfrækt þær fyrir föður sinn eftir hans fyrirmælum.

Ber því að sýkna hann af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00, greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, verður rétturinn að telja, að veiðitæki þau, er ákærði Jóhann Símonarson hefur undanfarin ár starfrækt fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots á leirusvæði Urriðaár, hafi verið ólögleg veiðitæki, þar sem op veiðikrónna og leiðarar hafa vitað gegn straumstefnu Urriðaár, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og veiðimálanefndar gagnvart veiðigildrum ákærða um lengri tíma geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrot, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af því, að verjandi ákærða skilaði eigi framhaldsvörn fyrr en um miðjan nóvember 1955. Þá var formaður dómsins önnum kafinn við embættisstörf fram til áramóta. Er hann ætlaði að kveðja dómendur saman eftir áramót, var dr. Finnur Guðmundsson að fara til útlanda í embættiserindum, og er hann nýkominn heim úr þeirri för.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 72/1956. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)
gegn
**Gísla Gíslasyni** (Jóhannes Elíasson hrl.)

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.**

Ólögleg laxveiði.

## Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómsmennirnir dr. Finnur Guðmundsson og Þórir Steinþórsson skólastjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að laun verjanda ákærða í héraði þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um brottfall refsingar ákærða, Gísla Gíslasonar, og upptöku veiðitækja eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. febrúar 1956.**

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Gísla Gíslasyni sjómanni, Akurgerði 12, Akranesi, með ákæruskjali, dags. 19/2. 1954, fyrir að hafa sumarið 1953 og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilamannahreppi, við sunnanvert Lambhaganes, með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingu veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í tækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósnum. Telur það brot þessi varða við 4. tölulið 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði. Krefst það þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 18/4. 1910 að Litla-Lambhaga, og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi, dags. 25/6. 1953, kærði stjórn Fiskiræktar- og veiðifélags Laxár í Leirársveit yfir því, að ákærði hefði ólög-

legar laxveiðigildrur fyrir landi eignarjarðar sinnar, Litla-Lambhaga í Skilamannahreppi.

Fyrir sakadómi hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi frá því árið 1940, að hann keypti Litla-Lambhaga, stundað laxveiði fyrir landi jarðar sinnar, fyrst í net, en síðan með girðingu og veiðikró. Veiðitæki sín kveðst hann hafa haft við sunnanvert Lambhaganes, og hafi girðing legið út frá nesinu, út undir ál Urriðaár, þar sem hún fellur um leirurnar, en þó ekki svo langt, að hún næði í vatn Urriðaár um fjöru. Sum árin kveðst hann hafa haft eina girðingu þarna, en önnur tvær.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfu ákæruvaldsins, en til vara, að refsing hans verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Sýknukröfu sína byggir hann á því, að veiðitæki ákærða séu staðsett á leirusvæði Urriðaár og séu á þurru um fjöru. Sé því ekki hjá þeim um straum að ræða af völdum árinnar, heldur af völdum sjávarfalla. Þá telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðitæki ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirvoginn.

Varakröfuna byggir hann á því, að veiðieftirlitsmanni hafi um langt árabil verið kunnugt um, að ákærði starfrækti við Lambhaganes veiðigildrur og á hvern hátt gildrurnar voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu hans. Telur hann, að ástæða hafi verið fyrir ákærða að draga af þessu þá ályktun, að gildrurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn lítur svo á, að með mati 22/6. 1934 og yfirmati, er fram fór 19/8. 1934, hafi á fullkomlega lögmætan hátt samkvæmt lögum nr. 61 frá 1932 verið ákveðið, hvernig leirum við ármót Laxár og Urriðaár skuli skipt. Verður eigi um það deilt, að samkvæmt mati þessu eru veiðitæki þau, er ákærði hefur starfrækt, á leirusvæði Urriðaár.

Samkvæmt 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna er svo fyrir mælt, að inngangur í veiðikrær skuli vita undan straumi, og jafnframt er lagt bann við því að hafa inngang í veiðikró eða láta leiðara frá girðingu liggja þannig, að hætta sé á, að veiðigildran taki fisk, er leitar út úr á eða árósi. Verður að líta svo á, að fyrirmæli þetta og bann nái jafnt til veiðitækja, sem eru í sjálfu straumvatninu, og þeirra, sem eru á leirusvæði þess. Verður þetta sérstaklega ljóst, er athuguð er greinargerð fyrir frumvarpi því til laga um lax- og silungsveiði, er fram var lagt á Alþingi 1930, en þar segir um 4. tölulið 30. gr. á þessa leið:

„Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp í ána, svo sem gert er í 4. mgr. þessarar greinar".

Af þessu leiðir, að aðalstraumstefna hverrar ár verður að ráða því, hvernig inngangar í veiðikrær vita og leiðarar frá girðingunum liggja, og það jafnt, þótt veiðitæki sé staðsett á leirusvæði árinnar, þar sem eigi gætir straums hennar.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að telja, að veiðitæki þau, er ákærði hefur undanfarin ár starfrækt við Lambhaganes á leirusvæði Urriðaár, hafi verið ólögleg veiðitæki, þar sem op veiðikrónna og leiðarar hafa vitað gegn straumstefnu Urriðaár, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmannsins og veiðimálanefndar gagnvart veiðitækjum ákærða, er hann hefur starfrækt um langt árabil, geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrot, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af því, að verjandi ákærða skilaði eigi framhaldsvörn fyrr en um miðjan nóvember 1955. Þá var formaður dómsins önnum kafinn við embættisstörf fram til áramóta. Er hann ætlaði að kveðja dómendur saman eftir áramót, var dr. Finnur Guðmundsson að fara til útlanda í embættiserindum, og er hann nýkominn heim úr þeirri för.

Dómsorð:

Refsing Gísla Gíslasonar sjómanns, Akurgerði 12, Akranesi, falli niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða skulu gerð upptæk og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 78/1957. **Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur**
gegn
**Þórði Teitssyni.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Úrskurður um frest, er var að renna út, kærður. Frávísun frá Hæstarétti.

## Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð, en með honum var varnaraðilja veittur frestur í aðalmálinu til 23. apríl s.l. Þann sama dag kærði sóknaraðili úrskurðinn með bréfi til héraðsdómara og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur og að synjað yrði um frestinn. Þar sem frestur varnaraðilja var að lokum kominn, er sóknaraðili bar fram kæru sína, þykir úrlausn um framangreindar kröfur eigi varða hagsmuni hans að lögum. Verður kærumáli þessu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum og kröfu varnaraðilja ber að dæma honum úr hendi sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur, greiði varnaraðilja, Þórði Teitssyni, kærumálskostnað, kr. 700.00, að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður
### fógetadóms Reykjavíkur 17. apríl 1957.

Í máli þessu hefur gjörðarbeiðandi, Jón Björnsson f. h. Sólrúnar Jónsdóttur, Norðurgötu 11, Siglufirði, krafizt þess, að lagt verði löghald á eignir gjörðarþola, Þórðar Teitssonar, Kvisthaga 27 hér í bænum, til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 7.500.00,

auk alls kostnaðar við löghald og eftirfarandi staðfestingarmál, eða gjörðarþoli, sem nú sé að flytjast af landi brott, verði sjálfur kyrrsettur, ef eignir hans reynist ekki nægilegar til tryggingar skuldinni.

Beiðni um gjörð þessa barst réttinum 12. apríl s. l., og var hún tekin fyrir strax næsta dag. Gjörðarþoli hafði uppi mótmæli gegn framgangi hennar, og fékk gjörðarbeiðandi frest til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu til 16. apríl s. l. Í réttarhaldi 16. apríl óskaði gjörðarþoli eftir fresti til greinargerðar til þriðjudagsins 23. apríl n. k., en gjörðarbeiðandi neitaði að samþykkja þann frest. Var ágreiningur þessi tekinn til úrskurðar.

Eftir því sem fyrir liggur, virðast þau gjörðarbeiðandi, Sólrún Jónsdóttir, og gjörðarþoli, Þórður Teitsson, hafa gert með sér samning þess efnis, að gjörðarbeiðandi gerðist þjónustustúlka á heimili gjörðarþola, en hann mun hafa í hyggju að flytja af landi brott innan skamms. Gjörðarbeiðandi telur, að gjörðarþoli hafi riftað samningi þessum, og er krafa hennar í málinu af því sprottin. Gjörðarþoli mótmælir því hins vegar, að hann hafi riftað samningnum.

Lítið er upplýst um efni nefnds samnings, og sýnist aðiljum ekki koma saman um, hvert það hafi verið í einstökum atriðum.

Ekki verður talið, eins og á stendur, að hjá því verði komizt að veita gjörðarþola frest til framlagningar greinargerðar, einnig með tilliti til þess, að gjörðarbeiðandi fékk sjálfur frest í sama skyni, enda þótt hann léti undir höfuð leggjast að nota hann.

Fresturinn þykir hæfilega ákveðinn til þriðjudagsins 23. apríl n. k.

Því úrskurðast:

Gjörðarþoli fær frest til að leggja fram greinargerð í málinu til þriðjudagsins 23. apríl n. k.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 83/1957. **Ákæruvaldið**
gegn
**Margréti Ingimarsdóttur**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kröfu hrundið um, að héraðsdómari víki sæti.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur ákærði kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 3. þ. m., en með úrskurði þessum synjaði dómarinn kröfu ákærða um, að hann víki sæti í málinu. Var úrskurðurinn birtur 6. þ. m., og hefur ákærði fengið leyfi Dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951 til kærunnar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. maí 1957.

Ár 1957, föstudaginn 3. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Margréti Ingimarsdóttur.

Í bréfi, dagsettu 24. apríl 1957, hefur skipaður verjandi í máli þessu, Guðmundur Pétursson héraðsdómslögmaður, gert kröfu til þess, að dómarinn í því víki sæti.

Upphaf máls þessa var það, að að kvöldi fimmtudagsins 13. desember 1956 handtók lögreglan ákærða í máli þessu, Margréti Ingimarsdóttur verzlunarstjóra, Laugavegi 40 hér í bæ, á heimili hennar og færði hana á lögreglustöðina. Ástæðan til handtökunnar var sú, að ákærði var grunuð um að hafa ekið bifreið með áhrifum áfengis þá skömmu áður. Hafði bifreið ákærða verið ekið aftan á aðra bifreið, er stóð kyrr á Frakkastíg. Lögreglunni

hér í bæ hafði verið tilkynnt um þetta, og rétt eftir áreksturinn hefði miðaldra kona, sem eftir göngulagi og látbragði væri með áhrifum áfengis, sézt halda frá bifreiðinni og fara inn á Laugaveg í átt til heimilis ákærða. Er lögreglumenn áttu tal við ákærða á heimili hennar, fannst þeim hún vera mikið undir áhrifum áfengis. Lögreglumennirnir báðu ákærða að koma með þeim á lögreglustöðina til yfirheyrslu, en því neitaði ákærði með þeim ummælum, að hún hefði ekkert gert af sér. Lögreglumennirnir höfðu nú samband símleiðis við Ólaf Jónsson, fulltrúa lögreglustjóra, og tilkynntu honum um þetta, en hann hringdi aftur í dómarann í máli þessu og skýrði honum frá málavöxtum, eins og að framan greinir. Spurði hann dómarann í máli þessu, hvað hann teldi rétt að gera. Dómarinn taldi rétt, að ákærði yrði færð á lögreglustöðina og að ekki þyrfti úrskurð til þess. Var þar með samtali hans og Ólafs lokið, og vissi hann ekki um mál þetta fyrr en daginn eftir.

Guðmundur Pétursson héraðsdómslögmaður hefur byggt framangreinda kröfu sína á eftirfarandi, eins og segir orðrétt í greinargerð hans:

„Hafði ég áður í bréfi til sakadómarans í Reykjavík, dags. 24. apríl, látið þess getið, að krafa þessi yrði gerð. Eins og þar er drepið á, byggist krafan á því, að handtaka skjólstæðings míns hafi verið ólögleg og að afskipti dómarans af hinni ólöglegu handtöku séu þess eðlis, að þau kunni að hafa áhrif á hann sem dómara skjólstæðingi mínum í óvil, eða m. ö. o. að málið varði hann siðferðislega, þannig að hætta sé á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu".

Dómari í máli þessu lítur svo á, að með framangreindum afskiptum sínum af handtöku ákærða hafi hann ekki gert sig óhæfan til að fara með mál þetta, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 27/1951, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Telur hann sig því ekki eiga að víkja sæti í því.

Því úrskurðast:

Dómarinn í máli þessu víkur ekki sæti.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 85/1957. **Ákæruvaldið**
gegn
**Björgvin Hafsteini Hjartarsyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gæzluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur kærði, Björgvin Hafsteinn Hjartarson, skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadómsins um gæzluvarðhald hans.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. maí 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 9. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, er haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni.

Björgvin Hafsteinn Hjartarson, Selvogsgrunni 20, fæddur 10. júlí 1932, er grunaður um, að hann hafi falsað skjal og beitt því í dómsmáli. Hann hefur við frumpróf neitað sekt sinni. Rannsóknin mun einnig beinast að grun á hendur Hafsteini um misneytingu eða fjársvik eða tilraun til þeirra. Hann hefur sýnt tregðu á að mæta fyrir dómi. Nauðsyn er að útiloka möguleika hans á að spilla sakargögnum. Ber því samkvæmt 1. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 27/1951 að úrskurða, að hann skuli sæta gæzluvarðhaldi allt að 20 daga.

Því úrskurðast:

Björgvin Hafsteinn Hjartarson sæti gæzluvarðhaldi allt að 20 daga.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 187/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Magnúsi Albertssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, G K 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var útgefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess, að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Magnúsi Albertssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringusýslu í réttarsal embættisins af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra

uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Magnúsi Albertssyni sjómanni, Reykjanesbraut 44, Reykjavík, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var háseti á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s. l., og er hin umstefnda skuld eftirstöðvar aflahlutar hans frá fyrrgreindu tímabili.

Af hálfu hins stefnda félags var mætt í málinu, en engri greinargerð skilað né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Albertssyni, kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og málskostnað með kr. 1.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

---

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 188/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Sigurði Sveinbjörnssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 8000.00, „Eftirstöðvar stýrimannshlutar á m/b Óðinn, GK 150, á tímbilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið stýrimaður á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var útgefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess, að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Sigurði Sveinbjörnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendunum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni

skipstjóra uppkeðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Sigurði Sveinbjörnssyni stýrimanni, Miðsandi, Hvalfirði, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði, að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Af hálfu hins stefnda var mætt í málinu, en hvorki greinargerð skilað af þeirra hálfu né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1.100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Sigurði Sveinbjörnssyni, kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og í málskostnað, kr. 1.100.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, G K 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 189/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Hauki Egilssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.**

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostn-

aðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var útgefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess,

að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Hauki Egilssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. september s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Hauki Egilssyni sjómanni, Keflavík, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var háseti á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s. l., og er hin umstefnda skuld eftirstöðvar aflahlutar hans frá fyrrgreindu tímabili.

Af hálfu hins stefnda félags var mætt í málinu, en hvorki

greinargerð skilað né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Hauki Egilssyni, kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi, 26. apríl s. l., til greiðsludags og kr. 1.000.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

---

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 190/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Hjalta Einarssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á m/b Óðinn, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150,

um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var útgefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess, að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Hjalta Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. september s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Hjalta Einarssyni sjómanni, Klausturhólum, Grímsnesi, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefnandi var háseti á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s.l., og er stefnukrafan eftirstöðvar aflahlutar hans frá fyrrgreindu tímabili.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags var mætt í málinu, en hvorki greinargerð skilað né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Hjalta Einarssyni, kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og málskostnað, kr. 1000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 191/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Friðriki Friðrikssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar á m/b Óðinn, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið vélstjóri á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var út gefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess, að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Friðriki Friðrikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómend-

um Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. september s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Friðriki Friðrikssyni vélstjóra, Sauðárkróki, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var vélstjóri á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s. l., og er hin umstefnda skuld eftirstöðvar aflahlutar hans frá fyrrgreindu tímabili.

Af hálfu hins stefnda félags var mætt í málinu, en hvorki greinargerð skilað né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Friðriki Friðrikssyni, kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og málskostnað með kr. 1.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 192/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Málfreð Friðrikssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7500.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954". Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör" hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var út gefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess, að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Málfreð Friðrikssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.**

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómend-

um Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. september s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Málfreð Friðrikssyni sjómanni frá Sauðárkróki gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7.500.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Tildrög málsins telur stefnandi þau, að hann hefði verið háseti á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s. l., og er hin umstefnda skuld eftirstöðvar aflahlutar hans frá þessu tímabili.

Af hálfu stefnda var mætt í málinu, en hvorki greinargerð skilað af hans hálfu né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Málfreð Friðrikssyni, kr. 7.500.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og kr. 1.100.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 76/1954. **Axel Halldórsson** (Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
**Þrotabúi Magnúsar Thorbergs**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Thorfason og Theodór B. Líndal.

Vankrafinn tollur og söluskattur eigi heimtanlegur síðar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1954 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ákvæði um verðlag áttu að girða fyrir það, að áfrýjandi hlyti aukinn hagnað við sölu varnings þess, sem í málinu greinir, þótt hann væri vankrafinn um toll og söluskatt af honum að nokkru, og eigi eru líkur að því leiddar, að hann hafi haft slíkan hagnað. Þá var skekkjan í skattreikningunum eigi svo stórfelld, að ætla megi, að hún hafi átt að vera áfrýjanda ljós.

Með tilvísun til þessara atriða þykja eigi efni til að taka kröfu stefnda til greina, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Axel Halldórsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, þrotabús Magnúsar Thorbergs, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. marz 1954.**

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Jón Eiríksson héraðsdómslögmaður höfðað fyrir bæjarþinginu f. h. þrotabús Magnúsar Thorbergs eftir árangurslausa sáttatilraun með stefnu, útgefinni 23. júlí 1953, gegn Axel Halldórssyni kaupmanni, Kirkjuvegi 67 hér í bæ, til greiðslu á ógreiddum verðtolli, vörumagnstolli og söluskatti, að upphæð kr. 5.169.67, auk greiðslu 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt sýknu svo og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1951 fór fram endurskoðun á reikningum póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum, og kom þá í ljós, að á tímabilinu frá 26. marz 1949 til ársloka 1950 hafði stefndi, Axel Halldórsson, fengið afhentar í póstafgreiðslunni ýmsar vörur, sem aðflutningsgjöld og söluskattur höfðu verið vanreiknuð af. Þann 21. október 1951 var af endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins úrskurðaður reikningur póstafgreiðslumannsins í Vestmannaeyjum fyrir aðflutningsgjöldum og söluskatti, innheimtum af póstafgreiðslunni á nefndu tímabili. Var úrskurðað, að samtals skyldi innheimta sem vangreiddan toll og söluskatt hjá stefnda kr. 5634.89. Þá var og úrskurðað, að stefnda skyldi endurgreiða ofreiknaðan toll, að upphæð kr. 465.22. Ábyrgðargreiðslur samkvæmt úrskurði þessum voru því samtals kr. 5.169.67, og er það hin umstefnda upphæð. Póstafgreiðslumaður í Vestmannaeyjum á þessu tímabili var Magnús Thorberg, og var honum gert að greiða nefnda upphæð til ríkissjóðs. Samkvæmt bréfi frá endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins, sem lagt hefur verið fram í málinu, var áðurnefndum úrskurði fullnægt með greiðslu til ríkisféhirðis 28. janúar 1952. Magnús Thorberg hófst þá handa um innheimtu kröfunnar hjá stefnda, en án árangurs, og fékk hann síðan hana lögfræðingi til innheimtu. Skömmu síðar varð Magnús gjaldþrota, og tók þá þrotabú hans við forræði málsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi hafi fengið umræddar vörur í hendur án þess að greiða af þeim rétt gjöld og Fjármálaráðuneytið síðan úrskurðað, að innheimta bæri hjá stefnda upphæð þá, sem á vantar, kr. 5.169.67. Þá heldur stefn-

andi því fram, að venja sé að innheimta það, sem vangoldið er, þegar svona stendur á. Loks mótmælir stefnandi því, að stefndi hafi verið í góðri trú, þegar hann leysti vörurnar út, og hafi því hlotið að vita, að söluskattur og aðflutningsgjöld væru ekki rétt reiknuð af vörum þessum.

Sýknukröfur sínar byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að póstafgreiðslumaðurinn í Vestmannaeyjum, sem annaðist tollafgreiðslu varanna, hafi verið opinber starfsmaður og auk þess trúnaðarmaður póststjórnar og tollgæzlu, eins og aðrir póstafgreiðslumenn, og eigi því nefndir aðiljar að bera ábyrgð á misfellum þeim, sem starfsmönnum þeirra verði á í starfi, og eigi því sjálfir að bera það tjón, sem af misfellum þessum hljótist, en ekki þeir, sem við stofnanir þessar skipta. Heldur stefndi því og fram, að póststjórninni hafi á þeim tíma, er hér um ræðir, verið kunnugt um ýmsar misfellur í starfi Magnúsar Thorbergs, og sé því enn ríkari ástæða en ella til að láta póststjórnina bera ábyrgð á verkum póstafgreiðslumannsins. Stefndi hefur enn fremur bent á, að á þeim tíma, sem áðurnefndar vörur voru tollafgreiddar, hafi innflytjendum verið skömmtuð mjög naum álagning á innfluttar vörur. Við verðútreikning vöru hafi tollur og söluskattur jafnan verið lagður til grundvallar. Við verðútreikning vara þeirra, er hér um ræðir, hafi hann ekki tekið tillit til hinna vanreiknuðu gjalda. Vörur þessar séu nú fyrir löngu seldar, og sé það því beint tjón fyrir hann, verði honum nú gert að greiða hina umstefndu upphæð, og samkvæmt framansögðu telur stefndi, að hann eigi ekki að bera það tjón.

Stefndi hefur ekki vefengt, að honum hafi lögum samkvæmt borið að greiða hin umræddu gjöld, þegar hann fékk vörurnar tollafgreiddar á póstafgreiðslunni, þótt hann telji sér óskylt að greiða þau nú. Kemur því til álita, hvort nokkur þau atriði liggi fyrir, er leysi stefnda undan þessari greiðsluskyldu. Er þá fyrst að athuga þá varnarástæðu stefnda, að póststjórnin sem yfirboðari póstafgreiðslumannsins eigi að bera ábyrgð á mistökum hans. Að áliti réttarins hafa ekki verið færðar að því neinar sönnur, að póstafgreiðslumaður sá, er hér á hlut að máli, hafi sýnt af sér slíka vankunnáttu í starfi sínu, að ekki hafi af þeim sökum verið forsvaranlegt af póststjórninni að hafa hann í þjónustu sinni. Þá er það og ósannað, að póststjórninni hafi á þeim tíma, er hér um ræðir, verið kunnugt um einhverjar þær misfellur í starfi Magnúsar Thorbergs, sem af þeim sökum hafi gert hann óhæfan til starfs síns. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af því, að ástæða er til að ætla, að

stefnda, sem stundað hefur verzlunarstörf og kaupmennsku árum saman, hefði mátt vera ljóst, að hin umræddu gjöld væru ekki rétt reiknuð af vörunum, verður framangreind sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Þá hefur stefndi í öðru lagi krafizt sýknu af kröfum stefnanda á þeim grundvelli, að stefnandi væri ekki réttur aðili máls þessa. Varnarástæðu þessa hafði stefndi ekki uppi fyrr en við munnlegan flutning málsins, og hefur stefnandi fyrst og fremst mótmælt þessari málsástæðu sem of seint fram kominni, auk þess sem hann telur, að hún hafi ekki við nein rök að styðjast. Verður að telja, að ástæða hafi verið til að hreyfa þessari málsástæðu fyrr, og ber því að fallast á nefnd mótmæli stefnanda, auk þess sem stefnandi hefur lagt fram bréf frá Fjármálaráðuneytinu, sem ber það með sér, að umrædd upphæð hefur þegar verið greidd ríkisféhirði þann 28. janúar 1952 af Magnúsi Thorberg, en eftir gjaldþrot hans tók þrotabúið við forræði málsins, eins og fyrr greinir.

Samkvæmt framansögðu og með því að fjárhæð dómkröfunnar hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1952 til greiðsludags, þar eð upplýst er, að áðurnefndan dag greiddi Magnús Thorberg hina vangoldnu fjárhæð til ríkisféhirðis. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 750 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Axel Halldórsson kaupmaður, greiði stefnanda, Jóni Eiríkssyni héraðsdómslögmanni f. h. þrotabús Magnúsar Thorbergs, kr. 5.169.67 með 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. maí 1957.

Nr. 58/1955. **Ólafur Ingimar Ögmundsson**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
**Jóni Björgvin Sveinssyni og gagnsök**
(Áki Jakobsson hdl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umferðarslys. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1955. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 27.800.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, telst rétt að skipta sök með aðiljum þannig, að hvor þeirra beri að hálfu ábyrgð á slysinu. Fjártjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið af héraðsdómara samtals kr. 21.750.00. Ber aðaláfrýjanda þá að bæta honum helming þess, kr. 10.875.00, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er. Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björgvin Sveinssyni, kr. 10.875.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.**

Gagnáfrýjandi, sem var drukkinn og er sagður erfiður viðfangs, þegar hann er með víni, reyndi að nauðsynjalausu að stöðva bifreið þá, sem aðaláfrýjandi stýrði, slangraði að henni og þreif í hurðarsneril, að því er ætla verður, í því skyni að ryðjast inn í hana, þótt hún hefði ekki numið staðar. Þetta atferli gagnáfrýjanda tel ég meginorsök slyssins. Á hinn bóginn er ekki í ljós leitt, að aðaláfrýjandi hafi gætt fullrar aðgæzlu og varkárni, er hann ók áfram án þess að sinna gagnáfrýjanda, og benda líkur til hins gagnstæða. Verður hann því samkvæmt 35. sbr. 34. gr. laga nr. 23/1941 að bera nokkra ábyrgð á afleiðingum slyssins. Tel ég hæfilegt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi beri ⅓, en gagnáfrýjandi ⅔ hluta sakar.

Fallast má á mat héraðsdómara á tjóni gagnáfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að aðaláfrýjanda beri að greiða gagnáfrýjanda ⅓ af kr. 21.750.00, þ. e. kr. 7250.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags. Svo tel ég og hæfilegt, að hann greiði gagnáfrýjanda kr. 2000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björgvin Sveinssyni, kr. 7250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Björgvin Sveinsson, Sóleyjartungu, Sandgerði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. febrúar 1954, gegn Lofti Hauk Gunnlaugssyni, Sólbakka, Sandgerði, og Ólafi Ingimar Ögmundssyni, Stígshúsum, Sandgerði.

Hefur stefnandi aðallega gert þær dómkröfur, að stefndi Loft-

ur Haukur verði dæmdur til að greiða honum bætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 27.800 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags, og málskostnað að mati dómarans. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Ólafur Ingimar verði dæmdur til að greiða fyrrgreindar bætur með vöxtum og málskostnaði.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni G 1193 til tryggingar hinum dæmdu bótum.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið, G 1193, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert.

Hinir stefndu hafa hvor um sig aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans. Til vara hafa þeir krafizt lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðalstefndi, Loftur Haukur, hefur skýrt svo frá atvikum, að um kvöldið þann 3. júní 1951 hafi hann verið á dansleik í samkomuhúsi einu í Ytri-Njarðvíkum. Um nóttina hafi hann síðan ekið í bifreið sinni, G 1193, til Sandgerðis, og hafi þá varastefndi, Ólafur, verið með honum í bifreiðinni, annar maður nokkuð ölvaður og tvær stúlkur. Um kl. 3.00 hafi þeir verið komnir að samkomuhúsinu í Sandgerði. Hafi hann stöðvað bifreiðina og gengið ásamt hinum ölvaða manni á bak við húsið. Varastefndi, Ólafur, hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar, en færst sig nú í ökumannssætið. Kveðst aðalstefndi þá hafa kallað til Ólafs að láta bifreiðina vera, en ekki hafi Ólafur svarað því neinu. Ólafur hafi síðan ekið af stað niður Brekkustíg með um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Ólafur muni hafa ekið einn hring þarna í þorpinu og komið aftur að samkomuhúsinu eftir skamma stund, en þar hafi þeir félagar beðið hans. Síðan kveðst aðalstefndi hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar. Hafi hann síðan ekið að húsi einu í þorpinu og þar hafi þau varastefndi, hinn karlmaðurinn og önnur stúlkan farið úr bifreiðinni, en hann sjálfur ekið áfram og með honum hin stúlkan. Hafi hann þá frétt á leiðinni, að bifreiðinni myndi hafa verið ekið á stefnanda, meðan varastefndi ók henni, og stefnandi hlotið slæmt fótbrot.

Varastefndi, Ólafur Ingimar, hefur skýrt svo frá, að er aðalstefndi fór úr bifreiðinni við samkomuhúsið í Sandgerði, hafi hann kallað til hans, að hann ætlaði að aka bifreiðinni niður götuna. Aðalstefnandi hafi ekki svarað því neinu og hafi hann þá ekið

af stað, en hann hafi oft áður fengið bifreið þessa lánaða hjá aðalstefnda. Varastefndi, Ólafur, kveðst síðan hafa ekið hægt niður veginn, með um 15 til 20 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann hafi verið kominn spölkorn niður veginn, hafi hann séð stefnanda koma gangandi á móti sér. Hafi stefnandi reikað í spori og veifað til þeirra í bifreiðinni. Kveðst varastefndi þá hafa hægt mjög á bifreiðinni, en ekki stöðvað hana alveg. Þar sem hann hafi ekki viljað neitt tala við stefnanda, hafi hann sveigt framhjá honum og haldið áfram. Hann hafi ekki orðið þess var, að stefnandi kæmi við bifreiðina, og hann hafi litið út um vinstri hliðarrúðuna, og hafi stefnandi þá verið kominn aftur með bifreiðinni og laus við hana. Kveðst varastefndi þá hafa aukið hraðann og ekið áfram um þorpið og síðan að samkomuhúsinu og hitt þar félaga sína. Aðalstefndi hafi þar tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kveðst varastefndi alls ekki hafa orðið þess var, að bifreiðin kæmi við stefnanda í umrætt sinn.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann gengið upp Brekkustíg (Burmabraut) á hægri vegarhelmingi. Hann hafi nokkuð verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mikið. Er hann hafi verið þarna, hafi bifreið verið ekið á móti honum ekki mjög hratt. Hann hafi þá rétt upp vinstri höndina, til þess að bifreiðin væri stöðvuð. Hægt hafi verið mjög á hraða bifreiðarinnar, og er hún hafi verið um það bil stöðvuð, hafi hann gengið að henni og tekið í handfang vinstri framhurðar og ætlað að opna. Í því hafi bifreiðinni verið ekið áfram af allmiklum hraða. Hann hafi haldið í handfangið og dregizt um 20 m með bifreiðinni, en að lokum orðið að sleppa því, og hafi þá hægri fótur hans lent undir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að fóturinn brotnaði.

Stúlka, er sat í framsæti bifreiðarinnar G 1193 í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki heyrt varastefnda biðja aðalstefnda um leyfi til að aka bifreiðinni, er hann ók frá samkomuhúsinu í Sandgerði. Varastefndi hafi ekið frekar hægt niður Brekkustíg, og er þau hafi verið komin nokkurn spöl, hafi hún séð stefnanda koma á móti þeim. Hafi hann verið reikandi í spori og veifað til þeirra með hendinni. Varastefndi hafi hægt á hraða bifreiðarinnar, en ekki stöðvað hana. Stefnandi hafi nú komið að bifreiðinni og tekið í handfang á vinstri afturhurðinni, en í því hafi varastefndi aukið hraða bifreiðarinnar. Eftir þetta hafi hún ekki séð stefnanda, enda ekki gætt að honum, en þó orðið vör við, að hann sleppti handfanginu, en ekki, að hann drægist neitt með bifreiðinni.

Stúlka, er sat í aftursæti G 1193 í umrætt sinn, hefur skýrt svo

frá, að er aðalstefndi fór úr bifreiðinni við samkomuhúsið í Sandgerði, hafi varastefndi kallað til hans, að hann ætlaði að aka niður Brekkustíginn (Burmabrautina). Aðalstefndi hafi svarað þessu einhverju, en ekki kvaðst stúlka þessi hafa heyrt, hvað það var. Varastefndi hafi síðan ekið niður götuna. Ekki hafi hún orðið vör við stefnanda á veginum né að neitt kæmi við bifreiðina á þeirri leið.

Maður sá, sem var í bifreiðinni með þeim aðalstefnda og varastefnda, kveðst hafa verið ölvaður í umrætt sinn og ekki muna eftir viðræðum, er hann og aðalstefndi fóru úr bifreiðinni við samkomuhúsið.

Maður einn, er þarna var staddur skammt frá, kveðst hafa séð stefnanda ganga upp götuna. Hann hafi verið áberandi ölvaður og slagað yfir götuna. Í því hafi G 1193 verið ekið frekar hægt niður götuna. Stefnandi hafi veifað til bifreiðarinnar og slagað að henni. Hafi þá verið hægt mjög á hraða bifreiðarinnar og henni ekið til hægri á veginum til þess að reyna að komast framhjá stefnanda. Stefnandi hafi þá verið kominn að bifreiðinni, en horfið á bak við hana. Bifreiðinni hafi þá verið ekið áfram og þá hafi hann séð stefnanda sitja eftir á vegarbrúninni. Kveðst maður þessi þá hafa farið til hans og hafi hann þá verið meiddur.

Mágkona stefnanda kveðst hafa séð umrætt slys út um glugga hjá sér. Stefnandi hafi verið nokkuð ölvaður, og er hann hafi séð G 1193 koma niður götuna, hafi hann augsýnilega ætlað að stöðva bifreiðina. Hafi hann komizt að hlið bifreiðarinnar, sem hafi hægt á sér, og gengið með henni. Síðan hafi hraði bifreiðarinnar verið aukinn og stefnandi þá fallið á götuna og dregizt nokkurn spöl með henni. Bifreiðinni hafi verið ekið hiklaust áfram. Hún hafi þegar farið út til stefnanda, sem þá hafi legið á götunni nokkuð meiddur.

Kröfur sínar á hendur aðalstefnda byggir stefnandi á því, að hann sem eigandi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem orðið hafi af notkun bifreiðarinnar G 1193, en ljóst sé af atvikum öllum, að ökumaður bifreiðarinnar, varastefndi í málinu, eigi alla sök á, hvernig fór.

Sýknukröfu sína byggir aðalstefndi fyrst og fremst á því, að hann beri ekki fébótaábyrgð á því tjóni, sem kunni að hafa orðið af notkun bifreiðarinnar G 1193, meðan varastefndi ók henni, þar sem varastefndi hafi ekið henni í fullu heimildarleysi og þrátt fyrir bann hans.

Hér að framan hefur verið lýst atvikum að notum varastefnda á bifreiðinni G 1193 í umrætt sinn og raktar skýrslur stefndu

og vitna um það atriði. Aðalstefndi hefur algjörlega neitað því, að hann hafi heimilað varastefnda að nota bifreiðina í umrætt sinn. Með vísan til þessa verður ekki talið sannað, að aðalstefndi hafi veitt varastefnda heimild til að aka bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt þessu og með vísan til ákvæða 2. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verður því ekki talið, að aðalstefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem kann að hafa orðið af akstri bifreiðarinnar, meðan varastefndi stjórnaði henni.

Verður því sýknukrafa aðalstefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Kröfur sínar á hendur varastefnda byggir stefnandi á því, að hann eigi alla sök á slysi þessu með ógætilegum akstri í umrætt sinn.

Varastefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum meiðslum, sem talin verði stafa af akstri bifreiðarinnar í umrætt sinn. Full ástæða sé til að ætla, að stefnandi hafi fallið í götuna og meitt sig, án þess að akstri bifreiðarinnar verði nokkuð um kennt. Þá hefur varastefndi talið, að hegðun stefnanda í umrætt sinn hafi verið slík, að hann verði að teljast eiga alla sök á, hvernig fór.

Þegar litið er til skýrslna varastefnda sjálfs svo og vitna þeirra, er að framan hafa verið raktar, verður að telja sannað, að meiðsl þau, er stefnandi hlaut í umrætt sinn, verði rakin til aksturs bifreiðarinnar G 1193. Telja verður sannað, að stefnandi hafi komið við eða tekið í bifreiðina og að varastefndi hafi orðið þess var. Það var því mjög óvarlegt af honum að aka áfram, án þess að tryggt væri, að stefnandi hefði sleppt bifreiðinni. Verður varastefndi því talinn eiga sök á, hvernig fór. Hins vegar er ljóst, að stefnandi hefur hagað sér mjög ógætilega á veginum og með því að taka í bifreiðina, meðan hún var á ferð. Verður því að telja, að hann eigi einnig sök á, hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök á slysi þessu þannig, að telja varastefnda eiga ⅗ hluta sakar, og ber honum að bæta tjón stefnanda að því leyti.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bætur fyrir atvinnutjón ..... | kr. | 22.050.00 |
| 2. | Þjáningabætur ..... | — | 5.000.00 |
| 3. | Kostnaður af læknisvottorðum o. fl. | — | 300.00 |
| 4. | Bifreiðakostnaður ..... | — | 450.00 |
| | | Kr. | 27.800.00 |

Um 1.

Stefnandi hlaut slæmt brot á hægri fótlegg rétt neðan við miðju. Var hann fluttur á sjúkrahús skömmu eftir slysið, og var þar gert að meiðslum hans með skurðaðgerð. Hann fór heim til sín þann 11. júní 1951 og lá heima í um sex vikur. Eftir það gat hann gengið um og hóf vinnu um mánaðamótin október og nóvember 1951. Þann 24. október 1953 rannsakaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 6. desember s. á.:

„Maður í meðalholdum, eðlilegur í framkomu. Við almenna skoðun var ekkert sjúklegt að finna.

Hægri fótleggur er með bogadregnu öri, 15 cm löngu, framan á leggnum fyrir neðan miðju. Við þuklun finnst örlítil stallmyndun efst í örinu, og þar eru nokkur eymsli, þegar þreifað er á örinu. Hægri kálfi mælist 0.5 cm rýrari en sá vinstri. Ekki er mælanleg stytting á fótleggnum, og hann er alveg beinn að finna. Hreyfingar í liðamótum eru eðlilegar og kraftar góðir. Reflexar eru eðlilegir.

Við athugun á fótunum sést, að maðurinn hefur ilsig á báðum fótum, mjög mikið, og auk þess eru báðir fætur undnir út á við í öklaliðnum (pes planovalgi).

Ályktun: Um er að ræða fótbrot eftir bíláverka. Útlit er fyrir, að beinin hafi gróið vel saman, en naglar sitja í beinendum, og getur síðar komið til mála, að taka þurfi skrúfurnar burtu.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrir | 1 | mánuð | fyrst | eftir | slysið | 100% | örorka |
| — | 1 | — | þar á | eftir | .... | 85% | — |
| — | 1 | — | — | - — | .... | 75% | — |
| — | 1 | — | — | - — | .... | 45% | — |
| — | 1 | — | — | - — | .... | 25% | — |
| — | 1 | — | — | - — | .... | 15% | — |

Úr því 10% örorka um 1 árs skeið með hliðsjón af því, að gera verður ráð fyrir, að gipsumbúðirnar gætu hafa valdið versnun á ilsiginu um nokkurt skeið. Ég tel, að úthaldsleysi slasaða við stöður nú stafi meira frá ilsigi á fótum slasaða en brotinu sjálfu“.

Kröfu sína að þessu leyti fær stefnandi þannig fram, að hann kveðst hafa misst af skiprúmi um sumarið 1951 og nokkuð af síldveiðitíma um haustið, en hann hafi verið ráðinn í skiprúm. Telur hann aflahlut sinn mundi hafa numið kr. 19.050.00, sem hann hafi þannig tapað. Þá telur hann hæfilegt að reikna kr. 30.000.00 sem atvinnutekjur þann tíma, sem hann hafi unnið,

en örorka hans verið 10%, og beri honum því kr. 3000.00 í bætur að þessu leyti.

Af hálfu varastefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem alltof háum og á það bent, að stefnandi hafi unnið fulla vinnu frá mánaðamótum október og nóvember 1951. Þá hefur varastefndi krafizt þess, að til lækkunar þessum lið komi bætur, er stefnandi hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi var 28 ára að aldri, er slysið varð. Hann stundaði sjómennsku og virðist hafa verið heilsuhraustur. Tekjur hans árið 1948 námu kr. 8641.00, árið 1949 kr. 21.216.00, árið 1950 kr. 30.090.00 og árið 1951 kr. 26.000.00. Fram er komið, að stefnandi hefur fengið greiddar kr. 2649.85 í bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyss þessa. Þegar allt þetta er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 17.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til fyrrgreindra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Varastefndi hefur mótmælt þessum lið sem alltof háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut og afleiðingum þeirra. Þegar það er virt, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 4000.00.

Um 3. og 4.

Þessir kröfuliðir hafa engum andmælum sætt og verða því teknir til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, sem hér skiptir máli, nema kr. 21.750.00 (17.000.00 + 4000.00 + 300.00 + 450.00), en eins og áður getur, ber varastefnda að bæta 3/5 hluta þess, eða kr. 13.050.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að varastefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Af hálfu aðalstefnda hefur því verið sérstaklega mótmælt, að stefnanda beri lögveðréttur í bifreiðinni G 1193 til tryggingar hinum dæmdu bótum.

Eins og að framan hefur verið rakið, var bifreiðin ekki í notkun lögmæts umráðamanns, er slysið varð, og verður því samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna ekki dæmt lögveð í henni til tryggingar skaðabótafjárhæðinni.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Loftur Haukur Gunnlaugsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Björgvins Sveinssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Varastefndi, Ólafur Ingimar Ögmundsson, greiði stefnanda kr. 13.050.00 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl 1952 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 22. maí 1957.

Nr. 49/1957. **Brandur Brynjólfsson** (Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
**Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f.** (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1957. Hann krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir

Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1957.**

Gerðarbeiðandi, Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Baldursgötu 12 hér í bæ, hefur krafizt þess, að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f, til tryggingar skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, nr. 553/1955, að upphæð kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. september 1953 til greiðsludags, ⅓% í víxilþóknun, kr. 1350.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess skyldi koma. Þá hefur gerðarbeiðandi og krafizt málflutningslauna vegna flutnings máls þessa hér fyrir réttinum, og hefur hann krafizt þess, að upphæð þeirra verði tiltekin ríflega, þar eð gerðarþoli hafi látið halda uppi sýndarvörnum í málinu.

Af hálfu gerðarþola hefur framgangi fjánáms verið mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Ákveðið hafði verið, að munnlegur flutningur yrði í málinu hinn 7. þ. m., og var lögmanni þeim, sem farið hafði með málið fyrir gerðarþola, tilkynnt um þá ákvörðun. Er málið kom fyrir á framannefndum degi, var ekki mætt af hálfu gerðarþola. Gerðarbeiðandi krafðist þá þess, að málið yrði tekið til úrskurðar, eins og það lá þá fyrir, og var svo gert.

Fyrir liggur í máli þessu dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu 553/1955, Albert Jóhannesson gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f, uppkveðinn hinn 2. júlí 1955, en þar er gerðarþola gert að greiða upphæðir þær, er getur í upphafi úrskurðar þessa. Á dómsendurrit það, er hér liggur fyrir og lagt hefur verið fram sem rskj. 2, er áritun Jóhanns Steinasonar hdl., dags. 13. desember 1956, þar sem gerðarbeiðanda, Brandi Brynjólfssyni, gerðarbeiðanda máls þessa, er framseld dómsskuldin.

Stefnuvottar birta dóm þenna hinn 14. desember 1956.

Dómnum hefur ekki verið áfrýjað.

Er mál þetta var tekið fyrir í fógetaréttinum hinn 4. janúar

s. l., mætti af hálfu gerðarþola Guðmundur H. Þórðarson, starfsmaður gerðarþola. Hann mótmælti framgangi fjánámsins og kvað víxil þann, er dómurinn byggðist á, hafa verið greiddan að fullu í ársbyrjun 1954. Gerðarbeiðandi skilaði greinargerð í málinu hinn 5. janúar, en gerðarþoli hinn 12. s. m. Var málinu síðan frestað til gagnaöflunar til hins 21. þ. m. Í því réttarhaldi lýsti umboðsmaður gerðarþola því yfir, að hann hefði hugsað sér að fá vitnisburð tveggja manna í máli þessu, en annar þeirra hefði neitað að mæta óstefndur, en hinn væri búsettur á Vífilstöðum og ætti þannig kröfu til lengri stefnufrests. Kveðst hann óska eftir framhaldsfresti til gagnaöflunar. Gerðarbeiðandi mótmælti þessari frestbeiðni, og með úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 23. janúar, var frestbeiðninni synjað og ákveðið, að næstu aðgerðir í málinu yrði munnlegur flutningur þess. Við munnlegan flutning málsins var ekki mætt af hálfu gerðarþola, svo sem að framan er greint.

Af hálfu gerðarþola hafa verið lagðar fram 2 kvittanir, dags. 1. og 8. janúar 1954, og segir þar, að Guðmundur H. Þórðarson hafi greitt upp í víxil eða víxla á hendur Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f samtals kr. 10.199.55. Kvittanir þessar eru undirritaðar af Einari Jóhannessyni, sjá rskj. nr. 7 og 8. Því er haldið fram í greinargerð gerðarþola, að hér hafi verið um að ræða víxil þann, sem dómurinn á rskj. 2 byggist á, og sé skuldin því greidd. Þá er þess og getið, að Einar Jóhannesson hafi haft algerlega með mál þessi að gera fyrir hönd Alberts Jóhannessonar.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt því, að víxill þessi hafi verið greiddur. Þá er á það bent, að Einar Jóhannesson hafi undirritað kvittanirnar, en Albert Jóhannesson sé hinn upphaflegi dómhafi.

Gerðarþoli hefur ekki sannað, að kvittanir þær, sem hann hefur lagt fram í málinu, eigi við víxil þann, sem dómurinn á rskj. 2 byggist á. Þegar ef þessari ástæðu verða mótmæli hans gegn framkominni fjárnámsbeiðni ekki tekin til greina, og ber að láta fjárnámsgerðina ná fram að ganga.

Þá þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.00 í málflutningslaun.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámsgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 8. marz 1957.**

Mættur er gerðarbeiðandi, Brandur Brynjólfsson, og krefst fjárnáms samkvæmt úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur í málinu.

Fyrir gerðarþola mætir Guðmundur H. Þórðarson, starfsmaður gerðarþola. Hann kveðst ekki geta greitt, en bendir á til fjárnáms kröfu gerðarþola á hendur Guðmundi Gíslasyni, Búðardal í Dalasýslu, samkvæmt kvittuðum vörureikningum, samtals kr. ca. 24.000.00. Reikningar þessir eru í vörzlum Lárusar Jóhannessonar hrl.

Var fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í ofangreindri kröfu Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f á hendur Guðmundi Gíslasyni og skýrði þýðingu þess fyrir Guðmundi H. Þórðarsyni.

---

Miðvikudaginn 22. maí 1957.

Nr. 153/1956. **Mjölnir h/f** (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
**Baldri Guðjónssyni** (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Umferðarslys. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1956 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Hann krefst þess, að dæmdar skaðabætur svo og málskostnaður í héraði verði fært niður til mikilla muna og hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er í ljós leitt, að stefndi var frá 12. ágúst 1954 ráðinn til starfa í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli og hinn 23. marz 1957 skipaður ríkislögreglumaður af

varnarmáladeild Utanríkisráðuneytis. Tekur hann nú laun samkvæmt X. flokki launalaga. Með hliðsjón af þessu og með skírskotun til tilvika málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir rétt að ákveða skaðabætur handa stefnda þannig:

1. Fyrir vinnutjón og örorku ..... Kr. 55.000.00
2. fyrir þjáningar, sársauka og lýti — 10.000.00
3. fyrir læknisvottorð o. fl. ..... — 1.015.00

Alls kr. 66.015.00

Verður áfrýjanda því dæmt að greiða þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 14000.00, og er þar í falinn kostnaður af skoðunargerð, kr. 1300.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Mjölnir h/f, greiði stefnda, Baldri Guðjónssyni, kr. 66.015.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. maí 1953 til greiðsludags og kr. 14000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. júní 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Baldur Guðjónsson sjómaður hér í bæ, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 16. febrúar 1954, gegn Mjölni h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 90.375.00 með 6% ársvöxtum frá 23. maí 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Mál þetta, sem rekið hefur verið á bæjarþingi Reykjavíkur, var við málflutning hinn 1. þ. m. flutt í sjó- og verzlunardóm.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 23. maí 1953 varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að starfi um borð í b/v Hvalfelli, eign stefnda, að vísifingur vinstri handar hans varð á milli gálgarúllu og haldanna á toghlera með þeim afleiðingum, að tvo fremstu kögglana tók af. Er slysið skeði, var unnið að því að draga upp aftari toghlerann stjórnborðsmegin, og hafði stefnandi það verk á hendi að koma gálgakeðjunni gegnum hlerahöldin og krækja henni í gálgakrókinn.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt skipti hafi veður verið gott og sjólítið. Er hlerinn var kominn úr sjó og hlerahöldin námu við borðstokkinn, hafi maður sá, er stjórnaði togvindunni, stöðvað hana. Kveðst stefnandi þá hafa kastað gálgakeðjunni gegnum hlerahöldin, eins og venja sé, en í þetta skipti hafi keðjan farið aðeins of stutt. Hafi hann þá litið fram að togvindunni og gengið úr skugga um, að sá, er vindunni stjórnaði, hefði stöðvað hana og sæi til hans. Að því búnu hafi hann teygt sig fram og seilzt eftir keðjunni í þeim tilgangi að draga hana gegnum hlerahöldin. En á meðan hann var að þessu, hafi hlerinn dregizt lítið eitt hærra upp með framangreindum afleiðingum. Hann hafi þá kallað upp og hlerinn stöðvazt.

Annar stýrimaður stjórnaði togvindunni í umrætt skipti. Kveðst hann hafa staðið aftan við vinduna stjórnborðsmegin og snúið þannig, að hann gæti séð toghlerann. Er hlerinn kom úr sjó í umrætt sinn, hafi hann létzt og átak vindunnar því minnkað. Kveðst stýrimaður af þeim sökum hafa dregið úr gufuþrýstingnum til vindunnar, en þar eð honum hafi virzt hlerinn ekki vera kominn nægilega hátt upp, til þess að unnt væri að krækja gálgakeðjunni á krókinn, hafi hann aukið gufuþrýstinginn. Um leið hafi hann litið af hleranum. Hafi hann þá heyrt óp og hávaða aftur á þilfarinu, og er hann leit við, hafi hópur manna staðið við gálgann. Stýrimaður kveður engin merki né bendingar hafa farið milli hans og stefnanda, meðan verið var að toga hlerann upp, enda sé það ekki venja. Á hinn bóginn sé sá háttur hafður á, að sá, sem við toghlerann er, kalli til stjórnanda vindunnar, er hann sé búinn að festa gálgakeðjuna á krókinn. Stýrimaður kveðst ekki hafa séð, þaðan sem hann stóð við togvinduna, hvort keðjan fór í gegnum hlerahöldin eða ekki, og ekki geti hann fullyrt, hvort honum hefði auðnazt að varna slysinu, hefði hann aldrei litið af hleranum. Getur hann þess í því sambandi, að hann hafi stöðugt haft höndina á gufuventlinum, en erfitt sé að stjórna drætti hlerans svo, að nákvæmt sé. Þannig sé það ekki á valdi þess, sem togvindunni stjórnar, hvort hlerinn fari þverhönd hærra

eða lægra. Að lokum kveðst stýrimaður ekki hafa fest hemilinn á togvírnum, meðan stefnandi var að sýsla með keðjuna, enda sé ekki venja, að það sé gert, fyrr en stjórnandi vindunnar sé viss um, að hlerinn sé kominn nógu hátt. Þá sé og öryggisráðstöfun þessi almennt ekki viðhöfð nema í vondum veðrum.

Maður, sem var stefnanda til aðstoðar við toghlerann, skýrir svo frá, að er hlerinn var kominn nógu hátt upp og stöðvaður, hafi stefnandi, er staðið hafi við aftari gálgafótinn, kastað keðjunni, en ekki tekizt að koma henni gegnum hlerahöldin. Orsök þess telur vitnið þó ekki hafa verið þá, að hlerinn hafi ekki verið kominn nógu hátt upp. Telur það, að um 3″ hafi vantað á, að hlerahöldin næmu við gálgarúlluna. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stjórnanda vindunnar hafi verið gefið merki um að toga hlerann upp, er slysið varð, og ekkert hafi byrgt útsýn hans til þeirra félaga, vitnisins og stefnanda. Telur vitnið, að stýrimaður hefði átt að geta séð frá stað sínum við vinduna, hvenær hlerinn var kominn nógu hátt, en eins og venja sé, hafi stefnandi kallað til stýrimanns, er hann hafði kastað keðjunni í umrætt sinn, og látið hann vita, að hlerinn væri kominn nógu hátt.

Skipstjóri eða útgerð skipsins virðist ekki hafa tilkynnt opinberum aðiljum slys þetta, og hafi því engin sjópróf farið fram, en skýrslur af stefnanda og vitnum voru fyrst teknar í máli þessu.

Hinn 17. febrúar 1956 var dómkvaddur á bæjarþingi Reykjavíkur sérfróður maður til þess að gera uppdrátt, er sýndi, hvernig stefnandi stóð við toggálgann, er slysið varð, svo og að taka ljósmyndir, er sýndu handtök stefnanda við að koma gálgakeðjunni gegnum hlerahöldin. Hinn 15. marz s. á. gerði hinn sérfróði maður uppdrátt þenna og tók ljósmyndir um borð í b/v Hvalfelli að viðstöddum stefnanda, lögmönnum aðilja og skipstjóranum, sem einnig stjórnaði skipinu, er slysið varð. Var toghlerinn settur útbyrðis og lyft inn aftur með togvindunni, þannig að hlerahöldin námu við gálgarúlluna. Sýndi stefnandi handstöðu sína, eins og hann taldi, að hún hefði verið, er slysið varð, og lýsti fyrir viðstöddum atvikum að slysinu. Var hvorugt véfengt af viðstöddum. Voru þá teknar ljósmyndir af toghleranum í mismunandi stöðu, svo og af handstöðu stefnanda. Liggja fyrir í málinu 4 slíkar ljósmyndir. Einnig liggur frammi uppdráttur af hluta skipsins, séð ofan frá. Er á honum sýndur umræddur toggálgi svo og brúarvængur og staður manns þess, er togvindunni stjórnaði. Getur hinn sérfróði maður þess, að ekkert beri í milli, sem hindrað geti, að stjórnandi vindunnar sjái afturgálgann, sem stefnandi stóð við, en erfitt muni þó vera fyrir hann að greina nákvæmlega hand-

stöðuna við að koma keðjunni gegnum hlerahöldin, einkum ef sá, sem verk þetta vinni, skyggi sjálfur að einhverju leyti á.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að það hafi verið stórfelld mistök hjá manni þeim, er togvindunni stjórnaði, að lyfta hleranum, meðan hann (stefnandi) hafi verið að seilast með hendinni eftir keðjunni. Hljóti stefndi af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlauzt fyrir hann.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að slys þetta verði hvorki rakið til mistaka né vangæzlu vindumannsins eða annarra skipverja. Á hinn bóginn hafi stefnandi sjálfur átt alla sök á slysinu með gáleysi sínu.

Þegar það er haft í huga, hvernig háttað er starfi því, er stefnandi hafði með höndum, er slysið varð, og þess gætt, að það er verulega hættusamt, þá verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af manni þeim, sem togvindunni stjórnaði, að lyfta toghleranum, eftir að hann var stöðvaður, án þess að honum væri gefið merki um það frá stefnanda eða öðrum, svo og að líta af hleranum um leið. Að svo vöxnu máli þykir bera að leggja á stefnda óskoraða fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við slysið, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að hann hafi hagað sér ógætilega við framkvæmd verks þessa eða á annan hátt en venja er.

Kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Örorkubætur ..... | kr. | 69.778.00 |
| 2. | Vinnutjón 23/5 '53 til 10/7 '53 ..... | — | 4.847.92 |
| 3. | Bætur fyrir þjáningar, sársauka og lýti | — | 15.000.00 |
| 4. | Læknisvottorð o. fl. ..... | — | 750.00 |
| | | Samtals kr. | 90.375.92 |

Við málflutning hækkaði stefnandi fjárhæð 4. kröfuliðs í kr. 1015.00, en lækkaði jafnframt 3. kröfulið í kr. 14.735.00.

Um 1 og 2.

Þegar eftir slysið var haldið til lands, en til bráðabirgða var búið um fingur stefnanda á skipsfjöl. Eftir sex stunda siglingu var komið til Patreksfjarðar, og var þegar farið með stefnanda til sjúkrahússins þar á staðnum, þar sem gert var að meiðslum hans. Í vottorði sjúkrahúslæknisins, dags. 25. júní 1953, segir, að fingurinn hafi verið mjög illa farinn og gróið seint. Í vottorði þessu er þess og getið, að stefnandi hafi dvalizt þar á sjúkrahúsinu til þess tíma, en fingurinn megi þá (25. júní) heita algróinn, og muni stefnandi fara heim næstu daga.

Hinn 25. september 1953 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. sama dag, segir, að örið á fingrinum sé vel gróið, en dálítið aumt. Metur læknirinn varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 10%.

Stefnandi er talinn fæddur 23. febrúar 1929 og hefur því verið 24 ára að aldri, er slysið varð.

Hinn 25. janúar 1954 reiknaði tryggingafræðingur út verðmæti áætlaðs atvinnutjóns stefnanda, miðað við framangreinda örorku og slysdag, og með hliðsjón af atvinnutekjum hans þrjú síðustu árin fyrir slysið, en þær voru sem hér segir: Árið 1950 kr. 22.081.43, árið 1951 kr. 39.069.91 og árið 1952 kr. 44.724.16. Verðmæti atvinnutjónsins reiknast tryggingafræðingnum kr. 69.778.00, og kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Hinn 1. þ. m. reiknaði sami tryggingafræðingur út áætlað atvinnutjón stefnanda að nýju. Í útreikningi þessum getur hann þess, að hann hafi fengið nákvæmar upplýsingar hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur um vinnutekjur allra sjómanna á öllum togurum útgerðarinnar frá því seint á árinu 1950 og fram í apríl s.l. Hafi hann með hliðsjón af upplýsingum þessum gert „statistik" um breytingu vinnuteknanna frá ári til árs hjá hásetum, netamönnum og bræðslumönnum og tekið einfalt meðallag af kaupbreytingatölunum fyrir þessar þrjár starfsgreinar og fengið þannig fram vísitölur fyrir breytingu vinnuteknanna. Með hliðsjón af vinnutekjum stefnanda árin 1950—52 og vísitölum þessum reiknar tryggingafræðingurinn síðan út heildarverðmæti örorkutjóns stefnanda, miðað við slysdag, 10% varanlega örorku. Telst honum það nema kr. 74.230.00, og er þá reiknað með 6% ársvöxtum. Grundvöllur þessa útreiknings, að öðru leyti en að framan greinir, er dánarlíkur íslenzkra karla eftir reynslu áranna 1921—30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í útreikningi sínum hefur tryggingafræðingurinn einungis gert ráð fyrir hinni varanlegu örorku stefnanda, en ljóst er, að hann hefur verið algjörlega óvinnufær nokkurn tíma eftir slysið. Eins og áður segir, lá hann í sjúkrahúsi á Patreksfirði rúman mánuð, meðan sárið á fingrinum greri, en hinn 10. júlí s. á. réðst hann til starfa á Keflavíkurflugvelli. Virðist mega ætla, að hann hafi verið óvinnufær til þess tíma. Ber að taka tillit til þessa við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir atvinnutjón. Á hinn bóginn ber að draga frá dæmdum bótum þær greiðslur, sem stefnandi hefur fengið eftir slysið frá stefnda og Tryggingastofnun ríkisins, en

greiðslur þessar, sem eru kaup til 11. júní s. á. og dagpeningar, nema samtals kr. 3112.00 (kr. 2.200.00 +912.00).

Stefndi hefur mótmælt fjárhæðum þessara kröfuliða. Telur hann, að stefnanda beri engar bætur vegna varanlegrar örorku, þar sem sjómaður eða verkamaður, sem verði fyrir slíku slysi, sem hér um ræðir, sé jafn vinnufær eftir sem áður. Að minnsta kosti sé alveg fráleitt að miða útreikning á atvinnutjóni hans við 10% varanlega örorku.

Á þetta verður ekki fallizt. Samkvæmt því og þegar það allt er virt, sem að framan greinir, svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum tveimur kröfuliðum hæfilega ákveðnar kr. 65.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi samkvæmt framansögðu hefur fengið frá stefnda og Tryggingastofnun ríkisins.

Um 3.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem alltof háum. Telur hann bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 1000.00 til 1200.00.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst. Þegar það er virt, sem þar greinir, og þess gætt, að stefnandi ber allmikil lýti á vinstri hendi eftir slysið, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Um 4.

Fjárhæð þessa kröfuliðs, eins og henni var breytt við málflutning, hefur ekki verið mótmælt. Verður hún því svo vaxin tekin til greina.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 76.015.00 (kr. 65.000.00 + kr. 10.000.00 + kr. 1015.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8500.00. Er þar með talinn kostnaður við skoðunargjörð, kr. 1300.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnunum Hannesi Pálssyni forstjóra og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Mjölnir h/f, greiði stefnanda, Baldri Guðjónssyni, kr. 76.015.00 með 6% ársvöxtum frá 23. maí 1953 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. maí 1957.

Nr. 103/1956. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

**Kristínu Brynjólfsdóttur og gagnsök** (Jón Bjarnason hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Heimt greiðsla fyrir verk.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1956. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 3023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 11. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hún þess aðallega að verða sýknuð að svo stöddu af kröfum aðaláfrýjanda, til vara, að henni verði dæmd sýkna gegn greiðslu á kr. 500.00 og til þrautavara gegn greiðslu á kr. 838.95. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Osannað er, að svo hafi samizt með aðiljum, að starfsmenn aðaláfrýjanda skyldu vinna verk það, sem lýst er í héraðsdómi, einvörðungu með skurðgröfu. Ekki er í ljós leitt, að eftir aðstæðum öllum hafi verið unnt að framkvæma verk þetta á annan hátt en gert var. Og þar sem ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að endurgjald það, sem aðaláfrýjandi krefst fyrir verkið, sé úr hófi hátt, ber að taka dómkröfur hans til greina svo og dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kristín Brynjólfsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs,

kr. 3023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. september 1954, gegn Kristínu Brynjólfsdóttur, Hvammsgerði 11 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 500.00 svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Skuld þessi er vegna kostnaðar af skurðgreftri við hús stefnda, sem starfsmenn stefnanda framkvæmdu að beiðni stefnda í febrúarmánuði 1953.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að stefndi hafi undirritað verkbeiðni og er þar ekki tekið fram, á hvern hátt verkið skyldi framkvæmt, og eins hafi hún undirritað verkskýrslu, þar sem fjöldi vinnustunda er tilgreindur.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hún hafi hafið byggingu húss síns að Hvammsgerði 11 um sumarið 1952. Grunnur hafi að mestu leyti verið grafinn með vélskóflu. Er því verki hafi verið lokið og steypu á gólfplötu, hafi þurft að grafa skurð fyrir skólplögn. Kvað stefndi næstu nágranna sína hafa látið grafa slíka skurði með skurðgröfu, og hafi kostnaður við það verk numið ca. kr. 400.00 til kr. 600.00. Hafi hún því hugsað sér að fá skurðinn grafinn með skurðgröfu. Um þetta leyti hafi starfslið frá stefnanda verið að vinna að aðalskólpleiðslu í hverfinu og hafi þeir haft skurðgröfu til umráða. Hafi hún beðið verkstjórann um að framkvæma verkið og tekið fram, að nota skurðgröfu við það. Féllst verkstjórinn á að gera það. Í febrúarmánuði kvaðst stefndi hafa verið rúmliggjandi, en þá um sama leyti hafi starfsmenn stefnanda hafið verkið. Er hún hafi komið næst á staðinn, hafi verkinu verið langt komið, og hafi hún talið tilgangslaust að hreyfa athugasemdum við því, að verkið hafði verið unnið án þess að skurðgrafa hafi verið notuð, enda kvaðst stefndi þá ekki hafa órað fyrir því, að verkið yrði svo dýrt, sem raun varð á samkvæmt reikningi stefnanda.

Byggir stefndi kröfu sína á því, að hún hafi beðið um, að verkið væri unnið með skurðgröfu, og því hafi stefnanda ekki verið heimilt að hafa annan hátt á að henni fornspurðri. Kveðst hún ávallt hafa verið reiðubúin að greiða kr. 500.00 fyrir verkið, en stefnandi ekki viljað, og beri sér því málskostnaður af þeim sökum.

Vitnið Guðjón Valdimar Þorsteinsson, yfirverkstjóri hjá stefnanda, kvað stefnda hafa átt tal við það og beðið um framkvæmd verksins og tekið fram, að það yrði unnið með skurðgröfu. Kvaðst vitnið hafa tjáð stefnda, að ekki myndi vera hægt að nota skurðgröfu, þar eð jarðvegurinn væri of fastur og svigrúm of lítið fyrir slíka vél. Vitnið kvað stefnda sennilega hafa undirritað verkbeiðni og samþykki sitt undir verkskýrslu, áður en verkið hófst. Vitnið kvað jarðveginn hafa verið þannig, að þétt og föst móhella hafi legið í gegnum skurðinn, og hafi þurft að nota loftfleyga til að losa þann jarðveg, og útilokað sé að grafa í slíkum jarðvegi með skurðgröfu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, verkstjóri hjá stefnanda, kvaðst hafa annazt verkstjórn við umrætt verk. Jarðveg kvað vitnið hafa verið þannig, að efst hafi verið frostlag, en síðan þykk móhella. Vitnið kvað útilokað hafa verið að grafa móhelluna með skurðgröfu, en taldi ef til vill hafa verið möguleika að nota skurðgröfu við verkið niður að móhellunni, en vitnið kvaðst ekki muna, hve þykkt það lag hafi verið.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur að því, að starfsmenn hans hafi tjáð stefnda, að framkvæmd verksins væri óframkvæmanleg með skurðgröfu, enda er viðurkennt af yfirverkstjóra stefnanda, að stefndi hafi sérstaklega tekið fram og óskað eftir því, að verkið yrði unnið með skurðgröfu. Verður því ekki talið rétt, að stefndi eigi að bera þann aukakostnað, sem leiddi af því, að verkið allt var framkvæmt á annan og dýrari hátt. Stefndi hefur verið reiðubúin til að greiða kr. 500.00 fyrir verkið, og hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að verkið hefði kostað meira, ef hægt hefði verið að vinna það með skurðgröfu.

Hins vegar þykir sannað samkvæmt framburðum vitnanna Guðjóns Valdimars og Guðmundar Guðmundssonar, að útilokað hafi verið að nota skurðgröfu til að grafa móhellu þá, er lá gegnum skurðinn, án þess að jarðvegurinn væri losaður með loftfleygum, eins og gert var. Þykir því verða að telja, að stefnda beri að greiða sérstaklega kostnað þann, sem af því verki leiddi, en

kostnaður þessi samkvæmt reikningi stefnanda er kr. 1.080.00, og hefur sú fjárhæð ekki verið véfengd.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 1.580.00 með 6% ársvöxtum, er þykir bera að reikna frá birtingardegi sáttakæru, 7. apríl 1954, til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristín Brynjólfsdóttir, greiða stefnanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1.580.00 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1954 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 29. maí 1957.

Nr. 11/1957. **Stephan Stephensen** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
**Önnu Kristjánsdóttur og gagnsök**
(Ragnar Jónsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Umferðarslys. Dánarbætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar þ. á., gerir þær dómkröfur, að hinar dæmdu bætur verði lækkaðar að mati Hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. janúar þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Hún gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur

til að greiða henni kr. 316.253.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur gagnáfrýjandi látið tryggingafræðing reikna af nýju verðmæti áætlaðra vinnutekna Haralds heitins og gagnáfrýjanda, miðað við kaupgjald, eins og það er nú, svo og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda gagnáfrýjanda. Er í reikningum þessum miðað við 6% ársvexti, dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna eftir reynslu áranna 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku eftir sænskri reynslu. Reiknast tryggingafræðingnum tjón gagnáfrýjanda vegna missi fyrirvinnu samkvæmt þessu kr. 217.495.00, en verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda nálægt 30 þúsund krónum.

Af gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, er ljóst, að ökumaður R 19 hefur ekið of hratt eftir aðstæðum og ekki sýnt þá aðgæzlu, sem skylt var. Á hann því meginsök á slysinu. Haraldur heitinn gekk ekki eftir hinum afmarkaða gangstíg, sem var á Miklubraut sunnanverðri, heldur eftir akbrautinni norðanverðri og nokkuð inn á henni, en gata þessi er mikil umferðargata og var illa lýst að norðanverðu. Hann gekk undan umferðinni og kvaðst ekki hafa veitt því eftirtekt, að bifreið kom á eftir honum. Af því, sem nú var rakið, verður að telja, að hann hafi einnig átt nokkra sök á slysinu. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að leggja 4/5 hennar á bifreiðarstjórann á R 19, en 1/5 á Harald heitinn.

Tjón gagnáfrýjanda samkvæmt 1., 3. og 4. lið þykir hæfilega metið samtals kr. 150.000.00, en bætur fyrir röskun á stöðu og högum kr. 45.000.00. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um 6. og 7. lið. Samkvæmt þessu ber að telja tjón gagnáfrýjanda kr. 150.000.00 + kr. 45.000.00 + kr. 700.00, + kr. 750.00, samtals kr. 196.450.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 4/5 hluta þess, þ. e. kr. 157.160.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 19.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stephan Stephensen, greiði gagnáfrýjanda, Önnu Kristjánsdóttur, kr. 157.160.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 19.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hæstaréttardómaranna Þórðar Eyjólfssonar og Jónatans Hallvarðssonar.**

Miklabraut í Reykjavík er breið gata, en ófullgerð og gangstéttarlaus á því svæði, þar sem slysið gerðist. Haraldur heitinn Bjarnason gekk austur brautina, vinstra megin, miðað við stefnu sína, og nálægt vegarjaðri. Verður honum ekki talin sú hegðun til sakar. Samkvæmt þessu og rökum héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um ábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda, sem er hæfilega metið alls kr. 196.450.00, eins og í atkvæði meira hluta dómenda greinir. Á aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Við leggjum því til, að dómsorð verði þannig:

Aðaláfrýjandi, Stephan Stephensen, greiði gagnáfrýjanda, Önnu Kristjánsdóttur, kr. 196.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 22.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., hefur Anna Kristjánsdóttir, Borgargerði 12 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. júní 1955, gegn Stephan Stephensen kaupmanni, Bjarkargötu 4 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 316.253.13 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að skað-

lausu, en til vara, að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingafélaginu h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, R 19, var vátryggð hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 15. ágúst 1954, um kl. 1.30, varð það slys á Miklubraut hér í bænum, að Haraldur Bjarnason, eiginmaður stefnanda, varð fyrir bifreiðinni R 19, eign stefnda, og hlaut af opið brot á hægri fæti.

Ólafur Stephensen, sonur stefnda, er ók bifreiðinni í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið austur Miklubraut. Er hann var kominn að Rauðarárstíg, þar sem hinum malbikaða kafla Miklubrautar sleppir, hafi hann dregið mjög úr hraða bifreiðarinnar, svo að hún hafi þá verið sama og ferðlaus orðin. Eftir það hafi hann ekið mjög hægt, eða á 15 til 18 km hraða, en alls ekki hraðar en á 20 km hraða, miðað við klukkustund. Svartamyrkur hafi verið og svo til engin götulýsing. Er hann var kominn í nánd við Reykjahlíð, sem er hliðargata frá Miklubraut og liggur til suðurs, hafi hann skyndilega séð mann birtast í ljósgeislanum frá ljóskerum bifreiðarinnar, og hafi hann virzt koma inn í geislann beint frá hlið. Á sama andartaki hafi maðurinn skollið á bifreiðina og kastazt fram yfir hana. Kveðst ökumaðurinn þegar hafa stöðvað bifreiðina og sveigt hana um leið lítillega inn á götuna. Maður þessi, er reyndist vera Haraldur Bjarnason, Borgargerði 12, hafi verið greinilega ölvaður. Að lokum getur ökumaður bifreiðarinnar þess, að hemlar bifreiðarinnar hafi virzt vera í fullkomnu lagi svo og ljósaútbúnaður hennar.

Einn farþegi var í R 19, Erna Erlendsdóttir. Hefur hún skýrt svo frá, að bifreiðinni hafi verið ekið frekar hægt og, er á Miklubraut kom, hafi hraðinn verið 25 til 30 km, miðað við klukkustund. Kveðst vitnið hafa horft fram á götuna, og á móts við Reykjahlíð hafi hún skyndilega séð mann koma inn í ljósgeislann frá bifreiðinni. Maður þessi, er verið hafi dökkklæddur og snúið hnakka að bifreiðinni, hafi virzt slangra út í götuna og verið mjög nálægt bifreiðinni, er vitnið sá hann. Andartaki síðar hafi bifreiðin lent á manninum, en ökumaðurinn hafi þegar hemlað og bifreiðin strax stöðvazt. Maðurinn hafi kastazt áfram við höggið og legið fyrir framan bifreiðina, er hún nam staðar.

Kveðst vitnið halda, að hann hafi lent „framan á hliðina“ á aurhlífinni og kastazt síðan áfram.

Vitnið Reynir Einarsson hefur skýrt svo frá, að milli kl. 1 og 2 umrædda nótt hafi hann ekið austur Miklubraut. Er hann var kominn framhjá Rauðarárstíg, hafi hann orðið var manns vinstra megin á sínum götuhelmingi, þó ekki alveg á götubrún. Hann hafi átt mjög stuttan spöl ófarinn að manninum, er hann varð hans var, og vegna þess, hve maðurinn var dökkklæddur, hafi hann fyrst séð skósóla hans. Vitnið kveðst hafa ekið hægt, en þó hafi ekki munað miklu, að honum tækist ekki að sveigja fram hjá manninum. Reynir ók síðan áfram að Miklubraut 72, en snéri þar við og ók sömu leið til baka. Er hann var kominn að Reykjahlíð, kveðst hann hafa veitt því athygli, að bifreið með ljósum kom á móti á nyrðra helmingi Miklubrautar. Hafi hann þá skyndilega séð, að bifreið þessi skall á manni, og heldur, að vinstra framaurbretti hennar hafi lent á manninum. Hann hafi ekki séð manninn, fyrr en alveg um leið og bifreiðin skall á honum, en hann hafi veitt því athygli, að bifreiðinni var ekið hægt, og telur „útilokað“, að hraðinn hafi verið meiri en 20 km, miðað við klukkustund. Vitnið kveðst hafa haldið, að maðurinn myndi standa á fætur aftur, þar eð hann taldi, að bifreiðin hefði einungis komið lítillega við hann. Er það varð ekki, stöðvaði hann bifreið sína og fór á vettvang. Hafi þá komið í ljós, að um sama mann var að ræða, eftir því sem honum bezt sýndist, og hann hafði nærri ekið á rétt áður. Getur hann þess að lokum, að honum hafi virzt maður þessi reikull í spori vegna ölvunar. Þó hafi hann ekki virzt ofurölvi, þannig að hann „slagaði“ mikið á götunni.

Haraldur Bjarnason skýrði svo frá nokkrum dögum eftir slysið, að hann hefði verið á leið heim til sín í umrætt sinn. Hafi hann verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki svo mikið ölvaður, að hann „slagaði“. Hann hafi ekki tekið eftir því, er bifreið stefnda nálgaðist, enda „verið annað að hugsa“. Ekki kvaðst hann um það vita, með hverjum hætti slysið varð, en en hann muni hafa fengið högg á höfuðið, er hann féll á götuna, og misst meðvitund við það nokkra stund.

Kvöldið áður en slys þetta varð, hafði Haraldur dvalið á heimili Ísleifs Högnasonar og konu hans, Helgu Rafnsdóttur, að Skólavörðustíg 12 hér í bænum. Ísleifur kveðst hafa átt tal við hann þar á heimilinu um níuleytið um kvöldið, og hafi hann þá engin merki um áfengisáhrif séð á honum. Helga kveður

Harald hafa komið á heimilið tvívegis þetta kvöld, í síðara skiptið um kl. 21.30. Hafi hann þá tekið upp ölflösku, er verið hafi alveg full. Hafi hann síðan dvalið á heimilinu til kl. um 24.30 um nóttina og á þeim tíma einungis drukkið lítillega úr flöskunni, eða „ofarlega í öxl". Kveðst vitnið ekki hafa talið Harald undir áhrifum áfengis, er hann kvaddi um nóttina. Einn þeirra lögreglumanna, er komu á vettvang eftir slysið, kveðst ekki hafa veitt því athygli eða orðið þess var, að Haraldur væri undir áhrifum áfengis. Annar sjúkraliðsmannanna, er fluttu Harald af slysstað í Landspítalann, kveðst hafa álitið, er hann kom að honum, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis að einhverju leyti, að minnsta kosti hafi hann fundið vínlykt af honum. Hann hafi ekki orðið þess var, að Haraldur væri með vín meðferðis, fyrr en komið var í sjúkrahúsið, en hann minni, að þar hafi Haraldur sopið úr flösku, svo og að hann hafi tekið flöskuna af honum og fjarlægt hana og að þá hafi verið lítið eftir á henni. Hinn sjúkraliðsmaðurinn kveðst hafa setið hjá Haraldi aftur í sjúkrabifreiðinni á leið til sjúkrahússins. Hafi hann þá fundið vínlykt af honum og gert ráð fyrir, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hann hafi veitt því athygli, að Haraldur var með bjórflösku, er hann hafi talið, að vín væri í, og kveðst minnast þess, að Haraldur sypi úr flöskunni, um það leyti er komið var til sjúkrahússins. Læknir sá, er tók á móti Haraldi, er komið var með hann á Landspítalann, segir í vottorði, dags. 23. ágúst 1954, að megna vínlykt hafi lagt af sjúklingnum, er hafi verið hávær og slegið um sig. Haraldur Bjarnason skýrði sjálfur svo frá, að hann hefði verið með hálfflösku af brennivíni meðferðis og vegna kvala í fætinum hefði teygað úr flöskunni á leiðinni í sjúkrahúsið.

Þegar eftir komuna í Landspítalann var Haraldur skoðaður af lækni. Kom þá í ljós opið beinbrot um neðri hluta hægri fótleggjar. Eftir að röntgenmyndir höfðu verið teknar af brotstaðnum, þótti sýnt, að skrúfa þyrfti saman brotið, en að því loknu var fóturinn settur í gipsumbúðir. Var Haraldur síðan lagður inn á handlæknisdeild sjúkrahússins. Í vottorði Friðriks Einarssonar deildarlæknis, dags. 27. janúar 1955, segir á þessa leið:

„Hinn 28. ágúst 1954 fékk sjúklingurinn skyndilega verk í vinstri síðu. Hann varð móður og cyanotiskur og fékk hósta með blóðugum uppgangi. Hiti hækkaði í 39°, og þremur dögum seinna varð hann 39,3°. Sjúklingurinn hafði þannig klinisk einkenni um blóðtappa (Embolía) í lunga, enda sýndu röntgenmyndir, sem teknar voru þá og síðar, skugga í lungnavefnum.

Sjúklingurinn lá á handlæknisdeildinni til annars nóvem-

bers 1954, en var þá sendur heim, til þess að liggja þar áfram. Stingur í brjósti var þá horfinn, og í sjúkraskrá er þess ekki getið, að blóð hafi sézt í hráka síðan 8. október.

Ætlunin var, að sjúklingurinn kæmi á handlæknisdeildina við og við til athugunar, þar til brotið væri gróið, en það var enn mjög laust, er hann fór af spítalanum. Hinn 6. desember kvartaði hann um, að þá undanfarið hafi verið stingur í brjósti og oft blóðdrefjar í hráka, og var hann því þann dag lagður inn á lyflæknisdeild Landspítalans.

Út frá skurðlæknisfræðilegu sjónarmiði virðast allar líkur benda til, að sjúkdómur þessi, blóðtappi í lunga, sé afleiðing af beinbroti sjúklingsins."

Hinn 6. desember 1954 var Haraldur vistaður á lyflæknisdeild Landspítalans. Í vottorði yfirlæknisins, Sigurðar Samúelssonar, dags. 31. janúar 1955, segir á þessa leið um sjúkleika hans:

„Sjúklingurinn lá á handlæknisdeild Landspítalans 15/8—2/11 1954 og fékk þar gjört við brot sitt. Þann 28/8 1954 fékk hann skyndiverk í v. síðu, mæði, bláleitan litarhátt í andliti og hitahækkun (39°), sem sé einkenni um blóðtappa í v. lunga.

Eftir að sjúklingurinn fór af handlæknisdeildinni, hafði hann alltaf annað slagið verk í vinstri síðu og fékk fjögur slæm köst með hitahækkun, blóðlituðum uppgangi og verk í vinstri síðu brjóstsins. Síðustu þrjá dagana fyrir komu á deildina hafði hann stöðugt blóðlitaðan uppgang, og daginn, sem hann var lagður á deildina, var tekin röntgenmynd af lungum, og sýndi hún breytingar neðantil vinstra megin.

Fljótlega eftir komu á spítalann var sjúklingnum gefin pencillin meðferð, og nokkru síðar heparin-innspýtingar, en það síðarnefnda er gefin inn í æð, til varnar því, að blóðtappar myndist í æðakerfinu. Fékk hann heparin meðferð frá 13/12—4/1 '55. Fljótlega hætti að bera á blóði í hráka, og líðan batnaði. Hann fann þó til verkjar í vinstri síðu og við og við nema síðustu 10 daga spítaladvalarinnar, að hann var alveg einkennalaus frá lungum.

Rtg.mynd var tekin, eins og áður er getið, daginn, sem hann kom á deildina (6/12), og síðar brottfarardag, þ. 4/1 '55. Eru þær breytingar, sem sáust við myndatökuna, nú horfnar.

Röntgenmynd var tekin af hægra fótlegg komudag á lyflæknisdeildina (6/12), og sýndi hún brot, sem ekki var gróið. Röntgenmynd var endurtekin brottfarardaginn, og virtist ástand brotsins óbreytt.

Það er þekkt meðal lækna, að viss tími líður frá slysum (t. d. beinbrotum), þar til einkenni um blóðtappa í lungum koma fram.

Haraldur heitinn veiktist hastarlega með öllum einkennum um síðastnefndan sjúkdóm, og einmitt á þessum tíma frá beinbrotinu, sem hans er helzt að vænta.

Allur gangur sjúkdómsins er mjög einkennandi fyrir blóðtappa í lunga, sem svo eftir heimkomuna gefur einkenni með sprettum og versnar nokkrum dögum fyrir komu á lyflæknisdeildina. Hin specifika meðferð (heparin) hafði fljótt góð áhrif á líðan sjúklingsins og er til styrktar þessari sjúkdómsgreiningu".

Eftir dvölina í Landspítalanum virðist Haraldur hafa legið rúmfastur heima. Aðfararnótt sunnudagsins 23. janúar 1953 þyngdi honum mjög, og milli kl. 4 og 5 var næturlæknir kvaddur til hans. Í vottorði læknis þessa, dags. 4. nóvember 1955, segir svo:

„... er ég kom á staðinn, var útlit sjúklingsins mjög slæmt, blágrár í framan (cyanotiskur), púls óreglulegur, veikur, og miklar kvalir í brjósti vinstra megin. Sjúklingur tjáði mér í slitróttum setningum, að hann hafi í legu sinni á Landspítalanum fengið í fleiri skipti blóðtappa í brjóstið (infarkt), og kom sjúkdómsmyndin vel heim við, að um slíkt gæti verið að ræða af nýju. Ég gaf sjúklingi hálfan annan c.c. af inj.pethinini. Létti honum nokkuð við sprautuna, og líðan varð skárri. Dvaldi ég hjá honum í tæpan hálftíma.

Varð ég að því búnu að fara í aðra vitjun, en að henni lokinni, nálægt þremur korterum seinna, fór ég enn til Haralds, og var hann þá nýlátinn, hafði versnað skyndilega og dáið á 2—3 mínútum."

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 19. nóvember 1955, var leitað umsagnar Læknaráðs um dánarorsök Haralds heitins. Var málið lagt fyrir ráðið á þá leið, að beiðzt var álits á því, hvort blóðtappinn, sem Haraldur lézt af, yrði rakinn til umræddrs slyss.

Ályktun Læknaráðs var svofelld:

„Læknaráð telur allar líkur benda til þess, að blóðtappi sá, sem Haraldur heitinn Bjarnason mun hafa látizt af, eigi rót sína að rekja til slyssins, sem um ræðir."

Hinn 11. september 1954 var gerð dómsátt við ökumann R 19, en hann hafði verið kærður fyrir óaðgætni í akstri og líkamsmeiðingu af gáleysi. Játaði hann efni kærunnar rétt, og var hann með akstri sínum í umrætt sinn talinn hafa gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að dauða eigin-

manns hennar sé beinlínis að rekja til slyssins, en á því beri stefndi fulla fébótaábyrgð samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ökumaður bifreiðarinnar eigi enga sök á slysinu. Hann hafi ekið eins og góðum og gegnum manni sæmi og slysið hafi orðið af því, að Haraldur sálugi hafi slangrað, líklega vegna ölvunar, þvert fyrir bifreið sína. Varakröfuna reisir stefndi á því, að ökumaður bifreiðarinnar eigi ekki einn sök á slysinu.

Sem fyrr getur, komu lögreglumenn á vettvang skömmu eftir slysið, og gerði einn þeirra uppdrátt af slysstaðnum. Samkvæmt uppdrætti þessum, sem liggur frammi í málinu, mældust hemlaför eftir R 19 5 metrar. Hefur uppdrátturinn ekki verið véfengdur. Í skýrslu lögreglunnar um slysið er þess getið, að bjartviðri hafi verið og færi þurrt, en götulýsing slæm. Þá er þess og getið þar, að bifreiðin R 19 hafi verið færð á lóð lögreglustöðvarinnar í því skyni, að hún yrði skoðuð af sérfróðum manni. Í málinu liggur hins vegar engin skýrsla fyrir um slíka skoðun.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Á Miklubraut á þeim slóðum, þar sem slys þetta varð, er afmörkuð gangbraut meðfram akbrautinni að sunnan. Norðanmegin götunnar er á hinn bóginn enginn afmörkuð gangbraut, en akbrautin, sem er malborin og mjög breið, nær alveg að svonefndu Klambratúni, sem liggur meðfram götunni þeim megin. Götulýsingu er mjög áfátt þarna. Er enginn ljóskersstaur meðfram Miklubraut að norðanverðu frá Rauðarárstíg og allt að Lönguhlíð. Meðfram götunni að sunnanverðu eru aftur á móti nokkrir ljóskersstaurar á þessu svæði með alllöngu millibili, svo og tveir eða þrír á akbrautinni miðri, en vegna þess, hve gatan er breið, nýtur lítillar sem engrar birtu frá ljóskerum þessum norðanmegin á henni.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um atvik að slysinu, er ljóst, að ökumaður R 19 hefur ekki sýnt þá aðgæzlu, sem krefjast verður af ökumönnum við þær aðstæður, sem hér voru. Með skírskotun til þess og þar eð eigi er í ljós leitt, að Haraldur heitinn hafi farið svo óvarlegar en almennt tíðkast um gangandi vegfarendur, að sök á slysinu verði lögð á hann, þá ber að leggja á eiganda bifreiðarinnar, stefnda í málinu, óskoraða fébótaábyrgð á slysinu.

Stefndi hefur hreyft því, að ósannað sé, að dauði Haralds heitins verði rakinn til slyssins. Með vísun til álitsgerða fyrrnefndra lækna, sem raktar voru hér að framan, svo og til ályktunar Læknaráðs, þykir nægjanlega fram komið, að veikindi hans og dauði hafi verið afleiðing fótbrotsins, sem hann hlaut við slysið.

Kröfur sínar í málinu hefur stefnandi sundurliðað þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Atvinnutjón | kr. | 179.556.00 |
| 2. | Missir ekkjulífeyris | — | 28.304.00 |
| 3. | Atvinnutjón í banalegu Haralds heitins | — | 3.212.73 |
| 4. | Áætlað tjón á yfirvinnutekjum í banalegunni | — | 3.730.40 |
| 5. | Röskun á stöðu og högum | — | 100.000.00 |
| 6. | Álitsgerðir lækna | — | 700.00 |
| 7. | Álitsgerð tryggingafræðings | — | 750.00 |
| | Samtals | kr. | 316.253.13 |

Um 1. og 4.

Haraldur heitinn Bjarnason, sem kvæntur var stefnanda málsins, Önnu Kristjánsdóttur, var starfsmaður á skattstofunni í Reykjavík. Hann er talinn fæddur 1. júní 1908, en stefnandi 7. febrúar 1910. Hefur hann því verið 46 ára að aldri, er hann lézt, en stefnandi 44 ára.

Samkvæmt staðfestum endurritum af skattaframtölum hjónanna hafa atvinnutekjur þeirra árin 1952 til 1954 verið, sem hér segir, og eru tekjur hennar tilgreindar innan sviga: árið 1952 kr. 43.033.00 + (kr. 10.501.00), árið 1953 kr. 41.380.00 + (kr. 22.715.00) og árið 1954 kr. 47.517.00 + (kr. 17.417.00).

Það er upp komið í málinu, að Haraldur heitinn hefur fengið greidd full laun mánuðina september til nóvember 1954, en hálf laun fyrir desember sama ár, svo og að hann hafi verið kominn í hámarkslaun þess launaflokks, er hann var í.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað atvinnutekjur þeirra hjóna fram í tímann, miðað við, að Haraldur heitinn hefði ekki orðið fyrir slysinu. Í útreikningi sínum, sem dagsettur er 26. apríl 1955, gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að hjónin hefðu notið að jöfnu teknanna af vinnu mannsins, meðan bæði lifðu. Verðmæti þeirra tekna, sem stefnandi missi við fráfall mannsins, finnist þá með því að margfalda helming vinnutekna hans með lífrentu fyrir tvö líf, þar sem reiknað sé með starfhæfu lífi fyrir manninn. Verðmæti þetta reiknast honum kr. 282.313.00. Þá getur hann þess, að á sama hátt og stefnanda sé ætlað að njóta að hálfu vinnutekna mannsins, verði að ætla, að hann hefði og að hálfu notið vinnutekna hennar. Verðmæti þessara tekna fyrir manninn reiknast tryggingafræðingnum nema kr. 102.757.00. Þetta verðmæti losni við fráfall mannsins og beri því að draga það frá fyrrnefndu tölunni. Hluti stefnanda af nettó atvinnutjóni verði samkvæmt þessu kr. 179.556.00 (kr. 282.313.00 ÷ 102.757.00). Kemur sú fjár-

hæð heim við 1. lið stefnukröfunnar. Við þetta eigi að bætast helmingur af atvinnutjóninu, frá því Haraldur heitinn slasaðist og þar til hann lézt, en það sé í fyrsta lagi helmingur launa fyrir desember 1954 og janúar 1955 og í öðru lagi yfirvinnukaup á tímabilinu 15/8 1954 til 23/1 1955. Hefur stefnandi áætlað, að yfirvinnutekjur manns hennar greint tímabil hefðu numið kr. 3.730.40, og er þeirrar fjárhæðar krafizt undir 4. lið stefnukröfunnar, en samkvæmt vottorði skattstofunnar, dagsettu 6. maí 1955, hefðu tekjur Haralds heitins af yfirvinnu þetta tímabil numið þeirri fjárhæð.

Önnur atriði í reikningsgrundvelli tryggingafræðingsins en þau, sem að framan greinir, eru: 4% ársvextir, dánarlíkur fyrir karla og konur, hvort í sínu lagi, samkvæmt íslenzkri reynslu á árunum 1921 til 1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Útreikningurinn er miðaður við dánardag Haralds heitins.

Stefnandi hefur mótmælt 1. kröfulið sem alltof háum, en telur, að 4. kröfuliður eigi alveg að falla niður.

Á það verður ekki fallizt.

Með skírskotun til framanritaðs og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, m. a. því, að vextir af fé munu almennt hærri hér á landi en 4% p. a., þykja bætur samkvæmt þessum tveimur liðum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Er þá einnig höfð í huga grunnkaups- og vísitöluhækkun, sem orðið hefur, frá því er útreikningur tryggingafræðingsins var gerður.

Um 2. og 5.

Haraldur heitinn var félagi í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en þar eð hann hafði einungis verið það frá 1. október 1951, fær stefnandi ekki lífeyri úr sjóðnum, heldur aðeins endurgreidd án vaxta iðgjöld þau, er hann hafði greitt til sjóðsins. Í útreikningi sínum getur tryggingafræðingurinn þess, að við fráfall manns síns missi stefnandi af þessum sökum von um ekkjulífeyri og hlutdeild í ellilífeyri mannsins, sem ætla megi, að hún hefði notið til jafns við hann, hefði báðum enzt líf. Á móti því komi fyrirgreind iðgjaldsendurgreiðsla svo og brottfall iðgjaldsgreiðslu, sem reikna megi stefnanda til tekna að hálfu leyti. Verðmæti þessara atriða fyrir stefnanda reiknast tryggingafræðingnum þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ekkjulífeyrir ..... | | kr. 26.911.00 | |
| Hlutdeild í ellilífeyri | — | 14.470.00 | kr. 41.381.00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Iðgjaldsendurgreiðsla | kr. | 4.594.00 | |
| Brottfall iðgjalda .. | — | 8.483.00 | — 13.077.00 |
| | | | Kr. 28.304.00 |

Kemur fjárhæð þessi heim við 2. lið stefnukröfunnar.

Önnur atriði í reikningsgrundvelli tryggingafræðingsins en þau, sem nefnd voru, eru hin sömu og áður.

Stefndi krefst þess, að báðir þessir kröfuliðir verði stórlega lækkaðir, og í hinum munnlega málflutningi hreyfði hann því, að 2. kröfuliður ætti engan rétt á sér, en á það þykir ekki verða fallizt.

Með skírskotun til framanritaðs og annars þess, sem máli verður talið skipta, þykja bætur til stefnanda samkvæmt 2. lið og bætur fyrir röskun á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00.

Um 3. 6. og 7.

Kröfuliðir þessir, sem ekki hafa sætt mótmælum, verða teknir til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 189.662.73 (kr. 150.000.00 + kr. 35.000.00 + kr. 3.212.73 + kr. 700.00 + kr. 750.00) ásamt vöxtum, sem ákveðast 6% p. a. frá þeim degi, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Stephan Stephensen, greiði stefnanda, Önnu Kristjánsdóttur, kr. 189.662.73 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. maí 1957.

Nr. 21/1957. **Árnason, Pálsson & Co.**

gegn

**Sæmundi Þórðarsyni**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 3. júní 1957.

Nr. 14/1957. **Valdimar Björnsson**

gegn

**Steini Jónssyni**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Björnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Miðvikudaginn 5. júní 1957.

Nr. 22/1957. **Ákæruvaldið**
gegn
**Stefáni Andreasi Pálssyni, Grétari Emil Ingvasyni, Kristjáni Ágústssyni, Stefáni Ólafi Gíslasyni, Tómasi Kristjánssyni, Leifi Böðvarssyni, Jónasi Thoroddsen, Einari Egilssyni, Pétri Hafliða Ólafssyni, Magnúsi Bjarnasyni, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur, Gerhard Olsen og Edward Kristni Olsen.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari og prófessor Theodór B. Líndal.

Framhaldsrannsókn.

## Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, ber að láta fram fara rannsókn í héraði um eftirtalin atriði:

1. Rannsaka ber nánar viðskipti ákærða Stefáns Andreasar Pálssonar við Útvegsbanka Íslands h/f, þau er í máli þessu greinir, þar á meðal, hverjir starfsmanna bankans hafi fjallað um gjaldeyrisumsóknir ákærða Stefáns Andreasar og hvort þær hafi hlotið þar samþykki yfirmanna í bankanum. Einnig skal leitt í ljós, hvort umsóknir þessar hafi verið lagðar fyrir sameiginlega nefnd Landsbankans og Útvegsbankans, og ef svo er, skulu nefndarmenn um það spurðir, hverja afgreiðslu umsóknirnar hafi hlotið, enda þá og rétt, að samrit þau, er þangað kunna að hafa borizt, séu lögð fram í dómi.

2. Rannsaka ber nánar fjárreiður ákærða Stefáns Andreasar Pálssonar, þar á meðal víxlaviðskipti þau, er greinir á hæstaréttarskjali G, og gefa ákærða af nýju kost á að gera grein fyrir ráðstöfun á hagnaði þeim, er hann telur sig hafa haft af sölu ávísana þeirra, sem getur í málinu.

3. Ákærði Grétar Emil Ingvason skal nánar inntur eftir því, hvort hann hafi átt bréfaskipti við firmu þau í Banda-

ríkjunum, sem í málinu greinir, eða fyrirsvarsmenn þeirra, og skal, ef því er að skipta, á hann skorað að leggja fram eftirrit þeirra bréfa. Einnig skal spyrja ákærða Grétar Emil, hvort honum sé kunnugt um, að ákærði Stefán Andreas hafi selt öðrum en honum ávísanir þær, er í málinu getur.

4. Skora skal á ákærða Kristján Ágústsson að leggja fram í dómi endurrit af bréfaskiptum við þau firmu í Bandaríkjunum, sem lýst er í málinu, svo og af bankareikningi sínum við The National City Bank of New York á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Loks ber að rannsaka þau atriði önnur, sem framhaldsrannsóknin kann að veita tilefni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

---

Föstudaginn 7. júní 1957.

Nr. 164/1955. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
**Albert Vanneuville** (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðabrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir flugvélar Landhelgisgæzlunnar, Glófaxa, TF-ISA, yfir togara ákærða 3. júlí 1955. Reyndust staðir togarans vera:

Staður, merkur II, mældur rétt eftir kl. 12.40, fundinn með flugtíma frá Ingólfshöfðavita, flughraða og stefnu, um 1,7 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur III, mældur kl. 13.20, fundinn með miði og hornamælingu, um 2,8 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur IV, mældur kl. 13.30, fundinn á sama hátt og staður III, um 2,7 sm innan sömu marka.

Staður, merktur V, mældur kl. 15.12, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 1,5 sm innan sömu marka.

Staður, merktur VI, mældur kl. 15.18, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 1,2—1,3 sm innan nefndra marka.

Staður, merktur VII, mældur kl. 15.26—15.30 með flugi að og frá Ingólfshöfðavita, verður samkvæmt málsskjölum eigi fundinn með vissu.

Staður, merkur VIII, mældur kl. 17.25, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, 2,9—3,0 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur IX, mældur kl. 18.04, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 2,2—2,3 sm innan sömu marka.

Kl. um 18.00 kom gæzluflugvélin Snæfaxi, TF-ISD, á vettvang, og hvarf Glófaxi þá bráðlega á brott, en Snæfaxi fylgdist eftir það með togaranum. Kl. 18.20 var staður flugvélarinnar fundinn með tveimur miðunum, og er hann 1,6—1,7 sm innan fiskveiðimarkanna. Var togarinn þá nokkru nær landi en flugvélin. Kl. um 22.00 hætti togarinn veiðum, og kl. 22.12 hafði hann lokið við að innbyrða veiðarfærin og hélt á mikilli ferð á haf út. Fylgdist flugvélin með honum, unz varðskipið Þór, sem var á eftirför eftir togara ákærða, nálgaðist hann og stöðvaði hann nokkru síðar, svo sem segir í héraðsdómi.

Framangreindar gæzluflugvélar flugu yfir togara ákærða og kringum hann frá því kl. rúmlega 12.40 nefndan dag, og var hann að veiðum innan fiskveiðimarkanna a. m. k. þangað til nokkru eftir kl. 18.20. Hefur ákærði og kannazt við að hafa vitandi vits verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarkanna, eins og þau voru ákveðin 1952. Eigi getur hjá því farið, að ákærða hafi verið ljóst, að um gæzluflugvél eða gæzluflugvélar var að ræða og að verið var að hefja aðgerðir gegn honum af hálfu Landhelgisgæzlunnar. Verður því að telja, að íslenzk lögsaga taki til ákærða, enda fylgdist flugvél Landhelgisgæzlunnar með togaranum, unz varðskip tók við eftirförinni, svo sem áður segir.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. 1. gr laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var uppkveðinn, þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 11.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Vanneuville, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 11.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1955.**

Ár 1955, miðvikudaginn 6. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2648/1955: Ákæruvaldið gegn Albert Vanneuville, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er Albert Vanneuville, skipstjóri á belgiska togaranum Van Dyck, O 298 frá Ostende, til heimilis í Desmet, Denayerlaan 58 í Ostende, fyrir að hafa gerzt sekur um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara síðari hluta sunnudagsins 3. þ. m. úti af Ingólfshöfða, innan markalínunnar, samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 81/1952. Ákærður er hann til þess að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951

og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. september 1911, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Sunnudaginn 3. þ. m. fóru starfsmenn Landhelgisgæzlunnar, þeir Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Erling Roald Ellingsen Magnússon stýrimaður, í gæzluflug í flugvélinni Glófaxa, TF-ISA, og var flugstjóri Pétur Pétursson, Snorrabraut 22. Um kl. 12.40 var flugvélin stödd vestan við Ingólfshöfða, og sáust þá úr henni þrír togarar í stefnu r/v 083° frá Ingólfshöfða. Var þá fyrst flogið að þeim togaranum, sem næstur var, og mældur flugtíminn frá Ingólfshöfðavitanum að skipinu O 294, flugtími 2 m 10 s, hraði 120 sjómílur, miðað við klukkustund, hæð 500 fet, stefna 083° r/v. Haldið var áfram í sömu stefnu að togaranum O 298, flugtími 2 m 45 s, sem gefur stað skipsins 2,0 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Síðan var flogið að O 294 og gerðar mælingar yfir því skipi, og var því lokið kl. 13.10. Þá var flogið aftur að O 298, sem frá kl. 12.40—13.20 hafði togað með stjórnborðsvörpu inn og austur. Kl. 13.20 var flogið yfir O 298 í miðinu Hrollaugseyjar ≠ Tvísker, og var þá hornið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða 42° 22′, og er sá staður togarans merktur III á framlögðu korti, dskj. nr. 2. Kl. 13.30 var flugvélin aftur yfir togaranum í miðinu Hrollaugseyjar, N-kantur ≠ Tvísker, S-kantur, og var þá hornið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða 39° 25′, og er sá staður togarans merktur IV í dskj. nr. 2.

Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri innan fiskveiðitakmarkanna, reyndu landhelgisgæzlumennirnir í flugvélinni að ná sambandi við varðskipið Þór, og um kl. 15.00 náðist samband við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og var honum tilkynnt um togarana. Að ósk hans hélt flugvélin áfram að sveima á sömu slóðum og beið nánari fyrirmæla.

Kl. 15.12 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

N.K. Ingólfshöfði
Salthöfði > 44° 26′
Miðaftanstindur > 46° 02′

Og er sá staður merktur V í dskj. nr. 2.

Kl. 15.18 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Ingólfshöfðaviti
Salthöfði > 45° 38′
Miðaftanstindur > 43° 13′

Og er sá staður merktur VI í dskj. nr. 2.

Kl. 15.26 til 15.30 var flogið frá togaranum að Ingólfshöfðavita og til baka, hæð 500 fet, hraði 120 sjómílur, meðalflugtími 2 m og 04 s, og er sá staður þessarar mælingar merktur VII í dskj. nr. 2.

Kl. 15.45 til 15.49 var flogið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða fram og til baka í 500 feta hæð, hraði 120 sjómílur, flugtími 2 m 17 s, og 2 m 06 s, og gefur það 4,4 sjómílna vegalengd, en uppmæld í korti í mælikvarða I: 100000 4,54 sjómílur.

Kl. 17.25 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

N.K. Ingólfshöfði
Salthöfði > 61° 36′
Miðaftanstindur > 91° 02′

Og er sá staður merktur VIII í dskj. nr. 2.

Kl. 18.04 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Ingólfshöfðaviti
Salthöfði > 56° 12′
Miðaftanstindur > 28° 24′

Og er sá staður merktur IX í dskj. nr. 2.

Allir þessir staðir togarans eru alllangt innan fiskveiðitakmarkanna. Mælingarnar gerðu landhelgisgæzlumennirnir sameiginlega með tveimur sextöntum og markúrum. Veður var stillt, skýjað, en skyggni gott.

Kl. 18.00 kom flugvélin Snæfaxi, TF-ISD, á vettvang og leysti hina flugvélina af hólmi. Hin nýkomna flugvél sveimaði yfir togaranum, sem var á veiðum úti af Ingólfshöfða, fram til kl. 22,30, að hann dró inn vörpuna, og kl. 22,12 hélt hann á mikilli ferð frá landi.

Kl. 18.20 flaug vélin í miðinu Hrollaugseyjar ≠ Tvísker, og var togarinn þá í miðinu Knappar ≠ Salthöfði, ca hálfa sjómílu landmegin við fyrra miðið, og er sá staður alllangt innan við fiskveiðitakmarkalínuna. Í síðari flugvélinni voru landhelgisgæzlumennirnir Garðar Pálsson stýrimaður og Gunnar Helgi Ólafsson stýrimaður, en flugstjóri var Aðalbjörn Kristbjarnarson. Báðar flugvélarnar flugu margsinnis svo lágt yfir togaranum, að þeir, sem í þeim voru, sáu nafn hans og einkennisstafi. Þenna dag var varðskipið Þór í Vestmannaeyjum, og kl. 15.50 losaði það þar landfestar og hélt af stað til að taka togarann. Eftir tilvísan síðari flugvélarinnar elti varðskipið togarann, og kl. 01.06 flaug flugvélin frá togaranum að varðskipinu, en bæði höfðu varðskipsmenn þá séð togarann í ratsjá varðskipsins og einnig reykinn úr honum og athugað, hvort nokkurt skip bæri á milli, en svo var ekki. Hélt flugvélin þá á brott, en varðskipið veitti togaranum eftirför, og kl. 02.23 um nóttina var það komið á hlið

við hann, og nam þá togarinn staðar, eftir að varðskipið hafði skotið tveimur púðurskotum og loks einu kúluskoti. Hafði eftirförin þannig eigi rofnað, frá því fyrri flugvélin kom að togaranum og þar til varðskipið stöðvaði hann. Staðurinn, þar sem togarinn nam staðar, var 128° réttvísandi frá Ingólfshöfða og í 50 sjómílna fjarlægð frá honum. Kl. 09.08 um morguninn héldu skipin til Reykjavíkur og komu hingað til hafnar kl. 08.15 í gærmorgun. Allar framanskráðar frásagnir um athafnir sínar og mælingar hafa viðkomandi landhelgisgæzlumenn, flugstjórar og varðskipsforingjar staðfest með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi á þeim tíma, sem skýrsla landhelgisgæzlumannanna í fyrri flugvélinni nær til, verið að veiðum með stjórnborðsvörpu togarans innan núverandi fiskveiðitakmarkalínu, en utan hinnar eldri þriggja sjómílna landhelgislínu. Sjálfur kveðst hann hafa verið ofan þilja á þeim tíma og hafa gert staðarákvarðanir með áttavita, dýptarmæli og lélegri ratsjá kl. 15.00 og kl. 17.00 eftir belgískum tíma, eða kl. 14.00 og 16.00 eftir íslenzkum tíma. Taldi hann sig þá vera ½—1 sjómílu innan núverandi fiskiveiðitakmarkalínu. Kl. 12.00 eftir íslenzkum tíma kastaði hann vörpunni og togaði þá í þrjár klukkustundir í austlæga og síðar vestlæga stefnu, nokkurn veginn samsíða fiskveiðitakmarkalínunni. Síðan kastaði hann aftur um kl. 15.30 og togaði aftur í þrjár klukkustundir á sömu slóðum, en endaði togið þó nokkuð utan takmarkalínunnar. Eigi kveðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að flugvélarnar væru í erindum Landhelgisgæzlunnar, né heldur hafi hann séð varðskipið, fyrr en það var komið á hlið við togarann, og eigi hafa orðið var við nema eitt skot frá því, og hafi því verið hleypt af alveg í því, er togarinn nam staðar. Eigi kveðst hann heldur hafa séð stöðvunarmerki, sem varðskipið þó setti upp kl. 02.04, um leið og fyrra púðurskotinu var hleypt af. Hann heldur því fram, að kl. 23.00 hinn 3. þ. m. hafi hann talið veiði lokið í veiðiförinni og þá lagt af stað til heimahafnar með aflann, sem sé um 700 körfur af fiski, og hafi hann þannig verið á heimleið, þegar varðskipið stöðvaði hann.

Það er óumdeilt, að ákærði var að botnvörpuveiðum á þeim tíma, sem að framan greinir, og með eiðfestum skýrslum áðurnefndra landhelgisgæzlumanna og flugstjóra er sannað, að togarinn var á þeim stöðum, sem mælingarnar sýna, alllangt innan fiskveiðimarkalínunnar, 2 sjómílur samkvæmt fyrstu mælingu gæzlumannanna í „Glófaxa", TF-ISA. Þó að ákærði hafi eigi viðurkennt að hafa verið svo langt innan takmarkalínunnar, hefur

hann hann þó viðurkennt að hafa verið innan hennar, svo sem að framan segir.

Af þessu er ljóst, að ákærði hefur gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 1952. Ber því að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5 1951 og 1. gr. laga nr. 81 1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 560 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Van Dyck, O 298, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Vanneuville, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Van Dyck, O 298, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 69/1956. **Knattspyrnufélag Reykjavíkur**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Jóni Á Ketilssyni** (Áki Jakobsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Slys það, er í málinu greinir, má að nokkru rekja til skorts á fullnægjandi öryggisbúnaði við byggingaframkvæmdirnar. Gísli Halldórsson, sem var formaður íþróttaheimilisnefndar áfrýjanda og er sérfróður um byggingamálefni, hafði „stöðugt eftirlit með byggingaframkvæmdum" þessum. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi að þessu leyti eiga að bera fébótaábyrgð vegna slyssins.

Hins vegar er á það að líta, að stefndi hagaði sér mjög ógætilega, þegar slysið varð, og þykir eftir atvikum rétt að skipta sök þannig, að hvor málsaðilja beri helming tjóns þess, er stefndi hlaut vegna slyssins.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 4.500.00 fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, ber að helmingi fébótaábyrgð á tjóni því, er stefndi, Jón Á. Ketilsson, hlaut vegna framangreinds slyss.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 4.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.**

Ég tel rétt að skipta sök í máli þessu þannig, að áfrýjandi beri 40% tjónsins, en stefndi sjálfur 60%. Að öðru leyti er ég samþykkur dóminum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Jón Á. Ketilsson trésmiður, Sörlaskjóli 7 hér í bæ, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. febrúar 1954, gegn Knattspyrnufélagi Reykjavíkur hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 131.970.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1952 til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómarans.

Eftir ósk lögmanna aðilja ákvað dómurinn með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, að málinu skyldi skipt, og var það nú einungis flutt um skaðabótaskyldu stefnda.

Hefur stefnandi í þessum þætti málsins krafizt þess, að felld verði á stefnda óskoruð fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið vegna síðargreinds slyss. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur í þessum hluta málsins aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fébótaábyrgðinni verði skipt að mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Sumarið 1952 stóð yfir bygging íþróttahúss við Kaplaskjólsveg hér í bænum. Lét stefndi byggja hús þetta og er eigandi þess. Meginhluti byggingarinnar er járnklæddur skáli með göflum úr steini. Er skáli þessi í lögun líkastur tunnu, sem hlutuð hefur verið sundur að endilöngu og lögð á hvolf, og svipar að því leyti mjög til herskála þeirra, sem reistir voru víða um landið á styrjaldarárunum, en er þó til muna stærri en þeir voru almennt. Af teikningum af skálanum, sem liggja fyrir í málinu, virðist hann vera yfir 30 metrar á lengd, rúmir 15 metrar á breidd, þar sem hann er breiðastur, og um 10 metrar á hæð, þar sem hann er hæstur. Þak skálans, sem samkvæmt framansögðu er bogadregið, er nokkuð flatt allra efst, en hallar mjög, eftir því sem neðar dregur, og er snarbratt orðið, þar sem það endar í lóðréttum steinveggjum, um þriggja metra háum. Ofan á veggjum þess-

um og meðfram skálanum endilöngum eru allbreiðar steinrennur. Eftir endilöngu þakinu miðju, um 4 metra frá hvorum gafli, er samfelld röð af þakgluggum, er mynda eins konar ris um 5 metra breitt. Er gluggaris þetta um 1 metri á hæð, þar sem það er hæst, en á jöðrum þess er hæðin frá þaki skálans um 60 cm. Meðfram þakgluggunum er skálaþakið þegar orðið allbratt.

Að morgni hins 24. júlí umrætt sumar var unnið að því að klæða norðurhlið skálans þakpappa, og vann stefnandi, sem er lærður trésmiður, að því verki ásamt Ingólfi Guðmundssyni trésmíðameistara og nemanda hans, Ingólfi G. Gústafssyni. Á hádegi hættu þeir verki og hugðust ganga niður af skálanum til hádegisverðar. Gengu þeir efst upp á skálann, vestur fyrir þakgluggana og síðan austur með þeim eftir suðurhlið skálans og stefndu að stiga, sem lá uppeftir suðurhliðinni nokkuð fyrir austan miðju. Stefnandi gekk fremstur þeirra félaga, um 1,5 metra til hliðar við þakgluggana, að hann telur, en á leiðinni stöldruðu þeir við og tíndu upp ónotaða nagla, sem lágu þarna á víð og dreif. Skyndilega féll stefnandi niður suðurhlið skálans og kom standandi niður á steinrennu þá, sem áður var minnzt á, en hentist af henni til jarðar. Að sögn stefnanda orsakaðist slysið af því, að hann steig á blautan blett á þakinu og rann til, en þakið mun hafa verið blautt vegna undanfarandi rigninga. Annar þeirra manna, sem voru samferða stefnanda í umrætt skipti, kveður stefnanda hafa verið að rétta sig upp frá því að tína upp nagla, er hann féll.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Leiddi skoðun þar í ljós, að hælbein vinstri fótar hafði brotnað, og var hælbeinið allmikið aflagað. Voru gipsumbúðir lagðar á fótinn, og hafði stefnandi þær í 9 vikur. Lá stefnandi rúmfastur í 11 vikur, en mun hafa byrjað vinnu að nýju í lok nóvember sama ár. Hinn 29. ágúst 1953 mat Bergþór Smári læknir varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 18%.

Gísli Halldórsson, formaður íþróttaheimilisnefndar stefnda, gerði teikningu af íþróttahúsinu, en Ingólfur Guðmundsson, sem áður er nefndur, ritaði á teikninguna sem húsasmíðameistari. Hefur Ingólfur þessi skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn af Gísla Halldórssyni f. h. stefnda til þess að vera verkstjóri við byggingu íþróttahússins. Hafi verið gerður um þetta aðeins munnlegur samningur. Hafi hann samkvæmt samningnum átt að fá tímakaup meistara fyrir vinnu sína svo og smáþóknun, er greidd hafi verið við lok verksins, fyrir lán á sög og fyrirhöfn utan vinnutíma. Kveðst hann ekki muna nákvæmlega, hvernig þóknun þessi var reiknuð, en ef til vill hafi hluti hennar verið fenginn

fram með því að reikna honum ákveðna hundraðstölu af greiddu kaupi undirmanna hans. Ingólfur Guðmundsson kveðst hafa ráðið stefnanda til vinnu við byggingu íþróttahússins, en stefndi hafi annazt um slysatryggingu verkamanna þeirra, er þarna unnu. Gísli Halldórsson kveðst hafa ráðið Ingólf Guðmundsson til að sjá um umrætt verk. Skyldi hann fá tímakaup meistara, en að auki 6% af vinnulaunum trésmiða þeirra, sem við byggingaframkvæmdirnar ynnu. Hafi þóknun þessi ásamt þóknun þeirri fyrir sögina, sem áður var getið, verið greidd eftir á samkvæmt ósk Ingólfs. Launagreiðslur til starfsmanna við bygginguna hafi gjaldkeri íþróttaheimilisnefndarinnar annazt fyrir hönd stefnda. Þá hafi stefndi séð um greiðslu slysatryggingariðgjalda. Hafi þessi háttur verið á hafður eftir ósk Ingólfs og með tilliti til þess, að þá hafi ekki þurft að greiða söluskatt af vinnulaunum. Telur hann, að þóknun meistara á þessum tíma hafi almennt verið 10—15%, en þá hafi meistarinn orðið að greiða slysatryggingargjöld og söluskatt og ef til vill einhver fleiri gjöld. Efniskaup til byggingarinnar kveðst Gísli aðallega hafa haft með höndum og hafi stefndi greitt allt efni. Þá kveðst Gísli enn fremur hafa haft stöðugt eftirlit með byggingaframkvæmdum.

Þess var áður getið, að umræddan morgun hafði verið unnið að því að pappaklæða norðurhlið skálans. Hefur Ingólfur Guðmundsson skýrt svo frá, að hann hafi látið negla lista langsum eftir þakinu, þar sem þess hafi þurft, er unnið var að pappaklæðningu o. fl. Slíkir listar hafi þó engir verið á suðurhliðinni á þessum tíma. Hafi þeir þá fyrir stuttu verið teknir burtu, þar sem ætlunin hafi verið að pappaklæða þá hlið skálans bráðlega. Enginn öryggisbúnaður hafi verið meðfram þakgluggunum né annars staðar á suðurhliðinni utan stigi sá, sem áður greinir, en suðurhliðin hafi verið þéttklædd 1×6 þumlunga óplægðum borðum.

Varðandi leiðir þær, sem um var að ræða niður af skálaþakinu, hefur Ingólfur Guðmundsson skýrt svo frá, að auk þess að fara niður af skálanum sunnan megin hafi einnig verið hægt að komast að norðanverðu niður á skúrbyggingu, sem áföst er skálanum þeim megin. Hafi sú leið verið öruggari. Enn fremur hafi verið um sæmilega greiðfæra leið að ræða inn um þakgluggana, en þeir voru enn rúðulausir á þessum tíma, og niður á vinnupall, sem þar var fyrir neðan, og niður hann eftir stiga. Gísli Halldórsson telur, að mjög hafi það verið óvarlegt af stefnanda að ætla niður af skálanum sunnan megin, þar sem miklu öruggari leið hafi verið að norðanverðu. Hafi átt að fara þá leið, er unnið var

við norðurhliðina. Þá kveður hann hafa verið auðvelt að komast niður með því að fara inn um þakgluggana og niður áðurnefndan vinnupall eftir stiga, sem á hann var negldur. Stigi þessi hafi að vísu verið brattur, en þó greiðfær. Ingólfur G. Gústafsson, sem áður var nefndur, kveður stigann, sem lá upp á skálann að sunnanverðu, hafa verið mikið notaðan og telur, að þeir félagar hafi farið þá leið í umrætt skipti eftir venju. Hins vegar hafi verið greið leið niður af skálanum norðan megin. Þá tekur vitni þetta undir það, sem hér að framan var sagt um möguleika á því að fara niður af skálanum gegnum þakgluggana. Hafi sú leið verið farin, er unnið var við gluggana, en ella venjulega ekki. Starfsmaður einn við húsbygginguna kveðst hafa haft það að venju, er hann gekk eftir skálaþakinu, að ganga fast fram með þakgluggunum og hafa hönd á gluggakarminum, þar sem hann hafi ekki talið annað öruggt fyrir sig.

Frásögn stefnanda um það, með hverjum hætti hægt var að komast niður af skálanum, er mjög á annan veg en hér að framan greinir. Er hann var inntur eftir því, hvers vegna hann hefði farið oftnefnda leið í umrætt skipti, kvað hann annan stiga ekki hafa legið niður af skálanum en þann, sem þar var, og um aðra leið niður af skálanum hafi ekki verið að ræða. Hefur stefnandi ekki hvikað frá þeirri staðhæfingu.

Opinber rannsókn var engin framkvæmd út af slysi þessu, og er atvikalýsingin hér að framan að mestu byggð á aðiljayfirheyrslum og vitnaleiðslum, er fram fóru á bæjarþinginu dagana 22. marz og 6. apríl s.l., er rúm 3½ ár voru liðin frá slysinu.

Dómararnir hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti alla.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu, þar sem starfsmönnum þess, þeim Gísla Halldórssyni og Ingólfi Guðmundssyni, sem áður voru nefndir og annazt hafi umrætt verk á þess vegum og fyrir reikning þess, hafi orðið þau mistök á að hafa engan öryggisútbúnað á þakinu, en það hafi verið orsök slyssins.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan á því reist, að Ingólfur Guðmundsson hafi verið venjulegur verktaki við oftnefnt verk. Til dæmis hafi hann ráðið stefnanda til verksins og sagt honum fyrir verkum svo og skrifað niður vinnustundir hans og reiknað út kaup hans sem og annarra, er við byggingu hússins unnu. Stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, heldur Ingólfs Guðmundssonar, er lagt hafi 8% á allt kaup hans og annarra starfsmanna. Þá hafi Ingólfur Guðmundsson ritað á teikningu hússins

sem byggingarmeistari og borið ábyrgð á því, að það væri byggt í samræmi við reglur gildandi byggingasamþykktar.

Á þeim tíma, sem framangreind bygging var reist, var þóknun meistara, sem tók að sér umsjón bygginga, samkvæmt samningi milli Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík og Trésmiðafélags Reykjavíkur, 15% af greiddum vinnulaunum auk sérstakrar þóknunar fyrir að árita uppdrátt. Skyldi þá verkkaupi greiða orlof, slysatryggingu og söluskatt.

Þegar það er virt, sem hér að framan var rakið um skipti Ingólfs Guðmundssonar og stefnda út af byggingu íþróttahússins, og þess gætt, hver afskipti stefndi hafði af verkinu, einkum þó Gísli Halldórsson, sem er sérfróður um húsagerð, þá verður Ingólfur Guðmundsson ekki talinn hafa verið sjálfstæður verktaki. Þykir stefndi því ekki leystur undan fébótaábyrgð á tjóni þeirra manna, er að verkinu unnu, og rekja má til skorts á fullnægjandi öryggisútbúnaði og eftirliti með framkvæmd þess. Verður því krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts ekki tekin til greina.

Eins og að framan greinir, hafði stefnandi unnið norðan megin á skálanum umræddan morgun, og lá því beinast við að fara niður af skálanum þeim megin, en telja verður, þrátt fyrir að stefnandi hafi eindregið synjað fyrir það, að þar hafi verið um sæmilega greiðfæra leið til niðurgöngu að ræða. Með vísun til þess og þegar þess jafnframt er gætt, að mjög þykir hafa á það skort, að tilhlýðilegur öryggisútbúnaður væri á sunnanverðu skálaþakinu, var ekki einasta óþarft, heldur einnig mjög óvarlegt að fara niður af skálanum þá leiðina, enda þótt hún kunni að jafnaði að hafa verið mest farin. Þá var og mjög óvarlegt af stefnanda að ganga út á þakið og beygja sig eftir nöglum, sem þar lágu, enda þótt hvorki nyti halds né fótfestu og sjá mátti fyrir þá hættu, að þakið væri sleipt vegna undanfarandi rigningar. Á hinn bóginn er á það að líta, að Ingólfur Guðmundsson, yfirmaður stefnanda, virðist ekki einasta hafa látið það óátalið, að stefnandi fór að eins óvarlega og að framan er lýst, heldur sýndi sjálfur af sér sama gáleysið.

Telja verður samkvæmt framansögðu, að skortur á öryggisútbúnaði hafi að verulegu leyti verið orsök slyssins. Með skírskotun til þess og þegar atvik öll að slysinu eru virt, þykir rétt að stefndi beri fébótaábyrgð að sjötíu hundraðshlutum á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið við slysið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnunum Einari B. Kristjánssyni og Ragnari Þórarinssyni húsasmíðameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, ber fébótaábyrgð að sjötíu hundraðshlutum á tjóni því, sem stefnandi, Jón Á. Ketilsson, kann að hafa beðið við framangreint slys.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 75/1957. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
**Áburðarverksmiðjunni h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um fasteignagjald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl þ. á., gerir þær dómkröfur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Fallast ber á þá röksemd héraðsdómara, að orðalag 9. gr. laga nr. 40/1949 um undanþágu stefnda frá greiðslu allra skatta og opinberra gjalda nema útsvars til sveitarsjóðs sé svo víðtækt og ótvírætt, að stefndi sé með ákvæði þessu

undanþeginn greiðslu fasteignagjalds til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Áburðarverksmiðjunni h/f, málskostnað í Hæstarétti, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1957.**

Gjörðarþola, Áburðarverksmiðjunni h/f í Gufunesi, var gert að greiða fasteignaskatt til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1956, samtals kr. 29.190.00. Þar eð gjörðarþoli hefur neitað að greiða skatt þenna, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gjörðarþola til tryggingar framangreindri skattupphæð ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gjörðarþola að mati réttarins.

Gjörðarþoli hefur mótmælt framangreindri skattkröfu gjörðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gjörðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir gjörðarþoli á því, að óheimilt hafi verið að leggja umræddan skatt á fyrirtæki hans, þar eð það sé undanþegið öllum sköttum og opinberum gjöldum samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/1949 um áburðarverksmiðju, en í nefndri lagagrein segir svo:

„Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar."

Gjörðarbeiðandi hefur mótmælt öllum kröfum gjörðarþola í máli þessu og því sjónarmiði hans, að undanþáguákvæði 9. gr. laga nr. 40/1949 taki til fasteignaskatts þess, sem hér ræðir um. Að vísu teljist fasteignaskattur samkvæmt lögum nr. 67/1945 til skatta eða opinberra gjalda, og mætti því í fljótu bragði ætla, að gjörðarþoli væri undanþeginn skyldu til greiðslu þessa skattgjalds, en þetta verði þó alls ekki talið vafalaust. Meðal annars hafi

gjörðarþoli greitt af hendi ýmis gjöld, sem vafalaust teljist til opinberra gjalda, svo sem lögboðin aðflutnings- og útflutningsgjöld, skatta af bifreiðum sínum, þinglesturs- og stimpilgjöld og önnur gjöld, sem innheimt eru af opinberri hálfu. Með þessu hafi gjörðarþoli í framkvæmd viðurkennt, að hann sé ekki undanþeginn greiðslu allra opinberra gjalda. Þá hefur gjörðarbeiðandi bent á það, að áður en lög nr. 40/1949 voru sett, hafi verið samþykkt á Alþingi allmörg lög, sem höfðu að geyma undanþágu frá útsvari og tekju- og eignarskatti eða jafnvel undanþágu frá öllum sköttum og opinberum gjöldum, svo sem lög um skattgreiðslu H/f Eimskipafélags Íslands nr. 33/1928 og síðari lög, lög nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari, tekju- og eignarskatti, og lög nr. 52/1949 um Fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík. Lög þessi hafi að vísu ekki að geyma ákvæði um algert skattfrelsi. Hins vegar starfi allar þær stofnanir, sem lögin fjalla um, meira og minna í þágu almennings, og sumar þeirra, svo sem Síldarverksmiðjur ríkisins og Fiskiðjuver ríkisins, séu beinlínis stofnaðar af ríkinu sjálfu. Allar eigi þessar stofnanir, að einni undanskilinni, verðmiklar fasteignir og allar greiði þær fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67/1945. Enn fremur hefur gjörðarbeiðandi bent á, að Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f, Búnaðarbanki Íslands og Iðnaðarbanki Íslands h/f njóti allir að lögum skattfrelsis með sama hætti og gjörðarþoli. Allir eigi bankarnir verðmiklar fasteignir og allir hafi þeir greitt fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67/1945. Hið sama sé að segja um Áfengisverzlun ríkisins, er greiði fasteignaskatt af fasteignum sínum við Skúlagötu samkvæmt sömu lögum. Þá hefur gjörðarbeiðandi máli sínu til stuðnings bent á dóm Hæstaréttar, uppkveðinn 27. febrúar 1928 í málinu: Íslandsbanki gegn lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þar sem bankinn var dæmdur til að greiða fasteignaskatt til ríkissjóðs, þrátt fyrir undanþáguákvæði 12. gr. laga nr. 66/1905 um Íslandsbanka, sbr. 11. gr. sömu laga. Þá hefur gjörðarbeiðandi haldið því fram, að þegar frumvarpið að lögum um áburðarverksmiðju var borið fram á Alþingi, hafi að sjálfsögðu legið fyrir fullkomin vitneskja um framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem fjalla um skatta þeirra stofnana, er að framan greinir, og að ólíklegt sé, að það hafi verið ætlun löggjafans að gera hlut Áburðarverksmiðjunnar h/f betri en nokkurrar þeirrar stofnunar hér á landi, sem skattfrelsis eða skattfríðinda nýtur. Til þess hefði þurft skýrt og ótvírætt lagaboð. Af framangreindum ástæðum telur gjörðarbeiðandi vafalaust, að

gjörðarþoli sé skattskyldur samkvæmt lögum nr. 67/1945, sbr. lög nr. 29/1952, og að því beri að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar.

Gjörðarþoli hefur eindregið mótmælt því sjónarmiði gjörðarbeiðanda, að Áburðarverksmiðjunni h/f beri að greiða umræddan fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67/1945, sbr. lög nr. 29/1952, þrátt fyrir undanþáguákvæði 9. gr. laga nr. 40/1949. Heldur gjörðarþoli því fram, að hagfræði, sett lög og eðli málsins geri greinarmun á sköttum annars vegar og opinberum gjöldum hins vegar. Mörkin séu að vísu eigi alltaf skýr, en almennt megi þó segja, að með opinberum gjöldum, gagnstætt sköttum, sé átt við tolla og þau gjöld, sem ætlazt sé til, að þjónusta komi fyrir („gebyr"), svo sem þinglýsinga- og dómsmálagjöld, notarialgjöld o. fl., gjöld fyrir ýmsa öryggisþjónustu, t. d. skoðunargjöld skipa, véla, bifreiða o. s. frv. Enda þótt gjörðarþoli hafi greitt slík gjöld, þá felist ekki í því nein viðurkenning á skyldu hans til þess að greiða „skatta". Eðlismunur þessara skyldugreiðslna skeri þar úr. Vegna þess að mörkin milli skatts og opinbers gjalds séu stundum eigi vel skýr, hafi það getað verið varhugavert að orða undanþáguna í 9. gr. laga nr. 40/1949 þannig, að skattar einir væru nefndir. Það hafi því verið nauðsynlegt að orða ákvæðið þannig, að augljóst væri, að undanþágan næði ekki aðeins til skatta í þrengri merkingu, heldur og til gjalda, er að einhverju leyti fælu í sér annað og meira en endurgjald fyrir veitta þjónustu. Á hinn bóginn hefði það verið óeðlilegt og vissulega ekki til þess ætlazt, að undanþágan næði til gjalda, sem telja mætti beint endurgjald fyrir veitta þjónustu, eins og t. d. gjald fyrir rafmagnsnot, vatn o. s. frv. Samkvæmt þessu hnigi öll rök að því, að undanþágan nái eigi aðeins til skatta í þrengri merkingu, heldur og opinberra gjalda, að þeim einum undanskildum, sem teljast verði beint endurgjald fyrir veitta þjónustu. Gjörðarþoli hefur enn fremur máli sínu til stuðnings vitnað til 7. gr. laga nr. 67/1945, en þar segir: „Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernishreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett." Samkvæmt ákvæðum 2. tl. 1. gr. nefndra laga sé hámark skattsins af tryggingum 1% af fasteignamati, en með lögum nr. 29/1952 hafi sveitarstjórn fengið heimild til þess að innheimta skatt þenna með allt að 400% álagi. Hér í Reykjavík

muni skatturinn innheimtur með 200% álagi. Þegar litið sé á þessi ákvæði nefndra laga, sé það ljóst, að gjald það, sem hér sé deilt um, sé að nokkru hreinn skattur, sem ótvírætt falli undir undanþáguheimildina í 9. gr. laga nr. 40/1949 og að nokkru endurgjald fyrir þjónustu, sem veita skuli, en gjörðarþola beri eigi að greiða, þar eð honum sé eigi látin sú þjónusta í té. Þá heldur gjörðarþoli því fram, að dómur Hæstaréttar, sá er getið er hér að framan og gjörðarbeiðandi hefur vitnað til, skeri á engan hátt úr um það efni, sem deilt er um í máli þessu. Hið sama sé að segja um bankana og aðrar þær stofnanir, sem gjörðarbeiðandi hafi nefnt. Sumar þessar stofnanir njóti eigi algers skattfrelsis, en aðrar, þ. e. bankarnir, njóti þess að vísu, en þess beri að gæta, að þeir séu eigi háðir verðlagsákvörðunum og hafi reynzt gróðafyrirtæki. Gjörðarþoli sé hins vegar háður verðlagseftirliti og honum sé skylt að selja afurðir sínar við kostnaðarverði, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1949. Það væri því alveg andstætt tilgangi þessa lagaákvæðis, sbr. og 9. gr. laganna, ef gjörðarbeiðanda væri veittir möguleikar á því að hækka með sköttum kostnað gjörðarþola. Þá verði það og heldur ekki séð, að það geti á nokkurn hátt bundið gjörðarþola eða skert réttindi hans, þótt einhverjir aðiljar hafi greitt gjörðarbeiðanda fé umfram skyldu. Samkvæmt framansögðu telur gjörðarþoli því ljóst, að umkrafinn skattur eigi ekki stoð í lögum, að því er til hans tekur, og að því beri að synja um framgang lögtaksgjörðarinnar.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Ágreiningsefni máls þessa lýtur, svo sem að framan greinir, að því, hvort gjörðarþola beri að greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67/1945, sbr. lög nr. 29/1952, af fasteignum sínum í Gufunesi. Telur gjörðarbeiðandi, að gjörðarþoli eigi að greiða skatt þenna þrátt fyrir undanþáguákvæði 9. gr. laga nr. 40/1949, þar sem segir, að áburðarverksmiðjan skuli vera undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Til stuðnings þessu sjónarmiði sínu hefur gjörðarbeiðandi haldið því fram, meðal annars, að gjörðarþoli hafi með greiðslu ýmissa opinberra gjalda, sem talin eru hér að framan, viðurkennt í framkvæmd, að hann sé eigi undanþeginn greiðslu allra opinberra gjalda, að áður en lög nr. 40/1949 voru sett, hafi verið samþykkt á Alþingi allmörg lög, er veittu þar tilteknum stofnunum ýmist veruleg skattfríðindi eða algert skattfrelsi, en allar þessar stofnanir greiði engu að síður fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67/1945, og að ólíklegt sé, að það hafi verið ætlun löggjafans að

gera hlut Áburðarverksmiðjunnar h/f betri en nokkurra þeirrar stofnunar hér á landi, sem skattfrelsis nýtur. Það sé því ljóst, að gjörðarþoli sé skattskyldur samkvæmt nýnefndum lögum.

Á þetta sjónarmið gjörðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt. Úrslit málsins hljóta að áliti réttarins að velta á því öðru fremur, hversu skýra beri 9. gr. laga nr. 40/1949, en þar segir svo: „Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs . . .“ Hér virðist svo skýrt að orði kveðið, að vart orkar tvímælis um vilja löggjafans til að undanþiggja gjörðarþola öllum sköttum og opinberum gjöldum, og þyrfti því sterkari rök en fram hafa komið í málinu fyrir því, að annað hafi vakað fyrir löggjafanum en í nefndu lagaákvæði segir beinum orðum. Verður rétturinn og að fallast á þá skoðun gjörðarþola, að enda þótt hann hafi greitt af hendi ýmis gjöld, sem talizt gætu til opinberra gjalda, svo sem aðflutnings- og útflutningsgjöld, skatta af bifreiðum sínum, þinglesturs- og stimpilgjöld o. s. frv., þá hafi hann eigi með því viðurkennt í framkvæmd skattskyldu sína samkvæmt lögum nr. 67/1945. Þá fær rétturinn eigi séð, að það geti á nokkurn hátt bundið gjörðarþola eða skert rétt hans til þess skattfrelsis, sem honum er veitt samkvæmt hljóðan orðanna í 9. gr. laga nr. 40/1949, að stofnanir þær, sem að framan greinir, hafa eigi neytt sams konar réttar síns. Þá virðist og eigi ólíklegt að áliti réttarins, að löggjafinn hafi einmitt viljað gera hlut gjörðarþola slíkan, er beinum orðum segir í nýnefndri lagagrein, einkum þegar þess er gætt, að gjörðarþoli hefur þá sérstöðu, miðað við fyrrgreindar stofnanir, að hann er háður verðlagsákvörðunum landbúnaðarráðherra og ber að selja afurðir sínar við kostnaðarverði, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1949. Hér við bætist, að rétturinn verður að fallast á þá skilgreiningu gjörðarþola (sbr. 7. gr. laga nr. 67/1945, sbr. 1. gr. sömu laga og enn fremur lög nr. 29/1952), að gjald það, sem hér er deilt um, sé að nokkru hreinn skattur, er ótvírætt falli undir undanþáguheimildina í 9. gr. laga nr. 40/1949, og að nokkru endurgjald fyrir þjónustu, sem veita skuli, en gjörðarþola sé eigi skylt að greiða, þar eð honum, svo sem viðurkennt er í málinu, hafi eigi verið látin sú þjónusta í té.

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, að gjörðarþola beri eigi að greiða umræddan skatt samkvæmt lögum nr. 67/1945, og að því verði að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir réttinum verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:
Hin umbeðna lögtaksgjörð á eigi fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 41/1957. **María Hugrún Ólafsdóttir Jensen**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
**Ósvaldi Knudsen** (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umráð barns.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1957. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að fá henni í hendur umráð drengsins Vilhjálms Ósvaldssonar. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og að honum verði einnig dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að málflutningsmanni hennar fyrir Hæstarétti verði ákveðin hæfileg málssóknarlaun.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Vilhjálmur Ósvaldsson er sonur aðilja máls þessa, fæddur utan hjónabands hinn 14. maí 1944. Hefur áfrýjandi haft foreldraráð yfir honum lögum samkvæmt. Vilhjálmur dvaldist hjá móður sinni fram til haustsins 1945, er hún sigldi til Danmerkur til námsdvalar. Eftir það dvaldist Vilhjálmur á heimili systur áfrýjanda í Reykjavík fram til 19. júlí 1948, en þá fluttist hann á heimili stefnda og dvaldist hjá honum

þar til í aprílmánuði 1949, er áfrýjandi tók hann aftur til sín. Í ágústmánuði 1949 fór áfrýjandi til Kaupmannahafnar og hafði þá Vilhjálm með sér. Hefur hún átt þar heimilisfang síðan. Árið 1952 gekk hún að eiga danskan mann, Alfred Immanuel Jensen málara, en ekki öðlaðist hún danskt ríkisfang við giftinguna. Eru því bæði hún og Vilhjálmur íslenzkir ríkisborgarar.

Sumarið 1954 kom áfrýjandi hingað til lands í heimsókn til ættingja sinna og hafði Vilhjálm með sér. Dvaldist hann þá eina viku hjá föður sínum. Sumarið 1956 veitti áfrýjandi Vilhjálmi leyfi til að fara til Íslands og dveljast hjá föður sínum í skólaleyfinu fram til 5. ágúst sama ár. Þegar brottfarartími var kominn, neitaði Vilhjálmur að hverfa aftur heim til móður sinnar, og hefur hann haldið fast við þá neitun síðan. Hafa áfrýjandi og eiginmaður hennar margsinnis mælzt til þess í bréfum til Vilhjálms, að hann kæmi aftur til þeirra, en þau tilmæli hafa ekki borið árangur. Stefndi hefur lýst því, að hann muni ekki standa því í vegi, að Vilhjálmur hverfi aftur til móður sinnar, ef hann vilji fara sjálfviljugur. Síðastliðinn vetur stundaði Vilhjálmur nám í barnaskóla í Reykjavík og lauk þaðan fullnaðarprófi með góðri einkunn.

Á heimili áfrýjanda og eiginmanns hennar eru samkvæmt vottorði frá Socialkontoret í Frederiksberg Kommune, dags. 25. marz 1957, aðeins þau hjónin og dóttir þeirra á fjórða ári. Er ekkert talið því til fyrirstöðu, að Vilhjálmur geti dvalizt á heimili þeirra. Stefndi er ókvæntur, en býr með ráðskonu. Hann er málari að atvinnu og í góðum efnum. Í bréfi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 10. janúar 1957, er því lýst, að heimili stefnda sé í alla staði óaðfinnanlegt og að hann sé vel fær um að annast uppeldi drengsins.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kveðst í áðurgreindu bréfi hafa kynnt sér vilja Vilhjálms um dvalarstað. Telur hún víst, að Vilhjálmur muni ekki fást til að fara frá föður sínum, nema hann verði til þess neyddur. Kveðst hún ekki vilja gera tillögu um, að drengurinn verði þvingaður til að fara. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi er vilji Vilhjálms um þetta efni enn óbreyttur.

Þegar til þess er litið, að drengurinn Vilhjálmur Ósvaldsson, sem nú er orðinn 13 ára að aldri, hefur ákveðið synjað að flytjast af frjálsum vilja frá núverandi dvalarstað sínum og heim til móður sinnar, að honum er hér búinn góður samastaður að dómi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og að ætla má, að það kunni að hafa óheppileg áhrif á sálarlíf hans, ef hann væri tekinn og fluttur nauðungarflutningi úr landi, þá þykir ekki unnt að verða við kröfum áfrýjanda í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu hér fyrir dómi, en málssóknarlaun málflutningsmanns áfrýjanda, kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti. Málssóknarlaun málflutningsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. janúar 1957.**

Gerðarbeiðandi, María Hugrún Ólafsdóttir Jensen, Helgesvej 24, Kaupmannahöfn, hefur krafizt þess, að sér verði með beinni fógetagerð fengin umráð drengsins Vilhjálms Ósvaldssonar, sem að undanförnu hefur dvalizt á heimili föður síns, gerðarþola máls þessa, Ósvalds Knudsens, Hellusundi 6A hér í bæ. Gerðarbeiðandi hefur enn fremur krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu innsetningargerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 18. þ. m.

Hinn 14. maí 1944 ól gerðarbeiðandi, María H. Ólafsdóttir, sem þá var ógift, sveinbarn, er hinn 16. september 1945 var skírður Vilhjálmur. Sjá fæðingar- og skírnarvottorð á rskj. 3. Gerðarbeiðandi lýsti gerðarþola, Ósvald Knudsen, föður barns þessa. Gekkst hann við faðerninu og hefur jafnan síðan greitt meðlag með því.

Gerðarbeiðni er dagsett hinn 14. nóvember s.l., og er málið

tekið fyrir í fógetaréttinum hinn 21. sama mánaðar. Þar segir, að drengurinn Vilhjálmur hafi sem óskilgetið barn jafnan verið háður foreldraráðum móður sinnar, enda að mestu eða öllu leyti dvalizt á hennar vegum. Nú hafi hún hinn 31. ágúst 1952 gengið að eiga danskan mann, Alfred Immanuel Jensen, sbr. rskj. 4, og eigi þau heimili í Kaupmannahöfn. Drengurinn hafi eðlilega átt þar heimili með móður sinni og unað hag sínum hið bezta. Hann hafi og gengið í barnaskóla þar í borg og tekið þar góðum framförum. Hefur verið lagt fram vottorð skólastjóra, og er þar farið lofsamlegum orðum um námsferil og hegðun drengsins, sjá rskj. 13.

Þá er þess getið, að drengurinn hafi fengið að heimsækja föður sinn í júnímánuði s.l., og hafi verið svo til ætlazt, að hann kæmi aftur til Danmerkur í síðasta lagi hinn 5. ágúst s.l. til þess að geta hafið skólanám á réttum tíma. Nú hafi gerðarþoli, Ósvaldur Knudsen, látið undanfallast að senda drenginn heim til sín og jafnvel neitað að láta hann af hendi þrátt fyrir ítrekaða beiðni gerðarbeiðanda, og því hafi verið ráðizt í fógetagerð þessa, sem hljóti að hafa sinn framgang, með tilliti til þeirra ákvæða laga, að móðir óskilgetins barns ráði dvalarstað þess, unz það hefur náð sjálfræðisaldri.

Gerðarþoli kveðst hvorki hafa skorað á drenginn að hverfa aftur heim til Danmerkur né hafa reynt að stæla hann upp í því að neita að hverfa þangað. Hann kveðst láta drenginn öldungis sjálfráðan um það. Hins vegar sé það staðreynd, að drengurinn vilji alls ekki fara þangað.

Gerðarþoli tekur fram, að skömmu eftir að drengurinn kom hingað til lands, hafi hann skrifað móður sinni og getið þess í bréfinu, að sig langaði til að ílendast hér. Gerðarþoli kveðst nú hafa ráðlagt drengnum að skrifa móður sinni, að sig langaði til að vera hér á landi í 1 ár að sinni. Þessu bréfi hafi verið svarað með skilyrðislausri kröfu um, að drengurinn kæmi aftur til Danmerkur. Þá hafi drengurinn þverneitað að fara þangað.

Systir gerðarbeiðanda, Sigurfljóð Ólafsdóttir, Kirkjuteigi 16 hér í bæ, hefur skýrt svo frá í vottorði á rskj. 14, að Vilhjálmur Ósvaldsson hafi dvalizt á heimili hennar hér í bæ, frá því hann var 4 mánaða gamall og þar til hann var kominn á 5. ár. Á þessum tíma hafi Ósvaldur Knudsen oft komið til þess að vitja barnsins og hafi það verið hænt að honum. Þá skýrir hún svo frá, að eftir að drengurinn kom hingað til lands á s.l. sumri, hafi hún oftsinnis hitt hann að máli og þá spurt hann, hvort hann langaði ekki aftur til móður sinnar, en alltaf kveðst hún hafa fengið þau

svör, að hann vildi ekki fara, heldur dveljast áfram hér á landi. Sigurfljóð kveðst þekkja lundarfar drengsins mjög vel og telja mjög misráðið að neyða hann til að hverfa til Danmerkur.

Umboðsmaður gerðarþola ritar Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hinn 2. þ. m. og óskar umsagnar nefndarinnar um málið.

Álit nefndarinnar liggur fyrir á rskj. 10. Þar segir, að nefndin hafi kynnt sér heimili Ósvalds Knudsens, og telur hún, að það sé í alla staði óaðfinnanlegt og að hann sé vel fær um að annast uppeldi drengsins. Þá kveðst nefndin hafa kynnt sér eftir föngum vilja drengsins sjálfs, hvað því viðvíkur, að hann fari til Danmerkur, og megi víst telja, að hann fáist ekki til að fara frá föður sínum, nema hann verði neyddur til þess. Samkvæmt þessu kveðst nefndin ekki vilja gera tillögu um, að drengurinn verði þvingaður til að fara.

Drengurinn, Vilhjálmur Ósvaldsson, hefur lýst því yfir, að sér sé þvert um geð að hverfa aftur til Danmerkur, og er hér nokkur vandi á höndum, þar sem um er að ræða barn, sem komið er langt á 13. ár. Í áliti barnaverndarnefndar segir, að heimili föður drengsins verði að teljast óaðfinnanlegt og að drengurinn muni naumast fara þaðan óneyddur. Sé því ekki rétt að neyða hann þaðan. Móðursystir drengsins hefur og látið það álit í ljós, að mjög sé misráðið að neyða hann til þessarar farar. Með tilliti til þessara aðstæðna og umsagna, hverrar fyrir sig og í heild, þykir ekki rétt, að drengur þessi verði tekinn af heimili gerðarþola með beinni fógetagerð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin fógetagerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 87/1957. **Grettir Lárusson og Oddur Helgason**
gegn
**Gunnari Scheving Sigurðssyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum 30. apríl 1957. Hvor þeirra um sig krefst úr hendi varnaraðilja málskostnaðar í héraði, kr. 4.000.00, og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Kröfur hafa engar borizt frá varnaraðilja.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði hvorum sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1.000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Gunnar Scheving Sigurðsson, greiði sóknaraðiljum, Gretti Lárussyni og Oddi Helgasyni, hvorum um sig málskostnað í héraði, kr. 1.000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 29. f. m., hefur Gunnar Scheving Sigurðsson, Rauðalæk 45 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. janúar 1957 og birtri 23. s. m., gegn Gretti Lárussyni, Kársnesbraut 36, Kópavogi, og Oddi Helgasyni, Þingholtsstræti 34 hér í bænum, til greiðslu in solidum á víxilskuldum, að fjárhæð samtals kr. 41.750.00 með 7% ársvöxtum af kr. 10.175.00 frá 30. nóvember 1956 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, stimpil- og afsagnarkostnaði og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en að frádregnum víxilvöxtum af kr. 10.350.00 frá greiðsludegi til 30. febrúar n.k., af kr. 10.525.00 frá greiðsludegi til 30. maí n. k. og af kr. 10.700.00 frá greiðsludegi til 30. ágúst n. k. Að því leyti sem greiðsla þriggja síðasttaldra fjárhæða kynni að fara fram eftir

2. marz n. k. (30. febrúar), 30. maí n. k. og 30. ágúst n. k., krefst stefnandi 7% ársvaxta af þeim fjárhæðum frá þessum gjalddögum til greiðsludags. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, er hann hinn 12. janúar s.l. lét leggja á bifreiðina R 5910 í fógetarétti Kópavogskaupstaðar.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt 4 víxlum, að fjárhæð kr. 10.175.00, kr. 10.350.00, kr. 10.525.00 og kr. 10.700.00, útgefnum af stefnda Oddi Helgasyni hinn 2. ágúst 1956 og samþykktum af stefnda Gretti Lárussyni, með gjalddögum 30. nóvember 1956, 30. febrúar 1957, 30. maí 1957 og 30. ágúst 1957. Fyrsta víxilinn kveður stefnandi afsagðan vegna greiðslufalls á öðrum virkum degi eftir gjalddaga, en hina þrjá víxlana kveður hann afsagða 19. janúar s.l. einnig vegna greiðslufalls, enda þótt gjalddagi þeirra væri þá ekki kominn.

Stefnandi kveður umrædda víxla til orðna af því tilefni, að stefndi Grettir hafi hinn 22. ágúst s.l. keypt bifreiðina R 5910 af stefnanda. Hinn 11. janúar s.l. kveður stefnandi stefndu ekki hafa verið farna að greiða víxil þann, er í gjalddaga féll hinn 30. nóvember 1956. Nokkrum dögum fyrir 11. janúar s.l., þann dag og daginn eftir kveðst stefnandi hafa fengið vitneskju um eftirfarandi atriði: Að stefndi Grettir hafði hinn 19. nóvember og 8. desember 1956 tekið að láni hjá nafngreindum manni hér í bæ samtals kr. 17.300.00 undir því yfirskini, að hann ætlaði að nota fé þetta til að greiða stefnanda víxil þann, er í gjalddaga féll 30. nóvember 1956, að gert hafði verið lögtak í umræddri bifreið fyrir rúmlega kr. 17.000.00, að stefndi Grettir hafði ekki greitt vátryggingariðgjald af húftryggingu bifreiðarinnar, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og loks að hinn 28. desember 1956 hafði verið lagt löghald á umrædda bifreið til tryggingar eftirstöðvum víxilskuldar, að fjárhæð kr. 26.100.00, og að faðir stefnda Grettis hefði mætt við löghald þetta og lýst því yfir, að stefndi Grettir ætti ekki aðrar eignir en umrædda bifreið. Af þessum sökum kveðst stefnandi hafa látið afsegja víxla þá, sem ekki höfðu þegar verið afsagðir, vegna fyrirsjáanlegs greiðslufalls samkvæmt ákvæði 5. mgr. 44. gr. víxillaganna, þar sem hann hafi talið ljóst, að stefnda Gretti skorti bæði getu og vilja til að greiða víxilskuld þá, er í gjalddaga var fallin, og mætti því vænta sömu vanskila á víxlum þeim, er eigi voru fallnir í gjalddaga. Kveðst stefnandi reisa kröfur sínar á 43. gr. víxillaganna, sbr. 44. og 48. gr. sömu laga.

Stefndu hafa krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndu reisa frávísunarkröfur sínar á því, að skjöl þau öll, er stefnandi reisir kröfur sínar á, hafi ekki verið lögð fram í málinu. Beri því að vísa kröfum stefnanda frá dómi samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hafi aðeins lagt fram einn þeirra fjögurra víxla, sem hann reisir kröfur sínar á, en þann víxil kveðst stefndi Grettir hafa greitt ásamt áföllnum kostnaði samkvæmt tilboði, gefnu á bæjarþinginu við þingfestingu málsins. Þá kveða stefndu stefnanda aðeins hafa lagt fram óstaðfest endurrit af löghaldsgerð og ekki hafi umboðsmaður stefnanda afhent þeim endurrit af þeirri löghaldsgerð né heldur endurrit víxla þeirra, sem mál þetta fjallar um.

Mál þetta var þingfest á bæjarþinginu hinn 31. janúar s.l. Komu þá fram af hendi stefnanda stefna, greinargerð, óstaðfest endurrit af löghaldsgjörð og víxill, sá er í gjalddaga féll 30. nóvember 1956, en í greinargerð sinni kveðst stefnandi leggja fram sem dskj. nr. 2 endurrit af löghaldsgjörð með fjórum viðfestum víxlum. Umboðsmenn stefndu fengu nú frest til greinargerðar til 7. febrúar s.l. Er greinargerðir stefndu komu fram, var af beggja hálfu krafizt frávísunar, eins og að framan greinir. Í síðastgreindu þinghaldi óskaði umboðsmaður stefnanda eftir viku fresti til gagnasöfnunar um fram komna frávísunarkröfu. Var því synjað af hálfu stefndu, og var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnanda. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 13. febr. sl., var stefnanda veittur hinn umbeðni frestur. Í þinghaldi þessu lagði umboðsmaður stefnanda fram þá þrjá víxla, er eigi höfðu verið lagðir fram við þingfestingu málsins. Af hálfu stefndu var því mótmælt, að framlagning víxla þessara skipti nokkru máli um framkomnar frávísunarkröfur.

Málflutningur um hinar framkomnu frávísunarkröfur fór fram hinn 29. marz s.l. Af hálfu stefnanda var þess krafizt, að frávísunarkröfunum yrði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu að mati dómarans.

Tildrög þess, að framangreindir þrír víxlar voru ekki lagðir fram við þingfestingu málsins, kveður stefnandi hafa verið þau, að víxlarnir hafi verið í vörzlum borgarfógetaembættisins til afsagnar, og hafi ætlunin verið að sækja þá þangað daginn fyrir þingfestingu málsins, en af því hafi ekki orðið. Hafi ætlunin þá verið að sækja víxlana þingfestingardaginn, en skrifstofa borgarfógetaembættisins hafi ekki verið opnuð fyrr en kl. 10. Að öðru leyti er því haldið fram af hálfu stefnanda, að víxlar séu slík gögn, sem ekki sé nauðsynlegt að leggja fram við þingfestingu máls, heldur megi leggja þá fram síðar.

Svo sem áður er sagt, var mál þetta þingfest hinn 31. janúar sl., og var þá lagður fram víxillinn, sem í gjalddaga féll hinn 30. nóvember 1956. Hinir þrír víxlarnir, sem afsagðir höfðu verið hinn 19. janúar s.l. og krafizt er greiðslu á í málinu, voru ekki lagðir fram þá, heldur fyrst í þinghaldi 13. febrúar s.l., og höfðu stefndu þá krafizt frávísunar málsins. Það er ljóst, að stefnanda átti að vera í lófa lagið að afla umræddra þriggja víxla frá borgarfógetaembættinu í tæka tíð, svo að hann gæti lagt þá fram þegar við þingfestingu. Þá hefur stefnandi enn ekki lagt fram dómsgerðir af löghaldsgerð þeirri, er hann krefst staðfestingar á í málinu. Þykir málatilbúnaður stefnanda vera slíkur, að vísa beri kröfum hans, að því er varðar þá þrjá víxla, að fjárhæð kr. 10.350.00, kr. 10.525.00 og kr. 10.700.00, er í gjalddaga falla á þessu ári, svo og kröfu hans um staðfestingu á áðurgreindri löghaldsgerð frá dómi. Hins vegar þykja ekki efni standa til að vísa frá dómi kröfum stefnanda varðandi víxil þann, er lagður var fram við þingfestingu málsins.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 800.00 í málskostnað, þ. e. kr. 400.00 til hvors.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, að því er varðar þrjá framangreinda víxla, er vísað frá dómi, svo og kröfu stefnanda um staðfestingu á framangreindu löghaldi.

Stefnandi, Gunnar Scheving Sigurðsson, greiði stefndu, Gretti Lárussyni og Oddi Helgasyni, kr. 400.00 í málskostnað, hvorum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1957.

Nr. 3/1957. **Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar** (Egill Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Kristjáni Bjarnasyni og gagnsök** (Sigurður Ólason hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um öflun skýrslna og gagna.

## Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla gagna um atriði þau, er hér greinir:

1. Rétt er, að dómkvaddur kunnáttumaður geri nákvæman uppdrátt af landi Hvolsjarða samkvæmt landamerkjaskrám. Skal þar greina, eftir því sem við verður komið, örnefni þau, sem landamerkin eru miðuð við, eða stefnur til þeirra. Enn fremur skal marka á uppdrátt þenna land það, sem skipt var með yfirlandskiptagerð 10. maí 1952, skiptingu þess milli aðilja og stærð einstakra landspildna.

2. Leiða skal í ljós fyrir dómi, hvort nokkur ágreiningur er um landamerki milli Hvolsjarða og aðliggjandi jarða. Ef svo er, skal greina aðilja þá, sem að ágreiningnum standa, og í hverju hann er fólginn. Skal þá og marka þrætulandið á uppdráttinn.

3. Eftir að framangreindur uppdráttur hefur verið gerður, er rétt að kveðja yfirlandsskiptamenn fyrir dóm og bera undir þá, hvort þeir telji landskipti þeirra þar rétt mörkuð. Þeir skulu og inntir eftir rökum fyrir krossskiptingu þeirri á landinu, sem um ræðir í héraðsdómi. Einnig skulu þeir spurðir um, sbr. 13. gr. landskiptalaga nr. 46/1941, hvar þeir telji landi Hvolsjarða hættast við spjöllum af sandfoki og ágangi af ánni Klifandi og að hverju leyti þeir hafi tekið tillit til þess við skiptingu landsins.

4. Loks skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

---

Miðvikudaginn 19. júní 1957.

Nr. 81/1957. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
**Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen** (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

**Dómur Hæstaréttar.**

Í ákæruskjali er talið, að bifreiðin G 226 hafi staðið við húsið Ásvallagötu 5A í Reykjavík, er ákærðu tóku hana til ófrjálsra afnota. En samkvæmt gögnum málsins stóð hún við húsið nr. 5A við Sólvallagötu, eins og í héraðsdómi greinir. Er þó rétt að dæma ákærðu áfall vegna nefnds atferlis þeirra, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Háttsemi ákærðu er af héraðsdómara færð til réttra refsiákvæða.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans. Rétt er að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra.

Refsing ákærða Bents Östergaards Jörgensens er hæfilega ákveðin í héraðsdómi varðhald 45 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans. Með hlið-

sjón af æsku ákærða og atvikum málsins þykir mega ákveða, að refsingu hans skuli fresta og að hún falli niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef haldin verða skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi ber að staðfesta.

Friðrik Steinar Axelsson krefst þess, að ákærða Egon Hornshöj Hansen verði dæmt að greiða honum bætur vegna árásar þeirrar, sem lýst er í héraðsdómi, samtals kr. 5950.00. Sundurliðast skaðabótakrafan þannig:

1. Læknishjálp, vottorð og akstur kr. 150.00
2. Gervitennur ..... — 1800.00
3. Miska- og þjáningabætur .... — 4000.00

Vaxta hefur ekki verið krafizt.

Ákærða ber að bæta að fullu tjón það, sem um er að tefla.

Hér fyrir dómi hefur 1. liður kröfunnar verið samþykktur, að því er fjárhæð hans varðar. Engilbert Guðmundsson tannlæknir hefur fyrir dómi borið, að Friðrik Steinar hafi hinn 25. september 1956 fengið hjá honum gervitennur í báða góma og að verð tannnana hafi numið kr. 1800.00. Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms þykir fjárhæð 2. kröfuliðar nægilega rökstudd. Bætur samkvæmt 3. kröfulið eru hæfilega metnar kr. 2500.00. Verður ákærða því dæmt að greiða Friðriki Steinari í bætur samtals kr. 4450.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Egon Hornshöj Hansen sæti varðhaldi 6 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða staðfestist. Hann er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra.

Ákærði Bent Östergaard Jörgensen sæti varðhaldi 45 daga. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða. Fullnustu refsingar hans skal

fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til ökuskírteinis staðfestist.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen greiði Friðriki Steinari Axelssyni kr. 4450.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Möllers og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. marz 1957.**

Ár 1957, föstudaginn 1. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 790—791/1957: Ákæruvaldið gegn Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 2. október s.l., er opinbert mál höfðað gegn þeim Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen verkamönnum, til heimilis Kirkjustræti 2 hér í bæ.

I. Gegn ákærða Bent Östergaard Jörgensen er málið höfðað fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 20. september s.l. keypt um borð í m/s Dronning Alexandrine, sem lá í höfninni hér í bæ, sex flöskur af áfengum bjór, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 35. gr. og 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Gegn ákærða Egon Hornshöj Hansen er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 21. september s.l. ráðizt á Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, til heimilis á Suðureyri við Súgandafjörð, í garði við Aðalstræti og Kirkjustræti hér í bæ og barið hann, svo að hann hlaut talsverða áverka í andliti, auk þess sem efri gervigómur brotnaði. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

III. Gegn báðum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa

aðfaranótt greinds föstudags í heimildarleysi tekið bifreiðina G 226, þar sem hún stóð við Ásvallagötu 5A hér í bæ, og ekið í henni víðsvegar hér um bæinn. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1956 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

IV. Loks er málið höfðað gegn ákærða Egon Hornshöj Hansen fyrir að hafa aðfaranótt áðurnefnds föstudags með áhrifum áfengis og án þess að hafa bifreiðarstjóraréttindi ekið greindri bifreið ljóslausri, hratt og ógætilega víðsvegar hér um bæinn, m. a. gegnt einstefnuakstri eftir Hverfisgötu, svo og fyrir að hafa í ökuferð þessari eigi sinnt stöðvunarmerkjum lögreglumanna. Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, þykja varða við 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 1. mgr. 28. gr., 43. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, sbr. II 16 í auglýsingu um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Þess er krafizt:

1) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar.

2) Að ákærði Egon Hornshöj Hansen verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga.

3) Að ákærði Bent Östergaard Jörgensen verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

4) Að ákærði Egon Hornshöj Hansen verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.

5) Að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Hansen er talinn fæddur 25. október 1935 í Herning í Danmörku, og ákærði Jörgensen er talinn fæddur 22. janúar 1937 í Vejle í Danmörku. Þeir hafa, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu, að því undanteknu, að 14. maí s.l. var ákærði Hansen sektaður í Reykjavík um 200 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Fimmtudagskvöldið 20. september s.l. voru ákærðu á gangi hér í miðbænum, og höfðu þeir báðir neytt áfengis. Þeir hittu

í Hafnarstræti Friðrik Steinar Axelsson stýrimann, Suðureyri, Súgandafirði, sem ákærði Hansen kannaðist við frá því á s.l. vetri. Friðrik Steinar var ölvaður og var með lítið átekna ákavítisflösku. Bauð hann þeim félögum að súpa á flöskunni, og þágu þeir það. Friðrik Steinar stakk upp á því, að þeir færu allir um borð í m/s „Dronning Alexandrine", sem var þá í Reykjavíkurhöfn, til að fá þar erlendan bjór, og féllust hinir á það. Þeir fóru um borð í skipið, og keypti ákærði Jörgensen þar sex flöskur af erlendum bjór fyrir 60 krónur íslenzkar, sem hann átti. Síðan héldu þeir í land. Ákærði Jörgensen lét hvorn hinna fá tvær bjórflöskur og tók upp hinar tvær. Drukku þeir þrír úr þeim og dreyptu um leið á ákavítisflöskunni.

Þeir gengu síðan að gistihúsi Hjálpræðishersins í Kirkjustræti 2, þar sem ákærðu bjuggu, en búið var að loka húsinu. Gengu þeir þá út í Bæjarfógetagarðinn svonefnda hinum megin við götuna. Sló ákærði Hansen þá Friðrik Steinar allt í einu, án þess að segja eitt einasta orð, hnefahögg í andlitið. Féll Friðrik Steinar á jörðina við höggið. Sló ákærði Hansen hann síðan tvö högg enn í andlitið, eftir að hann var fallinn. Friðrik Steinar sló ákærða Hansen ekkert á móti. Ákærði Hansen hefur borið það, að áður en hann sló Friðrik Steinar, hafi hann (Friðrik Steinar) þrifið í jakkaboðung hans, og hafi ákærði Hansen haldið, að hann ætlaði að slá hann. Hafi ákærði Hansen viljað verða fyrri til og slegið Friðrik Steinar hnefahögg í andlitið. Friðrik Steinar hefur hins vegar eindregið neitað því að hafa tekið í jakkaboðung ákærða Hansens eða gert sig líklegan til að slá hann og kveður, að árásin hafi verið algjörlega tilefnislaus. Ákærði Jörgensen hefur ekkert getað um mál þetta borið.

Ákærðu héldu síðan í burtu frá Friðriki Steinari, þar sem hann lá á jörðinni, en hann reis svo á fætur og fór á lögreglustöðina. Var hann þá blóðugur, bólginn og gervitennur hans brotnar. Frá lögreglustöðinni fór hann á slysavarðstofuna til athugunar. Hefur Eiríkur Bjarnason cand. med. í slysavarðstofunni gefið svohljóðandi vottorð um meiðsli Friðriks Steinars:

„Í nótt, kl. 2, kom hingað í fylgd lögreglunnar maður, sem segist heita Steinar Axelsson, f. 4. apr. '25, til heimilis á Suðureyri við Súgandafjörð. Kom hann inn á lögreglustöðina rétt áður með brot af tveimur tanngörðum í lúkunum. Sjúklingurinn segist hafa verið barinn í andlitið. Við skoðun kemur í ljós, að sjúklingurinn er mikið þrútinn í andliti. Smáskráma er á höku, einnig smávægileg flumbra á v. augabrún. Nefrótin er bólgin og

marin. Varir eru mjög þrútnar og bólgnar, svo að manninum er af þeim sökum erfitt um mál. Innan á neðri vör er sundurtætt sár, sem sauma verður saman.

Maðurinn var drukkinn."

Ákærðu héldu áfram að ganga um bæinn og neyta áfengis. Nokkru síðar um nóttina urðu þeir sammála um að taka einhverja bifreið í heimildarleysi og aka í henni. Kveðst ákærði Hansen hafa átt uppástunguna að þessu, en ákærði Jörgensen man ekki, hvor þeirra átti hana. Ákærðu sáu, hvar jeppabifreiðin G 226 var fyrir utan húsið nr. 5 A við Sólvallagötu hér í bæ. Fóru þeir inn í bifreiðina, sem var ólæst. Ákærði Hansen sleit þræði úr sambandi og tengdi beint samband við rafgeymi bifreiðarinnar og kom á þann hátt vél hennar í gang. Hann settist síðan undir stýri bifreiðarinnar og ákærði Jörgensen við hlið hans og ók svo í henni um bæinn. Hefur ákærði Hansen viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærðu óku m. a. norður Snorrabraut, og þar gaf lögreglumaður þeim stöðvunarmerki, sakir þess að bifreiðin var ljóslaus. Ákærði Hansen sinnti þó ekki stöðvunarmerkinu, heldur ók áfram og beygði vestur Hverfisgötu á móti einstefnuakstri um þá götu. Rétt á eftir sáu lögreglumenn, sem staddir voru við Hlemmtorg, hvar ákærðu óku í greindri bifreið á miklum hraða austur Hverfisgötu. Veittu þeir bifreiðinni eftirför og komust að hlið hennar og gáfu stöðvunarmerki, en ákærði Hansen sinnti því ekki, heldur ók áfram austur Suðurlandsbraut. Lögreglumennirnir settu þá „sírenu" í gang og kveiktu á rauðu blikkljósi, en ákærði Hansen sinnti því heldur ekki og dró ekki úr hinum mikla hraða bifreiðarinnar, þó að hann væri tilneyddur að aka henni fyrir utan malbik Suðurlandsbrautar. Hann ók áfram á miklum hraða norður Múlaveg, austur Laugarásveg og Sunnutorg, norður Langholtsveg, vestur Kleppsveg og suður Laugarnesveg, en á mótum þess vegar og Sundlaugavegar neyddist hann til að nema staðar, þar sem lögreglubifreið hafði verið lagt þar þvert yfir götuna. Lögreglumennirnir handtóku síðan ákærðu og færðu þá í varðhald.

Ákærðu eru danskir ríkisborgarar og hafa dvalizt hér á landi síðan 14. nóvember 1955, en áður hafði ákærði Egon Hornshöj Hansen dvalizt hér á landi frá 27. maí 1954 til 14. september 1955.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen hefur með því að ráðast á Friðrik Steinar Axelsson á þann hátt og með þeim afleiðingum, er að framan greinir, gerzt sekur um brot gegn 217. gr., 1. mgr.,

almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 3. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðu, Egon Hornshöj Hansen og Bent Östergaard Jörgensen, hafa með heimildarlausri notkun sinni á bifreiðinni G 226 gerzt brotlegir gegn 259. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1. marz 1956 um breyting á þeim lögum.

Þá hefur ákærði Egon Hornshöj Hansen með því að aka nefndri bifreið með áhrifum áfengis gerzt brotlegur gegn 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 29. janúar 1951 um breyting á þeim lögum, og gegn 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 svo og gegn 24. gr., 1. mgr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954. Hann hefur enn fremur með því að aka bifreiðinni án bifreiðarstjóraréttinda brotið gegn 20. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 45. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Með því að aka bifreiðinni ljóslausri í umrætt skipti hefur hann brotið gegn 7. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 43. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, og með því að aka bifreiðinni hratt og ógætilega, eins og að framan er lýst, hefur hann brotið gegn 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna og gegn 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna, svo og gegn 46. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar. Þá hefur hann með því að sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumanna brotið gegn 2. gr. sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar. Loks hefur ákærði Egon Hornshöj Hansen með því að aka bifreið gegnt einstefnuakstursreglum um Hverfisgötu gerzt brotlegur gegn 5. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr., 1. mgr., umferðarlaganna og gegn 28. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktarinnar, sbr. II. kafla, 16. tl., auglýsingar um meðferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Loks hefur ákærði Bent Östergaard Jörgensen með bjórkaupum sínum gerzt brotlegur gegn 6. gr., 1. mgr., sbr. 35. gr., 1. mgr., og 33. gr., 2. tl., áfengislaganna.

Refsing ákærða Egons Hornshöjs Hansens þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Refsing ákærða Bents Östergaards Jörgensens þykir með hlið-

sjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 21. september f. á. til 9. október f. á. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist þeirra að koma með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Friðrik Steinar Axelsson krafðist þess í fyrstu, að ákærði Egon Hornshöj Hansen yrði dæmdur til að greiða honum kr. 7.335.00 í bætur fyrir líkamsárásina. Sundurliðaði Friðrik Steinar bótakröfu sína þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Læknishjálp, vottorð, akstur ..... | kr. | 150.00 |
| Gervitennur ..... | — | 1800.00 |
| Föt ..... | — | 1385.00 |
| Miska- og þjáningabætur ..... | — | 4000.00 |
| Samtals | kr. | 7335.00 |

Síðar féll hann frá kröfuliðnum: föt, kr. 1385.00, og nemur því endanleg bótakrafa hans kr. 5950.00.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen hefur mótmælt bótakröfu þessari og ekki viljað samþykkja að greiða Friðriki Steinari eyri í bætur, en með því að telja verður kröfuna réttmæta og rökstudda, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 39. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna ber að svipta ákærða Egon Hornshöj Hansen rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða Bent Östergaard Jörgensen rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði Egon Hornshöj Hansen sæti varðhaldi í 4 mánuði og ákærði Bent Östergaard Jörgensen varðhaldi í 45 daga.

Gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 21. september 1956 til 9. október 1956 komi með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen greiði Friðriki Steinari Axelssyni kr. 5950.00.

Ákærði Egon Hornshöj Hansen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Bent Östergaard Jörgensen skal sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. júní 1957.

Nr. 35/1956. **Eimskipafélag Íslands h/f**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
**Almennum tryggingum h/f**
**og gagnsök.**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz f. á. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dæmdri fjárhæð í héraði samkvæmt mati Hæstaréttar og hvor aðilja verði látinn bera málskostnað sinn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 23. marz f. á. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 1.576.332.43 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1954 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda, þó eigi lægri en ákveðin er í héraðsdómi, ásamt vöxtum, eins og

áður greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa dómkvaddir sérkunnáttumenn markað á uppdrátt af Akranesshöfn sennilega stöðu v/s Goðafoss og b/v Bjarna Ólafssonar á ýmsum tímum svo og veðurátt nótt þá, er atburðir þeir gerðust, sem í málinu greinir. Einnig hafa þeir látið uppi álit sitt um ýmsar athafnir stjórnenda skipanna nefnda nótt svo og hvort önnur viðbrögð hefðu verið vænlegri til að firra tjóni. Þá hafa og Halldór S. Árnason stýrimaður og Hallfreður Guðmundsson hafnsögumaður gefið frekari skýrslur fyrir dómi.

Víst þykir, að það hafi verið kaðall sá frá v/s Goðafossi, sem fór í Akranesshöfn nefnda nótt, er rétt á eftir komst í skrúfu b/v Bjarna Ólafssonar með þeim afleiðingum, að hann gat ekki neytt vélarafls, og var meginorsök þess, að togarinn strandaði.

Af hálfu aðaláfrýjanda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að nefndur kaðall var eigi að venju dreginn um borð í v/s Goðafoss, er hann fór frá bryggjunni. Að svo vöxnu máli þykir bera að leggja meginábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, á aðaláfrýjanda. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber hins vegar á það að fallast, að stjórnendur b/v Bjarna Ólafssonar eigi einnig nokkra sök á, hvernig fór. Þykir sakarskipting eftir atvikum hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti hefur fjárhæð bótakröfu gagnáfrýjanda ekki sætt neinum andmælum, og verður hún því lögð til grundvallar. Og þar sem fallast má og á úrlausn héraðsdóms um vexti og málskostnað, ber að staðfesta niðurstöðu dómsins. Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Eimskipafélag Íslands h/f, greiði gagnáfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. janúar 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hafa Almennar tryggingar h/f hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 13. apríl 1954, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.576.332.43 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins. Þá hefur stefnandi stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ, vátryggjanda skips stefnda, m/s Goðafoss, til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara hefur stefndi krafizt stórlegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt föstudagsins 25. september 1953 lágu b/v Bjarni Ólafsson, AK 67, eign bæjarútgerðar Akraness, og m/s Goðafoss, eign stefnda, við hafskipabryggjuna á Akranesi. Lá b/v Bjarni Ólafsson eins ofarlega við bryggjuna og fært þótti og sneri stefni að landi, en m/s Goðafoss aftan við hann, og sneri stefni hans einnig til lands. Þegar leið á nóttina, versnaði veðrið, hvessti á vestan og brimaði, og varð af því allmikill súgur í höfninni. Kl. 4.30 þótti skipstjóra Goðafoss ekki fært að liggja lengur við bryggjuna og lét kalla skipverja til þess að undirbúa brottför skipsins. Hafnsögumaður frá Akranesi kom til skips kl. 5,10, og voru þá festar leystar. Í leiðarbók m/s Goðafoss segir, að m. a. hafi verið skilin eftir á Akranesi 45 faðma trossa, sem ekki hafi náðst af festarpolla í landi. Skipstjóri m/s Goðafoss skýrir nánar frá brottför skipsins frá bryggjunni á þá leið, að þegar búið hafi verið að losa skipið að aftan, þá hafi skipið verið tekið hart afturá. Hann hafi þá beðið menn, er voru á bryggjunni, að sleppa tóginu, sem skipið var bundið með að framan, en þeim hafi ekki tekizt að losa það af festarpollanum, og hafi Goðafoss því orðið að sleppa því, en skipverjar, er voru framá, hafi, um leið og tóginu var sleppt, kallað til manna þeirra, er á bryggjunni voru, að sleppa tóginu ekki. Hins vegar sé óvíst, að mennirnir hafi heyrt

kallið. Umgetið tóg kveður skipstjórinn hafa verið manillu, 12″ að ummáli. Þá segir skipstjórinn, að hafnsögubátur frá Akranesi hafi komið að skipinu, eftir að það var komið út úr höfninni, og hafi hann beðið hafnsögumanninn frá Akranesi, sem var á stjórnpalli hjá honum, að fara niður og biðja skipverja á hafnsögubátnum að koma skilaboðum til þeirra, sem á bryggjunni voru, um að draga tógið í land. Þetta hafi hafnsögumaðurinn gert. Enn segir skipstjórinn, að næst þegar m/s Goðafoss kom til Akraness, eftir að þetta gerðist, hafi honum verið sagt, að mennirnir á bryggjunni hafi getað losað tógið og sleppt því, þegar eftir að tóginu hafði verið sleppt frá skipinu.

Fyrsti stýrimaður á m/s Goðafoss hefur borið það sem vitni, að hann hafi verið framá, þegar skipið lagði frá bryggjunni, og ekki hafi verið annað hægt en að sleppa frá skipinu tóginu, sem það var bundið með að framan, þegar verið var að taka skipið afturá frá bryggjunni. Stýrimaðurinn kveðst hafa kallað, um leið og tóginu var sleppt, til þeirra, sem í landi voru, að sleppa því ekki, en hann efast um, að þeir hafi heyrt það. Þá segir stýrimaðurinn, að á leiðinni til Reykjavíkur hafi hafnsögumaðurinn sagzt hafa beðið skipverja á hafnsögubátnum að sjá um, að tóginu yrði bjargað.

Hafnsögumaðurinn á Akranesi, Hallfreður Guðmundsson, hefur sem vitni borið um brottför m/s Goðafoss frá bryggjunni í umrætt skipti. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið kvaddur niður að höfn og komið niður á hafnargarðinn kl. 4.15 aðfaranótt hins 25. september 1953. Þegar þangað kom, hafi Goðafoss verið byrjaður að slitna frá að framanverðu. Framvírinn hafi þegar verið slitinn, og annar „springurinn“ hafi slitnað skömmu síðar. Eftir að hafnsögumaðurinn var kominn út í Goðafoss, segir hann, að byrjað hafi verið að leysa landfestar skipsins. Hafi þá verið tekin sver trossa frá „bakborðsforkefa“ skipsins og flutt út á bryggjuna og aftur fyrir skipið mitt og hún fest þar í polla á bryggjunni. Um leið og landfestum hafi verið sleppt að aftan, hafi verið strengt á trossunni til þess að skipið ræki ekki á steinker, er á þeim tíma var til stjórnborða þvert fram af lítilli bryggju, er liggur samhliða hafskipabryggjunni í nokkurri fjarlægð. Þegar skipið með þessum hætti hafði fengizt vindrétt, hafi verið sett á hálfa ferð afturábak. Samstundis hafi verið gefin skipun um að sleppa trossunni af bryggjunni. Til þess að það væri hægt, hafi orðið að gefa eftir á trossunni í skipinu, en þar sem ferð hafi verið komin á skipið, hafi ekki tekizt að stöðva trossuna, og hafi hún því runnið í sjóinn. Í sama mund og þetta

gerðist, hafi verið kallað á hafnsögubátinn frá Akranesi, sem þá hafi verið rétt við skipið, og formaðurinn beðinn að fara í land og biðja þá, sem á bryggjunni voru, að taka trossuna. Hins vegar muni formaður bátsins aldrei hafa heyrt þetta. Vitni þetta telur, að útilokað hafi verið að láta m/s Goðafoss liggja lengur við hafnargarðinn en gert var.

Formaðurinn á oftnefndum hafnsögubáti hefur borið það sem vitni, að hann hafi verið í hafnsögubátnum nóttina milli 24. og 25. september 1953, þegar Goðafoss fór frá bryggjunni, og þá heyrt einhver köll frá skipinu, en ekki getað greint nein orðaskil né heldur, hvort til hans var kallað eða annarra, enda hafi hafnsögubáturinn, þegar þetta gerðist, verið í nokkurri fjarlægð frá skipinu og ofsaveður. Síðar, þegar hann hafði komið nær skipinu, hafi honum verið skipað að fara frá því sem skjótast.

Þegar m/s Goðafoss fór frá bryggjunni, voru á henni til þess að sleppa landfestum skipsins eftirtaldir 3 menn: Sigurður Gíslason verkstjóri, Gunnlaugur Gunnarsson og Þórður Ásmundsson. Allir voru menn þessir starfsmenn Haralds Böðvarssonar & Co, sem er afgreiðslumaður stefnda á Akranesi.

Verkstjórinn hefur skýrt svo frá sem vitni, að nóttina milli 24. og 25. september hafi hann farið niður á bryggjuna eftir hljóðmerki frá m/s Goðafossi, er áður hafði orðið samkomulag um, og þá tekið með sér áðurnefnda tvo menn. Hafi hann síðan haft tal af skipstjóranum, er hafi ákveðið, að skipið legði strax frá. Kveðst hann síðan hafa skipt verkum með þeim félögum, látið tvo fyrrnefnda menn vera við framfestingarnar, en sjálfur verið við afturfestingarnar. Þær kveðst hann hafa losað, og hafi þeir vírar verið dregnir inn. Hann sá ekki, hvað fram fór að framan, vegna myrkurs og illviðris, en álítur þó, að trossan frá Goðafossi hafi ekki verið föst á bryggjunni, þegar skipið var farið frá.

Þeir Gunnlaugur og Þórður hafa báðir verið leiddir sem vitni í málinu, og eru framburðir þeirra samhljóða. Skýra þeir svo frá, að þegar þeir komu niður á hafnargarðinn, hafi verið mjög vont veður, hvöss suðvestan átt. Er þangað var komið, tóku þeir eftir því, að ein festingin, sem Goðafoss var bundinn með, var slitin, og segja, að skipverjar hafi verið að setja trossu í staðinn fyrir hana. Hafi þeir aðstoðað við það. Eftir nokkra stund hafi skipið svo leyst landfestar, með því að ekki hafi verið álitið hættulaust, að það lægi lengur við hafnargarðinn, vegna mikils sjógangs við hann. Segjast þeir eftir fyrirmælum stýrimanns hafa losað festar skipsins, og er þeir hafi verið búnir að losa

síðustu trossuna, hafi þeir séð, að hún hafi hangið út af bóg skipsins, en ekki vita, hvað um hana hafi orðið.

Svo sem áður er sagt, lá b/v Bjarni Ólafsson bundinn ofar við hafskipabryggjuna en m/s Goðafoss, með stefnið að landi og bakborðshlið að bryggjunni eins og Goðafoss. Þegar veðrið fór að versna aðfaranótt hins 25. september, var stýrimaður b/v Bjarna Ólafssonar látinn vita um það og að brimið væri að aukast við bryggjuna. Hélt hann þegar út í skipið og var kominn þangað um kl. 4.25 og hafði tekið með sér 3 háseta. Fyrr um nóttina höfðu háseti og II. vélstjóri vörð í skipinu, hásetinn uppi og vélstjórinn í vélarrúmi. Voru þeir áfram í skipinu, eftir að stýrimaður kom til skips. Það leið ekki á löngu, áður en skipið hafði slitið allar landfestar sínar nema eina landfesti fram af því, og þótti því sýnt, að óhjákvæmilegt væri að reyna að koma skipinu frá bryggjunni. Byrjað hafði verið að hita og hreyfa vél skipsins kl. 4.15, vegna þess að þá var farið að brima mikið. Um kl. 5.30 var svo hafizt handa um að færa skipið frá. Var það gert með þeim hætti, að skipið var nokkrum sinnum tekið aftur á bak og áfram, en kl. 5.37 stöðvaðist skrúfan og hreyfðist ekki, hvað sem að var gert. Kveður stýrimaður, að skipið hafi þá verið komið með afturendann um 10—20 metra út fyrir krika, sem er á hafskipabryggjunni, og verið á ferð áfram, hann hafi verið að rétta skipið, vegna þess að það hafi leitað til bakborða, en ekki sé hægt að snúa skipinu þarna, heldur verði að „bakka" út með bryggjunni. Rétt í þessu rakst skipið með stefnið í steinkerið, sem þá lá þvert fyrir litlu bryggjunni og áður hefur verið getið um. Eftir þetta tók skipið að reka, en vindur var hvass, 7—8 vindstig, og stóð um það bil þvert á efri hluta hafskipabryggjunnar. Rak skipið fyrir framan litlu bryggjuna með steinkerinu fram af og áfram inn eftir í áttina að grjótgarði, sem þar er. Aðfall var. Þegar er vitað var, að eitthvað var að skrúfunni, var unnið að því að gera akkerið tilbúið, en það var tafsamt verk vegna myrkurs og tókst ekki fyrr en kl. um 5.50. Var það þá strax látið falla, en í sömu svifum tók skipið niðri. Eftir það smáfærðist skipið austur með grjótgarðinum vegna öldugangs og aðfalls, unz það staðnæmdist með stefnið í garðinum, ca. 50 metra frá þeim enda hans, sem austar er og á land liggur. Þegar út féll, kom í ljós, að manillutrossa , 12″ að ummáli, hafði farið í skrúfuna, eða sams konar trossa og sú, sem sleppt var frá Goðafossi. Var trossan heil í báða enda.

Nóttina, sem b/v Bjarni Ólafsson strandaði, var skipstjóri hans

staddur í Reykjavík, en var kominn út í skipið á strandstaðnum á tíunda tímanum um morguninn og hafði eftir það yfirumsjón með aðgerðum til þess að ná skipinu út.

Daginn eftir strandið var Kristján Gíslason, járnsmiður í Reykjavík, staddur á Akranesi. Kveðst hann hafa átt samtal við stefnanda, er var vátryggjandi b/v Bjarna Ólafssonar, þá um morguninn og þá tekið að sér að aðstoða við að ná skipinu út. Hafi hann síðan hafið undirbúning í þessu skyni, m. a. reynt að útvega víra og fengið loforð um allmikið af vírum, sem þá lágu hjá Olíustöðinni í Hvalfirði. Bifreiðar hafi strax verið sendar eftir þeim. Hann hafi síðan fram eftir degi hjálpað til við undirbúning þess að bjarga skipinu. Hann kveður, að um daginn hafi eigandi b/v Fylkis hringt til Akraness og boðizt til að láta b/v Fylki aðstoða við björgunina. Tilboð þetta hafi verið borið undir hann og hann mælt með því að taka tilboðinu, þar sem hann hafi talið það auka möguleika til þess, að skipið næðist út á næsta flóði. Kom b/v Fylkir síðan á vettvang, og verður nánar frá því greint.

Um hádegisbilið hinn 25. september var hafizt handa um það að koma togvírum frá b/v Bjarna Ólafssyni út á haus hafskipabryggjunnar. Var unnið að þessu með þeim hætti, að línu var skotið til togarans frá trillubát í höfninni. Við línurnar voru togvírarnir tengdir. Síðan flutti trillubáturinn þær að ferju I, sem er eign Akranesskaupstaðar. Dró ferjan svo vírana til sín og flutti þá að bryggjunni. Skipstjóri b/v Bjarna Ólafssonar var á trillubátnum og sá um verk þetta svo og um festingu víranna á bryggjunni. Þessu var lokið milli kl. 16.00 og 17.00 um daginn.

Þegar aðstoð b/v Fylkis var boðin fram, var skipið statt í Hafnarfirði. Var skipinu siglt þaðan áleiðis til Reykjavíkur kl. 14.30, og lagðist það á ytri höfnina í Reykjavík kl. 16.00. Þar kom nokkur hluti skipshafnarinnar til skips. Kl. 16.45 var haldið til Akraness og komið þangað kl. 17.53. Þar var skipinu lagt fyrir báðum akkerum. Síðan var hafizt handa um að koma togvírum skipsins í b/v Bjarna Ólafsson, þar sem hann lá strandaður innanvert við höfnina. Mistókst fyrsta tilraunin, sökum þess að vírarnir festust í botni, en í annarri atrennu tókst að koma vírunum á milli og festa þá í Bjarna Ólafsson. Flutningur víranna fór fram með þeim hætti, að ferja I, sem áður er nefnd, kom upp að afturenda b/v Fylkis. Þar fóru stýrimaður og tveir hásetar af Fylki í hana. Síðan voru 25 faðmar af hvorum vír togarans halaðir niður í ferjuna og endarnir settir fastir. Að því búnu sigldi hún með vírana að hlið Bjarna Ólafssonar. Þar var vírendunum lásað í tvo 2½″ víra frá

Bjarna Ólafssyni og togvírarnir dregnir inn og síðan settir fastir í skipinu. Lokið var að koma þessu dráttarsambandi á klukkan rúmlega 20.00. Togvírarnir frá b/v Fylki, er notaðir voru, voru um 300 faðmar að lengd og 3½″ að ummáli og taldir svo að segja nýir. Segir skipstjóri Fylkis, að orðið hafi að höggva um 10 faðma af hvorum vír eftir notkunina vegna skemmda. Þá telur hann, að vírarnir muni hafa tognað vegna óvenju mikillar þenslu.

Áður er frá því greint, að tveimur togvírum frá Bjarna Ólafssyni hafði verið komið fyrir milli hans og hafskipabryggjunnar. Þessir vírar voru báðir að ummáli 3¼″. Kl. 18.30 var vél b/v Bjarna Ólafssonar sett á hálfa ferð áfram til þess að losa sandinn frá hælnum á skipinu. Jafnframt var strengt á togvírunum, sem lágu upp á bryggjuna. Kl. 18.45 var vélin sett á fulla ferð afturábak. Samkvæmt véladagbók skipsins gekk þetta illa sökum stórgrýtis og sands, og í eitt skipti snarstöðvaðist vélin af fullri ferð. Eftir kl. 19.15 var gert það ýtrasta, eftir því sem aðstæður leyfðu, til að ná skipinu á flot, með því að strengja á vírunum í bryggjuna og láta vélina taka með fullu afli afturá, en um kl. 19.40 slitnaði bakborðstogvírinn, og naut hans því ekki lengur við. Þá slitnaði stjórnborðsvírinn tvisvar, en í bæði skiptin tókst að hnýta hann saman aftur. Loks slitnaði hann í þriðja sinn í lokaátakinu við að ná skipinu út. Skipstjóri og stýrimaður Bjarna Ólafssonar segja, að skipið hafi verið byrjað að hreyfast afturábak, áður en Fylkir tók í það.

Áður er frá því sagt, að togvírnum frá Fylki hafi verið fest milli skipanna kl. rúmlega 20.00. Þegar er það hafði verið gert, voru vírarnir jafnaðir og tekið í þá með togvindu og akkerisvindu, samtímis því, að tekið var áfram með fullri ferð. Eftir að togvírarnir voru þandir, var „blauti dampurinn settur á og keyrt með útopnuðu". Fór þá b/v Bjarni Ólafsson smám saman að síga út og flaut alveg kl. 21.05. Var hann dreginn út að b/v Fylki, vírar losaðir úr honum, og lagðist hann síðan fyrir akkeri skammt frá b/v Fylki. Síðar kom í ljós, að skipið lét ekki að stjórn, þannig að það stýrði aðeins til bakborða, og var því b/v Fylkir beðinn að draga það til Reykjavíkur. Kl. 22.21 var lokið við að koma dráttarsambandi á milli skipanna, og skömmu síðar var akkerum létt og haldið sem leið liggur til Reykjavíkur. Ferðin sóttist seint sökum þess, hve mjög b/v Bjarni Ólafsson sótti til bakborða. Laugardaginn 26. september, kl. 1.55, lagðist Fylkir fyrir bakborðsakkeri á ytri höfnina í Reykjavík. Um sama leyti kom dráttarbáturinn Magni að hlið Bjarna Ólafssonar, sem þá sleppti drátt-

artaugunum. Dró Magni síðan skipið að bryggju, og var lokið við að binda það kl. um 3.00.

Stefnandi, sem var vátryggjandi b/v Bjarna Ólafssonar, kveðst hafa orðið að greiða, vegna umrædds atburðar, viðgerðarkostnað skipsins og annan kostnað í því sambandi, samtals kr. 1.119.305.00, svo og björgunarlaun og þóknun til þeirra aðilja, er hjálpuðu til við björgunina, kr. 457.027.43, en fjárhæðir þessar nema samtals hinni umstefndu kröfu. Telur stefnandi sig eiga rétt til endurgreiðslu á fé þessu úr hendi stefnda. Reisir stefnandi rétt sinn til endurgreiðslu á því, að tóg það, sem lenti í skrúfu b/v Bjarna Ólafssonar og orsakaði strand skipsins, hafi verið sama tógið og skipverjar m/s Goðafoss og afgreiðslumenn skipsins í landi slepptu í höfnina á Akranesi við brottför skipsins. Heldur stefnandi því fram, að það verði að teljast gáleysi að skilja tógið eftir á svo fjölfarinni skipaleið og Akraneshöfn er, þar sem stjórnendum m/s Goðafoss hafi átt eða mátt vera ljóst, að tógið gæti lent í skrúfum skipa, sem um höfnina færu, með þeim afleiðingum, sem raun varð á. Þá telur stefnandi, að jafnvel þótt sökin á því, að tóginu var sleppt í höfnina, hafi að einhverju eða öllu leyti verið hjá mönnum þeim í landi, er losa áttu tógið, þá verði að líta svo á, að þeir hafi unnið á ábyrgð stefnda sem afgreiðslumenn skipsins. Sé því auðsætt, að stefndi beri ábyrgð á tjóninu, hvort sem sökin á því, að tóginu var sleppt, var hjá skipverjum m/s Goðafoss eða afgreiðslumönnunum.

Stefndi reisir í fyrsta lagi sýknukröfu sína á því, að það sé ósannað, að tógið, sem fór í skrúfu b/v Bjarna Ólafssonar, hafi verið frá m/s Goðafossi.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ýmis mistök hafi orðið hjá stjórnendum b/v Bjarna Ólafssonar, og megi ætla, að ekkert tjón hefði orðið, ef þeim hefði ekki verið til að dreifa. Bendir stefndi í þessu sambandi á, að skipið hafi ekki verið betur bundið en það, að það hafi slitið sig frá og aðeins einn maður uppi á verði, en yfirmenn í landi.

Þá heldur stefndi því fram í þriðja lagi, að það verði ekki talið neitt áfellisvert, þó að skip höggvi frá sér keðju eða tóg, né heldur að slíkt sé skilið eftir. Slík atvik komi þráfaldlega fyrir, enda þurfi að vera um alveg sérstaka óhappatilviljun að ræða, ef það komi að sök. Auk þess sé samband slíks atferlis og tjóns, er af því kynni að leiða, svo fjarlægt og ófyrirsjáanlegt, að ekki geti leitt til skaðabótaskyldu.

Enn heldur stefndi því fram, að í umrætt skipti hafi verið

um einstakt vonzkuveður að ræða, er hafi valdið því, hvernig fór. Geti hann að sjálfsögðu ekki borið ábyrgð á veðrinu.

Loks telur stefndi, að réttur vátryggingarfélaga til endurgreiðslu sé takmarkaðri heldur en annarra aðilja, og vísar þessu til stuðnings til 25. gr. laga nr. 20/1954. Telur hann, að í ákvæði þessu felist, að jafnvel þótt aðrir kynnu að eiga rétt til endurgreiðslu af tiltefni sams konar því, sem hér ræðir um, þá eigi vátryggingarfélagið það ekki.

Það athugast, að lög þau, sem stefndi hér vitnar til, tóku ekki gildi fyrr en 1. júlí 1954, eða löngu eftir að atburður sá gerðist, sem mál þetta snýst um. Verður því ekki talið, að umrætt ákvæði þeirra komi til álita við úrlausn málsins.

Eftir því sem fram er komið í málinu, er sýnt, að m/s Goðafossi bar nauðsyn til þess að koma sér frá bryggjunni á Akranesi í umrætt skipti vegna óveðurs, hvassviðris og sjógangs við bryggjuna, og af atvikum málsins, sem hafa verið rakin nákvæmlega hér að framan, þykir nægilega fram komið, að tógið, sem fór í skrúfuna á b/v Bjarna Ólafssyni og orsakaði það, að hún stöðvaðist, hafi verið sama tógið, sem sleppt var lausu frá m/s Goðafossi og hafskipabryggjunni við brottför skipsins. Svo virðist sem tóginu hafi verið sleppt nokkurn veginn samtímis frá skipinu og af bryggjunni. Þó benda framburðir þeirra Þórðar Ásmundssonar og Gunnlaugs Gunnarssonar til þess, að tóginu hafi síðar verið sleppt úr skipinu en úr landi. Þegar tógendanum var sleppt frá m/s Goðafossi í höfnina á Akranesi, sem að sjálfsögðu er fjölfarin siglingaleið, verður að telja, að stjórnendum m/s Goðafoss hafi borið skylda til að gera tryggilegar ráðstafanir til þess að fjarlægja tógið úr höfninni, svo að það yrði ekki til trafala eða tjóns öðrum skipum, er þar ættu leið um. Svo sem áður er sagt, gerðu stjórnendur m/s Goðafoss þær einu ráðstafanir í þessu skyni að kalla eða láta kalla til manna þeirra, er á bryggjunni voru og leysa áttu landfestar, og til skipverja hafnsögubátsins, án þess þó að ganga úr skugga um, að menn þessir heyrðu, hvað kallað var, enda hefur komið í ljós, að svo var ekki. Voru því umræddar ráðstafanir stjórnenda m/s Goðafoss allsendis ófullnægjandi. Þá var sérstök ástæða fyrir stjórnendur m/s Goðafoss til að tilkynna skipverjum b/v Bjarna Ólafssonar um það, hvað gerzt hafði, þar eð þeir máttu gera ráð fyrir, að b/v Bjarni Ólafsson héldist ekki um nóttina við bryggjuna frekar en m/s Goðafoss og yrði því að fara um þær slóðir, sem tóginu var sleppt á. En af hálfu stjórnenda m/s Goðafoss var ekkert gert, til

þess að skipverjar b/v Bjarna Ólafssonar fengju vitneskju um atburðinn.

Með því að sleppa umræddu tógi í höfnina á Akranesi og vanrækja síðan, svo sem hér að framan er rakið, að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi verður að telja, að stjórnendur m/s Goðafoss eigi meginsök á strandi b/v Bjarna Ólafssonar. Ber stefndi því, sbr. 13. gr. siglingalaganna, fébótaábyrgð á tjóni því, sem af atburðinum hlauzt.

Þegar b/v Bjarna Ólafssyni var siglt frá bryggjunni, voru engin bönd frá honum í bryggjuna til þess að hafa hemil á skipinu. Af þeim sökum, og eins og veðri var háttað og sjógangi í höfninni, hefðu stjórnendur skipsins átt, þegar er skipið fór frá bryggju, að gera ráðstafanir til þess að hafa akkerið tilbúið, svo að unnt væri að láta það falla, ef eitthvað kæmi fyrir. Þetta var ekki gert, heldur fyrst byrjað að losa akkerið, eftir að skrúfan hafði stöðvazt, og mun það hafa tekið um 15 mínútur.

Að þessu athuguðu verður að telja, að stjórnendur b/v Bjarna Ólafssonar eigi nokkra sök á strandinu. Þykir sakarskiptingin hæfilega ákveðin þannig, að stjórnendur m/s Goðafoss beri ⅔ hluta, en stjórnendur b/v Bjarna Ólafssonar ⅓ hluta.

Að því er varðar fjárhæð stefnukröfunnar, þá hefur stefndi ekki véfengt viðgerðarkostnaðinn og annan kostnað í sambandi við hann, kr. 1.119.305.00. Hins vegar hefur stefndi mótmælt björgunarlaununum og þóknunum, sem stefnandi hefur greitt fyrir hjálp við björgunina, sem of háum.

Hjálp sú, sem b/v Fylkir veitti b/v Bjarna Ólafssyni í umrætt skipti, verður ótvírætt að teljast björgun. Hér að framan hefur verið rakið, hvernig björgunin fór fram, svo og, hverja hjálp aðrir aðiljar en bjargandi veittu við hana. Þegar þessi atriði eru virt svo og önnur atriði, er máli skipta, þ. á. m. verðmæti hins bjargaða, þykir fjárhæð þeirri, kr. 457.027.43, sem stefnandi hefur greitt fyrir björgunina og í sambandi við hana, í hóf stillt, en í sjótjónsniðurjöfnuninni á dskj. 15 er fjárhæðin ýtarlega sundurliðuð.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda ⅔ hluta af kr. 1.576.332.43, eða kr. 1.050.888.29 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 28.000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni skipstjórum.

Vegna veikinda formanns dómsins um langt skeið hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 1.050.888.29 með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1954 til greiðsludags og kr. 28.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 21. júní 1957.

Nr. 46/1957. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
**Brandi Brynjólfssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 21. júní 1957.

Nr. 63/1957. **Útgerðarfélag S.Í.S., Reyðarfirði, og vátryggjandi v/s Jökulsfells**
gegn
**Eysteini Jóhannssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Útgerðarfélag S.Í.S., Reyðarfirði, og vátryggjandi v/s Jökulsfells, er eigi sækja dómþing í máli þessu,

greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 21. júní 1957.

Nr. 72/1957. **Eysteinn Jóhannsson**
gegn
**Útgerðarfélagi S.Í.S., Reyðarfirði, og Trolle & Rothe h/f vegna vátryggingarfélagsins Skuldar.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eysteinn Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Laugardaginn 22. júní 1957.

Nr. 101/1957. **Hólmfríður Kristjánsdóttir**
gegn
**Högna Jónssyni**

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Frests synjað.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 3. þ. m., sem barst Hæstarétti 14. þ. m., hefur sóknaraðili kært synjunarúrskurð um frest, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 27. f. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst hún þess, að hinum kærða

úrskurði verði hrundið, umbeðinn frestur veittur og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar.

Endurrit af sakadómsrannsókn þeirri, sem í málinu greinir, hefur enn eigi verið lagt fram né heldur greinargerð um, á hvaða stigi rannsóknin er nú. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnarilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hólmfríður Kristjánsdóttir, greiði varnaraðilja, Högna Jónssyni, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. þ. m., hefur Högni Jónsson hdl. hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 26. febrúar s.l., gegn Hólmfríði Kristjánsdóttur, Kjartansgötu 8 hér í bænum, til greiðslu á víxilskuld, að fjárhæð kr. 34.500.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi hans að mati dómara.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, útgefnum af Brandi Brynjólfssyni, Baldursgötu 12, hinn 16. október 1956 og samþykktum af stefnda til greiðslu hinn 16. nóvember 1956. Útgefandi er ábekingur á víxlinum.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi máls þessa sé ekki eigandi umræddrar kröfu, heldur sé nafngreindur lögfræðingur hér í bæ eigandi hennar. Kveður umboðsmaður stefnda stefnanda hafa tjáð sér þetta. Þá reisir stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að efni víxilsins sé ekki rétt, án þess þó að gera nánari grein fyrir því atriði. Kveður hún hvorki stefnanda né neinn annan vera heimildarmann að víxli þessum og sé hér eigi

um að ræða neina kröfu á hendur sér, þrátt fyrir efni víxilsins. Kveðst stefndi hafa kært meðferð víxilsins til sakadómarans í Reykjavík. Af hendi stefnanda kom þá fram stefna, greinargerð og víxill. Umboðsmaður stefnda fékk nú viku frest til að rita greinargerð, og kom hún fram í þinghaldi 13. marz s.l. Fengu umboðsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til öflunar gagna til 28. marz s.l. Í þinghaldi þann dag óskaði umboðsmaður stefnda eftir fimm vikna framhaldsfresti til öflunar gagna, meðal annars til að leggja fram endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur af rannsókn varðandi réttmæti víxilkröfunnar. Mótmælti stefnandi því, að hinn umbeðni frestur yrði veittur, og studdi synjun sína þeim rökum, að stefndi hefði hvorki gefið skýrslu fyrir sakadómi varðandi kæru sína né beðið dómara þessa máls að ákveða tíma til aðiljayfirheyrslu. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. apríl s.l., var hinn umbeðni frestur veittur. Er nú málið kom fyrir á bæjarþinginu hinn 2. maí s.l., óskaði umboðsmaður stefnda eftir tveggja vikna framhaldsfresti til öflunar gagna. Lýsti hann því yfir, að honum hefði enn eigi borizt endurrit af rannsókn sakadóms, er fram hefði farið fyrir stuttu, og jafnframt væntanlega væri þörf frekari rannsókar fyrir sakadómi. Stefnandi mótmælti því, að hinn umbeðni frestur yrði veittur. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 11. maí, veitti dómarinn hinn umbeðna framhaldsfrest. Er nú málið kom fyrir á bæjarþinginu hinn 16. þ. m., óskaði umboðsmaður stefnda enn eftir 4 vikna framhaldsfresti til öflunar gagna, þar sem rannsókn málsins fyrir sakadómi væri enn eigi lokið. Stefnandi mótmælti því, að hinn umbeðni frestur yrði veittur, þar sem frestir hafi eigi verið notaðir til að biðja um aðiljayfirheyrslu í málinu. Var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Þegar virtir eru frestir þeir, sem aðiljar þegar hafa haft til öflunar gagna í máli þessu, sem er víxilmál, þá þykir eigi unnt, gegn andmælum stefnanda, að veita hinn umbeðna frest, enda hefur ekki komið fram beiðni um, að dómarinn ákveði tíma til aðiljayfirheyrslu í málinu.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en sökum anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu hans.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Laugardaginn 22. júní 1957.

Nr. 98/1957. **Ákæruvaldið** (Jón P. Emils hdl.)
gegn
**Ingveldi Ólafsdóttur og Helga Trausta Hjartarsyni** (Geir Hallgrímsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Brot gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Sýknað af ákæru fyrir brot á 2. sbr. 4. gr. laga nr. 63/1950.

## Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærðu, hvors um sig, ákveðst 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 100 daga í stað hvorrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Ingveldur Ólafsdóttir og Helgi Trausti Hjartarson, greiði, hvort um sig, 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 100 daga í stað sektar hvors þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns P. Emils og Geirs Hallgrímssonar héraðsdómslögmanna, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1957.**

Ár 1957, miðvikudaginn 22. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 1593—1594/1957: Ákæruvaldið gegn Ingveldi Ólafsdóttur og Helga Trausta Hjartarsyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 13. þ. m.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. marz s.l., höfðað gegn ákærða Ingveldi Ólafsdóttur, Hávallagötu 43 hér í bæ, og Helga Trausta Hjartarsyni framkvæmdastjóra, sama stað, fyrir

1. að byggja, innrétta og taka í notkun fyrir skrifstofur 3. hæð hússins nr. 16 við Skólavörðustíg hér í bæ á árinu 1955 og til maíbyrjunar 1956, þótt nefnd hæð væri teiknuð sem íbúðarhúsnæði og samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur þannig, svo og án þess að fjárfestingarleyfi væri fengið fyrir byggingu þessarar hæðar. Nefnd hæð er eign ákærða Ingveldar, en allar framkvæmdir varðandi byggingu hæðarinnar, innréttingu og ráðstöfun annaðist meðákærði Helgi samkvæmt ótakmörkuðu umboði frá Ingveldi.

2. að byggja, innrétta og taka í notkun 2. hæð nefnds húss til verzlunarreksturs eftir 23. ágúst 1956, þótt nefnd hæð væri teiknuð sem íbúðarhúsnæði og þannig samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur, svo og án þess að fjárfestingarleyfi væri fengið fyrir byggingu þessarar hæðar hússins. Nefnd hæð er eign ákærða Ingveldar en allar framkvæmdir varðandi byggingu þessarar hæðar, innréttingu hennar og ráðstöfun annaðist meðákærði Helgi skv. ótakmörkuðu umboði frá Ingveldi.

Brot það, er greinir í nr. 1 hér að framan, þykir varða við lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. nr. 88/1953, 8. gr., 2. mgr., sbr. 11. gr., og reglugerð um sama efni nr. 212/1953, 23. gr., 2. mgr., sbr. 27. gr.

Brot það, er greinir í nr. 2, þykir auk framangreindra ákvæða varða við bráðabirgðalög nr. 63/1956, 2. gr., sbr. 4. gr.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Ingveldur er fædd 30. maí 1894. Hún hefur ekki sætt kærum eða refsingum fyrr, svo vitað sé.

Ákærði Helgi Trausti er fæddur í Reykjavík 15. janúar 1924. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1947 22/10 Rvík. Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 17/9 — Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.
1949 22/11 — Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 9. febrúar 1954 sækir ákærði í máli þessu, Helgi Hjartarson framkvæmdastjóri, Hávallagötu 43, til Innflutningsskrifstofunnar um fjárfestingarleyfi til byggingar 180 fermetra iðnaðarhúss, allt að 1620 m³, að Skólavörðustíg 16 hér í bæ, en lóðareigandi var tengdamóðir hans, Ingveldur Ólafsdóttir, sem einnig er ákærð í máli þessu. Í umsókn ákærða segir m. a.:

„Í byggingunni verður til húsa framleiðsla á dúkum, litun, saumaskapur og annað, sem við kemur framleiðslu á nærfatnaði og öðrum skyldum fatnaði. Fyrirtækið, sem verður til húsa í byggingunni, er nýtt. Þar sem mikill stofnkostnaður er við niðursetningu véla og tækja, er nauðsynlegt, að verksmiðjan hafi ráð á öruggu húsnæði. Enn fremur, þar sem fyrstu vélarnar til verksmiðjunnar munu koma í næsta mánuði, óskast þessi umsókn tekin til meðferðar hið bráðasta."

Veruleg tregða var hjá stjórnarvöldum fjárfestingarmála að veita leyfi fyrir svo stóru húsi, en eftir ítrekuð viðtöl við ákærða um þarfir hans í bráð og starfrækslumöguleika var honum með bréfi, dags. 9. ágúst 1954, gefinn kostur á fjárfestingarleyfi fyrir einni hæð iðnaðarhúss, að grunnfleti 180 m², enda færi fjárfesting á árinu ekki fram úr 150 þúsund krónum, en fram yrði lögð samþykkt og árituð teikning frá byggingaryfirvöldum."

Ákærði lagði fram teikningu að 200 fermetra húsi, samþykkta af byggingarnefnd. Í kjallara eru geymslur, þvottahús, þurrkhús og miðstöð, auk stiga og ganga. Á fyrstu hæð eru 3 vinnusalir og snyrting auk ganga og stiga. Á 2., 3. og 4. hæð eru íbúðir, ein á hverri hæð, og á þakhæð er ein stór stofa og 6 geymsluherbergi. Hinn 22. september 1954 er gefið út formlegt leyfi samkvæmt þessari teikningu: „Bygging iðnaðarhúss, að grunnfleti 200 ferm., ein hæð. Fjárfesting á árinu má ekki fara fram úr 150 þús."

Fjárfestingarleyfi er ekki gefið út fyrir kjallaranum, þó að Innflutningsskrifstofan hafi litið svo á, að teikning bæri með sér, að geymslur þar muni meira ætlaðar til nota fyrir starfsemi þá, sem fram færi á 1. hæð hússins en íbúðirnar á efri hæðum. Enda mun ekki venja að taka sérstaklega fram í fjárfestingarleyfum um geymsluhluta í kjallara tilheyrandi 1. hæð.

14. janúar 1955 sækir ákærði um endurnýjun á fjárfestingarleyfinu og kveðst þá hafa varið 102 þúsundum til byggingarinnar á árinu 1954, en gerir ráð fyrir 70 þúsund króna kostnaði á árinu 1955. Leyfið var endurnýjað með fjárfestingarleyfi nr. 364, dags. 15. febrúar 1955, og heimiluð 70 þúsund króna fjárfesting það ár.

14. janúar 1956 sækir ákærði enn um endurnýjun leyfisins fyrir það ár, telur kostnað þá vera orðinn 134 þúsund krónur og segist þurfa 50 þúsund króna fjárfestingu á árinu. Þessari beiðni er synjað á fundi Innflutningsskrifstofunnar, og tilkynnt ákærða bréflega 8. júní 1956. Var synjunin m. a. byggð á því, að „skrifstofunni þótti sýnt þegar á árinu 1955, að ekki væri ætlunin að hafa íbúðir í húsinu að Skólavörðustíg 16."

Tilkynnti Innflutningsskrifstofan byggingarnefnd Reykjavíkur m. a. með bréfi, dags. 21. desember 1955, að taka ætti íbúðirnar í nefndu húsi til annarra nota að einhverju leyti, en í svarbréfi byggingarnefndarinnar 29. desember s. á. er sagt, að húsið hafi verið samþykkt sem íbúðarhús, og þá ekki tekið til annarra nota.

Byggingarframkvæmdir hófust árið 1954 um sumarið. Ákærði Helgi Trausti er, eftir því sem fram hefur komið í málinu, meðeigandi í húsinu. Hann hafði fyrir sína hönd og tengdamóður sinnar, ákærða Ingveldar, með höndum stjórn allra framkvæmda við bygginguna og ráðstöfun húsnæðis síðar. Leyfi fyrir byggingunni voru, að svo miklu leyti sem um þau er að ræða, gefin út á hans nafn.

Með samningi, dags. 27. júlí 1954, heimila ákærðu í máli þessu Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni, bróður ákærða Ingveldar, að hagnýta lóðina þannig, að hann láti byggja á henni kjallara hins nýja húss, eftir að gamla húsið, sem á lóðinni stóð, hefði verið fjarlægt. Ákærði Ingveldur skuldbindur sig þá til þess að halda byggingu hússins áfram án tafar, þegar að lokinni bygginu kjallarans. Jafnframt tekur Ásbjörn á leigu fyrstu hæð hússins til 10 ára, frá því byggingu hennar er lokið. Auk þess er Ásbirni Ólafssyni veittur í samningi þessum forleiguréttur að þeim hlutum byggingarinnar, sem eigandi ætlar ekki til eigin nota, svo og forkaupsréttur, en Ingveldi aftur forkaupsréttur að kjallara. Samningur þessi er afhentur til þinglesturs 28. apríl 1955 og færður á veðmálaskrá sama dag, með yfirlýsingu um, að byggingu kjallara sé lokið og Ásbjörn Ólafsson h.f. sé eigandi hans.

Samkvæmt teikningu hússins er flatarmál þess 200.4 $m^2$, en rúmmál þess sem hér segir: Kjallari 734 $m^3$, 1. hæð 649.3 $m^3$, 2., 3. og 4. hæð samtals 1731.5 $m^3$ og rishæð 390 $m^3$. Virðist svo sem Innflutningsskrifstofan hafi í sjálfu sér ekki gert athugasemdir um stærð íbúðanna sérstaklega, enda þótt rúmmetrafjöldi 2., 3. og 4. hæðar sé nokkru meiri en 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. heimila byggingar á án formlegs fjárfestingarleyfis.

Við fyrrnefndan leigusamning gera samningsaðiljar með sér viðbótarleigusamning hinn 5. desember 1955, þar sem Ásbjörn Ólafsson h/f tekur á leigu til 5 ára 2. hæð hússins, frá 1. janúar 1956 að telja. Af samningnum verður það ráðið, að húsnæðið er ekki fullgert, þegar samningurinn er gerður, en leigusali skuldbindur sig til að hraða verkinu eftir föngum og skila húsnæðinu máluðu og dúklögðu í hendur leigutaka, án þess þó að frá því sé gengið í samræmi við teikningar þær, sem byggingaryfirvöld höfðu samþykkt og afhentar voru Innflutningsskrifstofunni, heldur skilað sem einum sal, enda verður það og ráðið af leigusamningi þessum, að húsnæðið er leigt sem verzlunarhúsnæði.

Í aprílmánuði 1956 gerir ákærði Ingveldur leigusamning við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þar sem 3ja hæð hússins, 7 herbergi auk kaffiherbergis, snyrtiherbergis og ganga, er leigð til 5 ára. Ljóst er af húsaskipan svo og leigufjárhæð, að húsnæðið er leigt undir skrifstofur ellegar atvinnurekstur. Húsnæðið er tekið í notkun af Samábyrgðinni í maí-byrjun 1956.

Samkvæmt staðhæfingum ákærða Helga Trausta, framburðum Ásbjörns Ólafssonar og vitna, er leidd hafa verið í málinu, verður að telja nægilega sannað, að Ásbjörn Ólafsson h/f hafi tekið við húsnæðinu á annarri hæð hússins í janúarbyrjun og notað það jafnan síðan undir verzlunarrekstur sinn, fyrst sem dreifingarmiðstöð og vörugeymslu, unz opnuð var sölubúð á báðum hæðum, fyrstu og annarri, samtímis 22. september 1956.

Ákærði Helgi Trausti, sem eins og fyrr segir, hefur haft með framkvæmdir byggingarinnar að gera og ráðstöfun húsnæðisins, kveðst hafa hafizt handa um bygginguna á miðju sumri 1954. Hann segir, að gert hafi verið ráð fyrir því, að íbúðarhúsnæði væri á öðrum hæðum en fyrstu hæð og kjallara, og ekki hafi fengizt formleg leyfi stjórnarvalda byggingarmálefna um, að húsnæði þessu yrði breytt í atvinnuhúsnæði, eftir að byggingin hófst, en teikningar af bygginunni eru gerðar af Sigurði Péturssyni, byggingarfulltrúa í Reykjavík. Ákærði segir, að ástæðan fyrir því, að hann tók ekki húsæðið á fyrstu hæð til notkunar fyrir iðnaðarhúsnæði, svo sem hann gerði ráð fyrir í umsókum sínum til Innflutningsskrifstofunnar, hafi verið sú, að hann hafi verið í fjárhagsvandræðum með að fullgera húsið, en auk þess hafi því einnig valdið tregða gjaldeyrisyfirvalda á að veita yfirfærslu á greiðslu véla, sem hann hafi ætlað til iðnaðarins. Þá segir hann um aðrar hæðir hússins, að þess hafi verið dæmi, að hús hafi verið byggð samkvæmt teikningum, sem gáfu til kynna íbúðarhúsnæði, en eftir að húsin hafi verið langt komin, hafi verið breytt um inn-

réttingar og húsin síðan tekin í notkun sem verzlunarhúsnæði, og fjárfestingarleyfi þá fengizt síðar. Kveðst hann í raun og veru hafa búizt við því fastlega, að hann fengi síðar fjárfestingarleyfi einnig fyrir efri hæðunum. Þær vonir hafi hins vegar brugðizt, því að sér hafi verið sagt af starfsmönnum Innflutningsskrifstofunnar, að tilgangslaust væri að sækja um leyfi til slíkra breytinga, og fyrir því hafi hann eigi gert það.

Sigurður Pétursson, byggingarfulltrúi í Reykjavík, sem einnig var húsameistari húss þess, er mál þetta fjallar um, mætti í málinu. Skýrði hann frá því, að kjallari og fyrsta hæð hússins væru teiknaðar fyrir atvinnurekstur, en aðrar hæðir sem íbúðarhúsnæði, þó þannig, að allir innveggir nema stigahús væru léttir, þ. e. ekki steyptir upp um leið og útveggir, óháðir burðarmagni hússins, þannig að auðvelt væri að breyta fyrirkomulagi þess, án þess að burðarþol raskaðist. Hafi þetta verið gert með þá staðreynd í huga, að húsið stæði við mikla verzlunargötu, þannig að breyta mætti húsnæðinu í verzlunar- eða atvinnuhúsnæði, þegar leyfi fengizt til slíks, án mikillar fyrirhafnar eða eyðileggingar verðmæta. Hann var um það spurður, hvort íbúðarhæðirnar hafi í öllu verið byggðar í samræmi við teikningar þær, sem samþykktar voru af byggingaryfirvöldum bæjarins, og svaraði hann því játandi, en tók þó fram, að þær hafi ekki verið fullgerðar eftir þeim teikningum, sem fyrir lágu og samþykktar voru af byggingarnefnd, og þess vegna geti byggingarfulltrúi ekki gefið vottorð um, að íbúðarhæðirnar séu fullgerðar samkvæmt samþykktum uppdráttum. Telur hann það ekki brjóta í bága við teikningar, þó að ekki sé lokið byggingu til fulls.

Ákærði Ingveldur skýrði frá því, að húseignin, sem hér um ræðir, sé sameign sín og tengdasonar síns, ákærða Helga Trausta, að undanskildum kjallara, er Ásbjörn Ólafsson eigi. Kveðst hún, áður en byggingarframkvæmdir hófust eða leyfi var veitt til þeirra, hafa veitt tengdasyni sínum umboð til þess að gera fyrir sína hönd hvaða ráðstafanir, sem hann teldi hagkvæmar og nauðsynlegar vegna byggingarinnar, og hafi hann síðan haft á hendi fyrir hana alla umsýslu af eigininni. Hún kveðst aldrei hafa sett sig neitt inn í viðskipti í sambandi við eignina eða um framkvæmd hennar, meðan hún var í smíðum, eða hagnýtingu hennar.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að ákærðu hafa ráðstafað húsnæði því, sem um ræðir í síðari tölulið ákæruskjalsins, annarri hæð umræddrar húseignar með leigusamningi, dagsettum 5. desember 1955, sem afhentur er til þinglesturs 13. desember, þar sem húsnæðið er leigt frá 1. janúar 1956 að telja, til

Ásbjörns Ólafssonar h/f, og enn fremur verður að telja, að sannað sé, að Ásbjörn Ólafsson hafi tekið húsnæðið til notkunar og notað síðan sem verzlunarhúsnæði frá því í janúarmánuði 1956, fyrst sem dreifingarmiðstöð og birgðageymslu, en síðan sem sölubúð. Af þeim sökum ber þegar að sýkna hin ákærðu af ákærunni um brot á 2. sbr. 4. gr. laga nr. 63/1956.

Þegar virt eru þau atriði, að ákærði Helgi sækir upphaflega um leyfi fjárfestingarstjórnarvalda til byggingar atvinnuhúsnæðis, að húsið er teiknað með það fyrir augum, að því megi auðveldlega breyta í verzlunarhúsnæði, þegar leyfi fáist til þess, að leigusamningur er gerður, þegar áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar um húsnæði 1. hæðar, til 10 ára, sem útilokar þann tíma þá hagnýtingu húsnæðisins, sem Innflutningsskrifstofunni er tjáð, að tilætluð sé, og hún síðan byggir leyfi sitt á, svo og leigusamningar þeir og ráðstöfun á húsnæði 2. og 3. hæðar til verzlunar- og skrifstofunota, svo sem að framan hefur verið lýst, svo og önnur atriði, er fram hafa komið við rannsókn máls þessa, þá þykja leiddar að því mjög sterkar líkur, að tilgangur ákærðu, er þau lögðu fram teikningar hússins og hófu síðan byggingu þess, hafi ekki verið sá, að húsnæðið yrði notað til íbúða, svo sem stjórnarvöld byggingarmálefna og fjárfestingarmálefna máttu ætla. Ákærðu bar að hafa leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkvæmt 2. mgr. sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og reglugerð um sama efni nr. 212/1953, 2. mgr., sbr. 1. mgr. 23. gr., til byggingar annarrar og þriðju hæðar, til þess að geta ráðstafað henni, svo sem raun varð á. En með því að þau höfðu eigi slíkt leyfi, verður að telja, að þau séu bæði brotleg við nefnt laga- og reglugerðarákvæði, og leysir það ákærða Ingveldi eigi undan sök, þó að hún hafi veitt ákærða Helga Trausta umboð til þess fyrir sína hönd að gera allar ráðstafanir vegna byggingarinnar.

Refsing hinna ákærðu samkvæmt 11. gr. fyrrnefndra laga og 27. gr. reglugerðarinnar, hvors um sig, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 25.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing hvorrar sektar varðhald í 150 daga, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærðu in solidum til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Helgi Trausti Hjartarson og Ingveldur Ólafsdóttir, greiði, hvort um sig, 25.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing hvorrar sektar skal vera varðhald í 150 daga, verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Einars Ásmundssonar hrl, kr. 5000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 147/1957. **Jón E. Waage**
og
**Þórunn Waage**
gegn
**Kristjáni Guðlaugssyni.**

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.**

Synjun frests.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. þ. m., er barst dóminum hinn 16. s. m. Frá þeim hafa hins vegar eigi borizt kröfur né greinargerð, en ætla verður, að þeir hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. september 1957.**

Gerðarbeiðendur, Jón E. Waage og Þórunn Waage, hafa krafizt þess, að þeim verði með beinni fógetagerð afhentar kr. 31.205.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags svo og kr. 5000.00 í málskostnað, en þau skýra svo frá, að gerðarþoli, Kristján Guðlaugsson hrl. hér í bæ, haldi upphæðum þessum fyrir þeim. Er hér um að ræða dómsupphæð í málinu Kristján Guðlaugsson f. h. eigenda Stóru-Voga gegn Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck Cos, sem rekið var og dæmt í aukadómi Keflavíkurflugvallar sem málið nr. 7/1956. Gerðarbeiðendur krefjast þess, að gerðarþola, Kristjáni Guðlaugssyni, verði gert að greiða sér málskostnað í fógetamáli þessu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Meðalgönguaðilinn, Stefán Runólfsson, Gunnarsbraut 34, hefur krafizt þess aðallega, að gerðarþola verði gert að afhenda sér alla hina umdeildu fjárhæð ásamt áföllnum vöxtum, en til vara, að honum verði gert að afhenda sér 56,25% upphæðarinnar. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda in solidum.

Meðalgönguaðiljarnir Jón Benediktsson, Sveinn Pálsson, Guðlaugur Aðalsteinsson og Óskar Eyjólfsson hafa krafizt þess, aðallega, að þeim verði afhent öll hin umdeilda upphæð úr hendi gerðarþola, en til vara, að þeim verði afhentar 2135/4880 hluti hennar. Þeir krefjast þess, að gerðarbeiðendum verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Í réttarhaldi hinn 29. ágúst s.l. lýsti umboðsmaður gerðarbeiðenda, Páll S. Pálsson hrl., því yfir, að hann myndi óska rannsóknar sakadómarans í Reykjavík á meðferð gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar, á hinni umdeildu fjárhæð, og krafðist hann þess, að málinu yrði frestað, meðan á þeirri rannsókn og málsmeðferð stæði. Umboðsmenn meðalgönguaðiljanna, Jón Magnússon hdl. og Gunnar A. Pálsson hrl., mótmæltu því, að máli þessu yrði frestað af þessum sökum, og lýstu því yfir, að þeir teldu gagnaöflun lokið af sinni hálfu. Þar sem ekki náðist samkomulag um atriði þetta, var það tekið til úrskurðar.

Eftir því sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

Samkvæmt veðbókarvottorði á rskj. 3 eru þau Jón E. Waage og Þórunn Waage eigendur jarðarinnar Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu. Fyrir liggur í máli þessu samningur Jóns E. Waage og Stefáns Runólfssonar, sem áður er á minnzt að framan, og leigir Jón Stefáni landspildu í landi Stóru-Voga

til sandtekju og að nokkru til grjótnáms. Samningur þessi var gerður til ákveðins tíma, en mun nú lokið.

Hinn 7. desember 1956 gekk dómur í máli því, er Kristján Guðlaugsson hrl. höfðaði fyrir aukarétti Keflavíkurflugvallar gegn Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck Companies, og urðu málsúrslit þau, að stefndu var gert að greiða stefnanda kr. 31.205.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað. Mál þetta höfðaði Kristján Guðlaugsson f. h. eigenda Stóra-Voga, þeirra Sveins Pálssonar, Hábæ, Péturs Jónssonar, Nýja-bæ, Margrétar Helgadóttur, Tumakoti, Jóns G. Benediktssonar, Suðurkoti, svo og f. h. Stefáns Runólfssonar. Hefur Kristján Guðlaugsson hrl. veitt dómsfjárhæðinni viðtöku, er nú er í vörzlum hans.

Fyrir liggur í réttinum sem rskj. 6 bréf Lárusar Jóhannessonar hrl. til gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., dags. 11. júní 1956, og krefst Lárus þess f. h. Jóns E. og Þórunnar Waage, að það fé, sem Kristján hafi veitt móttöku samkvæmt framangreindum dómi, verði greitt sér sem umboðsmanni nefndra aðilja. Enn fremur hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 4 bréf Páls S. Pálssonar hrl. til Kristjáns, og krefst Páll þess, að sér verði afhent féð sem umboðsmanni Jóns E. og Þórunnar Waage.

Gerðarþoli hefur lagt fram greinargerð í máli þessu og heldur því fram, að Jón E. Waage sé ekki réttur aðili máls þessa. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Í greinargerð meðalgönguaðiljans Stefáns Runólfssonar segir, að með úrskurði fógetaréttar Hafnarfjarðar, uppkveðnum 5. ágúst 1954 og framlögðum í máli þessu sem rskj. nr. 12, hafi því verið slegið föstu, að hann hefði sandnám Stóru-Voga á leigu frá gerðarbeiðendum máls þessa. Sandsala sú, sem er grundvöllur máls þessa, hafi átt sér stað á þeim tíma, sem Stefán hafði ofangreint sandnám á leigu, og þannig beri honum öll sú fjárhæð, sem um sé deilt í máli þessu. Tekið er fram, að varakrafan byggist á því, að smábýlaeigendur Vogatorfunnar telji sig eiga hluta sandnáms Stóru-Voga, en um það sé ágreiningur.

Þá segir í greinargerð, sem fram hefur komið af hálfu annarra meðalgönguaðilja í máli þessu, að fjara sú, sem umrætt sandnám er í, sé í óskiptri sameign gerðarbeiðenda og meðalgönguaðiljanna, og er vísað til landskiptagerðar, sem fram hefur verið lögð í máli þessu um eignarhlutföll að fjörunni. Aðalkrafa þessara aðilja er á því byggð, að gerðarbeiðendur hafi selt svo mikinn sand úr námunni og tekið svo mikla leigu eftir það án þess að greiða meðalgönguaðiljunum réttmætan hluta þeirra, að þeir eigi tví-

mælalaust alla hina umdeildu fjárhæð. Varakrafan byggist aftur á móti því, að meðalgönguaðiljarnir geti ekki átt minni hluta hinnar umdeildu fjárhæðar en svari til eignarhluta þeirra í sandnáminu í heild.

Í réttarhaldi í málinu hinn 29. ágúst s.l. lýsti umboðsmaður gerðarþola, Kristján Guðlaugsson hrl., því yfir, að Kristján hefði hina umdeildu fjárhæð í vörzlum sínum, en að hann hefði hana ekki á neinn hátt sérgreinda.

Réttinum hefur borizt samrit af bréfi Páls S. Pálssonar til sakadómarans í Reykjavík, dags. 29. ágúst s.l. Er þess farið á leit, að sakadómarinn rannsaki meðferð og varðveizlu gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., á dómfé því, sem um er deilt í fógetamáli þessu. Hefur Páll, eins og að framan segir, krafizt þess, að meðferð máls þessa verði frestað, meðan yfir standi meðferð sakadómsrannsóknarinnar.

Í 117. gr. laga nr. 85/1936 segir, að dómari einkamáls geti frestað máli ex officio, ef hann fái grun um það, að refsivert athæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hafi verið höfðað eða opinber rannsókn verið hafin út af, og telja megi, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins. Er þá og gert ráð fyrir, að frestur þessi standi, þar til séð er fyrir enda opinbera málsins eða rannsóknarinnar.

Nú verður ekki séð, að í máli þessu hafi neitt það komið fram, sem grun veki um, að gerðarþoli, Kristján Guðlaugsson, hafi gerzt sekur um misferli, að því er varðar meðferð hans og varðveizlu hinnar umdeildu fjárhæðar. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki tilefni til að fresta meðferð fógetamáls þessa vegna ofannefndrar sakadómsrannsóknar.

Því úrskurðast:

Frestkrafa umboðsmanns gerðarbeiðenda verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 73/1957. **Kristjana Ísleifsdóttir**
gegn
**Lofti Jens Magnússyni og Björgvin Kr. Friðsteinssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristjana Ísleifsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 103/1957. **Guðmundur Guðmundsson og Kristinn Kristinsson**
gegn
**Jóni Jónssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Guðmundsson og Kristinn Kristinsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 111/1957. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
**Stefáni Valgeirssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Stefáni Valgeirssyni, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 116/1957. **Agnar Bogason**
gegn
**Hafþór Guðmundssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Agnar Bogason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Hafþór Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 2. október 1957.

Nr. 139/1957. **Hjálmar Þorsteinsson & Co.**
gegn
**Kristjáni Sigurmundssyni.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Málskostnaðarákvæði dóms kært.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. júlí þ. á., er barst Hæstarétti 5. f. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja og gagnsök. Krefst sóknaraðili þess, að dæmdur málskostnaður í aðalsök í héraði verði hækkaður, að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í gagnsök svo og að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að hvor málsaðilja beri kostnað sinn af gagnsök í héraði, en ákvæði héraðsdóms um málskostnað í aðalsök staðfestist.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í aðalsök á að vera óraskað.

Hvor málsaðilja ber kostnað sinn af gagnsök í héraði.

Varnaraðili, Kristján Sigurmundsson, greiði sóknaraðilja, Hjálmari Þorsteinssyni & Co., kr. 800.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1957.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hjálmar Þorsteinsson & Co. hér í bæ höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. júní 1952, gegn Kristjáni framkvæmdastjóra Sigurmundssyni, Kvisthaga 27 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 19.685.96 með 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1951 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar í kr. 7.686.56, en til vara lækkunar í kr. 12.597.36. Í báðum tilvikum hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda. Enn fremur hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 29. okt. 1952, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 11.489.40 með 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1951 til greiðsludags, og er aðalkrafa hans sú, að kröfum hans verði skuldajafnað við dómkröfur gagnstefnda í aðalsök, en til vara krefst hann sjálfstæðs dóms um kröfur sínar. Við munnlegan flutning málsins lækkaði gagnstefnandi fjárhæðina í gagnsök í kr. 9.313.44. Hann hefur og krafizt málskostnaðar í gagnsök.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þeir, að veturinn 1950 til 1951 smíðaði aðalstefnandi fyrir aðalstefnda 27 hurðir með körmum, geriktum, listum og öllu tilheyrandi, og var verkinu lokið í aprílbyrjun 1951. Gerði aðalstefnandi fyrir verkið reikning, að fjárhæð kr. 34.158.04, er aðalstefndi greiddi honum athugasemdalaust í maímánuði s.á. Í júní og júlí sama ár vann aðalstefnandi við að setja plast á eldhúsveggi, gólflista í eldhúsi og lakkbera sólbekki, hurðir, lista og þröskulda, og var öll vinna þessi af hendi leyst í húsi aðalstefnda. Reikningur aðalstefnanda af þessum sökum nemur kr. 2.175.96, og hefur aðalstefndi ekki greitt hann. Þá um sumarið smíðaði aðalstefnandi enn fremur eldhúsinnréttingu í hús aðalstefnda. Hafði hann áður gert tilboð í verk þetta fyrir kr. 17.000.00. Er reikningur aðalstefnanda fyrir þetta verk dags. 16. ágúst 1951 og nemur kr. 17.510.00, þ. e. tilboðsverðið auk 3% söluskatts. Þann 22. október 1951 lét aðalstefndi dómkveðja tvo matsmenn til þess að meta hæfilegt verð á munum þeim, er hann kvaðst hafa keypt af aðalstefnanda á árinu. Matsgerðin er dagsett 4. apríl 1952 og virðist ná til verka þeirra, sem getið er hér að framan, annarra en eldhúsinnréttingarinnar, og nam matsverðið kr. 26.844.60. Hinn 18. apríl 1952 ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf og taldi, að samkvæmt tilboðinu og matsgerðinni bæri sér að greiða fyrir

heildarviðskiptin kr. 43.844.60, en upp í þá fjárhæð kvaðst hann þegar hafa greitt kr. 34.158.04 auk matskostnaðar, kr. 2000.00, er hann taldi aðalstefnanda skylt að greiða. Mismuninn, kr. 7.686.56, kvaðst aðalstefndi reiðubúinn að greiða. Í svarbréfi sínu, dags. 26. s. m., taldi aðalstefnandi hina athugasemdalausu greiðslu aðalstefnda á fyrrgreindum reikningi jafngilda fullkominni viðurkenningu á réttmæti hans og matið því þýðingarlaust, enda allt of seint framkvæmt. Jafnframt var matinu mótmælt sem óstaðfestu og röngu og aðalstefnanda áskilinn réttur til að krefjast yfirmats. Loks var mótmælt greiðsluskyldu á matskostnaði og krafizt fullrar greiðsla á kr. 19.685.96. Varð ekki samkomulag með aðiljum, og var mál þetta síðan höfðað. Hinn 11. apríl 1956 lét aðalstefnandi dómkveðja 3 menn til þess að meta yfirmati þau verk, sem matsgerðin frá 4. apríl 1952 tók til. Yfirmatsgerðin er dagsett 18. maí 1956, og er matsfjárhæðin þar kr. 32.115.40 með meðtöldum 3% söluskatti.

Aðalsök. Því hefur þegar verið lýst, hvernig aðalkrafa aðalstefnda er útreiknuð, en varakrafan er reist á sömu rökum með þeirri breytingu, að yfirmatsfjárhæðin kemur þar í stað fjárhæðar undirmatsins. Stefnukrafan er, eins og fyrr var greint frá, um greiðslu á kr. 17.510.00 fyrir innréttingu samkvæmt tilboði auk söluskatts og kr. 2.175.96 fyrir ýmsa vinnu. Þykir henta að ræða hvorn reikning um sig.

Aðalstefndi mótmælti þegar í upphafi heimild aðalstefnanda til að bæta söluskattinum, kr. 510.00, við tilboðsverðið, kr. 17.000.00, og virðist rétt að taka þau mótmæli hans til greina, enda er það venja, að taka tillit til söluskatts í verðum, þegar tilboð eru gerð af þessu tagi. Verður krafa aðalstefnanda að þessu leyti því tekin til greina, að því er varðar kr. 17.000.00.

Síðari kröfuliður aðalsakar var innifalin í báðum matsgerðunum, þótt aðalstefndi hefði ekki enn greitt hann. Yfirmatinu hefur á engan hátt verið hnekkt, og þykir verða að leggja það hér til grundvallar, en samkvæmt því var endurgjald fyrir verk aðalstefnanda, þau sem það tók yfir, lækkað um sem næst 11,61%, og þykir eftir atvikum rétt að lækka þenna kröfulið að sama skapi, eða um kr. 252.63. Verður þessi liður því tekinn til greina með kr. 1.923.33.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða kr. 18.923.33 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Gagnsök. Gagnstefnandi rökstyður kröfu sína með því, að hann hafi þegar greitt gagnstefnda kr. 34.158.04, en verk hans

hafi aðeins verið metin á kr. 26.844.60, og beri gagnstefnda því að endurgreiða mismuninn, kr. 7.313.44, auk matskostnaðar, kr. 2.000.00.

Gagnstefndi hefur talið matið of seint framkvæmt, enda hafi gagnstefnandi greitt reikninginn fyrir verkið án nokkurra athugasemda og því firrt sig rétti til endurheimtu.

Viðskipti aðilja voru með þeim hætti, að ekki verður talið, að gagnstefnandi hafi glatað rétti sínum til að endurheimta það, sem telja yrði oftekið, þótt ekki hefðist hann handa um mat á verkum þessum fyrr en raun varð á. Hins vegar var það rakið í aðalsök hér að framan, að undirmatið verður ekki lagt til grundvallar um þetta. Samkvæmt yfirmatinu var endurgjaldið lækkað um sem næst 11,61%, og þykir því rétt að dæma gagnstefnda til að endurgreiða þann hundraðshluta af þeim kr. 34.158.04, sem hann hefur þegar fengið greiddar, þ. e. kr. 3.965.75 með vöxtum, eins og krafizt var. Krafa gagnstefnanda um greiðslu matskostnaðar er í eðli sínu málskostnaðarkrafa, og verður hún því ekki tekin til greina í þessu sambandi. Rétt þykir, að dæma gagnstefnda til að greiða málskostnað í gagnsök, og þykir hann með hliðsjón af framanrituðu hæfilega ákveðinn kr. 2.600.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni húsasmíðameistara og Gísla Skúlasyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Kristján Sigurmundsson, aðalstefnanda, Hjálmari Þorsteinssyni & Co., kr. 18.923.33 með 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 3.965.75 með 6% ársvöxtum frá 16. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 2.600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1957.

Nr. 108/1956. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
**Kristjáni Gestssyni** (Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Manndráp og líkamsmeiðing af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

## Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að dómur gekk í héraði. Geir Bachmann bifreiðaeftirlitsmaður, sem þá kom fyrir dóm, kvað veginn, þar sem slysið varð, liggja tæpt á hárri melbrún með nokkrum hliðarhalla, og hafi ytri brún vegarins, sem liggur í brekkubrúninni, verið mjög laus. Kvað hann mikla rigningu hafa verið uppi við Þverárrétt allan slysdaginn. Vegurinn hafi því verið mjög blautur, en sökum hliðarhallans á honum, þar sem slysið varð, hafi þar ekki verið neinir pollar, og engar vilpur eða slörk hafi verið á veginum þar í nánd. Ólafur Jónsson, sem ók bifreiðinni M 145 og mætti bifreið ákærða, rétt áður en slysið varð, svo sem greinir í héraðsdómi, kom einnig fyrir dóm, er framhaldspróf voru háð. Bar vætti hans saman við skýrslu Geirs Bachmanns um veðurfar slysdaginn og ástand vegarins, að því leyti sem hann var um það spurður. Vitni þessi voru bæði eiðfest.

Eggert Einarsson, héraðslæknir í Borgarnesi, kom einnig að nýju fyrir dóm hinn 25. marz þ. á. Lýsti hann því, að allir hinir slösuðu farþegar, að Andrési Björnssyni undanteknum, hefðu náð sér eftir vonum. Kvað hann sér ekki vera kunnugt um, að neinn þeirra hefði hlotið varanleg örkuml. Hins vegar hafi Andrés Björnsson, eftir að hann var gróinn sára sinna, „sýnt æ meiri andleg örkuml, sem ætla má, að standi í sambandi við slysið“.

Ákærði hafði áður ekið um veginn, þar sem slysið varð. Með því að honum var ljóst, að vegurinn var mjög varasamur í brekkubrúninni, bar honum að sýna sérstaka varfærni, er hann ók þar um. Hann hafði og meðferðis 9 farþega í bifreiðarhúsinu og auk þess lausan sauðfénað á palli bifreiðarinnar, sem gerði aksturinn enn varhugaverðari. Orsakir slyssins má rekja til þess, að ákærði hafi ekið of tæpt á brekkubrúninni og lent við það í hinni lausu möl, sem þar var. Með þessum ógætilega akstri og þeim afleiðingum, sem þar af hlutust, hefur hann gerzt sekur við lagaboð þau, sem hann er dæmdur eftir í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og bera að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gestsson, greiði 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.**

Bifreið ákærða var mjög hlaðin, er haldið var úr Þverárrétt að kvöldi hins 28. september 1955, og nokkur hluti farms-

ins, um 20 lausar kindur, á palli, þannig að gæta þurfti sérstakrar varúðar um akstur. Veður var óhagstætt, mikil rigning, og hafði svo verið um daginn. Leið ákærða lá að slóðum, þar sem veltuhætta var mikil, ef eitthvað bar út af, og þekkti ákærði þá staðhætti. Að svo vöxnu máli bar ákærða að gæta ýtrustu varúðar í akstri á nefndri leið, en mjög skorti á þá varúð, er ákærði ók bifreiðinni út af veginum og síðan upp á hann aftur. Á hann því með gáleysi sök á hinu stórfellda slysi. Með atferli þessu hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og gegn 9. gr. bifreiðalaganna og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga með því að aka bifreiðinni án hraðamælis. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga. Þá ber og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð mitt er því þannig:

Ákærði, Kristján Gestsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Hann er sviptur ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. marz 1956.**

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Kristjáni Gestssyni, afgreiðslumanni í Borgarnesi, fyrir að hafa miðvikudaginn 28. sept. s.l. ekið bifreiðinni M 37 hraðamælislausri, eftir atvikum of hratt og án nægrar aðgæzlu eftir veginum frá Þverárrétt í Borgarfirði, þannig að hún valt út af veginum með þeim afleiðingum, að tveir af farþegunum, Einar Ólafsson og Sveinn Skarphéðinsson, sem í henni voru, slösuðust svo mjög, að þeir létust, en hinir farþegarnir, sjö að tölu, slösuðust meira og minna. Í ákæruskjalinu, sem er útgefið 19/12 f. á., er ákærði talinn hafa brotið 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

9. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Kröfur í ákæruskjali eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15/4. 1909, og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. sept. 1955 ók ákærði bifreið sinni, M 37, sem er hálfkassabifreið fyrir 10 farþega og er tryggð sem atvinnubifreið hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands, frá Borgarnesi upp að Þverárrétt. Voru í bifreiðinni með honum uppeftir 9 farþegar. Ákærði dvaldist í réttinni allan daginn, en kl. 6 um kvöldið ók hann burt úr réttinni og ætlaði til Borgarness. Áður en hann fór af stað, tók hann á pall bifreiðarinnar ca. 20 kindur, er Þórólfur Þorvaldsson í Borgarnesi átti. Er ekið var burt frá réttinni, voru 10 menn í húsi bifreiðarinnar, og sátu þeir, eftir því sem næst verður komizt, þannig:

Ákærði sat undir stýri bifreiðarinnar. Í framsæti til hliðar við hann sat Þórólfur Þorvaldsson, verkamaður frá Borgarnesi. Í miðsæti sat Einar Ólafsson, verkamaður í Borgarnesi, fyrir aftan bifeiðarstjórann, þá Sveinn Skarphéðinsson, verkamaður í Borgarnesi, þá Halldór Gestsson, verkamaður í Borgarnesi, og loks Ingimundur Sæmundsson, verkamaður í Reykjavík. Í aftursæti sat Þórður Jónsson, verkamaður í Borgarnesi, fyrir aftan Einar Ólafsson, þá Andrés Björnsson, verkamaður í Borgarnesi, þá Guðmundur Egilsson, unglingspiltur í Borgarnesi, og loks Gunnar Kristjánsson, unglingspiltur í Borgarnesi, sonur ákærða.

Ákærði, sem hefur viðurkennt, að enginn hraðamælir hafi verið í bifreiðinni M 37, kveðst hafa ekið frá réttinni með á að gizka 25 km hraða. Ber honum um það að mestu saman við farþega þá, er voru í bifreiðinni, því þeir segja sumir, að hann hafi ekið hægt, en aðrir gizka á, að hann hafi ekið á allt að 30 km hraða. Er komið var nokkuð frá réttinni, liggur vegurinn, sem var ruddur vegur á melholti, niður nokkra brekku og utarlega í brekkubrúninni. Segir ákærði, að þá hafi komið á móti sér vörubifreiðin M 145, og hafi bifreiðarnar mætzt, rétt eftir að M 145 kom upp á brekkubrúnina. Kveðst hann þá hafa dregið úr ferð bifreiðar sinnar, en kveðst þó eigi viss um, að hann hafi skipt um ganghraðastig, og síðan vikið til vinstri út af götunni og út á melinn. Þar sem bifreiðin, er á móti kom, vék eigi það mikið til hliðar, að hann gæti mætt henni án þess að fara út

fyrir vegarslóðina. Nokkrir farþega þeirra, er í bifreiðinni voru, segjast hafa tekið eftir því, er hún mætti bifreiðinni M 145, en aðrir þeirra segjast eigi hafa tekið eftir því, er bifreiðarnar mættust, því farið hafi verið að skyggja, blautt var um og rigning og því illa sézt út um rúður bifreiðarinnar, er voru óhreinar. Bifreiðarstjórinn á M 145, Ólafur Jónsson, bóndi á Kaðalsstöðum, segir, að hann hafi veitt því eftirtekt, er hann ók upp brekkuna, að bifreiðin M 37 kom á móti honum, og virtist, að dregið væri úr ferð hennar í þeim tilgangi, að bifreiðarnar eigi mættust, fyrr en M 145 væri komin upp brekkuna, og kveðst hann hafa farið fram hjá M 37 uppi á brekkubrúninni, og hafi hún þá verið á lítilli ferð eða sem næst stöðvuð. Síðar kveðst hann hafa athugað fjarlægðina frá þeim stað, er bifreiðarnar mættust á, og til þess staðar, er bifreiðin M 37 fyrst lenti út af veginum, og telur hann hana 25—40 metra.

Ákærði segir, að er hann var kominn fram hjá bifreiðinni M 145, hafi hann ætlað að sveigja bifreiðina M 37 inn á veginn aftur. Tókst honum það, en þá rann hún áfram til hægri, yfir veginn og út á brekkubrúnina. Kveðst hann þá hafa fundið, að hann hafði eigi vald á að snúa stýrinu, og virtist, að það stæði fast. Rann nú bifreiðin áfram með hægri hjólin út af veginum, og reyndi hann að sveigja hana upp á veginn aftur, en tókst það eigi, og er hún hafði runnið þannig um 13 metra áfram, valt hún niður brekkuna nokkrar veltur og stöðvaðist á hvolfi í mýri fyrir neðan brekkuna, um 35 metra frá þeim stað, er henni hvolfdi. Farþegar þeir, er í bifreiðinni voru, segjast hafa merkt það, er bifreiðin var komin til hægri út af veginum og fór að hallast, en enginn þeirra, nema Andrés Björnsson, kveðst hafa heyrt ákærða tala um það, er bifreiðin fór út af veginum, að bifreiðin léti ekki að stjórn, því stýrið væri ekki í sambandi.

Er bifreiðin M 37 eftir veltuna lá á hvolfi niðri í mýrinni, komu fyrstir á slysstaðinn þeir Haukur Jörundsson, kennari á Hvanneyri, og Ellert Finnbogason, kennari á Bárustöðum, er í þessum svifum voru að koma í bifreið í réttina. Rétt á eftir komu margir menn frá Þverárrétt á vettvang. Þeir ákærði, Halldór bróðir hans og Guðmundur Egilsson höfðu þá af sjálfsdáðum komizt út úr bifreiðarflakinu, en hinir sjö lágu undir því. Þeir Haukur og Ellert reyndu að lyfta flakinu, svo það hvíldi sem minnst á mönnum þeim, er undir því lágu, og þegar fleiri menn komu að, var bifreiðargrindinni velt ofan af þeim. Kom þá í ljós, að þeir Einar Ólafsson og Sveinn Skarphéðinsson voru látnir af höfuðáverkum. Andrés Björnsson var með stórt svöðu-

sár á höfði. Þórólfur Þorvaldsson var sár á höfði og rifbrotinn, Þórður Jónsson var rifbrotinn og marinn. Aðrir voru marðir og með smáskrámum, en Gunnar Kristjánsson var í yfirliði. Var þegar í stað náð símasambandi við héraðslæknana á Kleppjárnsreykjum og í Borgarnesi og þeir kvaddir á vettvang. Jafnframt var náð símasambandi við Akranes og fengin þaðan sjúkrabifreið. Lík hinna látnu voru flutt til Borgarness, en hinir slösuðu voru fluttir í þinghúsið við Þverárrétt, og gerðu læknarnir þar að sárum þeirra. Voru þeir Andrés Björnsson og Gunnar Kristjánsson síðan fluttir í sjúkrabifreið á sjúkrahúsið á Akranesi, en hinir fluttir í Borgarnes.

Bifreiðaeftirlitsmaður Geir G. Bachmann í Borgarnesi athugaði flak bifreiðarinnar M 37 eftir slysið. Telur hann, að hemlar hennar hafi verið í fullkomnu lagi. Hann segir, að „Spindilboltar" hafi verið dálítið slitnir, en eigi verulega, og stýrissambönd í lagi. Loks athugaði hann með tveimur bifvélavirkjum úr Borgarnesi stýrisgang bifreiðarinnar. Tóku þeir í sundur stýrisvél hennar og framhjól af henni og fundu eigi neitt athugavert, nema hvað „Togstöng" var bogin, en telja, að hún beri þess merki, að hún hafi bognað, er bifreiðin valt niður brekkuna.

Að réttarins áliti verður eigi talið, að ákærði hafi ekið bifreiðinni M 37 óeðlilega hratt frá Þverárrétt 28. sept. s.l. Hins vegar verður að telja, að hann hafi eigi sýnt nauðsynlega aðgæzlu, er hann skipti eigi um ganghraðastig, er hann mætti bifreiðinni M 145. Loks verður að telja, að honum hafi orðið mistök á, er hann, eftir að hafa orðið þess var, að hægra framhjól bifreiðarinnar var komið út af veginum, reyndi að aka bifreiðinni áfram í hliðarhalla og sveigja hana upp á veginn aftur, í stað þess að beita hemlum bifreiðarinnar og freista að stöðva hana á brekkubrúninni. Mátti honum vera ljóst, að er bifreiðin tók að hallast, hlaut farmur sá, er var á palli bifreiðarinnar, 20 kindur, að flytjast á hægri helming bifreiðarpallsins, en við það jókst stórlega hættan á því, að bifreiðin ylti niður brekkuna. Verður að telja, að þetta gáleysi hans hafi valdið dauða þeirra tveggja manna, er létust í bifreiðarslysinu, og meiðslum þeirra annarra manna, er í bifreiðinni voru.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, sé hún eigi

greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gestsson, afgreiðslumaður í Borgarnesi, greiði 3000 — þrjú þúsund — króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 — tuttugu — daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stjórna bifreið í 3 — þrjú — ár frá birtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 12/1956. **Hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
**Stjórnarnefnd ríkisspítalanna**
(Sigurður Ólason hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.**

Um skyldu sveitarfélags að framfæra mann.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1956, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þar sem úrlausn um sveitfesti Soffíu Tryggvadóttur bar undir yfirvöld, má samkvæmt lögjöfnun frá 1. og 11. gr.

laga nr. 14/1905 fallast á það með héraðsdómaranum, að fyrning á gjaldkröfu stefnda hafi verið rofin með bréfi hans til sýslumanns Dalasýslu 22. janúar 1952, er áfrýjandi virðist þegar hafa fengið vitneskju um. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m.., hefur Sigurður Ólason hrl. f. h. skrifstofu ríkisspítalanna hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. marz 1954, gegn hreppsnefnd Hvammshrepps, Dalasýslu, f. h. hreppsins til greiðslu ógoldins dvalarkostnaðar Soffíu Tryggvadóttur á Kleppi frá 12. febrúar 1940 til ársloka 1953, samtals kr. 25.582.41 með 6% ársvöxtum af skuldinni, eins og hún var um hver áramót síðan 31. des. 1940. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. marz 1933 ráðstafaði hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps Soffíu Tryggvadóttur til dvalar á geðveikrahælinu Kleppi, og hefur hún dvalizt þar síðan. Er Soffía fædd í Bíldsey á Breiðafirði 21. október 1916. Hinn 28. marz 1934 kvað sýslumaðurinn í Dalasýslu eftir kröfu Fellsstrandarhrepps upp úrskurð um sveitfesti Soffíu. Samkvæmt þeim úrskurði var Hvammshreppur talinn framfærslusveit Soffíu, frá því er hún varð fullra 16 ára, og er sú niðurstaða reist á því, að móðir Soffíu hafi síðast átt lögheimili í þeim hreppi, áður en Soffía fæddist. Þessi úrskurður var síðan staðfestur af Atvinnumálaráðuneytinu hinn 11. marz

1935. Eftir að framfærslulögin nr. 135 frá 1935 gengu í gildi, óskuðu oddvitar Fellsstrandarhrepps og Hvammshrepps úrskurðar sýslumannsins um sveitfesti Soffíu. Samkvæmt þeim úrskurði, uppkveðnum 22. desember 1936, taldi sýslumaðurinn Hvammshrepp eftir sem áður framfærslusveit Soffíu. Niðurstaða þessi er reist á því, að óeðlilegt sé, að ákvæði 13. gr. framfærslulaganna frá 1935 verði látin verka aftur fyrir sig. Staðfesti Atvinnumálaráðuneytið úrskurð þenna hinn 27. maí 1937. Á árinu 1938 var þess farið á leit af hálfu Hvammshrepps, að málið yrði tekið upp af nýju. Með bréfi, dags. 26. ágúst 1938, lagði Atvinnumálaráðueytið fyrir sýslumann Dalasýslu að kveða upp úrskurð í málinu af nýju. Með úrskurði sýslumannsins, uppkveðnum hinn 15. apríl 1939, er framfærsluskyldan lögð á Fellsstrandarhrepp frá því, er málið var tekið upp af nýju, þ. e. 26. ágúst 1938. Er niðurstaða þessi reist á því, að Hella í Fellsstrandarhreppi hafi verið lögheimili Soffíu og Fellsstrandarhreppur hafi verið síðasta heimilissveit hennar, áður en sjúkrahúsvist hennar hófst. Oddviti Hvammshrepps mun hafa áfrýjað úrskurði þessum, en áfrýjunarfresturinn mun hafa verið liðinn og málinu því ekki sinnt. Hinn 12. febrúar 1940 gengu í gildi ný framfærslulög nr. 52 frá 1940, og mun þá hafa verið talið af hálfu Fellsstrandarhrepps, að þau lög felldu niður skyldu þess hrepps til að framfæra Soffíu. Kveður stefnandi Fellsstrandarhrepp hafa hætt greiðslu dvalarkostnaðar Soffíu frá gildistökudegi laganna. Árið 1944 höfðaði skrifstofa ríkisspítalanna mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Hvammshreppi til greiðslu vistgjalda vegna umræddrar Soffíu fyrir árin 1940, 1941, 1942 og 1943, og var Fellsstrandarhreppi stefnt til réttargæzlu í málinu. Dómur í málinu féll 1. nóvember 1944, og var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Í Hæstarétti féll dómur í málinu 21. marz 1945 og var Hvammshreppur sýknaður að svo stöddu af kröfum áfrýjanda. Í forsendum að umræddum dómi Hæstaréttar segir: „Þar sem hér er raunverulega ágreiningur milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu, sem stjórnvöld þau, er greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940, hafa enn ekki lagt úrskurð á, þá ber að sýkna stefnda, Hvammshrepp, að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda". Með bréfi, dags. 22. janúar 1952, var þess svo krafizt af hálfu skrifstofu ríkisspítalanna, að gerð yrði gangskör að því að innheimta ógreitt meðlag umræddrar Soffíu. Sýslumaður Dalasýslu krafði þá Fellsstrandarhrepp um greiðslu umræddra meðlags, en af hálfu þess hrepps var greiðslu neitað og talið, að Hvammshreppur ætti að inna greiðslu þessa af hendi.

Er Hvammshreppur synjaði um greiðslu, tók sýslumaðurinn atriðið til úrskurðar að kröfu oddvita Fellsstrandarhrepps. Með úrskurði, uppkveðnum 21. maí 1952, var Hvammshreppi sem framfærsluhreppi Soffíu, er hún var vistuð á Klepp, gert að greiða sjúkrahúsinu meðlag með henni frá gildistöku laga nr. 52 1940. Staðfesti Félagsmálaráðuneytið úrskurð þenna hinn 20. febrúar 1953. Stefnandi kveðst síðan hafa árangurslaust krafið stefnda um greiðslu meðlagsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt framangreindum úrskurði, uppkveðnum 21. maí 1952 og staðfestum 20. febrúar 1953, beri stefnda að greiða hinn umstefnda dvalarkostnað.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að rökstuðningur með umræddum úrskurði Félagsmálaráðuneytisins sé rangur og sé því úrskurðurinn sjálfur efnislega rangur. Jafnframt er því haldið fram af hálfu stefnda, að með framangreindum dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. marz 1945, hafi því verið slegið föstu, að Hvammshreppur beri ekki ábyrgð á greiðslu umræddrs dvalarkostnaðar.

Mál það, sem hér um ræðir, er sprottið af ágreiningi milli sveitarfélaga um framfærsluskyldu. Í núgildandi lögum um þetta efni nr. 80 frá 1947 segir svo í 76. gr. m. a.: „Nú verður ágreiningur sveitarfélaga í milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim . . .“ Og síðar í sömu grein: „. . . Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra . . .“ Telja verður, að ákvæði þessi beri að skýra á þann veg, að með þeim hafi ætlun löggjafans verið sú, að yfirvöld, en eigi dómstólar, hafi fullnaðarúrskurðarvald um ágreiningsefni þessi, en af því leiðir, að úrskurður Félagsmálaráðuneytisins frá 20. febr. 1953 er endanleg úrlausn um það, hver hafi verið framfærslusveit nefndrar Soffíu, er dvöl hennar á Kleppi hófst. Samkvæmt því kemur þessi sýknuástæða eigi til álita.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. marz 1945, hafi því verið slegið föstu, að stefndi beri ekki ábyrgð á greiðslu umræddrs dvalarkostnaðar. Með dómi þessum var Hvammshreppur sýknaður að svo stöddu af kröfu ríkisspítalanna, sbr. það, sem fyrr segir. Kemur þessi varnarástæða því heldur eigi til álita.

Að lokum hefur verið á það bent af hálfu stefnda, að krafa til vistgjalds fyrir tímabilið frá 12. febrúar 1940 til 13. marz 1950 sé fyrnd. Með vísun til 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905

er fyrningarfrestur slíkra krafna, sem hér um ræðir, fjögur ár. Samkvæmt því er sá hluti stefnufjárhæðarinnar, sem gjaldkræfur var 31. desember 1947, kr. 9.746.71, fyrndur. Er það vistgjald áranna 1940—1947, og er þá miðað við, að fyrningu hafi verið slitið með bréfi stefnanda til sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 22. janúar 1952, þar sem þess var farið á leit, að hafizt yrði handa um innheimtu vistgjaldsins.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.871.70 (kr. 1.939.80 + kr. 1.934.50 + kr. 2.204.00 + kr. 2.592.80 + kr. 3.331.60 + kr. 3.869.00) ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Sigurði Ólasyni f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, kr. 15.871.70 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 1.939.80 frá 1. janúar 1949 til 31. desember s. á., af kr. 3.874.30 frá 1. janúar 1950 til 31. desember s. á., af kr. 6.078.30 frá 1. janúar 1951 til 31. desember s. á., af kr. 8.671.10 frá 1. janúar 1952 til 31. desember s. á., af kr. 12.002.70 frá 1. janúar 1953 til 31. desember s. á. og af kr. 15.871.70 frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 82/1955. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
**Henry Saunderson** (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

## Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Álitsgerð hefur gefið í málinu Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík. Rex Fawkener Pelling skipstjóri og ratsjárfræðingur hefur og látið í té álit. Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari og Friðrik A. Jónsson útvarpsvirkjameistari hafa verið dómkvaddir til uppsögu álits um ýmis atriði. Síðar voru kvaddir af dómi til álitsgerðar þeir Sigurður Þorkelsson yfirverkfræðingur, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson siglingafræðikennari og Þorsteinn Kr. Þórðarson siglingafræðikennari.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Ægis hinn 19. apríl 1955. Samkvæmt því reyndist staður togara ákærða um 2,1 sm fyrir innan fiskveiðimörkin kl. 22.54, um 2,4 sm innan nefndra marka kl. 23.00, um 2,00 sm innan sömu marka kl. 23.08 og um 0,4 sm innan markanna kl. 23.19.

Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að ratsjármælingar varðskipsins séu eigi nægilega öruggar til þess, að sakfelling ákærða verði reist á þeim. Voru því hinn 14. janúar 1956 dómkvaddir þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari og Friðrik A. Jónsson útvarpsvirkjameistari til þess að rannsaka nákvæmni ratsjáa af tilteknum gerðum og þá einkum ratsjár varðskipsins Ægis, sem er af Cossor-gerð og notuð var við staðarákvarðanir þær, sem í málinu greinir. Hinir

dómkvöddu tveir menn skýra svo frá, að Cossor-ratsjá Ægis hafi fjórar vegalengdir, og muni vegalengdin 0-12 sm hafa verið notuð, er togari ákærða var tekinn. Nákvæmni ratsjárinnar sé sú, að ætla verði fyrir fjarlægðarskekkju ± 2% af notuðum vegalengdarmælikvarða. Hafi ratsjáin verið sett ný í varðskipið Ægi hinn 17. ágúst 1953 og því verið um tuttugu mánaða gömul, þá er togari ákærða var tekinn. Þá hafi og verið framkvæmt sérstakt eftirlit á ratsjánni hinn 22. desember 1954 og hafi hún reynzt í ágætu lagi. Auk þess hafi yfirmenn varðskipsins stöðugt eftirlit með henni.

Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari hefur markað á sjóuppdrátt staði togara ákærða kl. 22.54, kl. 23.00, kl. 23.08 og kl. 23.19 hinn 19. apríl 1955, bæði þannig, að eigi er ætlað fyrir fjarlægðarskekkju á ratsjánni, og einnig þannig, að gert er ráð fyrir ± 2% fjarlægðarskekkju á henni. Í öllum tilvikunum, að einu fráskildu, reyndust staðir togarans að vera innnan fiskveiðimarkanna, en í einu tilvikinu kom staður togarans á markalínuna. Eigi var þá gert ráð fyrir hugsanlegum skekkjum á ratsjármiðunum til togarans. En í þessu sambandi er á það að líta, að staðarlínur samkvæmt fjarlægðarmælingunum kl. 23.00 og 23.08 liggja allar innan fiskveiðimarkanna, og geta hugsanlegar miðunarskekkjur engu breytt um það. Þá markaði Jónas Sigurðsson á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins þannig, að gert er ráð fyrir ± 5% fjarlægðarskekkju á ratsjá varðskipsins Ægis á vegalengdinni 0—12 sm. Reyndust þá staðarlínur mælinganna kl. 23.08 báðar vera fyrir innan fiskveiðimörkin, og staðarlínur mælinganna kl. 23.00 einnig báðar að mestu leyti fyrir innan sömu mörk.

Samkvæmt ósk sækjanda máls þessa voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 18. apríl 1956 og 22. marz 1957 dómkvaddir þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radiodeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Þorsteinn Kr. Þórðarson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess:

a) Að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjármælinga almennt og einkum til ná-

kvæmra fjarlægðarmælinga og staðarákvarðana, þ. á m. með samanburði við sextant.

b) Að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni og öryggi Cossor-ratsjár-tækis þess, sem notað var í varðskipinu Ægi 19. apríl 1955, þ. á m. við sem líkastar aðstæður því, sem greint er í þessu máli um eftirför téðs varðskips og töku á togaranum Cape Cleveland að kvöldi þess dags.

c) Að sannreyna aðstöðu til hornmælinga í sambandi við fjarlægðarmælingar og staðarákvarðanir með ratsjá almennt og sérstaklega með því tæki, sem um ræðir **sub b** hér á undan, og við þar greindar aðstæður.

d) Að gera ýtarlega og rökstudda álitsgerð um téð málefni allt.

Hinir dómkvöddu menn fóru í varðskipinu Ægi 22.—25. marz 1957 á þær slóðir, þar sem togari ákærða var tekinn, og gerðu mælingar sem næst þeim stöðum, sem varðskipið Ægir var á hverju sinni, þá er það gerði mælingar sínar 19. apríl 1955. Gerðar voru á hverjum stað fyrir sig staðarákvarðanir með Cossor-ratsjá Ægis og notaðir sömu mælistaðir og Ægir notaði 19. apríl 1955, þ. e. Ingólfshöfði og Selhöfði. Samtímis var hver staður fyrir sig ákvarðaður með sextantmælingum, og síðan var gerður samanburður á fjarlægðum til mælistaðanna, annars vegar fundnum með ratsjármælingum og hins vegar með sextantmælingum. Kom þá í ljós, að mesti fjarlægðarmismunur til mælistaðanna við notkun þessara tveggja aðferða var 0,2 sm, þ. e. um 1,7% af þeim fjarlægðarkvarða, sem notaður var á ratsjánni, og reyndist fjarlægðin yfirleitt meiri samkvæmt ratsjármælingunum. Í tveimur tilvikum var einnig notuð Kelvin-Hughes ratsjá Ægis, en enginn mismunur varð fundinn á útkomum hennar og Cossor-ratsjárinnar.

Á leiðinni til Reykjavíkur og síðan í Faxaflóa gerðu hinir dómkvöddu menn margar mælingar með ratsjám varðskipsins Ægis í því skyni að kanna mismun á miðunum, teknum annars vegar með ratsjám Ægis í sambandi við Gyro-áttavita skipsins, og hins vegar teknum beint á Gyro áttavitann, svo og til þess að bera saman fjarlægðir, fundnar

með ratsjám, og fjarlægðir samkvæmt sextantmælingum. Mesti mismunur á miðunum, sem fram kom við þessar athuganir, var 1½° með Cossor-ratsjánni og 2½° með Kelvin-Hughes ratsjánni. Mesti fjarlægðarmismunur, borinn saman við sextantmælingar, sem fannst, þá er Cossor-ratsjáin var notuð, var í Faxaflóa 2,5%, enda var þá mælt til nesodda, sem eigi gáfu jafn greinilegt endurvarp og hærri og þverhnýptari staðir eða hlutir.

Þá er hinir dómkvöddu menn höfðu fengið þessar niðurstöðu, mörkuðu þeir í þrjá sjóuppdrætti staði togara ákærða samkvæmt mælingum Ægis hinn 19. apríl 1955, kl. 22.54, kl. 23.00 og kl. 23.08. Þar eru á ýmsa vegu teknar til greina mestu skekkjur, sem fundust á báðar ratsjár Ægis, og ætíð teknar þær niðurstöður, sem eru ákærða langmest í hag. Þá koma fram þrír ferhyrningar í hverjum sjóuppdrætti, þar sem togari ákærða gæti hafa verið staddur, og liggja þeir allir innan fiskiveiðimarkanna, nema hvað örlítið horn af einum þeirra þriggja, sem miðaður er við staðarákvörðunina kl. 22.54, virðist ná aðeins út fyrir markalínuna. Í þessu tilviki er þó reiknað með meiri miðunarmismun en fannst á Cossor-ratsjánni.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma.

Þá er litið er til ástands afla og veiðarfæra, er varðskipsmenn komu um borð í togara ákærða, og svo til þeirra skýrslu ákærða sjálfs, að fyrst kl. 23.00 var hafizt handa um að draga inn vörpuna, en það tekur nokkurn tíma, verður að telja sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi. Með þessum verknaði hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 17000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Henry Saunderson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 17.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1955.**

Ár 1955, föstudaginn 22. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1476/1955: Ákæruvaldið gegn Henry Saunderson, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er Henry Saunderson, skipstjóri á brezka togaranum Cape Cleveland, H 61, til heimilis í 17 Campion Avenue í Hull, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að kvöldi þriðjudagsins 19. apríl 1955 úti af Ingólfshöfða, innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. október 1910 í Hull, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Þórarins Björnssonar, skipstjóra á varðskipinu Ægi, eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 19. þ. m. var varðskipið statt grunnt úti af Breiða-

merkursandi á vesturleið, þegar togari, sem síðar reyndist vera Cape Cleveland, H 61, sást grunsamlega nærri landi. Varðskipið hélt í áttina til hans, og kl. 22.51 sást frá því, að hann sneri stefni að landi. Kl. 22.54 var þessi staðarákvörðun gerð í varðskipinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Salthöfði, | fjarlægð | 6,0 | sjómílur |
| Ingólfshöfði, | — | 9,0 | — |
| Togarinn rétt-vísandi 200°, | — | 6,3 | — |

Samkvæmt þessu var togarinn 2,1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Um leið og staðarákvörðunin var gerð, sneri togarinn á austlæga stefnu.

Kl. 23.00 var þessi staðarákvörðun gerð:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ingólfshöfði, | fjarlægð | 8,0 | sjómílur |
| Salthöfði, | — | 5,2 | — |
| Togarinn rétt-vísandi 196°, | — | 4,8 | — |

Samkvæmt þessu var togarinn, sem í þessum svifum sneri frá landi, 2,2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 23.08 var þessi staðarákvörðun gerð:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ingólfshöfði, | fjarlægð | 6,5 | sjómílur |
| Salthöfði, | — | 4,5 | — |
| Togarinn rétt-vísandi 181°, | — | 3,0 | — |

Kl. 23,19 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð í sambandi við annan togara, sem einnig var grunsamlega nærri landi, og um leið tekin miðun í áðurnefndan togara, sem varðskipið var þá farið að veita eftirför.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ingólfshöfði, | fjarlægð | 5,5 | sjómílur |
| Salthöfði, | — | 5,3 | — |
| Togarinn rétt-vísandi 158°, | — | 2,2 | — |

Kl. 23.37, 23.39 og 23.43 var skotið lausu skoti að togaranum, en kl. 23.46, 23.49 og 23.52 var skotið að honum kúluskotum. Kl. 23.53 nam togarinn staðar, og kl. 23.58 nam varðskipið staðar hjá honum, og var þá þessi staðarákvörðun gerð:

Ingólfshöfði réttvísandi 287°, fjarlægð 10,5 sjómílur, dýpi 102 metrar.

Togarinn var með stjórnborðshlera hangandi í gálgum utanborðs, og menn voru við vinnu á þilfari við að hífa netið upp og draga það til. Einnig höfðu þeir lagt nokkrar bugtir út fyrir borðstokkinn.

II. stýrimaður varðskipsins fór ásamt fleiri varðskipsmönnum

yfir í togarann. Var þá talsvert af óaðgerðum spriklandi fiski á þilfarinu stjórnborðsmegin, og einnig voru rúllur gljáfægðar.

Kl. 00.50 um nóttina sá II. stýrimaður, sem þá var á verði í togaranum, að enn var spriklandi fiskur á þilfarinu.

Ákærði neitaði að fara yfir í varðskipið og óskaði eftir brezka eftirlitsskipinu Rattlesnake á vettvang. Skipherra varðskipsins samþykkti það, að vörður var hafður í togaranum. Frá honum var sett út dufl nokkru vestar en hann var stöðvaður, og togaði hann við það dufl, meðan beðið var komu eftirlitsskipsins. Veður var S 6, sjór S 4, skýjað, gott skyggni, loftvog 775.

Daginn eftir, miðvikudaginn 20. f. m., kl. 09.15, kom brezka eftirlitsskipið Rattlesnake á vettvang. Var þá léttbátur settur út frá varðskipinu og ákærði sóttur og einnig tveir yfirmenn úr eftirlitsskipinu. Ákærða voru nú kunngerðir allir málavextir, að yfirmönnum eftirlitsskipsins viðstöddum. Meðal annars var honum skýrt frá því, að varðskipsmenn hefðu fylgzt nákvæmlega með ferðum hans, bæði í ratsjá og með berum augum. Hann neitaði staðarákvörðunum varðskipsins, en kvaðst hafa innbyrt vörpuna kl. 23.00 G.M.T. Enn fremur gat hann þess, að tveir togarar hefðu verið nær landi en hann. Ákveðið var í samráði við yfirmenn eftirlitsskipsins að fara með togarann til Reykjavíkur, og var lagt af stað þangað kl. 10.55. Veður var A 6, sjór A 4, skýjað loft, loftvog 777. Miðanir allar og athuganir voru gerðar af öllum þremur stýrimönnum varðskipsins sameiginlega með ratsjá og gíróáttavita, að skipherra viðstöddum og undir eftirliti hans.

Allir þrír stýrimenn varðskipsins hafa staðfest þessa skýrslu skipherrans, og hafa I. og II. stýrimaður, sem gerðu ratsjármælingarnar, skýrt svo frá, að góð skilyrði hafi verið til þeirra, mælingastaðirnir greinilegir.

Skipherrann og þessir tveir stýrimenn hafa skýrt svo frá, að önnur skip hafi verið í nánd við togarann, þegar varðskipið varð fyrst vart við hann, en þau hafi bæði verið vestan við hann og hafi ekkert skip borið milli togarans og varðskipsins, frá upphafi eftirfararinnar og þar til henni lauk. Öll þessi vitni hafa staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að botnvörpuveiðum þetta kvöld, og stóð síðasta togið yfir frá kl. 21.30 til kl. 23.00. Hins vegar neitar hann, að veiðar þessar hafi farið fram innan fiskveiðitakmarkanna, og kveðst álíta, að varðskipið hafi tekið togarann í misgripum fyrir annað skip. Sjálfur var hann á stjórnpalli þetta kvöld og fylgdist með ratsjá togarans, en hún er ný. Þegar hann kastaði vörpunni, kveðst hann hafa verið 12 sjómílur

suðaustur til austur af Ingólfshöfða, og var dýpið þar 50 faðmar. Fyrst togaði hann í norðausturátt í 10 mínútur, en eftir það í vestur- og suðvesturátt, þar til hann dró inn vörpuna kl. 23.00. Var dýpið þá 47 faðmar og Ingólfshöfðaviti í norðvestri til norðri. Í toginu kveðst hann hafa komið það næst landi, að fjarlægðin var 5,5 sjómílur. Loftskeytamaður togarans hefur skýrt svo frá og staðfest með eiði, að hann hafi við og við litið á ratsjá togarans, meðan síðasta togið stóð yfir, til að fylgjast með, hvort hún væri í lagi. Engar upplýsingar hefur hann þó gefið um fjarlægð skipsins frá landi, nema að hann hafi litið í ratsjána, þegar varpan var innbyrt, og séð, að fjarlægðin var þá 5,3 sjómílur frá ströndinni austanvert við Ingólfshöfðavitann. Hann áætlar, að fjarlægðin frá landi, meðan verið var að toga, hafi verið um einni sjómílu meiri en þetta. Hvorki ákærði né loftskeytamaðurinn heyrðu að eigin sögn nein skot varðskipsins, og hefur ákærði haldið því fram, að sigling sín út frá landi í þetta sinn hafi stafað af því, að á nóttunni sé betri afli fjær landi heldur en þar sem hann var um kvöldið.

Með mælingum varðskipsforingjanna á stöðum togarans kl. 22.54 og 23.00 og skýrslu ákærða um athafnir togarans þá, sem er í samræmi við ástand afla og veiðarfæra togarans, þegar varðskipsmenn komu um borð í hann, er sannað þrátt fyrir mótmæli ákærða um staðarákvarðanirnar, að togarinn hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 659.27 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Allan afla og veiðarfæri togarans, þar með talda dragstrengi, ber að gera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Henry Saunderson, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri togarans Cape Cleveland, H 61, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 156/1957. **Eigendur v/b Jörundar Bjarnasonar**
gegn
**Ingólfi G. S. Espholin.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðiljar, sem fengu vitneskju um uppsögu héraðsdóms hinn 11. f. m., hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. s.m., og bárust dóminum skjöl málsins hinn 24. s. m. Sóknaraðiljar krefjast þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. júlí 1957.**

Mál þetta, sem var dómtekið 19. f. m., hefur Sæmundur Ólafsson útgerðarmaður, Bíldudal f. h. eigenda m/b Jörundar Bjarnasonar, Bíldudal, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Espholin forstjóra, Höfða hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 83.812.64 með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnenda, hvernig sem málið fer.

Málið var flutt frá bæjarþingi fyrir sjó- og verzlunardóminn hinn 19. f. m.

Málsatvik eru þessi:

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 15. október 1953, lagði lögmaður stefnenda fram stefnu, yfirlitsreikning, greinargerð og afrit kröfubréfs.

Í stefnunni segir ekki annað um tilefni eða aðdraganda málsins en þetta: „Krafa þessi er samkvæmt yfirlitsreikningi m/b Jörundar Bjarnasonar". Yfirlitsreikningurinn var svohljóðandi:

„Yfirlitsreikningur 5/10 1953

| Frystihúsið Bíldudal | Kr. | au. |
|---|---|---|
| m/b Jörundur Bjarnason | | |
| 1953 Júní 9. Pro inneign ..... | 133.812.64 | |
| Kr. | 133.812.64 | |

f. h. Frystihúsið Bíldudal
Páll Ágústsson".

Í greinargerðinni er ekki annað til skýringar á málavöxtum en þetta:

„Með því að yfirlitsreikningurinn á dskj. 2 stafar frá stefndum og skuldin því virðist viðurkennd, sýnist ekki þurfa frekari skýringa.

En í júlímánuði þ. á galt stefndur Sæmundi Ólafssyni kr. 25.000.00 og jafnhá (svo) fjárhæð í ágúst s.l., þá hefur umbj.m. dregið kr. 50.000.00 frá fjárhæð reikningsins."

Hinn 5. nóvember 1953 lagði lögmaður stefnda fram greinargerð sína. Er í henni mótmælt því, að framangreindur reikningur sé gerður í umboði stefnda, enda sé reikningurinn ósundurliðaður, rangur og órökstuddur. Enn fremur er því haldið fram í greinargerð stefnda, að hann hafi þegar goldið rúmlega 46 þús-

und krónur í peningum af stefnukröfunni og hann telji sig eiga gagnkröfur á hendur fyrirsvarsmanni stefnenda og séu þær allmiklu hærri en eftirstöðvar stefnukröfunnar.

Á bæjarþingi, er háð var 18. febrúar 1954, var lögð fram áskorun af hálfu stefnda um, að stefnendur legðu fram sundurliðaðan reikning um viðskipti þau, sem þeir telja stefnukröfuna á reista.

Hinn 31. maí s. á. kom fyrirsvarsmaður stefnenda, Sæmundur Ólafsson, fyrir dóm, en hvorki komu þá fram sundurliðaðir reikningar né verulegar skýringar á viðskiptum aðilja.

Stefndi höfðaði síðan gagnsök með stefnu, útgefinni 19. sept. 1955, en eftir að gagnstefndu höfðu krafizt frávísunar gagnsakar, var hún hafin 23. apríl 1956.

Við dómtöku málsins hinn 19. f. m. lagði lögmaður stefnenda fram viðskiptayfirlit ásamt nótum og endurriti bréfs, er sýndi, að endurrit gagna þessara höfðu verið send lögmanni stefnda hinn 1. s. m. Af hálfu stefnda var því andmælt, að gögnum þessum mætti koma að í málinu, og þess krafizt, að þeim yrði ekki sinnt, þegar dómur yrði upp kveðinn.

Hér að framan hefur því verið lýst, að réttmæti yfirlitsreikningsins var véfengt í greinargerð stefnda, auk þess sem ákveðin andmæli gegn honum eru í ýmsum gögnum málsins, enn fremur því, að stefndi skoraði á stefnendur, áður en fyrirsvarsmaður þeirra kom fyrir dóm, að rökstyðja og sundurliða kröfu sína. Gagnaöflun í málinu var talið lokið 15. marz 1956, og þann tíma, er það beið flutnings, þ. e. til 19. júní 1957, gerðist ekki frekara í þá átt, nema talin sé fyrrnefnd sending til lögmanns stefnda. Af þessu er því ljóst, að kröfur stefnenda eru svo mjög vanreifaðar, að ekki verður komizt hjá að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, enda þykja gögn þau, sem fram voru lögð við dómtökuna, of seint framkomin til þess að koma í veg fyrir þessi úrslit málsins.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnendur til að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 2.500.00.

Dóminn hafa uppkveðið þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Jóhann Ólafsson forstjórar.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, eigendur m/b Jörundar Bjarnasonar, greiði stefnda, Ingólfi G. S. Espholin, kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum

---

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 155/1957. **Kópanes h/f**
gegn
**Ingólfi G. S. Espholin.**

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Frávísun frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um uppsögu héraðsdóms hinn 11. f. m., hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. s. m., og bárust skjöl málsins dóminum hinn 24. s. m. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa kröfur eða greinargerð eigi borizt.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. júlí 1957.**

Mál þetta, sem var dómtekið 19. f. m., hefur Sæmundur Ólafsson útgerðarmaður, Bíldudal, f. h. stjórnar h/f Kópaness, Bíldudal, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. október 1953, gegn Ingólfi G. S. Espholin forstjóra, Höfða hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 90.095.65 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Málið var flutt frá bæjarþingi fyrir sjó- og verzlunardóm hinn 19. f. m.

Málsatvik eru þessi:

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 15. október 1953, lagði lögmaður stefnanda fram stefnu, yfirlitsreikning, greinargerð og afrit kröfubréfs.

Í stefnunni segir ekki annað um tilefni eða aðdraganda málsins en þetta: „Krafa þessi er samkvæmt yfirlitsreikningi m/b Frigg 5. þ. m.“ Yfirlitsreikningurinn var svohljóðandi:

„Yfirlitsreikningur 5/10 1953
Frystihúsið Bíldudal
m/b Frigg, Bíldudal

| 1953 | | Úttekið Kr. au | Innlagt Kr. au. |
|---|---|---|---|
| Apríl 30 | Pro: Innl. fiskur f. aprílm. .... | | 177.564.50 |
| Maí | An: Greitt í Rvk innl. í ávbók .... | 75.000.00 | |
| — | — Út. Bryggjugjald o. fl. ..... | 1.807.70 | |
| — | — Ofreiknað á fisknótu 20/4 .... | 661.15 | |
| Júlí | — Greitt með milliskr. N svsm. .. | 5.000.00 | |
| | — Mismunur ..... | 95.095.65 | |
| Ágúst 1. | Pro: Inneign ..... | | 95.095.65 |

f. h. Frystihúsið Bíldudal
Páll Ágústsson“.

Í greinargerðinni er ekki annað til skýringar á málavöxtum en þetta:

„Með því að yfirlitsreikningurinn á dskj. 2 stafar frá stefndum og skuldin er því viðurkennd, virðist ekki ástæða til að skýra þetta mál nánara.

„En í ágústmánuði síðastliðnum greiddi stefndur Magnúsi Jónssyni kr. 5.000.00, og hefur umbj. minn dregið það frá fjárhæð reikningsins.“

Hinn 5. nóvember 1953 lagði lögmaður stefnda fram greinargerð sína. Er í henni mótmælt því, að framangreindur reikningur sé gerður í umboði stefnda, enda sé reikningurinn ósundurliðaður, rangur og órökstuddur. Enn fremur er því haldið fram í greinargerð stefnda, að svo hafi verið samið, að inneign hans hjá Niðursuðuverksmiðjunni á Bíldudal skyldi ganga til greiðslu

á skuld hans við stefnanda, og sé sú inneign tæpum 30 þúsund krónum hærri en krafa stefnanda í máli þessu.

Í þinghaldi á bæjarþinginu hinn 18. febr. 1954 var lögð fram af hálfu stefnda áskorun til stefnanda um að leggja fram sundurliðaðan reikning yfir viðskipti þau, sem stefnandi telur stefnukröfuna á reista.

Með stefnu, útgefinni 19. september 1955, höfðaði stefndi gagnsök í málinu, en hún var hafin 23. apríl 1956, eftir að gagnstefndi hafði krafizt þess, að henni yrði vísað frá dómi.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Sæmundur Ólafsson, kom fyrir dóm á bæjarþinginu hinn 31. maí 1954, en hvorki komu þá fram sundurliðaðir reikningar né verulegar skýringar á viðskiptum aðilja.

Við dómtöku málsins hér fyrir dómi studdi lögmaður stefnda dómkröfur sínar við hin sömu gögn sem í upphafi, en mótmælti auk þess sem óstaðfestu og röngu vottorðinu á dskj. 13, er fjallar um heimild stefnda til skuldajafnaðar, og einnig lagði hann fram endurrit af áskorun, er hann sendi lögmanni stefnda um að leggja fram „fiskinnlagsnótu" m.b. Friggjar frá árinu 1953."

Þegar hefur verið rakið, að réttmæti yfirlitsreikningsins var vefengt í greinargerð stefnda og að hann skoraði á stefnanda að rökstyðja og sundurliða kröfu sína og að sú áskorun var gerð, áður en fyrirsvarsmaður stefnanda kom fyrir dóm. Að þessu athuguðu verður ekki séð, að stefnandi fái talið margnefndan yfirlitsreikning jafngildan skuldarviðurkenningu stefnda. Eru kröfur stefnanda því svo mjög vanreifaðar, að ekki verður hjá því komizt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dóminn hafa uppkveðið þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Jóhann Ólafsson forstjórar.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, h.f. Kópanes, greiði stefnda, Ingólfi G. S. Espholin, kr. 2500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. október 1957.

Nr. 48/1955. **Jóhann Sveinbjörnsson, Njáll Sveinbjörnsson og Halldór Matthíasson**
(Guðmundur Pétursson hdl.)
gegn
**Stýrimannafélagi Íslands og gagnsök**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Deila um legu seldrar landspildu.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa fengið áfrýjunarleyfi 16. marz 1955 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Þeir gera þær dómkröfur, að lenda gagnáfrýjanda „í landi Snorrastaða í Laugardal verði ákvörðuð þannig, að hún sé ferhyrndur reitur, 63,04 metrar á breidd, sem hefjist 200 metra frá Einsteinslæk, afmarkaður að neðan með girðingu og liggi til suðvesturs svo langt, að flatarmálið verði 12768 fermetrar". Þá krefjast þeir málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 5. júlí 1955 áfrýjað málinu með stefnu 6. s. m. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jóhann Sveinbjörnsson, Njáll Svein-

björnsson og Halldór Matthíasson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Stýrimannafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 9. október 1954.**

Árið 1954, laugardaginn 9. okt., var í landamerkjadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnunum Erlendi Björnssyni hreppstjóra á Vatnsleysu og Halldóri Gunnlaugssyni hreppstjóra á Kiðjabergi kveðinn upp dómur í málinu nr. 9/1953, Stýrimannafélag Íslands gegn Jóhanni Sveinbjörnssyni, Njáli Sveinbjörnssyni og Halldóri Matthíassyni. Mál þetta var höfðað með stefnu, útgefinni 3. júní 1953, þingfest sama dag, en dómtekið 7. okt. 1954.

Tildrög máls þessa eru þau, að á árinu 1933 gerði Stýrimannafélag Íslands kaupsamning um 4 vallardagsláttur lands úr Snorrastaðalandi í Laugardal við eiganda og ábúanda jarðarinnar, Sveinbjörn Eyjólfsson. Lega landsins var ekki ákveðin í kaupsamningnum, en kaupanda heimilað að velja landið síðar eftir samkomulagi við seljanda úr óræktuðu landi jarðarinnar. Kaupverð landspildunnar var ákveðið í samningnum, „og greiðist helmingur þess við undirskrift samnings þessa“ segir þar enn fremur.

Ekki alllöngu eftir samningsgerð þessa andaðist Sveinbjörn bóndi á Snorrastöðum, en ekkja hans, Guðrún Eyjólfsdóttir, hélt áfram búskap á jörðinni með sonum sínum, og hafði þá enn ekkert gerzt um afmörkun landsins, en eftir því sem næst verður komizt, fóru sex fulltrúar Stýrimannafélagsins sumarið 1936 eða 1937 úr Reykjavík austur að Snorrastöðum til þess að staðsetja hina umsömdu landspildu. Menn þessir voru: Davíð Gíslason stýrimaður, Guðbjörn Bjarnason stýrimaður, Grímur Þorkelsson stýrimaður, Sigmundur Sigmundsson skipstjóri, Sigurður Gíslason skipstjóri og Jón Axel Pétursson, þáverandi formaður Stýrimannafélagsins. Skoðuðu þeir ýmsa staði í landi jarðarinnar, og var í fylgd með þeim Eyjólfur Sveinbjörnsson, elzti sonur húsfreyju, þá uppkominn maður. Af fulltrúum Stýrimannafélagsins eru tveir hinir fyrst nefndu dánir, en í málinu liggja fyrir vitnisburðir hinna fjögurra, og eru þeir allir efnislega samhljóða um staðarvalið. Tveir fulltrúanna, þeir Sigurður

Gíslason og Jón Axel Pétursson, taka einnig fram, að landið hefðu þeir afmarkað með niðurreknum hælum. Vitnisburður Eyjólfs Sveinbjörnssonar liggur einnig fyrir í málinu. Minnist hann þess, hvar fulltrúum Stýrimannafélagsins leizt bezt á sig, og að hælar voru reknir niður til þess að afmarka landið. Er vitnisburður hans um þetta efni í samræmi við frásögn fulltrúa Stýrimannafélagsins. Samkvæmt frásögn þessara fimm vitna var landið staðsett í skógarhlíðinni suðvestur frá Einsteinslæk í Snorrastaðalandi og skyldi ná að læknum.

Þrátt fyrir þessa staðsetningu landsins kom ekki til útgáfu afsals fyrr en löngu síðar. Nefndur Eyjólfur Sveinbjörnsson veiktist á árinu 1939 og mun lengstum síðan hafa dvalizt á sjúkrahúsi. Jón Axel Pétursson, þáverandi formaður Stýrimannafélagsins, og alla stund forgöngumaður þess um viðskiptin við eigendur Snorrastaða, reisti sér sumarbústað, að því er ætla má árið 1942, í umræddu landi, nálægt miðju þess. Árið eftir, 1943, andaðist Guðrún, húsfreyja á Snorrastöðum, og urðu synir hennar, Jóhann og Njáll Sveinbjörnssynir, þá eigendur jarðarinnar í sambandi við skipti dánarbúsins. Kom því í þeirra hlut af hálfu Snorrastaða að fullnægja samningi þeim, er gerður var við Stýrimannafélagið 1933. Undirrituðu þeir afsal fyrir landspildunni 5. ágúst 1944. Í skjali þessu er hinu afsalaða landi lýst þannig: „.... 4 vallardagsláttur að stærð, eða nánar tiltekið 12768 fermetra. Land þetta liggur 200 m í suðvestur frá Einsteinslæk og er 63.04 metra á breidd. Landið er afmarkað með hælum, og verður gerður af því uppdráttur, undirritaður af seljanda og kaupanda, og skal festa hann við afsal þetta". Upplýst er af báðum málsaðiljum, að uppdrátturinn hafi aldrei verið gerður. Stefnandi getur ekki um aðra afmörkun landsins en þá, sem fram fór 1936 eða 1937 og áður er lýst. Stefndu, Snorrastaðabændur, telja sig ekki vita til þess, að landið hafi nokkru sinni verið afmarkað með hælum.

Stefnandi leggur þann skilning í orð afsalsins, sem hér að framan eru tilfærð, að landið nái frá Einsteinslæk 200 metra til suðvesturs. Stefndu, Snorrastaðabændur, telja hins vegar, að það sé og hafi frá upphafi verið þeirra tilætlun og skilningur á orðum afsalsins, að landið væri í 200 metra fjarlægð frá læknum og lægi þaðan til suðvesturs. Í samræmi við þá afstöðu sína leyfðu þeir á árinu 1948 Soffíu Vilhjálmsdóttur úr Reykjavík að reisa sumarbústað í hér um bil 20 skrefa fjarlægð frá húsi Jóns Axels Péturssonar á landi því, sem Stýrimannafélagið kallar til í máli þessu, og árið 1951 leigðu þeir meðstefnda, Halldóri Matthíassyni skrifstofustjóra í Reykjavík, tvær dagsláttur lands,

sem að nokkru leyti er hið sama sem Stýrimannafélagið telur sig eiga.

Þegar Jón Axel Pétursson varð þess var, að Halldór Matthíasson undirbjó girðingu um leiguland sitt, hóf hann mótmæli gegn þeim framkvæmdum á landi því, sem hann taldi eign Stýrimannafélagsins, og hugðist að láta leggja lögbann við þeim, en áður en til þess kæmi, var verkinu lokið, og er mál þetta þar af sprottið.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru á þá leið, að landamerki landspildu þeirrar, sem Stýrimannafélag Íslands keypti af Jóhanni og Njáli Sveinbjörnssonum samkvæmt afsali 5. ágúst 1944, verði ákveðið þannig, að hún byrji við Einsteinslæk og liggi í suðvestur frá læknum 200 metra og sé 63.04 metrar á breidd, eins og nánar er sýnt á uppdrætti á dómskjali 10, að hinir stefndu verði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, dæmdir að viðlögðum dagsektum eftir mati dómsins, er renni til stefnanda, til þess að taka upp og flytja á brott girðingu þá, sem meðstefndi, Halldór, hefur sett upp á téðu landi, og að hinir stefndu verði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, dæmdir til greiðslu málskostnaðar til handa stefnanda að mati dómsins.

Til stuðnings kröfum sínum skírskotar stefnandi til efnislega samhljóða frásagnar fimm vitna um staðsetningu landsins á árunum 1936 eða 1937 og til orðalags afsalsins frá 1944, sem hann telur, að ekki verði með réttu skilið öðruvísi en í samræmi við lýsingu vitnanna.

Dómkröfur stefndu eru á þá leið, *að* landspilda sú, sem um er deilt í málinu, verði af landamerkjadómnum ákvörðuð þannig, að hún hefjist 200 metra suðvestur frá Einsteinslæk, eins og nánar er sýnt á dómskjali 7, og sé 63.04 metrar á breidd, en 202.54 metrar á lengd, að þeir verði að öðru leyti sýknaðir af dómkröfum stefnanda, og *að* stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Stefndu segja, að þeir krefjist staðsetningar landsins í samræmi við tilætlun og skilning Snorrastaðabænda á orðalagi afsalsins, þegar það var undirritað og æ síðan. Til frekari stuðnings þessari kröfu sinni færa þeir fram eftirfarandi:

1. Að við undirritun afsalsins hafi það komið skýrt fram í viðtali Snorrastaðabænda við Jón Axel Pétursson, sem undirritaði af hálfu Stýrimannafélagsins, að hann teldi hús sitt vera fyrir utan land félagsins. — Þessum ummælum er algerlega mótmælt af Jóni Axel Péturssyni.
2. Vitnisburð Eyjólfs Sveinbjörnssonar, sem segir, að þegar vitn-

ið kom að Snorrastöðum með Jóni Axel Péturssyni, skömmu eftir að Jón byggði sumarbústað sinn, þá hafi Jón sagt vitninu berum orðum, að hús hans væri ekki í landi Stýrimannafélagsins. Þessum ummælum hefur Jón mótmælt sem tilhæfulausum.

3. Að Jón Axel Pétursson hafi eitt sinn fyrir löngu útvegað Snorrastaðabændum timbur í hlöðuþak, og þá hafi svo til talazt á milli þeirra bændanna og Jóns, að andvirði timbursins skyldi ganga upp í leigu eftir sumarbústaðaland Jóns. Jón kannast við að hafa á sínum tíma útvegað bændunum timbrið, en telur hitt tilhæfulaust, að nokkru sinni hafi verið til annars ætlazt en þess, að það yrði greitt réttu verði.
4. Vottorð Péturs Sigurðssonar, Reykjavík, sem var formaður Stýrimannafélagsins frá 22. apríl 1944 til 3. júní 1946. Segir hann, að í sinni formannstíð hafi sér ekki verið kunnugt um, að nokkurt hús væri í landi Stýrimannafélagsins, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að Jón Axel Pétursson ætti sumarbústað þar rétt hjá. Af hálfu stefnanda er vefengt, að vitnið hafi nokkuð vitað með vissu um takmörk landsins, og var vitnið þó formaður félagsins, þegar afsalið fyrir landinu var gefið út.
5. Að kröfugerð stefnanda um lengd og breidd landsins fái ekki staðizt reikningsleg, miðað við flatarmál þess, sem er í afsalinu ákveðið 4 vallardagsláttur, eða nánar tiltekið 12768 fermetrar. Eftir kröfum stefnanda er landið 12608 fermetrar, eða 160 formetrum minna. Stefndu telja, að í afsalinu hafi aðeins breidd landsins verið tiltekin með tilliti til þess, að flatarmálið segði síðan til um lengdina, og eftir því eigi spildan að vera 202.54 metra löng. Stefndu telja þetta leiða það í ljós, að þar sem 200 metrar eru nefndir í afsalinu, sé átt við fjarlægð spildunnar frá læknum, en ekki lengd hennar sjálfrar. Stefnandi telur þetta misræmi stafa af ritvillu í afsalinu.
6. Vottorð Páls Guðmundssonar á Hjálmsstöðum, sem segir, að 1949 hafi Jón Axel Pétursson beðið sig að talfæra það við Jóhann Sveinbjörnsson, að Jón fengi keypta lóðina, sem sumarbústaður Jóns stendur á. Þetta telur Jón misminni Páls, en kveðst hafa beðið Pál að talfæra „land, er svaraði til blettsins eða lóðarinnar, sem sumarbústaður Jóns Axels stendur á". Í þessu sambandi tekur Jón Axel Pétursson fram, að um þessar mundir hafi hann komið auga á það, að sökum ört fjölgandi meðlimatölu í Stýrimannafélaginu kynni land

þess brátt að verða of lítið, ef áhugi vaknaði fyrir byggingum á því. Taldi hann því æskilegt að afla félaginu aukins landrýmis. Vegna ýmissa vinsamlegra skipta við Snorastaðabændur taldi hann sig persónulega hafa betri aðstöðu en félagið til þess að fá keypt land til viðbótar. Síðan kveðst hann hafa ætlað að afhenda félaginu það land, sem hann kynni að fá keypt.

7. Að af hálfu stefnanda hafi aldrei verið amazt við húsi Soffíu Vilhjálmsdóttur, enda þótt það hafi í sex ár staðið á áberandi stað í landi því, sem stefnandi telur nú sína eign. Telja stefndu það lítt samrímanlegt núverandi afstöðu stefnanda, að af félagsins hálfu skyldi hvorki vera mótmælt byggingu hússins né síðar á nokkurn hátt á það bent, að húsið stæði þarna í óréttu, fyrr en slíkt kemur fram óbeint sem afleiðing af kröfugerð stefnanda í máli þessu gegn öðrum aðiljum en eiganda hússins. Af hálfu stefnanda er talið, að þegar umrætt hús var byggt, hafi Jón Axel Pétursson ekki verið í stjórn félagsins, dvalið mikið erlendis og haft lítil afskipti af málefnum félagsins, en af óaðgæzlu eða skorti á kunnugleika hafi þáverandi félagsstjórn láðst að bera fram mótmæli gegn byggingu hússins. —

Landamerkjadómurinn telur sannað með efnislega samhljóða frásögn fimm vitna, að samkvæmt kaupsamningnum frá 1933 völdu fulltrúar Stýrimannafélagsins árið 1936 eða 1937 til handa félaginu þá landspildu úr Snorrastaðalandi, sem félagið gerir í máli þessu kröfu til að eiga. Einnig telur landamerkjadómurinn orð afsalsins: „Land þetta liggur 200 m í suðvestur frá Einsteinslæk . . .“ samkvæmt hversdagslegri málvenju þýða það, að landið liggi að læknum og nái 200 metra frá honum til suðvesturs. Loks telur landamerkjadómurinn hina tilteknu breidd landsins, 63.04 metra, fremur mæla með því en í móti, að landið hafi átt að vera 200 metra langt. Alls engin kennileiti eða aðstæður eru á þessum slóðum að finna í landslaginu, sem geri það sennilegt, að fyrst hafi verið mæld út 63,04 metra breidd, með það fyrir augum að láta síðan hið ákveðna flatarmál segja til um lengdina. En 63,84 metra breidd á móti 200 metra lengd gefur umrædda 12768 fermetra, sem má heita rétt reiknað flatarmál á 4 vallardagsláttum. Þykir því næsta litlum vafa undirorpið, að hér sé um reiknings- eða ritvillu að ræða. Hér við bætist, að eigendur Snorrastaða undirrituðu margnefnt afsal með vísun til þess, að landið væri afmarkað með hælum. Ekki er vitað um neina afmörkun landsins aðra en þá, sem félagið lét framkvæma. Allt

orðalag afsalsins virðist þannig miðað við það land, sem félagið hafði valið sér. Verður því að telja, að Stýrimannafélagið hafi réttilega verið í góðri trú um, að sá væri tilgangur seljendanna, og verður að telja þá bundna við orðalagið, enda þótt þeir hafi lagt í það annan skilning.

Krafa stefnanda um staðsetningu landsins verður því tekin til greina svo og krafa stefnanda um brottflutning girðingar Halldórs Matthíassonar af landi félagsins að viðlögðum dagsektum, sem eftir atvikum þykja hæfilega ákveðnar 50 krónur frá 1. júní n.k. að telja.

Í máli þessu hafa stefndu lagt fram ýmis gögn fyrir því, að þeir hafi mátt ætla, að stefnandi væri á sama máli og þeir um legu hins umdeilda lands. Þeir hafa lagt fram vottorð Péturs Sigurðssonar, sem var formaður Stýrimannafélagsins, þegar afsalið var gefið út, eða frá 22. apríl 1944 til 3. júní 1946, og sýnir vottorðið, að formaðurinn áleit, að hús Jóns Axels Péturssonar stæði ekki í landi félagsins. Stefndu hafa einnig vísað til ummæla Jóns Axels Péturssonar, sem fjallað er um undir töluliðum 1—3 hér að framan, en þar er um að ræða staðhæfingar gegn staðhæfingum, sem engar ályktanir verða af leiddar. Stefndu hafa og vísað til vitnisburðar Páls Guðmundssonar, sbr. tölulið 6 hér að framan, um að Jón Axel hafi árið 1949 óskað að fá keypta lóðina undir húsi sínu. Jón Axel kveður orðsendingu sína hafa hljóðað um „land, er svaraði til blettsins eða lóðarinnar, sem sumarbústaður Jóns Axels stendur á". Orðalag þetta var að algengri málvenju næsta vel fallið til þess skilnings, sem Páll Guðmundsson og eigendur Snorrastaða lögðu í það, ekki sízt þegar litið er til þess, að Jón Axel Pétursson, sem kveðst hafa verið að leita eftir auknu landi handa Stýrimannafélaginu, hreyfði á sama tíma engum athugasemdum við byggingu húss óviðkomandi aðilja í landi félagsins. Þykir fyrir þessar sakir sanngjarnt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsaðiljar eru sammála um, að suðausturhlið hins umdeilda lands falli saman við forna girðingu neðarlega í Snorrastaðaskógi, hvort sem landið verði ákveðið nær eða fjær Einsteinslæk.

Dómsorð:

Landspilda Stýrimannafélags Íslands í Snorrastaðalandi í Laugardal er hornréttur ferhyrningur, 63.04 metrar á breidd og 200 metrar á lengd, frá Einsteinslæk að telja til suðvesturs. Suðausturhlið spildunnar fellur saman við forna girðingu neðarlega í Snorrastaðaskógi. Stefndu skulu, einn

fyrir alla og allir fyrir einn, hafa flutt girðingu Halldórs Matthíassonar brott af landi stefnanda hinn 1. júní 1955, að viðlögðum 50 kr. dagsektum til stefnanda, frá þeim degi að telja.

Málskostnaður fellur niður.

---

Fimmtudaginn 10. október 1957.

Nr. 161/1957. **Almennar tryggingar**
gegn
**Tryggva Ófeigssyni.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. f. m., er barst dóminum 1. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Almennar tryggingar h/f, greiði varnaraðilja, Tryggva Ófeigssyni, kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., hafa Almennar tryggingar h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1956, gegn Tryggva Ófeigssyni, Hávallagötu 9, Reykjavík, til greiðslu eftirstöðva víxilskuldar, að fjárhæð kr. 245.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1956 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 840.00 í stimpilgjald og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi krafðist í greinargerð sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Stefnandi kvað skuld þessa vera samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 350.000.00, útgefnum 7. janúar 1954, með gjalddaga 1. júlí s. á. og samþykktum af stefnda. Með víxli þessum hafi stefndi gefið út tryggingarbréf, þar sem hann hafi sett stefnanda að handveði ríkisskuldabréf, sömu fjárhæðar og víxillinn, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu víxilskuldarinnar. Í tryggingarbréfi þessu hafi verið ákvæði þess efnis, að víxilskuldin skyldi greiðast á 5 árum með jöfnum afborgunum í gjalddögum 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Stefndi hafi innt af hendi þrjár afborganir, samtals kr. 105.000.00, en síðar hafi orðið vanskil á greiðslu afborgunar. Er málið því höfðað til greiðslu eftirstöðva víxilskuldarinnar.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða eftirstöðvar fyrrnefnds tryggingarbréfs, að fjárhæð kr. 245.000.00 með vöxtum sem í aðalkröfu, svo og málskostnað.

Stefndi gerði þær kröfur við munnlegan flutning aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 105.000.00 með 7% ársvöxtum frá 12. júlí 1955 til greiðsludags, og málskostnaður falli niður.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að skjal það, sem hér um ræðir, sé ekki víxill eftir skilningi víxillaganna frá 1933, þar sem í þeim lögum sé það ófrávíkjanlega skilyrði sett, að nafnritun útgefanda skuli vera í skjalinu, til þess að um víxil geti verið að ræða, en á umrætt skjal vanti útgefanda. Af þessum ástæðum sé ekki um víxilmál að ræða, er heimilt sé að reka eftir XVII. kafla einkamálalaga frá 1936. Stefnanda hafi því verið óheimilt að ganga fram hjá sáttatilraun fyrir sáttamönnum.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að venja hafi myndazt hjá aðiljum um það, að stefnandi léti stefnda vita, hve-

nær gjalddagi afborgana væri hverju sinni. Er fjórða afborgun hafi átt að fara fram, hafi stefnandi hins vegar ekki tilkynnt stefnda um gjalddagann, heldur sagt láninu upp og borið fyrir sig greiðsludrátt. Stefndi hafi þá strax boðið fram greiðslu afborgunar, en stefnandi neitað viðtöku.

Stefnandi hefur lagt fram skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á. Á „víxilinn" vantar nafnritun útgefanda. Tryggingarbréfið er útgefið 30. desember 1953. Í því segir m. a., að „mál út af tryggingarbréfi þessu má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd".

Heldur stefnandi því fram, að síðast rakið ákvæði tryggingarbréfsins taki til „víxilsins", þannig að óþarft hafi verið að leggja málið til sáttatilraunar fyrir sáttamönnum. Varakrafa stefnanda er byggð á tryggingarbréfinu og ákvæðum þess.

Telja verður það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að víxilskuldbinding hafi stofnazt, að nafnritun útgefanda sé á víxileyðublaðinu.

Í framangreindu tryggingarbréfi eru ekki ákvæði um það, að mál til heimtu skuldarinnar séu undanþegin sáttatilraun sáttamanna. Heimildarlaust var því að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu, og ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, enda verður ekki talið, að margnefnt tryggingarbréf veiti stefnanda sjálfstæða heimild til heimtu skuldarinnar.

Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 3000.00 í málskostnað.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnda, Tryggva Ófeigssyni, kr. 3000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. október 1957.

Nr. 66/1957. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)
gegn
**Agli Þorgilssyni** (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Theodór B. Líndal og Ármann Snævarr.

Ólöglegur innflutningur áfengis.

## Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til lýsingar málavaxta í hinum áfrýjaða dómi verður að telja ákærða ábyrgan fyrir greiðslu fésektar samkvæmt lagaboðum þeim, er þar greinir. Hins vegar verður honum ekki dæmd refsivist til vara, ef sektin greiðist ekki, með því að ekki er leitt í ljós, að hann hafi átt nokkurn þátt í brotinu né að það hafi verið framið með vitund hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að fráskildu ákvæði um vararefsingu.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um vararefsingu er fellt niður, en að öðru leyti á hann að vera óraskaður.

Ákærði, Egill Þorgilsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1957.

Ár 1957, mánudaginn 11. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 131/1957: Ákæruvaldið

gegn Agli Þorgilssyni, sem tekið var til dóms þann 8. febrúar s.l.

Málið er höfðað gegn Agli Þorgilssyni skipstjóra, til heimilis í Skaftahlíð 26 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 26. nóvember s.l., ákærður „fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4. gr., sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir ákæröi brotlegur við téð lagaákvæði, með því að í skipi hans, m/s Tröllafossi, fundust 3. september s.l. 12 flöskur af ólöglegu áfengi (spíritus), sem enginn hefur fundizt eigandi að meðal skipverja.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að framangreindar 12 áfengisflöskur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 5. ágúst 1895 í Knarrarhöfn í Hvammssveit. Hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er skipstjóri á m/s Tröllafossi. Þann 2. september 1956 kom m/s Tröllafoss til Reykjavíkur frá New York. Tollgæzlan framkvæmdi þegar venjulega tollleit í skipinu.

Fannst talsvert magn af áfengi auk vindlinga og barnafatnaðar, er ekki hafði verið gefið upp við komu skipsins. Áfengið reyndist 53 lítrar af spíritus og 7 flöskur af genever. Við landganginn var tekinn af einum skipverjanum 31 lítri af spíritus að auki. Vindlingarnir, sem fundust, reyndust 3200, og 14 tylftir af barnafatnaði fundust auk 94 stykkja af barnafatnaði, sem voru tekin af einum skipverjanum við landganginn. Eigendur fundust að öllum þessum varningi. Voru það nokkrir skipverjanna. Mál þeirra voru til lykta leidd með dómsáttum.

Daginn eftir komu skipsins varð einum tollverðinum gengið um borð í m/s Tröllafoss. Þar hitti hann tvo drengi, á að gizka 9 og 11 ára. Drengir þessir báðu tollvörðinn að skoða í kassa, sem væri uppi á brúarvængnum. Þeir létu og þess getið, að meira væri uppi á reykháf skipsins. Tollvörðurinn hugaði nánar að þessu. Á brúarvængnum var pappakassi með 6 flöskum af spíritus. Uppi á reykháfnum var annar pappakassi. Í honum voru einnig 6 flöskur af spíritus. Flöskur þessar tóku hver um sig einn lítra. Tollvörðurinn fór með áfengi þetta upp á tollbúð. Honum láðist að inna drengina nánar eftir því, hvort þeir vissu, hvernig á kössunum stæði. Hann spurði þá einskis. Þó skildist honum á þeim, að þeir hefðu borið annan kassann út á brúarvænginn. Gekk tollvörðurinn út frá því, að báðir kassarnir hefðu verið uppi á reykháfnum. Ekki hvarflaði að tollverðinum að inna drengina eftir nafni þeirra og heimilisfangi. Hann lét nægja að vísa þeim í land.

Ekki tókst að upplýsa, hver væri eigandi áfengis þessa.

Ljóst er, að hér er um áfengi að ræða, sem tekizt hafði daginn áður að skjóta undan eftirgrennslan tollgæzlumanna, og hefur verið búið að koma því fyrir á reykháfnum til þess að auðvelt væri að grípa til þess í skyndi og skjóta því í land, er tollgæzlumenn væru eigi nálægir. En drengirnir komu í veg fyrir þessa fyrirætlun eiganda með því að vekja athygli tollvarðarins á áfenginu. Það er því hér um áfengi að tefla, sem eigi hefur verið sagt til við komu skipsins, og þar sem enginn hefur fundizt eigandi að áfengi þessu, sem hlýtur að vera einhver af áhöfninni, ber ákærði sem skipstjóri m/s Tröllafoss í þessari ferð skipsins ábyrgð á áfengi þessu samkvæmt 3. mgr., sbr. 6. mgr. 4. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 2. tl. 33. gr. áfengislaga, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 5.200.00 í sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga ber að gera umræddar 12 flöskur af spíritus upptækar til ríkissjóðs.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Egill Þorgilsson, greiði kr. 5.200.00 í sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 12 flöskur af spíritus eru upptækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., að upphæð kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 15. október 1957.

Nr. 78/1956. **Vigdís Kristjánsdóttir**
og
**Leifur Erlendsson** (Sigurður E. Ólason hrl.)
gegn
**Dánarbúi Gísla Björnssonar**
**og gagnsök.**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Um afnotarétt af húsi í sameign.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 29. maí og 2. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september 1956, að því er síðari áfrýjunina varðar, og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., og gert þær dómkröfur, er nú segir:

Aðalkrafa: Að dæmdur verði gildur afnotaréttur hans af vesturanddyri og gangi hússins nr. 80 við Laugaveg og svo stiga og vatnssalerni undir stiga í ganginum.

Að aðaláfrýjendum verði in solidum og að viðlögðum dagsektum að mati dómsins dæmt að fylla með steinsteypu upp í dyr þær, er þau hafa látið gera á austurvegg nefnds gangs milli húshluta aðaláfrýjanda Vigdísar og gangsins og koma veggnum og ganginum í samt lag og hann var fyrir breytingu þeirra samkvæmt uppdrætti hússins.

Að aðaláfrýjendum verði dæmt óheimilt að reka veitingar á neðstu hæð hússins.

Að þeim verði dæmt skylt in solidum og að viðlögðum dagsektum eftir mati dómsins að setja upp skilrúmsvegg í

húshluta aðaláfrýjanda Vigdísar og koma veggnum í sama lag sem áður samkvæmt uppdrætti hússins.

Að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt samningnum frá 7. ágúst 1928 og með tilvísun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði dómsins um einkarétt gagnáfrýjanda til afnota af vesturanddyri hússins nr. 80 við Laugaveg og svo gangi þar inn af, vatnssalerni í ganginum, stiga og háa lofti.

Einnig er rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjenda til in solidum að fylla með steinsteypu upp í dyraop það, er þau hafa brotið á forstofuvegg nefnds húss, og koma veggnum og ganginum í samt lag, sem áður var, þó að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, en fullnægingarfrestur skyldunnar verði 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Húsið nr. 80 við Laugaveg stendur við eina aðalviðskiptagötu Reykjavíkur. Í samningnum um húsið frá 7. ágúst 1928 er gert ráð fyrir, að sölubúðir verði í húshluta þeim, er aðaláfrýjandi Vigdís á nú, og eigi er þar bann við veitingasölu. Að svo vöxnu máli þykir eigi rétt að dæma aðaláfrýjendum óheimilt almennt að reka veitingar á neðstu hæð hússins án tillits til umgengni og hibýlahátta. Verður krafa gagnáfrýjanda um þetta því eigi til greina tekin, og ber að staðfesta héraðsdóm að því leyti að niðurstöðu til.

Eigi verður séð, að aðaláfrýjendur hafi gengið á rétt gagnáfrýjanda með niðurrifi skilveggs í húshluta aðaláfrýjanda Vigdísar. Verða kröfur gagnáfrýjanda um það, að veggur þessi verði aftur upp settur, því eigi til greina teknar og ákvæði héraðsdóms um það staðfest.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Gildur er einkaréttur gagnáfrýjanda, dánarbús Gísla Björnssonar, til afnota af vesturanddyri hússins nr. 80 við Laugaveg og svo gangi þar inn af, vatnssalerni í ganginum, stiganum og háa lofti.

Aðaláfrýjendum, Vigdísi Kristjánsdóttur og Leifi Erlendssyni, ber in solidum að fylla með steinsteypu upp í dyraop það, er þau hafa brotið í forstofuvegg nefnds húss, og koma veggnum og ganginum í samt lag, sem var fyrir breytingu þeirra, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, og er fullnægingarfrestur skyldunnar 30 dagar frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. febrúar 1956.**

Mál þetta, sem var dómtekið 10. f. m., hefur Gísli Björnsson, Laugavegi 80 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. júní 1953, gegn þeim Vigdísi Kristjánsdóttur, Laugarnesvegi 42, og Leifi Erlendssyni, Bergþórugötu 37, báðum hér í bænum, og haft uppi þessar kröfur:

Að viðurkenndur verði með dómi einka-afnotaréttur hans að vestur-anddyri og gangi hússins nr. 80 við Laugaveg, þ. á. m. stiga og vatnssalerni undir stiga í ganginum.

Að stefndu verði in solidum, að viðlögðum dagsektum samkvæmt mati dómsins, gert að skyldu að fylla með steinsteypu upp í dyr þær, er þau hafa látið gera í austurvegg nefnds gangs, milli afnotahluta stefnda Vigdísar og gangsins og á sama hátt að viðlögðum dagsektum að koma veggnum og ganginum í sama ástand og hann var fyrir breytinguna samkvæmt uppdrætti hússins, þ. á. m. að setja upp miðstöðvarofn í þann hluta veggjarins, sem dyraopið nú er.

Að stefndu verði dæmt óheimilt að reka veitingar á neðstu hæð hússins og að þeim verði gert að skyldu in solidum, að viðlögðum dagsektum eftir mati réttarins, að setja upp skilrúms-

vegg í afnotahluta stefnda Vigdísar, að öllu eins og hann var áður, samkvæmt uppdrætti að húsinu.

Að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Stefnandi hefur andazt, meðan málið stóð yfir, og dánarbú hans komið í hans stað.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og Sigríður nokkur Þórðardóttir byggðu í félagi hús á lóðinni nr. 78 við Laugaveg. Stefnandi átti þá einn lóð þessa, sem nú er nr. 80 við Laugaveg. Gerðu þau Sigríður með sér samning, dags. 7. ágúst 1928, og fara hér á eftir helztu atriði hans:

„Við byggjum í félagi hús á lóðinni nr. 78 við Laugaveg hér í bænum. Bygging hússins er þegar byrjuð, og skal það vera tvær hæðir og ris. Lóð sú, sem húsið stendur á, sem nú er eign mín, Gísla Björnssonar, skal vera óskipt sameign okkar, af hálfu hvors, án sérstaks endurgjalds af hálfu Sigríðar Þórðardóttur. Annars skulum við kosta byggingu hússins og allan útbúnað, að hálfu hvort með þeirri takmörkun, sem getið er hér á eftir.

Afnot hússins, þegar það er fullgert, skulu skiptast þannig milli okkar, að Sigríður Þórðardóttir hefur alla neðri hæðina, en Gísli Björnsson alla efri hæðina. Afnot af efsta lofti skulu vera jöfn af beggja hálfu, meðan Sigríður Þórðardóttir á og notar neðri hæðina, en verði annar eigandi eða notandi að neðri hæðinni, þá skulu honum óheimil afnot af efsta loftinu, nema með samþykki Gísla Björnssonar.

Vilji annaðhvort okkar selja sinn hluta úr húseigninni, á hitt forkaupsrétt að honum fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða.

Vilji Sigríður Þórðardóttir láta innrétta sölubúðir á neðri hæð, þá skal hún greiða ein kostnað af því."

Við skipti á dánarbúi Sigríðar Þórðardóttur hlaut stefndi Vigdís eignarhluta Sigríðar í arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá.

Þegar í upphafi mun hafa verið gengið frá meginhluta neðri hæðar hússins sem verzlunarhúsnæði og jafnan verið rekin verzlun í því. Nokkru áður en mál þetta hófst, fékk stefndi Leifur húsnæðið leigt og breytti til að því leyti, að hann tók að reka þar verzlun og veitingastarfsemi í sameiningu. Lét hann framkvæma nokkrar breytingar á húsnæðinu, til þess að það hentaði betur hinum breyttu afnotum. Voru þær helztar, að tekinn var burt veggur, er skipt hafði í tvennt húsrými því, er að Lauga-

vegi snýr, svo og, að brotið var gat á vegg þann, sem er milli þessa húsrýmis og forstofunnar innan anddyris við Laugaveg. Taldi stefnandi, að ætlun stefnda Leifs hafi verið að setja dyr á vegg þenna í því skyni að afla sér aðgangs að salerni, sem er í forstofunni, undir stiga þeim, er liggur upp til efri hæðar hússins. Stefnandi taldi breytingar þessar með öllu óheimilar án síns samþykkis, svo og þá nýjung, að tekið væri að reka veitingar á neðri hæð hússins. Þá vísar hann og til samnings síns við Sigríði Þórðardóttur um einkarétt sinn til afnota af rishæð hússins og þar með umgangs um anddyri og forstofu, er að Laugavegi vita.

Stefndu vísa til þess, að í samningnum frá 1928 segi, að Sigríður eigi og noti neðri hæðina, en eignarréttinum fylgi m. a. umgangsréttur um forstofuna og stigann, enda hafi gangur þessi verið notaður sameiginlega af eigendum hússins, eins og viðurkennt sé í stefnu. Sama máli telja þau gegna um salernið undir stiganum, og staðhæfa þau, að afnot af því hafi farið eftir atvikum og aðstæðum á hverjum tíma.. Auk þess sé rafmagn, vatn og hiti til gangs og salernis tekið úr lögnum neðri hæðar. Samkvæmt þessu telja þau kröfu stefnanda um, að fyllt verði upp hið nýja dyraop fjarstæðu eina. Kröfu stefnanda um bann við veitingasölu í húsinu hafa stefndu mótmælt sérstaklega á þeim grundvelli, að húsnæðið sé óskoruð eign stefnda Vigdísar og krafa stefnanda eigi enga stoð í samningum, skuldbindingum eða kvöðum í þessa átt. Loks hafa stefndu mótmælt dagsektakröfu stefnanda og bent á, að ótiltekin sé fjárhæð dagsekta svo og hvert þær skuli renna.

Í framangreindum samningi frá 7. ágúst 1928 var svo um samið, að stefnandi skyldi hafa afnot efri hæðar hússins, en Sigríður Þórðardóttir afnot neðri hæðar. Afnot af efsta lofti skyldu vera jöfn af beggja hálfu, þar til annar en Sigríður yrði eigandi eða notandi neðri hæðar, en þá skyldi hinum nýja eiganda eða notanda óheimil afnot af efsta loftinu nema með samþykki stefnanda. Verður að telja stefnda Vigdísi, erfingja Sigríðar, bundna við þessi samningsákvæði. Af skoðun dómara á staðháttum er ljóst, að anddyri í vesturenda álmunnar við Laugaveg og forstofa og stigar inn af því voru ætluð þeim einum, sem erindi áttu á efri hæð hússins og efsta loft. Þegar eftir að stefndi eignaðist hluta hússins, gerði stefnandi reka að því að meina henni afnot efsta loftsins, og ekki er í ljós leitt, að hann hafi þá né síðar heimilað henni eða öðrum afnot þess. Þykir því eftir atvikum rétt að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á

einkarétti hans til afnota anddyris þessa og gangs, þar með talinna stiga og salernis undir stiga.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að stefndu hafi verið óheimilt að brjóta gat og setja dyraop á nefndan forstofuvegg, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefndu til þess in solidum að láta fylla op þetta með steinsteypu og koma veggnum í samt lag, að öðru leyti en því er varðar miðstöðvarofn þann, er var í forstofunni. Í ljós hefur komið, að hann var tengdur hitalögn neðri hæðar, og þykir stefnandi því ekki, eins og málum er komið, eiga kröfu til að það fyrirkomulag haldist. Þá þykir og rétt að taka til greina kröfu stefnanda um dagsektir, er renni til stefnanda, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85 frá 1936, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 50.00.

Hins vegar verður eigi talið, að mótmæli stefnanda gegn framangreindri breytingu á afnotum verzlunarhúsnæðis neðri hæðarinnar hafi við rök að styðjast, enda á engan hátt líklegt gert, að hinn breytti atvinnurekstur hafi í för með sér nokkur óþægindi fyrir íbúa hússins. Einnig verður að líta svo á, að breyting sú, sem gerð var á verzlunarhúsnæðinu, hafi verið stefndu heimil án samþykkis stefnanda, og samkvæmt gögnum málsins var hún gerð með leyfi bæjarvaldanna. Verða kröfur stefnanda að þessu leyti því ekki til greina teknar.

Málalok verða þau, að viðurkenndur verður einkaréttur stefnanda til afnota framangreinds anddyris og gangs og stefndu in solidum dæmd, að viðlögðum 50 króna dagsektum, til að láta fylla með steinsteypu framangreint veggop. Þá þykir og rétt að dæma stefndu til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dóminn hafa upp kveðið þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Einar B. Kristjánsson og Tómas Vigfússon húsasmíðameistarar.

Dómsorð:

Viðurkenndur er einkaréttur stefnanda, dánarbús Gísla Björnssonar, til framangreindra afnota.

Stefndu, Vigdísi Kristjánsdóttur og Leifi Erlendssyni, in solidum ber, að viðlögðum 50 króna dagsektum, að láta fylla með steinsteypu framangreint veggop.

Stefndu greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. október 1957.

Nr. 190/1955. **Baldur Jónsson og Egill Benediktsson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
**Magnúsi Gunnarssyni**
(Magnús Thorlacius hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Torfason prófessor.**

Ómerking dóms og málsmeðferðar og frávísun máls frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í sáttakæru máls þessa er málavöxtum lýst þannig, að áfrýjendur skuldi stefnda peningalán, að fjárhæð kr. 25.000.00, er hann hafi veitt þeim. Við þingfestingu málsins 27. maí 1952 voru af hálfu stefnda lögð fram, auk sáttakæru og stefnu, reikningur og greinargerð, þar sem sú ein nánari skýring er gefin, að nefnt lán hafi verið veitt hinn 19. júní 1947. Í greinargerð sinni í héraði neituðu áfrýjendur því, að þeir skulduðu stefnda nokkurt fé, enda hefðu þeir aldrei fengið peningalán hjá honum. Málsaðiljum var því næst veittur sameiginlegur frestur til öflunar gagna. Á dómþingi 16. september 1952 var af hálfu stefnda lagður fram víxill, að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefinn af áfrýjandanum Agli 19. desember 1947 og samþykktur af áfrýjandanum Baldri til greiðslu hinn 19. marz 1948. Síðar gáfu málsaðiljar og vitnið Gunnar Thorarensen skýrslur fyrir dómi, og nokkur önnur gögn komu fram.

Er málið var flutt munnlega í fyrra skiptið 12. marz 1954, virðist krafa stefnda einungis hafa verið reist á framangreindri víxiláritun og talið, að stefndi ætti þá kröfu á hendur áfrýjendum samkvæmt ákvæðum 74. gr. víxillaga nr. 93/1933. Við hinn síðari munnlega málflutning, er fram fór 28. september 1955, virðist rökstuðningur hafa verið með sama hætti af hálfu stefndu, enda lýtur úrlausn héraðsdóms og einvörðungu að þeim atriðum. Gögn þau, er lágu fyrir héraðsdómara, voru þó ónóg til þess, að úr því yrði skorið, hvort ákvæði nefndrar greinar víxillaga eigi hér við. Þannig skorti ýtarlega vitneskju um skipti stefnda og Gunnars Thorarensens, skipti áfrýjenda og Gunnars, um stofnun h/f Laugavegsskálans og reikninga félagsins á þeim tíma, er hér skiptir máli, svo og um samband áfrýjenda við félagið.

Af framanskráðu er ljóst, að mál þetta hefur verið rekið og flutt í héraði með þeim hætti, að mjög brýtur í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað og fullnægjandi reifun máls. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Magnús Gunnarsson, greiði áfrýjendum, Baldri Jónssyni og Agli Benediktssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Magnús Gunnarsson sjómaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. maí 1952, gegn Agli Benediktssyni forstjóra, Tjarnargötu 26, og Baldri Jónssyni framkvæmdastjóra, Víðimel 69, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6%

ársvöxtum frá 19. júní 1947 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á árinu 1947 hafi Gunnar Thorarensen, er hann þekkti, beðið sig að lána stefndu kr. 25.000.00, að því er honum skildist til að stofna eitthvert fyrirtæki. Kveðst hann hafa afhent Gunnari bankabók með fjárhæðinni, en ekki tekið við neinni kvittun fyrir.

Byggði stefnandi kröfu sína á því, að hann hafi aldrei fengið fjárhæð þessa endurgreidda.

Sýknukröfu sína byggðu stefndu á því, að þeir hafi aldrei fengið neina fjárhæð að láni hjá stefnanda og skuldi honum því ekki neitt.

Síðar í málinu lagði stefnandi fram framlengingarvíxil, útgefinn hinn 19. desember 1947 af stefnda Agli og samþykktan af stefnda Baldri til greiðslu hinn 19. marz 1948, að fjárhæð kr. 25.000.00, og byggði hann eftir það kröfur sínar á 74. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933.

Stefndu byggðu varnir sínar í samræmi við það, eftir að víxillinn kom fram í málinu.

Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa fengið framangreindan víxil hjá Gunnari Thorarensen nokkru síðar en hann afhenti honum fjárhæðina, og kvaðst hann hafa talið víxilinn sem einskonar kvittun fyrir láninu. Hann kvaðst hafa gefið upp til skatts skuld þessa, fyrsta árið teljandi Gunnar Thorarensen sem skuldara, en síðan annað árið og eftir það Laugavegsskálann h.f., og kveðst hann hafa talið rétt að breyta nafni skuldarans, eftir að Laugavegsskálinn h.f. var stofnaður.

Stefndi Baldur Jónsson hefur skýrt svo frá, að á árinu 1947 hafi hann, meðstefndi Egill og Gunnar Thorarensen hafið umræður og undirbúning að stofnun Laugavegsskálans h.f. Húsnæði til starfrækslu hans var fengið hjá Gunnari Thorarensen, og var honum (Gunnari) greidd fyrirfram húsaleiga með þremur víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefnum af stefnda Agli, en samþykktum af sér. Kveður Baldur svo hafa verið um samið, að strax eftir formlega stofnun Laugavegsskálans h.f., skyldu víxlar þessir leystir af hólmi með víxlum, sem samþykktir yrðu af hlutafélaginu, þar sem það var hinn raunverulegi skuldari. Nokkuð dróst um stofnun hlutafélagsins, og voru víxlarnir framlengdir hinn 19. desember 1947. Kveður hann skýrt hafa verið tekið fram við Gunnar, að ef hann seldi víxlana, tæki

hann fram við væntanlega kaupendur þeirra, að skipt yrði um skuldara, þ. e. að Laugavegsskálinn h.f. kæmi í staðinn sem skuldari. Hlutafélagið var síðan stofnað hinn 14. febrúar 1948. Þá strax voru útbúnir nýir víxlar, og kveðst hann hafa farið með þá til Gunnars og krafið hann um hina víxlana í staðinn. Kveðst hann ekki hafa fengið þá, þar eð Gunnar kvaðst vera búinn að selja þá, og ekki geta fengið þá aftur, nema gegn afhendingu þessara nýju. Hafi hann látið það gott heita, enda treyst Gunnari fullkomlega. Síðar, er rætt var um hag Laugavegsskálans h.f., hafi Gunnar gefið það í skyn, að hann hefði í höndum þá þrjá víxla, er fyrst voru gefnir út, þ.e.a.s. framlengingarvíxlana. Krafðist hann þá af Gunnari, að hann skilaði víxlunum, en af því varð þó aldrei. Hafi þeir Egill síðan aldrei verið krafðir um greiðslu þessara víxla, né heldur hafi þeim borizt afsagnartilkynning. Árið 1952 hafi bú Laugavegsskálans h.f. verið tekið til skipta hjá borgarfógetanum í Reykjavík sem þrotabú og hafi Gunnar Thorarensen þá f. h. stefnanda lýst kröfu í bú félagsins með bréfi, dags. 22. marz 1952, samkvæmt einum af fyrrgreindum framlengingarvíxlum, að fjárhæð kr. 25.000.00.

Hefur stefndi Baldur staðfest skýrslu þessa fyrir dómi.

Stefndi Egill hefur og staðfest skýrslu fyrir dómi, og er framburður hans samhljóða ofanrituðum framburði stefnda Baldurs.

Vitnið Gunnar Thorarensen hefur skýrt svo frá, að það hafi fengið þrjá víxla hjá stefndu, hvern að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefna af stefnda Agli og samþykkta af stefnda Baldri, sem fyrirframgreiðslu fyrir húsnæði, er vitnið lét þeim í té til væntanlegs fyrirtækis, er síðar varð Laugavegsskálinn h.f. Kvaðst vitnið ekki muna til þess, að rætt hafi verið um það, að Laugavegsskálinn h.f. samþykkti síðar víxla, er kæmu í stað hinna fyrstu. Einn þessara upphaflegu víxla hafi vitnið síðar selt stefnanda í máli þessu, og telur vitnið, að það muni hafa verið kringum 23. júní 1947, en kveðst ekki muna, hvort greiðsla hafi þá samtímis farið fram, en telur það þó líklegt. Sá víxill hafi síðan einu sinni verið framlengdur. Vitnið kvaðst hafa tekið við einum víxli, samþykktum af Laugavegsskálanum h.f., eftir að það félag var stofnað, og hafi hann verið notaður til framlengingar einum hinna upphaflegu víxla, en sá víxill hafi verið í vörzlum Elínar nokkurrar Jakobsdóttur. Kvaðst vitnið ekki hafa tekið við öðrum víxlum en þessum eina, samþykktum af Laugavegsskálanum h.f.

Við munnlegan flutning málsins vildu stefndu styðja sýknu-

kröfu sína einnig við það, að skuldin væri fyrnd. Gegn mótmælum stefnanda er eigi unnt að taka til greina þá ástæðu, þar eð hún hefur eigi komið fram nægilega fljótt, enda verður að telja, að stefndu hefðu getað komið henni að á fyrra stigi málsins.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, afhentu stefndu sem persónulegir skuldarar þrjá víxla, hvern að fjárhæð kr. 25.000.00. Voru víxlar þessir greiðsla fyrir húsnæði, er Gunnar Thorarensen lét í té, og honum afhentir. Kemur ekki annað fram í málinu en að Gunnari hafi verið heimil ráðstöfun víxlanna að eigin vild. Hafa stefndu því tekið á sig lögformlega skuldbindingu með áritun á víxlana og afhendingu þeirra til Gunnars. Stefndu hafa haldið því fram, að afhending víxlanna til Gunnars hafi verið bundin þeim fyrirvara, að skipt yrði á víxlunum síðar og öðrum víxlum, og yrði sá fyrirvari settur við framsal, ef Gunnar léti víxlana af hendi. Jafnvel þótt svo hafi verið um samið milli stefndu og Gunnars, varð stefnandi ekki bundinn við það, enda verður að telja, að stefnandi hafi verið grandlaus að þessu leyti, er hann fékk víxilinn, og eignaðist þar með lögformlega kröfu á hendur stefndu.

Eins og fram kemur í málinu, taldi stefnandi kröfu sína fram til skatts, fyrsta árið teljandi Gunnar Thorarensen sem skuldara, en eftir það Laugavegsskálann h.f., enda hefur hann haldið því fram, að Gunnar Thorarensen hafi tjáð sér, að fjárhæð sú, er hann lét af hendi, væri til væntanlegs fyrirtækis stefndu. Enn fremur lýsti stefnandi eða Gunnar Thorarensen fyrir hans hönd kröfu samkvæmt víxlinum í þrotabú Laugavegsskálans h.f. til skiptaréttar Reykjavíkur. Voru þessar aðgerðir stefnanda algerlega einhliða og að engu leyti beint að stefndu. Verður því ekki talið, að stefnandi hafi með þeim samþykkt, að Laugavegsskálinn h.f. yrði skuldari í stað stefndu, né heldur að stefndu hafi mátt telja sig leysta undan skuldbindingum sínum samkvæmt víxlinum.

Eins og upplýst er í málinu, verður að telja, að stefndu myndu vinna fjárhæðina úr hendi stefnanda, ef fjárheimtan félli niður. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu stefnufjárhæðarinnar, kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum, er reiknast skulu frá birtingardegi sáttakæru, þar sem þá fyrst hefst stefnandi handa um að fá kröfu sína innheimta, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð fram yfir venju vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Baldur Jónsson og Egill Benediktsson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, Magnúsi Gunnarssyni, kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1952 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 16. október 1957.

Nr. 114/1957. **Sameinaðir verktakar**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
**Inga Sigurjóni Guðmundssyni**
**og gagnsök** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Torfason prófessor.

Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl af slysi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar á fjárhæðum þeim, sem dæmdar voru í héraði og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 6. ágúst þ. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 671.880.52 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta ákvæði hans um, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að ¾ hlutum.

Tjónbætur samkvæmt 1. kröfulið gagnáfrýjanda þykja auk tryggingarbóta hæfilega metnar kr. 280.000.00 og samkvæmt 2. kröfulið kr. 30.000.00. Fjárhæð 3. kröfuliðar, kr. 350.00, og fjárhæð 4. kröfuliðar, kr. 300.00, hafa eigi sætt andmælum, og verða þær lagðar til grundvallar. Aðaláfrýjanda verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 232.987.50 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sameinaðir verktakar, greiði gagnáfrýjanda, Inga Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 232.987.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Ingi Sigurjón Guðmundsson, Hlíð, Grafningi, Árnessýslu, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september 1956, gegn Sameinuðum verktökum, Hafnarhvoli hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 732.736.00, auk 6% ársvaxta frá 29. júní 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, en stefndi hefur svonefnda ábyrgðartryggingu hjá því tryggingafélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur haft uppi.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 29. júní 1955 varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að smyrja feiti á tannhjól í skurðgröfu, að hægri hönd hans varð á milli tannhjólanna með þeim afleiðingum, að af tók þumal-

fingur og miðhandarbein og framan af öðrum fingrum. Er slys þetta varð, var stefnandi starfsmaður hins stefnda fyrirtækis og hafði á hendi stjórn skurðgröfu þessarar, en stefndi var eigandi hennar. Hafði stefnanda verið falin stjórn skurðgröfunnar daginn áður, og vann hann með hana í Stapafelli á Reykjanesi. Venjan mun sú, að tveir menn vinni við slík tæki, stjórnandi þess og smyrjari. Stefnandi var hins vegar einn síns liðs í umrætt sinn, og eru eigi aðrir til frásagnar um slysið en hann. Skýrir stefnandi svo frá, að um kl. 15.00 umræddan dag hafi hann stöðvað skurðgröfuna í því skyni að smyrja tannhjól, er snýr stórri skóflu, sem komið er fyrir framan á tækinu. Hann hafi notað tannfeiti, sem geymd var í vélarhúsi skurðgröfunnar og hafi feitin verið volg af hita frá vélinni, er hann hóf að smyrja nefnt tannhjól, en feitinni hafi hann smurt á hjólið með málmspaða. Er hann hafi lokið við að smyrja hjól þetta, hafi hann farið upp á skurðgröfuna aftan við vélina og litið á tannhjól svonefndrar aðalvindu. Hafi þá komið í ljós, að þau þurfti einnig að smyrja. Tannhjól þessi eru tvö, og er annað mun stærra en hitt. Er stærra hjólið staðsett beint ofan við hið minna. Hlíf umlykur hjól þessi, og er lítið gat ofan á henni. Mun það vera um tveir þumlungar að ummáli. Er svo til ætlazt, að þá er tannhjólin eru smurð, sé feitinni hellt niður um gat þetta. Annað gat er framar á hlífinni gegnt kverk þeirri, er myndast, þar sem tannhjólin koma saman, en þeim megin, sem gat þetta er, snúast tannhjólin hvort að öðru. Er gat þetta svo stórt, að unnt er að koma hendi í gegnum það. Stefnandi skýrir svo frá, að í fljótu bragði hafi hann talið, að smyrja ætti tannhjólin í gegnum gat þetta. Hafi hann og á annarri skurðgröfu séð slíkt gat, er til þess var notað. Gat það, sem ofan á hlífinni er, hafi hann hins vegar ekki verið búinn að koma auga á, er hér var komið. Stefnandi segir, að eigi hafi verið unnt að hella feitinni í gegnum umrætt gat framan á hlífinni. Hafi hann því notað fyrrnefndan spaða til þess að smyrja feitinni á hjólin. Hafi hann látið feiti á spaðann, stungið honum í gegnum gatið og látið hann aðeins dragast við annað hjólið, en vél skurðgröfunnar hafi verið í gangi á meðan, þannig að hjólin snerust. Hafi hann ekki varazt það, hve hjólin tóku snöggt í spaðann og drógu hann með sér. Hafi höndin fylgt á eftir spaðanum, en stefnandi kveðst hafa kippt í hana og hún þá losnað. Hann hafi því búizt við, að allt væri með felldu, en er hann leit á höndina, hafi komið í ljós, að hún var stórsködduð og vettlingur, sem hann var með á hendinni, tættur af.

Stefnandi kveðst hafa verið búinn að vinna í 18 mánuði við slík tæki, sem hér um ræðir, þar af síðustu 2 til 3 mánuðina sem

stjórnandi, en endranær sem smyrjari. Kveðst stefnandi, er hann var smyrjari, ýmist hafa smurt tannhjólin með því að hella feitinni eða bera hana á með spaða. Sé honum ekki kunnugt um, að fyrirmæli hafi verið um það gefin að hita feitina, áður en smurt væri, og hella henni síðan. Hafi hann og ekki haft tæki til að hita feitina, en venjulegast sé hún hituð við eld. Kveður stefnandi skurðgröfustjórnanda þann, er hann fyrst vann með, hafa hitað feitina og hellt henni, er hann leiðbeindi honum um, hvernig smyrja ætti, en aðrir stjórnendur, er hann síðar vann með, hafi engin fyrirmæli um þetta gefið og látið afskiptalaust, hvorn háttinn hann hafði á.

Sá af starfsmönnum stefnda, er á þessum tíma hafði með höndum eftirlit með vinnuvélum stefnda og að nokkru leyti mönnum þeim, er á vélunum unnu, skýrir svo frá, að þar eð ekki hafi mikið legið á verki því, er stefnandi vann að með skurðgröfunni, hafi honum ekki verið fenginn smyrjari til aðstoðar, meðan hann væri að venjast henni, en strax og á lægi, hafi verið ætlunin, að honum yrði fenginn smyrjari til aðstoðar. Hafi stefnandi og haft orð á því, er hann hóf verkið, að sérstökum manni væri falið það starf.

Daginn eftir slysið var öryggisumbúnaður tannhjólanna skoðaður að tilhlutun Öryggiseftirlits ríkisins. Í vottorði manns þess, er skoðunina framkvæmdi, segir m. a. á þessa leið:

„Við skoðun, sem framkvæmd var 30/6 1955, að aðstæðum óbreyttum, var ekkert athugavert við hlífarbúnað hjólanna annað en skarð það, er áður er umtalað. Að vísu benda allar líkur til þess, að hefði umrætt skarð ekki verið í hlífinni, var lítill möguleiki á því að komast þarna að til smyrjunar, og hefði þá orðið að smyrja á þeim stað, er ætlað er.

Smyrjun vélarinnar á alltaf að fara fram við allar vélar stöðvaðar, og ber stjórnanda vélarinnar að sjá um, að smyrjari framfylgi því, sem í þessu tilfelli er hann sjálfur. Að vísu er ekki hægt að smyrja umrætt tannhjól, nema að láta þau snúast, en af því stafar engin hætta, sé farið að, eins og til er ætlazt, og lúgan notuð efst á hlífinni.“

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, dags. 8. apríl 1957, undirritað af Gísla Kristjánssyni, verkstjóra á vélaverkstæði íslenzkra aðalverktaka, og Ingvari Jóhannssyni, vélaeftirlitsmanni sama fyrirtækis, en fyrirtæki þetta mun hafa átt umrædda skurðgröfu, áður en hún komst í eigu stefnda. Þykir rétt að rekja meginefni vottorðs þessa, en það hljóðar svo:

„Það stykki, sem skorið var úr hlífinni að framan, hefur verið

skorið burtu af starfsmönnum einhvers amerísks fyrirtækis, en ekki Íslenzkra aðalverktaka.

Að gat þetta er það rúmgott, að vel má bera óhitaða feiti á drifið með spaða, með því að láta drifið snúast hægt.

Einnig er gat brennt úr hlíf þessari að ofan, og er það ekki nema rúmir 2″ í þvermál, og þar af leiðandi ætlazt til, að þar sé hellt niður hitaðri feiti, en sá hængur er á, að hlífin er töluvert hærri en meðalmaður. Verkfæri, sem ætluð voru til daglegrar notkunar í þessum tækjum, fylgdu þeim í upphafi, en þeirra á meðal voru engin, sem ætluð voru til hitunar á feiti.

Það gat, sem brennt var úr hlífinni að framan, hefur efalaust verið gert í þeim tilgangi að auðvelda smurningu, en hefur hins vegar verið staðsett of neðarlega og þar af leiðandi of nálægt tanngripi drifsins, og ef ekki væri viðhöfð fyllsta aðgætni, gat auðveldlega hættulegt slys orsakazt.

Ef gat þetta hefði verið skorið úr töluvert ofar, voru ekki sjáanlegar líkur fyrir, að slys gætu hlotizt af.“

Gat það, sem um ræðir, mun hafa verið birgt að fullu nokkrum mánuðum eftir slysið.

Það var ætlun dómsins að skoða skurðgröfu þá, sem stefnandi vann með, er slysið varð, en af því gat eigi orðið, þar sem tæki þetta hefur verið flutt af landi burt. Á hinn bóginn liggur frammi í málinu glöggur uppdráttur af þeim hlutum tækisins, sem hér skipta máli.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að í umrætt sinn hafi ekki verið fylgt þeirri föstu venju að hafa sérstakan smyrjara á skurðgröfunni, en hefði svo verið gert, myndi slysið eigi hafa orðið. Í annan stað hafi hér verið um hættulegt starf að ræða, og í þriðja lagi hafi öryggisútbúnaði verið mjög áfátt. Telur stefnandi, að þau atriði, er nú voru rakin, leiði til þess, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á slysinu.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi einn átt alla sök á slysinu. Er hann þurfti að smyrja umrædd tannhjól, hafi hann ekkert gert til að fá mann sér til aðstoðar. Þá hafi hann ekki beitt réttri aðferð við verk þetta, enda þótt hann hafi verið vanur að beita þeirri aðferð og haft ströng fyrirmæli um það. Í þess stað hafi hann troðið hendinni í gegnum umrætt gat framan í hlíf þeirri, er umlykur tannhjólin. Telur stefndi sig ekki bera ábyrgð á slíku framferði stefnanda. Að vísu megi segja, að þarflaust hafi verið að hafa gat þetta á hlífinni, en engum hafi komið til hugar, að nokkur, sem vanur væri verki þessu, færi svo að sem stefnandi. Dómstólar leggi mjög ríka fébótaábyrgð á vinnu-

veitendur gagnvart starfsmönnum sínum. Hljóti því vinnuveitendur að eiga rétt á, að gerð sé sú krafa til starfsmanna, að þeir hlýði öryggisfyrirmælum og hagi sér með gát við vinnu sína. Varakröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að ekki komi til mála að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið, nema að mjög litlu leyti, þar sem ljóst sé, að stefnandi hafi a. m. k. átt meginhluta sakar. Í annan stað er varakrafan studd þeim rökum, að fjárhæð bótakröfunnar sé allt of há.

Feitin, sem notuð er til að smyrja umrædd tannhjól, er svo þykk og seig, að ógerlegt er að hella henni niður um gat það ofan á hlíf tannhjólanna, sem til þess er ætlað, nema hún hafi verið hituð áður, en óvéfengd er sú staðhæfing stefnanda, að tæki til slíks hafi hann ekki haft til umráða. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að tannhjól þessi séu smurð á stuttum fresti, þegar skurðgrafan er í stöðugri notkun, svo sem hér var. Allt þetta mátti verkstjóra stefnda og forráðamönnum, er hér áttu hlut að, vera ljóst. Bar þeim því að sjá svo um, að búið væri þannig í haginn fyrir stefnanda, að hann ætti þess hægan kost að framkvæma verk þetta svo, sem til er ætlazt, en þá er verkið einfalt og hættulaust. Þetta var vanrækt, og verður eigi annað séð, þegar litið er til allra aðstæðna þarna, en sá hafi verið tilgangurinn með gatinu framan á tannhjólahlífinni, að tannhjólin væru smurð í gegnum það, enda hefur þeirri staðhæfingu stefnanda ekki verið hnekkt, að það hafi verið látið viðgangast óátalið. Þessi framkvæmd verksins var hins vegar mjög hættuleg að áliti hinna sérfróðu samdómenda. Að því athuguðu, sem að framan er rakið, verður að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysi þessu. Á hinn bóginn verður að telja, að stefnandi hafi einnig átt sök á slysinu, þar sem honum mátti vera ljóst, eftir að hafa öðlazt alllanga reynslu í meðferð slíks tækis sem þessa, hver hætta því var samfara að fara svo að, sem hann gerði. Þykir með hliðsjón af atvikum öllum hæfilegt að skipta svo tjóni því, er hann telst hafa beðið, að stefndi bæti honum ¾ hluta þess.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bætur fyrir atvinnutjón vegna örorku ..... | kr. | 632.086.00 |
| 2. | Bætur fyrir sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum ..... | — | 100.000.00 |
| 3. | Kostnaður við örorkumat ..... | — | 350.00 |
| 4. | Kostnaður við útreikning á atvinnutjóni .... | — | 300.00 |
| | Samtals | kr. | 732.736.00 |

Það er fram komið í málinu, að stefnandi hefur fengið greidda dagpeninga og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, samtals að fjárhæð kr. 60.855.48. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfu sína, sem þeirri fjárhæð nemur, eða í kr. 671.880.52.

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahús varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem gert var að meiðslum hans til bráðabirgða. Að því búnu var hann fluttur í Sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hann lá í tæpa tvo mánuði. Í vottorði sjúkrahússlæknisins, dags. 8. júlí 1955, er meiðslum stefnanda lýst svo, að þumalfingur hægri handar hafi verið rifinn af, þannig að aðeins hafi verið eftir húðtætlur. Enn fremur hafi fremsti köggull verið rifinn af vísifingri og löngutöng, svo og tveir kögglar framan af baugfingri og litlafingri. Eftir að stefnandi kom af sjúkrahúsinu, mun hann hafa gengið í „ljós og nudd" til Björgvins Finnssonar læknis, en ekki er vitað, hve lengi.

Hinn 21. október 1955 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, og mat þá læknirinn jafnframt örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. 3. nóvember 1955, segir, að stefnandi sé þá enn eigi farinn að vinna eftir slysið. Síðan segir á þessa leið í vottorðinu:

„Hægri hönd: Þumalfingur ásamt miðhandarbeini er numið brott. Talsverður örvefur er á staðnum, og nær örvefurinn inn í lófa. Tveir fremstu kögglar af litla fingri og baugfingri eru numdir brott. Sömuleiðis eru á burtu hálfur annar köggull af löngutöng og hálfur köggull framan af vísifingri. Talsverður örvefur er á gómunum, og höndin er blá og köld átöku."

Varanlega örorku stefnanda vegna slyssins metur læknirinn 45%.

Stefnandi er talinn fæddur 15. janúar 1933 og hefur því verið 22 ára gamall, er hann slasaðist. Hann er ókvæntur, en hefur tvö börn á framfæri sínu. Stefnandi mun engrar framhaldsmenntunar hafa notið. Hann mun undanfarið hafa unnið sem bifreiðarstjóri á leigubifreið til mannflutninga.

Hinn 9. apríl 1956 gerði Guðjón Hansen tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda, miðað við slyssdag og 100% örorku fyrstu tvo mánuðina eftir slysið, en 45% varanlega örorku eftir það. Samkvæmt skattframtölum stefnanda voru atvinnutekjur hans þrjú næstu árin fyrir slysið þessar: Árið 1952 kr. 49.961.00; árið 1953 kr. 63.880.00 og árið 1954 kr. 72.220.20. Getur

tryggingafræðingurinn þess, að vorið 1955 hafi kaup verkamanna hækkað um 10%, miðað við grunntímakaup. Vegna breytts útreiknings á eftirvinnutímafjölda hafi hækkun eftirvinnukaups raunverulega orðið meiri, en við umreikning tekna til núverandi kauplags hafi hann þó miðað við 10% hækkun grunnkaups einvörðungu auk vísitöluhækkunar. Telur hann, að árstekjur stefnanda, að liðnu fyrsta árinu eftir slysið, umreiknaðar á ofangreindan hátt á grundvelli meðaltekna áranna 1952—1954, ættu að hafa orðið kr. 78.039.00. Er þá reiknað með vísitölu kaups, eins og hún var, er útreikningur þessi var gerður. Reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra atvinnutekna stefnanda nema kr. 11.816.00 fyrstu tvo mánuðina eftir slysið, en kr. 620.270.00 að þeim tíma liðnum. Er það sú tala, sem stefnandi leggur til grundvallar þessum kröfulið.

Auk þeirra atriða í reikningsgrundvellinum, sem að framan eru talin, er útreikningurinn miðaður við 4% ársvexti.

Hinn 27. maí 1957 gerði sami tryggingafræðingur nýjan útreikning á atvinnutjóni stefnanda. Er útreikningur þessi að því leyti einu frábrugðinn hinum eldra útreikningi, að reiknað er með 6% vöxtum p.a. Reiknast tryggingafræðingnum með því móti, að verðmæti atvinnutjóns stefnanda nemi kr. 11.758.00 fyrstu tvo mánuðina eftir slysið, en að þeim tíma liðnum kr. 513.032.00, eða alls kr. 524.790.00.

Hinn 5. þ. m. gerði hinn sérfróði maður enn útreikning á atvinnutjóni stefnanda. Miðar hann nú við tímakaup Dagsbrúnar, 48 stunda vinnuviku, 48 vinnuvikur á ári og 6% orlofsfé, en enga eftirvinnu. Samkvæmt þeim útreikningi nemur árskaup, miðað við núgildandi vísitölu, kr. 45.670.00. Reiknast hinum sérfróða manni með þessum útreikningi, að verðmæti tapaðra atvinnutekna stefnanda nemi alls kr. 305.622.00, þar af kr. 6.536.00 fyrstu tvo mánuðina eftir slysið. Er þá miðað við 6% ársvexti.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og öðru því, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 325.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi samkvæmt framansögðu hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins.

*Um 2.*

Þegar það er virt, hver meiðsli stefnandi hlaut við slysið, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 25.000.00.

Um 3. og 4.

Fjárhæðir þessara tveggja kröfuliða hafa ekki sætt andmælum, og verða þeir því lagðir til grundvallar óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda af völdum slyssins nema kr. 350.650.00 (kr. 325.000.00 + kr. 25.000.00 + kr. 350.00 + kr. 300.00). Af því ber stefnda að bæta honum ¾ hluta, eða kr. 262.987.50. Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 1.139.14, sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda upp í tjón hans. Mismunurinn, kr. 261.848.36, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Elliða N. Guðjónssyni, verkstjóra hjá Vélasjóði ríkisins. Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögu dómsins, stafar af veikindaforföllum annars samdómandans.

Dómsorð:

Stefndi, Sameinaðir verktakar, greiði stefnanda, Inga Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 261.848.36 auk 6% ársvaxta frá 29. júní 1955 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. október 1957.

Nr. 43/1957. **Fiskveiðahlutafélagið Njáll**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
**Gunnari Guðjónssyni**
**og gagnsök** (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál vegna slyss.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bótakrafa gagnáfrýjanda verði færð niður og að hvorum aðilja verði gert að bera sinn kostnað af málinu í héraði, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. marz 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 574.407.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að nauðsynlegt hefði verið til varnar slysahættu að hafa hlíf á snúningsási þeim, sem dráttarvírinn lék um. Verður því að telja, að skortur á öryggisútbúnaði hafi átt þátt í því, að slysið varð, en gagnáfrýjandi átti einnig sök á því með óvarkárni. Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Tjónbætur samkvæmt 1. kröfulið gagnáfrýjanda þykja auk tryggingarbóta hæfilega ákveðnar kr. 320.000.00. Stað-

festa má niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð bóta samkvæmt 2. kröfulið, kr. 40.000.00. Verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða helming þessara fjárhæða, kr. 180.000.00. Með skírskotun til þess, sem um vexti segir í héraðsdómi, verða gagnáfrýjanda dæmdir 6% ársvextir af bótum samkvæmt 1. kröfulið frá 21. júní 1951 og af bótum samkvæmt 2. kröfulið frá 21. júní 1955, hvort tveggja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 180.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 160.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955 og af kr. 180.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar**
**og Gizurar Bergsteinssonar.**

Við erum sammála meiri hluta dómenda um rök fyrir fébótaábyrgð aðaláfrýjanda og mati á tjóni gagnáfrýjanda. Hins vegar teljum við, að gagnáfrýjandi, sem hafði verið háseti á b/v Forseta um þriggja ára skeið, hafi hagað sér svo ógætilega, er slysið varð, að hann eigi að bera 3/5 hluta tjóns síns sjálfur.

Dómsorð okkar er því þannig:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 144.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 128.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955 og af kr. 144.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. desember 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Gunnar Guðjónsson, Kárastíg 1 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. júní 1955, gegn Fiskveiðahlutafélaginu Njáli, Bíldudal, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 574.407.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Fimmtudaginn 21. marz 1946 var b/v Forseti að veiðum þvert út af Malarrifi. Hægviðri var og sjólítið. Um kl. 07.00, er unnið var að því að draga inn stjórnborðsvörpuna, varð það slys, að vinstri fótur stefnanda klemmdist á milli togvírsins og keflisins í „masturspolla" með þeim afleiðingum, að fótinn tók af rétt fyrir neðan hné.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum slyssins, að rétt áður en það varð, hafi hann staðið að fiskaðgerð í fiskkassa á þilfarinu. Hafi hann verið í sjóstakk yzt fata og klofháum vaðstígvélum. Hann hafi átt erindi fram á skipið og því stigið út úr fiskkassanum og gengið að aftari togvírnum, sem hann hafi ætlað að fara yfir, en með þeim vír var verið að draga inn vörpuna. Er hann var kominn að vírnum, hafi hann lyft hægra fæti yfir hann. Hafi sér þá fundizt eins og kippt væri í neðri brún stakksins, sem hann var í. Hann hafi streitzt á móti og rifið stakkinn af vírnum, sem hann hafi þá verið orðinn fastur í. Samtímis hafi sér fundizt eins og kippt væri í vinstri fót sér og hafi fóturinn dregizt með vírnum inn í „pollann". Stefnandi kveðst hafa staðið um ½ metra frá „pollanum", er fóturinn festist í vírnum, en orsök þess hafi verið sú, að vírinn hafi verið trosnaður og hafi gaddar staðið út úr honum og kræzt í stígvélið. Hafi togvírinn verið trosnaður á um faðms löngum kafla, en skemmd þessi á vírnum hafi orðið, einum eða tveimur dögum áður en slysið varð, en vörpur b/v Forseta og annars togara flæktust saman, þegar verið var að toga. Stefnandi segir, að greinilegt hafi verið, að fótur sinn hafi festst á göddum á vírnum, enda hafi hann séð, að fótarhlutinn, sem af klipptist, hafi hangið á vírnum alveg aftur undir togvindu, en þá hafi verið „gefið til baka" á togvindunni, og hafi hann séð fótarhlutann berast til baka með vírnum. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að vera háseti á b/v Forseta í um 3 ár, er slysið varð.

Vitnið Valtýr Guðmundsson háseti skýrir svo frá, að í umrætt

sinn hafi það unnið að fiskaðgerð í sama fiskkassa og stefnandi. Er slysið varð, hafi það ásamt stefnanda verið á leið fram eftir skipinu, þó aðeins á undan honum. Kveðst vitnið hafa stigið upp á umræddan „masturspolla" og látið hníf, sem það hafi verið með, í körfu, sem hangið hafi í siglutrénu. Að því búnu hafi það gengið fram fyrir „masturspollann" og verið að taka af sér vettlingana, er stefnandi hafi komið sömu leið. Er stefnandi var kominn upp á „pollann", hafi hann hrasað niður af honum og vinstri fótur hans lent á milli vírsins og keflisins í „pollanum". Vitnið kveðst þá hafa kallað til bátsmannsins, er staðið hafi á sínum stað við togvinduna, og beðið hann að stöðva vinduna. Það hafi þegar verið gert, en slysið hafi orðið með svo skjótum hætti, að ekki hafi reynzt unnt að stöðva togvinduna fyrr en um seinan. Vitnið kveður enga óvenjulega gufu hafa verið frá togvindunni í umrætt sinn, svo að vel hafi sézt frá henni fram að „pollanum". Vitni þetta kveður það hafa verið algengt, meðan það var á b/v Forseta, að menn færu á leið sinni fram eftir skipinu yfir togvíra og „polla" þeim megin, sem varpan var úti, meðan verið var að draga inn vörpuna.

Vitnið Magnús Runólfsson skipstjóri kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu. Hafi það verið sofandi á legubekk í loftskeytaklefanum, er slysið varð. Vitnið skýrir svo frá, að togvírar skipsins hafi yfirleitt verið góðir á þessum tíma, að vísu lítils háttar trosnaðir, svo sem algengt sé, en þó alls ekki á þeim kafla, sem verið var að toga inn, er slysið varð. Hafi þá verið búið að draga inn um 75 faðma af 350 föðmum, sem í sjó voru. Eini gallinn, sem sér hafi verið kunnugt um, að á vírnum væri, hafi hins vegar verið um 150 faðma frá skipinu. Hafi galli þessi ekki verið þannig, að gaddar stæðu út úr vírnum, heldur hafi vírinn verið kraminn og mergþráðurinn genginn út úr honum. Vitnið kveður það í öllum tilvikum ónauðsynlegt og slæman ávana að stíga yfir vírana, meðan verið sé að toga. Á hinn bóginn hafi það verið algengt, að skipverjar færu yfir víra og „polla" á leið sinni fram eftir skipinu, enda þótt þeim væri ljós hættan, sem því var samfara. Hafi menn og almennt verið áminntir af yfirmönnum og vönum samstarfsmönnum að fara ekki þá leið. Kveðst vitnið oft hafa tekið mönnum vara við þessu.

Vitnið Marteinn Jónsson bátsmaður kveðst hafa staðið við togvinduna og stjórnað henni, er slysið varð. Er búið hafi verið að draga inn um 25—50 faðma af vír, hafi það snögglega heyrt hljóð, er gaf til kynna, að eitthvað óvenjulegt mundi hafa komið fyrir. Kveðst vitnið þá þegar hafa lokað fyrir gufuþrýstinginn að tog-

vindunni og gert ráðstafanir til að stöðva hana. Hafi það ekki vitað gjörla, hvað skeð hafði, fyrr en það kom fram að „masturspollanum“ og sá stefnanda liggja þar. Vitnið kveðst ekki muna eftir sérstökum göllum á togvírnum nema á kafla, sem sig minni, að hafi verið miklu neðar á vírnum en svo, að hann hafi getað verið kominn inn í skipið á þessum tíma. Vitni þetta kveður það hafa verið allalgengt, að menn legðu leið sína yfir „pollann“, er þeir áttu erindi fram á skipið, en það kveðst vitnið telja mjög óvarlegt. Öruggast sé að fara annað hvort aftur fyrir togvinduna eða inn á „lúgu“. Að vísu sé leiðin aftur fyrir togvindu þröng, en þó sé vel hægt að fara hana, enda sé það oft gert. Þá getur vitnið þess, að á flestum, ef ekki öllum togurum, sem það hafi starfað á, hafi menn verið varaðir við því af einhverjum um borð að fara yfir „pollana“.

Í málinu liggur frammi uppdráttur af þilfari b/v Forseta frá stjórnpalli að hvalbak. Á uppdrætti þessum, sem gerður er af stefnanda, er sýndur helzti útbúnaður skipsins stjórnborðsmegin á þessu svæði, m. a. „masturspolli“, aftari togvír og fiskkassi sá, sem stefnandi vann í, rétt áður en slysið varð. Þá er og mörkuð á uppdráttinn leiðin, sem stefnandi telur sig og vitnið Valtý Guðmundsson hafa farið úr fiskkassanum í umrætt sinn. Uppdráttur þessi mun ekki gerður í réttum stærðarhlutföllum.

Eigandi b/v Forseta á þessum tíma var Fiskveiðahlutafélagið Hængur hér í bæ, en í ágúst 1951 yfirtók stefndi í máli þessu það félag og tók að sér allar skuldir þess. Er og ekki véfengt af hálfu stefnda, að það eigi aðild að máli þessu.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að um sök hafi verið að ræða hjá þáverandi eigendum og forsvarsmönnum skipsins, þar eð orsakir slyssins hafi verið þær, að togvírinn var gallaður og engin hlíf var á „masturspollanum“. Byggir hann kröfu sína að þessu leyti á almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á atvinnutækjum og skaðaverkum starfsmanna sinna, en ekki á 13. gr. siglingalaganna. Í öðru lagi hljóti fyrirtæki, sem reki jafn hættulegan atvinnurekstur sem togaraútgerð sé, að bera ábyrgð á slysi sem þessu, jafnvel þótt ekki væri um sök að ræða.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að svo virðist, að enginn grundvöllur sé fyrir kröfum stefnanda í málinu. Frásögn hans sjálfs beri þess vott, að hann hafi sýnt af sér slíka ógætni, að öðrum verði ekki um slysið kennt en sjálfum honum. Hvort sem frásögn hans eða vitnisins Valtýs Guðmundssonar um nánari tildrög að slysinu sé hin rétta, hafi aðfarir hans verið jafn óvarlegar og útiloki með öllu, að hann geti öðrum um slysið kennt. Er því

í þessu sambandi mótmælt af hálfu stefnda, að nokkurt slit eða galli hafi verið á togvírnum á þeim stað, sem hér skiptir máli. Enn fremur er því mótmælt, að nokkur útbúnaður á skipinu hafi verið á þann hátt gallaður, að stutt hafi að því, að slysið varð, eða verið öðruvísi en tíðkaðist á öðrum togurum á þessum tíma. Þá er á það bent, að stefnandi hafi oft verið varaður við því að stíga yfir togvírana, meðan á drætti þeirra stæði. Hafi þó slíkra aðvarana ekki átt að vera þörf, þar sem hann hafi verið búinn að starfa á skipinu í þrjú ár, er slysið varð, og því vanur togaravinnu og kunnugur aðstæðum. Að lokum er á það bent af hálfu stefnda, að um bótaskyldu samkvæmt reglum um ábyrgð á verkum starfsmanna eða almennum skaðabótareglum geti ekki heldur verið að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að sökin á slysinu sé öll hjá stefnanda sjálfum. Og enda þótt talið yrði, að fébótaábyrgð hefði að einhverju leyti verið til að dreifa, þá sé hún nú fallin niður fyrir vangeymslu stefnanda.

Eins og fram kemur í atvikalýsingunni hér að framan, eru stefnandi og vitnið Valtýr Guðmundsson einir til frásagnar um nánari tildrög slyss þess, sem um ræðir. Framburðir þeirra eru hins vegar svo ósamhljóða um hin veigamestu atriði, að ekkert verður um það sagt með vissu, hvað því olli, að fótur stefnanda festist í „pollanum". Þó þykir mega telja víst, að er slysið varð, hafi stefnandi annað hvort verið að fara yfir togvírinn um hálfan metra frá „masturspollanum", eins og hann fullyrðir sjálfur, eða yfir „pollann", eins og vitnið Valtýr Guðmundsson staðhæfir. En það er álit hinna sérfróðu samdómenda, sem báðir eru gagnkunnugir störfum á togurum, að hvort tveggja sé jafn hættulegt og óvarlegt, meðan verið er að draga vírinn inn. Sem fyrr getur, hafði stefnandi verið háseti á skipinu um þriggja ára skeið, er hér var komið. Mátti honum því vera ljós þessi hætta. Að þessu athuguðu, verður að telja, að stefnandi hafi sjálfur að allverulegu leyti átt sök á því, hvernig fór.

Á hinn bóginn er á það að líta, að það hefur löngum verið algeng venja á togurum, að sjómenn gangi yfir „polla" og víra, meðan togað er, og er í ljós leitt með vætti framangreindra skipverja, að sú venja hefur einnig viðgengizt á þessu skipi, enda þótt athygli manna hafi verið vakin á hættunni, sem þessu er samfara. Þá er þess og að gæta, að engin hlíf var á „pollanum". Var slíkur öryggisútbúnaður þó nauðsynlegur til varnar slysum, og skiptir ekki máli, þótt hann hafi almennt ekki tíðkazt á togurum á þessum tíma. Að lokum þykir bera að hafa í huga, að mikil hætta er samfara störfum háseta á togurum.

Með hliðsjón af öllu því, sem að framan er rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að ⅗ hlutum.

Kröfu sína í málinu hefur stefnandi sundurliðað þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Örorkubætur | kr. | 534.407.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og varanleg lýti | — | 40.000.00 |
| Samtals | kr. | 574.407.00 |

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi borinn undir þiljur og gert til bráðabirgða að sárum hans, svo sem kostur var. Jafnframt var veiðum hætt og siglt áleiðis til Reykjavíkur, og var komið á ytri höfnina kl. 15.10 samdægurs. Var stefnandi fluttur í land á hafnsögubáti og þegar farið með hann í Landspítalann, þar sem taka varð framan af fætinum fyrir ofan hné, en sem fyrr getur, hafði fóturinn klippzt af rétt neðan við hnéð.

Ekki liggja fyrir upplýsingar í málinu um sjúkralegu stefnanda eftir slysið.

Hinn 5. október 1946 mat Páll Sigurðsson varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 65%.

Í vottorði Gunnars Cortes læknis, dags. 6. september 1955, segir, að stefnandi hafi oft kvartað um verki í stúfnum og orðið að liggja „tíma og tíma". Stúfurinn hafi fyrir löngu fengið endanlega lögun og sé engra breytinga að vænta til batnaðar.

Stefnandi er talinn fæddur 31. janúar 1924 og hefur því verið 22 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Hann virðist þá hafa verið kvæntur, en ekki er vitað, hvort hann hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt upplýsingum frá skattstofunni hafa atvinnutekjur stefnanda frá 1944—1955 verið þessar: Árið 1944 kr. 27.768.00, árið 1945 kr. 29.963.00, árið 1946 kr. 16.700.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 5.355.00), árið 1947 kr. 21.165.00 (þar af söluhagnaður kr. 3.030.00), árið 1948 kr. 24.636.00 (þar af örorkulífeyrir kr. 2.400.00), árið 1949 kr. 23.945.00, árið 1950 kr. 28.955.00 (þar af örorkustyrkur kr. 1.342.00), árið 1951 kr. 35.414.00 (þar af örorkustyrkur kr. 2.912.00), árið 1952 kr. 38.251.00 (þar af örorkustyrkur kr. 3.300.00), árið 1953 kr. 42.057.00 (þar af örorkustyrkur og bætur kr. 4.129.00), árið 1954 kr. 54.222.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 2.381.00) og árið 1955 kr. 62.662.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 5.500.00 og bætur kr. 4.436.00).

Hinn 28. marz 1955 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út verðmæti vinnutekjutjóns stefnanda, miðað við

slysdag og 65% varanlega örorku. Kveðst hann byggja útreikninginn aðallega á meðalvinnutekjum daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna (giftra), sem athugaðar hafi verið í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða, en nota upplýsingar þær, sem fyrir liggja um vinnutekjur stefnanda fyrir og eftir slysið til hliðsjónar. Áætlað vinnutekjutjón finnur hann síðan með því að taka 65% af tekjum samkvæmt framangreindum athugunum og útreikningum. Reiknast honum það nema samtals kr. 183.825.00 fyrir tímabilið 28/3 1946 til jafnlengdar 1955, en eftir það kr. 26.512.00 árlega. Telur tryggingafræðingurinn, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um tekjur stefnanda fyrir og eftir slysið, megi ætla, að áætlun þessi um vinnutekjutjón sé sízt of há. Heildarverðmæti vinnutekjutjónsins á slysdegi reiknast tryggingafræðingnum nema kr. 425.319.00.

Grundvöllur þessa útreiknings auk þess, sem að framan greinir, er 4% vextir p. a., dánarlíkur eftir reynslu fyrir íslenzka karla á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að þar sem útreikningurinn sé miðaður við slysdag, þurfi að bæta við vöxtum og vaxtavöxtum frá slysdegi til greiðsludags. Sé reiknað með 4% ársvöxtum. Nemi þeir frá 21. marz 1946 til jafnlengdar 1955 kr. 180.043.00.

Vegna slyssins hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt stefnanda bætur, sem hér segir:

Dagpeningar frá 23/3—25/9 1946 kr. 4.146.65.

Örorkulífeyrir frá 25/9 1946—31/12 1954 kr. 23.149.75.

Verðmæti þessa örorkulífeyris og þess örorkulífeyris, sem ætla má, að stefnandi fái framvegis og til 67 ára aldurs, lifi hann svo lengi, reiknast tryggingafræðingnum, að nemi kr. 49.852.00 á slysdegi. Getur hann þess, að við verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi þurfi að bæta vöxtum til greiðsludags. Nemi 4% ársvextir frá 21. marz 1946 til 21. marz 1955 kr. 21.103.00.

Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að enginn frádráttur hafi verið gerður fyrir opinberum gjöldum, og ekki sé heldur tillit tekið til þess, að starfsorkumissir kunni að hafa verið meiri en 65% eftir slysið.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á framangreindum útreikningi. Fær hann hana þannig fram, að hann dregur verðmæti örorkulífeyrisins að viðbættum vöxtum (kr. 49.852.00 + kr. 21.103.00) frá heildarverðmæti vinnutekjutjónsins að viðbættum vöxtum (kr. 425.319.00 + kr. 180.043.00).

Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvenær stefn-

andi hóf aftur vinnu eftir slysið, né heldur, hvert starf hans hafi verið, en hinn 1. apríl s.l. var hann skipaður símritari hjá Landssíma Íslands.

Hinn 12. f. m. reiknaði sami tryggingafræðingur út vinnutekjutjón stefnanda af nýju. Getur hann þess í hinum nýja útreikningi, að ýmis atriði, sem máli skipti, hafi breytzt frá því fyrri útreikningur var gerður. Beri þar sérstaklega að nefna, að vinnulaun hafi hækkað talsvert að krónutölu bæði vegna hækkunar grunnkaups og kaupgjaldsvísitölu. Vegna kauphækkana þessara svo og endurskoðunar á einni tölu í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða kveður hann áætlunina um vinnutekjutjón stefnanda tímabilið 28/3 1946 til jafnlengdar 1955 hafa breytzt þannig, að nú nemi áætlað vinnutekjutjón hans þetta tímabil kr. 189.183.00, 28/3 1955 til 27/3 1956 nemi það kr. 34.516.00 og frá þeim degi til jafnlengdar 1957 kr. 37.340.00, en síðan árlega kr. 37.733.00.

Heildarverðmæti vinnutekjutjónsins og örorkulífeyrisins, sem tryggingafræðingurinn telur einnig hækka nokkuð vegna vísitöluhækkana, reiknast honum nema þessum fjárhæðum:

A. Miðað við 4% ársvexti:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Áætlað vinnutekjutjón ..... | kr. | 545.625.00 | | |
| Vextir til 27/3 1956 ..... | — | 262.033.00 | kr. | 807.658.00 |
| Verðmæti örorkulífeyris ..... | kr. | 53.198.00 | | |
| Vextir til 27/3 1956 ..... | — | 25.548.00 | — | 78.746.00 |
| | | Mismunur | kr. | 728.912.00 |

B. Miðað við 6% ársvexti:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Áætlað vinnutekjutjón ..... | kr. | 389.011.00 | | |
| Vextir til 27/3 1956 ..... | — | 307.648.00 | kr. | 696.659.00 |
| Verðmæti örorkulífeyris ..... | kr. | 39.491.00 | | |
| Vextir til 27/3 1956 ..... | — | 31.231.00 | — | 70.722.00 |
| | | Mismunur | kr. | 625.937.00 |

Að öðru leyti en því, sem að framan greinir, er útreikningur þessi byggður á hinum sömu forsendum og hinn fyrri.

Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að enda þótt stefnandi hafi nú menntun til að vera loftskeytamaður á togara, komi vart til greina, að hann gegni slíku starfi vegna fötlunar sinnar. Það sé því fróðlegt að bera saman kaup hans og vinnutekjur loft-

skeytamanns á togurum. Kveðst hann af þeim sökum hafa aflað upplýsinga um meðalvinnutekjur loftskeytamanna á togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur árin 1952 til 1955. Samkvæmt þeim upplýsingum er meðaltalið af meðaltekjum þeirra greint tímabil kr. 62.809.00, en meðaltalið af vinnutekjum stefnanda á sama tímabili hins vegar kr. 43.764.00. Nemur mismunurinn kr. 19.045.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 290.000.00. Er þá reiknað með 6% ársvöxtum. Hafa þá og verið dregnir frá dagpeningar, sem stefnandi samkvæmt framansögðu hefur fengið greidda frá Tryggingastofnun ríkisins, og örorkulífeyrir sá, sem hann hefur þegar fengið greiddan ásamt verðmæti væntanlegs örorkulífeyris.

Eins og greint var frá hér að framan í sambandi við útreikninga tryggingafræðingsins, gerir hann ráð fyrir, að vöxtum verði bætt við áætlað vinnutekjutjón stefnanda allt frá slysdegi, og er fjárhæð þeirra samkvæmt hinum fyrra útreikningi hans innifalin í stefnukröfunni, sem fyrr getur. Á það er hins vegar að líta, að vextirnir fyrnast á fjórum árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905. Stefna í málinu var birt 21. júní 1955, og eru því vextir frá slysdegi til 21. júní 1951 fyrndir. Samkvæmt því á stefnandi rétt á vöxtum af dæmdum bótum samkvæmt þessum kröfulið frá þeim tíma til greiðsludags.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, og meiðslum hans lýst. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykir bera að taka kröfulið þenna til greina að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 174.000.00 samkvæmt fyrri kröfuliðnum og kr. 24.000.00 samkvæmt hinum síðari (3/5 af kr. 290.000.00 + kr. 40.000.00) ásamt 6% ársvöxtum af fyrri fjárhæðinni frá 21. júní 1951 til greiðsludags, en af síðari fjárhæðinni frá stefnudegi til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 13.500.00. Er þar með talinn kostnaður við útreikning örorkubóta, kr. 1.100.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með-

dómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði stefnanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 198.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 174.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955, en af kr. 198.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 13.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 21. október 1957.

Nr. 76/1957. **Ákæruvaldið** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
**Ásgeiri Bjarnasyni**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.**

Manni dæmd refsing fyrir að aka bifreið miður sín og gálaust.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eigi þykir fullsannað, að ákærði hafi við akstur bifreiðar sinnar umrætt skipti verið með áhrifum áfengis í merkingu 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954. Hins vegar er af gögnum málsins ljóst, að ákærði hefur við aksturinn verið svo miður sín, að refsivert er samkvæmt 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með gálausum akstri brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. sömu laga, eins og lýst er í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Bjarnason, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ingólfs Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. nóvember 1956.**

Ár 1956, þriðjudaginn 20. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu dómsins af Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 547/1956: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Bjarnasyni, sem dómtekið var 23. október s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 22. marz s.l., gegn Ásgeiri Bjarnasyni framkvæmdastjóra, Marbakka á Seltjarnarnesi, fyrir að hafa sunnudaginn 25. september s.l., fyrir eða um hádegi, ekið bifreiðinni R 311 um götur Reykjavíkur, verandi undir áhrifum áfengis við aksturinn, og aka bifreiðinni loks á umferðarsteina á Kaplaskjólsvegi. Telst þetta varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

En til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa umrætt sinn verið svo miður sín vegna undanfarandi svefnleysis

m. a., að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfialdri, fæddur á Húsavík 10. júní 1910. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1948 22/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1954 12/1 Rvík. Dómur, 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. september 1955, kl. 12.30, var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnt, að rétt í því hefði bifreið verið ekið yfir umferðarsteina þá, er skipta Kaplaskjólsvegi skammt norðan Nesvegar, og mundi ökumaður bifreiðarinnar vera ölvaður.

Lögreglumenn fóru á staðinn. Sáu þeir ummerki, er sýndu, að bifreið hefði verið ekið yfir umferðarsteinana, þar sem einn þeirra var á hliðinni, en aðrir lausir. Þarna á staðnum hittu þeir nokkur smábörn, er sögðu þeim, að bifreiðinni hefði verið ekið vestur á Seltjarnarnes og að ökumaðurinn mundi eiga heima á Marbakka. Börnin héldu, að númer bifreiðarinnar væri R 311. Lögreglumennirnir fóru nú að Marbakka. Bifreiðin R 311, 6 manna fólksbifreið, græn að lit, stóð þar á hlaðinu. Þeir fóru inn í húsið og hittu þar grátandi telpu, 14—16 ára. Þeir spurðu eftir ökumanni bifreiðarinnar. Vísaði telpan þeim inn í svefnherbergi, en þar lá faðir telpunnar, ákærði Ásgeir, afklæddur uppi í rúmi. Sagði telpan lögregluþjónunum, að hann hefði komið heim á bifreiðinni skömmu áður.

Ákærði neitaði að segja til nafns síns, en systir hans, Kristín Bjarnadóttir, sem kom þarna rétt á eftir, sagði lögregluþjónunum nafn hans og að hann væri bróðir sinn.

Lögregluþjónarnir töldu ákærða vera undir áhrifum áfengis og báðu hann að koma með sér, en hann neitaði því harðlega og kvaðst ei mundu fylgja þeim, nema þeir fengju handtökuheimild. Annar lögregluþjónanna hafði þá samband við Pálma Jónsson lögregluvarðstjóra og skýrði honum frá málavöxtum. Taldi hann ei tiltækilegt að taka ákærða brott með valdi. Fóru lögregluþjónarnir á lögreglustöðina við svo búið, en höfðu bifreið ákærða með sér. Var nú leitað til Halldórs Þorbjörnssonar, fulltrúa sakadómara, er kvað upp úrskurð um, að handtaka skyldi ákærða. Voru síðan þrír lögregluþjónar sendir til að handtaka hann, en

er þeir komu að Marbakka um miðmundabilið, var þeim sagt, að ákærða hefði verið gefið svefnlyf og svæfi hann. Gaf Kristín, systir ákærða, þá skýringu á þessu, að kona ákærða lægi á sjúkrahúsi og ætti að ganga undir hættulegan uppskurð daginn eftir. Mætti hún ekki verða fyrir geðshræringu og ei hafa fréttir af máli þessu. Hefði því verið gripið til þess ráðs að svæfa ákærða til þess að firra því, að hann færi á fund konu sinnar.

Héldu lögregluþjónarnir brott við svo búið, og verður ekki séð, að lögregluþjónarnir hafi séð ákærða eða staðreynt, hvort hann svæfi.

Það, sem nú hefur rakið verið, er samkvæmt frumskýrslum lögreglumanna þeirra, er fóru heim til ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm 5. október næstan eftir þetta. Skýrði hann svo frá, að hann hefði ekið bifreið sinni, R 311, heiman að frá sér niður á Ránargötu klukkan að ganga 12 á sunnudaginn, gengið síðan á skrifstofu sína á Vesturgötu 17, dvalizt þar um það bil hálfa klukkustund, en ekið síðan heim til sín. Á leiðinni kveðst hann vegna aðgæzluleysis hafa ekið á einn umferðarstein, endastein í steinaröð á Kaplaskjólsvegi. Við áreksturinn hafi gírskiptistöng bognað þannig, að ekki var hægt að tengja hana í afturábakgír. Var bifreiðin föst á steininum. Bar þá að Björn Ólafs lögfræðing, er ók ákærða heim og bauðst síðan til að losa bifreiðina og flytja hana heim til hans.

Ákærði hefur aldeilis neitað því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þenna. Kveðst hann hvorki hafa smakkað áfengi kvöldið áður né um morguninn áður en hann ók. Hins vegar kveðst hann ekkert hafa sofnað um nóttina fyrr en klukkan 8 um morguninn og sofið þá í um það bil tvær klukkustundir. Hefðu veikindi konu hans haldið fyrir honum vöku. Kveðst hann því hafa verið þreyttur og illa fyrir kallaður við akstur bæði vegna svefnleysis um nóttina og eins vegna meltingatruflana, er hann væri haldinn. Er hann kom heim, kveðst hann hafa ákveðið að leggja sig að reyna að sofna til að vera betur fyrir kallaður, er hann færi að heimsækja konu sína á sjúkrahúsið um nónbilið. Kveðst hann þá hafa háttað sig, en drukkið áður sem svaraði tvöföldum sjússi af aqua vitae til þess að sofna frekar. Auk þess taldi hann það mundu hafa góð áhrif á meltingartruflanirnar.

Þá skulu raktir framburðir vitna.

Vitnið Ívar Pétur Hannesson var annar lögregluþjónanna, er fyrst fóru heim til ákærða. Vitnið sá ákærða ekki aka bifreiðinni, en það sá hann heima á Marbakka. Segir vitnið, að ákærði hafi

þá haft útlit fyrir að vera með áfengisáhrifum. Hafi verið áfengislykt úr vitum hans, málrómur hans verið drafandi og tal hans ruglingslegt. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram úr rúmi sínu, og segist vitnið ekki hafa séð, að hann væri óstöðugur í jafnvægi. Vitni þetta segir, að ákærði hafi svarað játandi spurningu sinni um það, hvort hann hefði ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, en bætt við: „Ég ók bifreiðinni fyrir skammri stundu og var þá í sama ástandi og ég er nú."

Vitnið Kristján Jóhannesson lögregluþjónn kom heim að Marbakka með vitninu Ívari Pétri. Kveðst vitnið hafa komið heim til ákærða, um það bil 10 mínútum eftir að tilkynning barst á lögreglustöðina um akstur hans. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram úr rúminu, áður en þeir lögregluþjónarnir fóru, og verið mjög ör í framkomu. Frásögn hans hafi verið ruglingsleg og samhengislaus. Vitnið segir, að ákærði hafi viðurkennt, að hann hefði ekið bifreiðinni rétt áður og þá verið undir áhrifum áfengis. Segir vitnið, að Ívar Pétur hafi einnig heyrt þessa viðurkenningu. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Bæði þessi vitni hafa staðfest það, að ákærði hafi alveg neitað að fylgjast með þeim brott. Það skal og fram tekið, að í lögregluskýrslu Ívars Péturs segir, að ákærði hafi verið sýnilega undir áhrifum áfengis og litarháttur hans fölur.

Vitnið Björn Ólafs hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að það hafi klukkan nákvæmlega 12 á hádegi ekið bifreið sinni suður Nesveg og þá séð ákærða, sem vitnið kannast mjög vel við, aka suður Kaplaskjólsveg á hægri ferð, 20—25 km hraða. Kveðst vitnið hafa séð ákærða aka yfir tvo gulmálaða umferðarsteina á mótum þessara gatna, og hafi bifreiðin stöðvazt við það. Vitnið stöðvaði bifreið sína. Bifreið ákærða var föst, og ók vitnið ákærða heim til hans, en sá síðan um flutning á bifreið hans heim til hans.

Vitnið segir, að sér hafi virzt greinilegt, að ákærði væri í umrætt sinn mjög timbraður, svefnlaus og titrandi, og bersýnilega illa fyrir kallaður, en ekki beinlínis ölvaður.

Vitnið Njáll Kristjánsson, Breiðdal, kom fyrir dóm 24. sept. s.l. og skýrði frá því, að það hefði hitt ákærða á Vesturgötu 17 umræddan sunnudagsmorgun rétt fyrir hádegið. Kveðst vitnið vel muna, þótt langt væri liðið, að það hefði verið sunnudaginn 25. sept. fyrir ári síðan, sem það hitti ákærða þarna. Vitnið kveðst hafa hitt ákærða fyrir utan húsið, orðið honum samferða inn og síðan út aftur nokkru síðar. Vitnið kveðst hafa talað við ákærða og segist alls engin ölvunareinkenni hafa séð á honum.

Vitnið tók sérstaklega fram, að hreyfingar ákærða hefðu verið styrkar, er hann opnaði útidyrnar með lykli.

Öll framangreind vitni hafa staðfest framburði sína með eiði.

Kristín Bjarnadóttir, systir ákærða, hefur notað sér heimild 89. gr. laga nr. 27/1951 um að skorast undan vitnisburði.

Eins og fyrr segir, hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en drukkið tvo ákavítissjússa, eftir að hann kom heim, en ekki getur þessi framburður talizt sennilegur. Tveir lögregluþjónar hafa staðfest með eiði það álit sitt, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, er þeir komu heim til hans, nokkru eftir að hann ók, eða um 40 mínútum síðar, að því er næst verður komizt. Staðreynd er það, að ákærði neitaði alveg að ástæðulausu að fylgjast með lögregluþjónunum til blóðtöku, og sú staðreynd, að ákærði ók á umferðarsteinana, bendir til þess, að hann hafi verið eitthvað miður sín við aksturinn. Þá er enn fremur staðreynd, að ákærði skildi bifreið sína eftir á árekstursstaðnum og fékk mann til að sjá um fyrir sig, að hún yrði flutt heim. Loks benda þær aðgerðir venzlafólks ákærða að gefa honum svefnlyf til að svæfa hann, svo að hann færi ekki að heimsækja konu sína veika, eindregið til þess, að hann hafi verið ölvaður.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn frá Ránargötu að mótum Nesvegar og Kaplaskjólsvegar. Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Með þeirri staðreynd, að ákærði ók á umferðarsteinana, er sannað, að hann hefur ekki sýnt næga aðgæzlu við aksturinn. Varðar það við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 38. gr. bifreiðalaganna, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 1000.00.

Gerð hefur verið í málsskjölunum grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á rekstri máls þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásgeir Bjarnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Hann skal ævilangt sviptur bifreiðarstjóraréttindum.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 169/1957. **Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson**

gegn

**Stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., er barst dóminum hinn 16. þ. m. Þeir krefjast þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hafa þeir Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson, bifreiðar-

stjórar hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. september 1957, gegn stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hér í bænum, þeim Ingjaldi Ísakssyni formanni, Bifreiðastöðinni Hreyfli, Laugavegi 107, Jóni Einarssyni, Efstasundi 4, Pétri Jóhannssyni, Laugateigi 40, Gesti Sigurjónssyni, Lindargötu 63, og Guðlaugi Guðmundssyni, Barmahlíð 54, öllum hér í bænum. Hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að viðurkennt sé með dómi réttarins, að stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hafi verið óheimilt að gefa út afgreiðsluleyfi vorið 1957 til bifreiðarstjóranna Antons Sigurðssonar, Gunnþórs Benders, Ragnars Sigurðssonar og Tómasar Kristjánssonar með hliðsjón af löglegum samþykktum aðalfundar félagsins 1957 og fyrri fundarsamþykktum þess og að félagsstjórninni sé dæmt skylt að afturkalla tafarlaust nefnd afgreiðsluleyfi. Þá hafa stefnendur krafizt þess, að hinar stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða allan kostnað málsins.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framkomnum gögnum.

Stefnendur kveða málavexti þessa:

Á fundi í Samvinnufélaginu Hreyfli hinn 10. nóvember 1955 var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum þorra atkvæða og án nokkurra mótatkvæða:

„Fundur í Hreyfli s.f., haldinn á Þórskaffi 10/11. 1955, samþykkir, að frá og með samþykkt þessarar tillögu sé öllum, sem afgreiðsluleyfi hafa á stöð félagsins, óheimilt að framselja öðrum eða á nokkurn annan hátt ráðstafa afgreiðsluleyfi sínu til annarra.

Enn fremur skal frá sama síma óheimilt að bæta nokkrum manni í afgreiðslu á stöð félagsins. Segi leyfishafi upp afgreiðsluleyfi sínu, skal það lagt niður, og engum bætt við í hans stað. Ákvörðun þessi gildir, þar til öðruvísi verður ákveðið, og þá aðeins á aðalfundi í félaginu.“ Hefur þessi samþykkt verið í gildi síðan, og samkvæmt henni hefur aðalfundur félagsins farið með æðsta vald viðvíkjandi veitingu afgreiðsluleyfa á bifreiðastöð félagsins. Á síðasta aðalfundi félagsins, er haldinn var í Iðnó hér í bæ hinn 29. apríl 1957, var eftirfarandi tillaga samþykkt, að viðhafðri leynilegri atkvæðagreiðslu, með 130 atkvæðum gegn 75, en 9 atkvæðaseðlar voru auðir:

„Aðalfundur í Samvinnufélaginu Hreyfli, haldinn í Iðnó 29. apríl 1957, samþykkir eftirfarandi:

Stjórn s.f. Hreyfils er óheimilt að fjölga bifreiðarstjórum í af-

greiðslu á stöð félagsins, frá því sem nú er, nema með samþykki aðalfundar samvinnufélagsins.

Ekki má stjórn félagsins taka bifreiðarstjóra í afgreiðslu á stöð félagsins á milli aðalfunda með þeim fyrirvara, að aðalfundur samþykki slíkt." Var ályktun þessi til styrktar hinni fyrrgreindu fundarsamþykkt, þar sem í ljós kom á fundinum, að nokkur hluti stjórnarmanna hafði ætlað að fara í kringum samþykktir félagsmanna og veita bifreiðarstjórum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins með þeim fyrirvara, að aðalfundur samþykkti það. Á þessum fundi var einnig borin fram svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur í Samvinnufélaginu Hreyfli, haldinn í Iðnó 29. apríl 1957, samþykkir, að umsóknir um afgreiðsluleyfi á stöð félagsins, sem óskað er eftir, að verði lagðar fyrir aðalfund, skal stjórninni skylt að geta um í ársskýrslu sinni, og skulu þær umsóknir koma til atkvæðagreiðslu undir liðnum skýrsla stjórnar". Var tillaga þessi samþykkt með öllum þorra atkvæða fundarmanna gegn fjórum mótatkvæðum. Þegar tillögur þessar höfðu verið samþykktar, las formaður félagsins, sem jafnframt var fundarstjóri, upp nöfn þeirra manna, sem óskuðu eftir afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins. Umsóknirnar voru bornar undir atkvæði, allar í einu lagi, samkvæmt ákvörðun fundarins. Var fellt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða gegn fjórum að veita mönnum þessum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins. Þrír þessara manna voru þeir Anton Sigurðsson, Gunnþór Bender og Ragnar Sigurðsson. Hinn 14. maí 1957, kl. 2,30 e. h., var framhaldsaðalfundur settur af formanni félagsins í Skátaheimilinu hér í bænum. Voru mættir um 40 félagsmenn af um 260. Í fundargerð fundar þessa segir svo um dagskrá hans: „Formaður skýrir frá því, að dagskrá fyrir þessum fundi séu lagabreytingar, m. a. breyting á tækifærisgjafasjóði." Ekki getur fundargerð um aðferð við boðun framhaldsaðalfundarins. Er hér var komið, kvöddu þrír fundarmenn sér hljóðs, hver af öðrum, og mótmæltu lögmæti fundarins. Bentu þeir m. a. á, að tilskilinn fjöldi félagsmanna væri ekki mættur á fundinum. Formaður félagsins bar nú undir fundarmenn sjálfa, hvort fundurinn væri lögmætur. Var lögmæti fundarins samþykkt með 36 atkvæðum gegn 6. Var dagskrármálið síðan rætt og því ráðið til lykta. Í stað þess að slíta nú fundi, var nú borin upp svohljóðandi tillaga, undirrituð af 21 félagsmanni:

„Framhaldsaðalfundur Samvinnufélagsins Hreyfils, haldinn í Skátaheimilinu 14. maí 1957, samþykkir, að á meðan samþykkt sú er í gildi um að ekki megi fjölga á stöð félagsins, frá því sem

nú er, skal stjórninni heimilt að taka bifreiðar í afgreiðslu í stað þeirra, sem hætta." Einn fundarmanna kvaddi sér nú hljóðs og mótmælti tillögunni. Lýsti hann því yfir, að ekki væri hægt að bera tillögu þessa upp á þessum fundi, þar sem fyrri hluti aðalfundar hefði samþykkt með yfir 200 atkvæðum að fjölga ekki á bifreiðastöðinni að sinni. Þá kvað hann það einnig brot á fundarsköpum, að taka upp sama mál tvisvar á sama fundi. Skoraði fundarmaður þessi á formann, sem jafnframt var fundarstjóri, að bera tillögu þessa ekki upp. Neitaði formaðurinn að verða við þessari áskorun. Þegar að því kom, að formaður ætlaði að bera tillöguna upp, gengu tveir stjórnarmeðlima ásamt nokkrum öðrum félagsmanna af fundinum í mótmælaskyni gegn því, er þeir töldu vera „freklegt brot á fundarsköpum". Á meðal þeirra, sem gengu af fundinum, var ritari fundarins, og tilnefndi formaðurinn annan ritara í hans stað. Virðist tillagan síðan hafa verið borin upp og samþykkt með 50 atkvæðum gegn engu. Nokkrum dögum eftir aðalfund tók stjórn félagsins inn á bifreiðastöðina þá þrjá menn, sem að framan eru nefndir og aðalfundur hafði fellt, að teknir yrðu inn á stöðina, þá Anton Sigurðsson, Gunnþór Bender og Ragnar Sigurðsson. Enn fremur tók stjórnin fjórða manninn inn á stöðina, Tómas Kristjánsson. Er félagsmenn fréttu þetta, var svohljóðandi bréf sent til félagsstjórnarinnar, undirritað af 132 félagsmönnum:

„Við undirritaðir meðlimir í Samvinnnufélaginu Hreyfli mótmælum harðlega því gjörræði stjórnar félagsins að taka í afgreiðslu á stöð félagsins eftirgreinda menn:

Anton Sigurðsson, Víðimel 21, Borgarbílastöðinni,
Gunnþór Bender, Þórsgötu 26, Borgarbílastöðinni,
Ragnar Sigurðsson, Flugvallavegi 3, Bæjarleiðir,
Tómas Kristjánsson, Úthlíð 4, Bifröst.

Inntaka ofangreindra manna er skýlaust brot gegn yfirlýstum vilja meirihluta félagsmanna frá fyrri hluta aðalfundar og fyrri samþykkt félagsmanna um sama efni.

Meirihluti stjórnar félagsins (Ingjaldur, Jón, Pétur) hafa neitað að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um þetta mál, en við undirritaðir krefjumst, að þessir ofangreindir menn verði látnir hætta í afgreiðslu nú þegar, og að engir aðrir menn verði teknir í afgreiðslu, þótt afgreiðsluleyfi losni á stöð félagsins."

Hinn 8. júní s.l. skrifuðu 14 félagsmenn „í eigin nafni og fyrir hönd annarra félaga, er undirritað hafa meðfylgjandi mótmælaskjöl", erindi til félagsstjórnarinnar, þar sem ofangreind málsatvik eru stuttlega rakin, og er síðan svo til orða tekið: „Við stað-

hæfum, að stjórn félagsins hafi þverbrotið löglegar samþykktir aðalfundar félagsins og þá í þessum efnum einnig yfirlýstan vilja meirihluta félagsmanna. Fyrir því mótmælum við því, að stjórn félagsins hefur heimilað fyrrgreindum 4 mönnum afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar á stöð félagsins, og krefjumst þess, að afgreiðsluleyfi stjórnarinnar fyrir þá verði afturkallað og að stöðin hætti afgreiðslu fyrir þá nú þegar eða fyrir 1. júlí n.k.

Við sjáum okkur ekki fært annað en taka einnig fram: Að svo fremi stjórnin eigi verði við þessum kröfum okkar og framfylgi þannig samþykkt lögmæts aðalfundar, í síðasta lagi fyrir 1. júlí n.k., þá höfum við eigi önnur ráð til að leita réttar okkar og félagsins gagnvart stjórn þess en að leggja málið undir úrskurð dómstóla. Er það eindreginn ásetningur okkar, ef stjórnin eigi á annan hátt fæst til að hlíta samþykktum félagsins." Stjórn félagsins lét umræddan frest líða, án þess að aðhafast nokkuð í málinu.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hafi framið réttarbrot gegn þeim sem og öðrum félagsmönnum með því að veita utanfélagsmönnum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins í forboði löglegs aðalfundar, sem hafi æðsta vald í félagsmálum. Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda, að svonefndur framhaldsaðalfundur hafi verið ólöglegur, þar sem til hans hafi verið boðað á ófullnægjandi hátt og fundarsókn langt fyrir neðan lágmarkið, ⅓ hluta félagsmanna, sem tilskilið er í 7. gr. félagslaganna. Einnig hafi aðalfundinum ekki verið lokið á tilskildum tíma, 30. apríl, samkvæmt ákvæðum félagslaganna, en framhaldsaðalfundurinn settur hinn 14. maí. Þá hafi fundarstjóra á framhaldsaðalfundinum borið skylda til samkvæmt almennum fundarsköpum að vísa frá tillögu þeirri, sem Pétur Jóhannsson og fleiri báru fram, þar sem búið hafi verið að taka afstöðu til þess máls og afgreiða það á aðalfundinum. Samþykkt síðari fundarins á tillögunni sé því ógild og að engu hafandi.

Ljóst er, að kröfur stefnenda í máli þessu geta varðað mjög hagsmuni bifreiðarstjóra þeirra, sem talið er, að stjórn félagsins hafi veitt umrædd afgreiðsluleyfi, þar sem í þeim felst, ef þær yrðu teknar til greina, að bifreiðarstjórar þessir væru sviptir réttindum, sem þeir munu telja sig hafa öðlazt eða þeir mundu eiga slíka sviptingu á hættu. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnendur hefðu gefið bifreiðarstjórum þessum kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hafa stefnendur ekki gert.

Að þessu athuguðu þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

---

Þriðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 114/1955. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd.**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
**Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinssyni**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1955 og krafizt þess:

Að stefndu verði dæmt óheimilt að selja prjónaðar fatnaðarvörur með vörumerkinu Woosley.

Að stefndu verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir athæfi þeirra, það er greint sé í málinu.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum bætur fyrir tjón hans af athæfi þeirra, þó eigi undir kr. 1000.00.

Að dæmt verði upptækt það af vöru stefndu, þeirri er í málinu greinir, sem enn kann að finnast í vörzlum þeirra.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Því er lýst í máli þessu, að fyrirtæki í Tennessee í Bandaríkjunum, að nafni Woosley, hafi framleitt kvensokka þá með merkinu Woosley, er áfrýjandi telur stefndu óheimilt að selja hér á landi. Allar skýrslur brestur í málinu um fyrirtæki þetta, svo sem um það, hversu lengi það hefur verið rekið með nafninu Woosley, hvar og hvenær það hefur verið skrásett, sé því að skipta, hvar það selur varning sinn og hvort nokkur átök hafi áður orðið milli þess og áfrýjanda út af vörumerkinu. Þá sést eigi, að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins Woosley hafi verið gert viðvart um málssókn þessa.

Áfrýjandi hefur krafizt refsingar á hendur stefndu og svo upptöku á varningi, sem málið er risið af og enn kann að finnast í vörzlum þeirra, en eigi hefur hann tilfært lög, er veiti honum aðild eða heimild til slíkrar kröfu, sbr. 115. gr. laga nr. 27/1951 per analogiam.

Þá tilgreinir áfrýjandi eigi hámark þeirra skaðabóta, sem hann telur sig eiga tilkall til úr hendi stefndu, enda þótt hafa beri uppi í máli kröfu um ákveðna fjárhæð, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en fyrir munnlegan málflutning í héraði, sbr. áður 5. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832 og nú 88. gr. laga nr. 85/1936.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að mál þetta hefur verið rekið og flutt í héraði með þeim hætti, að mjög brýtur í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd.,

greiði stefndu, Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. maí 1955.**

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður hér í bæ f. h. firmans Wolsey Ltd., Leicester í Englandi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. maí 1954, gegn eigendum firmans K. Þorsteinsson & Co. hér í bænum, þeim Kristjáni Þorsteinssyni stórkaupmanni, Skógargerði 6, og Einari Ágústssyni stórkaupmanni, Skólavörðustíg 24, báðum í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 7. desember 1946 var skrásett hér á landi fyrir umbjóðanda stefnanda orðið VOLSEY sem vörumerki fyrir prjónaðar fatnaðarvörur. Var skrásetningin auglýst í 68. tölublaði Lögbirtingablaðsins, sem út kom 31. desember 1948. Við skrásetninguna mun í vörumerkið hafa misritazt V í staðinn fyrir W, en það hefur ekki verið leiðrétt. Veturinn 1952—1953 flutti firmað K. Þorsteinsson & Co., en stefndu Kristján og Einar eru einkaeigendur þess, inn og seldi til verzlana hér á landi 100 tylftir af kvensokkum með merkinu: WOOSLEY. Sumarið 1953 seldi firmað hér í viðbót 250 tylftir af kvensokkum með merki þessu, en fyrirtæki það, sem framleiðir sokkana heitir Woosley og á heimilisfang í Tennessee í Bandaríkjunum.

Stefnandi telur, að merkið á kvensokkunum sé svo líkt fyrrgreindu vörumerki sínu, að merkjunum verði auðveldlega ruglað saman, og njóti hann því ekki fullrar verndar fyrir vörumerki sitt. Þá heldur hann því fram, að stefndu hafi með áðurgreindu atferli sínu gerzt brotlegir við 13. og 14. gr. laga nr. 43 frá 1903 og 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

að stefndu verði dæmdir til þyngstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir ofangreint athæfi sitt,

að þeir verði dæmdir til að greiða honum bætur fyrir allt það tjón, sem hann hefur beðið eða kann að bíða af þessu efni,

að því verði slegið föstu með dóminum, að upptækt skuli gera það af vörunni, sem enn kann að finnast í vörzlum stefndu,

að stefndu verði dæmt óheimilt að selja vöru með umræddu merki, og

að þeir verði dæmdir til að greiða honum kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Reisa þeir sýknukröfuna á því, að þeir hafi í engu brotið af sér með sölu umræddra kvensokka, merkið á þeim sé ekki svo líkt hinu skrásetta vörumerki stefnanda, að hætt sé við, að merkjunum verði ruglað saman.

Svo sem áður er sagt, er orðið Woosley heiti á fyrirtæki því, sem framleiðir umrædda kvensokka. Það er að vísu svo, að nokkur líking er með heiti þessu og heiti stefnanda, sem skrásett hefur verið sem vörumerki hans hér á landi. En eigi verður talið, að heiti þessi eða orð séu svo lík, að almennt sé hætta á því, að á þeim verði villzt. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Árna Árnasyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Þorsteinsson og Einar Ágústsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. firmans Wolsey Ltd., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. október 1957.

Nr. 47/1957. **Guðmundur Magnússon** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
**Vagni E. Jónssyni**
**og gagnsök** (Vagn Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fjárnám samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885.

## Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1957. Krefst hann þess, að úrskurði fógeta verði hrundið og synjað verði um framkvæmd fjárnámsgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að fjárnámið verði gert til tryggingar kr. 62.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 79.625.00 frá 1. ágúst 1956 til 10. janúar 1957, af kr. 75.000.00 frá þeim degi til 1. ágúst 1957 og af kr. 62.500.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Breyting sú, er gagnáfrýjandi gerir á kröfum sínum frá því, sem greinir í úrskurði fógeta, stafar af því, að aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda hinn 2. ágúst þ. á. kr. 12.500.00 sem afborgun og kr. 5.250.00 sem vexti af skuld þeirri, er í málinu getur. Gagnáfrýjandi veitti greiðslum þessum viðtöku með fyrirvara.

Eins og lýst er í úrskurði fógeta, er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi um það vitað fyrr en 6. september 1956, að hann átti að greiða gagnáfrýjanda afborgun þá og vexti af greindri skuld, sem féllu í gjalddaga 1. ágúst s. á. Á greiðslu þá, sem

aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda 10. september 1956, skorti kr. 4.625.00 til þess, að fullnægt væri ákvæðum skuldabréfsins, og sú fjárhæð var ekki greidd fyrr en 10. janúar 1957. Verður að telja, að vanskil þessi valdi því, að öll skuld aðaláfrýjanda sé í gjalddaga fallin. Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur gagnáfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Framkvæma skal fjárnámsgerð í fasteign þeirri, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, til tryggingar kr. 62.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 79.625.00 frá 1. ágúst 1956 til 10. janúar 1957, af kr. 75.000.00 frá þeim degi til 1. ágúst 1957 og af kr. 62.500.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Magnússon, greiði gagnáfrýjanda, Vagni E. Jónssyni, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. febrúar 1957.**

Gerðarbeiðandi, Vagn E. Jónsson hdl., hefur krafizt þess f. h. handhafa veðskuldabréfs, að fram fari fjárnám í húseigninni Vonarlandi við Sogaveg (Sogamýrarbletti VI), eign gerðarþola, Guðmundar Magnússonar, sem þar á heima, til tryggingar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum og dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1956 til greiðsludags, auk kostnaðar við fjárnám og eftirfarandi uppboð. Hann hefur og krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málflutningslaun vegna rekstrar máls þessa hér fyrir réttinum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar og krafizt málflutningslauna sér til handa.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 19. þ. m.

Fyrir liggur í máli þessu veðskuldabréf, útgefið til handhafa af gerðarþola, Guðmundi Magnússyni, hinn 2. september 1954.

Bréf þetta er að upphæð kr. 100.000.00 og skuldin tryggð með 1. veðrétti í fasteigninni Vonarlandi við Sogaveg, sem sé íbúðarhús úr steini ásamt 2 steinsteyptum útihúsum svo og síðari endurbótum og viðaukum. Bréfið tiltekur, að skuldin skuli greiðast upp á næstu 8 árum eftir útgáfudag, 1. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti hinn 1. ágúst 1955, og 7% ársvextir skuli greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Þá eru ákvæði um það í bréfinu, að sé ekki staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta á nákvæmlega réttum gjalddögum, sé skuldin öll fallin í gjalddaga fyrirvaralaust. Þegar svo sé komið, geti veðhafi látið taka hina veðsettu eign fjárnámi samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 eða látið selja hana á uppboði án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Bréf þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta, og því er þinglýst hinn 25. nóvember 1954 án athugasemdar, annarrar en þeirrar, að brottflutningskvöð sé á bráðabirgðaíbúðarhúsi á lóðinni.

Á bréf þetta, sem lagt hefur verið fram í máli þessu sem rskj. 2, er áritun um 12.500.00 kr. afborgun hinn 20. ágúst 1955, svo og um greiðslur vaxta til 1. ágúst 1955, kr. 7000.00, og dráttarvaxta til 20. sama mán. og árs, kr. 50.00.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. nóvember 1956. Hann skýrir svo frá, að hinn 1. ágúst 1956 hafi hann tilkynnt gerðarþola með venjulegu póstbréfi, að sér hafi verið falið að taka við afborgun og vöxtum af bréfi þessu, og hinn 20. sama mánaðar hafi tilkynning þessi verið ítrekuð og þá með ábyrgðarbréfi. Fyrst hinn 12. september hafi gerðarþoli greitt sér kr. 14.000.00 og sé það engan veginn nægileg upphæð, þar eð áfallnir vextir hafi numið kr. 6.125.00 pr. 1. ágúst 1956, og afborgun samkvæmt ákvæðum bréfsins kr. 12.500.00. Þannig hafi vantað kr. 4.625.00 upp á rétta upphæð. Vegna vangreiðslu þessarar og greiðsludráttar lítur gerðarbeiðandi svo á, að skuldabréfsupphæðin sé öll eindöguð samkvæmt hljóðan bréfsins og krefst fjárnáms fyrir eftirstöðvunum. Upprunaleg fjárnámskrafa hljóðaði um kr. 79.625.00 að höfuðstól til, en undir rekstri máls þessa greiddi gerðarþoli það, sem eftir stóð af afborgun þeirri, er fram átti að fara hinn 1. ágúst 1956. Þannig nema fjárnámskröfurnar nú kr. 75.000.00 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1956 svo og fjárnáms- og uppboðskostnaði og málflutningslaunum.

Lagt hefur verið fram sem rskj. nr. 4 bréf gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 19. september 1956. Viðurkennir gerðarbeiðandi þar móttöku 14.000.00 kr. afborgunar, en tekur fram um leið, að ítrek-

uð sé áður munnlega gefin tilkynning á þá leið, að bréfið teljist allt í gjalddaga komið vegna vanskila. Sé krafizt fullrar greiðslu á eftirstöðvunum og við ofannefndri greiðslu tekið með svofelldum fyrirvara.

Enn ritar gerðarbeiðandi gerðarþola hinn 19. október 1956, sjá rskj. nr. 5. Þar er skorað á gerðarþola að greiða innan 15 daga skuld samkvæmt áminnztu skuldabréfi, kr. 79.625.00, auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1956, enda sé bréfið allt í gjalddaga fallið sökum vanskila. Þetta bréf er birt gerðarþola sjálfum með stefnuvottum hinn 20. október 1956.

Ekki mun gerðarþoli hafa svarað ofangreindum bréfum að neinu.

Fjárnámsbeiðni barst fógeta hinn 30. nóvember 1956, og ritaði fógeti á hana, að fjárnámsgerðin yrði tekin fyrir á heimili gerðarþola hinn 18. desember 1956. Var beiðnin síðan birt gerðarþola af stefnuvottum hinn 14. sama mánaðar. Fjárnámsgerðin var tekin fyrir á ofangreindum tíma, að viðstöddum lögmanni gerðarþola.

Gerðarþoli kveðst fyrst hafa fengið að vita, að skuldabréfið var í höndum gerðarbeiðanda, er hann fékk í hendur bréfið á rskj. 3. Samkvæmt vottorði póststofunnar hefur hann sótt bréfið hinn 6. september 1956, sjá rskj. nr. 8. Því er mótmælt, að gerðarþoli hafi fengið bréf það, er gerðarbeiðandi tjáir sig hafa skrifað honum hinn 1. ágúst 1956.

Að öðru leyti tekur gerðarþoli fram, að hann hafi starfað utanbæjar mestan hluta sumarsins 1956, mestmegnis í Borgarnesi. Hann kveðst hafa skroppið til Reykjavíkur og er hann hafi verið á leið til gerðarbeiðanda með greiðslur samkvæmt bréfinu, hafi hann mætt gerðarbeiðanda á götunni, og hafi hann tjáð sér, að hann mætti ekki taka við greiðslunni nema með leyfi eiganda skuldabréfsins, sem væri að hugsa um að krefjast greiðslu allrar upphæðarinnar. Þenna sama dag kveðst gerðarþoli hafa hringt til gerðarbeiðanda og beðið hann að upplýsa, hve miklu afborgun þessi næmi, en hann kveðst ekki hafa mátt vera að því að bíða eftir svari gerðarbeiðanda, með því að flugvél, sem hann ætlaði með til Patreksfjarðar, var í þann veginn að leggja af stað.

Nú kveðst gerðarþoli hafa sent gerðarbeiðanda kr. 14.000.00 í póstávísun hinn 10. september 1956, sjá hér að framan og sbr. rskj. 10 í málinu, og tekur hann fram, að misminni sitt um upphæðirnar hafi valdið því, að ekki var meira greitt.

Er því nú fastlega haldið fram af hálfu gerðarþola, að hann hafi sýnt bæði vilja og getu til að standa í skilum með greiðslur þær, sem honum bar að inna af hendi. Bent er á það, að greiðsla sú,

sem átti að inna af hendi hinn 1. ágúst 1955, fór ekki fram fyrr en hinn 20. s. m., og var kvittað fyrir henni án fyrirvara. Ekki hafi heldur verið settur neinn fyrirvari um greiðsludrátt í bréfið á rskj. 3. Hann hafi, þegar sem hann fékk bréf gerðarbeiðanda, sbr. rskj. 3, sent gerðarbeiðanda áminnztar 14.000.00 kr. Er á það bent, að í bréfum þeim, sem gerðarbeiðandi síðar sendi gerðarþola, hafi aldrei verið innt að því, að nefnd greiðsla hafi ekki verið nægilega mikil. Gerðarþoli kveðst fyrst hinn 10. janúar s.l. hafa séð skjöl málsins og sér til undrunar séð, að það var rætt um eftirstöðvar frá síðustu afborgun. Hann lét greiða gerðarbeiðanda þessar eftirstöðvar, kr. 4.625.00, í réttarhaldi í máli þessu þann dag, og kveðst að sjálfsögðu mundu hafa greitt þær strax og gerðarbeiðandi hefði minnzt á það við sig.

Gerðarbeiðandi kveðst aldrei hafa neitað að taka við greiðslu afborgana og vaxta.

Gerðarþola bar sjálfum að vita um greiðsludag vaxta og afborgana í bréfi því, sem hann hafði undirritað. Hafi hann verið í vafa um greiðslustað eða greiðslu ekki vitjað til hans á réttum degi, var honum innan handar að deponera peningunum í banka.

Nú verður að telja ósannað gegn mótmælum gerðarþola, að honum hafi borizt bréf frá gerðarbeiðanda fyrr en í byrjun septembermánaðar. Ef nú væri við það miðað, að gerðarþoli væri vítalaus af að greiða ekki fyrr en hann gerði, sem sé fljótlega eftir að hann tók við bréfinu á rskj. 3, þá ber á það að líta, að greiðsla sú, sem hann sendi, var mikils til of lág, en að sjálfsögðu bar gerðarþola að vita, hversu mikið hann átti að greiða.

Að sönnu er ekki vikið sérstaklega að því í bréfunum á rskj. 4 og 5, að of lítið hafi verið greitt, en gerðarþoli hafði þó alla ástæðu til að huga vandlega að þessu atriði, þar eð honum var tvívegis boðuð eindögun allra skuldabréfseftirstöðvanna vegna „vanskila“, eins og segir í bréfunum.

Fjárnámsgerð þessi var tekin fyrir í fógetaréttinum hinn 18. desember 1956, og lét gerðarbeiðandi mæta við gerðina af sinni hálfu. Skjöl málsins voru að sjálfsögðu til staðar í réttinum, en í fjárnámsbeiðni, sem raunar var birt af stefnuvottum á heimili gerðarþola hinn 14. sama mánaðar, er sundurliðað, hve mikilli upphæð afborganir og vextir námu. Það er þó ekki fyrr en hinn 10. janúar s.l., að gerðarþoli lætur greiða gerðarbeiðanda upphæð þá, sem á vantaði.

Verður ekki komizt hjá að telja, að gerðarþoli hafi gerzt sekur um verulega greiðslutregðu, sem gerðarbeiðandi þurfi ekki að sætta sig við. Ber að fallast á, að eftirstöðvar skuldarinnar séu

í gjalddaga fallnar vegna vanefnda gerðarþola, og verður umbeðið fjárnám látið ná fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámsgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun vegna fógetamáls þessa innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum .

---

Föstudaginn 25. október 1957.

Nr. 173/1955. **Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason**
(Páll Ásgeir Tryggvason hdl.)
gegn
**Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
(Árni Stefánsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Loforð stjórnar hlutafélags um sölu hlutabréfa dæmt ógilt.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á það með héraðsdómi, að ákvæði hlutafélagalaga nr. 77/1921 um sérstaka málshöfðunarfresti taki ekki til sakarefnis þess, sem hér á um að dæma. Verður áfrýj-

endum því ekki dæmd sýkna af þeim sökum, að málið hafi verið of seint höfðað.

Samkvæmt 5. gr. félagssamþykkta Lýsis & Mjöls h/f skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína. Félagsstjórnin gekk fram hjá þessu ákvæði, er hún á fundi sínum hinn 31. desember 1952 veitti áfrýjanda Jóni Gíslasyni loforð fyrir kaupum á nýjum hlutum í félaginu, að fjárhæð kr. 267.000.00. Var þó sérstaklega rík ástæða fyrir félagsstjórnina að gæta fyrirmælis þessa við svo stórfellda aukningu hlutafjárins, enda var aðalfundarsamþykktin frá 25. janúar 1948, sem hún taldi veita heimild til aukningar hlutafjár, þá orðin allt að 5 ára gömul og aðstæður breyttar, frá því að hún var gerð. Ber þegar af þessari ástæðu að taka til greina kröfu stefndu um ógildingu á framangreindu loforði.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Loforð það, er stjórn Lýsis & Mjöls h/f gaf áfrýjanda Jóni Gíslasyni á stjórnarfundi 31. desember 1952 um sölu á nýjum hlutum í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, skal ógilt vera.

Áfrýjendur, Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason, greiði in solidum stefndu, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 26. nóvember 1955.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. október s.l., hefur bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 12. nóvember 1953, gegn Lýsi og Mjöl h/f og Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Merkurgötu 3, báðum hér í bænum.

Undir rekstri málsins hefur núverandi bæjarstjóri Hafnarfjarð-

ar lýst yfir, að málssókn þessi sé gerð vegna bæjarútgerðar Hafnarfjarðar auk bæjarsjóðs, og hafa eigi komið fram neinar athugasemdir við það af hálfu stefndu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. desember 1945 var stofnað hlutafélagið Lýsi & Mjöl h/f hér í bænum. Í stofnsamningnum er tekið fram, að tilgangur félagsins sé að starfrækja fiskimjölsverksmiðju, lifrarbræðslu og alls konar starfsrækslu (vinnslu) sjávarafurða, annast kaup og sölu þeirra og reka skyldan atvinnurekstur.

Í stofnsamningi er upphæð hlutafjár ákveðin kr. 305.000.00, en varð þó í reyndinni kr. 306.000.00. Skyldi helmingur hlutafjár kræfur þá þegar og eftirstöðvarnar fyrir 1. marz 1946.

Hlutabréfin skyldu hljóða á nafn. Sérréttindi skyldu engin fylgja hlutum, en hluthöfum var áskilinn forkaupsréttur að aukningarhlutum, ef til kæmi, í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Svo var þeim og áskilinn forkaupsréttur að hlutum, er félagsmenn vildu selja.

Á stofnfundi félagsins voru því sett lög.

Í 5. gr. laga félagsins segir svo:

„Hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu setur í hvert skipti."

Á aðalfundi félagsins 25. janúar 1948 var samþykkt, að auka mætti hlutaféð í allt að kr. 1.500.000.00.

Tilefni þessarar samþykktar var það, að nauðsyn þótti á því að stækka verksmiðju félagsins, og benti formaður félagsstjórnarinnar í þessu sambandi á það á fundinum, að bæjarráð Hafnarfjarðar mundi leggja til við bæjarstjórn, að bærinn legði fram hlutafé, kr. 500.000.00, með því skilyrði, að Lýsi og Mjöl h/f legði á móti sömu fjárhæð.

Almennt útboð á fyrrgreindri hlutafjáraukningu fór þó ekki fram, en nokkrir hinna eldri hluthafa skrifuðu sig fyrir aukningarhlutum, og margir aðiljar, er ekki höfðu áður verið hluthafar, keyptu hlutabréf eða skrifuðu sig fyrir hlutafjárloforðum.

Treglega virðist hafa gengið um söfnun hlutafjár umfram hlutafjárframlag bæjarsjóðs. Einnig gekk erfiðlega að fá greitt lofað hlutafé.

Á framhaldsaðalfundi félagsins, sem haldinn var 5. júní 1952, bar stjórn félagsins fram svohljóðandi tillögu, er samþykkt var með samhljóða atkvæðum:

„Framhaldsaðalfundur í Lýsi og Mjöl h/f, haldinn 5. júní 1952,

samþykkir að veita þeim hluthöfum, sem ekki hafa enn greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, frest til þess að ljúka greiðslu þeirra til 31. desember 1952. Það, sem þá verður ógreitt af hlutafjárloforðum, verði fellt niður og hlutaféð fært niður um þá upphæð."

Hinn 31. desember 1952 var fundur haldinn í stjórn félagsins, og sóttu hann allir stjórnarmenn, en þeir voru þessir:

Adólf Björnsson formaður, tilnefndur af útgerðarráði bæjarútgerðarinnar, Guðmundur Árnason og Guðmundur Guðmundsson, kosnir af bæjarstjórn, Stefán Jónsson og stefndi Jón Gíslason, kosnir af hluthöfum.

Framkvæmdastjóri félagsins, sem og sótti fund þenna, skýrði þar frá því, að af þeim, sem áttu ógreidd hlutafjárloforð og höfðu fengið frest til greiðslu þeirra til 31. desember 1952, hefðu eftirtaldir þrír aðiljar gefið sig fram með greiðslur:

1. Stefnir h/f ..... kr. 33.000.00
2. Fiskaklettur h/f ..... — 30.000.00
3. Sæmundur Sigurðsson ..... — 5.000.00

Tveir fyrrnefndir aðiljar óskuðu þess að fá að greiða hlutafé ýmist með ávísun á væntanlegar inneignir hjá félaginu eða innlögðu hráefni, en Sæmundur Sigurðsson lofaði að greiða hlutafé á næsta ári.

Stjórnin samþykkti á fundinum að verða við þessum tilmælum gegn því, að hlutaðeigendur samþykktu víxla fyrir fjárhæðunum og hlutabréfin yrðu sem handveð hjá félaginu, þar til fjárhæðirnar yrðu að fullu greiddar.

Því næst gerði stjórnin eftirfarandi ályktun:

„Er því fallinn niður réttur hinna, sem áttu ógreidd hlutafjárloforð, til greiðslu þeirra samkvæmt áðurgreindri samþykkt aðalfundar."

Á fundinum komu fram umsóknir, dags. samdægurs, um hlutafjárkaup frá eftirtöldum mönnum:

1. Ingólfi Flygenring ..... kr. 75.000.00
2. Jóni Gíslasyni ..... — 267.000.00
3. Jóni Gíslasyni f. h. Bernhards Petersens .... — 25.000.00

Óskuðu umsækjendur þess að ráðstafa hlutafé þessu eftir nánari ákvörðun við útgáfu hlutabréfanna, sem færi fram eigi síðar en 30. jan. 1953.

Þá óskuðu þeir þess og að fá að greiða ofangreint viðbótarhlutafé ýmist með víxlum eða væntanlegum inneignum þeirra hjá félaginu.

Stjórnin samþykkti sölu á framangreindu hlutafé með þeim

skilmálum, sem farið var fram á, og með því taldi stjórnin hlutafjársöfnun lokið.

Hinn 12. janúar 1953 skrifaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði stjórnarformanni Lýsis og Mjöls h/f svohljóðandi bréf:

„Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 12. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Þar sem bæjarráði hefur borizt til eyrna, að stjórn h.f. Lýsis og Mjöls hafi ákveðið að nota nú gamla heimild um að auka hlutafé fyrirtækisins mjög verulega og jafnframt að afhenda þetta aukna hlutafé nokkrum fáum hluthöfum, felur bæjarráð bæjarstjórn að kynna sér þetta ýtarlega og mótmæla kröftuglega, ef þetta reynist satt. Gerir bæjarráð þá kröfu til stjórnar fyrirtækisins, að öllum hluthöfum í fyrirtækinu verði gefinn kostur á að taka þátt í þessari hlutafjáraukningu, ef framkvæmd verður, í hlutfalli við hlutafjáreign sína."

Með tilliti til framangreindrar samþykktar bæjarráðs leyfi ég mér að óska þess við yður, hr. stjórnarformaður Lýsis og Mjöls h.f., að þér nú þegar látið mér í té allar upplýsingar, er snerta mál það, er framangreind tillaga fjallar um."

Bréf þetta var lagt fram á fundi félagsstjórnarinnar 12. jan. 1953 og samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að semja umbeðnar skýringar. Næsti fundur félagsstjórnarinnar var haldinn 25. jan. 1953. Þar las framkvæmdastjóri upp bréf, sem hann og formaður höfðu samið sem svar við áðurgreindu bréfi bæjarstjórans. Samþykkt var að senda þetta svarbréf.

Í bréfi þessu er rakið í stórum dráttum, hvernig gengið hafi söfnun hlutafjáraukningarinnar og greiðsla lofaðs hlutafjár. Jafnframt er skýrt frá samþykkt stjórnarfundarins 31. des. 1952 um ráðstöfun til þeirra Jóns Gíslasonar, Ingólfs Flygenrings og Bernhards Petersens á hlutafé, að fjárhæð kr. 367 þús. kr., er þann dag hafi skort á, að hinni áður heimiluðu hlutafjáraukningu upp í allt að kr. 1.500.000.00 væri náð. Þá er í bréfi þessu gerð sú grein fyrir samþykktinni, að beiðnir um kaup á hlutafé hafi ekki borizt frá öðrum aðiljum og stjórnin teldi sér með sölunni hafa tekizt að uppfylla óskir hlutafélagsins um hlutafjársöfnun að fyrrgreindu marki.

Bréfi þessu svaraði bæjarstjórinn með öðru bréfi, dags. 26/1 1953. Telur hann þar, að með bréfi stjórnarinnar sé á engan hátt svarað þeim kröfum, er falizt hafi í samþykkt bæjarráðs á fundinum 12. sama mánaðar. Af bréfinu sé þó ljóst, að stjórn Lýsis og Mjöls h/f hafi notað meira en fjögurra ára gamla heimild um að auka hlutafé fyrirtækisins til að afhenda nú þetta

aukna hlutafé nokkrum fáum hluthöfum. Mótmælir bæjarstjórinn þessari málsmeðferð stjórnarinnar. Þá óskar hann eftir því, að stjórnin taki afstöðu til þeirrar kröfu bæjarráðs, að öllum hluthöfum í fyrirtækinu verði gefinn kostur á að taka þátt í hlutafjáraukningunni í hlutfalli við hlutafjáreign sína, verði aukningin framkvæmd.

Þetta bréf bæjarstjórans var lagt fram á fundi félagsstjórnarinnar hinn 26. janúar 1953, og samþykkt að svara því á þá leið, að stjórnin teldi sig hafa með bréfi sínu frá 25. s. m. gefið fullnægjandi upplýsingar um sölu nefndra hlutabréfa. Þá vísar stjórnin í bókanir stjórnarmanna á stjórnarfundum 25. og 26. janúar s. á. og lætur endurrit af þeim bókunum fylgja.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1953, tilkynnir bæjarstjórinn Lýsi og Mjöl h/f, að á bæjarstjórnarfundi 14. s. m. hafi verið samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Með hliðsjón af því áliti hæstaréttarlögmanns Sveinbjarnar Jónssonar, sem fram kemur í niðurlagi bréfs hans: „að vafi geti leikið á um það, hvort nefnd hlutafjársala stjórnarinnar sé gild gagnvart félaginu og þeim hluthöfum, er eigi hefur gefizt kostur á að neyta forkaupsréttar síns", leggur bæjarráð til við bæjarstjórn, að hún ályktí:

1. Að fara þess á leit við stjórn Lýsis og Mjöls h/f, að sala hlutabréfa, er fram fór 31. des. s.l., verði látin ganga til baka og að bréfin verði ekki seld.
2. Til vara, að fengnir verði dómkvaddir menn til að meta hlutabréfin og öllum hluthöfum síðan gefinn kostur á að kaupa bréfin í hlutfalli við hlutafjáreign sína.
3. Að verði ekki fallizt á þessar kröfur bæjarstjórnar, geri hún ráðstafanir til að leita réttar síns á annan hátt."

Óskar bæjarstjóri þess, að málið verði tekið til meðferðar hið fyrsta og Lýsi og Mjöl h/f sjái sér fært að verða við þeirri samþykkt bæjarstjórnarinnar, er felist í fyrsta lið ályktunarinnar.

Þá áskilur bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæ allan rétt til frekari aðgerða, verði stjórn Lýsis og Mjöls h/f ekki við þeirri ósk, að sala þeirra hlutabréfa, er fram fór 31. des. 1952, verði látin ganga til baka.

Bréfi þessu svaraði stjórn félagsins með bréfi, dags. 18/4 1953, og vísar þar til bréfa sinna frá 25. og 27. jan. s. á. og tekur jafnframt fram, að afstöðu þeirri, er þar er greint frá, muni hún ekki breyta.

Hinn 4. júní 1953 var aðalfundur haldinn í félaginu. Á fundi

þessum kom til umræðu hlutafjársalan, er fram fór á fundi stjórnarinnar 31. des. 1952.

Í því sambandi lét bæjarstjóri bóka eftir sér mótmæli gegn sölunni og vísaði til fyrri mótmæla bæjarstjórnar Hafnarfjarðar gegn henni. Jafnframt krafðist hann þess, að hún yrði látin ganga til baka. Þá áskildi hann Hafnarfjarðarbæ allan rétt til að fá söluna ógilta og mótmælti því, að þeir menn, sem fengu hlutabréfin keypt í árslok 1952, tækju þátt í atkvæðagreiðslu á fundinum, og taldi þátttöku þeirra sem slíkra með öllu ólögmæta.

Út af þessari bókun bæjarstjórans spunnust frekari umræður. Kom þá fram svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur Lýsis og Mjöls h/f telur, að ráðstöfun sú, er stjórn félagsins hefur einróma gert, að því er snertir sölu hlutabréfa upp í hámark það, sem ákveðið er í lögum félagsins, kr. 1.500.000.00, sé í fullu samræmi við lög félagsins og fyrri ákvarðanir og vottar stjórninni fullt traust vegna starfa sinna að málum félagsins s.l. ár."

Umræður urðu nokkrar um tillöguna. Síðan voru reikningar félagsins bornir undir atkvæði og samþykktir einróma. Að því loknu var gengið til atkvæða um fyrrgreinda tillögu. Bæjarstjóri óskaði þess, að atkvæðagreiðsla færi þannig fram, að útbýtt yrði atkvæðaseðlum og hluthafar greiddu atkvæði í hlutfalli við hlutafjáreign sína, en þeir, er fengu hlutaféð, kr. 367 þús., tækju ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Fundarstjórinn, Stefán Jónsson, taldi kaupendur umræddra hlutabréfa hafa fullan og ótakmarkaðan rétt til að fara með atkvæði fyrir hlutabréf þessi, svo sem aðrir hluthafar hefðu samkvæmt lögum félagsins.

Síðan fór fram atkvæðágreiðsla um tillöguna, og já sögðu 1514 atkv., en nei 565, auðir seðlar 177, og var því tillagan samþykkt.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur í málinu, að sala stjórnar h/f Lýsis og Mjöls í Hafnarfirði til Jóns Gíslasonar á hlutabréfum í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, er samþykkt var á stjórnarfundi 31. des. 1952, verði dæmd ógild. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til þess in solidum að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stjórn félagsins hafi ekki haft heimild til sölu hlutafjár þess, sem hún ráðstafaði til stefnda Jóns Gíslasonar o. fl. á fundinum 31. des. 1952. Telur hann, að samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní

1952, sem áður hefur verið rakin, beri að skilja svo, að þar sé þeim, sem höfðu skrifað sig fyrir hlutafjárloforðum, veittur frestur til að innleysa þau til 31. des. sama ár, og ákveðið, að hlutafé félagsins skuli lækka um þá fjárhæð, sem þá hafi ekki fengizt greidd. Með umræddri sölu hafi því stjórnin brotið gegn samþykkt fundarins, en hluthafafundir hafi æðsta vald í málefnum félagsins sbr. 11. gr. samþykkta þess og 30. gr. hlutafélagalaganna. Sala hlutabréfanna sé því markleysa.

Í þessu sambandi heldur stefnandi því fram, að fresturinn, sem veittur var á framhaldsaðalfundinum, hafi verið veittur aðeins til 31. des. og því útrunninn kl. 24 hinn 30. sama mánaðar.

Í öðru lagi reisir stefnandi á því kröfur sínar, að stjórnin hafi brotið ófrávíkjandi formskilyrði með greindri sölu, þar sem hún hafi algjörlega sniðgengið ákvæði félagssamþykktanna um forkaupsrétt hluthafa, sbr. 5. gr. þeirra.

Telur hann, að með sölu hlutabréfanna á nafnverði hafi verið gengið á rétt annarra hluthafa, og vísar í því efni til matsgjörðar dómkvaddra manna, dags. 12/3 1955, þar sem matsmennirnir telja hæfilegt að miða verðmæti hlutabréfa h.f. Lýsis og Mjöls hinn 31. des. 1952 við þrefalt nafnverð þeirra. Það athugast, að í mati þessu miða matsmennirnir við, að upphæð hlutafjár félagsins þenna dag væri kr. 1.133.000.00.

Þá hafi með sölunni verið raskað hlutdeild hluthafa í félaginu og jafnrétti þeirra sín á milli.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að stjórnin hafi brotið fyrirmæli framhaldsaðalfundarins með þeim greiðslukjörum á andvirði hlutafjár, er hún veitti stefnda Jóni Gíslasyni o. fl. á margnefndum stjórnarfundi 31. des. 1952. Þeir, sem þá keyptu hlutafé, hefðu fengið að greiða það með víxlum, er þeir sjálfir samþykktu, án nokkurra ábyrgðarmanna, en víxlar séu ekki greiðsla, heldur loforð um greiðslu. Stjórninni hafi verið óheimilt að selja hlutafé nema gegn greiðslu í peningum.

Í fjórða lagi telur stefnandi, að stefndi Jón Gíslason og þeir Stefán Jónsson og Guðmundur Guðmundsson, það er að segja meirihluti stjórnarinnar, hafi á umræddum stjórnarfundi tekið þátt í ákvörðunum, sem vörðuðu hagsmuni þeirra persónulega eða fyrirtækja, sem þeir voru hluthafar í og fyrirsvarsmenn fyrir. Hafi þeir þannig verið óhæfir til að taka þátt í afgreiðslu á slíkum ákvörðunum og hafi með þátttöku sinni misnotað aðstöðu sína. Leiði því einnig af þessu, að umdeildar ákvarðanir stjórnarfundarins 31. des. 1952 séu marklausar.

Enn hefur stefnandi haldið því fram, að meirihluti stjórnar-

manna hafi á umræddum stjórnarfundi misnotað aðstöðu sína í ólögmætum pólitískum tilgangi, og vitnar í því sambandi til framburðar Ingólfs Flygenrings í þinghaldi í málinu 26. apríl s.l., þar sem Ingólfur óskar að taka fram, að hann hafi með hlutafjárkaupum sínum meðal annars viljað sporna við yfirgangi af hálfu bæjarsjóðs eða forráðamanna bæjarsjóðs í félaginu, en þeir hafi viljað ná undirtökunum í því.

Loks telur stefnandi allan eftirleik sölunnar ólögmætan. Hlutafjáraukinn hafi ekki verið tilkynntur til hlutafélagaskrár, og ekki gefin út hlutabréf fyrir hlutafjáraukanum né heldur bráðabirgðaskírteini.

Stefndu hafa mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda.

Í fyrsta lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að umrædd sala hlutafjár hafi verið í alla staði lögmæt, hvorki brotið í bág við ákvæði samþykkta félagsins né landslög. Samþykkt aðalfundar félagsins frá 25. jan. 1948, um heimild til aukningar hlutafjár upp í kr. 1.500.000.00, hafi enn verið í gildi, er hlutafjársalan fór fram í árslok 1952, enda alltaf verið notuð á þessu tímabili með þeim hætti, að stjórn félagsins safnaði meira og minna af hlutafjárloforðum. Telja stefndu, að með samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952 hafi aðeins verið ákveðið að veita þeim, sem þá áttu ógreidd hlutafjárloforð, lokafrest til til þess að innleysa þau, ella yrði hlutafé hlutaðeigandi aðilja fært niður um þá upphæð, er ekki fengist greidd. Með samþykkt fundarins hafi ekki verið gerð breyting á samþykktum félagsins, né heldur til þess ætlazt, að hlutafé félagsins lækkaði úr því, sem ákveðið hefði verið 1948. Benda stefndu til stuðnings framangreindum skilningi sínum á nefndri fundarsamþykkt á það, hvað fyrir tillögumönnum samþykktarinnar hafi vakað með henni, eins og það kemur fram í framburði þeirra í málinu.

Stefndu halda því fram, að þegar sala hlutafjárins átti sér stað, hafi félagið haft uppi ráðagerðir um aukningu starfsemi sinnar og byggingarframkvæmdir, er áætlað var, að myndu kosta mikið fé. Þá benda stefndu á það, að þegar bæjarsjóður gerðist hluthafi í félaginu með 500 þús. kr. framlagi, hafi það verið beint skilyrði af hans hálfu, að jafnhátt framlag kæmi annars staðar frá. Engin tímamörk hafi þó verið sett fyrir því, hvenær skyldi inna af höndum þetta gagnframlag. Af umræddu skilyrði hafi fyrst og fremst leitt, að lagt hafi verið á herðar félagsstjórnar að annast hlutafjáraukninguna, og stjórninni jafnframt í sjálfsvald sett, innan takmarka landslaga og samþykkta fé-

lagsins, hvernig hún hagaði henni. Bæjarsjóður hafi ekki fallið frá skilyrði sínu um gagnframlag annars staðar frá. Vegna þessa og áðurgreindrar fjárþarfar félagsins hafi stjórninni verið skylt að selja hlutafé upp í hámark, þegar færi hafi boðizt. Eins og augljóst megi vera af þessu, hafi stjórnarmenn hvorki misnotað aðstöðu sína við sölu hlutafjárins né heldur framkvæmt hana í ólögmætum tilgangi.

Þá mótmæla stefndu þeirri staðhæfingu stefnanda, að hlutafé hafi verið selt of lágu verði og þannig skertur réttur annarra hluthafa. Telja stefndu ýmsa liði matsgjörðarinnar allt of háa og það sé ekki rétt að farið að ákvarða verð hlutabréfanna í félaginu með því að deila hlutafjárupphæðinni í verðmæti skuldlausrar eignar, eins og það sé að áliti matsmanna. Verðgildi hlutabréfa ákvarðist af framboði og eftirspurn. Eftirspurn eftir hlutabréfum félagsins hafi engin verið og stjórninni því vítalaust að selja þau á nafnverði.

Enn mótmæla stefndu þeirri staðhæfingu, að frestur sá, sem veittur var til innlausnar hlutafjárloforðum á framhaldsaðalfundinum 5. júní 1952, hafi verið útrunninn kl. 24 þann 30. des. s. á., og halda fram, að eftir venju beri að skilja samþykktina þannig, að 31. desember sé meðtalinn í frestinum og lokadagur hans. Þykir verða að fallast á þessa skoðun stefndu.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að af fimm stjórnarmönnum, er samþykktu hlutafjársöluna á stjórnarfundinum 31. des. 1952, hafi þrír verið tilnefndir af stefnanda og þeir einnig samþykkt söluna. Halda stefndu því fram, að þetta samþykki af hálfu trúnaðarmanna stefnanda sé skuldbindandi fyrir hann og honum ókleift að fá því rift.

Í þriðja lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að umrædd ráðstöfun félagsstjórnarinnar hafi verið borin undir atkvæði hluthafa á aðalfundi félagsins 1953. Þar hafi verið samþykkt, að ráðstöfunin væri í fullu samræmi við lög félagsins og fyrri ákvarðanir og stjórninni vottað fullt traust vegna starfa hennar að málum félagsins árið 1952. Hafi hluthafafundur þannig gert nefnda ráðstöfun stjórnarinnar að sinni samþykkt, sem einungis verði hnekkt samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem gilda um ályktanir hluthafafunda. Nú sé svo ákveðið í 37. gr. hlutafélagalaganna, að telji hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, sé honum rétt að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en þá skuli hann hafa birt dómstefnu fyrir stjórn félagsins innan þriggja mánaða, eftir að ályktunin var gerð. Þá telja stefndu, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um hlutafjársöluna í síðasta

lagi 12. jan. 1953, og hefði hann því átt að höfða mál út af henni innan 6 mánaða frá þeim degi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 19. gr. sbr. 16. gr. hlutafélagalaganna. Dómstefna í máli þessu hafi ekki verið gefin út fyrr en 12. nóv. 1953, það er að segja 10 mánuðum eftir að stefnanda varð kunnugt um söluna og rúmum fimm mánuðum eftir að hún var staðfest á hluthafafundi. Þessi dráttur á málshöfðun sé óhóflegur og andstæður hinum tilvitnuðu lagaboðum.

Í fjórða lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að í reikningum félagsins 31. des. 1952 og 31. des. 1953 hafi hlutafé þess verið fært til reiknings með kr. 1.500.000.00 og á aðalfundi félagsins 4. júní 1953 hafi bæjarstjóri samþykkt fyrri reikningana, og á aðalfundi félagsins 11. júní 1954 hafi varabæjarstjóri einnig samþykkt mótbárulaust reikninga félagsins.

Í þessu felist bindandi samþykki stefnandans á umdeildri hlutafjársölu.

Stefndu hafa mótmælt því eindregið, að forkaupsréttur hluthafa hafi verið sniðgenginn við umrædda hlutafjársölu.. Þegar hlutafjáraukningin var ákveðin 1948, hafi öllum hluthöfum verið um hana kunnugt og þeim ávallt staðið til boða að fá viðbótarhluti keypta. En þeir einir hafi átt rétt til þess, er hluthafar voru, er hlutafjáraukningin var ákveðin.

Aðferðin við sölu umdeildra hlutabréfa hafi verið sú sama og ávallt hafi verið tíðkuð í félaginu, þ. e. að menn föluðust eftir hlutabréfum hjá stjórninni eða hún hafi boðið einstökum mönnum eða fyrirtækjum þau til kaups.

Þá mótmæla stefndu því, að hinir umdeildu hlutir hafi ekki verið greiddir með þeim hætti, sem vera bar. Hlutirnir hafi að nokkru verið greiddir með skuldajöfnun við inneignir kaupenda hjá félaginu og að nokkru með víxlum með stuttum gjaldfresti. Víxlar séu algeng greiðsluskjöl. Umræddir víxlar hafi verið seldir í banka, félagið fljótlega fengið andvirði þeirra í sínar hendur og kaupendur hlutafjárins síðan staðið straum af þeim.

Stefnandi hefur mótmælt öllum framangreindum sýknu- og varnarástæðum stefndu.

Hér að framan hefur þegar verið rakið, hvað tillögumenn samþykktar framhaldsfundarins frá 5. júní 1952 telja, að fyrir þeim hafi vakað með henni, svo og það, hvernig stefnandi telur, að skilja beri samþykktina. Auk þessa hafa mörg vitni tjáð sig í málinu um skilning þeirra á samþykktinni, og er skilningur flestra þeirra á þá leið, að gömul hlutafjárloforð yrðu aðeins

innleyst með greiðslu í peningum og lokafrestur veittur til þess til 31/12 1952 og það, sem þá yrði ógreitt, félli niður.

Tilefni tillögu þeirrar, er leiddi til samþykktarinnar, mun fyrst og fremst hafa verið það, að margir þeirra, er höfðu skrifað sig fyrir hlutafjárloforðum og samþykkt víxla fyrir þeim, að öllu eða einhverju leyti, höfðu enn ekki staðið í skilum með greiðslur. Þá hafði hlutafjársöfnun félagsins staðið yfir í meira en fjögur ár og gengið treglega undanfarið, til dæmis ekkert hlutafé selzt á á árinu 1951. Þegar umræddur framhaldsaðalfundur var haldinn, var heimildin til hlutafjáraukningar orðin meira en fjögurra ára, og á því tímabili hafði efnahagur félagsins batnað mjög.

Það verður ekki séð, að samþykktin hafi verið rædd neitt á fundinum eða tillögumenn gefið þar skýringar á því, hvað þeir teldu í henni felast.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að umrædd samþykkt framhaldsaðalfundarins þann 5. júní 1952 verði ekki skilin öðruvísi en svo, að þeim hluthöfum, sem þá höfðu enn ekki greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, væri veittur lokafrestur til greiðslu þeirra í peningum til 31. desember 1952. Það, sem þá væri ógreitt af hlutafjárloforðum, félli niður og þar með væri hlutafjársöfnun lokið. Verður því að telja, að samþykkt stjórnarinnar á fundi hennar 31. des. 1952 á nýjum gjaldfresti til handa hluthöfunum Stefni h.f., Fiskakletti h.f. og Sæmundi Sigurðssyni svo og sala stjórnarinnar á hlutafé til þeirra Jóns Gíslasonar, Ingólfs Flygenrings og Bernhards Petersens og með þeim kjörum, sem þeir fengu, sé beint brot á umræddri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. samþykkta félagsins skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt á aukningarhlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína.

Það kemur fram í málinu, að almennt útboð aukningarhlutafjárins hefur ekki farið fram, og ekki hefur hverjum fyrir sig hinna upphaflegu hluthafa verið formlega boðið að neyta forkaupsréttar síns að aukningarhlutum.

Eftir að umrædd samþykkt hafði verið gerð á framhaldsaðalfundinum 5. júní 1952, gátu hluthafar almennt alls ekki búizt við frekari sölu aukningarhlutafjárins, og hluthöfunum, öðrum en þar komu við sögu, ókunnugt um sölu þá á aukningarhlutafé, sem stjórnin framkvæmdi á fundi sínum 31. des. 1952, þegar salan fór fram, og þeim hluthöfum ekki verið gefinn kostur á

að fá aukningarhluti með þeim kjörum, sem þar var um að ræða.

Er því sýnt, að forkaupsréttarákvæði 5. gr. samþykkta félagsins hefur verið brotið.

Svo sem áður segir, hafa dómkvaddir menn metið verðmæti hlutabréfa Lýsis og Mjöls h/f hinn 31. des. 1952 þrefalt nafnverð þeirra, miðað við höfuðstól hlutafjár, kr. 1.133.000.00. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og ljóst er, að verðmæti hlutabréfa hlýtur að verulegu leyti að ákvarðast af eignum þeim, sem bak við þau liggja.

Með sölu hlutafjár þess, er stjórnin seldi þeim Jóni Gíslasyni o. fl. á nafnverði á fundi sínum 31. des. 1952, verður að telja, að stjórnin hafi breytt hlutdeild manna í félaginu og raskað jafnrétti hluthafa sín á milli.

Þegar ráðstöfun þessi var gerð, hafði stjórnin ekki borið hana undir hluthafa áður, og á aðalfundi félagsins 4. júní 1953 greiddi nokkur hluti hluthafa atkvæði gegn henni. Þykir því ráðstöfun þessi brjóta í bág við f. lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna.

Þá þrjá stjórnarmenn hlutafélagsins, sem tilnefndir eru af hálfu stefnanda, ber ekki að skoða sem sérstaka trúnaðarmenn bæjarsjóðs eða bæjarútgerðar, heldur sem hverja aðra fyrirsvarsmenn hlutafélagsins, sem fyrst og fremst sé skylt að gæta hagsmuna þess og hluthafanna. Ef ráðstafanir stjórnarmanna brjóta í bága við hagsmuni félagsins, hluthafa, fyrirmæli hluthafafunda, félagssamþykkta eða landslög, verður að telja, að stefnandi geti leitað réttar síns út af því, eins og hver annar hluthafi.

Það verður ekki fallizt á það hjá stefndu, að stefnandi hafi í sambandi við afgreiðslu á reikningum félagsins á aðalfundum þess 1953 og 1954 firrt umbjóðanda sinn rétti til að halda þessu máli til laga, enda hafði hann löngu fyrr, eða strax og tilefni gafst til, mótmælt umdeildum ráðstöfunum og áskilið umbjóðanda sínum rétt til að fá þeim hnekkt.

Áður er að því vikið, að samþykki aðalfundar félagsins 4. júní 1953 á sölu stjórnarinnar á hlutafé 31. des. 1952 hafi verið ófullnægjandi, þar sem þar komu fram mótatkvæði gegn umræddri ráðstöfun, enda var á fundinum greitt atkvæði meðal annars með því hlutafé, er selt var á fyrrgreindum stjórnarfundi og deilt er um í máli þessu.

Frestir þeir til málshöfðunar, sem ákveðnir eru í hlutafélagalögunum og stefndu hafa vísað til um það, að mál þetta sé of seint höfðað, taka ekki til þeirra efnisatriða, sem málshöfðun þessi er aðallega reist á, og þykir stefnandi hafa höfðað mál þetta í tæka tíð.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stjórn Lýsis og Mjöls h/f með sölu hlutafjár, kr. 267.000.00, til stefnda Jóns Gíslasonar á fundi sínum 31. des. 1952 brotið gegn margnefndri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952, 5. gr. samþykkta félagsins og f-lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna. Ber þegar af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda um ógildingu á téðri hlutafjársölu til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað með kr. 20.000.00.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum, Ísleifi Árnasyni fulltrúa og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Sala stjórnar Lýsis og Mjöls h/f til stefnda Jóns Gíslasonar á hlutafé í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, er samþykkt var á stjórnarfundi 31. desember 1952, skal ógild vera.

Stefndu, Lýsi og Mjöl h/f og Jón Gíslason, greiði in solidum stefnanda, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, kr. 20.000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 30. október 1957.

Nr. 56/1957. **Júpiter h/f** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
**Tómasi Ólafssyni**
**og gagnsök** (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabætur fyrir líkamsmeiðsl.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1957. Hann gerir þær dómkröfur, að lækkuð verði fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, og að aðiljum

verði hvorum um sig dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 11. apríl s.l. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 137.110.49, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst hann og sjóveðréttar í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar verða.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 sjóveðrétt í greindu skipi til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Júpiter h/f, greiði gagnáfrýjanda, Tómasi Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. febrúar 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Tómas Ólafsson, Fjölnisvegi 20 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 5. s. m., gegn h/f Júpíter hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 137.110.49 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, þar með töldum kostnaði við örorkumat og útreikning orkutjóns. Enn fremur krefst stefnandi sjóveðréttar í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfu stefnanda.

Tryggingu h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, en

engar kröfur gerðar á hendur því, og það hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni laugardagsins 7. maí 1955 var b/v Neptúnus á siglingu út af Vestfjörðum. Um kl. 9 varð 1. vélstjóri var við leka í stjórnborðseldkatli skipsins. Var þá slökkt á öllum eldum, sjó dælt í stjórnborðsketilinn og eimþrýstingur felldur með því að láta aðalvél „keyra út" eiminn niður í 50 lbs. á ferþumlung. Kl. 11 var aðalvél stöðvuð og undirbúningur hafinn að því að loka ketilröri því, er lekt reyndist vera. Var stefnandi sendur af 1. vélstjóra inn í eldholið til að framkvæma þetta verk. Var hann þannig klæddur, að hann var í úlpu með áfastri hettu yfir höfðinu, sjóstakki og með sjóhatt, en fótabúnaður hans var ullarsokkar og lágir leðurskór. Stefnandi fór um eldholið inn í svonefndan sótkassa, sem er inn af því, en það var nauðsynlegt til þess að hægt væri að komast að röri því, sem lak. Mjög lítið svigrúm er í sótkassanum og svartamyrkur. Hafði stefnandi meðferðis rafmagnshandlampa, til þess að sjá til við verkið. Þá kveðst hann hafa haft meðferðis um 9 þumlunga breiðan planka, sem hann hafi lagt yfir botn sótkassans, en þar var um það bil ökladjúpt, brennheitt vatn. Gerði stefnandi nú eftir föngum við lekann á ketilrörinu og fór að því búnu út úr eldholinu. Skömmu síðar fór stefnandi af nýju inn í sótkassann samkvæmt skipun 1. vélstjóra, og var nú eins útbúinn og í hið fyrra skiptið, en hafði auk þess sleggju meðferðis til þess að slá fastan tappa, er hann hafði sett í enda ketilrörsins í fyrra skiptið. Í þeim svifum, sem stefnandi var að slá eitt höggið á tappann með sleggjunni, slokknaði ljósið á handlampanum. Við þetta kom slinkur á stefnanda, og rann hann með báða fætur út af plankanum niður í brennheitt vatnið á botni sótkassans. Fór hægri fótur hans upp fyrir ökla, en sá vinstri upp fyrir rist. Hlaut stefnandi af þessu mikil brunasár á fæturna.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi verið búinn að slá nokkur högg á tappann, er slysið varð. Hafi hann haldið um skaft sleggjunnar með báðum höndum, en hengt lampann í krók utan á stakknum. Kveðst hann ekki telja ólíklegt, að slinkurinn, sem á hann kom, kunni að hafa stafað af því, að höggið hafi geigað nokkuð, er slokknaði á ljósinu. Hins vegar telji hann það alveg víst, að slokknað hafi á ljósinu, er sleggjan var á leiðinni að tappanum. Stefnandi kveður plankann, sem hann stóð á, ekkert hafa haggazt, en hann hafi verið sleipur af vatni og sóti. Engin fyrirmæli eða ábendingar kveðst stefnandi hafa fengið um það að vera betur búinn til fótanna en hann var, er

hann fór inn í sótkassann. Hafi ekki verið minnzt á fótabúnað hans, fyrr en eftir að slysið var orðið. Þá hafi fyrsti vélstjóri ásakað sjálfan sig fyrir að hafa ekki sagt honum að fara í gúmmístígvél. Kveður stefnandi sér hafa verið ókunnugt um, hverjum hlífðarfötum venja sé, að menn búist við slíkar aðstæður, sem hér voru, en þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann fór inn í eldhol við slíkar aðstæður. Hins vegar hafi hann vitað, að vatnið í sótkassanum var heitt. Stefnandi hefur lokið vélstjóraprófi frá vélstjóraskóla Íslands og hefur réttindi til vélgæzlu á íslenzkum skipum. Kveðst hann hafa verið búinn að starfa að vélgæzlu á gufuskipum um tveggja ára skeið, er slysið varð.

Vitnið Jósafat Hinriksson, 1. vélstjóri, skýrir svo frá, að þegar leki, slíkur sem hér um ræðir, komi upp, safnist nokkurt vatn í eldholið og sé það brennheitt. Áður en byrjað sé að vinna að lagfæringu við þessar aðstæður, sé venja að leggja þykk borð í botninn á sótkassanum og stundum sé staðið á kassa. Vitnið kveðst telja, að vatnsleki, blandinn olíusóti, hafi gert „borðin skreip og hafi Tómas vegna þess runnið út af borðunum og lent niður í lekavatnið". Verður eigi annað ráðið af þessum framburði vitnisins en að það telji, að fleiri en eitt borð hafi verið lagt yfir vatnið á botni sótkassans í umrætt sinn. Vitnið kveður hættu á því, að borðin, sem staðið er á, sporðreisist, þar sem eldholið er sívalningur. Þá getur vitnið þess, að hiti sé svo mikill í eldholinu við þessar aðstæður, að maður, sem þangað fer inn, haldist þar ekki við lengur en í 15—30 sekúndur. Við sjóferðapróf út af umræddu slysi skýrði vitni þetta svo frá, að er stefnandi kom út úr eldholinu fyrra sinni, hafi það minnt hann á, að varlegra væri að búa sig betur til fótanna. Allt að einu hafi stefnandi haft sama hátt á um fótabúnað sinn, er hann fór inn í eldholið í síðara skiptið, en vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, fyrr en rétt um það bil, er stefnandi hrasaði. Nokkrum mánuðum síðar voru vitni þetta og stefnandi samprófaðir fyrir dómi um þetta atriði. Hélt stefnandi þá fast við sinn fyrri framburð, en vitnið kvaðst ekki geta fullyrt ákveðið, að það hefði áminnt stefnanda um þetta, eftir að hann kom út úr eldholinu í fyrra skiptið, en áður en hann fór inn í það í síðara skiptið. Gat vitnið þess þá og, að verið gæti, að skolazt hefði í minni þess um, hvernig atvikum var háttað, þannig að það hafi ekki minnzt á fótabúnaðinn við stefnanda, fyrr en eftir að slysið var orðið.

Vitnið Ólafur Theódór Ólafsson, III. vélstjóri, skýrir svo frá, að það hafi verið viðstatt, er stefnandi fór inn í eldholið. Kveðst

það muna, að I. vélstjóri hafi brýnt fyrir honum, áður en hann hóf viðgerðina, að búast vel hlífðarfötum.

Vitnið Húbert Rósmann Morthens kyndari skýrði svo frá við sjóferðapróf út af slysinu, að er stefnandi kom út úr eldholinu í fyrra skiptið, hafi það haft orð á því við hann, að hann færi óvarlega, að búa sig ekki betur til fótanna. Hafi stefnandi svarað því til, að „allt væri í lagi". Síðar, er vitni þetta kom aftur fyrir dóm, kvað það sig minna, að það hafi ekki haft orð á þessu, fyrr en stefnandi var kominn út úr eldholinu, eftir að slysið var orðið.

Vitnið Kjartan Filippusson kyndari kveðst hafa verið viðstatt í bæði skiptin, er stefnandi fór inn í eldholið. Hafi það ekki heyrt, að stefnandi væri áminntur um það að vera betur búinn til fótanna, áður en hann fór þangað inn.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að I. vélstjóri hafi vanrækt að leiðbeina honum um fótabúnað hans, er hann skipaði honum að fara inn í eldholið. Þá hafi honum heldur ekki gefizt ráðrúm til þess sjálfum að hugsa nákvæmlega um fótabúnað sinn. Vekur stefnandi athygli á því í þessu sambandi, að honum hafi verið ókunnugt um, hvernig venja sé að búa sig undir þessum kringumstæðum, þar sem þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann fór inn í eldhol við þessar aðstæður, svo sem fyrr greinir.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á því, að öryggisútbúnaður í sótkassanum hljóti að teljast hafa verið með öllu óforsvaranlegur við jafn hættulegar aðstæður, þar sem hann ekki hafi haft annað til að standa á en fyrrnefndan planka, sleipan af sóti og lekavatni. Þá hafi hér verið um svo hættulegt verk að ræða, að stefndi hljóti þegar af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á slysinu.

Að lokum hefur stefnandi hreyft því, að ljósaspennan í skipinu hafi verið 220 volt, en bannað sé að fara inn í ketil, sé ljósaspennan hærri en 120 volt. Þá verði og að gera fyllstu kröfur til tækja eins og handlampans, þegar þau séu notuð við þær aðstæður, sem hér voru, einkum að perur séu ekki gamlar og lélegar.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ófullkominn fótabúnaður stefnanda, er hann fór inn í sótkassann, hafi verið höfuðorsök slyssins. Hann sé fullnuma vélstjóri og hafi að eigin sögn starfað að vélgæzlu á gufuskipum í tvö ár, er slysið varð. Þekki hann því byggingu gufuvéla í skipum og viti, að slíka viðgerð, sem um ræðir, þurfi stundum að framkvæma. Þá hafi hann og

viðurkennt, að honum hafi verið um það kunnugt, að vatnið í sótkassanum var heitt. Þegar alls þessa sé gætt og það jafnframt haft í huga, að 1. vélstjóri hafi áminnt hann um að búa sig betur til fótanna, þá verði að telja, að stefnandi hafi átt alla sök á slysinu með óaðgæzlu sinni, enda hafi útbúnaður allur í sótkassanum verið forsvaranlegur og venju samkvæmt. Að lokum heldur stefndi því fram, að bilunin á ljósinu hafi verið óhappatilviljun, sem engum verði um kennt.

Eigi er annað í ljós leitt, en rétt sé sú frásögn stefnanda, að hann hafi ekki haft annað til að standa á við verk sitt en planka þann, sem hann hafði tekið með sér þangað inn. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, hve aðstaða öll var erfið þarna, bæði vegna þrengsla og geysilegs hita og ekki hvað sízt vegna þess, að sjóðheitt vatn var á botni sótkassans, þá er augljóst, að mjög hefur á það skort, að nauðsynlegar öryggisráðstafanir væru hafðar í frammi, en mjög var áríðandi að byrgja vatnið á botni sótkassans, t. d. með borðum, svo sem venja mun vera, þegar svo stendur á sem hér. Bar I. vélstjóra, sem yfirmanni í vélarrúmi, að sjá um, að fyllsta öryggis væri gætt.

Á hitt er að líta, að stefnanda, sem er vélstjóri að mennt og hafði á þessum tíma öðlazt nokkra reynslu í því starfi, mátti vera ljóst, að ekki var gætt viðhlítandi öryggisráðstafana, bæði að því er snerti umbúnað í sótkassanum sem og fótabúnað hans sjálfs, en að sögn hinna sérfróðu samdómenda þykir sjálfsögð varúð, að menn hafi gúmmístígvél á fótum, er þeir fara inn í sótkassann við þær aðstæður, sem hér voru. Var og einkum rík ástæða fyrir stefnanda að vanda betur fótabúnað sinn, áður en hann fór inn í sótkassann í síðara skiptið, þar sem honum hlaut þá að vera fullljóst orðið, að aðstaðan var slík, að þess var full þörf. Haggar þar engu um, þótt ekki verði talið sannað, að I. vélstjóri hafi leiðbeint honum í því efni.

Sú málsástæða stefnanda, að ljósaspenna hafi verið of há og bilun ljóssins megi ef til vill að einhverju leyti til þess rekja, er engum rökum studd, og ekkert er fram komið í málinu, er bendi til, að pera í lampa þeim, er stefnandi hafði meðferðis, hafi verið gömul eða léleg. Verður því að fallast á það með stefnda, að ekki sé annað leitt í ljós, en að óhappatilviljun hafi valdið því, að á lampanum slokknaði.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir rétt, að stefndi beri að ¾ hlutum fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við umrætt slys. Er þá einnig haft í huga, að jafnvel þótt gætt sé fyllsta

öryggis hlýtur ávallt nokkur áhætta að vera því samfara að framkvæma starf það, sem stefnanda var falið, meðan hiti er svo mikill í eldholinu, sem hér var raunin, en á þeirri áhættu beri atvinnurekandinn ábyrgð.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kaup, þar með taldir fæðispeningar og orlof, tímabilið 8/5 1955—30/11 s. á., að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins og frá stefnda ..... | kr. 55.902.60 |
| 2. | Lyfjakostnaður ..... | — 1.613.49 |
| 3. | Orkutjón ..... | — 47.594.40 |
| 4. | Fyrirhöfn heimilis ..... | — 2.000.00 |
| 5. | Bætur fyrir lýti, sársauka, óþægindi og röskun á stöðu og högum ..... | — 30.000.00 |
| | | Samtals kr. 137.110.49 |

Um 3.

Skömmu eftir slysið var haldið áleiðis til Ísafjarðar, og var komið þangað kl. 19.00 um kveldið. Var stefnandi þegar fluttur í sjúkrahúsið þar á staðnum og lá þar í viku. Fór hann þá flugleiðis til Reykjavíkur. Stefnandi kveðst hafa legið rúmfastur heima þar til um miðjan ágúst. Hinn 1. september 1955 skýrir hann svo frá fyrir dómi, að hann sé þá enn algjörlega ófær til vinnu. Meðan stefnandi var að gróa sára sinna, var hann stundaður af Ezra Péturssyni lækni. Í vottorði læknis þessa, dags. 29. nóvember 1955, er meiðslum stefnanda og batahorfum lýst svo:

„.... Brunasárin voru á 1.—3. stigi, aðallega þriðja stigs brunasár. Þau eru nú loksins gróin. Húðin á báðum ristum og um öklana er rauð, skorpin, þunn og þurr. Búast má við því, að hún verði ávallt veil fyrir, og að þessi lýti haldist að verulegu leyti. Hann hefur verið haltur fram að þessu."

Í bréfi Ólafs Tryggvasonar læknis, dags. 5. des. 1956, til lögmanns stefnanda segir á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar um, hvort ég telji líklegt, að núverandi sjúkdómur Tómasar Ólafssonar ....., er lýsir sér með þrálátum útbrotum, sé afleiðing brunasára, er hann hlaut á s.l. ári, vil ég taka fram, að ég tel sennilegt, að svo geti verið."

Hin 11. desember 1956 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 13. s. m., segir svo:

„11. des. 1956: Slasaði mætti til skoðunar. Hægri fótur: Frá öklabeini báðum megin að utanverðu niður á hæljarka og fram

yfir, yfir ristina og í kring, er vel gróinn örvefur, en húðin er dálítið þynnri og bláleitari en eðlilegt er. Vinstri fótur: Á utanverðu öklabeini niður á hæl er vel gróið bláleitt ör. Hreyfingar í öklaliðum eru eðlilegar, en búast má við, að örvefurinn særist auðveldlegar en eðlileg húð."

Metur læknirinn varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 5%.

Stefnandi er talinn fæddur 3. júlí 1924. Hefur hann því verið þrítugur að aldri, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann er kvæntur og hefur eitt barn á framfæri sínu, svo vitað sé.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda námu atvinnutekjur hans árið 1954 kr. 53.547.00, en kr. 38.823.00 árið 1955. Mun stefnandi ekki hafa starfað hér á landi né talið hér fram til skatts næstu árin á undan.

Hinn 23. desember 1956 var atvinnutjón stefnanda vegna hinnar varanlegu örorku reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Í útreikningi sínum getur tryggingafræðingurinn þess, að atvinnutekjurnar árið 1955 muni vera frá áramótum til slysdags að viðbættu kaupi í einn mánuð eftir slysið. Með því að þar sé ekki um heilt ár að ræða, hafi hann talið tekjur þessar svara til hálfs árs tekna og vegið þær einungis að hálfu leyti móts við tekjur ársins 1954. Við umreikning til kauplags frá slysdegi til þess tíma, er útreikningurinn er gerður, kveðst tryggingafræðingurinn hafa reiknað með breytingum á launum verkamanna og iðnaðarmanna frá 1954, en það ár mun stefnandi hafa unnið í landi. Laun 1955 kveðst hann hins vegar að mestu hafa reiknað með þeim breytingum, sem orðið hafi á kjörum vélstjóra á togurum síðan. Getur hann þess jafnframt, að vandkvæðum sé þó bundið að meta til fjár margar þær breytingar, er orðið hafi. Þá kveðst tryggingafræðingurinn enn fremur hafa gert ráð fyrir, að með tekjum árið 1955 séu taldar þær hækkanir, sem orðið hafi í ársbyrjun 1956 og látnar hafi verið gilda aftur fyrir sig frá hausti 1954, en um þetta hafi hann ekki vitneskju. Á þann hátt, sem að framan greinir, telst tryggingafræðingnum umreiknaðar árstekjur stefnanda nema kr. 67.053.00 fyrsta árið eftir slysið, en eftir það 70.615.00. Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að væri reiknað með meðaltekjum vélstjóra á togurum, eins og þær voru, þegar útreikningurinn var gerður, yrðu árstekjurnar mun hærri.

Miðað við slysdag, 5% varanlega örorku og framangreindar atvinnutekjur, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti orkutjóns stefnanda nema kr. 49.457.00.

Grundvöllur útreikningsins að öðru leyti er 6% aktívtöflur,

samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla á árunum 1941—1950.

Fjárhæð þessa kröfuliðs, sem stefndi hefur mótmælt sem allt of hárri, fær stefnandi þannig fram, að hann leggur niðurstöðutöluna í útreikningi tryggingafræðingsins til grundvallar. Hins vegar tekur hann jafnframt tillit til þess, að hann krefst fulls kaups fyrir tímabilið frá slysdegi til 1. desember 1955 undir 1. kröfulið, enda þótt útreikningur tryggingafræðingsins sé miðaður við slysdag, en greint tímabil telur hann sig hafa verið 100% öryrkja. Telur hann niðurstöðutölu útreikningsins eiga að lækka af þessum sökum um kr. 1.862.60, eða í kr. 47.594.40.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, er hér skipta máli, þykir hæfilegt, að kröfuliður þessi sé tekinn til greina með kr. 43.000.00.

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann telur sig hafa verið algjöran öryrkja frá slysdegi til 1. desember 1955, svo sem fyrr getur. Kaup sitt þetta tímabil áætlar hann, að hefði numið kr. 59.704.35 og orlofsfé af því kr. 2.985.00. Þá telur hann sig eiga rétt á fæðispeningum fyrir þetta tímabil, er nemi kr. 6.350.40 að viðbættu orlofi. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 69.039.75. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi bætur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, samtals kr. 7.614.67, og bætur, sem stefndi hefur greitt honum upp í tjón hans, að fjárhæð kr. 5.522.40. Kemur þá fram fjárhæð sú, sem hér er krafizt.

Stefndi hefur ekki véfengt kröfulið þenna tölulega, og verður hann því lagður til grundvallar, þó svo, að bætur þær, sem hann hefur greitt stefnanda samkvæmt framansögðu dragast einungis frá þeim hluta af tjóni stefnanda, sem stefndi telst bera fébótaábyrgð á. Verður því kröfuliður þessi tekinn til greina með kr. 61.425.00, en kr. 5.522.40 dregnar frá heildartölum stefnanda hér á eftir.

Um 2 og 4.

Kröfuliðir þessir eru ekki véfengdir og verða teknir til greina óbreyttir.

Um 5.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda, og þess gætt, að brunasárum fylgja að jafnaði miklar þjáningar, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu, telst tjón stefnanda nema kr. 126.038.49 (kr. 43.000.00 + kr. 61.425.00 + kr. 1.613.49 + kr. 2.000.00 + kr. 18.000.00). Sem fyrr getur, ber stefnda að bæta ¾ hluta þess, eða kr 94.528.86, en frá þeirri fjárhæð dragast kr. 5.522.40, sem stefndi hefur þegar greitt upp í tjón stefnanda, eins og áður sagði. Mismuninn, kr. 89.006.46, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 9000.00. Er þar með talinn kostnaður við örorkumat, útreikning orkutjóns og töku ljósmynda af fótum stefnanda, samtals kr. 575.00.

Samkvæmt ákvæðum 4. tl. 236. gr. laga nr. 56 frá 1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Júpiter, greiði stefnanda, Tómasi Ólafssyni, kr. 89.006.46 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags og kr. 9000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Neptúnusi, RE 361, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 11. nóvember 1957.

Nr. 90/1957. **Ákæruvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
**Jóni Hermanni Jónssyni**
(Lárus Jóhannesson hrl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Lindal.**

Ölvun við akstur.

## Dómur Hæstaréttar.

Með gögnum þeim, sem greind eru í héraðsdómi, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrætt sinn. Hefur hann

með því brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem talin eru í ákæruskjali. Og þar sem refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, ber að staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Hermann Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristins Gunnarssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Theodórs B. Líndals prófessors í framangreindu máli.**

Þá er lögreglumenn hófu rannsókn máls þessa, var ákærði á heimili sínu. Hann fór með lögreglumönnunum tregðulaust á lögreglustöðina til skýrslugjafar og síðan á slysavarðstofuna til blóðtöku. Að svo búnu var farið með hann aftur á lögreglustöðina og hann settur í fangageymsluklefa í kjallara þar. Var hann hafður þar í haldi frá því um kl. 23.00 hinn 13. ágúst 1956 til kl. 10.00 hinn 14. s. m.

Þegar litið er til þess, að ákærði var sóttur á heimili sitt, hafði engar óspektir í frammi né gerði lögreglumönnunum erfitt fyrir, verður eigi séð, að nauðsyn hafi borið til að einangra hann á þeim stað, sem gert var.

Með framangreindum athugasemdum erum við samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

## Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1957.

Ár 1957, föstudaginn 5. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Inga Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1006/1957: Ákæruvaldið gegn Jóni Hermanni Jónssyni, sem tekið var til dóms 13. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 10. desember 1956, gegn Jóni Hermanni Jónssyni skrifstofustjóra, Lynghaga 7 hér í bæ, fyrir að hafa mánudagskvöldið 13. ágúst s.l., um kl. 21.00, ekið bifreiðinni R 6927 frá Skólavörðustíg 12 að Heiðargerði 80 og þaðan aftur nokkru síðar heim til sín að Lynghaga 7, verandi undir áhrifum áfengis við aksturinn. Telst þetta varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Að því er framangreindan ölvunarakstur ákærða varðar, er málið til vara höfðað gegn honum fyrir að hafa ekið bifreiðinni í beinu framhaldi af neyzlu áfengis umrætt sinn, en það telst varða við 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 13. ágúst 1913 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

Í Reykjavík:

1951 24/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 13. ágúst s.l. kom á lögreglustöðina Ágúst Ísfeld Sigurðsson, Heiðargerði 80, og tilkynnti, að hann grunaði bifreiðarstjórann á jeppabifreiðinni R 6927 um að hafa ekið ölvaður. Í ljós kom, að ákærði er eigandi bifreiðarinnar. Fóru lögreglumenn heim til hans um kl. 23.00. Var hann heima og aflvél bifreiðarinnar heit. Alllöng stund leið, frá því lögreglumenn kvöddu dyra, þar til ákærði kom, og var hann þá klæddur morgunslopp. Lagði sterkan vínþef af vitum hans að sögn lögreglumanna, og bar hann augljós ölvunareinkenni. Ákærði fylgdist með á lögreglustöðina. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra neitaði ákærði að hafa bragðað áfengi, fyrr en hann kom heim til sín. Farið var með ákærða á slysavarðstofuna, þar sem úr honum var

tekið blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 1,69‰ af alkóhóli.

Með ákærða umrætt kvöld voru vitnin Kristján Guðmundsson skrifstofumaður og Ragnheiður Ásbjörg Guðjónsdóttir ræstingakona. Samkvæmt frásögn þeirra og ákærða fóru þeir Kristján, að lokinni vinnu, í áfengisverzlunina við Snorrabraut, og keypti Kristján 1 flösku af hvannarótabrennivíni. Með hana fóru þeir í skrifstofu verðgæzlustjóra að Skólavörðustíg 12, þar sem þeir unnu báðir. Eftir því sem næst verður komizt, komu þeir þangað um kl. 17.30. Þar var þá vitnið Ragnheiður Ásbjörg við ræstingu skrifstofunnar.

Vitnið Kristján ber, að þeir ákærði hafi setzt að hvannarótabrennivíninu. Drakk vitnið mest, en ákærði þó eitthvað líka. Vitnið Ragnheiður Ásbjörg segir, að þeir ákærði og Kristján hafi komið inn á skrifstofuna, meðan það vann að ræstingunni, og sá, að þeir voru með vín og voru að drekka. Þáði vitnið smálögg í bolla hjá þeim, en fann ekkert á sér af því. Vitnið staðhæfir, að það hafi séð vín á ákærða, og telur hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Var hann skrafhreyfari en hann á vanda til. Um eða eftir kl. 21.00 ók ákærði með vitnin Ragnheiði Ásbjörgu og Kristján heim til vitnisins Kristjáns að Heiðargerði 80. Kveðst vitnið Ragnheiður Ásbjörg hafa setið í framsæti bifreiðarinnar. Segir vitnið, að þau hafi öll farið inn til Kristjáns. Sá það ákærða ekkert drekka þar, enda fylgdist það ekki með því. Það sá þó vín á honum eins og á skrifstofunni.

Framburður vitnisins Kristjáns Guðmundssonar reyndist óstöðugur. Í fyrstu taldi vitnið, að ákærði hefði neytt áfengisins með því á skrifstofunni, og taldi það, að hann myndi hafa verið eitthvað lítilsháttar með áfengisáhrifum, er hann ók heiman frá vitninu. Í síðara réttarhaldi neitaði vitnið að hafa veitt því minnstu athyggli, hvort ákærði drakk úr flöskunni með því. Gerði vitnið mikið úr ölvun sinni af drykkjunni á Skólavörðustíg 12. Fyrri framburð sinn gaf vitnið, áður en það gat haft samband við ákærða. Vitnið Ragnheiður Ásbjörg sömuleiðis.

Ákærði hefur undir rannsókn málsins haldið fast við það að hafa ekki neytt áfengis, fyrr en eftir að hann kom heim til sín um kvöldið að loknum akstri. Er ákærði var á dómþingi að því spurður, hvort hann hefði neytt áfengis úr flöskunni með vitninu Kristjáni, kveðst hann ekki muna, hvort hann lézt dreypa eitthvað á flöskunni, en er frekar var gengið á hann, neitaði hann með öllu að hafa bragðað á víninu. Í Heiðargerði 80 kveðst ákærði einungis hafa drukkið vatn. Hins vegar fékk ákærði sér brenni-

vín að drekka, er hann kom heim til sín. Drakk hann um það bil ⅓ úr flösku. Fann hann vel til áfengisáhrifa, þegar lögreglan kom heim til hans, en eigi var hann þó drukkinn. Hefur ákærði talið framburð vitnanna Ragnheiðar Ásbjargar og Kristjáns um drykkju sína og ölvun á misskilningi einum byggðan.

Fyrir dóm hafa komið vitnið Ágúst Ísfeld Sigurðsson og Jónína Sigrún Sturlaugsdóttir, Heiðargerði 80, og er framburður beggja mjög á sömu lund. Sáu þau út um kjallaraglugga hússins, að jeppabifreið hafði staðnæmzt fyrir framan húsið. Sáu þau karlmann ganga aftur með bifreiðinni, og var hann svo reikull í spori, að hann studdi sig við bifreiðina. Töldu vitnin víst, að hann væri ölvaður. Við hlið jeppabifreiðarinnar stóð kona, sem hélt á bögglum í hendinni, en maður, sem leigir uppi á lofti hússins, sat í aftursæti. Segjast vitnin hafa rætt um það sín á milli, hvort hann hefði ekið eða hinn ölvaði maður, sem þeim fannst ótrúlegt. Gekk nú fólk þetta inn í húsið, en eftir fremur stuttan tíma urðu þau þess áskynja, að fyrrgreindri bifreið var ekið frá húsinu. Litu þau þá út í gluggann og sáu, að maður sá, er þau töldu drukkinn, ók bifreiðinni. Vitnið Ágúst Ísfeld fór þá út og hringdi á lögregluna og fékk sér síðan bíl og fór á lögreglustöðina. Hafði vitnið sett á sig einkennisstafi og gerð bifreiðarinnar.

Ákærði hefur haldið því fram, að ekkert mark væri á því takandi, þótt vitnunum hefði sýnzt hann reika í spori, er þau sáu hann tilsýndar út um glugga rölta meðfram bifreiðinni.

Þegar virt eru atvik máls þessa og litið til þess, að ákærði og vitnið Kristján fara með áfengi að Skólavörðustíg 12 og eru þar 1½ til 2 klukkustundir, að vitnið Kristján og Ragnheiður Ásbjörg hafa bæði borið, að ákærði hafi neytt áfengis og haft útlit fyrir að vera undir áhrifum áfengis, og ákærði hefur sjálfur viðurkennt, að hann hafi kannske látizt dreypa á víninu, að vitnin Ágúst Ísfeld og Jónína Sigrún, sem sjá ákærða, er hann kom frá Skólavörðustíg 12, telja hiklaust, að hann hafi verið ölvaður, er þau sáu hann tilsýndar, og loks að frásögn ákærða um drykkju sína, eftir að hann kom heim, þykir í alla staði ótrúleg bæði eftir atvikum og með hliðsjón af alkóhólmagninu í blóði ákærða á þeim stutta tíma, sem hann hafði dvalizt heima, áður en lögreglan kom, þá verður að telja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni R 6927 frá Skólavörðustíg 12 að Heiðargerði 80 og þaðan að Lynghaga 7 í umrætt skipti.

Þykir brot hans heimfært til réttra lagaákvæða í ákæruskjali.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils hdl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Hermann Jónsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki þessu ákvæði dómsins.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, síns Jóns P. Emils hdl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 13. nóvember 1957.

Nr. 77/1956. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
**P. Beiersdorf & Co. A/G.**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Brot gegn lögum nr. 14/1903 og lögum nr. 84/1933.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1956, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, P. Beiersdorf & Co. A/G., málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. maí 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hefur P. Beiersdorf & Co., A.-G., Hamborg, Þýzkalandi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. desember 1955, gegn Stefáni Thorarensen vegna Efnagerðar Reykjavíkur h/f hér í bæ.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. júlí 1955 tilkynnti stefnandi vörumerkjaskrárritaranum í Reykjavík til skrásetningar vörumerki, sem skrásett var 24. september s. á. sem nr. 151/1955. Í auglýsingu um skrásetninguna, birtri í Lögbirtingablaðinu 12. október s. á., er vörumerki þessu lýst svo, að það sé „mynd af bláu dósarloki með hvítum, mjóum hring, en innan í hringnum standa orðin: NIVEA CREME ZUR HAUTPFLEGE". Þá segir enn fremur í auglýsingunni, að samkvæmt tilkynningu 30. október 1950 sé merkið skrásett í München 25. apríl 1952, 34. flokki, fyrir hörundskrem.

Orðin í texta merkisins eru með hvítu prentletri. Er orðið „CREME" sem næst í miðju merkinu, en fyrir ofan það orðið „NIVEA". Eru stafirnir í hvoru tveggja orðinu jafnstórir, en rúmlega helmingi stærri en í orðunum ZUR HAUTPFLEGE, sem standa fyrir neðan „CREME" í einni línu. Hvíti hringurinn á merkinu er um 3 til 4 mm frá brún þess.

Hinn 24. ágúst 1955 barst vörumerkjaskrárritaranum í Reykjavík tilkynning frá stefnda um vörumerki, sem skrásett var 4. október s. á. sem nr. 155/1955. Í auglýsingu um vörumerki þetta, birtri í Lögbirtingablaðinu 15. s. m., er því lýst þannig: „Á hringlaga, bláum fleti er hvítur hringur. Efst í honum er mynd af sól, er kastar frá sér geislum. Innan í hringnum stendur með hvítum

stöfum: RÓSÓL CREME MEÐ A-VÍTAMÍNI. Verndar og mýkir húðina", Er merki þetta skrásett fyrir hörundskrem.

Eins og í fyrrnefnda merkinu eru orðin í texta þessa merkis með prentletri, og er textanum komið fyrir í merkinu með líkum hætti. Þannig er orðið „CREME" hér í miðju merkinu, en fyrir ofan það orðið „RÓSÓL". Eru stafirnir í orðum þessum jafnstórir, en aðeins minni en í samsvarandi orðum í hinu merkinu. Önnur orð í texta merkisins eru með allmiklu smærra letri en fyrrnefndu orðin tvö og standa fyrir neðan „CREME" í þremur línum. Hvíti hringurinn í merkinu er eins og merki stefnanda að öðru leyti en því, að hann er örlítið breiðari. Verður sá munur þó vart greindur, nema beitt sé athygli. Þá er og sá munur á, að efst í hringnum í merki stefnda, lítið eitt til hægri við mitt merkið, er eftirlíking af sól, sem kastar frá sér 9 mislöngum geislum.

Þess var áður getið, að vörumerkin eru bæði blá að lit, og er sami blái liturinn á báðum.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefnda verði talið skylt að láta afmá framangreint vörumerki sitt úr vörumerkjaskránni, svo og að honum verði talið óheimilt að nota vörumerki þetta og bjóða til sölu vörur með merki þessu. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrædd vörumerki séu svo lík, að mjög mikil hætta sé á því, að villzt verði á þeim, enda séu bæði merkin skráð fyrir sömu vörutegund, sem seld sé í sömu verzlunum. Skírskotar hann í þessu efni til laga nr. 43/1903 og 84/1933.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að vörumerki þessi séu svo gjörólík, að engin hætta sé á, að villzt verði á þeim. Hið eina, sem segja megi, að líkt sé með merkjunum, sé blái liturinn í grunni þeirra, en það sé hæpið, að eigendur vörumerkja geti tryggt sér réttarvernd fyrir ákveðnum lit á umbúðum, sem aðrir megi ekki nota.

Enda þótt heiti þeirrar vöru, sem umrædd vörumerki eru bæði skráð fyrir og áberandi eru í texta þeirra, orðin „NIVEA" og „RÓSÓL", séu gjörólík svo og efni textanna að öðru leyti, utan orðið „CREME", og þrátt fyrir eftirlíkingu þá af sól, sem áður var lýst og skilur á milli þeirra, verður þó að telja, þegar það er virt, sem sameiginlegt er með merkjunum samkvæmt framansögðu, að í heild séu merkin svo lík, að hætta sé á því, að almenningur villist á þeim. Með skírskotun til þessa og þegar þess er jafnframt gætt, að merkin eru skrásett fyrir sömu vörutegund

og að merki stefnanda er ekki einasta tilkynnt, heldur og skrásett fyrr, ber með vísun til 13. sbr. 14. gr. laga nr. 14/1903 að taka kröfur stefnanda í málinu til greina. Enn er þess að geta í þessu sambandi, að upp er komið í málinu, að aðiljarnir hafa notað nákvæmlega eins umbúðir fyrir umrædda vörutegund. Eru umbúðirnar hringlaga blikkdósir, samlitar merkjunum, og eru myndir af merkjunum á dósalokunum. Fer notkun stefnda á umbúðum þessum í bága við 1. gr. laga nr. 84/1933.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að stefnda skal skylt að láta afmá oftnefnt vörumerki sitt úr vörumerkjaskránni í Reykjavík, svo og skal honum óheimilt að nota merki þetta og bjóða til sölu vörur með merkinu á.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnum Árna Árnasyni kaupmanni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Stefáni Thorarensen vegna Efnagerðar Reykjavíkur h/f, er skylt að láta afmá framangreint vörumerki, nr. 155/1955, úr vörumerkjaskránni í Reykjavík. Stefnda er óheimilt að nota merki þetta og að bjóða til sölu vörur með merkinu á.

Stefndi greiði stefnanda, P. Beiersdorf & Co. A/G, kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 175/1957. **Helgi Benediktsson**
gegn
**Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun kröfu frá héraðsdómi.

## Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, fór með mál þetta í héraði.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. f. m., er barst dóminum hinn 28. s. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hin kærða dómsathöfn verði felld úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum þætti málsins í héraði og svo kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu dómsathafnar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Það athugast, að héraðsdómari nefnir úrlausn sína úrskurð, en eigi dóm, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðilja, Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. október 1957.**

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð hinn 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 26. marz 1956, birtri 27. s. m., á hendur stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum f. h. félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sólhlíð 8, Sighvati Bjarnasyni útgerðarmanni, Kirkjuvegi 49, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 16, Haraldi Hannessyni skipstjóra, s. st., og Guðjóni Jónssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 65B, öllum í Vestmannaeyjum. Málið er risið út af brottvikningu stefnanda úr hinu stefnda félagi samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar hinn 24. maí 1952, er síðar var staðfest á aðalfundi 22. des. 1952. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að viðurkenna Helga Benediktsson sem ennverandi fullgildan félagsmann í Vinnslustöðinni með tilheyrandi réttindum og skyldum, en til vara verði stjórn Vinnslustöðvarinnar fyrir félagsins hönd dæmd til að láta fram fara fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess og verði Helga Benediktssyni greiddur út sameignarhluti hans, að réttri tiltölu við stofnframlög og þá eignaaukningu, sem orðin er hjá félaginu, frá því það var stofnað og þar til uppgjör hefur farið fram. Enn fremur gerði stefnandi fullar málskostnaðarkröfur á hendur stefnda bæði í sambandi við aðal- og varakröfu, allt að skaðlausu eftir mati réttarins, eða eftir framlögðum reikningum.

Mætt var í málinu af hálfu stefnda og þær réttarkröfur gerðar, að stefndi yrði algjörlega sýknaður af aðalkröfu stefnanda og, að því er varakröfuna snertir, aðallega að henni verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi yrði algjörlega sýknaður af henni gegn greiðslu á kr. 16.031.50. Hvernig sem málið færi, var þess krafizt, að stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Umboðsmaður stefnda telur, að varakrafa stefnanda sé svo óljós, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana, og auk þess vísi hún til atvika og sannana, sem síðar eigi að koma fram, þannig að dómur, sem taki þessa kröfu til greina að öllu leyti, hlyti að brjóta í bága við 193. gr. einkamálalaganna, næstsíðustu málsgrein. Af þessum ástæðum krefst hann þess, að varakröfunni verði vísað frá dómi. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að stefnandi verði dæmur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir þenna þátt málsins.

Stefnandi hefur algjörlega andmælt frávísunarkröfunni og krafizt málskostnaðar sér til handa fyrir þenna þátt málsins.

Fallizt verður á, að kröfugerð stefnanda er ekki eins ljós og æskilegt væri. Ekki kemur glöggt fram, hvað átt er við með orðunum: „fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess". Ekki er heldur ljóst, hvað felst í orðunum „og verði Helga Benediktssyni greiddur út" o. s. frv. Ef til vill er tilætlunin aðeins að setja fram kröfu um viðurkenningu á greiðsluskyldu, en sá skilningur liggur þó beinna við, eins og umboðsmaður stefnda bendir á, að krafizt sé, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda sameignarhluti hans og samkvæmt uppgjöri, er færi fram eftir dómsuppsögu. En slík kröfugerð getur ekki náð fram að ganga samkvæmt þeim reglum, er fram koma í 4. mgr. 193. gr. einkamálalaganna. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, verður að telja, að varakrafan sé ekki dómhæf, og ber því að vísa henni frá réttinum.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin, er dómur gengur í málinu.

Atriðisorð:

Ofangreindri kröfu stefnanda vísast frá réttinum.

---

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 118/1957. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)
gegn
**Ingólfi Stefánssyni** (Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vanræksla að færa varning á skipsforðalista.

## Dómur Hæstaréttar.

Vanræksla ákærða á að gefa tollgæzlumönnum skýrslu um umræddar vörur varðar við 30. gr. reglugerðar nr. 123/1938 og 42. gr. laga nr. 68/1956, eins og lýst er í héraðsdómi, og þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ingólfur Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Tómasar Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1957.**

Ár 1957, miðvikudaginn 29. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1690/1957: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Stefánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ingólfi Stefánssyni skipstjóra, til heimilis á Sundlaugavegi 24 hér í bæ. Er hann með ákæruskjali, dags. 3. maí s.l., ákærður fyrir að hafa flutt hingað til lands með b/v Skúla Magnússyni, sem hingað kom frá útlöndum hinn 21. nóv. 1956, 500 kg af smjöri í 10 tunnum, 203 kg af smjörlíki, 5 kassa (125 flöskur) af hindberjasaft og 20 kassa (960 dósir) af dósamjólk, án þess að gefa varning þenna upp við tollverði, er leit var gerð í skipinu, og án þess að varningur þessi væri tilgreindur á farmskrá eða skipsforðaskrá, en varningurinn var keyptur í Esbjerg í Danmörku og var geymdur undir útgerðarvörum í lest skipsins.

Telst brot þetta aðallega varða við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um tollheimtu og tolleftirlit, en til vara við 42. gr. nefndra laga, 1. tl., og síðustu málsgrein 30. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 1. mgr. 84. gr. og 93. gr. nefndrar reglugerðar.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að framangreindur varningur verði gerður upptækur samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956, sbr. 2. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 17. ágúst 1915 í Berunesi í Fáskrúðsfjarðararhreppi. Hefur hann sætt ákærum og refsingum, sem hér segir:

Í Reykjavík:

1939 15/1 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
1941 26/4 — 25 — sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi.
1945 3/2 — 350 — sekt fyrir smygl á silfurvarningi.
Nokkrir silfurmunir gerðir upptækir.

Málavextir eru þessir:

Ákærði var skipstjóri á b/v Skúla Magnússyni, er skipið kom hingað til Reykjavíkur frá útlöndum þann 21. nóvember 1956. Við leit, er tollgæzlumenn gerðu á skipinu, fannst í lest skipsins, undir veiðarfærum, varningur, sem ekki hafði verið færður á skrár né sagt til á annan hátt. Varningur þessi var 10 tunnur smjör (500 kg), 203 kg smjörlíki, 5 kassar með saft og 20 kassar með dósamjólk. Tollgæzlumenn tóku varning þenna í sínar vörzlur.

Við rannsókn málsins upplýstist þetta:

Bæjarútgerð Reykjavíkur er eigandi b/v Skúla Magnússonar. Skipið kom til Esbjerg í Danmörku þann 28. október 1956 með fisk, er þar var skipað í land. Bæjarútgerð Reykjavíkur hafði sent út pöntun á vistum fyrir b/v Skúla Magnússon. Fyrirtæki það í Esbjerg, Th. Thygesen, sem bæjarútgerðin skipti við, sá um að koma pöntuninni um borð í b/v Skúla Magnússon. Ákærði kvittaði fyrir móttöku vistanna á reikning, sem lagður hefur verið fram í málinu. Reikningur þessi er dagsettur 1. nóvember 1956. Vistirnar voru settar í tvær fremstu stíur lestarinnar. Þar fann tollgæzlan þær, sem fyrr segir.

B/v Skúli Magnússon fór frá Esbjerg þann 1. nóvember s.l. til Cuxhaven í Þýzkalandi, þar sem fram fór á skipinu viðgerð, er tók nokkurn tíma. Skipið tók saltfarm í Cuxhaven. Auk þess voru keyptar útgerðarvörur, svo sem netakúlur og þess háttar, er settar voru í þrjár fremstu stíur lestarinnar og því ofan á matvælin, sem keypt voru í Esbjerg.

Matsveinn skipsins, Guðmundur Hallgrímsson, útbjó svonefndan skipsforðalista yfir vistir skipsins til afhendingar tollgæzlumönnum. Hann skýrði frá því, að hann hefði ekki vitað um matvæli þau, er látin voru í lest skipsins og mál þetta er risið

af. Skipsforðalistinn tók því aðeins til þeirra matarbirgða, er voru í búri skipsins. Skipstjórinn, ákærði í máli þessu, reit nafn sitt undir listann, án þess að aðgæta, hvort allt væri til tínt, er á listanum átti að vera. Þess vegna voru matvælin í lestinni ekki talin fram við tollafgreiðslu skipsins.

Vitnin Sigurður Jónsson og Þorbjörn Árnason tollverðir framkvæmdu tollleit í skipinu. Þeir fundu matvælin í lestinni. Sigurður Jónsson taldi ekki staðinn felustað. Það væri algengt, að togarar, er kæmu frá útlöndum, hefðu matvæli í fremstu stíum lestanna, en í Danmörku væri hagkvæmast að gera matarkaup.

Þorbjörn Árnason skýrði og frá því, að það væri alvanalegt, að matvæli væru geymd fremst í lestum togara, er kæmu frá útlöndum. Þrátt fyrir það hallaðist vitni þetta að því, að matvælin hefðu verið falin, því að bæði var það, að þau voru óuppgefin á aðkomuskrám og auk þess undir veiðarfærum.

Ákærði staðhæfði, að það hefði ekki verið ætlunin að skjóta varningi þessum undan tollafgreiðslu, heldur væri aðeins aðgæzluleysi um að kenna, að matvælin voru ekki færð á tollskýrslur.

Tollgæzlan virti matvæli þessi til tollverðs. Samtals nam tollverðið kr. 9755.00. Lögum samkvæmt mega aðkomuskip nota skipsforða sinn án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þau dveljast hér við land. Það kom fram í málinu, að magn vista þeirra, er voru í lest b/v Skúla Magnússonar, væri ekki það mikið, að það gæti vakið sérstakar grunsemdir. Smjörneyzla togaraáhafnar getur numið um 100—200 kg á mánuði. Þegar togarar veiða í salt, sem kallað er, getur úthaldstíminn orðið allt að tveimur mánuðum eða jafnvel meir.

Þegar horft er til þess, að varningur sá, sem hér um ræðir, er allur þeirrar tegundar, sem alvanalegt er að nota um borð í skipum, að magn varningsins er ekki það mikið, að það veiti sérstakt tilefni til grunsemda, að varningurinn fannst á þeim stað, sem algengt er, að matvæli séu geymd, að matsveinninn, sem útbjó skipsforðalistann, segist ekki hafa vitað um hann, og loks að ákærði staðhæfir, að ekki hafi verið ætlun sín að skjóta varningnum undan tollafgreiðslu, þá verður eigi gegn neitun ákærða talið nægilega sannað, að fyrir liggi þau innri skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að ákærða verði dæmt áfall fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um tollheimtu og tolleftirlit ber skipstjóra að sjá um, að nauðsynjavistir skips séu skráðar á skipsforðalista, sbr. 1. tl. 30. gr. reglugerðarinnar. Telst vanræksla á þessu brot af hálfu skipstjóra.

Eins og fyrr greinir, var varningur sá, sem mál þetta reis af, eigi færður á skipsforðalistann. Með þessari vanrækslu sinni hefur ákærði því brotið gegn 3. mgr. 30. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og 42. gr. laga nr. 68/1956, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. sömu laga.

Tilvitnun ákæruskjals í 2. mgr. 41. gr. reglugerðar nr. 123/1938 á ekki við í þessu sambandi, þar eð greinin tekur til varnings, sem á að setja á vöruskrár, þ. e. varnings, sem á að skipa á land, en ekki til skipsnauðsynja.

Með hliðsjón af verðmæti varningsins, sem mál þetta er sprottið af, og samkvæmt 42. gr. laga nr. 68/1956 og 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 2.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það er upplýst í málinu, að Bæjarútgerð Reykjavíkur, eigandi b/v Skúla Magnússonar, er eigandi umræddra matvæla. Ákærði sem skipstjóri b/v Skúla Magnússonar er því samkvæmt stöðuumboði sínu fyrirsvarsmaður útgerðarinnar varðandi kröfu ákæruvaldsins um upptöku matvælanna.

Sem fyrr greinir, var ákærði sýknaður af ákærunni um brot á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956. Það leiðir til þess, að lagaheimild brestur til að gera umræddan varning upptækan til ríkissjóðs, því að ákvæðum 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um upptöku verður því aðeins beitt, að fyrir hendi séu eitthvert þeirra skilyrða, er þar eru talin upp og nánar greinir í 1., 2. og 3. mgr. 38. gr. laganna.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna ákærða af ákærunni um upptöku matvælanna.

Ákærða ber því að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Briems hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Stefánsson, greiði kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sýknaður af ákærunni um upptöku framangreinds varnings.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Briems hdl., að upphæð kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 117/1956. **Guðmundur Tryggvason**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
**Jarðakaupasjóði ríkisins og ríkissjóði**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefndu verði dæmt að bæta in solidum tjón vegna missis jarðhita þess, sem frá var skilinn við afsalsgerð 7. september 1949, er áfrýjanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda Jarðakaupasjóði ríkisins verði dæmt skylt að endurgreiða andvirði nefndrar jarðar að réttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Þá krefst áfrýjandi þess, aðallega að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en til vara, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu, að fráskildum talsmannslaunum, er dæmd verði úr ríkissjóði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ekki verður talið, að áskilnaður sá um endurkaupsrétt samkvæmt 27. gr. laga nr. 8/1936, sem Kolbeinn heitinn Högnason setti í afsal fyrir jörðinni Kollafirði 26. apríl 1940, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi veitt rétt til endurkaupa á jörðinni í samræmi við nefnt lagaákvæði lengur en ákvæði þetta hafði lagagildi, enda var um fullnaðarkaup að tefla samkvæmt framangreindu afsali og ráðherra þess eigi um kominn að binda löggjafarvaldið um ráðstöfun slíkrar eignar að lögum. Það, að ráðherra undanskildi, eins og honum bar samkvæmt ákvæðum laga nr. 4/1946, jarðhitaréttindi í Kollafirði við sölu jarðarinnar til áfrýjanda hinn 7. september 1949, leiðir því ekki til skaðabótaskyldu stefndu. Ber því að sýkna þá af aðalkröfu áfrýjanda.

Varakrafa áfrýjanda hefur ekki verið dæmd í héraði, og ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Jarðkaupasjóður ríkisins og ríkissjóður, eiga að vera sýknir af aðalkröfu áfrýjanda, Guðmundar Tryggvasonar, í máli þessu.

Framangreindri varakröfu vísast frá dómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun talsmanna áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti ber hvor málsaðilja kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. f. m., hefur Guðmundur Tryggvason, bóndi í Kollafirði, Kjalarneshreppi, höfðað á bæj-

arþinginu með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1955, gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnanda var veitt gjafsókn hinn 22. janúar 1953 í öðru máli af sama tilefni, og með bréfi, dags. 3. desember 1955, hefur Dómsmálaráðuneytið staðfest, að það gjafsóknarleyfi nái einnig til þessa máls.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 900.000.00, eða aðra fjárhæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 7. sept. 1949 til greiðlusdags, og málskostnað að skaðlausu.

Að ósk aðilja og með samþykki dómara hefur málinu verið skipt þannig, að málflutningur hefur að þessu sinni farið fram um bótaskyldu stefndu. Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru sem hér segir: Aðallega að stefndu verði in solidum dæmdir skyldir til að greiða stefnanda hæfilegar bætur fyrir jarðhita þann og námaréttindi, sem haldið var undan við afsalsgerð 7. september 1949, er stefnanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi, en til vara, að stefndi Jarðakaupasjóður verði dæmdur skyldur að greiða ofangreindar bætur að réttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Stefnandi krefst þess og, að stefndu greiði málskostnað in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en til vara, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, að fráskildum kostnaði hins skipaða talsmanns stefnanda, er greiddur verði úr ríkissjóði.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara mikillar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 26. apríl 1940, seldi tengdafaðir stefnanda, Kolbeinn heitinn Högnason, Jarðakaupasjóði ríkisins eignar- og ábýlisjörð sína, Kollafjörð á Kjalarnesi, og tók hana síðan á erfðaleigu samkvæmt áskilnaði í afsalinu og gerði hana að erfðaleigu- og ættarjörð samkvæmt ákvæðum laga nr. 8/1936. Söluverð jarðarinnar var fasteignamatsverð hennar, og í afsalinu áskildi seljandi sér endurkaupsrétt samkvæmt ákvæðum 27. gr. nefndra laga.

Stefnandi skýrir svo frá, að löngu fyrir 1949 hafi verið ákveðið að neyta endurkaupsréttarins, en ekki hafi verið gerð að því gangskör fyrr en á því ári. Þáverandi ráðherra hafi samþykkt söluna, og gengið var frá afsali 7. september 1949. Í afsalinu til stefnanda var svo ákveðið, að námur og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhita-

réttindi um heimilisþarfir fram væru undanskilin sölunni. Segir stefnandi, að þessum ákvæðum hafi verið mótmælt af sinni hálfu, en það varð að samkomulagi að ganga á þenna hátt frá afsali, en athuga atriði þessi nánar síðar. Stefnandi undirritaði afsalið með fyrirvara, að því er varðar hitaréttindi. Er ekki tókust samningar um breytingu skilmála þessara, höfðaði stefnandi mál á bæjarþinginu gegn Jarðakaupasjóði til ógildingar nefndra ákvæða afsalsins, en kröfum hans var hrundið með bæjarþingsdómi, uppkveðnum 24. júlí 1953, og var sá dómur staðfestur í hæstaréttardómi, uppkveðnum 10. nóv. 1954. Í framhaldi þeirra málaferla hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að endurkaupsheimild sú, sem Kolbeini heitnum Högnasyni var veitt, hafi verið veruleg forsenda fyrir sölu jarðarinnar. Nú hafi Hæstiréttur í fyrrgreindum dómi litið svo á, að landbúnaðarráðherra hafi ekki verið heimilt að veita seljanda endurkaupsrétt á jörðum, sem keyptar voru fyrir fé Jarðakaupasjóðs samkvæmt lögum nr. 92/1936. Stefnandi sem rétttaki samkvæmt áskilnaðinum um endurkaupsrétt hafi verið sviptur þeim rétti, að því er varðar jarðhita og náma, og beri Jarðakaupasjóði því að bæta það fjárhagstjón, sem af þessu hlýzt fyrir stefnanda.

Í annan stað telur stefnandi, að ríkisvaldið sé tvímælalaust bótaskylt gagnvart rétttökum hins upphaflega áskilnaðar fyrir að setja síðar löggjöf, er gerði að engu löglegan og þinglýstan áskilnað um endurkaup jarðarinnar óskertrar, og leggja þannig undir sig verðmæt gæði hennar, einhliða og bótalaust.

Stefndu telja stefnanda enga bótakröfu eiga á hendur þeim út af þessum kaupum. Benda þeir á, að um fullnaðarkaup hafi verði að ræða, þegar Kolbeinn heitinn seldi jörðina. Líta þeir svo á, að áskilnaðinn í afsalinu um „endurkaupsrétt skv. 27. gr. l. nr. 8 1936“ beri að skýra svo, að færi svo síðar, að ríkisstjórnin vildi selja Kolbeini jörðina aftur, hafi hann með áskilnaðinum tryggt sér þau hagkvæmu kjör, sem umrædd lagagrein heimilar. Hins vegar hafi áskilnaðurinn ekki veitt Kolbeini né rétttökum hans sjálfstæða kröfu til að fá jörðina keypta. Þá telja stefndu, að sá réttur, sem nefndur áskilnaður kann að geyma, hafi verið bundinn við Kolbein Högnason persónulega og e.t.v. ekkju hans síðar. Loks telja stefndu, að stefnandi geti engar kröfur reist á áskilnaðinum, þar eð hann hafi keypt jörðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 4 frá 1946, er þá giltu um sölu þjóðjarða.

Eftir að Kollafjörður kom í eigu stefnda Jarðakaupasjóðs, taldist jörðin til þjóðjarða. Slíka jörð, sem byggja mátti eftir lögum nr. 8 frá 1936, var landbúnaðarráðherra heimilt samkvæmt 27. gr. þeirra laga að selja, svo fremi jörðin yrði gerð að ættaróðali, þegar sala færi fram. Að öðru leyti fjallaði lagagrein þessi um greiðsluskilmála jarðarverðsins. Þegar þess er gætt, að sala Kolbeins á jörðinni var fullnaðarkaup og að ráðherra er þess eigi um kominn að binda löggjafarvaldið um ráðstöfun slíkrar eignar með lögum, þykir eigi unnt að líta svo á, að samþykki ráðherra á afsalinu til stefnda Jarðakaupasjóðs hafi falið í sér annað eða meira en loforð um að selja Kolbeini jörðina aftur með öllum gögnum og gæðum og með kjörum þeim, sem greinir í 27. gr. laga nr. 8 frá 1936, á meðan ákvæði þeirrar lagagreinar héldi gildi sínu. Sá réttur, sem í þessu lá, féll því niður, er lagaákvæðum þessum var breytt, og verður stefnda Jarðakaupasjóði eigi gefin sök á því.

Breytingar þær, sem hér ræðir um, felast einkum í 47. gr. laga nr. 116 frá 1943 og 1. gr. laga nr. 4 frá 1946. Samkvæmt fyrra ákvæðinu fengu ábúendur þjóðjarða rétt til að fá jarðirnar keyptar (innlausnarrétt) þó með þeirri takmörkun, að námaréttindi skyldu undanskilin sölu. Samkvæmt hinu síðara héldust réttindi þessi þó með þeirri frekari takmörkun, að einnig skyldi undanþiggja sölu vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Ákvæði síðari laganna voru í gildi, þegar stefnandi keypti Kollajörð. Þótt svo yrði litið á, að setning laga þessara hafi rýrt rétt þann, sem Kolbeinn heitinn öðlaðist við sölu jarðarinnar, bakar það ríkisvaldinu eigi bótaskyldu, vegna þess að þær almennu takmarkanir á réttindum, sem gerðar eru með lagaákvæðum þessum, verða að teljast byggðar á almannahagsmunum.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðmundar Tryggvasonar, í máli þessu.

Málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar

Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 19. nóvember 1957.

Nr. 17/1956. **Lárus Sigurbjörnsson**
og
**Sigríður Árnadóttir** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Þjóðleikhúsinu**
**og gagnsök** (Páll Ásgeir Tryggvason hdl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Bókagjöf til Þjóðleikhússins og skilyrði hennar.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Lárus Sigurbjörnsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1956. Krefst hann þess, að sér verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1956. Eru aðaldómkröfur hans þessar:

1. Að ráðstöfun aðaláfrýjanda á hluta bókasafns hans til gagnáfrýjanda með bréfi aðaláfrýjanda og konu hans, dags. 1. febrúar 1950, verði metin gild og óafturtæk af hendi hans.

2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að skila aftur til gagnáfrýjanda þeim hluta bókasafnsins, er hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið, en flutti þaðan aftur í október 1952, enda verði hann skyldaður til að afhenda skrá yfir þenna hluta safnsins, hvort tveggja að viðlögðum dagsektum til gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að skila skrá yfir alla

bókagjöfina samkvæmt gjafabréfi, dags. 1. febrúar 1950, að viðlögðum dagsektum til gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

4. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, enda verði aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Frú Sigríður Árnadóttir, sem gagnáfrýjandi stefndi til réttargæzlu, hefur gerzt sakmiðill í máli þessu með stefnu, dags. 17. febrúar 1956. Hefur hún tekið undir kröfur aðaláfrýjanda, en hefur eigi að öðru leyti haft uppi sjálfstæðar kröfur, og engar kröfur eru hafðar uppi gegn henni í málinu.

I.

Í héraðsdómi er rakinn ýtarlega aðdragandi að viðskiptum aðilja, þeim er mál þetta fjallar um. Í fundargerð byggingarnefndar Þjóðleikhússins frá 11. október 1946 segir, að aðaláfrýjandi, sem virðist hafa sótt fundinn, árétti, „að hann ánafnar Þjóðleikhúsinu leikbókasafn sitt, sem mun vera hið langstærsta hérlendis“, en áskilji sér þó „að hafa afnot af safni sínu til úrvinnslu, eftir því sem hann þarf“. Í fundargerð þessari er eigi getið annarra skilyrða fyrir ánöfnun en afnotaréttar gefanda til úrvinnslu. Í bréfi aðaláfrýjanda til þjóðleikhússtjóra, dags. 13. október 1949, eru hins vegar greind ýmis fleiri skilyrði. Aðaláfrýjandi segir þar m. a.: „Bókasafn mitt, sem vera mun um 3000 bindi, gef ég Þjóðleikhúsinu til fullrar eignar eftir minn dag með þeim skilyrðum, sem hér fara á eftir og lúta að varðveizlu safnsins og fullri umsjónar- og aðgangsheimild minni að safninu, meðan mín nýtur eða ég kann að óska“. Meðal skilyrða telur aðaláfrýjandi, að bóka-, handrita- og minjasafn Þjóðleikhússins sé ávallt varðveitt í góðum húsakynnum innan veggja Þjóðleikhússins og kostað að öllu leyti af leikhúsinu, að safnið lúti sérstakri stjórn, sem skipuð sé með ákveðnum hætti, og reglugerð sé samin fyrir það. Þá segir í bréfinu: „Með tilliti til þess, að meginhluti bókasafns míns er handbókasafn mitt og þar eru öll drög að ísl. leiklistarsögu, sem mér hefur tekizt að ná saman, er það skilyrði enn fremur,

að ég hafi gæzlu safnsins á hendi, eins lengi og ég kann að óska, og tek þá að mér þau störf fyrir Þjóðleikhúsið, sem samræmanleg eru safnstjórninni, svo sem ritstjórn leikendaskrár, starfsmannaskrár og annáls leikhússins (dramaturgi) o. s. frv. eftir nánara samkomulagi.

Ritlaun greiðast sérstaklega fyrir leikskrá, en laun áskil ég mér, eftir því sem samkomulag getur um orðið við Þjóðleikhúsráð, og aðgang að sýningum í áhorfendasal og að tjaldabaki, eins og þurfa þykir vegna starfsins".

Um afhendingu safnsins eru sett sérstök skilyrði eða ákvæði í bréfinu. Er gert ráð fyrir, að safnið sé afhent í þremur áföngum, og segir um afhendinguna í eftirtöldum töluliðum bréfsins:

„1) Sá hluti safns míns, sem tekur eingöngu til leikrita, leiksögu, gagnrýni og handbóka (þar með úrklippur, leikskrár, tímarit etc.), verður fluttur í þau húsakynni, sem safninu eru ætluð, þegar það er tilbúið.

2) Bókmenntasaga, menningarsaga, listfræði, ýmsar heildarútgáfur og bækur um persónuleg hugðarefni verða ekki fluttar, fyrr en lokið er skrásetningu aðalsafnsins.

3) Íslenzkar bækur, aðrar en leikrit, tímarit og bækur um leiklist, svo og allar bækur, sem ég kann að eignast eftir afhendingu hins skrásetta aðalsafns, verða ekki afhentar, nema með fullu samkomulagi við lögerfingja mína."

Í bréfinu biður aðaláfrýjandi þjóðleikhússtjóra að kynna þjóðleikhúsnefnd efni bréfsins, og er sýnilegt af gögnum málsins, að stjórn Þjóðleikhússins hefur verið kunnugt efni þess. Eigi er í ljós leitt, að fyrirsvarsmenn Þjóðleikhússins hafi nokkru sinni andmælt þeim skilmálum, sem getur í bréfinu, og verður því að leggja þá til grundvallar, en athugaefni verður, hvort frá þeim hefur verið horfið síðar.

Með svonefndu „gjafabréfi", dags. 1. febrúar 1950, staðfestir aðaláfrýjandi ásamt konu sinni þá ákvörðun sína að gefa Þjóðleikhúsinu „eftir minn dag" sérsafn íslenzkra og erlendra leikbókmennta úr bókasafni sínu, þar með handritasafn sitt, blaðaúrklippur, sem hann telur 5500, og leikendaskrár svo og aðrar bækur, „eins og segir í bréfi dags. 13. október 1949, til þjóðleikhússtjóra". Hin tilvitnuðu orð þykir eðli-

legast að skýra þannig, að vísað sé til nefnds bréfs um lýsingu gjafar, skilmála hennar og afhendingu. Í gjafabréfinu frá 1. febrúar 1950 eru greind enn nokkur skilyrði fyrir gjöfinni, en eigi fara þau í bága við ákvæði bréfsins 13. október 1949, heldur verða þau að skoðast viðbótarskilyrði. Í gjafabréfinu segir, að gjöfin sé m. a. bundin því skilyrði, „að gæzlustarf við safnið verði ávallt falið þeim manni eða konu, sem sýnt hefur í verki þekkingu á og áhuga fyrir íslenzkri leikmennt. Komi einhver slíkur fram af niðjum mínum, situr hann fyrir starfanum að öðru jöfnu". Virðist einsýnt, að aðaláfrýjandi vill kveða á um gæzlustarfið við safnið, þá er hans sjálfs nýtur eigi lengur við með þeim hætti, er gert er ráð fyrir í bréfinu frá 13. október 1949.

Hinn 1. febrúar 1950, þ. e. sama dag og aðaláfrýjandi gaf út gjafabréfið, gerðu aðiljar samning með sér. Var aðaláfrýjandi með þeim samningi ráðinn bókavörður við leikhúsið. Verkefni bókavarðar skal vera að hafa umsjón með bóka- og skjalasafni Þjóðleikhússins. Skal hann vera viðstaddur í safninu minnst tvo tíma hvern virkan dag á leiktímabilinu, en fjóra daga vikunnar á þeim tíma, er leikhúsið starfar eigi. Sumarleyfi bókavarðar skal vera 3 vikur. Auk þess skal bókavörður inna af hendi ýmis störf fyrir leikhúsið, svo sem söfnun úrklippna, umsjón mynda- og prentmyndasafns leikhússins, umsjón með fjölritun leikrita, ritun starfsmannaskrár og annáls leikhússins, samningu upplýsinga um leikhúsið og útgáfu leikskrár. Hann skal vera leikfélögum landsins til aðstoðar um leikritaval o. s. frv. Hann skal vera á fundum leikhússráðs og hafa þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Laun bókavarðar skulu eftir samningnum vera fimm hundruð krónur á mánuði að viðbættri dýrtíðaruppbót samkvæmt verðlagsvísitölu. Ritlaun ber honum fyrir greinar, sem hann skrifar í leikskrá, kr. 30.00 á blaðsíðu.

Samningurinn skal framlengjast óbreyttur um eitt ár í senn, ef hvorugur aðili, þjóðleikhússtjóri eða bókavörður, segir honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

II.

Verður nú fyrst athugaefni, hvort bókagjöf aðaláfrýjanda sé lífsgjöf eða dánargjöf.

Á fundi byggingarnefndar 11. október 1946 „ánafnar" aðaláfrýjandi Þjóðleikhúsinu leikbókasafn sitt. Í bréfinu frá 13. október 1949 til Þjóðleikhússtjóra, lýsir aðaláfrýjandi því, að hann gefi téð bókasafn sitt Þjóðleikhúsinu „til fullrar eignar eftir minn dag". Þótt svo sé til orða tekið, sýnir bréf þetta og svo gjafabréfið frá 1. febrúar 1950, að taka skyldi að fullnægja gjöfinni fyrr. Með samningnum frá 1. febrúar 1950 var aðaláfrýjanda fengin staða sú við hið gefna safn og Þjóðleikhúsið, sem hann gerði að skilyrði gjafarinnar í bréfinu frá 13. október 1949.

a) Gagnáfrýjandi átti samkvæmt ákvæðum bréfsins frá 13. október 1949 tilkall til þess, að sá hluti bókasafns aðaláfrýjanda, sem nefndur er undir 1. tölulið þess, yrði afhentur Þjóðleikhúsinu, þá er húsakynni, sem safninu eru ætluð í leikhúsinu, væru tilbúin. Eins og rakið er í héraðsdómi, flutti aðaláfrýjandi nokkurn hluta safns síns hinn 20. apríl 1950 í húsakynni í Þjóðleikhúsinu, sem safninu voru þá búin. Hefur það eigi verið véfengt af hendi aðaláfrýjanda, að húsakynni þessi væru viðhlítandi til varðveizlu safns þess, sem hann ánafnaði Þjóðleikhúsinu. Aðaláfrýjandi kveður sig ekki hafa samið skrá um þann hluta safnsins, er hann flutti í Þjóðleikhúsið, og eigi sé unnt að semja slíka skrá.

Þá er litið er til þess, sem að framan greinir um þenna safnhluta, og hinnar nákvæmu lýsingar í bréfinu frá 13. október 1949, verður að telja hann lífsgjöf, sem bundin sé a. m. k. þeim skilyrðum um stöðu og starfa aðaláfrýjanda við Þjóðleikhúsið, sem greinir í bréfinu frá 13. október 1949 og áður eru rakin.

b) Sá hluti bókasafnsins, sem greinir undir tölulið 2 í bréfinu 13. október 1949, þ. e. bækur um bókmenntasögu, menningarsögu, listfræði, ýmsar heildarútgáfur og bækur um persónuleg hugðarefni, skal eigi afhentur, fyrr en lokið verði skrásetningu aðalsafnsins. Eðlilegast er að skilja þetta ákvæði svo, að ætla verði aðaláfrýjanda nokkurn tíma til þess að vinna verk þetta eftir atvikum með atbeina viðtakanda gjafar, en að eigi megi draga það von úr viti. Benda og gögn málsins til þess, að aðaláfrýjandi hafi við

það miðað, að verk þetta yrði unnið að honum lifandi, og telja verður eftir þeirri lýsingu, sem gefin er á safni þessu, að unnt hefði verið að ljúka skrásetningu heildarsafnsins á þeim tíma, sem leið, frá því bréfið frá 13. október 1949 var ritað og fram til þess, að riftun á gjafagerningum fór fram í október 1952, þótt eigi yrði úr framkvæmd skrásetningar. Ætla má, að unnt sé að sérgreina þenna hluta safnsins samkvæmt hinni nákvæmu lýsingu bréfsins frá 13. október 1949 á þeim bókum, sem teljast til hans. Verður því einnig að telja þenna safnhluta lífsgjöf, er bundin sé skilyrðum um stöðu og starf aðaláfrýjanda við Þjóðleikhúsið, eins og segir í bréfinu frá 13. október 1949.

c) Um safnhlutann, íslenzkar bækur aðrar en leikrit, tímarit og bækur um leiklist og svo allar bækur, sem aðaláfrýjandi kann að eignast eftir afhendingu hins skrásetta aðalsafns, segir svo í 3. tölulið bréfsins frá 13. október 1949, að sá hluti skuli eigi afhentur, „nema með fullu samkomulagi við lögerfingja mína". Er hér óvíst, hvort um lífsgjöf verður að tefla. Kröfur á hendur aðaláfrýjanda um þenna hluta safnsins verða eigi teknar til greina að svo stöddu þegar af þeirri ástæðu, að samþykki lögerfingja hans liggur eigi fyrir.

III.

Hinn 21. janúar 1952 var haldinn fundur í þjóðleikhúsráði. Var aðaláfrýjandi staddur á þeim fundi. Þar var gerð svofelld bókun: „Sá hluti bókasafnsins, sem hann (þ. e. aðaláfrýjandi) hefur gefið Þjóðleikhúsinu, verður full eign þess eftir hans dag, en er varðveitt í Þjóðleikhúsinu nú þegar með samkomulagi hans og stjórnar Þjóðleikhússins eftir reglum, sem stjórn leikhússins setur. En hins vegar er gjöfin óháð því, hvort L.S. er bókavörður eða ekki, en það og launakjör hans er háð samningi milli hans og Þjóðleikhússins til eins árs í senn. Og hvort sem L. S. er bókavörður eða ekki, skal hann hafa óhindraðan aðgang að sínum hluta safnsins til fræðistarfa sinna".

Gagnáfrýjandi hefur haldið því fram, að með bókun á þessari fundargerð hafi aðaláfrýjandi með vissu horfið frá þeim skilyrðum, að staða hans og starf við hið gefna

safn og Þjóðleikhúsið væri tengt við gjöfina með þeim hætti, sem hann hafði áskilið sér í bréfinu frá 13. október 1949, enda staðhæfa þjóðleikhúsráðsmenn, er fundinn sóttu, að sá hluti fundargerðar, er mál þetta varðar, hafi verið lesinn fyrir aðaláfrýjanda og hafi hann eigi hreyft neinum andmælum gegn bókuninni. Aðaláfrýjandi viðurkennir að vísu, að hann hafi hlýtt á, er bókunin var lesin, en hann kveðst hafa mótmælt henni efnislega, og eigi staðfesti aðaláfrýjandi fundargerðina með undirritun sinni. Þjóðleikhúsráðsmenn eru fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda og hafa aðiljaafstöðu til máls þessa. Er því eigi rétt að láta málið velta á framburði þeirra gegn andmælum aðaláfrýjanda. Samkvæmt þessu er eigi sannað, að aðaláfrýjandi hafi horfið frá því skilyrði gjafar sinnar, að staða hans og starf við hið gefna safn og Þjóðleikhúsið yrði með þeim hætti, er hann áskildi sér í bréfinu 13. október 1949.

Á fundi 22. september 1952 samþykkti Þjóðleikhúsráð að segja aðaláfrýjanda upp starfa sínum, „sem bókavörður leikhússins frá og með 1. jan. Jafnframt var ákveðið að hefja athugun á nýrri skipan bókasafns og bókavörzlu í húsinu og nýjum samningum við Lárus, ef það þætti henta hinni nýju skipun". Var aðaláfrýjanda tilkynnt þessi samþykkt með bréfi, dags. 25. s. m. Lögmaður aðaláfrýjanda svaraði þessari tilkynningu með bréfi, dags. 10. október 1952, þar sem hann tilkynnti þjóðleikhússtjóra þá ákvörðun aðaláfrýjanda „að rifta gjafabréfi þeirra hjóna, hans og frú Sigríðar Árnadóttur, dags. 1. febrúar 1950, um bókasafn þeirra".

Af hendi gagnáfrýjanda er því haldið fram, að uppsögnin til aðaláfrýjanda á bókavarðarstarfanum hafi stoð í samningnum frá 1. febrúar 1950 milli aðilja, þar sem aðaláfrýjandi var ráðinn bókavörður við Þjóðleikhúsið. Í samningi þessum er greindur þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hendi, en aðaláfrýjandi hafði starfað óslitið að bókavörzlu hjá gagnáfrýjanda eða á vegum byggingarnefndar Þjóðleikhússins og síðan stjórnarnefndar þess allt frá 1946. Uppsagnarákvæði samningsins frá 1. febrúar 1950 verður að skilja í samræmi við ákvæði bréfs aðaláfrýjanda

frá 13. október 1949, sem enn standa í gildi, en í bréfi þessu setur aðaláfrýjandi það skilyrði gjafar, svo sem rakið hefur verið, að hann hljóti visst starf og stöðu við hið gefna safn og Þjóðleikhúsið. En uppsagnarbréf gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda frá 25. september 1952 er ekki afdráttarlaust, og það er eflaust byggt á þeim skilningi, að aðaláfrýjandi hafi samþykkt fundargerðina frá 21. janúar 1952. Það verður því ekki talið loku fyrir það skotið, að gagnáfrýjandi hefði viljað, ef málavextir lægju ljóst fyrir, fullnægja skilyrðum bréfsins frá 13. október 1949. Bar aðaláfrýjanda því að kanna, hvort gagnáfrýjandi vildi fullnægja skilmálum bréfsins frá 13. október 1949, áður en hann riftaði gjafagerningi sínum, en aðrar ástæður, sem aðaláfrýjandi hefur borið fyrir sig, eru eigi þess eðlis, að þær heimili riftun gerningsins.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir rétt, að telja bóka- og handritagjöf aðaláfrýjanda bindandi, enda bjóði gagnáfrýjandi honum innan 60 daga frá birtingu dóms þessa starf og stöðu við hið gefna safn og Þjóðleikhúsið, er fullnægi ákvæðum bréfs aðaláfrýjanda frá 13. október 1949, og gegn hæfilegum launum, er eigi séu lægri en áskilið er í samningnum frá 1. febrúar 1950.

Að fullnægðum þessum skilyrðum af hendi gagnáfrýjanda, ber aðaláfrýjanda að skila gagnáfrýjanda þeim hluta greindrar bókagjafar, sem hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið og flutti þaðan aftur í október 1952, gera skrá yfir þær bækur, sem greinir í töluliðunum 1 og 2 í bréfi hans frá 13. október 1949, og afhenda síðan bækur eftir 1. og 2. tölulið nefnds bréfs, allt þetta innan 6 mánaða frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum 100 króna dagsektum til gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Lárus Sigurbjörnsson, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda, Þjóðleikhúss-

ins, að því er tekur til bóka þeirra, er greinir í 3. tölulið bréfs hans til þjóðleikhússtjóra, dags. 13. október 1949.

Að öðru er framangreind bóka- og handritagjöf aðaláfrýjanda bindandi, svo fremi gagnáfrýjandi býður aðaláfrýjanda innan 60 daga frá birtingu dóms þessa starf og stöðu við hið gefna safn og Þjóðleikhúsið, er fullnægi ákvæðum bréfs aðaláfrýjanda til Þjóðleikhússtjóra frá 13. október 1949 og gegn hæfilegum launum, er eigi séu lakari en áskilið er í samningnum frá 1. febrúar 1950.

Að fullnægðum þessum skilyrðum af hendi gagnáfrýjanda, ber aðaláfrýjanda að skila gagnáfrýjanda þeim hluta greindrar bókagjafar, sem hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið og flutti þaðan aftur, gera skrá yfir þær bækur, sem greinir í töluliðunum 1 og 2 í bréfi hans frá 13. október 1949 og afhenda síðan bækur samkvæmt 1. og 2. tölulið nefnds bréfs, allt þetta innan 6 mánaða frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum 100 króna dagsektum til gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði**
**hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.**

Við erum á sama máli og meiri hluti dómenda um það, að gjöf aðaláfrýjanda Lárusar Sigurbjörnssonar hafi verið bundin skilyrði um stöðu og starf við Þjóðleikhúsið, eins og segir í bréfi hans frá 13. október 1949, og að eigi sé sannað, að hann hafi síðar horfið frá því skilyrði. Af þessu teljum við leiða, að uppsögn sú á starfa aðaláfrýjanda við Þjóðleikhúsið, sem þjóðleikhúsráð samþykkti á fundi

sínum hinn 22. september 1952, hafi heimilað honum riftun á gjöfinni. Samkvæmt því á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu og atvikum málsins telst rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Lárusi Sigurbjörnssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00.

Við leggjum til, að dómsorð verði þannig:

Aðaláfrýjandi, Lárus Sigurbjörnsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Þjóðleikhússins, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. janúar 1953, gegn Lárusi Sigurbjörnssyni rithöfundi, Garðavegi 4 hér í bæ, og Sigríði Árnadóttur, konu hans, til réttargæzlu.

Málavextir eru þessir:

Á síðari hluta árs 1945 vakti stefndi máls á því við þáverandi formann byggingarnefndar Þjóðleikhússins, að ýmis leikhandrit o. fl., sem verið höfðu í vörzlum byggingarnefndar, en geymd í Landsbókasafninu, væru í vanhirðu og eigi með upphaflegri tölu. Bar formaður mál þetta undir byggingarnefnd og fékk samþykki nefndarinnar til að fela stefnda að safna handritaeign þessari saman og gera skýrslu um hana. Þá var og útbúið herbergi í Þjóðleikhússbyggingunni til að geyma handritin í, og var stefnda falið að flytja handritin þangað. Hinn 4. júní 1946 samþykkti byggingarnefnd að greiða stefnda kr. 500.00 á mánuði fyrir störf þessi, frá 1. janúar s. á. að telja, enda hefði hann umsjón með safninu og skyldi annast innheimtu útlánaðra handrita. Að sögn formanns byggingarnefndar var ráðning stefnda sem skjalavarðar nefndarinnar einungis til bráðabirgða, eða þar til nefndin skilaði störfum í hendur nýrri stjórn leikhússins.

Sumarið 1946 hafði stefndi orð á því við annan mann í byggingarnefnd, Jónas Jónsson skólastjóra, að bóka- og handritaeign hans (stefnda) væri svo mikil orðin að vöxtum, að hún myndi, að því leyti sem hún tæki til leiklistarmála, verða mikils virði fyrir

opinbert safn. Kveðst stefndi hafa tjáð Jónasi, að hann hefði helzt hugsað sér að ánafna Landsbókasafninu eða Háskólabókasafninu þessa eign eftir sinn dag, en fyrir orð Jónasar og með sérstöku tilliti til þeirrar ákvörðunar Indriða Einarssonar skálds að gefa bækur sínar til Þjóðleikhússins hafi hann breytt áformi sínu og ákveðið, að bóka- og handritaeign þessi hlotnaðist Þjóðleikhúsinu að sér látnum. Þessa ákvörðun stefnda kunngjörði Jónas Jónsson síðan öðrum mönnum byggingarnefndar. Kom nefndin skömmu síðar saman á heimili stefnda og kynnti sér bókasafnið. Að sögn formanns byggingarnefndar staðfesti stefndi á fundi þessum gjöfina og óskaði þess jafnframt, að nefndin veitti safninu móttöku og flytti það í Þjóðleikhúsið, er því væru sköpuð skilyrði með sérstöku bókasafnsherbergi. Stefndi skýrir hins vegar svo frá, að formaður byggingarnefndar hafi við þetta tækifæri f. h. nefndarinnar óskað þess, að stefndi flytti nokkurn hluta bóka- og handritasafnsins í Þjóðleikhúsið, að því tilskildu, að hann héldi áfram að vera bókavörður leikhússins, eftir að það tæki til starfa. Að beiðni þáverandi húsameistara ríkisins var þess nú farið á leit við stefnda, að hann væri með húsameistara í ráðum um húsnæði fyrir framtíðarbókasafn Þjóðleikhússins, og varð hann við þeirri beiðni. Mun stefndi hafa valið safninu stað í leikhúsbyggingunni og ráðið mestu um búnað safnherbergisins.

Á fundi í byggingarnefnd Þjóðleikhússins 11. október 1946 var eftirfarandi bókað í fundargerðarbók nefndarinnar varðandi bókagjöf stefnda:

„Þá áréttaði Lárus Sigurbjörnsson það, sem hann hefur áður lýst yfir, að hann ánafnar Þjóðleikhúsinu leikbókasafn sitt, sem vera mun hið langstærsta hérlendis. Lárus áskilur sér þó að hafa afnot af safni sínu til úrvinnslu, eftir því sem hann þarf."

Hinn 13. október 1949 reit stefndi þjóðleikhússtjóra bréf, þar sem segir svo:

„Til staðfestingar samtali okkar og til frekari skýringar á loforði mínu til byggingarnefndar Þjóðleikhússins um bókagjöf til Þjóðleikhússins vil ég taka þetta fram við yður, hr. Þjóðleikhússtjóri: Bókasafn mitt, sem mun um 3000 bindi, gef ég Þjóðleikhúsinu til fullrar eignar eftir minn dag með þeim skilyrðum, sem hér fara á eftir og lúta að varðveizlu safnsins og fullri umsjónar- og aðgangsheimild minni að safninu, meðan mín nýtur eða ég kann að óska. Bóka- og handrita- og minjasafn Þjóðleikhússins sé ávallt varðveitt í góðum húsakynnum innan veggja Þjóðleikhússins og kostað að öllu leyti af leikhúsinu. Safnið lýtur sérstakri stjórn. Safnvörður er formaður stjórnarinnar, ... Safn-

stjórnin semur reglugjörð fyrir safnið, og skal hún staðfest af Þjóðleikhúsráði. Í reglugerð sé ákveðið um aðgang að safninu og útlán með það fyrir augum: 1) að varðveita leikmenntaleg verðmæti, 2) stuðla að sérmenntun listrænna starfsmanna leikhússins, 3) styðja leiklistarlega viðleitni áhugamanna og leikfélaga út um land allt og 4) efla leiksögulegar rannsóknir og listræna gagnrýni."

Þá segir enn í bréfinu, að með tilliti til þess, að meginhluti bókasafns stefnda sé handbókasafn hans og þar séu öll drög að íslenzkri leiklistarsögu, er honum hafi tekizt að ná saman, sé það skilyrði enn fremur, að hann hafi gæzlu safnsins á hendi, eins lengi og hann kunni að óska, og taki hann þá að sér eftir nánara samkomulagi þau störf fyrir Þjóðleikhúsið, sem samræmanleg séu safnstjórninni.

Um launakjör stefnda segir í bréfinu, að laun áskilji hann sér, eftir því sem samkomulag geti orðið við Þjóðleikhúsráð.

Þá eru í nefndu bréfi sett eftirfarandi skilyrði varðandi afhendingu bóka og handrita:

„1) Sá hluti safns míns, sem tekur eingöngu til leikrita, leiksögu, gagnrýni og handbóka (þar með úrklippur, leikskrár, tímarit etc.), verður fluttur í þau húsakynni, sem safninu eru ætluð, þegar það er tilbúið.

2) Bókmenntasaga, menningarsaga, listfræði, ýmsar heildarútgáfur og bækur um persónuleg hugðarefni verða ekki fluttar, fyrr en lokið er skrásetningu aðalsafnsins.

3) Íslenzkar bækur, aðrar en leikrit, tímarit og bækur um leiklist, svo og allar bækur, sem ég kann að eignast eftir afhendingu hins skrásetta aðalsafns, verða ekki afhentar nema með fullu samkomulagi við lögerfingja mína."

Hinn 1. febrúar 1950 undirritaði stefndi ásamt eiginkonu sinni svofellt gjafabréf:

„Ég undirritaður, Lárus Sigurbjörnsson, Garðavegi 4, Reykjavík, staðfesti með bréfi þessu þá ákvörðun mína að gefa Þjóðleikhúsinu eftir minn dag sérsafn íslenzkra og erlendra leikbókmennta úr bókasafni mínu, þar með handritasafn mitt, blaðaúrklippur og leikendaskrár, svo og aðrar bækur, eins og segir í bréfi, dags. 13. okt. 1949, til þjóðleikhússtjóra. Telst mér til, að prentaðar bækur, bundnar og óbundnar, leikskrár og handrit í safni þessu séu nær 3000 talsins, en blaðaúrklippur 5500.

Bókagjöfin er bundin þeim skilyrðum:

1) Að safnið sé ævinlega varðveitt í húsakynnum Þjóðleikhússins og því haldið við með bókakaupum, bandi og söfnun úrklippna.

2) Að reglugerð um notkun þess kveði skýrt á um tilgang þess, að efla íslenzka leikmennt, stuðla að listrænni gagnrýni og styðja hvers konar sögulegar rannsóknir á sviði leiklistarinnar.

3) Að gæzlustarf við safnið verði ávallt falið þeim manni eða konu, sem sýnt hefur í verki þekkingu á og áhuga fyrir íslenzkri leikmennt. Komi einhver slíkur fram af niðjum mínum, situr hann fyrir starfanum að öðru jöfnu.

4) Um afhendingu bókanna verði hlítt fyrirmælum í bréfi, dags. 13. okt. 1949, til þjóðleikhússtjóra, að því tilskildu, að hinar afhentu bækur, handrit eða úrklippur verði ekki eign Þjóðleikhússins fyrr en segir í gjafabréfi þessu, og er mér heimilt að flytja safnhlutann á braut aftur úr Þjóðleikhúsinu með hæfilegum fyrirvara, ef stjórn leikhússins hindrar frjálsan aðgang minn að safninu. Brottflutningur safnsins um stundarsakir tekur ekki fyrir eignarheimild Þjóðleikhússins eftir minn dag ...“

Með samningi, dags. þenna sama dag og undirrituðum af stefnda og þjóðleikhússtjóra f. h. stefnanda, var stefndi ráðinn bókavörður leikhússins frá þeim degi til jafnlengdar næsta árs. Skyldi samningurinn framlengjast óbreyttur um eitt ár í senn, ef annar hvor aðilja segði honum ekki upp með þriggja mánaða fyrirvara. Laun stefnda voru ákveðin kr. 500.00 á mánuði að viðbættri dýrtíðaruppbót samkvæmt verðlagsvísitölu. Hlutverk bókavarðar segir í samningnum að sé að hafa umsjón með bóka- og skjalasafni leikhússins. Skuli hann vera viðstaddur í safninu minnst 2 tíma hvern virkan dag á leiktímabilinu, en fjóra daga vikunnar þann tíma, sem leikhúsið starfi ekki. Þá sé það og starf bókavarðar að safna úrklippum, sjá um mynda- og prentmyndasafn leikhússins, hafa umsjón með fjölritun leikrita, rita starfsmannaskrá og annál leikhússins, semja upplýsingar um leikhúsið og starfsemi þess eftir nánari fyrirmælum þjóðleikhússtjóra. Enn sé það hlutverk bókavarðar að annast útgáfu leikskrár í samráði við þjóðleikhússtjóra, en í ritlaun fyrir greinar í leikskrá skyldi hann fá greiddar kr. 30.00 á blaðsíðu. Að lokum skyldi bókavörður sjá um útlán á leikritum til leikfélaga í landinu og láta þeim í té leiðbeiningar um leikritaval og annað, er að leiksýningum lýtur, eftir því sem þörf þætti á.

Á þeim tíma, sem bókavörður væri viðstaddur í safninu, skyldi bókmenntaráðunautar, leikarar og aðrir starfsmenn leikhússins hafa aðgang að því.

Yfirstjórn safnsins skyldi þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð hafa á hendi.

Bókavörður skyldi hafa rétt til að vera viðstaddur á fundum þjóðleikhúsráðs, er málefni safnsins væru þar til umræðu.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að brátt hafi borið á ágreiningi milli hans og þjóðleikhússtjóra út af launum hins fyrrnefnda, en í janúar 1951 hafi fyrsti alvarlegi áreksturinn orðið þeirra í milli af þessu efni, er ætlunin hafi verið að greiða honum laun án verðlagsuppbótar. Frá þeim tíma hafi mátt heita, að sífelldur ágreiningur hafi verið út af launum hans. Af þessu tilefni reit stefndi Þjóðleikhúsráði bréf, dags. 24. nóvember 1951, þar sem hann kveðst fallast á, að laun hans fyrir safngæzlu lækki í kr. 1.500.00 á mánuði án uppbótar, en býðst jafnframt til að semja sérstaklega um greiðslu fyrir ritstjórn og útgáfu leikskrár og yfirlestur handrita. Þá segir stefndi í niðurlagi bréfs þessa, að

„ef þjóðleikhússtjórn kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að efnahagur og afkoma Þjóðleikhússins leyfi ekki kostnað við sjálfstætt bókasafn, eins og gert er ráð fyrir í gjafabréfi mínu, er mér það, úr því sem komið er, alveg sársaukalaust að rifta gjafabréfi mínu nú þegar og losa Þjóðleikhúsið þannig úr öllum vanda ...“

Þjóðleikhússtjóri skýrir hins vegar svo frá um þetta atriði, að hann minnist þess ekki, að hann hafi rætt við stefnda um laun hans, fyrr en þjóðleikhúsráð hafi á fundi sínum samþykkt að fela honum að fara þess á leit við stefnda, að hann félli frá dýrtíðaruppbót á laun sín fyrir bókavarðarstarfið. Kvaðst hann einungis einu sinni hafa rætt við stefnda um þetta atriði.

Hinn 21. janúar 1952 var fundur haldinn í Þjóðleikhúsráði, og var stefndi mættur á fundinum til viðtals um bókasafnið og gjöf hans til þess, eins og segir í fundargerðinni, en staðfest endurrit hennar hefur verið lagt fram í málinu. Þá segir enn fremur í fundargerðinni, að formaður hafi reifað málið og lagt fram bréf stefnda og starfssamning hans við leikhúsið. Stefndi hafi síðan gert grein fyrir afstöðu sinni, en því næst hafi málið verið rætt fram og aftur. Að því loknu hafi stefndi lýst sig samþykkan eftirfarandi skilningi á gjafabréfi sínu, samningi við leikhúsið og bréfi sínu, dags. 13. október 1949:

„Sá hluti bókasafnsins, sem hann hefur gefið Þjóðleikhúsinu, verður full eign þess eftir hans dag, en er varðveitt í Þjóðleikhúsinu nú þegar með samkomulagi hans og stjórnar Þjóðleikhússins eftir reglum, sem stjórn leikhússins setur. En hins vegar er gjöfin óháð því, hvort L. S. er bókavörður eða ekki, en það og launakjör hans er háð samningi milli hans og Þjóðleikhússins til eins árs í senn. Og hvort sem L. S. er bókavörður eða ekki, skal hann

hafa óhindraðan aðgang að sínum hluta safnsins til fræðistarfa sinna.

Að öðru leyti var frestað öllum frekari aðgerðum í málinu."

Stefndi segir, að hann hafi ekki átt þess kost að lesa fundargerðina eða undirrita hana, en bókuninni hafi hann mótmælt, nema hún væri skilin í fullu samræmi við bréf hans, dags. 13. október 1949.

Á nefndum fundi voru mættir allir þjóðleikhúsráðsmenn, að undanskildum einum, er var erlendis. Þá sat þjóðleikhússtjóri og fund þenna.

Allir hafa menn þessir komið fyrir dóm og gefið skýrslu varðandi greinda fundarbókun.

Vilhjálmur Þ. Gíslason, formaður Þjóðleikhúsráðs, segir, að stefndi hafi ekki mótmælt bókuninni á fundinum.

Ingimar Jónsson, ritari ráðsins, annaðist umrædda bókun og telur hana rétta í öllum greinum. Skýrir hann svo frá, að er hann hafi bókað orðin „rætt fram og aftur", hafi hann beðið með frekari bókun, þar til formaðurinn og stefndi hafi verið orðnir sammála um, hvernig framhaldið skyldi verða, en það hafi hann síðan fært til bókar. Bókunin hafi síðan verið lesin upp og stefndi engum mótmælum hreyft gegn henni.

Hörður Bjarnason kveðst telja bókunina rétta. Hafi hún verið lesin upp á fundinum, en hann minnist þess ekki, að stefndi mótmælti henni. Hins vegar minnist hann þess, að formaður ráðsins lagði sérstaka áherzlu á það, að bókagjöfin væri óháð starfi stefnda sem bókavarðar svo og launakjörum hans.

Haraldur Björnsson kveðst ekki minnast þess, að stefndi hafi mótmælt bókuninni. Hins vegar geti það verið, en þar sem langt sé um liðið frá fundi þessum, muni hann þetta ekki.

Þjóðleikhússtjóri kveður stefnda engin mótmæli hafa haft uppi gegn bókuninni.

Framangreindir Þjóðleikhúsráðsmenn telja, að eigi hafi ætlunin með oftnefndri bókun verið að breyta á neinn hátt fyrrnefndu gjafabréfi.

Með bréfi, dags. 25. sept. 1952, var stefnda tilkynnt sú ákvörðun Þjóðleikhúsráðs að segja honum upp starfi hans sem bókaverði leikhússins frá og með 1. janúar 1953. Var ákvörðun þessi tekin á fundi ráðsins 22. s. m. Jafnframt var ákveðið, segir í bréfinu, að hefja athugun á nýrri skipan bókasafns og bókavörzlu í húsinu og nýjum samningum við stefnda, ef henta þætti hinni nýju skipan. Þá segir enn í nefndu bréfi, að óskað hafi verið eftir því á fundinum, að stefndi legði fram skrá yfir

safnið, þar sem sundurliðað væri, hvað gefið sé af honum, hvað af öðrum gefendum, og hvað keypt hafi verið, síðan leikhúsið tók til starfa. Er þess að lokum getið í bréfinu, að skýrsla þessi þurfi að vera til fyrir 1. desember s. á.

Í bréfi, dags. 10. okt. 1952, er málflutningsmaður einn hér í bænum ritaði þjóðleikhússtjóra, tilkynnti hann þá ákvörðun stefnda að rifta gjafabréfinu frá 1. febrúar 1950. Jafnframt var til þess mælzt í bréfi þessu, að maður yrði tilnefndur af hálfu stefnanda til að vera viðstaddur afhendingu þess hluta bókasafnsins, er fluttur hafði verið í leikhúsbygginguna.

Í svarbréfi, dags. 13. s. m., var því mótmælt, að stefndi gæti riftað oftnefndri bókagjöf á lögmætan hátt án samþykkis stjórnar leikhússins. Enn fremur var því mótmælt, að skilyrði gjafarinnar hefðu á nokkurn hátt verið brotin, þannig að riftun væri heimil af þeim sökum. Þá var því að lokum mótmælt í bréfi þessu, að stefndi flytti burt þann hluta bókasafnsins, er þegar hafði verið fluttur í Þjóðleikhúsið.

Með bréfi, dags. 15. s. m., tilkynnti lögmaður stefnda þjóðleikhússtjóra, að stefndi hefði þá þegar lokið við að flytja heim til sín bókasafnshluta þenna.

Kröfur stefnanda í málinu eru þær, *að* ráðstöfun stefnda á hluta bókasafns síns til stefnanda með bréfi stefnda og konu hans, dags. 1. febrúar 1950, verði metin gild og óafturkallanleg af hálfu stefnda, *að* stefndi verði dæmdur til að skila aftur til stefnanda þeim hluta bókasafnsins, er hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið, en flutti þaðan aftur í október 1952, ásamt skrá yfir þann safnhluta, hvort tveggja að viðlögðum dagsektum til stefnanda eftir mati dómarans, *að* stefndi verði dæmdur til að skila skrá yfir alla gjöfina, einnig að viðlögðum dagsektum til stefnanda eftir mati dómarans, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómarans.

Þá var enn fremur sú *varakrafa* gerð í stefnu, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 88.150.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar. Við munnlegan flutning málsins var fallið frá varakröfunni í þessu máli, en jafnframt áskilinn óskoraður réttur til fébóta úr hendi stefnda síðar, ef ástæða þyki til.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi þess að mati dómarans.

Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar í málinu, og hún hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Kröfur stefnanda eru reistar á því, að stefnda hafi mátt

vera það ljóst frá upphafi og einnig af síðari framkvæmdum stefnanda vegna gjafarinnar, að af þess hálfu hafi gjöfin verið talin óafturkallanleg, enda hafi það verið ætlun stefnda frá upphafi, að svo væri, enda þótt ekki væri skylt að afhenda gjöfina fyrr en eftir hans dag. Til þessa skilnings bendi og framkvæmdir stefnda, m. a. sú, að flytja nokkurn hluta gjafarinnar þegar í leikhúsið. Er það varð, hafi af stefnanda hálfu verið látið útbúa sérstakt herbergi í leikhúsbyggingunni fyrir safnið og vanda sem bezt allan frágang þess. Jafnframt hafi stefndi verið ráðinn til að gæta safnsins svo og til annarra starfa við leikhúsið, sem sérstakur maður hefði ella ekki verið ráðinn til. Hafi stefndi verið ráðinn til þessara starfa til að sýna honum sérstaka velvild vegna gjafarinnar. Þá er því mótmælt, að stjórn leikhússins hafi brotið nokkurt þeirra skilyrða, er stefndi setti fyrir gjöfinni, og því ekki af þeim sökum firrt sig rétti til gjafarinnar. Stefnda hafi því hlotið að vera ljóst, að af stefnanda hálfu væri framkvæmdum öllum vegna gjafarinnar hagað í því örugga trausti, að um endanlega gjöf væri að ræða. Stefndi hafi hins vegar brugðizt skyldum sínum gagnvart stefnanda með því að flytja þann hluta bókasafnsins burt úr Þjóðleikhúsinu, sem hann hafði þegar flutt þangað. Er því haldið fram í því sambandi, að honum hafi aldrei verið meinaður aðgangur að safninu, heldur hafi hann þvert á móti einn haft aðgang að því.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að afturköllun gjafabréfsins hafi honum verið heimil, hvenær sem var. Gjafabréfið virðist hvorki vera erfðasamningur né dánargjöf. Til þess bresti það hugtaksatriði, að gjafabréfið sé óafturkallanlegt, en í bréfinu sjálfu sé ekkert á það minnzt. Það skipti engu í þessu sambandi, hvar safnið var geymt, fyrr en eftir hans dag, enda hafi aldrei nema lítill hluti þess verið fluttur í Þjóðleikhúsið. Þetta gefi því enga bendingu í þá átt, að hann hafi ætlazt til, að gjafabréfið væri óafturkallanlegt. Ef sú var ætlunin, hefði verið einfalt mál að taka það fram í gjafabréfinu. Alger þögn þess um slíkt sýni, að svo hafi ekki verið. Hér hafi verið um erfðaskrá að ræða, sem sé afturkallanleg á hverjum tíma. Þá heldur stefndi því fram, að bókasafnsherbergið í Þjóðleikhúsinu hafi verið útbúið vegna bókasafns þess, en ekki vegna safns hans. Hið sama eigi við um ráðningu hans sem bókavarðar, enda hafi þar einungis verið um að ræða framhald af starfi, sem hann hafi verið ráðinn til 4. júní 1946 og með nákvæmlega sömu launakjörum. Af hvorugu þessu hafi hann mátt

gera ráð fyrir, að stefnandi væri í þeirri trú, að gjafabréfið væri óafturkallanlegt.

Þegar umrædd ráðstöfun stefnda á greindri bóka- og handritaeign hans er virt svo og öll skipti aðiljanna fyrr og síðar í sambandi við hana, en sú saga hefur verið rakin allnákvæmlega hér að framan, þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hann hafi mátt treysta því, að um endanlega ráðstöfun væri að ræða, sem stefndi gæti ekki afturkallað á eindæmi sitt, svo fremi, að skilyrði gjafarinnar eða verulegar forsendur hefðu ekki brostið. Samkvæmt því hefur þessi fyrsta sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að hann hafi í upphafi sett það skilyrði fyrir gjöfinni, að hann hefði gæzlu safnsins á hendi, eins lengi og hann óskaði. Frá þessu skilyrði hafi hann aldrei fallið né komið slíkt til hugar. Uppsögnin á bókavörzlustarfinu hafi því verið brot gegn þessu afdráttarlausa skilyrði gjafarinnar.

Í bréfi stefnda, dags. 13. okt. 1949, en efni þess var rakið hér að framan, er það ótvírætt sett að skilyrði fyrir gjöfinni, að hann hafi gæzlu bókasafnsins á hendi og taki þá jafnframt að sér önnur tilgreind störf í þágu stefnanda. Af þeim gögnum málsins, sem síðar koma fram og hafa að geyma viljayfirlýsingu stefnda varðandi gjöfina, verður hins vegar eigi annað ráðið en að hann hafi síðar fallið frá þessu skilyrði. Gögn þau, sem hér er átt við, eru gjafabréfið, ráðningarsamningurinn og ekki sízt fundargerð Þjóðleikhúsráðs, sem fyrr getur, en með skírskotun til vættis fyrrgreindra manna verður að telja sannað, að þar greind bókun hafi verið lesin upp að stefnda viðstöddum og án mótmæla af hans hendi. Að því athuguðu, sem nú var rakið, verður ekki talið, að skilyrði fyrir gjöfinni hafi brostið við það, að stefnda var sagt upp bókavarðarstarfinu.

Að lokum hefur stefndi haft uppi þær varnarástæður, að safnhlutinn, sem þegar hafði verið fluttur í Þjóðleikhúsið, hafi ekki verið óhultur í vörzlum stefnanda og auk þess hafi ætlunin verið að tálma því, að hann gæti átt aðgang að bókunum, en með því hafi starf hans sem rithöfundar og sagnfræðings verið hindrað.

Varðandi fyrra atriðið hefur stefndi skýrt svo frá, að haustið 1951 hafi þess verið farið á leit við hann, að hann rýmdi bókasafnsherbergið í Þjóðleikhúsinu, þar sem þörf væri fyrir það til annarra nota. Hafi Þjóðleikhússtjóri haft orð á því við það tækifæri, að hann gæti hugsað sér að fá „skonsu“ í Lands-

bókasafninu eða húsi menningarsjóðs fyrir safnið. Kveðst stefndi hafa tekið tillögum þessum víðsfjarri, en þá hafi honum verið bent á sem ákjósanlegt húsnæði fyrir safnið afþiljaðan krók af málarasal á efstu hæð leikhússins, þar sem tjaldageymsla hafði verið áður. Hafi hann skoðað húsnæði þetta, en aftekið að flytja bækurnar þangað og lýst því enn yfir, að hann myndi flytja bókahluta sinn burt, ef hróflað væri við safninu.

Þjóðleikhússtjóri hefur skýrt svo frá varðandi þetta atriði, að hann hafi rætt þann möguleika við stefnda, að flytja safnið burt úr Þjóðleikhúsinu, en hins vegar ekki farið fram á, að það yrði gert. Stefndi hafi tekið því fjarri, að safnið yrði flutt. Þá kveðst Þjóðleikhússtjóri og hafa innt landsbókavörð eftir því, hvort hann hefði rúm fyrir bókasafnið. Hugmynd þessi hafi þó því aðeins komið til álita, að stefndi féllist á hana, en þar eð hann hefði, eins og fyrr segir, tekið henni fjarri, hafi ekkert frekara verið gert í þessa átt. Enn fremur kveðst Þjóðleikhússtjóri hafa rætt lauslega við stefnda, hvort ekki myndi möguleiki að hafa bókasafnið í hornsal við hlið málaraverkstæðis leikhússins, en ekki hafi heldur verið farið fram á það við stefnda, að safnið yrði þangað flutt.

Þegar það er virt, sem að framan greinir um þetta atriði, verður eigi talið, að stefndi hafi fært sönnur að þeirri staðhæfingu, að ætlunin hafi verið að flytja bókasafnið gegn vilja hans þaðan, sem því hafði verið valinn staður í upphafi í samráði við stefnda. Hefur því staðhæfing hans um, að bækurnar hafi ekki verið óhultar í vörzlum stefnanda, ekki við rök að styðjast.

Varðandi síðara atriðið, að ætlunin hafi verið að tálma frjálsan aðgang stefnda að safninu, er þess að geta, að eigi er annað sýnt af gögnum málsins en að stefndi hafi einn haft lykla að herbergi því, sem bókasafnið var í, og öðrum því meinaður aðgangur að því, nema þann tíma dagsins, er stefndi var þar sjálfur við, og mun svo hafa verið til þess tíma, að stefndi flutti safnhluta sinn burt. Og enda þótt stefnda væri sagt upp bókavarðarstarfinu, þá felst ekki í því, að honum hafi með því verið meinaður aðgangur að þeim hluta safnsins, sem hann hafði gefið og flutt í Þjóðleikhúsið, enda reyndi aldrei á það. Hefur því þessi varnarástæða heldur ekki við rök að styðjast.

Niðurstaðan samkvæmt framansögðu verður því sú, að telja verður, að stefnda hafi brostið heimild til afturköllunar á oftnefndri bóka- og handritagjöf, er líta ber á sem bindandi ráðstöfun fyrir hann gagnvart stefnanda. Með vísun til þess og

þegar haft er í huga annars vegar ákvæði gjafabréfsins um heimild stefnda til að flytja úr Þjóðleikhúsinu þann hluta bókagjafarinnar, sem þangað var kominn, ef honum væri hindraður frjáls aðgangur að bókasafninu, en hins vegar það, sem að framan sagði um þá staðhæfingu stefnda, að sú hafi verið ætlunin, ber að taka til greina þá kröfu að dæma stefnda til að skila stefnanda aftur þeim hluta bókasafnsins ásamt skrá yfir þann hluta safnsins innan þriggja mánaða frá lögbirtingu dómsins, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda. Hins vegar þykja ekki efni til að leggja þá kvöð á stefnda, að gera skrá yfir alla bóka- og handritagjöfina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind bóka- og handritagjöf stefnda, Lárusar Sigurbjörnssonar, til stefnanda, Þjóðleikhússins, er bindandi fyrir stefnda og óafturkallanleg.

Stefndi skili stefnanda aftur þeim hluta greindrar bóka- og handritagjafar, er hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið, en flutti þaðan aftur í október 1952, ásamt skrá yfir þann hluta gjafarinnar, hvort tveggja innan þriggja mánaða frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. nóvember 1957.

Nr. 95/1957. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde**
gegn
**Sveinbirni Þorsteinssyni og gagnsök**
og
**Sigríður Sigurjónsdóttir og Bjarni Þorsteinsson**
gegn
**Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Afla álits tveggja dómkvaddra sérkunnáttumanna í sálfræði og uppeldisfræði um það, hvort ástæða sé til þess að ætla, að afhending sú og flutningur úr landi, sem krafizt er af hálfu aðaláfrýjanda á börnum þeim, er í málinu greinir, muni hafa skaðleg áhrif á sálarlíf barnanna.
2. Að leggja álitsgerð hinna dómkvöddu manna fyrir Barnaverndarráð og fá umsögn þess um málið.

Ályktarorð:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framangreindra gagna.

Mánudaginn 25. nóvember 1957.

Nr. 22/1957. **Ákæruvaldið** (Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
**Stefáni Andreasi Pálssyni,**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
**Grétari Emil Ingvasyni,**
(Sigurður Ólason hrl.)
**Kristjáni Ágústssyni,**
(Ragnar Jónsson hrl.)
**Stefáni Ólafi Gíslasyni,**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
**Tómasi Kristjánssyni,**
**Leifi Böðvarssyni,**
**Pétri Hafliða Ólafssyni,**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
**Gerhard Olsen,**
**Edward Kristni Olsen,**
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
**Magnúsi Bjarnasyni,**
**Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur,**
**Jónasi Thoroddsen**
og
**Einari Egilssyni** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal og Einar Arnalds borgardómari.

Brot á gjaldeyrislöggjöf, bókhaldslögum og 1. mgr. 146. gr. laga nr. 19/1940.

## Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu gekk í héraði, hefur farið fram framhaldsrannsókn samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 5. júní þ. á.

Eins og greint er í héraðsdómi, hafði ákærði Stefán Andreas Pálsson fengið keyptar hjá Útvegsbanka Íslands h/f 88 tékkávísanir, samtals að fjárhæð 228.031.50 bandaríska dollara, á tímabilinu frá 27. nóvember 1953 til 13. júlí 1955. Allan þann tíma fóru kaupin fram með stuttu millibili, minnst 1 tékkávísun og mest 7 tékkávísanir á mán-

uði. Í gjaldeyrisbeiðnunum lýsti Stefán því jafnan, að hann ætlaði að nota gjaldeyrinn til kaupa á veiðarfærum. Í framhaldsprófunum er leitt í ljós, að tveir starfsmenn Útvegsbankans höfðu til skiptis tekið við gjaldeyrisumsóknunum fyrir hönd bankans og samþykkt þær, án þess að umsóknirnar kæmu til athugunar hjá þáverandi bankastjórum Útvegsbankans, enda hafa allir bankastjórarnir lýst því fyrir dómi, að gjaldeyrisumsóknir almennt hafi ekki verið bornar undir þá, heldur afgreiddar sjálfstætt af gjaldeyrisdeild bankans. Þá kom það og fram í framhaldsprófunum, að gjaldeyrisumsóknir ákærða Stefáns Andreasar voru, eins og aðrar slíkar umsóknir, lagðar fyrir sameiginlega nefnd Landsbanka Íslands og Útvegsbankans, svonefnda millibankanefnd. Samkvæmt gerðabókum þeirrar nefndar voru allar umsóknirnar samþykktar þar, enda hafa nefndarmenn lýst því, að umsóknir um gjaldeyri til kaupa á útgerðarvörum hafi jafnan verið samþykktar.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson kom að nýju fyrir dóm, er framhaldspróf voru háð. Gerði hann þar nokkra grein fyrir víxlaviðskiptum sínum, en um ráðstöfun á hagnaði af dollarasölunni leiddi skýrsla hans ekki neitt nýtt í ljós.

Ákærði Grétar Emil Ingvason kom einnig að nýju fyrir dóm. Kvaðst hann engin bréfaskipti hafa átt við firmu þau í Bandaríkjunum, sem í málinu greinir, og eigi kvaðst hann vita til, að aðrir en hann hefðu átt skipti við ákærða Stefán Andreas um kaup dollaraávísana.

Aðalræðismaður Íslands í New York tók skýrslu af ákærða Kristjáni Ágústssyni 5. júlí þ. á. Kvaðst Kristján ekki hafa átt nein viðskipti við firmað Edda International Corporation, en hins vegar átt lítils háttar bréfaskipti við firmun Henderson & Co. Inc. og Sternin Hosiery Co. Hafi hann ekki hirt um að halda þeim bréfum til haga og geti því ekki lagt fram afrit af þeim. Þá synjaði hann áskorun um að leggja fram afrit af bankareikningi sínum við The National City Bank of New York á þeim tíma, er hér skiptir máli. Kvaðst hann hafa átt fleiri viðskipti við nefndan banka en þau, sem mál þetta fjallar um, og gæti því framlagning afrits af bankareikningnum valdið misskilningi.

Atvik málsins, eins og þau lágu fyrir héraðsdómi, eru

rækilega rakin í I.—X. kafla hins áfrýjaða dóms. Að því er varðar frásögn héraðsdómara í XI. kafla dómsins um skýrslu endurskoðanda, skal þess getið, að endurskoðuninni var í ýmsum atriðum áfátt, og er henni þess vegna ekki að fullu treystandi.

1. Brot ákærða Stefáns Andreasar Pálssonar eru rétt færð til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Staðfesta má þá niðurstöðu héraðsdóms, að Stefán er dæmdur sýkn af broti á ákvæðum 248. gr. laga nr. 19/1940, með því að önnur refsiákvæði, sem hann er dæmdur eftir, tæma sök hans. Með skírskotun til refsiákvæða þeirra, sem greind eru í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 49. gr. og 72. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði og fésekt til ríkisjóðs, kr. 120.000.00, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það, að ákærði sé sviptur ævilangt rétti til að reka stórsölu.

Þá ber og með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem greind eru í héraðsdómi, að dæma upptækan til ríkissjóðs ólöglegan ágóða ákærða, að fjárhæð kr. 1.271.958.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags.

2. Ákærði Grétar Emil Ingvason hefur lýst því, að sala hans á gjaldeyri, er hann fékk ólöglega úr höndum ákærða Stefáns, hafi eigi numið minna en 30.000 dollurum. Hann hefur og skýrt svo frá, að ágóði hans af sölunni hafi eigi numið minna en einni krónu af hverjum seldum dollara, þ. e. samtals kr. 30.000.00.

Brot ákærða eru rétt færð til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt refsiákvæðum þessum og 72. gr. laga nr. 19/1940 svo og með tilliti til þess, að telja má ágóða ákærða af dollarasölunni mun meiri en að framan greinir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 130.000.00, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 11. gr. laga nr. 88/1953 og 3. tölulið 1. mgr. sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940 að dæma upptækan til handa ríkis-

sjóði framangreindan ólögmætan ágóða ákærða, kr 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955.

3. Brot ákærða Kristjáns Ágústssonar eru í héraðsdómi rétt færð til refsiákvæða. Ekki hefur verið leitt í ljós, hversu hárri fjárhæð ólöglegur ágóði hans hefur numið, en víst má telja, að um mikinn hagnað hefur verið að ræða. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða samkvæmt greindum refsiákvæðum, sbr. 72. gr. laga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 180.000.00, og komi varðhald 10 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því að ákærði hefur gerzt sekur um stórfellt brot á gjaldeyrislöggjöf og bókhaldslöggjöf, þykir rétt samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta hann rétti til að reka stórsölu og smásölu fimm ár frá birtingu dóms þessa.

4. Með gjaldeyriskaupum þeim, er greinir í héraðsdómi, hefur ákærði Stefán Ólafur Gíslason brotið gegn 1. mgr. 3. gr. sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

5. Ákærði Tómas Kristjánsson hefur með því að kaupa af ákærða Grétari Emil um 4000 dollara, eins og í héraðsdómi segir, gerzt sekur við refsiákvæði þau, er greinir í 4. tölulið hér á undan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

6. Ákærði Leifur Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að áður en hann fór til Spánar í janúar 1955, hafi hann beðið ákærða Tómas að útvega gjaldeyri og senda sér til Spánar. Hann kveðst síðar hafa fengið tvær dollarasendingar frá Ameríku, en ekki vitað, hvernig þeirra var aflað. Er ekki leitt í ljós, að honum hafi verið kunnugt um, að um ólöglega gjaldeyrisöflun var að ræða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

7. Gjaldeyriskaup ákærða Péturs Hafliða Ólafssonar, þau

er í héraðsdómi greinir, varða við refsiákvæði þau, sem rakin eru í 4. tölulið hér að framan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

8. Með gjaldeyriskaupum þeim, sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Gerhard Olsen gerzt sekur við refsiákvæði þau, sem talin eru í 4. tölulið hér að framan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

9. Gjaldeyriskaup ákærða Edwards Kristins Olsens, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, varða við refsiákvæði þau, sem greinir í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hans 3000 króna sekt til ríkisjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

10. Ákærði Magnús Bjarnason hefur með milligöngu þeirri, sem í héraðsdómi greinir, um kaup á gjaldeyri fyrir ákærða Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur gerzt sekur við refsiákvæði þau, sem getið er í 4. tölulið hér að framan, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

11. Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir hefur með gjaldeyriskaupum þeim, sem lýst er í héraðsdómi, brotið gegn refsiákvæðum þeim, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hennar 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

12. Ákærði Jónas Thoroddsen hefur með milligöngu þeirri, sem lýst er í hérðsdómi, um kaup á gjaldeyri fyrir ákærða Einar Egilsson gerzt sekur við refsiákvæði þau, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi

varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

13. Ákærði Einar Egilsson hefur með gjaldeyriskaupum þeim, sem lýst er í héraðsdómi, brotið gegn þeim refsiákvæðum, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hans 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti athugast. Sök hinna ákærðu Stefáns Andreasar Pálssonar, Grétars Emils Ingvasonar og Kristjáns Ágústssonar er þannig háttað, að rannsókn og meðferð málsins hefur orðið mjög umfangsmikil og tímafrek. Brot annarra sakaraðilja eru hins vegar minni háttar, en af framangreindum ástæðum hefur rannsókn máls og málflutningur, að því er til þeirra tekur, orðið að miklum mun kostnaðarsamari en efni stóðu til. Þykir því rétt, að ríkissjóður greiði málsvarnarlaun þeirra að hálfu. Endurskoðun var nauðsynleg vegna rannsóknar á brotum hinna ákærðu Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns, en þar sem henni var að ýmsu leyti áfátt, eins og áður var getið, þykir rétt, að ríkissjóður beri kostnað af henni að hálfu. Samkvæmt þessu fer um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti sem hér segir:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjandi síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Stefáns Ólafs Gíslasonar í héraði ákveðast kr. 2000.00 og málflutningslaun skipaðs verjanda hans í Hæstarétti kr. 4000.00. Ber ákærða Stefáni Ólafi að greiða laun þessi að hálfu, en ríkissjóði að hálfu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Leifs Böðvars-

sonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Tómasar Kristjánssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Péturs Hafliða Ólafssonar, Magnúsar Bjarnasonar, Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur, Jónasar Thoroddsens og Einars Egilssonar fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiði þessi ákærðu að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Gerhards Olsens og Edwards Kristins Olsens í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00, greiði þessir ákærðu að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Endurskoðunarkostnað í máli þessu greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að 5/6. hlutum, en 1/6. hluta greiði ákærðu Stefán Ólafur, Tómas, Pétur Hafliði, Gerhard, Edward Kristinn, Magnús, Margrét Dagbjört, Jónas og Einar.

Það athugast, að málsmeðferð, að því er snertir hina ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján, hefði átt að haga samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 27/1951, sbr. a- og b-lið 2. töluliðs 130. gr. sömu laga.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson sæti varðhaldi 6 mánuði og greiði kr. 120.000.00 sekt til ríkissjóðs. Ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 8 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu stórsöluleyfis á að vera óraskað. Ólöglegur hagnaður ákærða, kr. 1.271.958.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, skal vera upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði kr. 130.000.00

sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ólöglegur hagnaður hans, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, skal vera upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði kr. 180.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur rétti til að reka stórsölu og smásölu 5 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Stefán Ólafur Gíslason, Tómas Kristjánsson, Gerhard Olsen, Edward Kristinn Olsen og Einar Egilsson greiði hver um sig kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu Pétur Hafliði Ólafsson, Magnús Bjarnason og Jónas Thoroddsen greiði hver um sig kr. 500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir greiði kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Leifur Böðvarsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði, Guðjóns Hólms héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00, og skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, en að hálfu greiðist málflutningslaun þessi hvor tveggja úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Leifs Böðvarssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar, hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tómas Kristjánsson greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2500.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Ákærðu Pétur Hafliði Ólafsson, Magnús Bjarnason, Margrét Dagbjört Bjarnadóttir, Jónas Thoroddsen og Einar Egilsson greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7000.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Ákærðu Gerhard Olsen og Edward Kristinn Olsen greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7000.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Endurskoðunarkostnað í málinu greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir

Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að 5/6. hlutum, en 1/6. hluta greiði ákærðu Stefán Ólafur, Tómas, Pétur Hafliði, Gerhard, Edward Kristinn, Magnús, Margrét Dagbjört, Jónas og Einar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. nóvember 1956.**

Ár 1956, miðvikudaginn 21. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4692—4704/1956: Ákæruvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni, Grétari Emil Ingvasyni, Kristjáni Ágústssyni, Stefáni Ólafi Gíslasyni, Tómasi Kristjánssyni, Leifi Böðvarssyni, Pétri Hafliða Ólafssyni, Gerhard Olsen, Edward Kristni Olsen, Magnúsi Bjarnasyni, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur, Jónasi Thoroddsen og Einari Egilssyni, en mál þetta var dómtekið í gær.

Málið er höfðað gegn Stefáni Andreasi Pálssyni kaupmanni, til heimils á Flókagötu 45, Reykjavík, Grétar Emil Ingvasyni bókara, Hlíðargerði 13, Reykjavík, Kristjáni Ágústssyni heildsala, Lynghaga 21, Reykjavík, Stefáni Ólafi Gíslasyni flugmanni, Hátröð 9, Kópavogi, Tómasi Kristjánssyni heildsala, Kvisthaga 17, Reykjavík, Leifi Böðvarssyni fyrrverandi útgerðarmanni, Flókagötu 41, Reykjavík, Pétri Hafliða Ólafssyni sjómanni, Sörlaskjóli 19, Reykjavík, Gerhard Olsen flugvélavirkja, Lynghaga 2, Reykjavík, Edward Kristni Olsen flugstjóra, Túnsbergi við Þormóðsstaði, Reykjavík, Magnúsi Bjarnasyni skrifstofumanni, Suðurgötu 13, Hafnarfirði, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur skrifstofustúlku, Suðurgötu 13, Hafnarfirði, Jónasi Thoroddsen borgarfógetafulltrúa, Drápuhlíð 11, Reykjavík, og Einari Egilssyni verzlunarmanni, Hringbraut 43, Reykjavík. Samkvæmt ákæruskjali, dags. 4. júlí 1956, er málið höfðað gegn hinum ákærðu sem hér segir:

„I. Gegn ákærða Stefáni Andreasi er málið höfðað fyrir að hafa: a) Á tímabilinu frá 27. nóvember 1953 til 13. júlí 1955 fengið leyfi hjá Útvegsbanka Íslands h/f hér í bæ til kaupa alls 88 tékkávísana, samtals að upphæð 228.031,50 bandarískir dollarar, fyrir íslenzkar krónur, samtals 3.744.734.02, auk bankakostnaðar, kr. 23.259.22, undir því yfirskini að ætla að nota gjaldeyri

þenna til kaupa á veiðarfærum hingað til lands svo og fyrir að hafa, í stað þess að nota greinda dollara til nefndra veiðarfærakaupa eða skila þeim bankanum aftur, selt þá ýmsum mönnum, er síðar komu dollurum þessum til annarra landa, þar á meðal meðákærða Grétari Emil, fyrir kr. 22.00 hvern dollara.

Framangreind háttsemi ákærða Stefáns Andreasar telst varða við 1. mgr. 146. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 5. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947 um síðastnefnt efni, 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., 1. gr. sbr. 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 um sama efni og síðastnefnd lög og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948 um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

b) Frá því á árinu 1953 rekið heildverzlun hér í bæ án þess að halda lögskyldar bækur, en það brot telst varða við 262. gr. almennra hegningarlaga og við 1. gr. og 1. mgr. 19. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 62/1938 um bókhald.

II. Gegn ákærða Grétari Emil er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Frá því um mánaðamót nóvember og desember 1953 og þar til í júlímánuði 1955 keypt af meðákærða Stefáni Andreasi tékkávísanir, samtals hljóðandi á 67.371.00 bandaríska dollara, fyrir kr. 22.00 hvern dollara og selt síðan tékka þessa ýmsum mönnum, er fluttu dollara þessa til annarra landa, fyrir kr. 23.00 til kr. 24.00 hvern dollara.

Telst ákærði Grétar Emil með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur við 1. og 5. mgr. 13 gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

b) Á útmánuðum 1954 eða nokkru fyrr, jafnvel á árinu 1953, keypt af manni nokkrum hér í bæ milli 30 og 40 bandaríska dollara, er ákærði Grétar Emil notaði til kaupa á ýmsum varningi í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Telst þetta brot ákærða Grétars Emils varða við ákvæði þau, er greinir undir II. a) að framan.

III. Gegn ákærða Kristjáni Ágústssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Á tímabilinu frá 18. júní 1954 til 30. júlí 1955 keypt tékkávísanir, samtals að upphæð 60.037.00 bandaríska dollarar, af

meðákærða Grétari Emil fyrir kr. 23.00 hvern dollara og selt dollara þessa aftur ýmsum mönnum, sem síðar fluttu dollara þessa út úr landinu, auk þess sem hann flutti nokkuð af þeim sjálfur utan, fyrir kr. 23.00 til kr. 25.00 hvern dollara.

Teljast þessi brot ákærða Kristjáns varða við 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

b) Frá því á árinu 1952 rekið heildverzlun hér í bæ án þess að halda lögskyldar bækur, en brot þetta telst varða við 262. gr. almennra hegningarlaga, 1. gr. og 1. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 62/1938.

IV. Gegn ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni er málið höfðað fyrir að hafa seinni hluta árs 1954 og fyrri hluta árs 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil tékkávísanir, samtals að upphæð rúmir 2.000.00 bandarískir dollarar, fyrir kr. 24.00 hvern dollara, svo og fyrir að hafa síðastliðið sumar, 1955, keypt af meðákærða Kristjáni tékkávísun, að upphæð 500.00 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Stefáni Ólafi fyrir að hafa í heimildarleysi flutt gjaldeyri þenna héðan út úr landinu. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2 mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

V. 1) Gegn ákærða Tómasi Kristjánssyni er málið höfðað fyrir að hafa sennilega í marzmánuði 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil tékkávísun, að upphæð milli 2000 og 3000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara og sjá um, að gjaldeyri þessum væri komið til meðákærða Leifs Böðvarssonar, er þá dvaldist á Spáni og fékk dollarana fyrir sama verð og ákærði Tómas hafði greitt fyrir þá.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða Tómasi fyrir að hafa í maímánuði 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil aðra tékkávísun, að upphæð tæpir 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 24.00 hvern dollara, og flytja gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku þar sem ákærði Tómas eyddi í eigin þarfir milli 1200 og 1300 dollurum af upphæð síðari tékkans, en sendi afganginn til Spánar til meðákærða Leifs, er og fékk dollara þessa fyrir sama verð og ákærði Tómas hafði gefið fyrir þá.

Teljast greind brot ákærða Tómasar Kristjánssonar varða við ákvæði þau, er greinir undir IV hér að framan.

2) gegn ákærða Leifi Böðvarssyni er málið höfðað fyrir að hafa á árinu 1955, eins og getur í V, 1 að framan, fengið meðákærða

Tómas Kristjánsson til að kaupa fyrir sig um 2700 bandaríska dollara og fá þá senda sér til Spánar, en brot ákærða Leifs teljast varða við sömu ákvæði og brot ákærða Tómasar.

VI. Gegn ákærða Pétri Hafliða Ólafssyni er málið höfðað fyrir að hafa vorið 1955 keypt af meðákærða Kristjáni tékkávísun, að upphæð 170 bandarískir dollarar, fyrir kr. 25.00 hvern dollara svo og fyrir að flytja dollara þessa til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi þeim í eigin þarfir. Þykir ákærði Pétur Hafliði með þessari háttsemi hafa gerzt brotlegur við ákvæði þau, er greinir undir IV hér að framan.

VII. Gegn ákærða Gerhard Olsen er málið höfðað fyrir að hafa síðastliðið sumar, 1955, tekið á móti sem greiðslu upp í íbúðarverð frá meðákærða Kristjáni Ágústssyni tékkávísun, að upphæð 2000 bandarískir dollarar, en hver dollari var reiknaður á kr. 23.00, svo og fyrir að hafa flutt með sér gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi fénu í eigin þarfir. Telst þetta atferli ákærða Gerhards varða við sömu ákvæði og brot ákærða Stefáns Ólafs, sbr. IV hér á undan.

VIII. Gegn ákærða Edward Kristni Olsen er málið höfðað fyrir að hafa sumarið 1955 tekið á móti sem greiðslu upp í íbúðarverð frá meðákærða Kristjáni Ágústssyni tékkávísunum, samtals að upphæð 2800 bandarískir dollarar, en hver dollari var reiknaður á kr. 23.00, svo og fyrir að hafa flutt með sér gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi fénu í eigin þarfir, auk þess sem hann notaði nokkuð af því til greiðslu skuldar í Noregi. Teljast brot ákærða Edwards Kristins varða við sömu ákvæði sem brot Gerhards Olsens.

IX, 1) Gegn ákærða Magnúsi Bjarnasyni er málið höfðað fyrir að hafa í júní og júlí 1955 keypt af meðákærða Kristjáni nokkrar tékkávísanir, samtals að upphæð 1500 til 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 25.00 hvern dollara, en gjaldeyri þenna, sem hann keypti fyrir systur sína, meðákærðu Margréti Dagbjörtu, sendi hann til Los Angeles. Telst brot ákærða Magnúsar varða við sömu ákvæði, sem greinir undir IV hér að framan.

2) Gegn ákærðu Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur er málið höfðað fyrir að hafa sumarið 1955 fengið bróður sinn, meðákærða Magnús, til að kaupa dollarávísanir þær, er um getur í IX, 1) að framan, og senda þær til Los Angeles, þar sem gjaldeyrir þessi var notaður til greiðslu skulda hennar. Telst brot ákærða Margrétar Dagbjartar varða við sömu ákvæði og brot bróður hennar, meðákærða Magnúsar, sbr. IX, 1) að framan.

X, 1) Gegn ákærða Jónasi Thoroddsen er málið höfðað fyrir að hafa hinn 19. júlí 1955 keypt fyrir mág sinn, ákærða Einar

Egilsson, af meðákærða Kristjáni tékkávísun, að upphæð 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara, auk viðbótargjalds, kr. 460.00, en ávísun þessa sendi ákærði Einar til Bandaríkja Norður-Ameríku eða Mexico, þar sem hann var skuldugur. Brot ákærða Jónasar telst varða við ákvæði þau, sem greinir undir IV hér að framan.

2) Gegn ákærða Einari Egilssyni er málið höfðað fyrir að fá mág sinn, meðákærða Jónas, til að kaupa gjaldeyri þann, er greinir undir X, 1) hér að framan, og senda hann utan. Telst brot ákærða Einars varða við sömu ákvæði og brot meðákærða Jónasar, sbr. ákvæði þau, er greinir undir IV hér á undan.

Kaup allra framangreindra tékkávísana fóru fram hér í bæ.

Þess er krafizt:

Að öll hin ákærðu verði dæmd til refsingar.

Að ákærðu Stefán Andreas Pálsson og Kristján Ágústsson verði sviptir leyfi til að reka heildverzlun (stórsölu) samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og verði ákærði Kristján einnig sviptur leyfi til að reka smásölu samkvæmt síðastnefndum ákvæðum.

Að ákærði Stefán Andreas verði sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Að ólöglegur hagnaður þeirra ákærðu Stefáns Andreasar Pálssonar, Grétars Emils Ingvasonar og Kristjáns Ágústssonar af framangreindum brotum þeirra verði gerður upptækur samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, 11. gr. laga nr. 88/1953, 27. gr. i. f. reglugerðar nr. 212/1953 og 3. tl. sbr. 2. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Að öll hin ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði Stefán Andreas Pálsson er fæddur 2. febrúar 1901 á Djúpavogi. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1927 16/12 Áminning fyrir innflutning á hálmi.

1949 14/3 Sátt: 300 kr. sekt fyrir verðlagsbrot. Upptækur ólöglegur ágóði, kr. 970.08.

1950 14/4 Reykjavík. Kærður fyrir of hátt verð á sælgæti. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis 15/7 1950.

Auk þess hefur hann árin 1922 til 1933 sætt átta sinnum sektum fyrir ölvun á almannafæri, frá kr. 50.00 til kr. 75.00 hvert sinn. Þá hefur hann þetta tímabil hlotið tvívegis áminningu fyrir ölvun.

Ákærði Grétar Emil er fæddur 26. september 1921 í Gíslholti í Holtahreppi. Hann hlaut tvívegis árið 1955 sekt, kr. 50.00

hvort sinn, fyrir brot á umferðarreglum. Um aðrar refsingar er ekki kunnugt.

Ákærði Kristján Ágústsson er fæddur 1. júlí 1923 á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1944 27/6 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir að stýra bifreið undir áhrifum áfengis.
1951 22/2 Reykjavík. Sátt: 1200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937.

Auk þessa hefur hann árin 1942 til 1949 níu sinnum sætt sektum, frá kr. 25.00 til kr. 150.00 hvert sinn, fyrir ölvun á almannafæri og ölvun og óspektir.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason er fæddur 9. júní 1927 í Galtarvík í Skilamannahreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1953 4/2 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.
1954 31/5 Hafnarfirði. Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1955 10/12 Kópavogi. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði Tómas Kristjánsson er fæddur 1. september 1928 í Reykjavík. Hefur hann árin 1945 til 1955 fimm sinnum sætt sektum, frá 30 til kr. 100 hvert sinn, fyrir brot á umferðarlögum, auk fjögurra áminninga fyrir sama.

Ákærði Leifur Böðvarsson er fæddur 26. janúar 1893 á Akranesi. Hefur hann, svo kunnugt sé, eigi fyrr sætt kæru eða refsingu.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson er fæddur 10. febrúar 1920 í Stykkishólmi. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1935 8/2 Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
„ 27/3 Kærður fyrir dúfnaþjófnað.
1939 20/5 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 50. gr., a-lið.
1942 21/2 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
„ 30/3 „ 25 kr. „ „ „ á almannafæri.
1947 9/7 „ 50 kr. „ „ brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.
„ 16/12 „ 90 kr. „ „ ofhraða á bifreið.
1955 28/5 Reykjavík. Dómur: 800 kr. sekt fyrir brot á 18. sbr. 39. og 46. gr. áfengislaga.

Ákærði Gerhard Olsen er fæddur þann 16. janúar 1922 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1948 2/11 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1949 4/3 Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.
1954 8/3 Reykjavík. Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
1955 28/12 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Edward Kristinn Olsen er fæddur 24. júní 1917 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:
1939 18/8 Kærður af Bjarna Kristmundssyni, Týsgötu 8, fyrir meint svik. Kæran var afturkölluð og málið eftir atvikum látið falla niður.
1945 29/9 Undir rannsókn út af flugslysi. Afgreitt til Almennra trygginga h/f, flugmálastjóra og Dómsmálaráðuneytis.
1948 27/2 Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.

Auk þess hefur hann árin 1935 til 1956 sætt þrívegis sektum, frá kr. 10 til kr. 75 hvert sinn, auk tveggja áminninga fyrir brot á bifreiða- og umferðarlögum.

Ákærði Magnús Bjarnason er fæddur 4. júlí 1924 í Hafnarfirði. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:
1947 21/8 Hafnarfirði. Sátt: 25 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.
1949 4/7 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Um aðrar refsingar er ekki kunnugt.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir er fædd 2. október 1931 í Hafnarfirði. Hún hefur eigi sætt kæru eða refsingu fyrr, svo kunnugt sé.

Ákærði Jónas Thoroddsen er fæddur þann 18. nóvember 1908 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:
1933 7/5 Sátt sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
„ 12/9 „ „ 50 kr. „ „ „ „
1953 22/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

Ákærði Einar Egilsson er fæddur þann 18. marz 1910 í Hafnarfirði. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:
1948 23/1 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 16/3 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

I.

Um mánaðamótin september-október 1955 barst sakadómara kæra, dags 27. september 1955, frá gjaldeyriseftirlitsskrifstofunni, er Landsbanki Íslands lögum samkvæmt starfrækir. Kæran var þess efnis, að ákærði Stefán Andreas Pálsson hefði eigi gert gjaldeyriseftirlitinu skil vegna gjaldeyris, er hann hafði fengið yfirfærðan tímabilið 27. nóvember 1953 til 12. júlí 1955. Var hér um að ræða 88 yfirfærslubeiðnir frá ákærða Stefáni Andreasi til Útvegsbanka Íslands h/f fyrrgreint tímabil. Námu beiðnir þessar samtals $ 228.031.50, en ákærði Stefán Andreas hafði í yfirfærslubeiðnunum getið þess, að hann óskaði að kaupa gjaldeyrinn vegna innflutnings á ýmis konar útgerðarvörum frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hafði ákærði Stefán Andreas þannig fengið um fjórar yfirfærslubeiðnir afgreiddar að jafnaði hvern mánuð fyrrnefnt tímabil. Voru beiðnir þessar afgreiddar í ávísanaformi. Lægsta ávísunin nam $ 1036.00 og sú hæsta $ 3572.00. Ávísanir þessar lét ákærði Stefán Andreas stíla á þrjú bandarísk fyrirtæki, Edda International Corporation, sem stílaðar voru fjórar ávísanir á, Messrs Sternin Hosiery Co., er stílaðar voru 23 ávísanir á, og Henderson & Co., Inc., er stílaðar voru 61 ávísun á.

Gjaldeyriseftirlitið mun fyrst með bréfi, dags. 13. apríl 1954, hafa krafið ákærða Stefán Andreas um reikningsskil vegna yfirfærslna til hans fram að þeim tíma, en ákærði Stefán Andreas virti bréfið að vettugi, að því er bezt er vitað, og virðist svo sem að hann hafi ekki verið krafinn reikningsskila aftur fyrr en í júlí 1955, að gjaldeyriseftirlitið lét stöðva allar yfirfærslur til hans og krafði hann skila. Ákærði Stefán Andreas sagði gjaldeyriseftirlitinu í fyrstu, að allt væri með felldu og lofaði skilagrein, sem aldrei kom.

Ákærði Stefán Andreas skýrði frá því fyrir dómi, að svo hefði fjárhag sínum verið farið árið 1953, að hann var kominn í geysimiklar skuldir. Hafði heildverzlun sú, er hann rekur, Stefán A. Pálsson & Co., gengið mjög illa. Ákærði ákvað því að afla sér tekna með því að fá dollaraávísanir keyptar í Útvegsbankanum og selja þær síðan hér innanlands. Nánari tildrög þessarar verzlunar ákærða Stefáns Andreasar með dollaraávísanir eru þau, að ákærði Grétar Emil Ingvason kom að máli við ákærða Stefán Andreas í nóvembermánuði 1953 og bað hann um að útvega sér

dollara til kaups. Að sögn ákærða Stefáns Andreasar benti ákærði Grétar Emil honum á að nota nafn fyrirtækisins Henderson & Co., sem fyrr er nefnt. Ákærði Stefán Andreas fór síðan í Útvegsbankann og útfyllti þar eyðublað með beiðni um kaup á bandarískum dollurum, að upphæð $ 1334.00, til kaupa á nylon-þorskanetjaslöngum frá fyrirtækinu Henderson & Co. í New York. Er beiðni þessi dags. 25. nóv. 1953. Var engin fyrirstaða með að fá dollara þessa keypta, og var gefin út ávísun fyrir umræddri upphæð þann 27. nóvember 1953, stíluð á fyrrgreint fyrirtæki, Henderson & Co. Ákærði Stefán Andreas greiddi síðan kr. 16.32 fyrir hvern dollara og að auki þóknun til bankans, 5/8 % af hinni seldu fjárhæð. Ákærði Stefán Andreas seldi síðan ákærða Grétari Emil Ingvasyni ávísunina fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Ákærði Stefán Andreas telur, að ákærði Grétar Emil hafi bent sér á að nota nafn Henderson & Co. svo og Sternin Hosiery, því að hann hafði aldrei áður heyrt þessara fyrirtækja getið. Þetta var upphafið að viðskiptum ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils, að því er ákærði Stefán Andreas hermir. Hélt hann því fram, að ákærði Grétar Emil hefði fengið allar ávísanirnar, er stílaðar voru á Henderson & Co. og Sternin Hosiery, eða samtals 84 ávísanir, að upphæð samtals $ 220.871.50. Þær fjórar ávísanir, sem stílaðar voru á fyrirtækið Edda International Corporation, seldi ákærði Stefán Andreas einhverjum öðrum manni eða mönnum, sem hann mundi ekki, hver eða hverjir voru.

Ekki er upplýst, hver eða hverjir þetta voru.

Ákærði Stefán Andreas vissi ekki, hverjum ákærði Grétar Emil seldi dollaraávísanirnar. Ræddu þeir það aldrei. Upplýstist ekkert frekar um það. Gerðar voru ýmsar ráðstafanir til að fá fyllri upplýsingar um það, hvað ákærði Stefán Andreas gerði við ávísanirnar. Var m. a. leitað eftir upplýsingum vestur um haf. Þá var leitað gagna í skrifstofu ákærða svo og heima hjá honum. Bar þetta engan árangur. Bókhald heldur ákærði Stefán Andreas ekki og hefur ekki gert, þótt honum hins vegar væri ljóst, að hann væri bókhaldsskyldur.

Hélt ákærði Stefán Andreas fast við þenna framburð sinn, sem rakinn er hér að framan.

Ákærði Stefán Andreas seldi samkvæmt framburði sínum allar ávísanirnar, að upphæð samtals $ 228.031.50, fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Hann hefur því selt dollara fyrir kr. 5.016.693.00. Kaupverð hvers dollara var kr. 16.32 auk 5/8 % bankakostnaðar. Kaupverðið nemur því alls kr. 3.744.734.02. Samkvæmt þessu hefur hagnaður ákærða Stefáns Andreasar orðið kr. 1.271.958.98. Ákærði

Stefán Andreas gat hvergi nærri gert fyllilega grein fyrir því, hvernig hann hefði varið þessum hagnaði. Hann lagði fram greinargerð, þar sem hann sundurliðar kr. 564.500.00. Er hér um ýmsa skuldaliði að ræða auk kaupa á bíl og fleira. Upphæð þessi er þó ekki nákvæm. Getur skakkað um nokkur þúsund krónur. Afganginum af hagnaðinum, eða kr. 700.000.00 á að gizka, varði ákærði Stefán Andreas til heimilis og vörukaupa. Nánar gat hann ekki gert grein fyrir þessu.

II.

Ákærði Grétar Emil viðurkenndi mjög greiðlega, að hann hefði átt nokkur dollaraviðskipti við ákærða Stefán Andreas. Að því er ákærði Grétar Emil hermir, hófust viðskipti þessi með þeim hætti, að haustið 1953 vanhagaði ákærða Grétar Emil um nokkra bandaríska dollara vegna kaupa á fötum fyrir sig og fjölskyldu sína, en ákærði Gretar Emil vann um þessar mundir hjá flugfélaginu Loftleiðum h/f hér í bæ. Hann snéri sér því í þessu skyni til kunningja síns, Lúðvíks Thorbergs Þorgeirssonar kaupmanns, Sigtúni 47 hér í bæ, og innti hann eftir því, hvort hann gæti útvegað sér nokkra dali. Áttu þeir nokkrar orðræður um þetta, en Lúðvík Thorberg lofaði engu. Þess skal getið, að Lúðvík Thorberg kannaðist alls ekki við það, að ákærði Grétar Emil hafi nokkurn tíma beðið sig um að útvega dollara. Skömmu eftir að ákærði Gretar Emil átti þetta tal við Lúðvík Thorberg, kom ákærði Stefán Andreas að máli við hann og bauð án nokkurra vafninga dollara til kaups fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Ákærði Grétar Emil mun hafa keypt fyrstu dollaraávísunina af ákærða Stefáni Andreasi fyrir Eyju nokkra Henderson, sem er af íslenzku bergi brotin, en gift bandarískum manni, Frank Henderson að nafni, og mun vera eigandi fyrrnefnds fyrirtækis, Henderson & Co. Eyja þessi mun hafa átt hér íslenzka peninga og viljað fá dollara fyrir þá. Hún mun sjálf hafa farið með þessa fyrstu dollaraávísun úr landi, því að samkvæmt vottorði útlendingaeftirlitsins fór hún vestur um haf með flugvél frá Reykjavík þann 29. nóvember 1953, eða tveimur dögum eftir útgáfu fyrstu dollaraávísunarinnar.

Sem fyrr segir, var þetta upphafið að dollaraviðskiptum þeirra ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils, en þeir eru sammála um, að viðskiptum þeirra hafi ekki lokið fyrr en um mánaðamótin júní—júlí 1955. Ákærði Grétar Emil taldi það eigi ólíklegt, að hann hafi bent ákærða Stefáni Andreasi á að nota nafn fyrirtækisins Henderson & Co., en ekki vildi hann við það kannast,

að hann hefði bent ákærða Stefáni Andreasi á að nota nafn Sternin Hosiery & Co. Inc.

Ákærði Grétar Emil tók kr. 1.00 að jafnaði af hverjum dollara, er hann sá um að selja. Taldi hann í fyrstu, að hann hefði séð um sölu á 40—50 þúsund dollurum og því haft um kr. 40—50 þúsund í hagnað, en er leið á rannsókn málsins, breytti hann þessum framburði sínum að þessu leyti og taldi við nánari yfirvegun, að hann hefði ekki selt nema 30—37 þúsund dollara og því hagnaður sinn ekki orðið meiri en 30—37 þúsund krónur. Ákærði Grétar Emil hélt ekki bókhald yfir þessi viðskipti sín. Athugun á efnahag ákærða Grétars Emils leiddi og ekkert frekar í ljós. Benti þessi athugun frekar til þess, að ákærði Grétar Emil hefði ekki haft slíkar hátekjur, sem framburður ákærða Stefáns Andreasar gefur til kynna, sérstaklega þegar þess er gætt, að ákærði Grétar Emil er hinn mesti reglumaður með létt heimili og jafnan haft vellaunað starf.

Ákærði Grétar Emil sagðist ekki hafa hvatt ákærða Stefán Andreas á einn eða annan hátt til áframhaldandi dollaraviðskipta.

Ákærði Grétar Emil lét ákærða Kristján Ágústsson hafa megnið af þeim dollaraávísunum, sem hann fékk hjá ákærða Stefáni Andreasi. Enn fremur seldi hann ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni og ákærða Tómasi Kristjánssyni dollaraávísanir. Telur hann, að hvor þeirra um sig hafi fengið nokkrar ávísanir.

Ákærði Grétar Emil fékk, skömmu eftir að hann fékk fyrstu ávísunina hjá ákærða Stefáni Andreasi, dollara þá, sem hann vanhagaði um til fatakaupa og áður er minnzt á. Voru þetta 30—40 dollarar, sem hann keypti af einhverjum starfsmanni Loftleiða h/f, en hann mundi ekki nafn hans. Keypti hann dollarana á hærra verði en hinu skráða gengi.

III.

Ákærði Kristján Ágústsson neitaði í fyrstu, að hann hefði nokkurn tímann átt dollaraviðskipti við ákærða Grétar Emil. Eftir nokkra tregðu viðurkenndi hann þó, að hann hefði tvívegis keypt dollaraávísanir af ákærða Grétari Emil. Eftir að leit var gerð í skrifstofu ákærða Kristjáns og ýmis gögn fundust, er bentu til meiri dollaraviðskipta ákærðu Grétars Emils og Kristjáns, viðurkenndi ákærði Kristján, að hann hefði keypt nokkur þúsund dollara af ákærða Grétari Emil, eða milli 11 og 16 þúsund eða jafnvel eitthvað meira.

Það skal strax tekið fram, að gögn þau, er fundust hjá ákærða

Kristjáni, veittu ekki, svo óyggjandi yrði talið, upplýsingar um það, hversu víðtæk þessi viðskipti ákærða Grétars Emils og ákærða Kristjáns voru, þótt ýmislegt benti til þess, að þau hefðu verið meiri en ákærði Kristján vildi viðurkenna. Verður nánar vikið að þessu síðar, er gerð verður grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar þeirrar, er fram fór á vegum dómsins.

Ákærði Kristján mun hafa sjálfur sent út dollaraávísanirnar og látið leggja þær inn í ávísanareikning sinn, er hann á hjá banka í New York, The National City Bank of New York. Ákærði Kristján, sem sagðist hafa keypt hvern dollara af ákærða Grétari Emil á kr. 23.00, seldi síðan ýmsum mönnum dollara. Hafði hann þann hátt á, að hann gaf út ávísanir á reikning sinn við fyrrnefndan bandarískan banka. Seldi hann yfirleitt hvern dollara á kr. 25.00. Á stundum seldi hann hvern dollara á kr. 24.00. Þá kom það fyrir, að hann lét ýmsa kunningja sína hafa dollarana fyrir sama verð og hann keypti, eða kr. 23.00 hvern dollara. Verðið var því nokkuð á reiki, og reyndist hvorki unnt að fá tæmandi upplýsingar um þetta né um alla þá, er hann hafði selt dollara. Dugði þar hvorki athugun á bókhaldi ákærða Kristjáns né aðrar ráðstafanir, er gerðar voru í þessu skyni. Sjálfur var ákærði Kristján hinn tregasti að láta dóminum í té upplýsingar í málinu. Upplýsingar um þá, sem keyptu dollara af ákærða Kristjáni, fengust úr amerísku tékkahefti, er fannst í skrifstofu hans. Með þessu móti upplýstist, að ákærði Stefán Ólafur Gíslason, Pétur Hafliði Ólafsson, Gerhard og Edward Kristinn Olsen, Magnús Bjarnason og Jónas Thoroddsen hefðu keypt dollara af ákærða Kristjáni. Verður komið nánar inn á það síðar.

Auk þeirra, er nú hafa verið nefndir og dollarviðskipti áttu við ákærða Kristján, bentu upplýsingar úr fyrrnefndu amerísku tékkahefti hans til þess, að ýmsir aðrir hefðu átt við hann dollarakaup, en menn þessir eru ýmist búsettir erlendis og náðust því eigi til yfirheyrslu eða upplýsingar um þá voru ekki nógu glöggar til frekari aðgerða.

Ákærði rekur heildsölu hér í bæ samkvæmt heildsöluleyfi, dags. 10. september 1952. Smásöluleyfi leysti hann út 23. nóvember 1951. Bókhald ákærða Kristjáns reyndist mjög ófullkomið og gallað, t. d. voru engar bækur færðar árin 1953 og 1955. Árið 1954 var færð dagbók og sölubók, en sumum liðum var haldið utan bókhaldsins, svo sem bankaviðskiptum.

IV.

Eins og fyrr greinir undir lið II hér að framan, skýrði ákærði Grétar Emil frá því, að hann hefði selt ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni nokkrar dollaraávísanir.

Ákærði Stefán Ólafur skýrði frá því, að hann hefði ofanvert ár 1954 keypt dollara of ákærða Grétari Emil og enn fremur hefði hann einnig keypt af honum dollara snemma árs 1955. Sagði ákærði Grétar Emil ákærða Stefáni Ólafi frá því, að hér væri um Útvegsbankaávísanir að ræða. Fór þetta þann veg fram, að ákærði Stefán Ólafur fékk bréf frá ákærða Grétari Emil. Skyldi hann framvísa bréfinu hjá fyrirtækinu Henderson & Co., Inc., í New York, er áður getur, en ákærði Stefán Ólafur er flugmaður í millilandaflugvél. Ákærði fékk síðan útborgað hjá þessu fyrirtæki dollara þá, er hann hafði keypt hjá ákærða Grétari Emil. Eftir því sem ákærði Stefán Ólafur mundi bezt, hafði hann tvívegis keypt dollara af ákærða Grétari Emil og samtals röska tvö þúsund dollara. Galt hann kr. 24.00 fyrir hvern dollara. Ákærði keypti bíl í Bandaríkjunum fyrir þessa dollara. Fékk hann gjaldeyrislaust innflutingsleyfi fyrir bílnum í desember 1954.

Sumarið 1955 keypti ákærði Stefán Ólafur 500 dollara ávísun af ákærða Kristjáni Ágústssyni. Greiddi ákærði Stefán Ólafur kr. 23.00 fyrir hvern dollara. Dollara þessa notaði ákærði Stefán Ólafur til fatakaupa fyrir sig og fjölskyldu sína, auk þess sem nokkuð fór til uppihalds honum og konu hans, er þau dvöldu erlendis í fríi ákærða Stefáns Ólafs sumarið 1955.

V.

Ákærði Tómas Kristjánsson skýrði frá því, að hann hefði sennilega í marzmánuði 1955 leitað á fund ákærða Grétars Emils og beðið hann að útvega sér dollara til kaups, en áður hefur verið greint frá því, að ákærði Grétar Emil segist hafa selt ákærða Tómasi nokkrar dollaraávísanir. Ákærði Tómas hafði tekið að sér að útvega ákærða Leifi Böðvarssyni erlendan gjaldeyri, en ákærði Leifur dvaldist á Spáni mikinn hluta ársins 1955 sér til heilsubótar. Hann hafði ekki fengið gjaldeyrisyfirfærslu. Ákærði Tómas keypti röska tvö þúsund dollara af ákærða Grétari. Var hér um Útvegsbankaávísun að ræða, er stíluð var á nafn Henderson & Co., Inc. Sá ákærði Grétar Emil um að senda ávísunina vestur um haf, þar sem hún var hafin og peningarnir síðan sendir ákærða Leifi til Spánar. Ákærði Tómas galt kr. 23.00 fyrir hvern dollara.

Í maímánuði 1955 keypti ákærði Tómas enn dollaraávísun af ákærða Grétari Emil. Var hér um tæpa 2000 dollara ávísun að ræða. Ákærði Tómas greiddi nú kr. 24.00 fyrir hvern dollara. Ákærði Tómas keypti þessa ávísun vegna þess, að hann fór vestur til Bandaríkjanna um þetta leyti, og notaði megnið af þessum dollurum til uppihalds sér þar, eða 1200 til 1300 dollara. Ákærði Tómas fór sjálfur vestur með þessa ávísun. Afganginn, eða 600 til 700 dollara, sendi hann ákærða Leifi Böðvarssyni til Spánar.

Ákærði Leifur Böðvarsson skýrði frá því, að hann hefði beðið ákærða Tómas um að útvega sér erlendan gjaldeyri, áður en hann fór til Spánar í janúar 1955 sér til heilsubótar. Dvaldist ákærði Leifur á Spáni fram í september 1955. Meðan hann dvaldist á Spáni, fékk hann tvívegis senda dollara frá Ameríku fyrir tilstuðlan ákærða Tómasar. Samtals nam þetta eitthvað á þriðja þúsund dollara.

VI.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði vorið 1955 leitað á fund ákærða Kristjáns og fengið keypta 170 dollara ávísun. Skrifaði ákærði Kristján ávísunina á banka í New York. Ákærði Pétur Hafliði greiddi kr. 25.00 fyrir hvern dollara. Ákærði Pétur Hafliði er sjómaður í millilandasiglingum. Notaði hann dollara þessa til kaupa á ýmislegu til heimilis síns, svo sem eldhúsborði og stólum o. fl.

VII.

Ákærði Gerhard Olsen seldi ásamt bróður sínum, ákærða Edward Kristni Olsen, ákærða Kristjáni íbúð í húsinu nr. 2 við Lynghaga hér í bæ. Upp í íbúðarverðið greiddi ákærði Kristján ákærða Gerhard 2000 dollara. Var þetta vorið 1955. Hver dollari var reiknaður á kr. 23.00. Ákærði Gerhard fékk ávísun fyrir þessum 2000 dollurum. Fór hann sjálfur með ávísunina til New York og fékk hana greidda þar. Notaði hann þessa dollara til kaupa á ýmislegu til íbúðar þeirrar, er hann átti þá í smíðum í Lynghaga 2 hér í bæ, t. d. baðherbergistækjum, húsgögnum o. fl. Þá notaði hann nokkuð sem almennan eyðslueyri í New York, en ákærði Gerhard er flugvélavirki og kemur að jafnaði þrisvar í mánuði til New York og staldrar þar hvert sinn einn til þrjá daga.

VIII.

Ákærði Edward Kristinn Olsen skýrði frá því, að hann hefði tekið við greiðslu, að upphæð 2000 dollarar, frá ákærða Kristjáni sem hluta af söluverði þeirrar íbúðar, sem þeir bræður, ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen, höfðu selt ákærða Kristjáni og um er rætt undir lið VII. hér að framan. Var þetta snemma sumars 1955. Ákærði Edward Kristinn fékk greiðsluna í ávísunarformi. Fór hann sjálfur með ávísunina til New York, þar sem hann fékk hana greidda. Varði ákærði Edward Kristinn dollurum þessum með ýmsu móti, svo sem til kaupa á bílskúrshurðum, ýmsu til íbúðar sinnar, auk þess sem hann eyddi nokkru í skemmtanir erlendis. Þá greiddi hann skuld í Noregi með hluta af þessari upphæð.

Samkvæmt fyrrnefndu tékkahefti ákærða Kristjáns mun ákærði Edward Kristinn hafa fengið hjá ákærða Kristjáni dollaraávísun, að upphæð 300 dollarar, þann 18. júní 1955, og aðra, að upphæð 500 dollarar, þann 17. júlí 1955. Ákærði Kristján fullyrti, að hann hefði bæði þessi skipti selt ákærða Edward Kristni þessa dollara, eins og tékkaheftið ber með sér, og hefðu þeir gengið upp í íbúðarkaupin. Var hver dollari reiknaður á kr. 23.00.

Ákærði Edward Kristinn taldi hins vegar, að hann hefði ekki fengið meira en 2000 dollara samanlagt. Kveðst hann alls ekki minnast þess, að hann hefði fengið 800 dollara að auki.

IX.

Ákærði Magnús Bjarnason skýrði frá því, að hann hefði, að beiðni systur sinnar, ákærða Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur, keypt af ákærða Kristjáni í júní og júlí 1955 nokkrar dollaraávísanir. Samtals var hér um að ræða 1500 dollara. Mundi hann eftir ávísunum, að upphæð $ 650, $ 500 og $ 100,, en allra þessara tékka er getið í tékkahefti ákærða Kristjáns. Þá rámaði ákærða í 300 dollara ávísun. Hann greiddi kr. 23.00 fyrir hvern dollara.

Ákærði Margrét Dagbjört hafði dvalizt í Bandaríkjunum frá ágúst 1954 til febrúar 1955. Eftir dvöl sína þar skuldaði hún milli 1500 og 2000 dollara. Hún fékk ekki hér heima yfirfært með löglegu móti nema 120 dollara. Hún bað því bróður sinn, ákærða Magnús, um að reyna að útvega dollara. Hún mundi, að hún fékk a. m. k. fjórar ávísanir keyptar hjá ákærða Kristjáni, eina að upphæð $ 650, aðra að upphæð $ 500, þriðju að upphæð $ 100, og þá fjórðu, annað hvort að upphæð $ 200 eða $ 300. Taldi hún, að kr. 23.00 hefðu verið greiddar fyrir hvern dollara.

Ávísanir þessar sendi ákærði Margrét Dagbjört vestur til systur sinnar, sem búsett er í borginni Los Angeles í Bandaríkjunum.

X.

Ákærði Jónas Thoroddsen skýrði frá því, að hann hefði þann 19. júlí 1955 keypt 2000 dollara ávísun af ákærða Kristjáni, og kemur það heim við tékkahefti ákærða Kristjáns og framburð hans. Greiddi ákærði Jónas kr. 23.00 fyrir hvern dollara, auk kr. 460.00, sem ákærði Kristján sagði, að væri einhver kostnaður vegna þessara viðskipta.

Ákærði Jónas keypti þessa dollara fyrir mág sinn, ákærða Einar Egilsson. Þannig var máli farið, að ákærði Einar hafði dvalizt í Mexico árin 1950 til 1954. Skuldaði hann þessa dollara frá dvöl sinni þar. Hann hafði ekki fengið yfirfærslu hjá gjaldeyrisyfirvöldunum. Ákærði Jónas lét ákærða Einar hafa þessa dollaraávísun.

Ákærði Einar skýrði frá á sama veg og ákærði Jónas, og greint er frá hér að ofan, um það, hvernig og með hvaða kjörum hann fékk þessa tvö þúsund dollara ávísun hjá ákærða Kristjáni. Sá ákærði Einar um að senda ávísunina vestur um haf.

XI.

Áður hefir lauslega verið á það drepið, að endurskoðun hafi verið gerð á bókhaldi ákærða Kristjáns. Ákærði Stefán Andreas hélt ekki bókhald, eins og fyrr er getið. Þá var endurskoðandinn fenginn til að athuga efnahag þeirra ákærðu Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns. Hafði endurskoðandinn ýmis gögn til að vinna úr, svo sem afrit skattaframtala, bankaviðskipta o. fl.

Gögn þau, er fjölluðu um viðskipti ákærða Stefáns Andreasar, veittu engar upplýsingar um dollaraviðskipti ákærða Stefáns Andreasar né hvernig hann hefði varið ágóðanum af dollarasölunni. Meðal þeirra gagna, er endurskoðandinn hafði til athugunar varðandi ákærða Stefán Andreas, voru útskrifuð tékkahefti. Sumir tékkastofnanir báru það með sér, að ákærði Stefán Andreas og ákærði Grétar Emil hefðu átt viðskipti saman. Var hér um að ræða 7 tékka, samtals að upphæð kr. 108.000.00. Samkvæmt framburðum þeirra ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils voru þessir tékkar aðeins notaðir sem bráðabirgðakvittanir, þannig að ákærði Grétar Emil greiddi ákærða Stefáni Andreasi fyrirfram upp í væntanlega dollarasölu. Er ákærði Stefán Andreas hafði útvegað dollaraávísun, voru viðskiptin gerð upp og tékkinn

eyðilagður. Upphæð sú, sem þannig fékkst vitneskja um, er það lág, að hún veitir engar frekari upplýsingar.

Samkvæmt skattaframtölum ákærða Grétars Emils árin 1950 til 1955 varð eignaaukning hans á þessu tímabili sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Nettó eign 31/12 1954 | kr. | 115.982.12 |
| — — 31/12 1950 | — | 3.426.58 |
| Eignaaukning | kr. | 112.555.54 |

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans er í þessari upphæð falinn sá eignaauki, er stafar af eigin vinnu og gjafavinnu við húsbyggingu, eða kr. 44.805.00. Ákærði Grétar Emil greiddi fyrir efni og vinnulaun við húsbygginguna kr. 119.712.04. Ákærði hafði gögn varðandi kostnað við húsbygginguna fyrir kr. 57.873.11, en átti ekki gögn varðandi kr. 61.839.93.

Ákærði Grétar Emil á ávísanabók við Búnaðarbanka Íslands. Frá 14. ágúst 1954 til 31. desember 1954 námu innborganir kr. 268.133.00, og frá 1. janúar 1955 til 24. október 1955 námu þær kr. 240.240.25, eða samtals kr. 508.373.25 yfir þetta tímabil. Um þetta segir endurskoðandinn í skýrslu sinni: „Þar sem Grétar E. Ingvason er launamaður og hefur ekki haft neinn atvinnurekstur, eru ofanritaðar innborganir á ekki lengri tíma mjög háar, og mætti ætla, að ágóði af sölu dollaranna hefði að verulegu leyti gengið í gegnum nefnda ávísanabók".

Þá fór endurskoðandinn í gegnum tékkahefti ákærða Kristjáns og lagði saman allar þær upphæðir, þar sem dollaramerkið ($) kom fyrir í tékkastofnunum og nafnið Grétar. Með þessu móti fékk endurskoðandinn upphæðina kr. 1.380.849.00, og ef miðað væri við, að hver dollari, sem ákærði Kristján fékk hjá ákærða Grétari Emil, hefði verið keyptur á kr. 23.00, þá gerir þetta $ 60.037.00. Þá bætir endurskoðandinn við þessa upphæð þeim dollurum, sem ákærði Grétar seldi Eyju Henderson, ákærða Stefáni Ólafi og ákærða Tómasi Kristjánssyni, og fékk þannig út, að ákærði Grétar Emil hefði a. m. k. séð um sölu á ca. $ 67.371.00.

Ákærði Grétar gaf þá skýringu á hinum tiltölulega háu innborgunum í fyrrnefnda ávísanabók sína, að hann hafi iðulega á tímabilinu, sem hann skipti við þá ákærðu Stefán Andreas og Kristján, lagt inn peninga, er hann fékk hjá ákærða Kristjáni, til að kaupa dollaraávísanir hjá ákærða Stefáni Andreasi. Fær þessi framburður ákærða Grétars Emils stuðning í framburði Kristjáns. Þá gat ákærði Grétar Emil þess, að hann hefði fengið lán til húsbyggingar sinnar. Lagði hann lánið inn á ávísanareikning

sinn. Lögð voru fram í málinu gögn, er sönnuðu, að ákærði Grétar Emil hefði þann 3. nóvember 1953 fengið útborgaðar kr. 16.500.00 af smáíbúðaláni og þann 28. janúar 1954 fengið kr. 13.500.00, eða samtals kr. 30.000.00. Þann 1. september 1955 voru eftirstöðvar lánsins kr. 25.999.98. Þann 20. maí 1955 fékk ákærði Grétar Emil víxillán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, að upphæð kr. 60.000.00. Þann 17. apríl 1956 voru eftirstöðvar lánsins kr. 51.000.00.

Ákærði Grétar Emil skýrði enn fremur frá því, að hann hefði lagt laun sín inn á reikninginn í Búnaðarbankanum.

Hann taldi, að þessar miklu innborganir ættu því ekki nema að litlu leyti rót sína að rekja til ágóða síns af dollarasölunni.

Ákærði Kristján skýrði frá því, að þótt dollaramerkið ($) og/eða nafn ákærða Grétars Emils fyndist á mörgum tékkastofnum og háar fjárupphæðir þar við, þýddi það alls ekki alltaf, að hann hefði greitt ákærða Grétari þessar fjárupphæðir vegna kaupa á dollurum. Hann tók iðulega út meira fé heldur en hann ætlaði að afhenda ákærða Grétari Emil. Á stundum fékk þó ákærði Grétar Emil alla fjárupphæðina eða megnið af henni. Þá kom það fyrir, að hann skrifaði nafnið Grétar á tékkastofn sér til minnis. Þeir ákærðu Kristján og Grétar Emil eru sammála um, að ákærði Kristján hafi alltaf greitt í reiðufé. Þegar ávísanir þær, sem hér um ræðir, voru athugaðar, kom í ljós, að þær voru ýmist stílaðar á nafn ákærða Kristjáns eða Hilmars, bróður ákærða Kristjáns, en hann vinnur við heildsölu ákærða Kristjáns.

Í greinargerð sinni um ákærða Kristján byggir endurskoðandinn á niðurstöðum sínum um dollarasölur ákærða Grétars Emils og rakið er hér að framan, þ. e. að ákærði Kristján hafi keypt af ákærða Grétari Emil 60.037.00 dollara. Samkvæmt tékkaheftinu hefur hann ráðstafað 18.142.52 dollurum og samkvæmt framburði sínum 3000 dollurum til greiðslu á skuld í Bandaríkjunum. Gerir þetta samanlagt 21.142.52 dollara. Mismunurinn á þessari upphæð og fyrrnefndum 60.037.00 dollurum er 38.894.48. Um þenna mismun segir svo í skýrslu endurskoðandans: „Hvernig Kristján Ágústsson hefur ráðstafað ofannefndum mismun hefur ekki verið hægt að rekja eftir bókhaldi hans eða öðrum gögnum, er liggja fyrir.“

Þá greinir í skýrslu endurskoðandans frá bankainnstæðum ákærða Kristjáns, en skattaframtöl hans báru þær ekki með sér. Þann 31/12 1953 nema þessar bankainnstæður kr. 201.917.19 og þann 31/12 1954 eru þær kr. 231.550.71. Þá segir enn fremur í skýrslu endurskoðandans:

„Seldar vörur 1954 samkvæmt skattframtali voru kr. 1.463.248.37. Samkvæmt yfirliti frá Sparisjóði Hafnarfjarðar keypti hann af Kristjáni Ágústssyni vöruvíxla á árinu 1954 (fyrir) kr. 1.696.014.15. Hæpið er, að öll vörusala hafi farið fram gegn samþykktum víxlum, sem hafi gengið í gegnum þessa einu lánastofnun.

Rétt þykir að benda á, að heildarinnborganir á hina ýmsu bankareikninga árið 1954 námu kr. 4.607.690.31, og gefur það ótvírætt bendingu um, að heildarviðskiptin það ár hafi verið mun meiri en bókhaldið ber með sér."

Eins og þegar er drepið á hér að ofan, skýrði ákærði Kristján frá því, að lítt væri mark takandi á þeim upplýsingum, sem endurskoðandinn læsi út úr tékkaheftunum, sbr. nánar hér að ofan um skýrslu endurskoðandans varðandi ákærða Grétar Emil.

Þá var á það bent af hálfu ákærða Kristjáns, að í uppgjöri endurskoðandans varðandi víxilviðskiptin við Sparisjóð Hafnarfjarðar séu taldir með framlengingarvíxlar, en þess ekki getið í skýrslu endurskoðandans. Það sé því gefin röng mynd af víxilviðskiptunum. Sama megi segja um heildarinnborganir á hina ýmsu bankareikninga árið 1954. Þar séu innifaldir ýmsir liðir, er standi utan heildsölu ákærða Kristjáns, svo sem vegna húsakaupa hans. Þá sé því einnig til að dreifa, að upphæðir geti komið tvisvar eða oftar fram á heildarreikningnum. Peningar séu t. d. lagðir inn í Hafnarfirði, síðan teknir út og lagðir inn í Reykjavík.

XII.

Þykir nú nógsamlega hafa verið gerð grein fyrir framburðum ákærðu og annarra svo og öðrum gögnum máls þessa. Verður þá næst fyrir að vega og virða sönnunargildi gagna þessara og taka jafnframt afstöðu til ákæruskjals.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Andreasar, sem fær nokkurn stuðning í framburði ákærða Grétars Emils og enn fremur í því, að hann hefur ekki getað gert, svo sem lög standa til, grein fyrir þeim gjaldeyrisyfirfærslum, sem mál þetta reis af, er nægilega sannað, að hann hafi selt allar dollaraávísanirnar, samtals að upphæð $ 228.031.50, og þá fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Með þessu hefur ákærði Stefán Andreas gerzt brotlegur við 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit, að því er varðar þær ávísanir, er hann seldi fyrir gildistöku laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjald-

eyrismála, fjárfestingarmála o. fl., þ. e. fyrir 1. janúar 1954, sbr. 15. gr. laga nr. 88/1953 og 28. gr. reglugerðar nr. 212/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. Að því er varðar ávísanir þær, er hann seldi eftir 1. janúar 1954, hefur ákærði Stefán Andreas brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Þá þykir ákærði Stefán Andreas hafa brotið gegn 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, með hinum röngu skýrslum sínum í yfirfærslubeiðnunum, en hann hafði það að yfirvarpi, að hann ætlaði að flytja inn útgerðarvörur fyrir gjaldeyrinn.

Ákærði Stefán Andreas er einnig ákærður fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga. Að vísu var það svo, að ákærði Stefán vakti rangar hugmyndir hjá Útvegsbankanum með yfirfærslubeiðnum sínum og fékk bankann með því móti til að selja sér gjaldeyrinn, en hann hafði ekki fé af einum eða öðrum. Það er því hér ekki um fjársvik í skilningi 248. gr. hegningarlaganna að ræða. Ber því að sýkna ákærða Stefán Andreas af þessum lið ákærunnar.

Þá er ákærði Stefán enn fremur ákærður fyrir brot á 2. gr. analogice laga nr. 42/1948 um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri. Í 2. gr. þessara laga segir svo: „Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 150 krónur í erlendum gjaldmiðli (seðlum og skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt."

Eins og greinin ber með sér, á hún einvörðungu við þá, sem flytja með sér seðla eða skiptimynt, en ekki ávísanir, enda voru ávísanir þessar beinlínis gefnar út til þess að sendast til útlanda, þar sem þær skyldu hafnar verða. Það kom og berlega í ljós í umræðum á Alþingi um frumvarpið að lögum nr. 42/1948, að þessi skilningur, sem nú hefur verið gert grein fyrir, var lagður í lögin, því að flutningsmaður frumvarpsins lét orð falla í þá átt, að það, sem menn þyrftu að hafa með sér í erlendum gjaldeyri umfram það, sem leyft er með þessum lögum, skyldu þeir hafa með sér í ávísunum eða öðrum þeim gjaldeyri, sem bankarnir hafa farið höndum um, og þannig tryggt, að allt sé rétt. Löggjafinn hefur með öðru móti gert ráðstafanir til tryggingar því, að ekki sé misfarið með ávísanir þær, er bankar hér gefa út til greiðslu erlendis. Eru það ákvæðin um einkarétt ákveðinna aðilja að verzla með gjaldeyri hérlendis. Samkvæmt þessu ber því

að sýkna ákærða Stefán Andreas af broti á 2. gr. laga nr. 42/1948.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Andreasar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er það sannað, að hann hafi ekki haldið bókhald í einni eða annarri mynd, en ákærði Stefán Andreas rekur heildsölu hér í bænum samkvæmt stórsöluleyfi frá 16. júlí 1943. Með þessu atferli sínu hefur hann brotið gegn 262. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 62/1938 um bókhald.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 1. mgr. 146. gr. og 262. gr. sömu laga, 20. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 62/1938, 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, þykir refsing ákærða Stefáns Andreasar hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði.

Þar eð um miklar sakir er að ræða hjá ákærða Stefáni Andreasi, þykir rétt samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953, 19. gr. laga nr. 62/1938 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta hann frá birtingu dóms þessa ævilangt leyfi til að reka stórsölu.

Sem fyrr getur, var ákærði Stefán Andreas sýknaður af ákæruunni um brot á 248. gr. hegningarlaga. Bæði það atriði svo og hitt, að verknaður sá, sem hann er sakfelldur fyrir, þykir ekki vera þess eðlis, að efni sé til að svipta hann réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, og verður því krafa ákæruvaldsins um réttindasviptingu samkvæmt nefndri hegningarlagagrein ekki tekin til greina.

Eins og áður er greint frá, nam hagnaður ákærða Stefáns Andreasar af dollarasölunni kr. 1.271.958.98, og er þá lagður til grundvallar útreikningi ágóðans eigin framburður ákærða Stefáns Andreasar um verð það, er hann seldi dollarana á. Er ekki ástæða til að draga í efa réttmæti þessarar játningar ákærða, sem fær að nokkru stuðning í framburði ákærða Grétars Emils, svo og hinum augljósa tilgangi ákærða Stefáns Andreasar að hafa sem mestar tekjur af þessum dollarasölum sínum. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. nú 11. gr. laga nr. 88/1953 og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, og 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga, ber að ákveða, að þessi ólöglegi hagnaður ákærða Stefáns Andreasar, að upphæð kr. 1.271.958.98, skuli gerður upptækur til ríkissjóðs.

Með eigin játningu ákærða Grétars Emils, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt dollaraávísanir af ákærða Stefáni Andreasi fyrir kr. 22.00 hvern dollara og síðan selt nokkrum mönnum þær og þá oftast fyrir kr. 23.00

hvern dollara. Eins og ljóst er af atvikalýsingu málsins hér að framan, er algjörlega ósannað, hversu marga dollara ákærði Grétar Emil keypti. Sjálfur gizkaði hann í fyrstu á 40—50 þúsund dollara, en síðar lækkaði hann þessa upphæð niður í 30—37 þúsund dollara. Hvorki framburður ákærða Stefáns Andreasar um, að ákærði Grétar Emil hafi fengið um 220 þúsund dollara, né hinar miklu innborganir ákærða Grétars Emils inn á ávísanareikning sinn í Búnaðarbankanum sanna nokkuð um þetta, þótt þær hins vegar veiti nokkrar líkur fyrir því, að um hendur ákærða Grétars Emils hafi farið fleiri dollarar en hann vill vera láta. Ákærði Grétar Emil hefur og gefið allsennilega skýringu á þessum miklu innborgunum inn á ávísanareikninginn. Af þessum ástæðum, sem nú hafa verið greindar, verður ekkert sagt með vissu um hagnað ákærða Grétars Emils af dollarasölunni.

Ákærði Grétar Emil hefur með því að kaupa og selja dollaraávísanirnar gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/1947, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. og nú 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Þá er nægilega sannað með eigin játningu ákærða Grétars Emils, að hann hafi um áramótin 1953 og 1954 keypt hér í bæ 30 til 40 dollara, sem hann sendi vestur til Bandaríkjanna. Með þessu atferli hefur ákærði Grétar Emil brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og 2. gr. laga nr. 42/1948 per analogiam.

Hins vegar hefur ákærði Grétar Emil ekki gerzt brotlegur við lög nr. 42/1948 með því að senda eða stuðla að því, að dollaraávísanirnar voru sendar utan. Gilda hér sömu ástæður og þær, er greint var frá hér að framan um ákærða Stefán Andreas, og verður því ákærði Grétar Emil sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Enda þótt ákærði Grétar Emil hafi í rannsókn málsins nefnt tölur, er hann gizkar á, að séu hámark dollaraviðskipta sinna, verður eigi talið, að nægileg vissa sé fengin fyrir upphæð hins ólöglega hagnaðar hans af viðskiptunum, til þess að upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga verði beitt. Við ákvörðun refsingar ákærða Grétars Emils þykir hins vegar rétt að taka tillit til sennilegs ágóða hans af hinum refsiverðu dollaraviðskiptum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. nú 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og 7. gr. laga nr. 42/1948 þykir refsing ákærða Grétars Emils hæfilega ákveðin

kr. 75.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Kristjáns Ágústssonar er sannað, að hann hafi á árunum 1954 og 1955 keypt dollaraávísanir af ákærða Grétari Emil fyrir kr. 23.00 hvern dollara og síðan selt ýmsum mönnum dollara fyrir kr. 23.00 til 25.00 hvern dollara. Um upphæð þeirra dollara, er ákærði Kristján keypti af ákærða Grétari Emil, gildir það sama og áður hefur verið rakið um ákærða Grétar Emil, að upphæðin er ósönnuð. Sjálfur taldi ákærði Kristján, að hann hefði keypt eitthvað á milli 11 og 16 þúsund dollara eða jafnvel eitthvað meira. Eins og ljóst er af atvikalýsingunni hér að framan um þátt ákærða Kristjáns, fundust engin þau gögn, er veittu óyggjandi upplýsingar um dollaraviðskipti þeirra ákærða Grétars Emils og ákærða Kristjáns né heldur um upphæð þeirra dollara, er ákærði Kristján seldi, og þá við hvaða verði í öllum tilfellum. Að vísu bendir hið ameríska tékkahefti ákærða Kristjáns, samfara eigin framburði hans, til þess, að hann hafi selt um 20 þúsund dollara, en ekki verður það talið nægilega sannað.

Ákærði Kristján hefur með því að kaupa og selja dollara gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Eins og fyrr er vikið að, reyndist bókhald ákærða Kristjáns, sem rekur heildsölu samkvæmt leyfi, dags. 10. september 1952, nokkuð ábótavant, þar sem hann hafði m. a. ekki fært lögskyldar bækur yfir viðskipti ársins 1953 og 1955, og bókhaldi yfir viðskipti ársins 1954 var áfátt. Hafði hann haldið mestum hluta bankaviðskipta utan bókhaldsins. Með þessu atferli sínu hefur ákærði Kristján brotið gegn 262. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 62/1938.

Ákærði Kristján er ákærður fyrir brot á 2. gr. analogice laga nr. 42/1948 fyrir að hafa flutt úr landi ávísanirnar, sem hann keypti af ákærða Grétari, og enn fremur að hafa stuðlað að því, að þeir, er hann seldi dollaraávísanir, flyttu þær úr landi. Um þenna lið ákærunnar gildir það sama, sem áður hefur verið skýrt frá varðandi ákærða Stefán Andreas. Af þeim ástæðum, er þar greinir, verður ákærði Kristján sýknaður af ákærunni um brot á lögum nr. 42/1948.

Eins og þegar hefir verið greint frá, er ekki vitað með nokkurri nákvæmni um upphæð dollara þeirra, er ákærði Kristján seldi, og því ekki heldur um ólöglegan ágóða hans af dollarasölunni.

Verður því eigi unnt að beita upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða Kristjáns þykir hins vegar rétt að taka tillit til sennilegs hagnaðar hans af dollaraviðskiptunum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 262. gr. sömu laga, 20. gr., sbr. 19 gr. laga nr. 62/1938, 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Kristjáns hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þess var krafizt í ákæruskjali, að ákærði Kristján yrði sviptur leyfi til stórsölu og smásölu, en hann hafði fengið smásöluleyfi þann 23. nóvember 1951. Ekki þykir brot ákærða Kristjáns svo stórfellt, að næg efni séu til að svipta hann þessum réttindum. Verður því þessi liður ákærunnar ekki tekinn til greina.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Ólafs Gíslasonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt dollaraávísanir af ákærða Grétari Emil og ákærða Kristjáni beggja vegna áramótanna 1954 og 1955, samtals að upphæð rösklega 2500 dollara. Með þessu atferli sínu hefir ákærði Stefán Ólafur brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Af sömu ástæðum og áður getur um ákærða Stefán Andreas, verður ákærði Stefán Ólafur eigi dreginn til ábyrgðar fyrir að hafa flutt dollaraávísanirnar úr landi og því sýknaður af þeim lið ákærunnar, er lýtur að ætluðu broti hans á lögum nr. 42/1948. Ákærði Stefán Ólafur flutti engan gjaldeyri út.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Stefáns Ólafs hæfilega ákveðin kr. 5000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Tómasar Kristjánssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann keypti í marz 1955 af ákærða Grétari Emil röska 2000 dollara fyrir ákærða Leif Böðvarsson. Ákærði Leifur er því hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði Tómas er aðeins meðalgöngumaður. Enn fremur er sannað með sama hætti, að ákærði Tómas keypti í maímánuði 1955 af ákærða Grétari Emil aðra dollaraávísun, að upphæð tæpir 2000 dollarar. Hluta af þessari upphæð, eða um 600 til 700 dollara, keypti ákærði Tómas fyrir ákærða Leif, sem er því einnig í þessu tilviki hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði

Tómas aðeins meðalgöngumaður. Hins vegar keypti ákærði afganginn af þessum tæpum tvö þúsund dollurum fyrir sjálfan sig og er í því tilviki hinn raunverulegi kaupandi.

Með því að kaupa þessa dollara fyrir sjálfan sig hefur ákærði Tómas gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þá hefur hann með hlutdeild sinni í því að koma á dollaraviðskiptunum milli ákærða Grétars Emils og ákærða Leifs brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Tómasar hæfilega ákveðin kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Tómas er ákærður fyrir að hafa brotið gegn lögum nr. 42/1948. Um hann gildir sama og aðra meðákærðu, að hann hefur ekki brotið gegn þessum lögum og verður því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Leifs Böðvarssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er fengin sönnun þess, að hann var kaupandi að dollurum af ákærða Grétari Emil, að upphæð um 2000 til 3000 dollarar. Með þessu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Leifs hæfilega ákveðin kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða Leifi er gefið að sök í ákæruskjali, að hann hafi brotið gegn lögum nr. 42/1948. Hann hefur ekki brotið gegn þessum lögum, sbr. það, sem áður segir um þetta atriði, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Péturs Hafliða Ólafssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann keypti 170 dollara ávísun af ákærða Kristjáni vorið 1955. Með þessu hátterni sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Péturs Hafliða

hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Hafliði, sem er einnig ákærður fyrir brot á lögum nr. 42/1948, flutti ekki gjaldmiðil út úr landinu, og gildir því sama um hann og aðra meðákærðu, að hann hefur ekki brotið gegn lögum nr. 42/1948 og verður því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Gerhards Olsens,, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt 2000 dollara af ákærða Kristjáni sumarið 1955. Með þessu hefur ákærði Gerhard brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Gerhards hæfilega ákveðin kr. 4000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Edwards Kristins Olsens, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi sumarið 1955 keypt af ákærða Kristjáni 2000 dollara. Með þessu hefur ákærði Edward Kristinn brotið gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum þykir refsing ákærða Edwards Kristins hæfilega ákveðin kr 4000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki eru taldar nægar sannanir framkomnar fyrir því, að ákærði Edward Kristinn hafi að auki keypt 800 dollara af ákærða Kristjáni, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Ber því að sýkna hann að þessu leyti.

Þá eru þeir ákærðu Gerhard og Edward Kristinn ákærðir fyrir brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðum, sem gilda um aðra meðákærðu varðandi þenna lið ákærunnar, er það álit dómsins, að ákærðu Gerhard og Edward Kristinn hafi eigi brotið gegn þessum lögum, og ber því að sýkna þá einnig af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Magnúsar Bjarnasonar og ákærða Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur er sannað, að ákærði Magnús keypti fyrir ákærða Margréti Dagbjörtu af ákærða Kristjáni um 1500 dollara sumarið 1955. Ákærði Margrét Dagbjört var því hinn raunverulegi kaupandi dollaranna, en ákærði Magnús aðeins meðalgöngumaður. Með þessu atferli sínu hefur ákærði Margrét

Dagbjört brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt 1. mgr., sbr. 11. gr. síðastnefndra laga og 2. mgr. 27. gr. nýnefndrar reglugerðar þykir refsing ákærða Margrétar Dagbjartar hæfilega ákveðin kr. 3000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús þykir með hlutdeild sinni í að koma á þessum dollaraviðskiptum milli ákærða Kristjáns og ákærða Margrétar Dagbjartar hafa brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3 mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Magnúsar hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Magnús og Margrét Dagbjört eru bæði ákærð fyrir brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðu, sem um aðra meðákærðu, er það álit dómsins, að þau hafi ekki gerzt brotleg við þessi lög, og ber því að sýkna þau af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningum ákærða Jónasar Thoroddsens og ákærða Einars Egilssonar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði Jónas keypti af ákærða Kristjáni 2000 dollaraávísun fyrir ákærða Einar Egilsson, sem var því hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði Jónas var aðeins meðalgöngumaður. Með þessari hlutdeild sinni í því að koma á þessum dollaraviðskiptum hefur ákærði Jónas gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun. Samkvæmt þessum tilvitnuðu lagaákvæðum þykir refsing ákærða Jónasar hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Einar Egilsson hefir með kaupunum á dollaraávísuninni brotið gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr.88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þykir refsing hans samkvæmt þessum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá er þeim ákærðu Jónasi og Einari gefið að sök brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðum, sem áður greinir, verður eigi séð, að þeir hafi brotið þessi lög, og ber því að sýkna þá af þessum lið ákærunnar.

Hver hinna ákærðu, er fékk sér skipaðan verjanda, er dæmdur til að greiða málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Stefán Andreas greiði verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Kristján Ágústsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði skipuðum verjanda sínum, Guðjóni Hólm hdl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00. Ákærði Tómas Kristjánsson og ákærði Leifur Böðvarsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrl., er hæfilega þykja ákveðin kr. 2000.00. Ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00.

Endurskoðunarkostnað í máli þessu greiði ákærðu Stefán Andreas Pálsson, Grétar Emil Ingvason og Kristján Ágústsson in solidum.

Allan annan sakarkostnað greiði þessir sömu ákærðu in solidum af 4/5 hlutum, en 1/5 hluta greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson sæti varðhaldi 6 mánuði og er sviptur stórsöluleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Ólöglegur hagnaður hans, að upphæð kr. 1.271.958.98, er upptækur gerður til ríkissjóðs.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði kr. 75.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Tómas Kristjánsson greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Leifur Böðvarsson greiði kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gerhard Olsen greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Edward Kristinn Olsen greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús Bjarnason greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jónas Thoroddsen greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Einar Egilsson greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Ákærði Kristján Ágústsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Akærði Stefán Ólafur Gíslason greiði skipuðum verjanda sínum, Guðjóni Hólm hdl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00. Ákærðu Tómas Kristjánsson og Leifur Böðvarsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Einari Baldvin Guðmundssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00. Ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Jóni N. Sigurðssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00.

Ákærðu Stefán Andreas Pálsson, Grétar Emil Ingvason og Kristján Ágústsson greiði in solidum endurskoðunarkostnað vegna máls þessa. Allan annan sakarkostnað greiði þessir sömu ákærðu in solidum að ⅘ hlutum, en ⅕ hluta greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 29. nóvember 1957.

Nr. 169/1956. **Jóhann og Hans Steinasynir**
gegn
**Dánarbúi Sigurðar Oddssonar.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jóhann og Hans Steinasynir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1957.

Nr. 127/1957. **Gunnar Jónsson**
gegn
**Ís h.f., Kópavogi.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1957.

Nr. 148/1957. **Jens Runólfsson**
gegn
**Jóni Jóhannessyni f. h.**
**Birgis Jónssonar.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jens Runólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóni Jóhannessyni f. h. Birgis Jónssonar, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 4. desember 1957.

Nr. 64/1957. **Sigurður Ófeigsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
**H/f Eimskipafélagi Íslands og gagnsök**
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1957. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 37.558.52 ásamt 7% árs-

vöxtum af kr. 36.098.52 frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. apríl þ. á. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum, en til vara lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda tjón hans að hálfu. Samkvæmt þessu og þar sem staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fjárhæð einstakra kröfuliða, á gagnáfrýjandi að greiða aðaláfrýjanda kr. 16.132.68 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags, orlofsfé, kr. 730.00, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Eimskipafélag Íslands h/f, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Ófeigssyni, kr. 16.862.68 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 16.132.68 frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.**

Ég fellst á ákvæði hæstaréttardómsins um sakarefni. Ég tel rétt, að gagnáfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Ófeigssyni, málskostnað í héraði, kr. 2500.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Sigurður Ófeigsson, Smálandsbraut 7 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. apríl 1956, gegn Einari B. Guðmundssyni hrl. vegna H/f Eimskipafélags Íslands til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 44.350.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags, kr. 1.460.00 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð til verulegra muna.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 20. nóvember 1953 vann stefnandi að því ásamt 3 mönnum öðrum að taka planka úr mahogný-viði úr timburstafla í vörugeymslu stefnda við Skúlagötu hér í bæ. Timburstafli þessi stóð upp við einn vegg vörugeymslunnar, og var timbrið í honum að mestum hluta skipaeik, en mahogný-plankar innan um. Til þess að ná þeim, rufu þeir félagar geil í miðjan staflann, þannig að tveir staflar mynduðust. Stóð einn þeirra við hvorn enda geilarinnar, en stefnandi og fjórði maðurinn stóðu í geilinni og „slógu undir" plankana. Skyndilega féllu nokkrir plankar ofan af stæðunni, sem nær veggnum var, og lentu á fótum stefnanda, þar sem hann stóð í geilinni og sneri baki að staflanum, sem fjær veggnum stóð. Skorðuðust fætur stefnanda undir plönkunum. Tókst þó brátt að losa hann, en við hnjask þetta hlaut hann brot um miðjan kálfa vinstri fótar.

Stefnandi skýrir svo frá, að áður en hann hóf að vinna við umræddan timburstafla, hafi hann verið að öðru verki í vörugeymslunni. Hafi þá einn þeirra manna, sem við timbrið unnu, kallað í hann og leitað aðstoðar hans til að hlaða plönkum þeim, sem ekki voru fluttir burt, upp á staflann, vegna þess, hve hár hann hafi þá verið orðinn. Varð stefnandi við þeirri beiðni. Kveður stefnandi, að er hér var komið, hafi staflinn verið tvískiptur orðinn og geil niður í hann miðjan, um 1½ metri á breidd. Kveðst stefnandi hafa tekið sér stöðu í miðri geilinni, en plönkum þeim, sem upp úr henni komu, hafi verið hlaðið upp á staflana sinn hvoru megin við hana. Stefnandi kveður staflana hafa verið misháa. Hafi sá, sem nær veggnum var, verið um tveir metrar á hæð, en hinn, sem fjær var, muni hafa verið um metri á hæð, hvort tveggja miðað við gólf. Engir þverlistar hafi verið settir á milli plankanna í stöflunum til að gera þá stöðugri. Ekki kveðst stefnandi vita, hver orsök þess var, að hrundi niður af staflanum. Kveðst hann hafa séð, er staflinn byrjaði að síga fram, og þá hlaupið aftur á bak, en ekki komizt nógu langt fyrir staflanum, sem fyrir aftan hann var.

Vitnið Jónas Sigurður Jónsson stóð að verki við annan enda timburstaflans. Skýrir vitni þetta svo frá, að plönkum þeim úr timburhlaðanum, sem ekki voru fluttir burt, hafi þeir félagar eingöngu kastað upp á þann staflann, sem nær veggnum var. Hafi sá stafli verið orðinn um einn metri á hæð eða lægri, er

slysið varð, en hinn hafi verið um einn metri eða aðeins hærri. Plönkunum hafi ekki verið raðað upp á staflann, en þó látnir þannig, að þeir hafi ekki talið hættu á því, að plankarnir hrindu niður.

Vitnið Jón Kristjánsson kveðst hafa haft svipaða aðstöðu við verkið og stefnandi, en óhjákvæmilegt hafi verið, að tveir menn stæðu í geilinni, er plönkunum var lyft upp á staflann, vegna þess, hve þungir þeir voru. Kveður það plankana, sem ekki voru fluttir burt, hafa verið lagða upp á staflana sinn hvoru megin við geilina, fyrst upp á þann, sem fjær veggnum var, en síðan hafi því verið hætt, til þess að hann yrði ekki of hár. Eftir það hafi þeir lagt plankana upp á staflann, sem við vegginn stóð. Vitnið kveður þá hafa staflað plönkunum, sem upp á stæðuna voru settir, og hafi það álitið, að engin hætta væri þessu samfara. Kveðst vitnið hafa verið nýbúið að taka í staflann, er slysið varð, og hafi því fundizt, að hann væri stöðugur. Vitnið segir, að hefði maður staðið við enda timburstaflans, hefði efri brún hans náð honum í öxl. Frá botni geilarinnar að gólfi hafi hins vegar verið tvö fet, er slysið varð. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hve margir plankar féllu niður af staflanum, en allur staflinn hafi sigið.

Vitnið Guðmundur Ólafsson skýrir svo frá, að plankana, sem þeir tóku úr geilinni og ekki voru bornir burt, hafi þeir látið upp á staflann, sem nær veggnum var. Er slysið varð, hafi stafli þessi náð því í rasshæð, er það stóð í geilinni, en í brjóst, er það stóð á gólfinu. Vitnið kveðst hafa veitt því athygli, er staflinn byrjaði að síga. Hafi það verið nokkrir efstu plankarnir, sem niður féllu, en aðallega hafi það verið einn þeirra, sem lenti á fótum stefnanda. Kveðst vitnið telja, að orsök þess, að plankarnir féllu niður, hafi verið sú, að efsti plankinn á staflanum hafi legið að veggnum og spennt staflann frá veggnum. Vitnið kveður það hafa verið nauðsynlegt, að menn stæðu í geilinni á milli staflanna, til þess að tveir menn kæmust að hvorum enda hvers planka.

Stefnanda og framangreindum vitnum ber saman um, að þeim hafi virzt öruggt að vinna umrætt verk á þann hátt, sem þeir gerðu, svo og að þeir hafi hagað verkinu á þann hátt, sem þeim virtist hagkvæmastur og án nokkurra fyrirmæla frá öðrum. Þá ber þeim og saman um, að enginn þeirra hafi komið við staflann, er hann hrundi, og stefnandi og eitt vitnið taka fram í því sambandi, að hlé hafi þá verið á verkinu, þar sem

þeir félagarnir hafi verið að ræða um það, hvernig verkinu skyldi fram haldið.

Lögreglurannsókn út af slysi þessu fór fram á öndverðu ári 1954. Voru þá teknar skýrslur af stefnanda og fyrrnefndum vitnum. Er það, sem hér að framan er rakið um málavexti, á þeirri rannsókn byggt. Hinn 1. þ. m. var málið dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi. Var síðan kveðinn upp í því úrskurður, þar sem aðiljum var veittur kostur á að kveðja fyrrgreind vitni fyrir dóm til yfirheyrslu um nánari atvik að slysinu svo og verkstjóra þann, er hafði á hendi verkstjórn í vörugeymslunni, er slysið varð. Hinn 18. þ. m. komu tvö af vitnunum og stefnandi fyrir dóm af þessu tilefni, án þess að nokkur ný atriði, er máli skiptu, kæmu fram um orsakir slyssins. Þá kom og verkstjóri sá, er hér átti hlut að máli, fyrir dóm. Kvaðst hann hafa verið að tala í síma, er slysið varð, og því eigi verið sjónarvottur að því. Er hann var inntur eftir því, hvort hann hefði gefið fyrirmæli um tilhögun verksins, svaraði hann því til, að menn þeir, er hann fól framkvæmd þess, hafi allir verið þaulvanir slíku starfi og óþarft að gefa þeim fyrirmæli um tilhögun þess. Vitnið kveðst hafa verið kvatt í síma, þegar eftir að það hafði sett mennina til verks. Hafi því ekki verið um það að ræða, að það liti eftir verkinu. Ekki kveðst vitnið geta um það sagt, hve hár staflinn við vegginn var orðinn, er slysið varð, en kveðst búast við, að hæð stæðunnar allrar hafi verið um um einn metri, er verkið hófst.

Lögreglumaður sá, er rannsókn slyssins hafði á hendi, fór á slysstaðinn og mældi mahognyplanka úr margnefndum timburstafla. Reyndust þeir vera frá 28 til 80 cm á breidd, um 5 cm á þykkt og um 7 metrar á lengd.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt, eftir reglum skaðabótaréttar um „ábyrgð á verkum annarra". Virðist þar átt við ábyrgð atvinnurekanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Hann hafi fengið laun greidd hjá stefnda, sem og þeir, er með honum unnu. Enn fremur hafi hann verið á slysstaðnum eftir fyrirmælum frá starfsmönnum stefnda og sjálfur hafi hann enga sök átt á slysinu.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að því fari fjarri, að leitt sé í ljós, að starfsmönnum hans, sem með stefnanda unnu við umrætt verk, verði á nokkurn hátt um slysið kennt. Skírskotar hann í því efni til framburða þeirra við lögreglurannsóknina út af slysinu. Verk þetta hafi verið með öllu vandalaust, og

ekkert hafi skort á eftirlit eða útbúnað af hans hendi. Sé svo að sjá, að slysið hafi orðið fyrir hreina óhappatilviljun, nema því aðeins að telja megi, að rekja megi orsök þess til ógætni stefnanda sjálfs. Telur stefndi því, að öldungis sé vafalaust, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda í málinu. Varakrafan er á því reist, að stefnandi hafi sýnt af sér ógætni og verði því sjálfur að bera meginhluta tjóns þess, er hann beið.

Þegar virt er skýrsla stefnanda um atvik að slysi þessu svo og framburðir manna þeirra, er með honum unnu, þá kemur í ljós, að mikils ósamræmis gætir um það veigamikla atriði, hversu hár staflinn, sem af hrundi, var orðinn, er slysið varð. Þá er það og á huldu, hve breiður stafli þessi var. Hins vegar eru menn þessir á einu máli um það, að forsvaranlegs öryggis hafi verið gætt við framkvæmd verksins og að enginn hafi hróflað við staflanum, er slysið varð, svo sem áður greinir.

Þrátt fyrir þetta verður þó eigi talið, að unnt sé að rekja slysið til annarrar orsakar en þeirrar, að eigi hafi verið höfð í frammi sú aðgæzla við hleðslu timbursins, sem nauðsynleg var, eins og aðstæður voru, en ljóst er, að þörf var sérstakrar vandvirkni og nákvæmni við verkið, þar sem plankar þeir, sem upp var hlaðið, voru mjög fyrirferðarmiklir, þungir og misbreiðir. Verður því stefnandi, sem hér átti hlut að, að bera tjón sitt að nokkru sjálfur.

Á hinn bóginn er fram komið í málinu, að verkstjóri stefnda, er hér átti hlut að máli, gaf hvorki fyrirmæli um, hvernig framkvæmd verksins skyldi hagað, né leit eftir því, að gætt væri nauðsynlegra öryggisráðstafana við framkvæmd þess, svo sem skylt var.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að 3/5. hlutum.

Kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Atvinnutjón 20.11.'53—20.9.'54 ..... | kr. 29.200.00 |
| 2. | Læknishjálp ..... | — 150.00 |
| 3. | Þjáningabætur ..... | — 15.000.00 |
| | Samtals .... | kr. 44.350.00 |

Við þá fjárhæð bætist orlofsfé, kr. 1.460.00, sem stefnandi hefur krafizt sérstaklega, svo sem fyrr greinir.

Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 8.251.48, sem hann hefur þegar fengið greiddar upp í tjón sitt. Eru kr. 7.418.32 af þeirri fjárhæð bætur frá Trygg-

ingastofnun ríkisins, en kr. 833.16 laun, sem stefndi greiddi honum fyrstu vikuna eftir slysið.

Um 1. og 2.

Fjárhæðir þessara kröfuliða eru ekki véfengdar. Verða þeir því lagðir til grundvallar óbreyttir. Svo er og um kröfu stefnanda til orlofsfjár.

Um 3.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Við skoðun þar kom í ljós, að vinstri fótleggurinn var brotinn rétt neðan við miðju. Var búið um brotið í gipsumbúðum og stefnandi fluttur heim til legu þar. Varð hann að liggja rúmfastur um 5 mánaða skeið. Eftir það fékk hann göngugips, en var ófær til vinnu í aðra 5 mánuði. Mun hann hafa hafið vinnu að nýju um miðjan september 1954.

Hinn 25. október 1954 var stefnandi skoðaður af Páli Gíslasyni lækni. Í vottorði, dags. sama dag, getur læknirinn þess, að brotið sé vel gróið, vöðvar á vinstri fótlegg séu heldur rýrari en á þeim hægri, en hreyfingar alveg óhindraðar. Þá getur læknirinn þess, að engin stytting sé á vinstri fótlegg og stefnandi sé óhaltur.

Í vottorði sama læknis, dags. 11. október 1955, segir á þessa leið um meiðsli stefnanda:

„.... Við skoðun núna kemur í ljós, að vinstri fótur sjúklingsins er algjörlega heilbrigður, vöðvarýrnun, sem áður er lýst, er algjörlega horfin. Smávegis litarbreyting er á húð yfir brotstaðnum.

Telja verður, að sjúklingurinn hafi algjörlega náð sér eftir slysið."

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem óþarflega háum. Telur hann, að hærri bætur en kr. 7.500.00 komi ekki til greina.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 12.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda nema alls kr. 41.350.00 (kr. 29.200.00 + kr. 150.00 + kr. 12.000.00) auk orlofsfjár. Frá þeirri fjárhæð dragast kr. 7.418.32, sem hann samkvæmt framansögðu hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt. 3/5 þeirrar fjárhæðar, kr. 20.359.00, að frádregnum áður greiddum kr. 833.16, eða kr. 19.525.84, verður stefndi dæmdur til að greiða ásamt 6% ársvöxtum frá slysdegi til

greiðsludags, en heimild brestur til að dæma 7% vexti p.a., svo sem krafizt er. Þá verður stefndi og dæmdur til greiðslu 3/5. umkrafins orlofsfjár, kr. 876.00.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.200.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Sigurði Ófeigssyni, kr. 19.525.84 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags, kr. 876.00 í orlofsfé og kr. 2.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 6. desember 1957.

Nr. 167/1956. **Hans Petersen h/f** (Hörður Ólafsson hdl.)
gegn
**Þór E. Sandholt og gagnsök**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hdl.)

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.**

Skaðabótamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1956 og gert þær dómkröfur aðallega, að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að fjárhæð héraðsdóms verði færð niður og hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1956 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda

verði dæmt að greiða honum kr. 105.078.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður að miða við það, að lampi sá, sem í málinu greinir, hafi verið keyptur í verzlun aðaláfrýjanda, og með tilvísun til raka héraðsdóms verður að telja sannað, að lampinn hafi verið haldinn þeim galla, sem leiddi til slyss gagnáfrýjanda, þá er aðaláfrýjandi seldi hann.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda. Með vottorði, dags. 5. nóvember 1957, hefur Bergþór Smári læknir lýst því, að eigi sé efni til að breyta mati á örorku aðaláfrýjanda, og sé hún því 6%.

Rétt þykir að ákveða fébætur handa aðaláfrýjanda þannig:

1. Bætur fyrir orkumissi ..... kr. 40.000.00
2. — — þjáningar, lýti og óþægindi — 15.000.00

Samtals kr. 55.000.00

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hans Petersen h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þór E. Sandholt, kr. 55.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Þór E. Sandholt skólastjóri, Reynimel 31 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. júní 1955, gegn Hans Petersen h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 105.078.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda.

Málsatvik eru þessi:

Á öndverðu ári 1953 varð að samkomulagi með stefnanda og formanni félags eins hér í bænum, að stefnandi flytti erindi á fundi í félagi þessu um skipulag Reykjavíkur. Af þessu tilefni lét stefnandi taka myndir og búa til skuggamyndir af nokkrum skipulagsuppdráttum og líkönum. Til þessa verks fékk hann Ágúst Böðvarsson verkfræðing, og fór myndatakan fram í teiknistofu skipulagsdeildar Reykjavíkur kl. 18.00 til 19.00 hinn 27. febrúar s. á. Til þess að lýsa upp uppdrætti þá, sem ljósmyndaðir voru, notaði Ágúst tvo lampa, sem voru með skermum úr málmi og þannig úr garði gerðir, að perustæðið og skermurinn voru fest við klemmur, til þess ætlaðar að grípa um borðrönd, stólbak eða aðra hluti til festingar. Lampar þessir voru tengdir við rafkerfi hússins með rafsnúru frá rafstungu á einum vegg herbergisins, en sú snúra var aftur tengd í tvær rafsnúrur, er lágu hvor í sinn lampa. Var notkun lampanna hagað svo, að ýmist var þeim fest á hentuga staði í herberginu eða stefnandi og maður, að nafni Kristján Haukur Pétursson, héldu hvor á sínum lampa og beindu ljósinu á teikningarnar eftir fyrirmælum Ágústs. Er verkinu var lokið, var annar lampinn festur á glerkassa, sem í herberginu var, en hinn var skilinn eftir á borði annars staðar í herberginu. Fór Ágúst þegar að taka saman tæki sín, en stefnandi, sem hugðist hjálpa Ágústi við það verk, tók lampann, sem á borðinu lá, og slökkti á honum með því að þrýsta á hnapp, sem á honum var. Að því búnu tók hann hinn lampann og hugðist slökkva á honum á sama hátt, en um leið og hann snerti lampann, varð hann fyrir svo sterkum rafstraumi, að hann féll á gólfið með lampana í fanginu og gat ekki losað sig við þá. Er slysið varð, rak stefnandi upp óp, en Ágúst, sem sneri baki að honum, og var að sýsla með tæki sín, leit við á sama andartaki og sá, hvar stefnandi hneig niður með lampana í fanginu. Um leið kippti Ágúst í snúruna, sem lá við fætur hans, og rauf með því rafstrauminn.

Ágúst Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að lampa þessa og tvo að auki hafi hann keypt í verzlun stefnda. Mun það hafa verið 17. janúar s. á. Hafi hann verið búinn að nota þá um nokkurt skeið, er hér var komið. Notaði hann alla fjóra lampana í einu og minnist þess, að eitt sinn áður en atburðir þeir gerðust, sem hér um ræðir, hafi rafmagnsöryggi í vinnustofu hans sprungið, er hann kveikti á lömpunum. Hafi hann þá skoðað einn lamp-

ann og komizt að raun um, að annar hinna óeinangruðu enda snúrunnar, sem tengd var við lampann, hafi staðið útundan tengiskrúfu perustæðisins og snert málmhólk þann, sem umlykur perustæðið. Við þetta hafi rafstraum „leitt út" í málmhólkinn. Hafi hann sjálfur gert við galla þenna með því að stytta fyrrnefndan snúruenda og hagræða honum betur undir tengiskrúfuna. Fleiri lampa hafi hann ekki skoðað, en að viðgerð þessari aflokinni, hafi hann kveikt á lömpunum af nýju og notað þá áfram, án þess að verða var nokkurrar „útleiðslu". Breytingar eða frekari lagfæringar á lömpunum en þær, sem nú var lýst, hafi ekki verið framkvæmdar. Ekki kveðst Ágúst muna, hvort lampi sá, er hann lagfærði, hafi verið annar þeirra tveggja, sem hann notaði, er hann vann fyrir stefnanda, en telur, að svo hafi ekki verið, þar sem þurft hafi að lagfæra þá báða eftir slysið. Kveðst hann hafa verið viðstaddur, er gert var við þá, og hafi verið um sama galla á þeim báðum að ræða, sem fyrr var lýst.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hvorki hafi orðið vart „útleiðslu" í lömpunum, meðan á ljósmyndun uppdráttanna stóð, né heldur hafi Ágúst minnzt á, að lamparnir væru varhugaverðir.

Kristján Haukur Pétursson var farinn burtu, er slysið varð, en hann kveðst ekki hafa orðið annars var en lamparnir væru í fyllsta lagi.

Skömmu eftir slysið fór Ágúst Böðvarsson til Rafmagnseftirlits ríkisins með margnefnda tvo lampa og fór þess á leit, að þeir væru athugaðir, Var það gert. Og í bréfi frá Rafmagnseftirlitinu til Dómsmálaráðuneytisins varðandi rannsókn slyssins, dags. 29. maí 1954, er niðurstaða þeirrar athugunar birt. Segir þar á þessa leið:

„.... tengingu aðtauga við báða lampana var ábóta vant þannig, að málmurinn í annarri aðtauginni á hvorum lampa snerti málmumgerð lampans, og mun þetta hafa orðið þess valdandi, að maður, sem hélt á lömpunum, sínum í hvorri hendi, fékk rafstraum í gegnum sig, þegar lamparnir voru tengdir við raflögn hússins ...."

Þá segir enn fremur í sama bréfi, að í byrjun febrúar 1954 hafi stefndi sent Rafmagnseftirlitinu til athugunar fjóra sams konar lampa og hér um ræðir. Lampar þessir hafi verið teknir til athugunar á næsta fundi raffangaprófunarnefndar, og er niðurstaða þeirrar athugunar á þá leið, að tillóða þurfi vírenda undir tengiskrúfur. Þá er og á það bent, að mjög sé óheppilegt, að lamparnir séu úr málmi. Í samræmi við þetta var lagt

fyrir stefnda að láta tengja af nýju alla lampa af þessari gerð, er stefndi hefði til sölu í verzlun sinni, svo og að tilkynna Rafmagnseftirlitinu, er viðgerð væri lokið. Með bréfi, dags. 24. s. m., tilkynnti stefndi Rafmagnseftirlitinu, að lokið væri endurbótum á lömpunum, og daginn eftir voru þeir skoðaðir af Rafmagnseftirlitinu, og reyndist frágangur þeirra fullnægjandi.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er hann hafi beðið við slys það, sem um ræðir í málinu.

Stefndi hefur mótmælt því, að tengingu lampanna hafi verið ábóta vant, er þeir voru seldir úr verzlun hans, enda sé honum ókunnugt um, að slys hafi nokkru sinni hlotizt af eðlilegri notkun slíkra lampa. Þá er því og mótmælt, að lamparnir hafi verið í sama ástandi, er slysið varð, og þeir voru í við afhendingu í verzlun hans. Er á það bent í því sambandi, að svo megi fara með öll rafmagnstæki, að þau verði hættuleg. Og með skírskotun til þess, að slíkir lampar hafi hvorki fyrr né síðar valdið slysum, líti svo út, að umræddir tveir lampar hafi sætt slíkri meðferð, að tengingar þeirra hafi farið úr lagi. Þá er að lokum á það bent, að ekki hafi verið sýnt fram á það, að rafsnúrur lampanna séu þær sömu og upphaflega hafi fylgt þeim, og er því mótmælt, að svo sé. Vel geti verið, að skipt hafi verið um snúrur, og hinar nýju hafi þá verið tengdar á óforsvaranlegan hátt.

Það er ekki véfengt í málinu, að lampar þeir, er slysinu ollu, hafi verið keyptir í verzlun stefnda.

Samkvæmt auglýsingu nr. 140 frá 1940 bar stefnda að senda Rafmagnseftirliti ríkisins sýnishorn af lömpum þessum til „prófunar og viðurkenningar", eins og í auglýsingunni segir, áður en hann hæfi sölu á þeim í verzlun sinni. Þetta vanrækti stefndi. Sem fyrr greinir, fór Ágúst Böðvarsson, skömmu eftir að stefnandi slasaðist, til Rafmagnseftirlits ríkisins með þá tvo lampa, er slysinu ollu. Og við athugun þar kom í ljós, að tengingu þeirra var áfátt með sama hætti og annarra sams konar lampa, er stefndi hafði til sölu í verzlun sinni tæpu ári síðar og athugaðir voru þá. Er sýnt, að með þessari ófullkomnu tengingu voru lamparnir hættulegir í notkun. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, hve stutt var síðan umræddir tveir lampar höfðu verið keyptir, eða um 5 vikur, þá er það ekki sennilegt, að áliti hinna sérfróðu samdómenda, að gallar þeir á tengingu lampanna, sem að framan er lýst, verði að nokkru leyti raktir til notkunar þeirra eða meðferðar. Með skírskotun til alls þessa ber að fella óskoraða fébótaábyrgð á slys-

inu á stefnda, enda hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnanda verði á nokkurn hátt um það kennt.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Atvinnutjón vegna varanlegrar örorku ..... kr. 75.078.00
2. Þjáningar, lýti og óþægindi ..... — 30.000.00

Samtals kr. 105.078.00

*Um 1.*

Skömmu eftir slysið komu tveir læknar á vettvang. Mældu þeir blóðþrýsting stefnanda, en að því búnu, var honum ekið heim, og lagðist hann þegar í rúmið. Í vottorði annars þessara lækna, dags. 29. október 1954, segir á þessa leið um meiðsli hans:

„.... Hann (stefnandi) var mjög máttfarinn og var mjög lengi að ná sér eftir slysið. Vinstri vísifingur brenndist inn í bein á nokkuð stóru svæði. Sárið greri mjög hægt á mörgum mánuðum, án þess að holdfyllast, fingurinn er því nokkuð bæklaður og tilfinningarlaus öðru megin."

Stefnandi kveðst hafa legið rúmfastur frá slysdegi til 1. marz 1953, en byrjað vinnu að nokkru 3. sama mánaðar. Allur líkaminn hafi verið mjög stirður fyrst eftir slysið, sérstaklega bolurinn, og hafi hann átt erfitt með að liggja og erfitt með að beygja sig lengi fram eftir sumri. Hreyfingar hafi ekki verið orðnar sársaukalausar, fyrr en leið á haustið. Hinn 27. marz 1954 skýrir stefnandi svo frá, að fingurinn sé sæmilega gróinn orðinn, en mjög kulvís og lítt eða ekki nothæfur. Komi sárar kvalir í hann, ef kalt er í veðri, svo og við áreynslu eða þreytu. Þá sé ör, sem á fingrinum sé, mjög aumt viðkomu, einkum ofan til. Líkamlegt ástand sitt að öðru leyti kveður hann líkt og fyrir slysið, nema hvað taugarnar séu engan veginn komnar í samt lag og áður. Hann sé mjög viðbrigðagjarn og eigi erfitt með svefn á kveldin, einkum sé hann þreyttur, svo og þoli hann minni andlega áreynslu en áður og eigi erfitt með að sitja lengi kyrr, t. d. í leikhúsi eða á fundum.

Hinn 22. apríl 1955 skoðaði Bergþór Smári stefnanda og mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 25. s. m., segir svo: ....

„Vinstri vísifingur: Innantil og lófamegin á efstu kjúku er mikið dregið úr holdi og örvefur. Dálítil eymsli eru á þessum stað. Fingurinn réttist ekki til fulls í næstfremsta lið (í ca. 150°), en kreppist í lófa, með litlum krafti þó. Dofatilfinning er ofan til í fingrinum.

Ekki telst líklegt, að um öllu meiri bata verði að ræða, nema hvað slappleikinn ætti að lagast smám saman."

Telur læknirinn, að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins sé hæfilega metin 6%.

Örorkumati þessu vildi stefndi ekki una, og að beiðni hans var leitað álits Læknaráðs um örorku stefnanda. Var málið lagt fyrir Læknaráð á þá leið, að beiðzt var umsagnar um, hver væri varanleg örorka stefnanda, er telja mætti sennilega afleiðingu slyssins. Var málið afgreitt í Læknaráði á þá leið, að fyrrgreint örorkumat var staðfest.

Stefnandi er talinn fæddur 30. marz 1913 og hefur því verið tæplega fertugur að aldri, er hann varð fyrir umræddu slysi. Stefnandi er húsameistari að menntun og veitti á þessum tíma forstöðu skipulagsdeild Reykjavíkurbæjar, en er nú skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík.

Hinn 8. júní 1955 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út áætlað atvinnutjón stefnanda vegna slyssins. Til hliðsjónar við útreikning sinn hafði tryggingafræðingurinn staðfest afrit af skattaframtölum stefnanda frá árunum 1953—'55, en samkvæmt þeim námu atvinnutekjur hans árið 1952 kr. 65.758.00, árið 1953 kr. 67.949.00 og árið 1954 kr. 89.338.00. Getur tryggingafræðingurinn þess, að framtölin beri það með sér, að atvinnutekjur stefnanda hafi bæði verið laun fyrir föst störf hjá Reykjavíkurbæ og Iðnskólanum svo og greiðslur fyrir ýmis störf, aðallega uppdrætti. Þessi framtöl liggja frammi í málinu. Gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að örorkan lækki lítið eða ekkert þau laun, er stefnandi fái fyrir föstu störfin. Á hinn bóginn sé trúlegt, að hann verði að hætta aukastörfum að einhverju eða öllu leyti. Samkvæmt því hefur tryggingafræðingurinn gert áætlun um atvinnutjón stefnanda, sem reist er á þeim forsendum, að örorka hafi rýrt heildaratvinnutekjurnar um 6% og að sú rýrnun komi eingöngu fram á greiðslum fyrir aukastörfin. Verðmæti þessa áætlaða atvinnutjóns reiknast tryggingafræðingnum að nemi kr. 75.078.00, miðað við slysdag. Kemur sú fjárhæð heim við kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið stefnukröfunnar.

Grundvöllur þessa útreiknings er, auk þess, sem að framan greinir, 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt reynslu fyrir íslenzka karla á árunum 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki föst auka-

störf, en kveðst alltaf öðru hverju taka að sér að teikna mannvirki utan hins fasta starfa síns.

Stefndi hefur mótmælt því, að um nokkra varanlega örorku getið verið að ræða hjá stefnanda af völdum slyssins. Hann sé húsameistari að menntun og starfi, afköst hans uppdrættir að húsum og ekki fram komið í málinu, að hann sé örvhendur. Meiðsli á vísifingri vinstri handar geti því engin áhrif haft á getu stefnanda til að afla sér tekna, enda komi fram á skattframtölum hans, að tekjur hans hafi hækkað að miklum mun eftir slysið. Þá sé augljóst, að óþægindi þau, er stefnandi kvarti undan, slappleiki og taugaslen, hafi ekki dregið úr getu hans til að afla sér tekna og muni ekki gera það síðar, þar eð læknir sá, er mat örorku hans, segi, að óþægindi þessi muni lagast smám saman.

Við ákvörðun bóta til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið þykir bera að leggja til grundvallar fyrrgreint örorkumat svo og hafa hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins.

Þegar það allt er virt, sem að framan greinir, ásamt öðru því, sem máli verður talið skipta, og m. a. höfð hliðsjón af því, að vextir af fé eru almennt hærri hér á landi en 4% p. a., þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Er þá einnig haft í huga, að allar líkur eru til þess, að örorka stefnanda fyrst eftir slysið hafi verið meiri en 6%.

*Um 2.*

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin. Í málinu liggja frammi myndir af fingri stefnanda, og bera þær með sér, að fingurinn er allmikið lýttur. Með skírskotun til alls þessa þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 70.000.00 (kr. 60.000.00 + kr. 10.000.00) með vöxtum, sem ákveðast 6% p. a. frá þeim tíma, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00. Er þar innifalinn kostnaður við örorkumat og útreikning tryggingafræðings svo og kostnaður við ljósmyndun af fingri stefnanda.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnunum Jóni Á. Bjarnasyni rafmagnsverkfræðingi og Óskari Hallgrímssyni rafvirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hans Petersen h/f, greiði stefnanda, Þór E. Sandholt, kr. 70.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 9. desember 1957.

Nr. 122/1957. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

**Agli Vilhjálmssyni h/f og gagnsök** (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Veltuútsvar réttilega á lagt. Endurheimtu synjað.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1957. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. september 1957. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um greiðslu til hans úr hendi aðaláfrýjanda. Svo krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu er eingöngu um það deilt, hvort veltuútsvar, sem skattayfirvöld gerðu gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda árið 1956 af bílainnflutningi hans árið 1955, hafi verið löglega á lagt.

Samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda nam álagning gagnáfrýjanda á bíla þá, er hann flutti inn árið 1955, kr. 4,5% af kostnaðarverði þeirra hingað kominna að viðbættum tollum, en án söluskatts og aukaleyfisgjalds. Auk þess

tók hann kr. 245.00 af hverri einstakri bifreið einnig samkvæmt heimild frá verðlagsyfirvöldum.

Við framtal eigna og tekna árið 1956 gerði gagnáfrýjandi skattayfirvöldum ekki grein fyrir, hversu hárri fjárhæð hefði numið það heildarverð innfluttra bíla árið 1955, sem framangreind álagning var lögð á. Hins vegar hefur hann tjáð skattayfirvöldum, að heildarálagning hans á innflutta bíla árið 1955 hafi numið kr. 751.200.00.

Þegar niðurjöfnun útsvara fór fram í Reykjavík árið 1956, áætlaði niðurjöfnunarnefndin, að heildarandvirði bíla þeirra, sem gagnáfrýjandi flutti inn árið 1955, miðað við kostnaðarverð þeirra hingað kominna, að viðbættum tollum og álagningu, en án söluskatts og aukaleyfisgjalda, hafi numið kr. 15.000.000.00. Gerði niðurjöfnunarnefndin gagnáfrýjanda að greiða veltuútsvar af fjárhæð þessari, upphaflega 0,95%, þ. e. kr. 142.500.00, en síðar lækkaði hún það í kr. 97.500.00. Gagnáfrýjandi kærði veltuútsvar þetta til yfirskattanefndar, en hún lét það standa óbreytt. Enn kærði hann það til Ríkisskattanefndar, og lækkaði hún það í kr. 62.500.00. Samsvarar sú fjárhæð 0,417% af kr. 15.000.000.00.

Gagnáfrýjandi telur starfsemi sína af innflutningi bíla árið 1955 ekki hafa verið venjulegan verzlunarrekstur, heldur hafi hann aðeins verið milligöngumaður um kaupin milli hinna einstöku kaupenda hér á landi og hinna erlendu bílaframleiðenda. Hafi skattayfirvöldum því verið óheimilt að leggja á hann veltuútsvar, eins og um vörusölu væri að ræða, heldur hafi aðeins átt að leggja slíkt útsvar á þóknun þá, er hann fékk fyrir milligönguna, þ. e. fyrrgreindar kr. 751.200.00. Telur hann, að veltuútsvar, þannig á lagt, mundi hafa numið kr. 15.000.00. Og þar sem hann hafi greitt allt veltuútsvarið, kr. 62.500.00, eigi hann rétt til að fá endurgreiddar kr. 47.500.00, enda sé viðurkennt af aðaláfrýjanda, að fyrirvari um endurgreiðslu taki til þeirrar fjárhæðar.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, hefur bílainnflutningur gagnáfrýjanda árið 1955 farið fram með þeim hætti, að hann tók við innflutningsleyfum, sem væntanlegir bílakaupendur höfðu sjálfir aflað sér á

sitt nafn hjá stjórnvöldum þeim, sem slík leyfi veittu. Handhafar leyfanna öfluðu einnig erlends gjaldeyris til greiðslu á innkaupsverði bílanna, en gagnáfrýjandi tryggði sér jafnframt, að kaupandinn greiddi nokkurn hluta fullnaðarverðsins fyrir fram. Gagnáfrýjandi pantaði síðan bílana í eigin nafni frá þeim bílaframleiðendum erlendis, sem hann hafði verzlunarsambönd við. Jafnframt lét hann merkja hverja bílasendingu upphafsstöfum leyfishafans. Þegar bílarnir komu hingað til lands, veitti gagnáfrýjandi þeim viðtöku og innti af hendi allar nauðsynlegar greiðslur. Gaf hann kaupandanum síðan heildarreikning fyrir öllu bílverðinu og veitti viðtöku þeim hluta þess, sem þá var enn ógreiddur. Það er því ekki rétt, sem segir í hinum áfrýjaða, dómi, að gagnáfrýjandi hafi ekki tekið við neinum hluta kaupverðsins.

Þegar framangreind starfsemi gagnáfrýjanda er virt, verður ekki talið, að hún hafi verið fólgin í því að koma á beinu kaupsambandi milli hinna erlendu bílaframleiðenda og kaupenda bílanna hér á landi, er hann hafi sjálfur staðið utan við sem milligöngumaður, heldur hafi hann borið seljandaábyrgð gagnvart hinum einstöku kaupendum hérlendis. Hagnaður sá, sem gagnáfrýjandi hafði af bílainnflutningnum, var einnig beinlínis lagður á kostnaðarverð bílanna hingað kominna, að viðbættum tollgjöldum, og þannig greiddur af kaupendum. Er þessi aðferð við öflun hagnaðar af innfluttri vöru í engu frábrugðin venjulegri verzlunarálagningu, en á ekki skylt við umsýslulaun. Skattayfirvöldum var því heimilt að leggja hæfilegt veltuútsvar á gagnáfrýjanda vegna bílasölunnar. Ekki eru leidd rök að því, að skattayfirvöldin hafi áætlað gjaldstofninn, kr. 15.000.000.00, of hátt, og ekki verður heldur talið, að útsvarsupphæðin sé fjarstæðukennd, miðað við gjaldstofninn annars vegar og álagningarhagnað gagnáfrýjanda hins vegar. Þar sem skattayfirvöld hafa þannig ákveðið veltuútsvar innan réttra valdmarka, ber að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði

aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Egils Vilhjálmssonar h/f, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1957.**

Mál þetta, sem var dómtekið 14. þ. m., hefur Egill Vilhjálmsson h/f hér í bænum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. apríl 1957, gegn Gunnari Thoroddsen borgarstjóra f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur til endurgreiðslu á ofteknu útsvari, kr. 47.500.00 auk 6% ársvaxta frá 19. marz 1957 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi kveðst vera umboðsmaður ýmissa erlendra bifreiðaverksmiðja. Á vegum hans hefur verið fluttur inn fjöldi bifreiða. Stefndi hefur reiknað útsvar stefnanda fyrir árið 1956 kr. 375.000.00 upphaflega og sundurliðar það á þenna hátt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tekjuútsvar af kr. 941.400.00 ..... | kr. 33.800.00 |
| 2. | Eignarútsvar af netto-eign, kr. 2.051.600.00 .. | — 19.646.00 |
| 3. | Veltuútsvar af sölu, 0,95% af kr. 13.395.100.00 | — 126.900.00 |
| 4. | Veltuútsvar af verkstæði, 1% af kr. 4.003.700.00 | — 44.000.00 |
| 5. | Veltuútsvar af húsaleigu, 2% af kr. 508.200.00 .. | — 10.100.00 |
| 6. | Veltuútsvar af áætluðum bifreiðainnflutningi, 0,95% af 15 milljónum króna ..... | — 142.500.00 |
| | | Kr. 376.946.00 |

Segir svo í yfirlýsingu niðurjöfnunarnefndar (dómskjal nr. 39): „Með hliðsjón af þessu var útsvarið upphaflega álagt kr. 375.000.00, en síðar var þó áætlun samkvæmt 6. lið lækkuð þannig, að útsvarið lækkaði í kr. 330.000.00."

Stefnandi vildi ekki sætta sig við álagningu veltuútsvars af áætluðum bifreiðainnflutningi og kærði þá áætlun til niðurjöfnunarnefndar, yfirskattanefndar og Ríkisskattanefndar. Niður-

jöfnunarnefndin lækkaði útsvarið, eins og fyrr er sagt, niður í kr. 330.000.00. Yfirskattanefnd breytti þeirri álagningu í engu, en Ríkisskattanefnd segir svo í úrskurði sínum (dómskjal nr. 50): „Telur Ríkisskattanefnd, að verzlunarrekstur þessi sé útsvarsskyldur, en með tilliti til þess, sem að ofan segir, þykir mega lækka veltuútsvarið af þessum lið ....“

Lauk því þannig, að útsvarið var af ofangreindum orsökum lækkað niður í kr. 295.000.00.

Stefnandi greiddi fyrirvaralaust allt útsvarið nema kr. 45.000.00, en eins og fyrr er sagt, hafði hann alltaf mótmælt því, að á hann yrði lagt veltuútsvar, miðað við innflutningsverðmæti bifreiða þeirra, er hann kvaðst hafa selt í umboðssölu. Eins og fyrr var sagt, var lagt á stefnanda útsvar af þessum sökum, er í meðförum Ríkisskattanefndar varð kr. 62.500.00, og af þeirri fjárhæð vill stefnandi sætta sig við að greiða kr. 15.000.00. Því er einnig lýst fyrr, að hann greiddi með fyrirvara um endurheimtu kr. 45.000.00, en aðiljar hafa komið sér saman um það, að svo megi líta á, að sá fyrirvari megi gilda um kr. 47.500.00.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á því, að hann hafi ekki beinlínis annazt um sölu bifreiða þeirra, er hér um ræðir. Hann leggur áherzlu á það, að bifreiðarnar séu fluttar inn samkvæmt leyfum stjórnarvalda og að andvirði þeirra fari aldrei um sínar hendur. Hann bendir á það, að starfsemi hans í sambandi við þenna innflutning sé aðstoð við kaupendur, og fyrir það greiði þeir honum umboðslaunin, sem hann sé fús til að greiða veltuútsvar af.

Stefndi hefur byggt kröfur sínar á því, að hér sé um hreinan kaupskap hjá stefnanda að ræða. Hann hefur eigi viljað fallast á það, að stefnandi væri umboðsmaður í þessum viðskiptum.

Gögn málsins sýna það ljóslega, að bifreiðainnflutningur sá, sem hér um ræðir, fór fram á þann hátt, að kaupendur fá innflutningsleyfi og greiða andvirði bifreiðarinnar í banka. Stefnandi hefur ekki tekið við kaupverðinu, og er því ekki hægt að fallast á það með stefnda, að hér sé um viðskipti að ræða, sem heimilt sé að leggja útsvar á stefnanda fyrir. Samkvæmt framanrituðu átti stefnandi endurkröfurétt á þeim hluta útsvarsins, sem lagður var á þessi viðskipti, að því leyti sem hann hafði ekki greitt útsvarið án fyrirvara. Eins og fyrr segir, hefur stefndi samþykkt, að greiðslufyrirvari stefnanda gildi um kr. 47.500.00, og verður hann því dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum,

eins og krafizt var, en eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Agli Vilhjálmssyni h.f., kr. 47.500.00 með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1957 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 10. desember 1957.

Nr. 92/1956. **Eigendur v/b Orra, SH 95, þeir Lúðvík Kristjánsson, Sigurður Kristjónsson og Víglundur Jónsson,**
og
**Bátatrygging Breiðafjarðar**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
**Eigendum v/s Odds, VE 353,**
**þeim Guðmundi H. Oddssyni og Helga Benediktssyni, og gagnsök**
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir, Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Ólafur Jóhannesson.

Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1956.

Gagnáfrýjendur hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 28. mai 1957 áfrýjað málinu með stefnu sama dag.

Í máli þessu hefur eigi verið kannað til neinnar hlítar,

hverjar landfestar v/s Odds slitnuðu og hver var festing skips þessa við bryggjuna, þá er ákvörðun var tekin um að leggja því frá henni. Mjög brestur á, að með gagnasöfnun og reifun máls hafi nægilega verið leitazt við að leiða í ljós, hvort v/s Oddi hafi verið unnt án mikils háska að halda sig við bryggjuna lengur heldur en téð skip gerði, eftir að fárviðrið skall á, hvaða ráð hafi verið skipverjum v/s Odds tiltækileg til bjargar sínu skipi og bjargar v/b Orra og hvort það hafi verið á færi skipverja á v/s Oddi að sinna v/b Orra, án þess að stofna sér og v/s Oddi í bráðan háska. Í héraðsdóm vantar alveg greinargerð hinna siglingafróðu dómenda um þau efni, sem talin voru, og svo rök um þau og ályktanir, er reistar væru á slíkri greinargerð.

Samkvæmt framansögðu hefur gagnasöfnun og reifun máls þessa í héraði eigi verið nægilega rækileg, og héraðsdómendur hafa eigi gætt fyrirmæla 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Hver aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. maí 1956.**

Mál þetta, sem var dómtekið 18. þ. m., hafa eigendur m/b Orra, SH 95, þeir Lúðvík Kristjánsson ritstjóri, Reykjavík, og Sigurður Kristjónsson og Víglundur skipstjóri Jónsson, báðir í Ólafsvík, höfðað með stefnu, útgefinni 11. október 1954, fyrir sjó- og verzlunardóminum f. h. sína og skipverja þeirra, er voru á nefndum vélbáti vetrarvertíð 1954, gegn eigendum v/s Odds, VE 353, þeim Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, Reykjavík, og Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyj-

um, til greiðslu in solidum á kr. 612.879.60 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krefjast stefnendur þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur þeirra í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í rekstri málsins hafa stefnendur breytt dómkröfum sínum á þá leið, að þeir krefjast þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 328.479.60 með 6% ársvöxtum af kr. 612.879.60 frá 30. janúar 1954 til 31. maí 1954, af kr. 529.799.35 frá þeim degi til 10. júlí 1954, af kr. 453.799.35 frá þeim degi til 30. september 1954, af kr. 400.300.85 frá þeim degi til 3. október 1954, af kr. 354.246.52 frá þeim degi til 23. s. m., af kr. 344.411.57 frá þeim degi til 23. júní 1955 og af kr. 328.479.60 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðrétti, svo sem fyrr var greint.

Með stefnu, útgefinni 5. desember 1955, gekk Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi, inn í mál þetta sem meðalgöngustefnandi við hlið aðalstefnanda og krafðist þess, að stefndu yrðu in solidum dæmdir í meðalgöngusök til þess að greiða meðalgöngustefnanda kr. 284.400.00 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Einnig krafðist meðalgöngustefnandi þess, að viðurkenndur yrði með dómi sjóveðréttur hans í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Síðan hefur meðalgöngustefnandi breytt vaxtakröfum sínum á þá lund, að hann krefst 6% ársvaxta af kr. 83.080.25 frá 31. maí 1954, af kr. 76.000.00 frá 10. júlí 1954, af kr. 53.498.50 frá 30. september 1954, af kr. 46.054.33 frá 3. október 1954, af kr. 9.834.95 frá 23. október 1954 og af kr. 15.931.97 frá 23. júní 1955, í öllum tilvikum til greiðsludags.

Breytingar á upphafsdögum vaxtareiknings í báðum sökum stafa af því, að þá daga fóru fram greiðslur meðalgöngustefnanda á vátryggingafé Orra til aðalstefnanda.

Í aðalsökinni hefur Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f hér í bæ verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur fram borið.

Í aðalsök hafa stefndu aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á dómkröfum aðalstefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla. Í meðalgöngusök hafa þeir aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækk-

unar og að málskostnaður verði látinn falla niður. Þá hafa þeir og mótmælt því, að vextir verði taldir frá fyrri tíma en stefnudegi í meðalgöngusök.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum svo, að vélbátur þeirra, Orri, SH 95, kom úr róðri til Ólafsvíkur hinn 30. janúar 1954, kl. 18.30, og var bátnum lagt fyrir þveran enda norðurbryggjunnar. Lá báturinn þar um kyrrt, meðan dagsaflinn var settur í land, svo og lína sú, er notuð hafði verið í róðrinum, og að því loknu látin í bátinn sú lína, er beitt hafði verið í landi og nota skyldi í næsta róður, er farið yrði í þá um kvöldið. Um kl. 22.00 færðu skipstjóri og menn hans bátinn og lögðu honum utan á bakborðshlið v/s Odds, VE 353, sem lá einnig við norðurbryggjuna, þannig að stefni vissi inn í höfnina, en skutur nam við bryggjusporð. Orra var lagt þannig, að stefni beggja skipa vissu í sömu átt. Að framan var Orri festur með nýrri 2" vírmanillu, sem vafið var 5—6 sinnum um polla og lokað með hálfstikki. Frá pollanum lá vír þessi um stjórnborðsframkefa Orra og í bakborðskefa í hvalbak Odds í járnpolla á Oddi. Var vírnum brugðið nokkrum sinnum um pollann og læst með hálfstikki, en lausi endinn bundinn með snæri. Skipin voru einnig bundin saman að framan með 4" grastógi, og var það þverband fest í aðra polla á skipunum.

Skipin voru fest saman að aftan með nýrri 2" vírmanillu, sem brugðið var nokkrum sinnum um krussholtið á hvoru skipi um sig og læst með hálfstikki. Einnig var notuð önnur fangalína úr vírmanillu, sem fest var með sama hætti og hin á sama krussholt á Oddi, en brugðið var nokkrum sinnum um annan járnpolla á Orra og læst með hálfstikki. Enginn slaki var á böndum þeim, sem tengdu skipin. Er skipverjar á Orra höfðu lokið við að binda skipið, fóru þeir í land til að matast, en skipstjóri lagði fyrir tvo þeirra að fara um borð, þegar þeir hefðu lokið borðhaldi. Oddur hafði legið við bryggjuna síðan kl. 10 um morguninn, og hafði verið unnið að því allan daginn og kvöldið að losa úr honum salt. Veður hafði verið gott allt fram til kl. 22.30, en þá tók veður að versna, og veðurspá var um, að fljótlega færi veður versnandi. Stefnandi Víglundur annaðist um losun saltsins úr Oddi, og þegar veðrið fór að versna, átti hann tal við skipstjórann á Oddi, stefnda Guðmund, og tjáði honum, að losun yrði brátt að hætta vegna veðurútlitsins, svo og að öruggara myndi vera að flytja Odd frá bryggjunni, þegar vinnu yrði hætt. Um klukkustund síðar, þ. e. um kl. 23.30, tilkynnti stefnandi Víglundur stýrimanninum á Oddi, að vinnu yrði hætt á miðnætti

og enn fremur að hann myndi sjá um, að vélstjóri á Orra yrði sóttur til að flytja Orra utan af Oddi. Fáum mínútum síðar skall á afspyrnuveður af SA, og var vindhæð á að gizka 10—12 stig. Slitnuðu landfestar Odds fljótlega, og rak hann inn með bryggjunni á báta, er lágu fyrir innan. Var honum þegar siglt aftur á bak út með bryggjunni og forvír færður fram á enda hennar. Áður en þetta gerðist, höfðu skipverjarnir tveir, er gæta skyldu Orra, komið til skips, en annar þeirra fór í land, þegar veðrið skall á, og var ætlan hans að sækja vélstjórann. Hinn skipverjinn, Þórður Halldórsson að nafni, var eftir niðri í skipinu. Heyrði hann, að kallað var um borð, örskömmu eftir að félagi hans fór, og var spurt, hvort þar væri nokkur. Hann sá engan mann og svaraði ekki kalli þessu, en sá, að festar Orra voru í lagi. Fór hann því í hlífðarföt, en þegar hann kom upp á þilfar, varð hann þess var, að Oddur var laus frá bryggjunni og að Orri var að slitna frá Oddi. Ekkert var reynt til að koma dráttartaug milli skipanna, og rak Orra því undan veðri og vindi, þar til hann tók niðri á skeri norðan við bryggjuna. Stóð hann þar nokkra stund, og brotnaði á hann gat, og sökk hann því fljótt, er aðfall lyfti honum af skerinu. Sigluendarnir einir stóðu upp úr sjó, og batt Þórður sig þar fastan, og tókst að bjarga honum þaðan rúmum tveimur stundum síðar. Þegar skildi með skipunum, var Oddi siglt áfram, og tókst að ná honum út á víkina, þar sem stöðvað var og látið reka.

Orri varð með öllu ónýtur af strandi þessu, og telja stefnendur, að skipverjar á Oddi hafi átt alla sök á tjóni því, er af hlauzt, þar eð þeir fóru frá bryggjunni, án þess að Orri yrði leystur frá Oddi áður, svo og hafi verið látið undir höfuð leggjast að koma á dráttartaug milli skipanna og taka Orra í drátt, er hann slitnaði frá Oddi. Telja þeir eigendur Odds því bótaskylda, en tjónið sundurliða stefnendur svo:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 36 | stk. | beitt bjóð á 442/— | kr. | 15.912.00 |
| 20 | — | bólfæri á 160/— | — | 3.200.00 |
| 22 | — | lóðabelgir á 53/— | — | 1.166.00 |
| 3 | — | bojulugtir á 505/— | — | 1.515.00 |
| 2 | — | ljósabojur á 750/— | — | 1.500.00 |
| 4 | — | lóðadrekar á 100/— | — | 400.00 |
| 1 | — | línurúlla á 1200/— | — | 1.200.00 |
| 22 | — | bambusstengur m/leggjum og böndum 45/- | — | 990.00 |
| 1 | — | lóðarrenna á 1800/— | — | 1.800.00 |
| 58 | — | netasteinar á 2/50 | — | 145.00 |
| 6 | — | hvíludýnur á 63/— | — | 378.00 |

| | | |
|---|---|---|
| Matarílát | kr. | 2.000.00 |
| 1 stk. björgunarfleki á 1850/— | — | 1.850.00 |
| Sleftóg | — | 1.800.00 |
| Festarbönd | — | 1.200.00 |
| Öryggiskostur | — | 800.00 |
| Dýptarmælir með niðursetningu | — | 24.500.00 |
| Fatnaður og hlífðarföt 5 manna 2370.— .. | — | 11.850.00 |
| Yfirbreiðslur yfir bjóð | — | 1.600.00 |
| Löndunarháfur | — | 1.400.00 |
| Aflatap frá 30/1—14/2: 78280 kg óslægður þorskur á 0/95 | — | 74.366.00 |
| Gjaldeyrisfríðindi á 78280 kg á 0/17 .... | — | 13.307.60 |
| M/b Orri, S H 95, í því ástandi, sem hann var, þegar m/s Oddur, V E 353, fór með hann frá bryggju, að undanskildum þeim munum, sem að ofan eru taldir | — | 450.000.00 |
| Samtals | kr. | 612.879.60 |

M/b Orri var vátryggður hjá meðalgöngustefnanda fyrir kr. 284.400.00, en sú fjárhæð var 90% af virðingarverði hans til vátryggingar. Á tímabilinu frá 31. maí 1954 til 23. júní 1955 greiddi meðalgöngustefnandi aðalstefnendum fjárhæð þessa, og lækkuðu þeir dómkröfur sínar samkvæmt því. Hins vegar krefur meðalgöngustefnandi stefndu um endurgreiðslu tryggingarfjárins í meðalgöngusök.

*Aðalsök.*

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að skipverjar á Oddi hafi enga sök átt á því, að Orri slitnaði frá og fórst. Telja þeir, að óviðráðanlegt hafi verið, hversu til tókst, enda veðurofsinn svo mikill, að áhöfn Odds átti fullt í fangi með að bjarga sínu skipi, og hafi því ekkert getað aðhafzt til að aftra því, að Orri slitnaði frá. Þá staðhæfa þeir, að þegar kl. 22.30 um kvöldið hafi Ólafur Stefánsson, en hann var stýrimaður á Oddi, sent skilaboð til skipverja á Orra og útgerðarmanns hans, þ. e. stefnanda Víglunds, um að flytja þyrfti Orra strax, þar eð gera mætti ráð fyrir, að Oddur yrði að fara frá bryggju. Einnig segir stýrimaðurinn, að kl. 23.15 hafi hann áminnt stefnanda Víglund um að láta flytja Orra þegar í stað, og hafi hann brugðizt vel við því og lagt af stað upp bryggjuna, væntanlega til þess að sækja áhöfn Orra. Segja stefndu, að 20 mínútum síðar hafi veðurhrinan skollið á með þeim afleiðingum fyrir Odd, sem fyrr var

lýst. Hafi því ekki verið á öðru kostur en að fara frá bryggju með Orra á síðunni, enda mannafli á Oddi ekki nægur til að sinna Orra, samtímis því að Oddi var bjargað úr bráðri hættu við bryggjuna. Lækkunarkröfu sína byggja stefndu á því, að sök á tjóninu beri að skipta með aðiljum, og styðja það við sömu rök, sem fyrr greinir, svo og það, að Orri hafi að þarflausu verið fluttur úr fyrra lægi sínu og bundinn utan á Odd og að útgerðarmaður og áhöfn Orra hafi sýnt vítavert tómlæti um að taka Orra af síðu Odds, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli af hálfu stýrimannsins á Oddi.

Fyrr var því lýst, að stefnandi Víglundur var verkstjóri við losun Odds. Samkvæmt vætti stefnanda Víglunds í sjó- og verzlunardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hinn 6. febr. 1954 var veður farið að versna, tæpum hálftíma eftir að lokið var við að binda Orra á síðu Odds, og ráðlagði stefnandi Víglundur skipstjóranum á Oddi að flytja skip sitt frá bryggju, vegna þess að líkur voru á óveðri. Hins vegar gerði stefnandi Víglundur þá engar ráðstafanir til að taka Orra af síðu Odds og koma honum í hættuminna lægi fyrr en svo seint, að ekki voru lengur tök á að framkvæma það, og hafði stýrimaður Odds þá óskað eftir, að skipið yrði flutt burtu. Enginn skipverja á Orra hafði neinn viðbúnað, fyrr en í óefni var komið, þrátt fyrir vaxandi horfur á illviðri og þá staðreynd, að tveir þeirra voru um borð í skipinu. Skipverjar á Oddi hafa talið, að þeir hafi ekki átt annan kost en þann að fara frá bryggjunni með Orra bundinn á síðu Odds, enda hafi það verið fyrirætlun þeirra. Hins vegar hafi þetta ráð ekki gefizt sem skyldi, þar eð veðurofsinn var svo mikill, að Orri sleit þegar festar sínar, er út fyrir bryggjuendann var komið, og ekki hafi verið um nægan mannafla að ræða á Oddi til þess að bjarga Orra samtímis, með því að draga hann út úr höfninni.

Telja verður, að áhöfn Odds hafi tekizt á hendur allmikla ábyrgð á afdrifum Orra með því að fara frá bryggju með hann bundinn á síðuna, og verða stefndu því taldir eiga nokkra sök á tjóni stefnenda. Hins vegar er ljóst af framanrituðu, að hátterni áhafnar Orra varð einnig meðorsök strandsins, og þykir bera að skipta sökinni með aðiljum þannig, að stefndu beri ⅔ hluta sakar, en stefnendur ⅓ hluta. Verður þá næst fyrir að athuga fjárhæð tjónsins.

Hér á undan var rituð skrá stefnenda um veiðarfæri og aðra óvátryggða muni, sem fórust með skipinu, svo og annað tjón þeirra. Verður skránni hér skipt í 4 flokka:

1. Veiðarfæri og áhöld, samtals ..... kr. 63.356.00
2. Fatnaður skipverja ..... — 11.850.00
3. Aflatjón ..... — 87.673.60
4. Verðmæti skipsins umfram tryggingarfé ..... — 165.600.00

Alls kr. 328.479.60

Um 1.

Óvéfengt er af hálfu stefndu, að munir þessir hafi farizt með skipinu. Þykir verð það, er stefnendur hafa talið á munum þessum eftir atvikum rétt, og verður krafa þessi því tekin til greina óbreytt.

Um 2.

Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að í skipinu hafi verið fatnaður skipverja, er svaraði til þessarar fjárhæðar að verðmæti, og jafnframt er mati stefnenda mótmælt á þeim grundvelli, að verðið sé miðað við nýjan fatnað og skjólföt, en ekki gamalt og notað, eins og það muni raunverulega hafa verið.

Af gögnum þeim, sem fyrir hendi eru, þykir mega ætla, að tjón af þessum völdum hafi numið kr. 7.500.00, og verður miðað við þá fjárhæð.

Um 3.

Stefnendur höfðu ekki skip til umráða eftir strand Orra fyrr en 14. febrúar 1954, og telja þeir sig því hafa misst afla í 15 daga. Hafa þeir áætlað aflamagnið á þeim tíma rúmar 78 lestir á kr. 0.95 hvert kg, og gjaldeyrisfríðindi meta þeir kr. 0.17 fyrir hvert kg. Hins vegar hafa þeir ekki gert ráð fyrir neinum tilkostnaði af öflun þessara verðmæta. Stefndu hafa eindregið mótmælt þessum kröfulið, sem þeir telja bæði ýktan og ósannaðan. Halda þeir fram því, að þegar tillit sé tekið til venjulegra útgjalda í sambandi við rekstur slíks skips, sem Orri var, muni koma í ljós, að hann hafi verið rekinn með halla á þessu tímabili.

Engin örugg gögn eru fyrir hendi um tjón stefnenda af þessum sökum, en líklegt verður að telja, að þeir hafi beðið tjón af aflamissi, og þykir það hæfilega áætlað kr. 6.000.00.

*Um 4.*

Stefnendur halda því fram, að raunverulegt verðmæti Orra hafi verið kr. 450.000.00, er hann fórst. Styðja þeir það m. a. við virðingar- og skoðunarvottorð, dags. 6. febr. 1952, er ætlað var Fiskveiðasjóði Íslands. Er skipið þar virt á kr. 436.100.00.

Hinir sömu skoðunarmenn hafa gefið vottorð um, að þeir hafi talið skipið a.m.k. kr. 450.000.00 virði um vorið 1953. Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að til greina komi annað mat á verðmæti skipsins en vátryggingarvirðing þess og hámarkstjón stefnenda því kr. 31.600.00.

Ljóst er af gögnum málsins, að Orri hefur verið virtur til vátryggingar á kr. 316.000.00, eftir að fram fór virðing og skoðun í febrúar 1952, og að engin virðing eða mat hefur farið fram síðan, svo vitað sé. Þykir því verða að leggja til grundvallar vátryggingarverðmæti skipsins, kr. 316.000.00. Stefnendur hafa þegar fengið 90% þeirrar fjárhæðar í bætur, og verður tjón þeirra samkvæmt þessum lið því talið nema kr. 31.600.00.

Samkvæmt framansögðu verður óbætt tjón stefnenda talið kr. 108.456.00 (þ.e. kr. 63.356.00 + kr. 7.500.00 + kr. 6.000.00 + kr. 31.600.00), og ber að dæma stefndu til að greiða þeim það að tveimur þriðju hlutum með kr. 72.304.00. Vaxtakröfu stefnenda ber og að taka til greina, en við útreikning hennar verður að hafa í huga heildartjón stefnenda, sem nam samkvæmt framansögðu kr. 108.456.00 + kr. 284.400.00, eða samtals kr. 392.856.00. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum 6% ársvexti af ⅔ hlutum þeirrar fjárhæðar (þ. e. kr. 261.904.00) til þess dags, er fyrsta greiðsla á vátryggingarfé fór fram, og síðan af lækkandi tjónsfjárhæð, eftir því sem framhaldsgreiðslur gáfu efni til. Stefnendur hafa sjálfir talið greiðslurnar svo: Hinn 31. maí 1954 kr. 83.080.25, hinn 10. júlí 1954 kr. 76.000.00 og hinn 30. sept. 1954 kr. 53.498.50, en af þeirri greiðslu hafa einungis kr. 30.519.75 áhrif, enda er tjónsfjárhæðin þá komin niður í kr. 72.304.00. Eftir þessum málalokum ber og að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00. Loks ber að taka til greina kröfu stefnenda um viðurkenningu sjóveðréttar þeirra í Oddi til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

*Meðalgöngusök.*

Eins og fyrr var greint, hefur meðalgöngustefnandi greitt vátryggingarféð, kr. 284.400.00, og krefst nú endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefndu, enda telur hann þá bera bótaábyrgð á öllu því tjóni, er af strandi Orra varð.

Stefndu hafa stutt sýknu- og lækkunarkröfur sínar hinum sömu rökum sem í aðalsök. Þeir véfengja jafnframt endurkröfurétt meðalgöngustefnanda og telja, að regla 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 um takmarkanir á slíkum rétti eigi að gilda um þetta tilvik.

Með vísan til þess, sem sagt var hér að framan um sök stefndu á tjóni stefnenda, ber að taka kröfu meðalgöngustefnanda til greina að ⅔ hlutum og dæma stefndu til að greiða honum kr. 189.600.00 með 6% ársvöxtum, er rétt þykir að reikna þannig, að í stað tveggja fyrstu fjárhæðana og vaxtadaganna í kröfugerð meðalgöngustefnanda komi kr. 64.280.25 og 10. júlí 1954, en að öðru leyti verður tekin til greina kröfugerð meðalgöngustefnanda óbreytt. Þá ber og að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar í meðalgöngusök, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt meðalgöngustefnanda í Oddi.

Dóminn kváðu þeir upp Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Hannes Pálsson skipstjórar.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, stefnendum, þeim Lúðvík Kristjánssyni, Sigurði Kristjónssyni og Víglundi Jónssyni, kr. 72.304.00 með 6% ársvöxtum af kr. 261.904.00 frá 30. jan. 1954 til 31. maí 1954, af kr. 178.823.75 frá þeim degi til 10. júlí 1954, af kr. 102.823.75 frá þeim degi til 30. september 1954 og af kr. 72.304.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 8.000.00 í málskostnað, og eiga stefnendur sjóveðrétt í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðunum.

Í meðalgöngusök greiði stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, meðalgöngustefnanda, Bátatryggingu Breiðafjarðar, kr. 189.600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 64.280.25 frá 10. júlí 1954, af kr. 53.498.50 frá 30. september 1954, af kr. 46.054.33 frá 3. október 1954, af kr. 9.834.95 frá 23. október 1954 og af kr. 15.931.97 frá 23. júní 1955 til greiðsludags, í öllum tilvikum, svo og kr. 14.000.00 í málskostnað, og á meðalgöngustefnandi sjóveðrétt í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. desember 1957.

Nr. 101/1956. **Pétur Pálsson** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.**

Skaðabótamál. Tómlætisverkun.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1956. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 21.538.99 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1954 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1956. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa menn þeir, er áttu sæti í Varnarmálanefnd frá því í apríl 1952 þar til í september 1953, gefið skýrslur í málinu.

Aðaláfrýjandi hóf verkfræðistörf sín hjá Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies á Keflavíkurflugvelli hinn 1. marz 1953 og vann þar svo að segja óslitið til 20. marz 1954. Allan þenna tíma tók aðaláfrýjandi fyrirvaralaust við starfslaunum, sem hann taldi þó vera of lág samkvæmt ákvæðum gjaldskrár Verkfræðingafélags Íslands frá 26. febrúar 1953. Af gögnum málsins er ljóst, að aðaláfrýjanda var það kunnugt, að afstaða Varnarmálanefndar til gjaldskrár þessarar olli því, að greind ákvæði hennar um launahækkun voru ekki tilkynnt Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies. Samt hélt aðaláfrýjandi áfram störfum, eins og ekkert hefði í skorizt, og án þess að sannað sé, að hann hafi gert nokkurn áskilnað um fjárkröfur á hendur gagn-

áfrýjanda af þessu tilefni. Að svo vöxnu máli þykir þegar af þessum ástæðum bera að sýkna gagnáfrýjanda af dómkröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Péturs Pálssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Pétur Pálsson verkfræðingur, Laufásveg 44 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. maí 1955, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 21.538.99 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfunni svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi þessa:

Snemma árs 1953 hafi hann ráðizt til starfa sem verkfræðingur hjá bandaríska félaginu Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies, en það hafi þá haft með höndum ýmsar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli fyrir varnarlið Bandaríkja Norður-Ameríku, sem tekið hafði að sér varnir íslenzka ríkisins. Hafi hann í upphafi rætt við félagið sjálft um ráðningarkjör sín, en síðan hafi honum verið tjáð, að ráðningin yrði að fara fram með milligöngu Félagsmálaráðuneytisins, sem þá léti í té taxta eða einhverjar reglur, sem farið yrði eftir við kaupgreiðslur. Mun þetta hafa farið svo, og Félagsmálaráðuneytið afhent félaginu taxta Verkfræðingafélags Íslands.

Er farið hafi verið að nota taxta þenna við launagreiðslur, hafi komið í ljós, að dagkaup, miðað við hann, hafi verið töluvert lægra en laun þau, sem félagið hafði í upphafi boðizt til að greiða, enda hafi hér verið um lágmarkstaxta að ræða. Hafi félaginu verið bent á þetta svo og það, að Félagsmálaráðuneytið

hafi ekkert haft við það að athuga, þótt launin væru hærri en taxtinn, en það hafi ekki stoðað. Hins vegar hafi félagið sagzt mundu hækka launin, ef einhver hagstæðari taxti kæmi frá ráðuneytinu.

Á aðalfundi í Verkfræðingafélagi Íslands, er haldinn var 27. febrúar 1953, hafi verið gerð samþykkt þess efnis, að verkfræðingar, sem tækju tímakaup eða dagkaup fyrir störf sín, skyldu nota sama „faktor" og notaður er við útreikning launa starfsmanna ríkis og bæja, og væri sá „faktor", miðað við kauplagsvísitölu 147, 4,7925. Mun stjórn Verkfræðingafélags Íslands hafa tilkynnt Félagsmálaráðneytinu um samþykkt þesssa bréflega. Með bréfi, dags. 7. apríl 1953, hafi stefnandi skýrt Félagsmálaráðuneytinu frá framangreindum gangi málanna og beðið það að tilkynna félaginu Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies framangreinda samþykkt og að taxti sá, sem í henni fælist, skyldi koma í stað fyrri taxtans.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. apríl 1953, til Varnarmálanefndar hafi henni verið falið að tilkynna félaginu og öðrum þeim aðiljum, sem hefðu íslenzka verkfræðinga eða verkfræðinema í þjónustu sinni, framangreinda breyting á kaupi verkfræðinga. Nefndin mun þó ekki hafa sinnt bréfi ráðuneytisins og hafi því engin breyting orðið á kaupi stefnanda.

Hinn 11. október 1952 hafi verið sett á stofn kaupskrárnefnd, er hafi átt að semja fullkomnar skrár um kaup og kjör á Keflavíkurflugvelli. Nefnd þessi hafi síðan sent Varnarmálanefnd skrár þessar, en Varnarmálanefndin hafi gefið þær út sem gildandi launaskrár hverju sinni. Kaupskrárnefndin hafi strax getið um framangreinda samþykkt varðandi verkfræðinga, eftir að hún hafði verið gerð, en Varnarmálanefndin virðist hafa fellt það ákvæði niður og hafi aldrei fengizt til að birta eða tilkynna það þrátt fyrir óskir í því efni.

Í september 1953 hafi Varnarmálanefnd sagt af sér störfum. Kaupskrárnefndin hafi þá getið um fyrrgreinda breytingu á taxta verkfræðinga í næstu launaskrá, sem út kom í marz 1954, og hafi þá þegar verið breytt um laun verkfræðinga af félaginu og þau hækkuð í samræmi við margnefnda samþykkt Verkfræðingafélags Íslands.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies hefði frá upphafi greitt honum laun í samræmi við samþykkt Verkfræðingafélags Íslands, svo sem kaupskrárnefnd og Félagsmálaráðuneytið höfðu talið eiga að gilda, ef Varnarmálanefndin hefði tilkynnt félaginu ákvörðunina, eins og

óskað var í bréfi ráðuneytisins, dags. 29. apríl 1953. Hafi Varnarmálanefndin með þessu athafnaleysi á óréttmætan hátt bakað honum tjón og beri ríkissjóður ábyrgð á greiðslu bóta fyrir það. Fjárhæð stefnukröfunnar miðar stefnandi við þann tímafjölda, er hann vann hjá félaginu tímabilið frá 1. marz 1953 til 20. marz 1954, er stefnandi hætti störfum. Eru launin reiknuð samkvæmt margnefndum taxta Verkfræðingafélags Íslands, þó þannig, að í taxtanum er „faktorinn" gefinn upp 4,7925, en við nánari útreikning hafi „faktorinn" átt að vera 4,99409 fyrir tímabilið 1. marz 1953 til 30. nóvember s. á., og fyrir tímabilið frá 1. desember 1953 til 20. marz 1954 5,01997. Er reiknað með þeirri breytingu, enda kveður stefnandi skekkju þessa strax mundu hafa komið í ljós, er launin hefðu verið greidd. Miðað við þetta og það, er stefnandi fékk greitt umrætt tímabil, nemur mismunurinn stefnufjárhæðinni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hér hafi verið um að ræða samningskaupgreiðslur, og hafi kaupið ekki verið í samræmi við gerða samninga, beri að snúa sér að samningsaðiljanum, Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies, með kröfur varðandi lagfæringu á kaupinu. Stefndi hafi ekki á neinn hátt verið aðili að umræddum kaupsamningum. Í öðru lagi byggir hann sýknukröfuna á því, að jafnvel þótt talið yrði, að heimilt væri að beina kröfum þessum að stefnda, hafi þó stefndi ekki bakað sér neina greiðsluskyldu, þótt Varnarmálanefnd hafi ekki tilkynnt taxta Verkfræðingafélags Íslands, þar sem nefndinni hafi engin skylda borið til þess. Varnarmálanefnd hafi haft úrslitavald um það, hvort hún samþykkti taxtann, enda hafi aðeins verið um að ræða yfirlýsingu Verkfræðingafélagsins, sem ekki hafi komið fram sem kjarafélag.

Í þriðja lagi er sýknukrafan byggð á því, að jafnvel þótt beina mætti skaðabótakröfu þessari að stefnda og Varnarmálanefnd hefði borið að tilkynna taxta Verkfræðingafélagsins, hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til að krefjast frekari kaups með því að taka á móti kaupgreiðslunum án fyrirvara.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að Varnarmálanefndin hefði ekki tilkynnt félaginu hærri margföldunar-„faktor" en þann, sem Verkfræðingafélag Íslands samþykkti á fundi sínum og um ræðir í bréfi Félagsmálaráðuneytisins til Varnarmálanefndar, eða 4,7925, miðað við kaupgjaldsvísitölu 147 stig, og tilsvarandi „faktor", miðað við vísitöluna 148 stig. Geti stefnandi því ekki krafizt hærri bótafjárhæðar en sem nemur mis-

muni á því kaupi, sem hann fékk og þess, er hann hefði fengið, miðað við þenna „faktor".

Eins og fram kemur hér að framan, réðst stefnandi í upphafi hjá Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies fyrir milligöngu fyrirsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og tók laun samkvæmt þágildandi taxta Verkfræðingafélags Íslands. Á fundi í Verkfræðingafélaginu 27. febrúar 1953 var, svo sem áður segir, samþykktur nýr launataxti fyrir verkfræðinga, sem tækju tíma- eða dagkaup, og féllu kaupgreiðslur til stefnanda undir hinn nýja taxta.

Stefnandi hefur ekki staðreynt með málsókn, að kaupgreiðslur til sín samkvæmt hinum nýja taxta verði ekki heimtar úr hendi Metcalfe Hamilton Smith Beck Companies sem vinnuveitanda hans, enda má samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951 reka slíkt mál fyrir íslenzkum dómstóli. Að svo vöxnu máli verður að telja, að kröfu stefnanda um kaupmismuninn á hinum eldri og nýrri taxta sé ekki réttilega beint að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og ber því að sýkna stefnda að svo stöddu í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda, Péturs Pálssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 16. desember 1957.

Nr. 91/1956. **Ingólfur G. S. Espholin**
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
**Icelandic Marketing Company**
(Jón Bjarnason hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.**

Kaup á varningi gerð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1956. Hann krefst aðallega sýknu, til vara, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 64.453.45 ásamt

6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1953 til 18. febrúar 1954, en af kr. 66.653.45 frá þeim degi til greiðsludags, og til þrautavara, að krafa stefnda verði lækkuð. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi er getið, lýsti umboðsmaður stefnda því í símskeyti til hans hinn 23. nóvember 1951, að stærð hvers þeirra poka, sem um er deilt, skyldi vera 7×10 enskir þumlungar. Áfrýjandi hefur nú við flutning málsins fyrir Hæstarétti lagt fram vottorð löggildingarstofu um, að sýnishorn af pokunum hafi mælzt einungis 9,012×6,260 enskir þumlungar. Er varakrafa áfrýjanda við það miðuð, að pokarnir fullnægi ekki söluskilmálum að þessu leyti. Þar sem varnarástæðu þessari var eigi hreyft í héraði, hefur stefndi andmælt því, að henni verði gaumur gefinn. Að svo vöxnu máli getur greind málsástæða eigi komið til álita. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur G. S. Espholin, greiði stefnda, Icelandic Marketing Company, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. apríl 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur firmað Icelandic Marketing Company, London, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. febrúar 1954, gegn Ingólfi G. S. Espholin stórkaupmanni, Höfða hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 82.175.00 auk 6% ársvaxta af kr. 79.975.00 frá 1. jan. 1953 til stefnudags og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu á 500 þúsund sellofanpokum, sem stefnandi kveður stefnda hafa pantað hjá sér.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi til stefnda, dags. 11. nóv. 1951, staðfesti umboðsmaður stefnanda hér á landi, Hallgrímur A. Tulinius stórkaupmaður, að hafa selt honum ca. eina milljón arkir, að stærð 10"×14", af Waterproof Heatsealing Transparent Cellophanepappír á 56 shillinga og 6 pence f.o.b. U.K.-höfn per þúsund arkir. Skyldu 600—650 þúsund arkir koma með m/s Gullfossi í næstu ferð og afgangurinn um áramót. Ætlaði stefndi arkir þessar í umbúðir um fisk, er hann flytti út til Ameríku. Umboðsmaðurinn tilkynnti stefnanda sölu þessa og sendi hann 624.800 arkir hingað til lands á nafn stefnda, að því er séð verður, í fyrri hluta janúarmánaðar 1952. Á reikningi þeim, er örkunum fylgdi, var varan nefnd Moistureproof Film. Stefndi taldi nafn þetta benda til, að arkirnar væru ekki úr sellofani, og sendi stefnandi þá annan reikning yfir vöruna, dags. sama dag og þann fyrri, og er varan þar auðkennd sem S.M.A.T. (Self-adhesive Moistureproof Anchor Sealing Transparent Cellophane).

Að tilhlutan stefnda tók iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans sýnishorn af örkum úr umræddri sendingu. Bað stefndi um athugun á því, hvort efnið í örkunum væri: 1) cellophane, 2) heat sealing, 3) moistureproof, og 4) hvort það þyldi frost án þess að límast við fisk eða springa, og enn fremur, hvort það sýndi sömu eiginleika, ef fryst væri í plötufrysti.

Rannsókn á sýnishornunum fór síðan fram, og var notað til samanburðar Cellophane frá Du Pont, second quality, tekið af mönnum frá atvinnudeildinni úr „original" umbúðum. Samkvæmt vottorði forstöðumanns Atvinnudeildar háskólans, dags. 22. janúar 1952, urðu niðurstöður rannsóknarinnar þessar:

„1) Við bruna á jafnbreiðum ræmum af efnunum haga þau sér eins, þ. e. brenna með líkum loga og svo að segja jafn ört. Leysist ekki í acetone. Við upphitun með 1% upplausn af ammoníakölsku silfurnítrati varð það brúnt á sama hátt og Du Pont-Cellophane. Þetta eru viðurkenndar svaranir fyrir Viscosefilm, þ.e.a.s. Cellophane. Filman var vegin, reyndist 36,0 gr í hverjum fermetra, en það svarar til 300 Gage Moistureproof Cellophane, skv. Kirk-Othmer: Encyclopedia of Chemical Technology, Vol. 3, bls. 281. Filman hefur þó lítið eitt blakkan litblæ og kiprast meir en Du Pont-Cellophane.

2) Filman reyndist heat-sealing.

3) Þetta atriði var ekki athugað, en hún þolir vatn, og samkvæmt ofanskráðu virðist hún svara til þess að vera „Moisture-proof Cellophane".

4) 4 pakkar af þorskflökum voru frystir í umbúðum af þessu sýnishorni. Eftir einn sólarhring límdust þær ekki við fiskinn né sprungu og heldur ekki eftir 2 sólarhringa. Eftir frystingu á karfaflökum í plötutæki í umbúðunum höguðu þær sér eins og cellophane."

Stefndi veitti ekki umræddri vörusendingu viðtöku, og stefnandi hélt ekki kaupinu á henni upp á stefnda, heldur ráðstafaði örkunum til annarra aðilja.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi hins vegar á því, að síðla árs 1951 hafi fyrrnefndur umboðsmaður sinn og stefndi átt í samningum um kaup á „cellophane"-pokum í umbúðir um lúðuflök til útflutnings. Hafi það orðið að samkomulagi með þeim, að stefndi keypti 1½ milljón poka hjá stefnanda. Vörur þessar hafi komið hingað til lands skömmu eftir áramótin 1951 og 1952, en þá hafi brugðið svo, að stefndi hafi ekki viljað veita þeim viðtöku og borið ýmsu við, m. a. því, að vörurnar fullnægðu ekki kröfum um gæði, sem settar hefðu verið við pöntun þeirra. Þessa mótbáru stefnda telur stefnandi ekki hafa verið á rökum reista, þar sem pokarnir hafi verið úr sama efni og áðurgreindar arkir, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Atvinnudeildar háskólans hafi arkirnar fullnægt í hvívetna öllum gæðakröfum.

Þá kveður stefnandi stefnda hafa borið fyrir sig til stuðnings undandrætti sínum á því að taka við sellofanpokunum, að sökum gjaldeyrisörðugleika fengist ekki leyfi til að yfirfæra peninga til greiðslu varanna. Hins vegar myndi hann greiða vörurnar, strax og leyfi fengist, og veita þeim þá viðtöku, en þrátt fyrir marggefin loforð í þessu efni hafi ekki orðið úr efndum.

Loks kveður stefnandi, að þegar stefnda hafi ekki lengur verið stætt á framangreindum viðbárum, þá hafi hann tekið að hreyfa því, að hann hafi aldrei pantað sellofanpokana. Þetta hafi komið sér illa fyrir sig, þar sem stefndi hafi ekki verið látinn staðfesta umrædda pöntun skriflega, en í símtali, sem framkvæmdastjóri stefnanda hafi átt við stefnda frá London hinn 5. febúar 1952, hafi stefndi viðurkennt að hafa pantað 500 þúsund sellofanpoka.

Í málinu miðar stefnandi kröfur sínar við það, að viðurkennt sé af stefnda, að hann hafi pantað 500 þúsund sellofanpoka. Beri honum því að greiða andvirði þeirra auk vaxta og málskostn-

aðar, allt gegn afhendingu pokanna. Umsamið kaupverð hafi verið 70 shillingar fyrir hverja þúsund poka f.o.b. í Englandi, eða £ 1750 fyrir 500 þúsund poka. Nemi kaupverðið því íslenzkum kr. 79.975.00. Við það bætist flutningskostnaður frá Englandi til Íslands, kr. 2200.00, og nema fjárhæðir þessar samanlagðar stefnukröfunni.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að hann hafi aldrei pantað umrædda poka.

Þá reisir stefndi í öðru lagi sýknukröfuna á því, að pokarnir hafi verið úr öðru efni en hann hafi ætlazt til, og hafi honum því verið rétt að synja um viðtöku þeirra, þó að hann hefði pantað þá. Þegar hann hafi pantað arkirnar, hafi verið tekið fram, að þær ættu að vera úr „Cellophane". Sama hefði að sjálfsögðu átt að gilda um pokana. Í Englandi, en þaðan voru arkirnar pantaðar, framleiði firmað British Cellophane Ltd. sellofan, sem sé viðurkennt að gæðum, og hafi firmað orðið „Cellophane" skrásett bæði þar og hér á landi sem heiti á framleiðslu sinni. Telur stefndi sig því hafa mátt gera ráð fyrir, að arkirnar, sem hann pantaði, og pokarnir, sem sendir voru hingað til lands, væru framleiðsla þessa firma, en sú hafi ekki verið raunin á. Þá bendir stefndi á, að við áðurgreinda rannsókn Atvinnudeildar háskólans á efninu í örkunum hafi komið í ljós, að þær hafi lítið eitt blakkan litblæ og kiprast meira en efni það (Du Pont-sellofan), er notað var til samanburðar við rannsóknina, en slíkir eiginleikar eru óhæfir í efni, sem nota eigi sem umbúðir um fisk til útflutnings.

Loks hefur stefndi hreyft því, að afhending pokanna hafi farið of seint fram, og hafi honum því verið heimilt að neita að taka við þeim.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu símskeyti frá áðurnefndum umboðsmanni til sín, dags. 23. nóv. 1951. Er skeyti þetta svohljóðandi: „I confirm having sold Espholin 500 thousand bags 7×10 inch delivery 14 days one million january".

Umboðsmaðurinn hefur komið fyrir dóm sem vitni. Segir vitni þetta, að síðla árs 1951 hafi það haft milligöngu um sölu á sellofanpokum af hálfu stefnanda til stefnda. Hafi stefndi pantað 1½ milljón poka og fengið sýnishorn af pokunum, áður en frá kaupunum var gengið. Kveður vitnið, að samdægurs eða daginn eftir að stefndi gerði pöntunina, hafi það sent stefnanda símskeyti um kaupin. Pokana, sem stefnandi sendi hingað, segir vitnið hafa verið í samræmi við sýnishornin. Þá segir vitnið, að þegar pokarnir komu hingað, hafi stefndi ekki leyst

þá til sín og borið því við, að hann fengi ekki gjaldeyri til greiðslu þeirra. Hafi stefndi margsinnis lýst því yfir, að pokarnir fullnægðu öllum kröfum um gæði, og sagzt mundu leysa þá til sín strax og leyfi fengist.

Stefndi hefur mótmælt framburði vitnisins sem röngum og vilhöllum, en ekki sem óstaðfestum. Í þinghaldi 6. desember s.l. lýsti vitnið því yfir, að það myndi ekki gera kröfu til umboðslauna af viðskiptunum, þó að mál þetta ynnist, og þykir mega leggja nokkuð upp úr vætti vitnis þessa við úrslausn málsins.

Vitnið Tómas Steingrímsson hefur borið það, að það ásamt fleiri mönnum hafi reynt að fá stefnda til þess að leysa til sín fiskumbúðapoka, sem stefnandi hafi sent stefnda um áramótin 1951 og 1952. Í samtölum þeim, sem vitnið hafði átt við stefnda, hafi stefndi lýst því afdráttarlaust yfir, að hann myndi leysa inn ½ milljón af pokunum, ef hann fengi fisk til útflutnings. Þá segir vitnið, að í samtölunum hafi stefndi aldrei minnzt á það, að pokarnir fullnægðu ekki öllum gæðakröfum.

Þessum framburði hefur stefndi mótmælt sem röngum, en ekki sem óstaðfestum.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu endurrit af símasamtali því, sem framkvæmdastjóri stefnanda telur sig hafa átt við stefnda frá London hinn 5. febrúar 1952, en símtal þetta var hljóðritað, um leið og það fór fram. Hefur stefndi talið símtal þetta rétt, svo langt sem það nái, en hann kveðst í fyrri eða síðari símtölum við framkvæmdastjórann hafa mótmælt því að hafa pantað poka þá, sem í málinu greinir.

Ýmis ummæli stefnda í greindu símtali verða ekki skilin á annan veg en þann, að stefndi viðurkenni að hafa pantað 500 þúsund sellofanpoka hjá stefnanda.

Þykir með gögnum þeim, sem hér hafa verið rakin, nægilega sannað, að kaup hafi komizt á um 500 þúsund sellofanpoka milli stefnanda og stefnda fyrir milligöngu fyrrnefnds umboðsmanns stefnanda hér á landi.

Aðiljarnir eru sammála um það, að sama efni hafi verið í pokunum og örkum þeim, sem áður getur. Og samkvæmt áðurnefndu vottorði Atvinnudeildar háskólans og að áliti hins vörufróða samdómanda voru arkirnar úr sellofan, og þá einnig pokarnir. Þá verður ekki talið, að stefnandi hafi haft ástæðu til að leggja það inn í orðið „Cellophane“ í símskeytinu, þar sem arkirnar voru pantaðar, að ætlazt væri til, að þær yrðu frá ákveðnum framleiðanda, heldur hafi stefnanda verið rétt að

líta svo á, að orð þetta ætti við tegund vörunnar, enda kemur fram í bréfi frá stefnda, dags. 15. sept. 1954, til firmans British Cellophane Ltd., sem hefur nefnt orð skrásett fyrir framleiðslu sína, að stefndi hefur ekki gert ráð fyrir, að vörurnar yrðu af framleiðslu firma þessa.

Að þessu athuguðu og með stuðningi í vætti fyrrnefndra vitna varðandi vörugæði pokanna, þykir sú varnarástæða stefnda, að pokarnir hafi verið úr öðru og verra efni en um hafi verið samið, ekki hafa við rök að styðjast.

Að því er varðar þá varnarástæðu stefnda, að pokarnir hafi verið afhentir of seint, verður ekki séð, að stefndi hafi hreyft henni fyrr en í máli þessu, og er hún því of seint fram komin, enda virðist hún að öðru leyti ekki vera á nægilegum rökum reist.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti, og þykir málskostnaður honum til handa eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 7.000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendum dr. Jóni Vestdal og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur G. S. Esphólín, greiði stefnanda, Icelandic Marketing Company, kr. 82.175.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 79.975.00 frá 1. janúar 1953 til 18. febrúar 1954 og af kr. 82.175.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu á þeim 500 þúsund sellofanpokum, sem í málinu greinir.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1957.

Nr. 118/1956. **Aðalheiður Jónsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Þórði Jónssyni** (Gunnar Þorsteinsson hrl.).
og **Ragnheiði Magnúsdóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um heimild eiganda kjallaraíbúðar í húsi til að gera breytingar á inngangi í miðstöð.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að viðlögðum hæfilegum dagsektum að nema brott skilrúmsvegg þann, sem hann setti í kjallaragang hússins nr. 31 við Stórholt í Reykjavík fyrra hluta árs 1953 og færa í fyrra horf dyr kyndingarklefa, sem stefndi breytti í sama skipti. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ragnheiði Magnúsdóttur, sem stefnt var til réttargæzlu í héraði, hefur einnig verið stefnt til réttargæzlu fyrir Hæstarétti, en enginn hefur komið fyrir dóm af hennar hálfu.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur byggingarfulltrúinn í Reykjavík lýst því, að hann telji ekkert því til fyrirstöðu, að byggingarnefnd samþykki breytingar þær á húsinu nr. 31 við Stórholt, sem stefndi framkvæmdi og um ræðir í málinu.

Af afsali til áfrýjanda fyrir húseignarhluta hennar má ráða, að hún hafi aðeins öðlazt umferðarrétt um innri hluta anddyris kjallarahæðarinnar að rafmagnstöflu og dyrum þeim, sem þá voru á miðstöðvarklefanum. Eins og í héraðsdómi segir, hefur rafmagnstaflan nú verið flutt fram í fremra anddyrið, og getur það ekki haft neinn baga í för með sér fyrir áfrýjanda.

Í héraði voru dómkvaddir tveir sérfróðir menn, þeir byggingameistararnir Einar Kristjánsson og Jón Bergsteinsson, til að meta tjón áfrýjanda af breytingum þeim, sem stefndi gerði á húsinu. Í matsgerð, dags. 8. febrúar 1954, telja þeir, „að um litla eða enga eignarrýrnun sé að ræða, en aðeins smá óþægindi". Kveða þeir það vera til bóta fyrir íbúa hússins í heild, þar á meðal áfrýjanda, að losna við kolaryk eða olíustybbu frá miðstöðvarklefanum, eins og dyrum á honum hafi í öndverði verið háttað, og auk þess stafi minni eldhætta frá miðstöðinni, eftir að breytingin var gerð. Hins vegar megi segja, að óþægindi séu að því fram yfir það, sem áður var, að opna útidyr kjallarans og fara út fyrir þröskuldinn til að komast inn í miðstöðvarklefann. Meta matsmennirnir kostnað af því að breyta kjallaranum í fyrra horf kr. 1730.00, en ekki kr. 1950.00, eins og í héraðsdómi segir. Matsgerð þessari hefur ekki verið skotið til yfirmats.

Dómendur Hæstaréttar hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Samkvæmt þeirri athugun verður að telja, að framangreint álit hinna dómkvöddu matsmanna sé á rökum reist. Breytingin, sem að öllu leyti var gerð á kostnað stefnda, er haganlega og snyrtilega framkvæmd. Þá má og fallast á það álit héraðsdóms, þar sem sérfróðir menn um byggingarmálefni áttu sæti, að breytingin hafi verið til stórra bóta á íbúð stefnda.

Þar sem svo stendur á, að breytingarnar hafa annars vegar í för með sér mikið hagræði fyrir stefnda og eru einnig að sumu leyti til bóta fyrir íbúa hússins í heild, þó að þær hins vegar kunni að skapa áfrýjanda lítils háttar óþægindi, þá þykir ekki rétt að taka kröfur áfrýjanda til greina, þó að hún hafi ekki veitt samþykki sitt til breytinganna.

Eins og skiptum aðilja var háttað, þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að öðru leyti en því sem málskostnað varðar.

Stefndi Þórir Jónsson greiði áfrýjanda, Aðalheiði Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.**

Ingólfur Guðmundsson, Kjartansgötu 1, reisti húsið nr. 31 við Stórholt í Reykjavík á árinu 1945. Hann seldi nafngreindum manni hinn 15. ágúst 1945 einn húshlutann, er sá maður síðan seldi áfrýjanda hinn 15. desember 1950. Þessi hluti hússins er fyrsta hæð ásamt geymslu undir kjallarastiga og svo miðstöðvarherbergi með sérmiðstöð og leigulóðarréttindum „hlutfallslega", eins og segir í afsalinu frá 16. ágúst 1945, eða „að ⅓ hluta", svo sem segir í afsalinu frá 15. desember 1950.

Þá seldi Ingólfur Sigríði Þorgilsdóttur annan hluta hússins 15. desember 1952, og er afsalið dags. 16. maí 1953. Húshluti þessi er efri hæð og rishæð ásamt geymslu undir útidyratröppum í kjallara og 50% sameiginlegra þæginda í kjallara, sem eru þvottahús og miðstöðvarherbergi, og auk þess 50% lóðarréttindi og bifreiðaskúr.

Loks seldi Ingólfur stefnda Þóri Jónssyni í febrúar 1953 þriðja hluta húseignarinnar, en afsal gaf Ingólfur stefnda Þóri eigi fyrr en 30. apríl 1954. Samkvæmt afsalinu er talið selt tvö herbegi, eldhús, bað, innri forstofa, geymsla, 1,20 m á lengd undir útidyratröppum, hlutfallslegur eignarréttur og aðgangur að þvottahúsi, miðstöðvarherbergi, sameiginlegum gangi í kjallara og leigulóð í samræmi við eignarhlutföll íbúðarinnar í öllu húsinu, sem taldist 16⅔%.

Þá er öll greind kaup voru gerð, var forstofan í kjallaranum óhólfuð sundur, og þar því um enga innri forstofu að tefla. Útidyr eru vestan á kjallaranum undir skyggni. Þá er inn í kjallarann er komið, eru stigagöng upp á hæðirnar fyrir ofan hægra megin og svo þvottahús. Vinstra megin við forstofuna er miðstöðvarherbergið, sem nær nokk-

uð inn í húsið. Þar sem herbergi þessu lýkur inni í húsinu, breikkar forstofan til norðurs sem svarar breidd miðstöðvarherbergisins. Á austurhlið miðstöðvarherbergisins voru dyr inn í forstofu kjallarans. Tvennar dyr eru á forstofu þessari til austurs inn í íbúð kjallarans og tvær til norðurs í eldhús og salerni.

Þá er athugaðir eru sölugerningarnir um hina þrjá húshluta, þeir sem að framan eru raktir, er einsætt, að eigendur efri hæðanna áttu frjálsa för um forstofu kjallarans. Dyr miðstöðvarherbergisins voru á austurhlið þess, og lá því leið þeirra, sem ofan af lofti komu, um alla forstofuna að þeim dyrum. Mátti stefnda Þóri Jónssyni því vera fullljóst, að hann gat eigi helgað sér til einkaafnota nokkurn hluta forstofunnar og sízt þann hluta hennar, er lá að dyrum miðstöðvarherbergisins. Þrátt fyrir þessar aðstæður tók stefndi Þórir sig til í marz 1953, rétt eftir að hann festi kaup á kjallaraíbúðinni, og gerði í fjarveru og forboði áfrýjanda þær breytingar á kjallaranum, sem nú verður lýst: Hann setti skilvegg í framhaldi af suðurvegg miðstöðvarherbergisins og að austurveggnum. Fyrir innan skilvegg þenna myndaðist innri forstofa kjallaraíbúðarinnar á breidd við miðstöðvarherbergið. Dyrnar að miðstöðvarherberginu, sem voru nú inni í þessari innri forstofu, tók stefndi Þórir af, en setti í þeirra stað dyr á miðstöðvarherbergið utanhúss, rétt við dyr kjallarans. Raftafla og rafmælir fyrstu hæðar lentu einnig inni í innri forstofu þeirri, er stefndi Þórir gerði, en í september 1954 lét stefndi Þórir flytja raftöfluna fram á fremri ganginn.

Stefndi Þórir hefur varið nefndar gerðir sínar m. a. með því, að samkvæmt afsali því, er hann fékk 30. apríl 1954, ári eftir að hann framkvæmdi breytingarnar, hafi hann keypt innri forstofu. En orðalag þessa afsals getur eigi svipt áfrýjanda, sem keypti sinn húshluta 19. desember 1950, þeim rétti, er hann fékk samkvæmt sínu afsali, enda var réttur áfrýjanda til frjálsrar farar um kjallaraganginn að dyrum miðstöðvarherbergisins augljós.

Þá hefur stefndi Þórir borið það fyrir sig, að eigandi efri hæðar og rishæðar, Sigríður Þorgilsdóttir, hafi samþykkt

áminnztar gerðir hans. En samþykki hennar skuldbindur eigi áfrýjanda.

Enn hefur stefndi Þórir bent á, að olíuþef og kolareyk hafi lagt inn í kjallaraganginn frá miðstöðvarherberginu, enda hafi hurð miðstöðvarherbergisins verið mjög ábóta vant. Eigi verður séð, að þetta réttlæti gerðir stefnda Þóris. Hann vissi, hvernig kjallaranum var háttað, er hann keypti íbúðina þar, og setja mátti góða hurð fyrir miðstöðvarherbergið, ef því var að skipta. Átti þá eigi að vera meiri óþægindi að þessu miðstöðvarherbergi en almennt er að slíkum herbergjum í húsum.

Áfrýjandi átti tvímælalaust rétt á því að ganga um forstofuna að dyrum miðstöðvarherbergisins, svo sem var, áður en stefndi Þórir framkvæmdi breytingarnar. Það eru augljós óþægindi fyrir íbúa fyrstu hæðar að verða að fara út úr húsinu hverju sinni, sem leiðin liggur í miðstöðvarherbergið, hvernig sem veðri er farið, og hafa með sér lykil til þess að opna hurð miðstöðvarherbergisins, sem verður að vera læst, og læsa henni aftur, þá er úr herberginu er gengið. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi Þórir gekk vísvitandi á rétt áfrýjanda með aftöku dyra að miðstöðvarherberginu, þykir bera að dæma hann til að færa þær til fyrra horfs og ganga þannig frá forstofugangi kjallarans, að áfrýjandi og fólk á hennar vegum frá fyrstu hæð eigi jafnan frjálsa för innan húss að miðstöðvarherberginu um forstofuna, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, og sé fullnægingarfrestur skyldunnar 45 dagar frá birtingu dómsins.

Hins vegar þykir eigi rétt að svo stöddu að dæma stefnda Þóri til að rífa niður skilvegginn, þar sem íbúum kjallarans er hagur að honum og eigi er sýnt, að hann brjóti í bága við réttindi áfrýjanda, enda sé skilveggjarins eigi neytt til að hindra för á hennar vegum að miðstöðvarherberginu.

Eftir þessum úrslitum og eins og skiptum aðilja er háttað, er rétt að dæma stefnda Þóri til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4500.00.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Stefnda Þóri Jónssyni ber að færa í fyrra horf dyr miðstöðvarherbergis í húsinu nr. 31 við Stórholt í Reykjavík, þær er hann tók af fyrra hluta árs 1953, og ganga þannig frá forstofu kjallara nefnds húss, að áfrýjandi, Aðalheiður Jónsdóttir, og fólk á hennar vegum af fyrstu hæð hússins eigi jafnan frjálsa og óhindraða för í miðstöðvarherbergið innan húss um forstofuna, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, og sé fullnægingarfrestur skyldunnar 45 dagar frá birtingu dóms þessa.

Stefndi Þórir Jónsson greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Gunnar Finnbogason cand. mag., Stórholti 31 hér í bæ, höfðað fyrir hönd eiginkonu sinnar, Aðalheiðar Jónsdóttur, fyrir bæjarþingi Reykjavikur með utanréttarstefnu, dags. 15. janúar 1955, gegn Þóri Jónssyni, Stórholti 31 hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, undirrituðum 30. okt. og 6. nóv. 1944, leigði borgarstjórinn í Reykjavík Ingólfi Guðmundssyni, Kjartansgötu 1 hér í bæ, lóðina nr. 31 við Stórholt hér í bænum til þess að byggja á henni íbúðarhús. Lét leigutaki síðan reisa íbúðarhús á lóðinni með kjallara, tveimur hæðum og rishæð. Þannig var frá kjallaranum gengið, að útidyr voru í hann að vestan úr yfirbyggðu anddyri, opnu aðeins í vestur inn í sameiginlega forstofu, óhólfaða í sundur. Til hægri við forstofuna, er inn var komið, var stigagangur upp á efri hæðirnar og þvottahús. Til vinstri við forstofuna var miðstöðvarherbergi, er náði nokkuð inn í húsið, og við enda þess breikkaði forstofan til norðurs, sem svaraði breidd herbergisins. Voru dyr á austurgafli til þess úr forstofunni. Þá voru tvennar dyr úr forstofunni til austurs í tvö íbúðarherbergi og aðrar tvennar til norðurs í eldhús og í salerni.

Með afsali, dags. 15. ágúst 1945, seldi áðurnefndur Ingólfur Pálma Guðmundssyni verzlunarmanni, „1. hæð hússins nr. 31 við Stórholt ásamt geymslu undir kjallarastiga og sérmiðstöð svo og með þvottahúsi, miðstöðvarklefa og leigulóðarréttindum hlutfallslega". Þessa eign sína seldi síðan nefndur Pálmi eiginkonu stefnanda með afsali, dags. 19. des. 1950, ásamt „öllu múr-

og naglföstu, tilheyrandi leigulóð að ⅓ hluta, ásamt geymslu undir kjallarastiga, svo og miðstöðvarklefa með sérmiðstöð og þvottahúsi að ⅓ hluta".

Á árinu 1952 seldi fyrrnefndur Ingólfur Sigríði Þorgilsdóttur efri hæð og rishæð hússins Stórholts 31 auk geymslu undir útidyratröppum og sameiginlegra þæginda í kjallara. Tók Sigríður við eigninni 15. desember 1952, en afsal til hennar fyrir eignarhlutanum er dagsett 16. maí 1953. Þar segir meðal annars svo í upptalningu á hinu selda: „.... í kjallara hússins syðri geymslunni undir útidyratröppum hússins ásamt 50% af sameiginlegum þægindum þess, en þau eru: Þvottahús og miðstöðvarherbergi. Enn fremur bifreiðaskúr á lóð húseignarinnar og 50% lóðarréttinda alls hússins."

Í febrúarmánuði 1953 keypti stefndi kjallara hússins af oftnefndum Ingólfi, og var þá kjallaraforstofan, eins og áður er sagt, óhólfuð í sundur. Í afsali Ingólfs til stefnda, sem dagsett er 30. apríl 1954, segir, að hið selda sé tveggja herbergja kjallaraíbúð í húsinu nr. 31 við Stórholt, „nánar tiltekið 2 herbergi, eldhús, bað, innri forstofa, geymsla, 1,20 m á lengd, undir útidyratröppum, hlutfallslegur eignarréttur og aðgangur að þvottahúsi, miðstöðvarherbergi, sameiginlegum gangi í kjallara og leigulóð í samræmi við eignarhlutfall íbúðarinnar í öllu húsinu, sem telst 16⅔ þess."

Snemma í marzmánuði 1953 var af hálfu stefnda haft tal af eiginkonu stefnanda í síma, en þau hjónin dvöldu þá á Patreksfirði, og þess farið á leit, að stefndi mætti gera breytingar á kjallaranum. Málaleitun þessari svaraði konan á þá leið, að ekki yrði samið um neinar breytingar símleiðis, en þó skyldi hún og eiginmaður hennar athuga þetta nánar, ef sendar yrðu teikningar og jafnframt skýrt, hverju ætti að breyta. Stefndi sendi þeim hjónunum ekki teikningar af breytingum þeim, sem hann hafði í hyggju, heldur framkvæmdi þær, án þess að leita frekar samþykkis hjónanna til þeirra. Breytingar þær, sem stefndi framkvæmdi, voru í því fólgnar, að hann tók af dyr þær, sem voru á austurgafli miðstöðvarherbergisins, og gerði á það nýjar dyr úr útianddyrinu rétt við útidyr kjallarans og setti í þær dyr járnslegna hurð. Þá setti hann skilrúm í áframhaldi af suðurvegg miðstöðvarherbergisins og að veggnum gegnt útidyrum kjallarans, þannig að fyrir innan það myndaðist innri forstofa á breidd við miðstöðvarherbergið. Við setningu skilrúmsins lentu rafmagnstafla og rafmagnsmælar I. hæðar í forstofunni innan við skilrúmið, en á því voru dyr, og heldur stefndi því

fram ómótmælt, að hann hafi boðizt til að afhenda stefnanda lykil að þeim. Lét stefndi síðan í september 1954 flytja rafmagnstöfluna fram fyrir skilrúmið og út á hinn sameiginlega gang. Loks hefur stefndi sett upp skáp fyrir enda kjallaragangsins við vegginn gegnt útidyrahurðinni.

Stefndi hafði samþykki eiganda efri hæðar og rishæðar hússins, Sigríðar Þorgilsdóttur, til allra breytinganna, og hefur hún lýst því yfir fyrir dómi, að hún telji breytingarnar á miðstöðvarherberginu til hagræðis fyrir sig að því leyti, að sér fyndist, að vegna þeirra væri hún meira út af fyrir sig í húsinu.

Allan kostnað af breytingunum greiddi stefndi sjálfur.

Stefnandi telur, að umræddar breytingar hafi skert sameignarhluta þeirra hjóna í kjallaranum og bakað þeim veruleg óþægindi, sérstaklega sú breyting, að flytja dyr miðstöðvarherbergisins úr forstofunni og út úr húsinu. Hafi stefnda því verið allsendis óheimilt að framkvæma breytingarnar án samþykkis þeirra. Þá hefur stefnandi hreyft því, að stefndi muni ekki hafa aflað sér samþykkis bæjaryfirvalda til breytinganna, og séu þær því ólöglegar, en hann á ekki aðild þess atriðis. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til sín, dæmt skylt að nema brott skilrúmsvegginn og færa dyr miðstöðvarherbergisins í fyrra horf. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Meðan á rekstri málsins stóð, seldi stefndi eignarhluta sinn í oftnefndu húsi Ragnheiði Magnúsdóttur, er nú býr þar. Hefur stefnandi með utanréttarstefnu, dags. 28. október 1955, stefnt henni til að gæta hagsmuna sinna í málinu, en hún hefur ekki látið sækja þing, enda þótt henni hafi verið löglega stefnt.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans.

Stefndi reisir í fyrsta lagi sýknukröfuna á því, að hann hafi haft fulla heimild til að þilja af hluta af forstofu kjallarans, þar sem skýrt sé tekið fram í afsalinu til hans, að innri forstofa fylgi með í kaupunum, en það hafi verið forsenda fyrir kaupunum af sinni hálfu. Af þessari breytingu hafi að sjálfsögðu leitt, að færa hafi orðið dyrnar inn í miðstöðvarherbergið út úr innri forstofunni.

Svo sem áður er sagt, var forstofan í kjallaranum óhólfuð í sundur, er stefnandi og eigandi efri hæðar og rishæðar festu kaup á eignarhlutum sínum í húsinu, og inn í hin sameiginlegu herbergi í kjallara var aðeins aðgangur úr forstofunni. Verður því að telja, að stefnandi og eigandi rishæðar og efri hæðar

hafi við kaupin á eignarhlutum sínum öðlazt eignarrétt að forstofunni í allri samræmi við eignarhlutföll þeirra að húsinu, þar sem enginn hluti forstofunnar var sérstaklega undanskilinn við söluna til þeirra. Þá kemur fram, að er stefndi keypti kjallarann, var forstofan enn óhólfuð í sundur, og svo sem þegar hefur verið sagt, leitaði hann samþykkis sameigenda sinna til breytinganna.

Hefur því umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að honum hafi verið heimilt að gera umræddar breytingar, þar sem eigandi efri hæðanna hafi samþykkt þær, en þeir eigi sameiginlega 2/3 hluta húseignarinnar. Og telja verði, að samþykki sameigenda húseigna að meiri hluta sameignar sé nægilegt til slíkra breytinga, sem hér var um að ræða, þar sem hagsmunaskerðing og óþægindi stefnanda af breytingunum sé mjög óveruleg, samanborið við hagræði það og hagnað, er hann (stefndi) hafi af þeim haft með aukinni einangrun kjallaraíbúðarinnar. Þá leggur stefndi áherzlu á, að breyting kjallarans í fyrra horf mundi óhjákvæmilega hafa eyðileggingu verðmæta í för með sér.

Loks bendir stefndi í þessu sambandi á það, að um það leyti er hann keypti kjallarann og framkvæmdi breytingarnar á honum, hafi olíukyndingartæki 1. hæðar verið í megnasta ólagi, þannig að olía hafi oft flotið út um gólf miðstöðvarherbergisins og við það myndazt olíuþefur, sem lagt hafi um allan kjallarann og jafnvel upp á íbúðarhæðirnar, auk þess sem af þessu hafi stafað hætta. Þá hafi hurðin í miðstöðvarherbergisdyrunum verið venjuleg tréhurð með gleri í og því óforsvaranleg, þar sem dyrnar hafi snúið að íbúð sinni. Hefur eitt vitni, leigjandi á 1. hæð hússins, borið það, að á þeim tíma, er umræddar breytingar voru gerðar, hafi olíukyndingartæki 1. hæðar oft verið í ólagi og þá lagt olíulykt um kjallarann og upp á hæðina.

Stefnandi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnda.

Hinn 19. desember 1953 voru tveir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að meta, hvað kosta mundi að færa umræddar breytingar í fyrra horf, þannig að eigandi 1. hæðar væri ekki lakar settur en áður, svo og, hvað ætla mætti, að verðgildi 1. hæðar ásamt eignarhluta í kjallara hefði rýrnað við breytingarnar, ef þær yrðu látnar haldast.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 8. febr. 1954, og viðbótaryfirlýsingu þeirra, dags. 12. júlí s. á., þá meta

þeir kostnað við að breyta kjallaranum „í það sama horf, sem áður var", á kr. 1950.00. Um verðgildisrýrnun 1. hæðar vegna breytinganna segir svo í matsgerðinni: „.... við lítum svo á, að verðgildisrýrnun sé lítil eða engin vegna breytinga þeirra, sem orðið hafa. Það má að vísu segja, að óþægindi séu að því fram yfir það, sem áður var, að opna útihurð kjallarans og fara út fyrir þrepskjöldinn til að komast inn í miðstöðvarherbergið, en á móti þeim óþægindum teljum við að öllu leyti betra fyrir íbúa hússins „að losna við kolaryk eða olíustybbu, og þar að auki er minni eldhætta, ef íkveikja yrði út frá hitatækjum". Þá segja matsmennirnir í viðbótaryfirlýsingunni, að þeir telja betra fyrir kjallaraíbúðina, að fyrrgreint skilrúm var sett, þar sem hún sé við það betur aðskilin frá sameiginlegum kjallaragangi.

Dómendur hafa farið á vettvang og athugað aðstæður. Telja þeir, að umræddar breytingar hafi haft í för með sér nokkra skerðingu á hagsmunum stefnanda og óþægindi fyrir hann. Hins vegar er það álit þeirra, að hagræði stefnda af breytingunum og verðgildisaukning kjallaraíbúðarinnar vegna þeirra nemi miklum mun meira en hagsmunaskerðing og óþægindi stefnanda. Þá ber og á það að líta, að breyting kjallarans í fyrra horf mundi hafa í för með sér, að nokkur verðmæti færu í súginn. Loks má fallast á það hjá matsmönnunum, að færsla miðstöðvarherbergisdyra dregur úr eldhættu af íkviknun út frá hitatækjum.

Að þessu athuguðu og þar sem stefndi hafði samþykki eiganda ½ húseignarinnar til umræddra breytinga sinna, þykir ekki rétt að skylda hann til að breyta kjallaranum í sitt fyrra horf, og ber því að taka kröfu stefnda um sýknu til greina, en að sjálfsögðu á stefnandi rétt til bóta úr hendi stefnda fyrir hagsmunaskerðingu þá og óþægindi, sem breytingarnar hafa bakað honum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Þórarinssyni húsasmíðameistara og Einari Sveinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi Þórir Jónsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Finnbogasonar f. h. Aðalheiðar Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. desember 1957.

Nr. 162/1957. **Andrés Þorsteinsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 21. september þ. á., sem barst Hæstarétti 5. október s.l., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. september þ. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til skipaðs talsmanns hans þar, og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða in solidum kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Málið hefur verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi um vanreifun máls af hendi sóknaraðilja og um þörf málsmeðferðar fyrir vettvangsdómi, ber að staðfesta hinn kærða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Andrés Þorsteinsson, greiði varnaraðiljum, Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ, kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1957.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., hefur Andrés Þorsteinsson, vélsmiður á Siglufirði, að fengnu gjafsóknarleyfi, útgefnu 29. ágúst 1955, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefinni 30. desember 1955, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði og Siglufjarðarbæ. Gerir hann þær dómkröfur, að umferð verði opnuð um götuna Vetrarbraut á Siglufirði, að tekin verði brott girðing milli lóða stefnda, Síldarverksmiðja ríkisins, og Vetrarbrautar 19 A og B og að teknar verði brott mjölblásturspípur frá olíugeymslu að mjölskemmu, en bæði aðallega og til vara, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur eftir mati svo og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Auk framangreindra krafna krefst stefnandi þess í greinargerð, að honum verði dæmdir 6% ársvextir af dæmdum bótum frá 30. desember 1955 til greiðsludags.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega, að fyrstu þremur liðum stefnukröfunnar verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfuliðum þessum. Þá krefjast þeir sýknu af skaðabótakröfu stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, „eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál".

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum:

„Málavextir eru í sem stytztu máli þeir, að ég tel mig hafa orðið fyrir miklu tjóni og óþægindum af skipulagsbreytingum, er gerðar hafa verið á Siglufirði og snerta lóðir mínar nr. 19 A og 19 B við Vetrarbraut, svo og vegna framkvæmda Síldarverksmiðja ríkisins í því sambandi. Tel ég aðgerðir þessar löglausar með öllu."

Í greinargerð stefnanda er þess fyrst getið, að málavöxtum af hans hálfu sé lýst í aðiljaskýrslu (dskj. nr. 5). Síðan er málsefninu gerð svofelld skil í greinargerðinni:

„.... Götunni Vetrarbraut á Siglufirði var lokað með skipulagsbreytingu. Samþykki skipulagsstjóra á þeirri skipulagsbreytingu var fengin undir röngum forsendum. Lokun götunnar er algjörlega óþörf svo og sú girðing, er Síldarverksmiðjur ríkisins hafa sett milli lóða sinna og lóða skjólstæðings míns, nr. 19 A og B við Vetrarbraut. En ráðstafanir þessar hafa valdið skjól-

stæðingi mínum miklu tjóni, eins og auðsætt er. Með því að ráðstafanir þessar hafa hallað rétti skjólstæðings míns engum til gagns, tel ég rétt að fella þær úr gildi.

Mjölblásturspípur síldarverksmiðjanna, sem sýndar eru á uppdrættinum á dskj. 2, eru stórhættulegar, en algerlega óþarfar og gagnslausar, enda ekki brúkaðar til neins. Það virðist því rétt að fjarlægja þær."

Auk aðiljaskýrslu stefnanda, sem til er vitnað í greingerð hans, en þar eru málavextir raktir nokkuð, hefur af stefnanda hálfu verið lagt fram í málinu plagg, sem ber yfirskriftina „Athugasemdir við málsvörn hr. hrl. Einars B. Guðmundssonar f. h. Síldarverksmiðja ríkisins og Bæjarsjóðs Siglufjarðar". Plagg þetta, sem er tæpar tíu vélritaðar síður, undirritað af stefnanda, er að verulegu leyti málflutningur, þar sem stefnandi tekur til andsvara gegn ýmsum atriðum, sem fram koma í greinargerð stefndu og öðrum skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu af þeirra hendi. Þá eru og tekin þar til meðferðar ýmis atriði, sem ekki varða kjarna þessa máls, að því er séð verður.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram í málinu ekki færri en 9 skjöl, þar sem skiptast á kærur hans til heilbrigðisnefndar Siglufjarðar og endurrit úr gjörðabók nefndarinnar, þar sem kærur þessar eru teknar til meðferðar. Verður eigi séð, að efni skjala þessara varði á nokkurn hátt þau atriði, sem mál þetta fjallar um. Var því framlagning þeirra með öllu þarflaus og til þess eins fallin að gera málið umfangsmeira en efni stóðu til.

Að því er sérstaklega varðar skaðabótakröfu stefnanda, er það athugavert, að engin tilraun er til þess gerð, hvorki í stefnu né greinargerð, að afmarka tjón það, sem stefnandi krefst bóta fyrir í málinu, né reifa bótakröfurnar á nokkurn hátt. Hins vegar er sú skýring gefin í niðurlagi greinargerðar hans, að skýr grein sé gerð fyrir tjóninu í aðiljaskýrslu hans (dskj. 5) svo og að um fjárhæð tjónsins verði væntanlega fjallað með matsgerð. Við athugun á aðiljaskýrslu stefnanda kemur á hinn bóginn í ljós, að þar er á engan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir tjóni því, er stefnandi telur sig hafa beðið, heldur einungis lítillega reifuð þau atvik, sem hann telur meint tjón sitt eiga rætur sínar að rekja til. Matsgjörð sú, sem stefnandi boðar í greinargerð sinni, var eigi lögð fram í málinu fyrr en 5. september s.l., er hátt á annað ár var liðið frá höfðun málsins.

Af því, sem að framan hefur verið rakið um málatilbúnað stefnanda, er ljóst, að honum er mjög áfátt í veigamiklum atriðum og andstæður ákvæðum laga nr. 85/1936, sbr. einkum

88. og 105. gr. Auk þessara megingalla á málatilbúnaðinum, sem einir sér hljóta að leiða til frávísunar málsins ex officio, þá eru kröfuliðir þeir, sem frávísunar er krafizt á, þannig vaxnir, að eigi er á valdi þessa dómstóls að kveða upp efnisdóm um þá af þeim ástæðum, sem nú skal greina.

Um 1. lið.

Hér er þess krafizt, að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Siglufjarðar um skipulagsbreytingu í kaupstaðnum, sem fólgin var í lokun hluta götunnar Vetrarbrautar. Hér er um að ræða stjórnvaldsathöfn, sem er að öllu leyti innan verkahrings nefnds stjórnvalds og því eigi á færi dómstóla að fella úr gildi, enda hafa eigi verið leidd að því haldbær rök, að þessi ákvörðun bæjarstjórnarinnar sé háð þeim efnisannmarka, að nauðsynlegs samþykkis skipulagsnefndar ríkisins hafi ekki verið aflað, áður en hún var framkvæmd.

Um 2. og 3. lið.

Að því er varðar þessa tvo kröfuliði, þá er þar um að ræða atriði, sem varða svo mjög vettvang, að málsmeðferð sú, sem um ræðir í III. kafla laga nr. 41/1919 virðist eiga við þá.

Samkvæmt framanskráðu verða úrslit málsins í heild þau, að vísa ber því frá bæjarþinginu ex officio. Samkvæmt þeim málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00.

Eins og málatilbúnaði er háttað af hendi stefnanda, þykja ekki efni til að dæma skipuðum málflutningsmanni hans, Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, málssóknarlaun úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er í heild vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Andrés Þorsteinsson, greiði stefndu, Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ, kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 18. desember 1957.

Nr. 105/1957. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
**Þorsteini Þorsteinssyni**
(Sveinbjörn Jónsson hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Sýknað af ákæru um brot á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur.

## Dómur Hæstaréttar.

Fallast má á það með héraðsdómara, að samþykkt heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 20. desember 1955, sú er í héraðsdómi getur, hafi eigi næga stoð í heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða og málskostnað í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Refsing verjanda ákærða í héraði, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, þykir samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dómnum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1957.**

Ár 1957, föstudaginn 2. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1354—1355/1957: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Þorsteini Þorsteinssyni iðnaðarmanni, til heimilis á Bergstaðastræti 48 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 27. marz s.l.., ákærður „fyrir að hafa allt til þessa selt óinnpakkað sælgæti til verzlana í Reykjavík frá Sælgætisgerðinni Póló, þrátt fyrir samþykkt heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, sem kom til framkvæmda 1. júlí 1956, um að slíkar vörur, ætlaðar til smásölu, skuli ætíð geymdar og afhentar í hreinum smásöluumbúðum og fluttar á sölustað í þeim. Brot þetta þykir aðallega varða við 253. gr., en til vara við 56. gr., sbr. 1. mgr. 255. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 6. janúar 1905 á Seyðisfirði. Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Þann 23. sept. 1939 var hann dæmdur í 100 kr. sekt og sviptur ökuleyfi 3 mánuði fyrir heimildarlausa töku bíls og akstur með áfengisáhrifum. Árin 1929—1956 hlaut hann tólf sinnum sektir fyrir brot á umferðarlöggjöfinni, frá kr. 10.00 til kr. 400.00 hvert sinn, auk sjö áminninga fyrir sama. Þá hefur hann einu sinni hlotið áminningu fyrir ölvun, og þann 30. sept. 1933 var hann sektaður um kr. 300.00 fyrir að brjóta brunaboða.

Málavextir eru þessir:

Ákærði setti á stofn sælgætisgerðina Póló hér í bæ árið 1951. Fjórir menn vinna nú við fyrirtækið. Ákærði framleiðir aðeins lakkrísvörur, svo sem lakkrísrúllur, stengur, staura, rör og reimar. Ákærði pakkar framleiðslu sína í pappaöskjur, sem klæddar eru að innan sellófan eða smjörpappír. Þannig flytur hann framleiðsluna á sölustaði hér í Reykjavík.

Á fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 20. desember 1955 var samþykkt, að allt sælgæti, sem ætlað væri til smásölu, skyldi geymt og afhendast í hreinum smásöluumbúðum, enda skyldi það ætíð flutt á sölustaði í þeim. Með bréfi, dags. 28. desember 1955, var ákærða send tilkynning um þessa samþykkt heilbrigðisnefndar, en samþykktin átti að koma til framkvæmda 1. febrúar 1956, en fyrir beiðni sælgætisframleiðenda var fresturinn framlengdur til 1. júlí 1956. Fékk ákærði tilkynningu um þetta með bréfi, dags. 30. apríl 1956. Vegna fyrirspurnar frá ákærða var tilkynning þessi ítrekuð í bréfi til ákærða, dags. 14. maí 1956.

Undanþegið skyldunni um að innpakka allt sælgæti er þó lakkrískonfekt, brjóstsykur og aðrir harðir sælgætismolar, er auðveldlega má afgreiða með skeið úr þar til gerðum ílátum, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir.

Ákærði virti ekki boð heilbrigðisnefndar af ástæðum, sem síðar verða raktar. Heilbrigðisnefnd samþykkti því á fundi sínum þann 30. október 1956 áminningu til ákærða um að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um innpökkun sælgætis. Var ákærða sent bréf um þetta, dags. 2. nóvember 1956.

Ekki lét ákærði skipast við þetta og hélt uppteknum hætti með innpökkun á framleiðslu sinni. Hann sótti jafnframt um undanþágu frá þessu ákvæði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðiseftirlitið ákvað því að veita ákærða til reynslu í nokkrar vikur leyfi til, að lakkrísrúllur, er ákærði framleiddi, mætti seljast í smásölustaði óinnpakkaðar með því skilyrði, að á smásölustöðunum væri glerílát, er rúllurnar yrðu seldar úr. Var ákærða tilkynnt þetta með bréfi, dags. 4. desember 1956. Ákærði keypti því glerílát og lét þau á staði þá, sem hann seldi lakkrísrúllur. Misbrestur varð á því, að kaupmenn gættu þess, sem skyldi, að afgreiða lakkrísrúllurnar úr glerílátum þessum. Þar sem þetta gaf ekki þá raun, sem skyldi, og enn fremur, að ákærði hafði virt að vettugi boð heilbrigðisnefndar um innpökkun annarra tegunda framleiðslu sinnar, kærði borgarlæknirinn í Reykjavík, með bréfi, dags. 19. janúar s.l., ákærða fyrir brot á ákvæðum heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík. Leiddi sú kæra til máls þessa, sem hér er til úrlausnar.

Í fyrrnefndu bréfi borgarlæknis til ákærða, dags. 4. desember 1956, segir m. a. á þessa lund:

„.... Notkun gleríláta undir sælgæti er ekkert nýmæli hér á landi, þau hafa verið notuð undir sælgæti árum saman í fjölmörgum verzlunum. Reynsla heilbrigðiseftirlitsins undanfarin ár

er hins vegar sú, að notkun þeirra er engin trygging fyrir því, að vörur, sem úr þeim eru afgreiddar, séu meðhöndlaðar á viðunandi hátt. Nauðsyn ber til að takmarka notkun gleríláta þessara í nefndu skyni.

Langsamlega flestir sælgætisframleiðendur hafa gert sér grein fyrir þessum staðreyndum og pakka inn framleiðslu sína samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar, m. a. sömu vörutegundir og fyrirtæki yðar framleiðir. Svo virðist sem framleiðendur þessir telji ekki vera þá annmarka á framkvæmd verksins, sem þér viljið vera láta ....“

Fyrir dómi benti ákærði á, að hann gæti ekki borið ábyrgð á því, að kaupmenn notuðu eigi glerílátin, sem hann hefði útvegað þeim til að afgreiða lakkrísrúllurnar úr. Ákærði skýrði frá því, að ástæðan til þess, að hann hefði eigi séð sér fært að hlýða boði heilbrigðisnefndar um innpökkun sælgætisins, væri sú, að innpökkunin myndi hafa í för með sér slíkan aukakostnað, að það myndi ríða fyrirtækinu fjárhagslega að fullu. Framleiðsluverðið myndi að sjálfsögðu hækka, sem þessu næmi. Vöruhækkanir væru bannaðar. Þá kemur og það til, að ákærði vill halda smásöluverðinu á framleiðslu sinni niðri.

Þegar samþykktin frá 20. desember 1955 var gerð, hafði langa hríð tíðkazt, að sælgætisframleiðendur pökkuðu ekki ýmsum sælgætistegundum í smásöluumbúðir, þ. e. hvert stykki um sig var ekki pakkað inn. Svo var m. a. háttað um lakkrís-sælgæti, eins og það sem ákærði framleiðir. Er gildandi heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík var gerð árið 1950, var eigi tekið upp í hana ákvæði um innpökkun á sælgæti né heldur var heilbrigðisnefnd veitt almenn heimild til að kveða nánar á um innpökkun sælgætis. Þá er víða gert ráð fyrir því í gildandi heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11/1950, að vörur séu afgreiddar á sölustöðum „umbúðalausar“, t. d. í 7. tl. 79. gr., 5. tl. 135. gr. og 151. gr., enda er slík afhending „umbúðalausra“ vörutegunda mjög algeng í verzlunum hér í Reykjavík, svo sem alkunna er. Þegar svo er háttað, skal afgreiða vöruna með skeið, skóflu, spaða eða töng eða öðru því líku tæki, sbr. t. d. 151. gr. heilbrigðissamþykktarinnar.

Eins og augljóst er, hlýtur innpökkun í smásöluumbúðir sem þær, er samþykktin frá 20. desember 1955 gerir ráð fyrir, að hafa í för með sér aukinn kostnað,.

Með vísan til alls þess, er nú hefur verið rakið, er það álit dómsins, að samþykkt heilbrigðisnefndar Reykavíkur frá 20. desember 1955 geymi ákvæði, sem fela í sér það veigamikla

röskun á þeirri venju, sem tíðkazt hefur um meðferð sælgætis, að samþykktina verður að telja „breytingu" í skilningi 4. gr. laga nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Þess vegna bar heilbrigðisnefnd að leggja samþykktina frá 20. desember 1955 fyrir bæjarstjórn, sem síðan átti að leita staðfestingar ráðherra, og, ef hún hlyti staðfestingu, bar að birta hana með lögskipuðu móti, svo sem nánar segir í lögum nr. 35/1940.

Þar sem þessa hefur eigi verið gætt, hefur samþykktin frá 20. desember 1955 ekkert lagagildi, og ber því að sýkna ákærða af ákærunni um brot á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Í málsvörn sinni fann skipaður verjandi hvöt hjá sér til að senda borgarlækni óviðurkvæmilegar hnútur. Verjandinn brigzlaði t. d. lækninum oftar en einu sinni um, að hann hefði hvorki þekkingu né sérþekkingu á heilbrigðismálum. Þá var verjanda tíðrætt um það, sem hann kallaði duttlunga, sérvizku og hérvillingshátt borgarlæknis. Fleira mælti verjandi niðrandi um borgarlækni í þessum dúr.

Með þessum ósæmilegu ummælum um borgarlækni þykir verjandinn hafa unnið sér til sektar, er þykir með tilliti til þess, að hann hefur áður hlotið sekt fyrir ósæmileg ummæli í málsvörn, sbr. dóm Hæstaréttar frá 17. nóvember 1954, og samkvæmt 160. gr., sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, hæfilega ákveðin kr. 500.00, sem renni í ríkissjóð og afplánist með varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hdl., að upphæð kr. 1500.00.

Þorvaldur Þórarinsson hdl. greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. desember 1957.

Nr. 82/1957. **Pétur Fr. Sigurðsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
**Einari Sigurðssyni f. h. Jóns Rafns Einarssonar**
og
**Móses Guðmundssyni** (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um eignarrétt að geymslu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1957. Krefst hann þess, að viðurkennt verði, að hann sé eigandi geymslu undir útitröppum hússins nr. 36 við Hringbraut í Hafnarfirði, að fellt verði brott úr 2. mgr. afsals stefnda Jóns R. Einarssonar til stefnda Móses Guðmundssonar, dags. 27. júní 1956, orðin „og geymslu undir útitröppum", og að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa eigi komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Tröppur húss þess, sem í málinu greinir, eru einungis notaðar af íbúum efri hæðar, er kom í hlut áfrýjanda við skipti aðilja, þar sem gengið er inn í neðri hæð af jafnsléttu. Tröppurnar mynda þak geymslu þeirrar, sem deilt er um. Aðilja greinir á um það, hver borið hafi kostnað af gerð geymslunnar. Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að hann hafi einn borið þann kostnað. Verður því við það að miða, að áfrýjandi hafi kostað gerð sjálfra trappnanna,

en að þeir áfrýjandi og Jón Rafn Einarsson hafi borið kostnað af gerð á gólfi og veggjum geymslunnar.

Samkvæmt þessu og þar sem eigi var um það samið, í hvers hlut geymslan skyldi falla, verður að telja hana vera sameign áfrýjanda og stefnda Móses Guðmundssonar, þannig að hvor þeirra á helming hennar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pétur Fr. Sigurðsson, og stefndi Móses Guðmundsson eiga að hálfu hvor í óskiptri sameign geymslu undir útitröppum hússins nr. 36 við Hringbraut í Hafnarfirði.

Stefndu, Einar Sigurðsson f. h. Jóns Rafns Einarssonar og Móses Guðmundsson, greiði áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. apríl 1957.**

Árið 1957, laugardaginn 20. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómendum Þóroddi Hreinssyni byggingameistara og Inga Kristjánssyni byggingameistara upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 8. apríl s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. september 1956, af Pétri Fr. Sigurðssyni listmálara, Hringbraut 36, Hafnarfirði, gegn Einari Sigurðssyni múrarameistara f. h. Jóns R. Einarssonar, Hringbraut 35, og Móses Guðmundssyni verkamanni, Hringbraut 36, öllum í Hafnarfirði, og gerir stefnandi þær dómkröfur, *að* viðurkennt verði, að hann sé eigandi útigeymslu undir sérinngangi (tröppum) að efri hæð, *að* felld verði brott úr 2. mgr. afsals Jóns Einarssonar til Móses Guðmundssonar, dags. 27. júní 1956, orðin „og geymsla undir útitröppum“ og *að* þeim Einari Sigurðssyni f. h. Jóns Einars-

sonar og Móses Guðmundssyni verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 21. júní 1954, selur stefndi Jón Rafn Einarsson stefnanda, Pétri Fr. Sigurðssyni, grunn ásamt fullsteyptri kjallaraplötu með tilheyrandi leiðslum að ⅗ hlutum á lóðinni nr. 36 við Hringbraut hér í bæ með lóðarréttindum að tiltölu og með rétti til að reisa aðra hæð og rishæð yfir neðri hæð, en þvottahús á neðri hæð verður sameign að hálfu hvors aðilja. Þar segir og, að þeir Jón R. Einarsson og Pétur Fr. Sigurðsson reisi síðan húsið saman.

Sama dag og afsalið gerir stefnandi verksamning við Einar Sigurðsson múrarameistara, föður meðstefnda Jóns Rafns, um smíði á hluta Péturs úr húsinu Hringbraut 36 samkvæmt samþykktri teikningu (breyttri rskl. 13 í málinu). Segir þar, að hluti Péturs Fr. Sigurðssonar sé efri hæð hússins, rishæð og ½ þvottahús á neðri hæð.

Skuldbindur verktaki sig til að framkvæma umsamið verk fyrir ákveðið verð, kr. 90.000.00.

Ekki verður ráðið af verksamningi þessum né teikningu þeirri, sem hann miðast við, að verktaki hafi þar tekið að sér að útbúa fyrir stefnanda geymslu undir útitröppum.

Með afsali, dags. 27. júní 1956, selur síðan stefndi Jón Rafn Einarsson meðstefnda Móses Guðmundssyni neðri hæð í húsinu Hringbraut 36, og er fram tekið, að þar fylgi með geymsla undir útitröppum.

Þess er einnig getið í afsalinu, að hin selda eign, neðri hæðin, teljist vera ⅖ hlutar alls hússins.

Þar sem stefnandi taldi sig eiga fyrrgreinda útigeymslu, vildi hann ekki sætta sig við ráðstöfun stefnda Jóns Rafns Einarssonar á henni og höfðaði því mál þetta.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að hann hafi reist útidyratröppurnar algerlega á sinn kostnað sem hluta af sínum framkvæmdum við byggingu hússins, og aldrei komið til mála, að neðri hæðin ætti aðild að tröppunum, þar eð gengið er inn í hana af jafnsléttu. Enginn samningur, hvorki munnlegur né skriflegur, hafi verið gerður um það, að eigandi íbúðar á neðri hæð gæti eignazt nokkur ítök í húshluta stefnanda. Afsal Jóns R. Einarssonar fyrir hér um ræddri geymslu til stefnda Móses

Guðmundssonar, sé gert í blóra við eignarrétt stefnanda. Jafnframt er vakin athygli á því, að seljandi sé ekki eigandi alls hússins, heldur sé stefnandi þinglýstur eigandi þess að 3/5 (60%), þegar salan á geymslunni fer fram.

Af hálfu stefndu er haldið fram, að strax í upphafi, þegar gengið var frá teikningu fyrir húsinu nr. 36 við Hringbraut, hafi verið ákveðið, að neðri hæð fengi útigeymslu undir útitröppum, og því aldrei verið gert ráð fyrir, að stefnandi fengi þá geymslu, enda hefði það ekki verið fyrr en tveimur árum eftir að stefnandi keypti sinn hluta í húsinu, að hann minntist á, að hann teldi sig eiga geymslu þessa.

Stefndi Einar Sigurðsson sem seldi stefnanda eignarhluta hans í umræddu húsi f. h. sonar síns, Jóns Rafns, sbr. afsalið frá 21. júní 1954, skýrir svo frá í aðiljaskýrslu, að Einar hefði sjálfur skipulagt húsið og teiknað og ákveðið geymslur fyrir efri hæð í risi, en geymslu neðri hæðar undir útitröppum. Þegar stefnandi eignaðist sinn eignarhluta í húsinu, var samþykkt ný teikning, en engu breytt þar um útidyratröppur efri hæðar. Segir Einar Sigurðsson, að Sigurður Þórðarson, faðir stefnanda, sem annaðist umrædd kaup af hans hendi, hefði aldrei á það minnzt, að sonur hans ætti að eignast geymslu undir útidyratröppunum, enda kveðst Einar aldrei mundu hafa samþykkt það, hann telji geymluna óaðskiljanlegan hluta af neðri hæð hússins, enda sé sama gólfplatan, sem skilji milli hæðanna. Þá mótmælir hann sem firru, að stefnandi hafi gert tröppurnar á sinn kostnað. Þá hefur að lokum verið á það bent af hálfu stefndu, að ef hér verði látin ráða skipting sú á eigninni, sem eigendur hafa komið sér saman um, þannig að neðri hæðin teljist 40%, en efri hæðin og ris 60%, eigi útidyrageymslan að fylgja neðri hæð.

Dómurinn hefur látið reikna út rúmmál á teikningu þeirri, sem bygging hússins fór eftir, með hliðsjón af skiptingu á eignarhlutum, sem aðiljar hafa komið sér saman um. Samkvæmt því, er rúmmál hússins sem hér segir: Kjallari 211,7 m$^3$, eða 35,4%, en 1. hæð og þakhæð 358,5 m$^3$, eða 59,95%. Þvottahús, sem er sameign að hálfu, og stigahús í kjallara er auk þess 27,8 m$^3$, eða 4,65%. Útitröppur eru ekki reiknaðar hér með, en munu vera ca 7 m$^3$, sem verður um 1,15%, miðað við allt húsið.

Dómurinn fær ekki séð, að fram hafi komið í gögnum málsins fullnægjandi sannanir fyrir, að stefnandi hafi látið útbúa umdeilda útigeymslu og staðið straum af kostnaði við það. Við byggingu

hússins var af þeim, sem fyrir henni stóðu, útbúin þessi útigeymsla handa neðri hæðinni, og má eftir aðstæðum telja, að eðlilegt og heimilt hafi verið að hagnýta tröppurnar þannig, enda virðist ekki hafa komið mótmæli gegn því af hálfu stefnanda, fyrr en tveimur árum eftir að hann eignaðist sinn eignarhluta.

Þegar hér við bætist það, sem upplýst hefur verið um skiptingu eignarinnar, og útreikningur hennar að rúmmáli samkvæmt framanskráðu leiðir til sömu niðurstöðu um geymsluna, er álit dómsins, að synja beri um viðurkenningu á kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Einar Sigurðsson f. h. Jóns R. Einarssonar og Móses Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Péturs Fr. Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 20. desember 1957.

Nr. 28/1956. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.**

Útivistardómur.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 20. desember 1957.

Nr. 142/1957. **Helgi Benediktsson**
gegn
**Almennum tryggingum h/f.**

Útivistardómur.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.